Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

Eftirfarandi tölublað var sótt af Tímarit.is þann 4. júlí 2023 klukkan 12:30

Tímarit
Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands
3. árgangur 1875
þriðja bindi

Vefslóð
https://timarit.is/issue/394343

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við rétthafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi rétthafa.

TÍÐINDI

UM

STJÓRNARMÁLEFNI ÍSLANDS,

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.

ÞRIÐJA BINDI.

I.

KAUPMANNAHÖFN.

Prentað hjá S. L. Möller.

TÍÐINDI

UM

STJÓRNARMÁLEFNI ÍSLANDS,

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.

ÞRIÐJA BINDI.

1870—1875.

KAUPMANNAHÖFN.

Í PRENTSMIÐJU S. L. MÖLLERS.

1875.

FORMÁLI.

Vorið 1864, þegar hið íslenzka Bókmentafèlag gaf út fyrsta bindið af safni þessu, var skýrt frá því í formálanum, hver aðdragandi og uppruni var til þess, að fèlagið tókst á hendur að láta prenta »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands«. Því hefir síðan verið fram haldið, og með hepti þessu, sem út kemur nú í vor, eru fullgjör þrjú bindi, sem ná frá 23. Marts 1854 til loka Juli mánaðar 1874, það er yfir rúmlega tuttugu ár. Þetta tímabil hefir, að kalla má, lögin um verzlunarfrelsi að upphafi og stjórnarskrána að niðurlagi. Vèr höfum stundum heyrt það sagt, að tímabil þetta sè lítt merkilegt, og einkanlega, að alþingis hafi lítið gætt, og það hafi litlu getað afrekað Íslandi til framfara. En ef þessir hinir sömu menn hugleiddi betur dóma sína, til að geta dæmt rètt, þá mundu þeir verða að játa, að varla verður fundið í sögu Íslands híngaðtil, tiltekið frá því á þrettándu öld að minnsta kosti, það tímabil jafnlángt, sem hefir fleytt þjóð vorri lengra áfram til sjálfsforræðis, og til þess að ná viðurkenníng á landsrèttindum vorum; og þó alþíng hafi hvergi nærri getað fengið allan sinn vilja fram, þó að jafnvel hvorutveggju hin nefndu lög og önnur fleiri megi í stjórnlagalegum skilníngi heita valdboðin, svo að vel má segja að lángt sè enn í land, og mikið að vinna áður vèr fáum rètt lands vors viðurkenndan að fullu, þá á alþíng í þessari framför, sem unnin er, svo mikinn þátt, að án þess mundi það allt vera ófengið, sem fengið er, og þó er mest í það varið, að réttindi lands vors og atkvæði alþingis stendur nú á öflugri og fastari fótum en fyr, og vèr eigum hægra en áður

að komast lengra áfram, ef vèr neytum með hyggindum krapta vorra.

Þegar Bókmentafèlagið byrjaði að gefa út ritsafn þetta, var það í fyrstunni tilgángurinn, að bæta úr þeirri miklu þörf, sem þá var, til þess að alþýða á Íslandi fengi að vita hvað fram færi í því er snerti lög og stjórnarathöfn í landinu. Þetta hefir félagið í lögum sínum sett sèr fyrir til ætlunarverks. Fèlagið fèkk þá upphaflega leyfi stjórnarinnar til að auglýsa þetta á prenti, eptir ákvörðun forstjóra hinnar íslenzku stjórnardeildar, en um það leyti, sem fèlagið hafði leyst af hendi hið fyrsta bindi (1864), þá var fèlaginu veittur nokkur styrkur til að halda safni þessu fram, og hefir svo haldizt síðan, að fèlagið hefir fengið til þessa kostnaðar hérumbil 150 rd. á ári hverju.

Þegar nú stóð til, að breytíng yrði á stjórnarskipun Íslands, þótti sumum stjórnarmönnum betur eiga við að breyta einnig tilhögun á Stjórnartíðindunum, og er sú breytíng komin á frá 1. August 1874. Þar er að forminu til farið sem næst hinum dönsku Stjórnartíðindum, og skipt í tvennt, svo að önnur deildin kemur út í Kaupmannahöfn á Íslenzku og Dönsku, en önnur í Reykjavík á Íslenzku einúngis. Það er nú að vísu ekki enn reynt til fullnustu, hversu heppilega þetta er ráðið, eptir því sem á Íslandi hagar til, eða að hve miklu leyti þessi tilhögun fullnægir þörfum vorum til að fá að minnsta kosti eins greinilegar skýrslur eins og gefnar voru í þessum ritstöfnum Bókmentafèlagsins bæði í »Tíðindunum um stjórnarmálefni« og í »Skýrslum um landshagi«. Ef stjórnin sér svo um, að skýrslur þessar verði í alla staði fullkomnari og komist greiðlegar í hendur alþýðu en híngaðtil, þá getur bæði fèlagið og allir fagnað þessari breytíngu, því þó ymsir gallar verði á í fyrstu, þá getum vèr treyst því, að öll frumsmíð stendur til bóta. Bókmentafèlagið fyrir sitt leyti hefir ekki heldur ástæðu til að sjá eptir breytíngunni, því það hefir ávallt haft meiri kostnað en ábata af ritsöfnum þessum, og hefir einúngis haldið þeim fram af því þjóðleg nauðsyn vor til að fá slíkar skýrslur er

svo bersýnileg, að ekki má án þeirra vera, en stjórnin hefir ekki að undanförnu viljað kosta uppá þær, nema sem smáþætti í skýrslum Dana, sem oss er lítið sem ekkert gagn að. Fèlagið hefir nú um sinn leyst þetta nauðsynjaverk af hendi, en þegar því er af lètt, mun fèlagið án efa leggja sig meira að öðru, einkanlega að hinu sögulega íslenzka, svosem að halda fram Biskupasögum, Safninu til sögu Íslands, og Fornbrèfasafninu; gæti verið, að fèlaginu heppnaðist með því móti að ávinna sèr meiri styrk hjá landsmönnum, en hingaðtil, og svo mikinn, sem nægði til að halda þessum söfnum fram með nokkru kappi; því nóg er efnið fyrir hendi, ef ekki vantaði fè til kostnaðarins.

Öll tilhögun á þessu bindi Tíðindanna hefir verið hin sama og á hinum fyrri, og með hverju hepti hefir fylgt yfirlit efnisins, eins og byrjað var með árinu 1863, en hèr við enda bindisins eru yfirlit þessi dregin saman, og innihaldi alls bindisins raðað niður eptir efni og atriðum, en seinast fylgir orða registur og nafna yfir allt bindið. Þetta starf allt, bæði að safna í bindið og búa það til prentunar, einnig semja registur við það, hefir cand. juris Julius Havsteen, assistent í hinni íslenzku stjórnardeild og nú í stjórnarráðinu fyrir Ísland, leyst af hendi fyrir fèlagið, svo sem ítarlegar má sjá í hinum árlegu skýrslum forseta um athafnir og ástand fèlagsins, sem prentaðar eru í »Skýrslum og reikningum«.

Að lyktum skal eg þakklátlega minnast þess, að stjórnin hefir eins hin seinustu ár eins og að undanförnu veitt fèlaginu árlegan styrk til útgáfu Tíðinda þessara, svo sem fyr var getið.

Kaupmannahöfn 8. Mai 1875.

Jón Sigurðsson,

núver. forseti í Deild Bókmentafèlagsins í Kaupmannahöfn.

1870.

1. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um mótvarnir gegn franzós.

1870. 7. janúar.

Í brèfi, dagsettu 29. septbrm. f. á., hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað eptirrit af brèfi yðar til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu, sem leggur honum fyrir að sporna við, að franzós komist í land með frakkneskum fiskimönnum og útbreiðist þar, og skipar svo fyrir, samkvæmt tilskipun 13. júni 1787 2. og 3. gr., að tálma skuli óþarfa samgöngum milli landsmanna og útlendra fiskimanna, svo sem unnt er, einkum með því, að leggja bann á, að innlent kvennfólk fari út á fiskiskipin, og að Íslendingar yfirhöfuð taki við fiskimönnum í hýbýli sín; skyldi það verða kunngjört, að hver sú, sem bryti útaf tèðu boði, skyldi sæta hegningu, og að auki verða undirgefin rannsókn læknisins; ennfremur skyldi hafa gát á, að bæði konur og karlar, sem grunur væri um að hefði franzós, yrði fyrir rannsókn, og lækningar við hafðar á kostnað jafnaðarsjóðsins, ef hlutaðeigandi ekki sjálfur gæti borgað fyrir sig; jafnframt þessu hafið þèr, herra amtmaður, farið þess á leit, að stjórnarráðið fèllist á greindar ráðstafanir.

Útaf þessu skal það yður til leiðbeiningar kunngjört, að þó stjórnarráðið eigi geti álitið, að lög sè til þessara ráðstafana, skal ekkert því til fyrirstöðu, að þær standi óraskaðar að svo komnu, með því að sèrstakar kringumstæður hèr eiga í hlut, og enginn hefir kvartað undan þessu.

1870. 18. janúar. **2. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um aðkaupsgjald af skipi.**

Í brèfi, dagsettu 26. oktbrm. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, leitað úrskurðar stjórnarráðsins, hvort kaupendurnir að frakkneskri fiskiduggu úr eik, að nafni *Centaura*, frá *Dunkerque*, 22½ dönsk lest að stærð, er seld var við opinbert uppboð sem óhaffær, skuli skyldir að greiða aðkaupsgjald af nefndu skipi, samkvæmt tilskipun 1. maí 1838, 49. gr., með 10 rd. af hverri lest, eða hvort megi greiða þetta gjald samkvæmt 50. gr. í nefndri tilskipun með 12½ af hverju 100 af kaupverðinu.

Eptir að skrifazt hefir verið á við aðalskattgjaldastjórnina um þetta mál, verður yður hèrmeð tilkynnt til leiðbeiningar, og til þess þèr kunngjörið það hlutaðeigendum, að ekkert að svo komnu er því til fyrirstöðu, að reiknað verði aðkaupsgjaldið af þessu skipi, sem við uppboðið seldist fyrir eina 85 rd., eptir því, sem í tilskipun 1. mai 1838 er fyrirskipað um aðkaupsgjald af strönduðum skipum.

---

2. febrúar. **3. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Ripaamti, um styrk handa jarðyrkjumanni.**

Útaf bænarskrá frá Þorvaldi Halldórssyni, úr Rangárvallasýslu á Íslandi, sem sækir um styrk til þess að kynna sèr jarðyrkju og landbúnað í Danmörku, mælist stjórnarráðið til, að beiðandanum, sem um þessar mundir er hjá Lieutenant garðeiganda Fabricíus á Bramminge, verði tilkynnt, að honum er veittur 60 rd. styrkur, og má hann vitja þessa fjár á gjaldstofunni í Varde.

---

4. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um brot á móti veiðilögunum. 1870. 8. febrúar.

Með brèfi, dagsettu 6. septbrm. f. á., hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað útskript af prófi, sem haldið hefir verið við lögreglurètt þingeyjar sýslu, útúr grein, sem stóð í 11ta og 12ta blaði „Norðanfara" 1868, um að skipshafnirnar á gufuskipinu *Thomas Roys*, sem Kaptainlieutenant *Hammer* ræður fyrir, og af tveimur öðrum skipum, „Berufirði" og „Skallagrími", hafi brotið gegn tilskipun 20. júní 1849, um veiði á Íslandi, og um leið farið þess á leit, að það verði brýnt fyrir hinu danska fiskifèlagi, að leiða athygli skipstjóra að nefndri tilskipun og þá einkum að 3., 9., 10. og 11. gr.

Jafnframt og stjórnarráðið sendir yður útdrátt af eptirriti af hèraðlútanda brèfi frá Kaptainlieutenant *Hammer* og sömuleiðis eptirrit af skýrslum, sem hann hefir útvegað frá skipstjórum á skipunum „Berufirði" og „Skallagrími", *H. R. Tvede* og *N. C. Rasmussen*, tilkynnist yður hèrmeð til leiðbeiningar, að stjórnarráðið þykist ekki hafa næga ástæðu til að halda lengra út í þetta mál.

---

5. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um yfirgang frakkneskra fiskimanna. 8. febrúar.

Um leið og stjórnarráðið sendir yður aptur, herra stiptamtmaður, umkvartanir þær, er hingað bárust með brèfi yðar, dagsettu 6. oktbrm. f. á., frá presti sira Hákoni Espólín að Kolfreyjustað í Suðurmúlasýslu, um yfirgang frakkneskra fiskimanna og skemmdir þær, sem þeir hafa gjört á æðarvarpi staðarins, skorum vèr á yður, að bera upp mál þetta við foringjann yfir hinum frakknesku herskipum við Ísland, sem von er á til Reykjavíkur í sumar, og, ef svo ber undir, að sjá svo um, að vitnaleiðsla verði við höfð til að skýra málið.

1870. 8. febrúar. **6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bænarskrá lyfsalans í Reykjavík, um flutning á lyfjum kauplaust með póstskipinu.**

Aðalpóststjórnin hefir hingað sent bænarskrá, sem henni hafði borizt frá lyfsala Randrup í Reykjavík, um það, að þegar póststjórnin tekur að sèr í vor er kemur póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands, þá fái hann eins og áður kauplaust aðflutt frá Kaupmannahöfn lyf þau, sem hann hefir pantað þar; jafnframt hefir aðalpóststjórnin getið þess, að það væri tilkynnt beiðandanum, að hún gæti ekki veitt honum þetta hið umbeðna, en henni fyndist samt ástæða til að bera málið undir stjórnarráðið, og hafi því skotið málinu til úrskurðar þess.

Útaf þessu mælist stjórnarráðið til, að þèr, herra stiptamtmaður, tilkynnið lyfsala Randrup, að þareð ekkert framar verður flutt kauplaust með póstskipinu, eptir því, sem nú er varið póstsamgöngunum, og það liggur í augum uppi, að stjórnarráðið getur ekki tekið að sèr að borga fyrir flutning á lyfjum hans, sèr það sèr heldur eigi fært, að gjöra nokkuð við þetta mál.

---

8. febrúar. **7. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kvörtun prests yfir veitingu á brauði.**

Í brèfi, dagsettu 22. septbrm. f. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað með áliti yðar umkvörtun frá Eggert presti Sigfússyni, er hafði fengið Hof og Spákonufell í Húnavatnssýslu í fyrra, 24. águst, og vígzt þangað 29. sama mánaðar, yfir því, að sèr hafi verið neitað um veitingu á öðru brauði, Teig og Eyvindarmúla í Rangárvalla-sýslu, er hann nokkrum dögum eptir sótti um þetta brauð, áður en hann var búinn að taka við hinu brauðinu; og sömuleiðis fyrirspurn hans um það, hvort hann ætti ekki eptir lögum og í raun rèttri tilkall til veit-

ingar á því prestakalli, er hann síðast sókti um, er það nú hefir verið laust í tvö ár og enginn sókt um það. 1870. 8. febrúar.

Útaf þessu kunngjörist yður til leiðbeiningar og frekari auglýsingar, að stjórnarráðinu virðist ekki vera ástæða til að gefa gaum að þessari umkvörtun og fyrirspurn.

---

8. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til að íslenzka og prenta tiltekna guðfræðisbók. 8. febrúar.

Í brèfi, dagsettu 5. oktbrm. f. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað, ásamt tveimur álitsskjölum frá skólameistara við hinn lærða skóla í Reykjavík, Jens Sigurðssyni, bænarskrá frá prestaskólakandidat Eiríki Briem í Reykjavík, um styrk til að snúa á íslenzku bók eptir Dr. *F. G. Lisco*, sem heitir „*den kristelig-apostoliske Troesbekjendelse*", og nú er höfð við kennslu í guðfræði í hinum lærða skóla, og að þessi styrkur verði látinn vera 12 rd. fyrir hverja örk; er ætlað, að útleggingin verði hèrumbil 20 eða 22 arkir að stærð, og yrði bókin síðan höfð sem kennslubók við skólann.

Útaf þessu er yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið er ekki frásnúið því, eptir því sem ástatt er, að veita beiðandanum styrk þann, er hann hefir sókt um, til að snúa nefndri kennslubók á íslenzku, og skal yður því falið á hendur að vísa til styrks þessa af því fè, sem veitt er í 20. gr. VI. C. í fjárhagslögunum, þegar handritið er búið, og skólameistarinn hefir látið sèr lynda, hvernig frá því er gengið; þó skal stjórnarráðið enn fremur láta í ljósi, að það verður að álíta, að svo stór bók, sem til er ætlazt að þetta rit verði, sè of yfirgripsmikil til kennslu við hinn lærða skóla, og býst því við, að útleggingin verði stytt svo mikið, að bókin með engu móti verði meiri en 16 arkir.

1870. 10. febrúar. **9. Auglýsing fyrir Island, um tilkynning um einkarètt til að eptirmynda ljósmyndir** (á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt tilskipun handa Íslandi um eptirmyndan ljósmynda og fl., dagsettri 11. dag desemberm. f. á., getur sá, sem á sjálfs síns kostnað hefir búið til frumlega ljósmynd eptir náttúrunni, eða ljósmyndar eitthvert listaverk, sem enginn hefir einkarètt til að eptirmynda, um 5 ára tímabil fyrirmunað öðrum að búa til ljósmynd til sölu eptir ljósmynd hans, með því að tilkynna á þeim stað og með þeim hætti, sem dómsmálaráðherrann tiltekur nákvæmar, að hann áskili sèr einkarètt, og með því þar á ofan að setja nafn sitt og orðin „með einkarètti" á sèrhverja ljósmynd, er hann lætur frá sèr fara. Samkvæmt þessu skal gjört heyrum kunnugt, að tilkynning sú, sem að framan er um rædt, skal send stiptamtmanninum yfir Íslandi, og á hún að hafa inni að halda nafn ljósmyndasmiðsins, ritað fullum stöfum, nógu greinilega lýsingu á ljósmyndinni, er áskilinn er einkarèttur til að eptirmynda, og, ef ljósmyndin er eptirmyndan einhvers listaverks, þá nafn listasmiðsins. Þar að auki skal ávallt senda með tilkynningunni eina af ljósmyndum þeim, sem áskilinn er einkarèttur til að eptirmynda.

Í dómsmálastjórninni 10. dag febrúarmánaðar 1870.

C. Nutzhorn.

Fr. Reinhardt.

16. febrúar. **10. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um hjónavígslu af uppgjafapresti.**

Útaf því, að uppgjafaprestur Hjalti Þorlákssón á Stað á Snæfjallaströnd í Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi hefir gefið saman í hjónaband Þórð bónda Magnússon á Borg og Guðríði Hafliðadóttur í bænda kirkju á Eyri, eptir að hlutaðeigandi sóknarprestur, Eyjólfur Jónsson, hafði lýst til hjónabandsins og svaramenn voru tilfengnir, enda þótt meinbugir væri á samkvæmt D. L. 3—16—8, mæltist stjórnarráðið til þess í brèfi, dagsettu 7. ágústm. f. á., að

fá vitneskju um, hvernig á því hafi staðið, að uppgjafapresturinn hafi getað komizt inn í kirkjuna án leyfis og vitundar sóknarprestsins, til þess að framkvæma þar prestsverk, og leitaði jafnframt álits yðar, háæruverðugi herra, um það, á hverju sú meining yðar væri byggð, að uppgjafaprestum á Íslandi yfirhöfuð væri heimilt að fremja öll prestsverk, og þá einkum, hvort íslenzk lög væri til þess. Þèr hafið því næst sent hingað eptirrit af skýrslu frá svaramönnunum og skýrslu frá eigendum Eyrar kirkju, sem sýnir, að þeir hafa látið uppgjafaprest Hjalta Þorlákssón eptir beiðni hans komast í kirkjuna, í trausti þess, að hann hefði leyfi sóknarprestsins til að gefa saman fyrnefnd hjón, og jafnframt þessu hafið þèr í brèfi yðar 18. oktbrm. f. á., hvað hið fyrra atriði snertir, látið í ljósi, að þareð sú kirkja, sem hjónavígslan fór fram í, væri bænda kirkja, hafi eigendurnir haft vald til þess að opna kirkjuna og leyfa uppgjafaprestinum inngöngu án leyfis og vitundar sóknarprestsins, og hvað hið síðara atriði snertir: að enginn efi, að svo miklu leyti sem menn viti til, hafi leikið á því, að það væri rètt, að öll þau prestsverk, sem uppgjafaprestur fremdi, væri gild; að það sè mörg dæmi til á Íslandi, að uppgjafaprestar í forföllum sóknarprestsins hafi framið prestsverk, án þess að nokkur hafi efað, að þau hefði fullt gildi að lögum, og enn fremur, að það sè samkvæmt eðli málsins, að sá prestur, sem segir af sèr embætti, eigi þar fyrir missi rèttindi prestsstèttarinnar, svo framarlega sem hann eigi gjörir sig óverðugan til þess að halda þeim.

1870. 16. febrúar.

Um leið og þess er getið, að málið, að því er snertir svaramennina, er sent dómsmálastjórninni, skal yður það til vitundar gefið, að stjórnarráðið, samkvæmt tillögum yðar í brèfi 5. júnim. þ. á., leyfir, eptir því sem komið er, að eigi verði höfðað mál gegn uppgjafapresti Hjalta Þorlákssyni fyrir þetta tiltæki hans, með því skilyrði, að honum verði bannað að bera messuklæði og framkvæma prestsverk, og eru það þar að auki tilmæli stjórnarráðsins, að þèr, háæruverðugi herra, ávítið sóknarprestinn, Eyjólf Jónsson, fyrir varúðarleysi hans í þessu efni. Jafnframt og stjórnarráðið getur þess, eptir tilefni í síðasta brèfi yðar, að það er eigi komið til umtals, hvort hjónabandið sjálft, sem hèr er framkvæmt, sè gilt

1870. 16. febrúar. að lögum eða ekki, skal því við bætt, að það er hvorttveggja, að það fylgir af sjálfu sèr, að sóknarpresturinn einn getur leyft aðgöngu til kirkjunnar til embættisverka, hvort sem hún er bænda kirkja eða ekki, enda leiðir það af eðli málsins og skýru lagaboði í tilskipun 30. apríl 1824, 14. gr., að enginn annar getur gefið saman hjón, en sá prestur, sem hefir embætti við kirkjuna eða þá sá prestur, sem hann hefir falið á hendur, fyrir sína hönd og uppá sína ábyrgð, að gegna þessu embættisverki, og býst því stjórnarráðið við, að þèr sjáið svo um, að þessu verði framfylgt eptirleiðis.

---

18. febrúar. **11. Auglýsing aðalpóststjórnarinnar um ýmislegt, er snertir póstferðirnar milli Danmerkur og Íslands**[1].

Um leið og vísað er til auglýsingar frá annari póstskrifstofu, 29. f. m. um það, að póststjórnin tekur að sèr að annast póstsamgöngur milli Danmerkur, Færeyja og Íslands, skal það hèrmeð kunngjört, að gufuskip stjórnarinnar, Diana, mun leggja hèðan frá Kaupmannahöfn 1. marzm. þ. á., eða svo fljótt þar á eptir, sem veður og ísar leyfa, og síðan mun birt nákvæmari ferða-áætlun.

Það má ætla, að farið verði á milli á 10 eða 12 dögum, ef ekki bregður útaf því sem venjulegt er.

Fyrir far með póstgufuskipinu verður að borga:

	fyrsta rúm.	annað rúm.	viðbót fyrir sèrstakt rúm.
	rd.	rd.	rd.
Milli Kaupmannahafnar og Íslands	45	36	15
— — og Þórshafnar	35	27	12
— — og Leith eða Leirvíkur	26	15	9

[1]) Reglugjörð um póstsendingar milli Danmerkur og Reykjavíkur, 25. ágúst 1869, er auglýst á íslenzku af póstafgreiðslumanninum í Reykjavík, Óla Finsen, og er prentuð í Norðanfara VIII, 97, 15. desembr. Í sama blaði Norðanfara er prentuð auglýsing aðalpóststjórnarinnar 28 september 1869, um póstsendingar milli Danmerkur, Íslands og Færeyja á árinu 1870.

	fyrsta rúm.	annað rúm.	viðbót fyrir sèrstakt rúm.
	rd.	rd.	rd.
milli Granton og Íslands	35	27	12
— — og Þórshafnar . . .	20	15	7
— Leirvíkur og Þórshafnar . .	12	9	4
— — og Reykjavíkur . .	26	20	9
— Þórshafnar og — . .	20	15	7
— Seyðisfjarðar og — . .	12	9	4
— — og Þórshafnar.	12	9	4

1. Börn milli 2 og 12 ára borga helming á við þetta; börnum, sem eru yngri en tveggja ára, veitist far kauplaust.
2. Ferðamenn mega hafa meðferðis kauplaust: fullorðinn maður 100 punda þúnga, og barn 50 pund. Undir það, sem framyfir er, á að borga 32 sk. fyrir hvert pund.
3. Fyrir mat (að ótöldu víni og öli) skal borga 1 rd. 64 sk. á dag fyrir fullorðinn mann, en fyrir barn 1 rd.
4. Sèrstakt rúm fæst því að eins, að borgað sè fyrir jafnmarga, og þar geta komizt fyrir.

Allskonar munum, sem sendir eru með póstgufuskipinu, má annaðhvort koma á póstinn, eða láta þá fara sem flutningsvöru.

A. Á póstinn má koma:

brèfum, ásamt frèttablöðum og allskonar prentriti með krossbandi; þyngd brèfanna má ekki fara fram úr 50 kvintum; ennfremur má koma með pósti peningabrèfum og bögglum, þegar þeir vega ekki framyfir fimm pund; ef bögglar eru þyngri, verður að senda þá sem flutningsvöru[1].

---

[1]) Ef svo vill til, að sendingum í stærra lagi til Íslands eða Færeyja verði komið á einhverja póstskrifstofu í Danmörku annarstaðar en í Kaupmannahöfn, verða þær sendar hingað (til Kaupmannahafnar) samkvæmt þeim taxta og þeim reglum, sem gilda í konungsríkinu um póstflutning á bögglum; sè sendingin þá ekki falin neinum einstökum manni í Kaupmannahöfn á hendur, og sè ritað á fylgi-

1870. 18. febrúar. Fyrst um sinn verða ekki afgreiddar póstávísanir[1] fram nè aptur; ekki heldur peningar sendir á þann hátt, að póstur eptir tilsögn taki við peningum af mönnum og borgi svo aptur þeim, sem vísað hefir til fjárins; ekki verður heldur tekið við áskrifendum að frèttablöðum; þó má fá frettablöð, sem út koma á Íslandi, eins og hingað til á brèfapóst-skrifstofunni í Kaupmannahöfn.

B. Undir póstsendingar milli konungsríkisins og Íslands eða Færeyja á að borga:

1. undir brèf:

	Þegar borgað er allt gjaldið fyrirfram.	Þegar ekki er borgað allt fyrirfram.
a. undir venjulegt brèf að þyngd allt að 3 kvintum	8 sk.	12 sk.
undir venjulegt brèf að þyngd yfir 3 kvint allt að 50 kvintum	16 sk.	24 sk.

b. undir frèttablöð og annað það, sem prentað er, og er sent í krossbandi eða einföldu bandi, ef alveg er borgað undir það fyrirfram, og þess er gætt, sem fyrir er mælt við líkar sendingar í konungsríkinu, um umbúðir, og ef einhverju skriflegu sè bætt við innihald þess, sem sent er (sjá Lög 26. septbr. 2. gr. A.[2]), 4 sk., ef böggullinn er að þyngd allt að 8 kvintum, en 8 sk., ef hann er framyfir 8 kvint, allt að 50 kvintum;

c. undir brèf, sem sèrstaklega er falið póstinum á hendur, á að borga fyrirfram 8 sk., auk þess burðareyris, sem getið var um undir *a*. Undir kvittun þá fyrir því, að

---

brèfið, hvað sè í bögglinum, mun póstafgreiðsluskrifstofan á tollbúðinni í Kaupmannahöfn koma sendingunni með skipinu sem flutningsvöru.

[1]) Þetta var síðar leyft, sjá brèf dómsmálastjórnarinnar 26. apríl þ. á., Nr. 33.

[2]) Þessi lög eru prentuð í Algreen-Ussings danska lagasafni X. 288.

slíkt brèf sè komið til skila, sem kynni að verða sent með sjálfu brèfinu, skal borga fyrirfram jafnmikið og undir einfalt brèf (*a*);

2. undir peningabrèf:

a. verður að borga fyrst eptir þyngd, eins og undir venjulegt brèf (1, *a*);

b. þar á ofan eptir upphæð þeirri, sem send er:

ef sendir eru 50 rd. og þaðan af minna	8 sk.
ef sent er meira en 50 rd., og allt að 100 rd.	16 sk.
en sè sent meira en 100 rd., þá fyrir hverja 100 rd. eða hlut af 100 rd.	16 sk.

3. undir böggla:

er þeir vega allt að 1 pundi	16 sk.
- — — milli 1 og 2 punda	32 sk.
- — — milli 2 og 5 punda	48 sk.

Sè sagt til þess, að böggullinn sè svo eða svo mikils virði, skal að auki borga undir hann samkvæmt því, sem fyrir er sagt í 2. *b.*

Með bögglum skal ávallt senda fylgibrèf, sem verður borið kauplaust; samt má það ekki vera þyngra en 3 kvint.

Undir póstsendingar, sem annaðhvort verða bornar aptur eða sendar með annari póstferð, sem seinna er farin, verður ekki borgað meira, en borgað var undir þær í upphafi.

Ekki má senda neitt með pósti til yfirvaldanna á Íslandi eða Færeyjum, nema borgað sè undir það fyrirfram.

C. Að öðru leyti skal það, sem fyrir er skipað um póstsendingar í konungsríkinu, gilda um þær sendingar, sem hèr er getið.

Til þeirra hafna erlendis, er póstgufuskipið kemur við á, verða aðeins tekin skipbrèf, og á að borga undir þau fyrirfram annaðhvort 8 eða 16 sk., eptir því, sem fyrir er sagt í 1 *a*.

Á póstafgreiðslu-skrifstofunni á tollbúðinni (í Kaupmannahöfn) má fá ítarlegri skýrslur um flutningsvöru og það, sem þar að lýtur.

Kaupmannahöfn 18. febrúarm. 1870.

S. Danneskjold-Samsö,
aðalpóststjóri.

1870. 21. febrúar.

12. Ágrip úr umburðarbrèfi aðalpóststjórans í Kaupmannahöfn til póstumsjónarmanna, og allra póstafgreiðslumanna og póstskrifstofanna, um fyrirkomulagið á póstsendingum milli Danmerkur og Íslands.

Póststjórnin tekur að sèr póstgufuskips-ferðirnar milli Danmerkur, Færeyja og Íslands í öndverðum næsta mánuði, þá er póstgufuskipið leggur af stað í fyrsta skipti. Fyrir þessa sök hefir póststjórnin sett afgreiðslumenn handa póstinum og gufuskipinu í Þórshöfn á Færeyjum, og sömuleiðis í Reykjavík og á Seyðisfirði á Íslandi[1].

Um þessar póstsamgöngur er komin út reglugjörð (25. águst f. á.) og auglýsing (28. septbr. f. á.) handa þeim, sem eiga heima á Íslandi og Færeyjum, og sendum vèr yður hèrmeð nokkur exemplör af reglugjörðinni og auglýsingunni til leiðbeiningar; enn fremur er út gengin 18. þ. m. auglýsing handa þeim, sem eiga heima í konungsríkinu.

Um leið og vèr sendum yður eitt exemplar af þessari auglýsingu til leiðbeiningar og eptirbreytni, skal þessa getið:

a. Sendingum þeim, sem hèr er getið um, verður ekki komið með hraðboða.

b. Á peningabrèf frá Íslandi og Færeyjum á ekki að setja innsigli póstsins, ef peningarnir í brèfinu eru ekki taldir; á peningabrèf frá Íslandi og Færeyjum skal ávallt láta 5 innsigli.

c. Með bögglum, er sendir eru milli Íslands og Færeyja, skal ávallt vera fylgibrèf.

d. Ekki verður slakað neitt til um burðareyri undir sýnishorn af vörum, sem send eru milli Íslands og Færeyja, eins og tíðkast í konungsríkinu.

---

[1]) Póstafgreiðslumennirnir eru þessir:

Í Granton . . . . . Turnbull, Salvesen & Co.
- Leirvik . . . . . Hay & Co.
- Þórshöfn . . . . . Müller, sýslumaður.
- Reykjavik . . . . . Óli Finsen.

á Seyðisfirði . . . . . Sýslumaður, kansellíráð O. W. Smith.

e. Undir sendingar til konungsættarinnar og yfirvalda í konungsríkinu, á Íslandi eða Færeyjum, má ekki borga neitt. 1870 21. febrúar.

f. Brèf, peningabrèf og böggla til yfirvalda í konungsríkinu má senda kauplaust, ef það, sem sent er, kemur frá konunglegum embættismönnum þeim, er hèr skal greina.

á Íslandi: stiptamtmanni, amtmönnum, landfógeta, bæjarfógeta, sýslumönnum, háyfirdómara hins íslenzka landsyfirrèttar, biskupi, hèraðslæknum, forstöðumanni prestaskólans, og skólameistara hins lærða skóla í Reykjavík,

á Færeyjum: amtmanni, landfógeta, svaraskrifara, sóknarprestum, og hinum fyrsta kennara við realskólann í Þórshöfn,

með því móti, að sendingin aðeins snerti einbert ríkismál (aptur á móti verður að borga burðareyri, ef sendingin snertir einstök sveitafèlög, sveitastofnanir eða sèrstök mál manna),

og að endingu með því skilyrði, að sá embættismaður, sem sendir brèfið af stað, riti neðst vinstramegin á brèfið „*Statstjenstlig Sag*" og þar undir nafn sitt með eigin hendi.

Um það, sem verður sent hèðan frá konungsríkinu án þess að borgað sè undir það, gildir slíkt hið sama, og fyrir er mælt um þesshättar sendingar í sjálfu konungsríkinu.

13. Ferða-áætlun fyrir póstgufuskipið 1870.

frá Kaupmannahöfn til Íslands.						frá Íslandi til Kaupmannahafnar.					
Burtfarartími frá Kaupmannahöfn.	póstgufuskipið á í fyrsta lagi að leggja frá				Venjulegur komudagur til Reykjavíkur.	Burtfarartími frá Reykjavík.	póstgufuskipið á í fyrsta lagi að leggja frá				Venjulegur komudagur til Kaupmannahafnar.
	Leirvík.	Leith. (Granton).	Færeyjum. (Þórshöfn).	Seyðisfirði.			Seyðisfirði.	Færeyjum. (Þórshöfn).	Leith. (Granton).	Leirvík.	
13. marz. kl. 9. f. m.	16. marz. e. m.	. . . .	17. marz. e. m.	. . . .	24. marz.	2. apríl. kl. 6. f. m.	. . . .	4. apríl. e. m.	. . . .	6. apríl. e. m.	13. apríl.
22. apríl. kl. 9. f. m.	25. apríl. e. m.	. . . .	26. apríl. e. m.	. . . .	3. mai.	12. mai. kl. 6. f. m.	. . . .	14. mai. e. m.	. . . .	16. mai. e. m.	23. mai.
1. júní. kl. 9. f. m.	. . . .	4. júni. e. m.	7. júní. f. m.	8. júni. e. m.	13. júni.	21. júní. kl. 6. f. m.	22. júni. e. m.	24. júni. f. m.	26. júní. e. m.	. . . .	3. júlí.
11. júlí. kl. 9. f. m.	. . . .	14. júlí. e. m.	17. júli. f. m.	18. júli. e. m.	23. júli.	31. júlí. kl. 6. f. e.	1. ágúst. e. m.	3. ágúst. f. m.	5. agúst. e. m.	. . . .	12. ágúst.
20. ágúst. kl. 9. f. m.	. . . .	23. ágúst. e. m.	26. ágúst. f. m.	27. ágúst. e. m.	1. septbr.	9. septbr. kl. 6. f. m.	10. septbr. e. m.	12. septbr. f. m.	14. septbr. e. m.	. . . .	21. septbr.
29. septbr. kl. 9. f. m	2. oktbr. e. m.	. . . .	3. oktbr. e. m.	. . . .	10. oktbr.	19. oktbr. kl. 8. f. m.	. . . .	22. oktbr. f. m.	. . . .	23. oktbr. e. m.	30. oktbr.
8. nóvbr. kl. 9. f. m.	. . . .	11. nóvbr. e. m.	14. nóvbr. e. m.	. . . .	20. nóvbr.	28. nóvbr. kl. 8. f. m.	. . . .	1. desbr. f. m.	3. desbr. e. m.	. . . .	10. desbr.

14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fátækra tíund af kóngsjörðum á Vestmannaeyjum.

1870. 21. febrúar.

Eptir að skrifazt hefir verið á við reikningadeildina um tillögur yðar, herra stiptamtmaður, í brèfi, dagsettu 15. júlím. f. á., um það, að umboðsmanninum yfir kóngsjörðunum á Vestmannaeyjum verði skipað að greiða eptirleiðis fátækratíund af þessum jörðum, skal stjórnarráðið, um leið og það vísar til þess, sem sagt er í riti Halldórs Einarssonar um landsvísureikning og tíund á Íslandi (*Om Værdi-Beregning paa Landsviis* o. s. frv.), bls. 153, um tíundagjöld á eyjunum, gefa yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að það getur með engu móti orðið umtalsmál, að gjalda fátækratíund af þessum hinum fyrnefndu jörðum.

---

15. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjaldið til læknasjóðsins.

21. febrúar.

Í brèfi 5. oktobrm. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að ymsir hafi spurt, hvernig telja skuli tímana til þess, að tilskipun 10. águst 1868, um breytingu á ákvörðunum um gjald spítalahluta, er svo eru nefndir, á Íslandi, komi í gildi, þar sem 2. gr. fyrirskipar, að gjaldið til læknasjóðsins skuli heimta í fyrsta skipti 12. mai 1870 eptir því, sem fyrir er sagt í tilskipuninni, um leið og 4. gr. tekur svo til, að hvert gjaldár gangi frá 12. mai til 12. dags í sama mánuði næsta ár: — hvort hún þá eigi að gilda fyrir allan tímann frá 12. mai 1869 til 12. mai 1870 í þeim sýslum, þar sem hún er þinglesin seinna en 13. mai þ. á. Þannig hefir sýslumaðurinn í Gullbringu-sýslu, þar sem þinglýsingum var lokið 25. júni f. á., spurt að, hvort gildi lagaboðsins geti náð yfir tímann frá 12. mai f. á. til þess dags, er þinglýsing fram fór, þareð lagaboðið með svofelldu móti án heimildar næði gildi fyrir sig fram, og yms vandkvæði mundu af hljótast, og hefir stiptamtmaður í brèfi 28. f. m. svarað því á þá

1870. 21. febrúar.

leið, að sèr fyndist, að lagaboðið gæti ekki náð því gildi fyrir sig fram, sem hèr er um getið, en að því ætti að fram fylgja í hverjum hreppi sýslunnar frá þeim degi, er þinglysingin þar hefir fram farið, og jafnframt var það skipað sýslumanni, að segja hreppstjórum til um þetta, svo að þegar á að senda inn reikning þann, er um er getið í 6. gr. tilskipunarinnar, þá ætti að rita á skrár hreppstjóranna vottorð um það, hvern dag þinglýsing hafi fram farið í hverjum hreppi, og um það, að skýrslan nái yfir allan tímann frá þeim degi til 12. mai 1870. Enn fremur hefir bæjarfógetinn í Reykjavík farið fram á það við stiptamtmanninn, hvort engin ráð væri til að bæta úr þeirri ósanngirni, að gjald þetta sè heimtað í Reykjavík, þar sem lagaboðinu var þinglýst 29. oktbr. 1868, svo það verði að álítast gilt fyrir allt tímabilið frá 13. mai f. á. til 12. mai þ. á., það er að segja fyr en í Gullbringusýslu, þar sem þinglýsing fyrst fór fram í júní f. á., og gjaldið því verði heimtað þar seinna, enda þótt að sýslan nái að kaupstaðnum á alla vegu; þessum tillögum hefir stiptamtmaður í brèfi, dagsettu 5. oktbrm. f. á., svarað á þá leið, að gildi laganna í hverju umdæmi verði að telja frá þeim degi, sem þinglýsingin fram fór, og að stiptamtmaður hafi eigi vald til að breyta þessu, og var því við bætt, að gjaldendur í kaupstaðnum virðist ekki hafa ástæðu til að kvarta undan því, að gjald, sem þeir að lögum eigi að greiða, sè heimtað hjá þeim, þótt gjaldið samkvæmt lögum kringumstæðanna vegna fyrst verði heimtað hjá gjaldþegnum í öðrum umdæmum nokkrum vikum eða dögum seinna. Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, hafið skýrt frá þessu, hafið þèr, einkum af því, að læknasjóðurinn vegna þessara fyrirskipana yðar mundi missa nokkuð af tekjum sínum fyrir árið sem leið, skotið því til dómsmálastjórnarinnar, hvort úrskurður yðar megi standa óraskaður, eða hvort ástæða sè til að breyta honum.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, að það má standa óraskað, sem þèr hafið ákveðið í þessu máli.

16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um útgjöld til kornkaupa handa fátæklingum. 1870. 21. febrúar.

Um leið og þèr, herra amtmaður, hafið skýrt frá, að þèr hafið keypt korn fyrir 111 rd. af þeim peningum, sem til voru í búnaðarsjóðnum, til útbýtingar meðal fátæklinga í Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslum, til að sporna við því, að horuðum skepnum yrði fargað í þeirri hungursneyð, sem yfir vofði í vor er leið, hafið þèr í brèfi, 1. oktbrm. f. á., leitað samþykkis stjórnarráðsins til þessarar ráðstöfunar.

Útaf þessu skal það yður til vitundar gefið, að ekkert er því til fyrirstöðu frá hálfu stjórnarráðsins, að það standi óraskað, sem í þessu máli hefir gjört verið.

---

17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um skyldu manns til að framfæra dóttur óskilgetinnar dóttur sinnar. 24. febrúar.

Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt álitsskjal yðar, herra amtmaður, um bænarskrá, þar sem Friðfinnur Illugason á Fljótsbakka skýtur til stjórnarráðsins úrskurði yðar, dagsettum 2. marzm. 1864, um að hann sè skyldur að framfæra dóttur óskilgetinnar dóttur sinnar Jakobínu Pètursdóttur, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að þareð það er efalaust, að það eru lög á Íslandi, að mönnum sè skylt að framfæra annað afkvæmi en eigin börn sín, og með því að orðatiltækin í reglugjörð um fátækra málefna lögun og stjórn fyrst um sinn á Íslandi, 8. janúar 1834, 4. gr., eru svo yfirgripsmikil, að eigi virðist næg ástæða til að þýða þessa lagagrein svo, að undan taka óskilgetið afkvæmi, verður úrskurður yðar í þessu máli að standa óraskaður.

1870. 24. febrúar. **18. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um nýja presta-handbók.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast að fallast á, með úrskurði 19. þ. m., að sú presta-handbók, sem að tilhlutun yðar, háæruverðugi herra, er endurskoðuð og útgefin í Reykjavík í fyrra, og kölluð: „Handbók fyrir presta á Íslandi. Endurskoðuð í Reykjavík, 1869", megi verða höfð við guðsþjónustugjörð og önnur kennimannleg embættisverk á Íslandi, og að hver kirkja í landinu megi kaupa sèr eitt exemplar af henni handa prestinum.

Þetta skal yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og svo þèr gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf.

---

26. febrúar. **19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að verja öðruvísi fè því, sem hefir verið haft til frævakaupa til útbýtingar á Íslandi.**

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað nokkrar umkvartanir yfir því, að garðfræ það, sem stjórnin lèt senda til suðurumdæmisins til útbýtingar milli landsmanna árið 1868, hafi reynzt illa, hafið þèr látið í ljósi, að umkvartanir þessar sè ástæðulausar, og að þó garðyrkja á því ári hafi mistekizt í suðurumdæminu, sè það fremur því að kenna, að landsmenn leggi litla rækt við garðyrkju, en því, að fræið sè ónýtt; en í brèfi yðar, dagsettu 30. septbrm. 1868, hafið þèr eigi að síður álitið rètt, að bera það upp við stjórnarráðið, hvort ekki væri ástæða til að hugleiða, hvort eigi mætti verja betur en hingað til þeim 300 rd., sem árlega hafa verið veittir til þess að bæta og efla garðyrkju á Íslandi, þar sem útbýtingin af garðfræi milli landsmanna ekki gjörði neitt verulegt gagn, og landsmönnum ekki þætti það þakkarvert að fá fræið, og hafið þèr jafnframt stungið

uppá, að sá hluti af þessu fé, sem suðurumdæminu fèlli í skaut, 1870.
kæmist undir umráð bústjórnarfèlags suðurumdæmisins, svo að 26. febrúar.
þetta fèlag eingöngu gæti varið fènu til þess að bæta og efla garðyrkju. Samfara þessu hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi yðar, dagsettu 4. nóvbrm. s. á., sent hingað bænarskrá frá stjórn nefnds fèlags, sem fer í sömu átt og þessi uppástunga yðar.

Eptir að stjórnarráðið útaf þessu hefir tekið á móti tveimur álitsskjölum frá vesturumdæminu og norður- og austur-umdæminu, skal það yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið, eptir því valdi, sem hans hátign konungurinn hefir til þess veitt, selur stiptamtmanni í hendur öll ráð yfir því fé, sem árlega kynni að verða veitt til þess að efla og bæta garðyrkju á Íslandi, þannig að fènu, sem verður að skipta milli umdæmanna eptir fólkstölu, eptir því sem nú er ástatt, á þá leið, að suðurumdæmið fái 106 rd., vesturumdæmið 74 rd., og norður- og austur-umdæmið 120 rd. á ári, verði varið sumpart á þann hátt, að í suðurumdæminu verði leitað álits hlutaðeiganda sýslumanns og bústjórnarfèlagsins, en í hinum umdæmunum farið eptir uppástungum amtmannanna, og svo verðlaun veitt þeim, sem framúr hafa skarað að dugnaði ekki aðeins í garðyrkju, heldur og í öðrum greinum jarðyrkjunnar, t. a. m. túngarða-hleðslu, þúfnaslèttun, vatnsveitingum, plægingum og öðru því um líku, sumpart á þann hátt, að fyrir fèð verði keypt sprengipúður og jarðyrkjuverkfæri. Skal því viðbætt, að þessi breyting á að gilda frá fjárhagsárinu $18^{71}/_{72}$, og verður að birta þetta á manntalsþingunum í vor og í sumar.

---

20. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til að kenna mál. lausum og heyrnarlausum börnum. 28. febrúar.

Í bænarskrá, sem þèr herra stiptamtmaður sem konungsfulltrúi á síðasta alþingi Íslendinga hafið sent stjórnarráðinu, hefir alþing farið fram á, fyrst og fremst að sóknarpresti Páli Pálssyni

1870. 28. febrúar. á Kálfafelli verði veittur 200 rd. styrkur úr ríkissjóðnum til þess að halda áfram málleysingja- og heyrnarleysingja kennslu þeirri, sem hann hefir byrjað samkvæmt brèfi stjórnarráðsins 4. septbr. 1867[1], og að þessi styrkur verði veittur honum á hverju ári, þegar hann sækir um hann, og hann sendir skýrslu um ástand og framgang kennslunnar, en ef þetta ekki fengist, að endurgjaldið fyrir kennslu og viðurværi hvers málleysings verði hækkað, svo það nái 140 rd. á ári, og að honum fyrir þetta ár verði veittir 50 rd. af því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland, fyrir hvert barn, sem hjá honum er til kennslu.

Útaf þessu skal þess getið, að stjórnarráðið getur ekki átt við að tiltaka, hvað mikið eigi að borga fyrir kennslu og viðurværi málleysingja, þareð þetta verður að vera komið undir samkomulagi við þá, sem í hlut eiga, og gefst yður jafnframt til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að stjórnarráðinu þykir sèr ekki fært að útvega síra Páli Pálssyni árlegan styrk úr ríkissjóðnum til málleysingjakennslu, en honum sè veittir fyrir fullt og allt í einu 200 rd. í þóknunarskyni fyrir framkvæmdir hans í þessu máli, og skal því viðbætt, að landfógetanum er skipað nú í dag, að greiða yður þetta fè, þegar er þèr heimtið það, svo að borgunin megi gjaldast á þessu fjárhagsári, með því að peningarnir eru til.

Að endingu skal þess getið, að búið er að skera úr öðru atriðinu í bænarskrá þeirri, sem um er getið, með brèfi dómsmálastjórnarinnar, dagsettu 29. septbrm. f. á.[2], og að stjórnarráðið útaf þriðja og fjórða atriðinu hefir leitað álits amtmannanna í norður- og austur-umdæminu og vesturumdæminu.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 463.

[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 821.

21. Brèf dómsmálastjórnarinnár til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um lestagjald af skipum hins danska fiskifèlags.

1870. 1. marz.

Útaf spurningu, sem upp hefir verið borin fyrir stjórnarráðið um það, hvort greiða skuli lestagjald af skipum hins danska fiskifèlags: *Thomas Roys*, „Skallagrími" og „Garðari", samkvæmt lögum 15. apríl 1854 gr. 4., þarsem þau tvö skipin, sem fyrst eru nefnd, árið 1867 sigldu frá Austfjörðum, hlaðin því, sem fengizt hafði af hvölum, og „Garðar" hlaðinn saltfiski, sem Seyðisfirðingar höfðu aflað að nokkrum hluta og flutt nýjan út á skipin, jafnframt og nokkrir hestar voru fluttir á *Thomas Roys*, lèt stjórnarráðið það í ljósi í brèfi 24. desembr. 1868, að því leyti sem það mál snertir, hvort tèð verzlunarlög yfirhöfuð að tala snerti hið danska fiskifèlag og að hverju leyti: að ekki bæri að heimta lestagjald af skipum fiskifèlagsins, ef þau aðeins sè höfð til afla, til flutnings á veiðarfærum og aflanum sjálfum, og var skorað á yður, að segja sýslumönnum til um þetta; það var og jafnframt lagt fyrir yður, herra amtmaður, að heimta skýrslur um þessi tilgreindu þrjú atriði frá sýslumönnum útaf því, sem stjórnari fèlagsins, „Kaptainlieutenant" *Hammer*, hefir borið fyrir sig í þessu efni fèlaginu til afsökunar.

Eptir að stjórnarráðið með brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 4. septbrm. f. á., hefir fengið skýrslur þessar, sem ranglega byggja á því, að brèf stjórnarráðsins 24. desembr. 1868 sè ekki endilegur úrskurður á hinni almennu spurningu í þessu máli, sem getið er um að framan, og leiða fram þær mótbárur, er mætti koma fram með gegn þeirri þýðingu laganna 15. apríl 1854, sem stjórnarráðið hefir framfylgt, gefst yður hèrmeð til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að eins og ekki verður heimtað lestagjald af skipunum „Skallagrími" og *Thomas Roys* fyrir það, að á þeim hafi verið fluttur hvalafli, eða af skipinu „Garðari" fyrir flutning á saltfiski, samkvæmt grundvallarreglunni í hinu nefnda brèfi stjórnarráðsins, þannig mun stjórnarráðið þeirra atvika vegna, sem stjórnari fèlagsins hefir tilfært í bænarskrá 14. nóvbr. 1868, er yður áður hefir verið sent

1870. 1. marz. eptirrit af, og sem hlutaðeigandi sýslumaður hefir játað, að sè sönn, ekki fylgja því fram, að greidt verði lestagjald hvorki af þeim hestum, er fluttir voru með *Thomas Roys* árið 1867, nè af saltfiski þeim, sem „Garðar" flutti sama árið, og innlendir fiskimenn höfðu aflað og selt fiskifèlaginu nýjan.

---

5. marz. **22. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til forngripasafnsins í Reykjavík.**

Í bænarskrá, sem þèr herra stiptamtmaður sem konungsfulltrúi á alþingi Íslendinga með brèfi, dagsettu 21. septbrm. f. á., hafið sent dómsmálastjórninni, en hún hefir aptur sent hingað, hefir alþingi farið þess á leit, að 300 rd. styrkur á ári verði veittur til forngripasafnsins í Reykjavík og til þóknunar handa þeim mönnum, er hafa umsjón yfir safninu, fyrst um sinn úr ríkissjóðnum, þangað til fjárhagur Danmerkur og Íslands sè orðinn greindur í sundur, eða, ef þetta ekki fæst, að þá megi verja jafnmiklu fè í þessu skyni af þeim peningum, sem samkvæmt fjárhagslögunum eru ætlaðir til óvissra útgjalda fyrir Ísland, og það verði falið á hendur stiptsyfirvöldum Íslands að tiltaka, hve miklu af styrknum megi verja til þóknunar handa umsjónarmönnum.

Stjórnarráðið treystir sèr ekki til að koma því til leiðar, að árlegur styrkur verði veittur safninu úr ríkissjóðnum í fjárhagslögunum; èn yður er jafnframt hèrmeð gefið til vitundar, til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, að stjórnarráðið þykist eiga kost á, eptir því sem ástatt er, að veita fyrir eitt skipti án skuldbindingar eptirleiðis 500 rd. styrk handa forngripasafninu af því fè, sem veitt er með fjárhagslögum þessa árs 20. gr. VI. C., og má verja þessum styrk til safnsins eptir því, sem þèr, herra stiptamtmaður, ákveðið.

Því skal viðbætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum, að borga yður fè þetta úr jarðabókarsjóðnum, þá er þèr æstið þess.

---

23. Auglýsing um, hvenær opið brèf handa Íslandi 11. desembr. 1869 um aðra skiptingu á lyfjavoginni skuli öðlast gildi, og um, að hin nýja lyfjaskrá skuli leidd inn á Íslandi (á Íslenzku og Dönsku). 1870. 5. marz.

Samkvæmt opnu brèfi handa Íslandi, 11. desembr. 1869[1], um aðra skiptingu á lyfjavoginni, 2. gr., hefir hans hátign konunginum þóknazt, eptir tillögum dómsmálastjórnarinnar, að samþykkjast, 2. þ. m., að tèð opið brèf skuli öðlast gildi 1. janúarm. 1871, og að lyfjaskrá sú, sem gefin var út í Kaupmannahöfn árið 1868 og samþykkt af konungi 13. júlím. s. á. og heitir „*Pharmacopea danica, Regia autoritate edita*", skuli leidd inn á Íslandi frá sama tíma.

Fyrir því skal hið frakkneska grammkerfi frá ofangreindum tíma við haft, þá er læknar og dýralæknar segja fyrir um læknisdóma, og þeir eru af hendi látnir í lyfjabúðunum til lækninga, og má ekki nota neinar aðrar lyfjavogir en þær, sem heyra undir þetta kerfi, þegar læknisfyrirsagnir eru afgreiddar.

Frá sama tíma eiga allar lyfjabúðir á Íslandi að hafa til alla þá læknisdóma, sem tilgreindir eru í ofannefndri lyfjaskrá, og skal útvega, geyma og tilbúa læknisdóma þessa á þann hátt, sem fyrir er mælt í lyfjaskránni, og eiga þeir að standast þau próf, sem þar segir fyrir um.

Þetta birtist hèrmeð öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni 5. dag marzmánaðar 1870.

C. Nutzhorn.

Fr. Reinhardt.

24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um máls rannsókn útaf svaramennsku við hjónaband. 8. marz.

Kirkju- og kennslustjórnin hefir sent hingað eptirrit af skjali nokkru, þar sem tveir bændur, hreppstjóri Kristján Kristjánsson

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 831.

1870. 8. marz. á Hvítanesi í Ögurhrepp í Ísafjarðar-sýslu og Jón Þorsteinsson á Hesti í Súðavíkurhrepp í sömu sýslu ábyrgjast, að ekkert sè til fyrirstöðu hjónabandi Þórðar snikkara Magnússonar á Borg í Skötufirði og Guðríðar Hafliðadóttur.

Með því málavextir eru svo, að meinbugir hafa verið á hjónabandi þessu samkvæmt D. L. 3—16—8, sendir stjórnarráðið yður, herra amtmaður, fyrnefnt eptirrit, og mælist til að þèr látið hefja rannsókn um þetta efni, og síðan eptir málavöxtum lögsókn gegn svaramönnum fyrir þetta athæfi þeirra.

---

9. marz. **25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um árpening handa dannebrogsmanni.**

Orðustjórnin hefir tilkynnt dómsmálastjórninni, að hans hátign konunginum hafi allramildilegast þóknazt, 28. f. m., að veita dannebrogsmanni og sáttasemjara, fyrrum hreppstjóra Eiríki Helgasyni í Kampholti í Arnessýslu, árpening úr orðusjóðnum, sem skuli borgast honum með 50 rd. á ári.

Um leið og þetta tilkynnist yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, skal því viðbætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum, að borga hlutaðeiganda 25. rd. á hverju misseri úr jarðabókarsjóðnum, ef hann hefir verið á lífi þann dag, er þessi konungsúrskurður var veittur.

---

12. marz. **26. Tilskipun fyrir Ísland, um uppreist á æru og fl.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Útaf þegnlegri bænarskrá frá alþingi bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Með þeim skilmálum, sem hèr á eptir segir, má veita þeim manni, sem hefir með dómi verið dæmdur sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, uppreist æru sinnar,

er hann er búinn að úttaka hegninguna, eður hegningin hefir verið gefin honum upp. Þá er maður hefir fengið uppreist æru sinnar, nemur hún af úr því, og þangað til að hann að nýju er dæmdur sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, allar þær afleiðingar, sem að lögum eru bundnar við þá skerðingu ærurèttinda hans, er leiðir af dóminum. 1870. 12. marz.

2. grein.

Enginn getur fengið uppreist æru sinnar fyr en liðin eru 5 ár frá því að hegningin var út tekin eða gefin upp. Sá, sem vill fá uppreist æru sinnar, verður að færa sönnur á, að hegðun hans 5 síðustu árin hafi verið ólastanleg; skal það sannað með vottorði áreiðanlegra manna, sem hafa átt kost á að taka vandlega eptir breytni hans.

3. grein.

Bænarskjal um uppreist á æru skal, ásamt álitsskjali yfirvalds þess og bæjar- eða sveitarstjórnar, sem í hlut á, ef að beiðandinn á heima á Íslandi, sent til háyfirvaldsins og þaðan til dómsmálastjórnarinnar. Með bænarskjalinu eiga að fylgja skilríki þau, sem um er rædt í 2. grein, og sömuleiðis eptirrit af dómi þeim, sem kveðinn hefir verið upp yfir beiðandanum, og nákvæm skýrsla um verustaði hans frá því að hann var dæmdur. Hafi honum verið gjört að gjalda bætur fyrir skaða þann, er hlotizt hefir af broti hans, ber einnig, eins og auðið er, að skýra frá, hvort skaðabæturnar hafi verið goldnar eða gefnar upp. Ef að dómsmálaráðherrann, er hann hefir leitað álits dómstóls þess, sem kveðið hefir upp dóminn yfir beiðandanum, þykist geta mælt fram með bænarskjalinu, skal málið borið upp fyrir konungi til úrskurðar. Fái bænin eigi áheyrslu, má ekki endurnýja hana fyr en að tveim árum liðnum, og verður þá að útvega skýrslur þær, sem að framan eru nefndar, fyrir þann tíma, sem liðinn er frá síðustu synjun bænarinnar.

4. grein.

Hafi maður fengið uppreist æru sinnar, eptir að hann er orðinn 25 ára að aldri, og verði eptir það dæmdur sekur um eitthvert það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, og framið er

1870. 12. marz. eptir veitingu uppreistarinnar, má ekki veita honum að nýju uppreist æru hans.

5. grein.

Hafi maður verið ákærður um eitthvert verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, og að eins verið dæmdur sýkn af frekari ákærum, má að fimm árum liðnum, frá því að fullnaðardómurinn var upp kveðinn, veita honum uppreist æru hans með þeim skilyrðum, sem að öðru leyti eru sett í tilskipun þessari um þá, sem hafa verið dæmdir sekir.

Eptirleiðis má ekki dæma neinn mann sýknan af frekari ákærum.

6. grein.

Eins og hegningardómar fyrir verk, framin af þeim, sem yngri eru en 15 ára, ekki hafa í för með sèr neina skerðingu rèttinda þeirra, sem komin eru undir óflekkuðu mannorði, eins skal hið sama eiga sèr stað um hegningardóma, sem kveðnir eru upp eða kveðnir hafa verið upp yfir þeim, sem eru á aldursskeiði frá 15 til 18 ára, svo framarlega sem hegningarnar, er þeir eru dæmdir í, fara ekki fram úr hýðing með reyrpriki eða fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi. Fyrir því þarf engrar uppreistar á æru að því er slíka dóma snertir.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir þessari tilskipun:

Eptir að konungsfulltrúi á alþingi, samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 9. júlí f. á.[1], hafði veitt alþingi færi á að íhuga, hvort við ætti að löggilda á Íslandi nokkurt af hinum almennu lagaboðum, sem út komu í Danmörku á árunum 1867 og 1869, ræddi alþingi þetta mál á lögskipaðan hátt, og samdi síðan álitsskjal[2] um það, þar sem beðið var um, að lagaboð um uppreist á æru og fl., 3. apríl 1868, verði óbreytt leidt í lög handa Íslandi.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 777, og Tíðindi frá alþingi 1869 II., 102.

[2]) Tíðindi frá alþingi 1869 II., 170—171, 174—176 og 198—199.

Samkvæmt þessu er nú tèð lagaboð löggilt handa Íslandi 12. marz þ. á. með nokkrum breytingum í danska textanum, sem dómsmálastjórnin hefir stungið uppá, og hèr skulu greindar. 1870. 12. marz.

1. Orðinu „*Kommunalbestyrelse*“ í 3. grein laganna 3. apríl 1868 er breytt í „*kommunal Autoritet*“, af því að „*Kommunalbestyrelse*“ í eiginlegri merkingu þessa orðs er ekki til neinstaðar á Íslandi, nema í kaupstöðunum: Reykjavík, Akureyri og Ísafirði.

2. Í sömu grein laganna er orðunum „*her i Landet*“ breytt til „*i Island*“, og

3. ennfremur er orðunum „*eller forsaavidt det er ved militair Ret fra Generalauditören*“ sleppt, þareð þessi orðatiltæki eiga ekki við um það er Ísland snertir.

---

27. Opið brèf handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið[1] (á Íslenzku og Dönsku). 12. marz.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Sá, sem sent hefir bænarskrá til embættismanna eður til bæjar- eða sveitastjóra, eður kæruskjal um þá, og málefnið varðar sjálfan hann, skal, ef bæn hans eigi fær áheyrslu, eða kæran eigi er til greina tekin, eiga heimting á, er hann fer þess á leit, að fá eptirrit einusinni af álitsskjali því eða álitsskjölum þeim, sem rituð hafa verið um málefnið, eða færi á að eptirrita þau.

Þetta á samt ekki við um bænarskrár um embætti eða sýslanir, eða um undanþágur undan ákæru, uppgjöf eða linun á refs-

[1]) Tíðindi frá alþingi 1869 II., 66, 134—135, 139 og 227.

1870. 12. marz. ingu eptir dómi eða úrskurði, nè heldur um kæruskjöl embættismanna eða sýslunarmanna um yfirboðara sína.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

14. marz. **28. Brèf dómsmálastjórnarinnar til dýralæknis Snorra Jónssonar, um ferðakostnað handa honum til heimfarar.**

Eptir að þèr hafið aflokið námi yðar við dýralækna- og landbúnaðar-skólann, og fengið þartil styrk af opinberum sjóði, hafið þèr borið upp fyrirspurn um það, hvernig stjórnarráðið ætlist til að nota yður til dýralækninga á Íslandi, og sent hingað bænarskrá þess efnis, að þèr verðið sendur til Íslands til að rannsaka fjársýki, sem bryddi á í fyrra, eða að öðrum kosti, ef ekki þykir nauðsyn til þess, að yður verði veittur 150 rd. styrkur í ferðakostnað til heimferðar til Íslands, til þess að fara á fund stiptamtmanns og bjóðast til að þjóna sem dýralæknir, og biðið þèr um meðmælingu hjá stjórnarráðinu til stiptamtmanns í því skyni.

Útaf þessu skal þess getið, að þann styrk, sem yður hefir verið veittur hèr til þess að nema dýralæknisfræði, verður að skoða sem viðbót við það fè, sem yður hefir verið veitt í þessu skyni af hlutaðeiganda jafnaðarsjóði; en hver sá, sem fær slíkan styrk, er að afloknu prófi, samkvæmt brèfi stjórnarráðsins 23. janúar 1858[1], skyldugur til að setjast að sem dýralæknir í því umdæmi, er hann hefir þegið styrkinn af. Því er yður hèrmeð til vitundar gefið, að eigi þykir vera næg ástæða til að senda dýralækni til Íslands, til að rannsaka fjársýki þá, sem fyr var nefnd, og það því síður, sem stjórnarráðinu er ekki kunnugt, hvort hún gangi þar enn yfir. Samt sem áður hefir stjórnarráðið, eptir sem ástatt er, veitt yður 100 rd. í ferðakostnað til Íslands, til þess að þèr bjóðið yður fram við stiptamtmann til að rannsaka fjársýkina og hafa við lækningar, ef við þarf. Skal því við bætt,

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 206.

að stjórnarráðið hefir skrifað stiptamtmanni um þetta[1], og lagt drög fyrir, að þessir 100 rd. verði útborgaðir yður úr ríkisfé-hirzlunni hèr í borginni. 1870. 14. marz.

---

29. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um dýralækni. 14. marz.

Dýralæknir Snorri Jónsson, sem með styrk frá stjórnarráðinu og af jafnaðarsjóði norður- og austur-umdæmisins hefir stundað dýralækningafræði við dýralækna- og landbúnaðarskólann í Kaupmannahöfn og tekið dýralæknapróf þar í vetur, hefir sent hingað bænarskrá, og sókt um að verða sendur til suðurumdæmisins, til þess að rannsaka fjársýki þá, er þar gekk yfir í fyrra, eða, ef ekki þætti vera nauðsyn til þess, að sèr verði veittur styrkur til þess að fara heim til Íslands og bjóða sig fram við stiptamtmann.

Útaf þessu skal yður, herra stiptamtmaður, til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað sækjandanum, eins og sjá má af eptirriti því, sem með fylgir, og sendir yður jafnframt eptirrit af vitnisburði þeim, er yfirdýralæknir, etazráð Tscherning, hefir gefið honum, en verður að öllu leyti að láta það vera á sjálfs yðar valdi, hvort yður þykir vera nauðsyn til að hafa not af kunnáttu dýralæknisins.

---

30. Lög um fjárveiting til bráðabirgða á fjárhagsárinu 1870—71. 29. marz.

Vèr Kristján hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vèr staðfest þau með samþykki voru:

---

[1]) Sjá næsta brèf.

1870.

29. marz.

1. grein.

Þangað til að ríkisþingið er búið að ræða frumvarp það, er fyrir það hefir verið lagt, til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið frá 1. apríl 1870 til 31. marz 1871, og í síðasta lagi þangað til 1. maí þ. á., skal stjórninni veitt heimild til að láta til bráðabirgða borga öll nauðsynleg gjöld, sem uppá koma samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilt hafa hingað til, en þó svo, að ekki sè farið út yfir aðalupphæðir þær og sèrstakar gjaldagreinir, sem eru tilfærðar í tèðu lagafrumvarpi, og eins að láta heimta saman skatta þá og gjöld, sem nú eru.

2. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi 1. apríl 1870.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið i höll Vorri Amalienborg, 29. dag marzm. 1870.

---

4. apríl.

31. Auglýsing fjárstjórnarinnar um peningasendingar milli Danmerkur og Íslands.

A líkan hátt og nú má borga fè til jarðabókarsjóðanna á Færeyjum og Íslandi, og fá það aptur útborgað úr aðalfèhirzlu ríkisins í Kaupmannahöfn, hefir fjárstjórnin eptir samkomulagi við dómsmálastjórnina ákveðið, að borga megi frá 50 rd. til 5000 rd. til aðalfèhirzlunnar, og fá peningana aptur hjá jarðabókarsjóðunum á Færeyjum eða Íslandi, gegn því að greiða í þóknun 1 af hverju 100 af upphæðinni; þó getur þetta að eins fengizt með því skilyrði, að forði jarðabókarsjóðanna af reiðugjaldi sè nógur til þessa, framyfir það, sem þarfir ríkisstjórnarinnar útheimta.

Þeir, sem hèr á eptir æskja þess, að fá fè útborgað úr jarðabókarsjóðunum, verða að borga jafnmikið til aðalfèhirzlunnar, og jafnframt með fám orðum skriflega geta þess, hverjum eigi að borga fèð og úr hvorum jarðabókarsjóðnum, en þá mun fjárstjórnin segja sjóðunum til um það, sem með þarf í þessu skyni.

Þetta birtist hèrmeð öllum, sem hlut eiga að máli, til leið- 1870.
beiningar. 4. apríl.

Í fjárstjórninni, 4. apríl 1870.

C. A. Fonnesbech.

Erichsen.

---

32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um tilkall Þingeyra kirkju til hlutar af hvölum nokkrum. 22. apríl.

Um leið og þèr, herra amtmaður, hafið sent hingað skjal nokkurt, þar sem umboðsmaður yfir konungsjörðum í Strandasýslu, Sigurður sýslumaður Sverrisson, hefir borið upp fyrirspurn um, hvernig hann ætti að fara með það, að eigandi Þingeyra kirkju, Ásgeir Einarsson, hefir gjört tilkall til fjórða parts af fimm hvölum, sem voru drepnir sumarið 1866 nálægt umboðsjörðunni Eyjum, og fluttir þar uppí fjöru, samkvæmt máldögum kirkjunnar og sáttmála við fyrri eiganda, umboðsmann Björn Olsen, er rentukammerið með brèfi 29. ágúst 1835[1] hefir staðfest, hafið þèr í brèfi 12. aprílm. 1867 getið þess, að þèr finnið málið efasamt, og hafið því lagt bann á, að sýslumaður lèti af hendi nokkuð af andvirði hvalanna, sem nær 1267 rd. 32 sk., en skipað svo fyrir, að þessi upphæð yrði talin með tekjum í næstu uppboðsreikningum, með þeirri athugasemd, að tilkall hafi verið gjört til fjórða parts af þessu fè; ennfremur hafið þèr farið þess á leit, að stjórnarráðið leggi úrskurð sinn á þetta mál.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við amtmanninn yfir norður- og austur-umdæminu útaf þessu, og fengið álit málsfærslumanns konungssjóðsins um málið, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið þykist ekki hafa næga ástæðu til að fallast á kröfu Ásgeirs Einarssonar, eptir því sem ástatt er, en það verður að vera undir

[1]) Lovsamling for Island X., 649.

1870. 22. apríl. honum sjálfum komið, hvort hann vill hefja mál gegn ríkissjóðnum til að ná því, sem hann þykist eiga tilkall til.

---

26. apríl. **33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um peningasendingar milli Danmerkur og Íslands.**

Eptir að fyrir lagt hafði verið tveimur embættismönnum, sem til þess voru valdir úr dómsmálastjórninni og fjárstjórninni, að búa til uppástungur um, hvernig ætti að haga til um peningasendingar milli Danmerkur og Íslands, og fyrnefnd stjórnarráð höfðu skrifazt á um þetta mál, hefir fjárstjórnin í dag fallizt á:

að póstávísanir, sem hljóða uppá allt að 50 rd., megi senda milli póststöðva í konungsríkinu öðrumegin og póststöðvanna í Reykjavík og á Seyðisfirði hinumegin:

12 sk. skal gjalda fyrir ávísanir allt að 25 rd.,

24 sk. fyrir það sem er yfir 25 rd., allt að 50 rd.;

að greiða megi út meira fè en 50 rd. og allt upp að 5000 rd. til aðalfèhirzlunnar, og fá hið goldna fè aptur útborgað úr jarðabókarsjóðnum á Íslandi, gegn því að greiða í þóknun 1 af 100 af upphæðinni; þó skal þetta aðeins fást, ef forði jarðabókarsjóðsins af reiðugjaldi er nógur til þessa, framyfir það, sem þarfir ríkisstjórnarinnar útheimta;

að sú breyting skuli gjörð á þeim reglum, sem farið hefir verið eptir, þá er fè hefir verið borgað til jarðabókarsjóðsins mót endurgjaldi úr aðalfèhirzlunni, að landfógeti aðeins gefi eina kvittun fyrir fè því, sem látið er í sjóðinn, í stað þess, að nú eru gefnar tvær kvittanir; þessa kvittun á landfógeti að senda beinlínis fjárstjórninni undir sínu embættisinnsigli, en fjárstjórnin lætur þá borga fèð úr aðalfèhirzlunni, og þarf ekki að bíða eptir tilsögn frá stiptamtmanni um þetta.

Um leið og þetta er gefið yður til vitundar, skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir skrifað landfógeta um þetta mál í dag, og sagt einnig fyrir um það, að þegar honum berast fyrnefndar

ávísanir, til að greiða fè úr jarðabókarsjóðnum, þá eigi hann að ætlast á um, með ráði stiptamtmanns ef þess þarf við, hvort nóg muni verða eptir í sjóðnum, að því meðtöldu, sem má búast við að bætist í hann, til þeirra útgjalda, sem þá kynni að koma uppá til ríkisstjórnarinnar þarfa, að greiddu því fè, sem ávísanirnar taka; en neyðist hann til að neita að gjalda það fè, sem aðalfèhirzlan hefir vísað á, þá skal hann þegar skýra fjárstjórninni frá þessu. 1870. 26. apríl.

Í sambandi við þetta eruð þèr, herra stiptamtmaður, beðnir þess, að þegar póstafgreiðslumaðurinn í Reykjavík leitar til yðar og sannar, að hann hafi ekki nóga peninga undir höndum til að borga það fè, sem vísað er til, að leggja fyrir landfógeta að borga honum það, sem með þarf, úr jarðabókarsjóðnum, og telja það með útgjöldum aðalfèhirzlunnar; landfógeti verður því næst að skýra fjárstjórninni frá þessu með fyrstu póstskipsferð, en póstafgreiðslumaðurinn á að senda aðalúrskurðarstjórn póstreikninganna samskonar skýrslu um þetta.

Jafnframt og vèr látum fylgja nokkur exemplör af auglýsingu fjárstjórnarinnar um peningasendingar milli Danmerkur og Færeyja, og Danmerkur og Íslands[1], eruð þèr, herra stiptamtmaður, að endingu beðnir um, að birta þessa auglýsingu á hagfelldan hátt.

---

34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um gjald spítalahluta. 28. apríl.

Með brèfi, dagsettu 16. f. m., hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá útlagða á Dönsku, þar sem Guðmundur Þórðarson og fimm aðrir menn úr Reykjavík fara þess á leit, að stjórnarráðið leggi úrskurð sinn á bænarskrá nokkra, er þeir, ásamt fimmtíu öðrum Reykjavíkurbúum, höfðu sent yður, og sókt um, að sèr yrði leyft að greiða hina svo nefndu spítalahluti á sama hátt og áður, samkvæmt tilskipun 27. maí 1746, heldur en eptir tilskipun 10. ágúst 1868, þareð þetta lagaboð eptir áliti sækjanda legði á herðar þeim óþolandi byrði, og enda ekki væri

[1]) sjá hèr að framan, bls. 30—31.

1870. 28. apríl.

hægt að mörgu leyti að fullnægja því, en þèr hafið neitað þessu. Þèr hafið nú skýrt frá vandkvæðum, sem koma af því, ef lagaboðinu sè stranglega framfylgt, og farið fram á, hvort ekki mætti veita fiskimönnum, ekki aðeins í Reykjavík, heldur og í Gullbringu- og Kjósarsýslu og í Borgarfjarðarsýslu, er líkt er ástatt með sýslubúum og bæjarbúum í þessu efni, þann lètti í greiðslu þessa gjalds, samkvæmt tilskipun 10. ágúst 1868: að hver gjaldþegn í þessum lögsagnarumdæmum, er rètt geti sagt til þess, hve mikið hann sjálfur og þeir, er hann á að svara fyrir, hafi aflað af þorski á tímanum frá 12. maím. 1869 til 12. maím. 1870, og lýsi því jafnframt yfir, að hann geti ekki nákvæmlega talið upp afla sinn af öðrum fiski á sama tímabili, njóti þeirrar ívilnunar, að gjald hans af þessum afla verði látið vera fjórði partur af því, sem hann á að láta af hendi fyrir þorskaflann, og, ef svo kynni að standa á, að hann treysti sèr ekki til að telja fram þann fiskafla sinn, er minna er í varið, að honum þá verði gefnir upp $^3/_4$ partar af því gjaldi, sem hann hefði átt að greiða af þessum hluta afla síns, samkvæmt tilskipun 10. ágúst 1868; en sá aptur á móti, sem skorast undan því, eða segist ekki geta nákvæmlega talið upp það, sem hann og hásetarnir á bátum hans hafa aflað af þorski, eigi ekki að njóta þessarar ívilnunar, heldur sæta hegningu samkvæmt 4. gr. tilskipunarinnar, þannig, að hin fimmfalda upphæð, er getið er um í síðasta lið greinarinnar, af því gjaldi, sem undan er dregið, reiknist af öllu því, sem hann hefði átt að greiða af afla sínum samkvæmt tilskipuninni.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að, þareð tilskipun 10. ágúst 1868 ekki tiltekur neina heimild fyrir stjórnina til að veita nokkra undanþágu frá því, sem þar er fyrirskipað, getur þessi bænarskrá ekki tekizt til greina.

35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárveiting til bráðabirgða fyrir fjárhagsárið 1870—71.

1870. 30. apríl.

Um leið og stjórnarráðið sendir yður, herra stiptamtmaður, eitt exemplar af lögum 29. f. m. um fjárveiting til bráðabirgða fyrir fjárhagsárið 1870—71, ásamt útdráttar-eptirriti af athugasemdum við frumvarp til fjárhagslaga fyrir tèð fjárhagsár, 20. gr. VI. A 1, 2 og 3, verður yður hèrmeð bent á, að lögin aðeins leyfa nauðsynleg útgjöld, sem uppá koma, og á fyrirskipanir þær um útborgun embættismannalauna og fl., sem getið er um í brèfi stjórnarráðsins 20. febrúar 1866[1]; skal þess enn framar getið, að síðar mun vísbending verða gefin bæði um útborgun launaviðbóta, sem embættismönnum ber á þessu fjárhagsári, samkvæmt lögum 26. f. m., og um hinar nýju gjaldagreinir, sem á að bæta inn í frumvarp til fjárhagslaganna, að svo miklu leyti sem snertir suðurumdæmið.

Um leið og stjórnarráðið mælist til þess, að þèr kunngjörið hlutaðeigendum það sem með þarf, samkvæmt þessu, skal þess getið, að landfógetanum hefir verið skrifað í dag um þetta mál, og vísbending gefin hinum amtmönnunum á Íslandi, að því leyti þá sjálfa snertir og þá embættismenn, sem eru í þeirra umdæmum.

Með því að sú heimild, sem með tèðum lögum er veitt stjórninni, ekki nær útyfir þenna mánuð, og ríkisþingið er ekki búið að ræða frumvarpið til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið 1870—71, skal þess að endingu getið, að konungur hefir í dag staðfest lög, er láta þessa heimild stjórnarinnar ná til 31. maím. þ. á.

---

36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um hina nýju lyfjavog og lyfjaskrá.

30. apríl.

Um leið og stjórnarráðið sendir yður (tit.) nokkur exemplör af auglýsingu dómsmálastjórnarinnar 5. f. m. um, hvenær opið brèf

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 308.

1870. 30. apríl. handa Íslandi 11. desembr. 1869[1], um aðra skiptingu á lyfjavoginni, skuli öðlast gildi, og um, að hin nýja lyfjaskrá skuli leidd inn á Íslandi, eru látin meðfylgja 8 exemplör af þremur umburðarbrèfum frá hinu konunglega heilbrigðisráði um það, að innleiða nýja lyfjaskrá og lyfjavog, til útbýtingar milli lækna og lyfsala í yðar umdæmi, og enn 2 exemplör af niðurjöfnunartöflu frá heilbrigðisráðinu, sem lyfsalar, er þeir afgreiða læknisfyrirsagnir, sem eru ritaðar fyrir 1. júlím. 1870 (á Íslandi fyrir 1. janúarm. 1871) eiga að fara eptir, til þess að koma við nýju voginni, handa lyfsalanum í Reykjavík (Stykkishólmi, Akureyri). Ennfremur sendir stjórnarráðið yður 4 exemplör af auglýsingu dómsmálastjórnarinnar 14. júní 1869 um vogarlóð þau, sem samkvæmt lögum um aðra skiptingu á lyfjavoginni, 14. febrúar 1868, og konunglegri reglugjörð 12. maí 1869 eru útgengin frá mælistofunni í Kaupmannahöfn, til útbýtingar handa lyfsölum og þeim læknum, sem sjálfir láta af hendi lyf í suðurumdæminu (vesturumdæminu, — norður- og austurumdæminu).

---

28. mai. **37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skyldu læknis á Vestmannaeyjum til að kaupa lyf sín í lyfjabúðinni í Reykjavík.**

Útaf bænarskrá þeirri, sem getið er um í brèfi yðar, herra stiptamtmaður, 19. janúar þ. á., að hèraðslæknirinn á Vestmannaeyjum sækir um leyfi til að kaupa lyf þau í Kaupmannahöfn, sem hann sjálfur lætur af hendi til lækninga, í stað þess að taka þau hjá lyfsalanum í Reykjavík, eins og hann er skyldugur til, er yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að þetta leyfi ekki getur orðið veitt.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 831.

38. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um flutning á skipbrotsmönnum.

1870. 31. maí.

Í skjali, sem barst hingað með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 7. febrúarm. þ. á., hefir bæjarfógetinn í Reykjavík getið ymsra vandkvæða á því, hvernig tilhagað er um flutninga skipbrotsmanna á Íslandi, því það kemur opt fyrir, að skipbrotsmenn eru fluttir til Reykjavíkur og fengnir lögreglustjóranum þar, án þess að það fè fylgi með, sem þarf til viðurværis handa þeim, og til þess að koma þeim áleiðis; hefir bæjarfógetinn jafnframt borið það upp, að ráðstafanir verði gjörðar, sumpart til þess, að það verði skipað hlutaðeiganda að senda það, sem eptir verður, er búið er að halda uppboð á strandinu, með skipbrotsmönnum til Reykjavíkur, til þess að því fè verði varið til að koma þeim heim þaðan, samkvæmt tilskipun 28. desembr. 1836, 12. gr., sumpart til þess, að það verði gjört að skyldu fyrir útgjörðarmann skipsins, sem á verzlunarhús í sama lögsagnarumdæmi, og strandið varð, eða þar nálægt, eða þá fulltrúa hans, að sjá um flutning á skipbrotsmönnum.

Jafnframt og þèr, herra stiptamtmaður, hafið farið mörgum orðum um það, hve torvelt það væri, að koma þessu vel í lag, hafið þèr getið þess um uppástungur bæjarfógetans, að hinni fyrri verði eigi við komið, þareð það er venja, að skipbrotsmenn eru sendir af stað á undan uppboðinu, og það fer fjærri því, að andvirðið fyrir það, sem selst við uppboðið sè þá til, þar sem verður að veita eigi allstuttan frest með borgunina, og að heldur ekki verði gjört uppboðshaldaranum að skyldu ad borga fyrirfram fyrir flutninginn; aptur á hinn bóginn virðist yður það vera æskilegt, að hin síðari uppástunga bæjarfógeta verði tekin til greina, að það verði brýnt fyrir öllum sýslumönnum á Íslandi, að sjá svo um, að skipbrotsmönnum verði komið til fulltrúa útgjörðarmanns skipsins á Íslandi, eða þess manns, er hefir skipið að leigu, svo að hann sjái um flutninginn, án þess að hið opinbera þurfi að skerast í málið.

Um leið og þess er getið, að það verður eigi gjört þeim að skyldu, sem hefir skip að leigu, eða fulltrúa hans, að sjá um flutn-

1870. 31. maí. ing skipshafnarinnar, ef skipið brotnar, þá mælist stjórnarráðið til þess, að þèr, herra stiptamtmaður, segið sýslumönnum í yðar umdæmi til um það, að ef það kemur fyrir, að eigi að flytja skipbrotsmenn, og útgjörðarmaður skipsins sè staddur á Íslandi eða á verzlunarstað þar, þá er það skylda hans eða verzlunarfulltrúa hans, að sjá um viðurværi handa skipbrotsmönnum og annast um, að þeir verði fluttir heim til sín, án þess að hið opinbera skerist í málið, og að hlutaðeigandi sýslumaður, ef hann á annað borð hefir undir höndum nokkuð af andvirði strandsins, eigi að senda með skipbrotsmönnum það fè, sem með þarf, til þess að koma þeim áleiðis, er hann sendir þá til lögreglustjórans í öðru lögsagnarumdæmi.

Því skal við bætt, að hinum öðrum amtmönnum á Íslandi er ritað um þetta efni það, sem þeir eiga að hafa fyrir reglu.

---

31. maí. **39. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa skotmannafèlaginu í Reykjavík til byssukaupa.**

Um leið og þèr senduð hingað aptur bænarskrá, þar sem stjórnarnefndin í skotmannafèlagi því, sem stofnað er í Reykjavík, sækir um, að fèlagið verði leyst frá þeim skilmála, sem því var settur samkvæmt brèfi stjórnarráðsins 11. febrúar f. á.[1], þá er fèlaginu var veittur 100 rd. styrkur til byssukaupa, en skilmáli þessi var sá, að, ef lærisveinum í Reykjavíkur skóla seinna meir kynni að verða veittur kostur á að æfa sig á að fara með byssur, þá lèti fèlagið borgunarlaust fram byssurnar, sem tilfengnar eru, og skotsvæði það og skothýsi, sem fèlagið hefir búið sèr til, svo að piltar mætti halda þar æfingar sínar, hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 22. febrúar þ. á. skotið þessu máli til úrskurðar stjórnarráðsins, og jafnframt getið þess, að fèlagsmenn hafi líklega misskilið það skilyrði, sem getið var um, þannig, að þeir haldi, að

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 588.

lærisveinar skólans samkvæmt því geti æft sig með byssunum í skothýsi fèlagsins hvenær sem þeir vilja, en að meining yðar, er þèr stunguð uppá því, að skilmálinn yrði settur fèlaginu, hafi verið, að lærisveinum aðeins gæfist kostur á að hafa not af byssunum og skothýsinu á þeim tímum, er ætlaðir yrði til skotkennslu. 1870. 31. maí.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr auglýsið það, að með því að stjórnarráðið er samdóma yður um skilninginn á hinu tiltekna skilyrði, þá verður fyrtèður úrskurður stjórnarráðsins að standa óraskaður, en það er undir yður komið, að gefa sækendum vísbendingu um rèttan skilning á úrskurðinum.

---

40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til aðalskattastjórnarinnar, um breytingu á skipsnafni. 31. maí.

Um leið og aðalskattastjórnin sendi hingað meðfylgjandi bænarskrá, sem stjórnarráðið nú sendir aptur með tilheyrandi fylgiskjölum, þar sem kaupmaður C. F. Siemsen í Reykjavík sækir um leyfi til að breyta nafninu á skonnortuskipi »Katrínu«, sem hann hefir keypt, en áður átti heima á Faney, og er að stærð $92^{14}/_{100}$ »registertons«, samkvæmt þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, dagsettu 12. júlím. f. á., og eptirleiðis láta skipið heita »Reykjavík«, hefir skattastjórnin getið þess í brèfi, dagsettu 19. febrúarm. þ. á., að ekkert sè nafnabreytingu þessari til fyrirstöðu frá sinni hálfu, og það því síður, sem þetta skip framanaf kemst ekki innundir skrásetningarlögin, er þau fyrst öðlast gildi, að svo miklu leyti er snertir Ísland, 1. ágústm. þ. á. Skattastjórnin hefir þarnæst látið það í ljósi, að efasamt gæti verið, eins og aðalskrásetningar- og mælingaskrifstofan í Kaupmannahöfn hefir drepið á í álitsskjali sínu um þessa bænarskrá, hvort sækjandinn hafi heimild til að láta skip sín sigla með dönsku flaggi, þó hann reyndar sè eigandi að verzlunarstað í Reykjavík, en muni eiga heima í Hamborg, og hefir skattastjórnin skotið því til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar, að hve miklu leyti megi álíta, að sækjandinn búi að sömu kjörum og þeir, sem í raun rèttri eiga heima á Íslandi.

1870. 31. maí. Um leið og stjórnarráðið sendir skattastjórninni álitsskjal frá stiptamtmanninum á Íslandi um þetta efni, sem sýnir, að það virðist svo, sem sækjandi hafi danskan þjóðernisrètt, en á hinn bóginn eigi heima í Hamborg og hafi þar skrifstofu sína, verður það að álíta eptir því, sem stiptamtmaður hefir skýrt frá málavöxtum, að sækjandi hafi ekki rètt til að eiga skip undir dönsku flaggi.

---

31. maí. **41. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.**

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með brèfi yðar, dagsettu 2. þ. m., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir voru í fjárhagslögum þessa fjárhagsárs til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju um sig:

Uppgjafapresti Guðlögi Sveinbjarnarsyni frá Hvammi. . . 15 rd.
— Þorgrími G. Thorgrimsen í Belgsholtskoti (frá Saurbæ) . . . . . 20 -
— Jóni Sigurðssyni frá Söndum . . . . . 30 -
Prestsekkju Guðlögu Eiríksdóttur (frá Reynivöllum) . . 15 -
— Rannveigu Vigfúsdóttur (frá Staðarhrauni) . . 15 -
— Helgu Jónsdóttur (frá Gilsbakka) . . . . 30 -
— Helgu Guðmundsdóttur (frá Borg) . . . . 15 -
— Salbjörgu Jónsdóttur Reykdal (úr Miðdala þingum) . . . . . 20 -
— Helgu Arnfinnsdóttur (ekkju Jóns heitins Jónssonar, kapelláns að Breiðabólstað í Vesturhópi) . . . . . 8 -
— Guðrúnu Vernharðsdóttur (frá Eyri í Skutulsfirði) . . . . . 15 -
— Oddnýju Ingvarsdóttur (úr Sólheima þingum) 20 -
— Þóru Auðunnardóttur (frá Mosfelli) . . . . 20 -

Prestsekkju Elínu Einarsdóttur (frá Þingeyra klaustri) . 30 rd. 1870.
— Marenu Níelsdóttur (frá Höskuldstöðum) . . 10 - 31. maí.
— Valgerði Einarsdóttur (frá Grímsey) . . . 8 -
— Guðríði Helgadóttur (frá Svalbarði) . . . 12 -
— Sigríði Jónsdóttur (frá Skinnastöðum) . . . 10 -
— Guðlögu Guttormsdóttur (frá Skeggjastöðum) 10 -
— Kristínu Gunnarsdóttur (frá Desjarmýri) . . 7 -
— Þorbjörgu Jónsdóttur (frá Kolfreyjustað) . . 18 -
— Margrètu Magnúsdóttur (frá Skorastað) . . 10 -
— Guðrúnu Ingvarsdóttur (frá Eyvindarhólum) . 20 -
— Ingveldi Jónsdóttur (frá Hofteigi) . . . . 10 -
— Guðnýju Jónsdóttur (frá Kálfholti) . . . . 15 -
— Solveigu Markúsdóttur (frá Stokkseyri) . . 10 -
— Kristínu Eiríksdóttur (úr Efriholta þingum) . 12 -
— Margrètu Narfadóttur (frá Glæsibæ) . . . 40 -
— Guðrúnu Jónsdóttur (frá Mosfelli) . . . . 15 -
— Þórunni Ásgrímsdóttur (frá Helgafelli) . . 10 -
— Kristjönu Einarsen (frá Stafholti) . . . . 10 -
— Kristínu Jónsdóttur (frá Þykkvabæjar klaustri) 10 -
— Helgu Pálsdóttur (frá Reynivöllum) . . . 10 -.

Þetta skal yður hèrmeð til vitundar gefið, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að máli, og um leið og vèr vísum til brèfs stjórnarráðsins 15. júlí 1865, skal því viðbætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

42. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um mælingar og skrásetning skipa. 1. júní.

Aðalskattastjórnin, er með konungsúrskurði 31. f. m. er falið á hendur að standa fyrir skipa-skrásetningum og -mælingum á Íslandi, mun nú með þriðju póstskipsferð senda yður, herra stiptamtmaður, yður sjálfum til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, hèr að lútandi reglur og allt það, sem með þarf, til þess að

1870. 1. júní. framkvæma það, sem boðið er í tveimur tilskipunum handa Íslandi 25. júní f. á., um skipamælingar og skrásetning skipa.

Útaf þessu mælumst vèr til, samkvæmt beiðni skattastjórnarinnar, að þèr, herra stiptamtmaður, takið að yður að rita aðalskrána fyrir Ísland, og skal um þetta vísað til skrásetningarinstrúxins, A. nr. 5, og jafnframt að þèr sjáið um og vakið yfir, að þeim lagaboðum, sem hèr koma við, verði framfylgt; í þessu skyni skal þess sèrílagi getið, að það er mjög áríðandi í þjóðernislegu tilliti, að boðinu í skrásetningar-tilskipuninni 1. grein um skilríki, sem heimila manni að geta átt dönsk skip, sè framfylgt, þareð allur hinn danski verzlunarfloti mundi hafa mikið tjón af því, ef slöku yrði slegið við í þessu máli, vegna þess að þar af mundi leiða, að traustið á skrásetningar-skýrteinum, sem hèr eru gefin út, mun þá rýrna, og allt það gagn ónýtast, sem ætlað er dönskum skipum með þessu lagaboði, einkum ef styrjöld hefst milli annara þjóða; leiðum vèr því jafnframt athygli yðar til þess, sem fyrir er sagt í skrásetningar-instrúxinu B og C. nr. 18.

Með því að nokkuð getur dregizt, þangað til verður farið með öll íslenzk skip samkvæmt þessum lagaboðum, er það að tíu árum liðnum frá þeim tíma, er skrásetningar-tilskipunin öðlast gildi, 10. ágústm. þ. á., er skylda, að öll skip verði mæld upp á ný, hefir skattastjórnin stungið uppá því til bráðabirgða, og álitið það æskilegan viðbæti við hinar nýju skipaskrár, sem lögboðnar eru samkvæmt skrásetningar-tilskipuninni, að stiptamtmaður gangist fyrir á sama hátt einsog hèr í konungsríkinu, að útvega til bráðabirgða aðalskrá yfir öll skip, sem eiga heima á Íslandi, þar sem skýrt væri frá nöfnum skipanna, tegund þeirra og lestarúmi, hver sè eigandi skipsins og hvar hann eigi heima, og nafn skipstjórans. Af þessari skrá, sem verður að halda áfram þangað til búið er að mæla á ný og skrásetja aptur öll skip, sem á skránni eru, mætti fá mart það að vita, sem eptir því, er reynzt hefir á aðalskrásetningar- og mælingaskrifstofunni í Kaupmannahöfn, þar sem við höfð er aðalskrá til bráðabirgða, mjög mundi efla öll skrásetningarverk, og koma í veg fyrir, að óþarfa dráttur yrði fyrir skip þau, sem í hlut eiga. Með þessari skrá mun stiptamtmaður þannig geta skorið úr því, hvort lög leyfa, að sleppa megi nokkrum

þeim skilríkjum, sem venjulega útheimtast til þess, að skrásetning geti fram farið, og mætti líka hafa þau not af henni, að hún yrði höfð til hliðsjónar og leiðréttingar, þá er gallar finnast á skýrslum embættismanna, án þess þurfi að tefja sig á brèfaskriptum. Skattastjórnin hefir ennfremur álitið, að þeir sex embættismenn, sem hafa skrásetningar á hendi á þeim verzlunarstöðum, þar sem eiga að vera skrásetningar-skrifstofur, eigi að búa til sèrstakar skipaskrár, og verði á þær rituð þau skip, sem eru á aðalskránni, og tilfært hvar þau eigi heima, samkvæmt því, sem stiptamtmaður segir til, en jafnframt má sleppa þeim skrám, sem ritaðar hafa verið hingað til samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 9. maí 1857[1]. 1870. 1. júní.

Samkvæmt beiðni aðalskattastjórnarinnar mælist stjórnarráðið ennfremur til þess, að þèr, herra stiptamtmaður, búið til aðalskipaskrá til bráðabirgða, og ritið framvegis í hana öll íslenzk skip, sem eru mæld, og eptir mælingunni eru að stærð yfir 12 tons eða 6 danskar lestir, eða virðast vera svo stór, en sem enn er ekki búið að skrásetja samkvæmt tilskipun 25. júní f. á.; af þessari skrá verður að senda hingað eptirrit handa aðalskrásetningar- og mælingaskrifstofunni, og jafnframt mælumst vèr til, að þèr sjáið um, að ritaðar verði sèrstakar skipaskrár til bráðabirgða fyrir hvert af þeim sex skrásetningar-umdæmum á Íslandi. Til hliðsjónar, þá er tèð aðalskipaskrá til bráðabirgða er tilbúin, sendum vèr yður hèrmeð bráðabirgða-frumvarp til aðalskipaskrár handa Íslandi, sem aðalskrásetningar- og mælingaskrifstofan í Kaupmannahöfn hefir saman sett eptir þeim skipaskýrslum, sem embættismenn, er í hlut eiga, hafa smásaman samið handa hverri sýslu útaf fyrir sig og sent hingað. Samkvæmt fyrirætlun frá skrifstofunni á að rita á hina nýju skrá þau skip, sem eru á hinni, að svo miklu leyti sem þau eru enn við lýði, en það má ætla um þau öll, nema: 5, skonnortuskipið „*Cathinca*", 21½ lest að stærð og 18., jagtina „*Karen Line*", að stærð 13½ lest. Samkvæmt því, sem sagt er að framan, verður einnig að rita á skrána öll þau skip, sem samkvæmt skýrslum embættismanna eiga

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 176.

1870. 1. júní. heima á Íslandi og eru svo stór, sem getið var um að framan. Aðalskrásetningar-skrifstofan hefir ennfremur farið fram á, að stiptamtmanni sè gefin vísbending um, að skip, sem líka eru rituð á skipaskrár hèr, og í raun rèttri eru eign manna, sem eiga heima í konungsríkinu, sè tilfærð á skýrslum þeim, sem áður hafa verið sendar frá Íslandi; en þareð eigi verður álitið, að þessi skip eigi heima á Íslandi, má ekki rita þau á hinar íslenzku skipaskrár, en aptur á móti á að draga þau út, þar sem þau eru tilfærð á sýsluskrám; sökum þessa hefir og aðalskrásetningar-skrifstofan sleppt þeim í frumvarpinu. Aptur á hinn bóginn eru tilfærð skip á skipaskrám hèr, sem danskir þegnar eiga, er búa á Íslandi. Um þessi skip, sem á skránni eru auðkennd með stöfunum N. B., rituðum með rauðu bleki, hefir skattastjórnin álitið, að það verði að vera komið undir eigandanum sjálfum, hvort hann vili að skip hans verði ritað á hinar íslenzku skipaskrár, eða á þær, sem eru hèr, en þó á aðra hvora, þannig, að skipið verði dregið út á skránni hèr, þegar búið er að rita það á hina íslenzku skipaskrá.

Þareð það er skipað þeim sex skrásetningar-embættismönnum í skrásetningar-instrúxinu, að senda stiptamtmanni til frekari afgreiðslu skýrslur um smáskip og báta þá í hèraði hvers um sig, er hvorki eru ritaðir í skrásetningarbækur eða á skrá þá, sem þar til heyrir, yfir skip, sem eru 30 registertons eða þaðan af minni, og heldur ekki á skipaskrá þá til bráðabirgða, sem getið var um að framan, mælumst vèr til þess, herra stiptamtmaður, að þèr skipið öllum sýslumönnum í yðar umdæmi, að svo miklu leyti sem þeir eru skrásetningar-embættismenn, að senda skrásetningar-skrifstofunum við árslok, fyrsta skipti við lok ársins 1870, þær skýrslur um smáskip og báta í þeirra lögsagnarumdæmum, sem nauðsynlegar eru, en aptur á móti þarf ekki framar að senda þær skrár, sem fyrirskipaðar eru í brèfi dómsmálastjórnarinnar 9. maí 1857[1].

Til leiðbeiningar handa sýslumönnum um það, hvers innihalds skýrslur þessar eigi að vera, sendum vèr yður til útbýtingar

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 176.

meðal þeirra nokkur exemplör af instrúxinu, sem getið hefir verið um, og eru í kaflanum A, nr. 8, b.[1] þær reglur, sem verður að fara eptir í þessu. 1870. 1. júní.

Að endingu mælumst vèr til þess, samkvæmt beiðni skattastjórnarinnar, að þèr, herra stiptamtmaður, skiptið milli þeirra tveggja skrásetningar-embættismanna, sem eru í yðar umdæmi, þeim exemplörum af hinum áðurgreindu tilskipunum 25. júní f. á., sem eru í vörzlum yðar, og jafnframt bjóðið þeim, að senda hingað þau mælingarverkfæri, sem þeim voru fengin í hendur samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 22. marz 1856[2].

Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað amtmönnunum yfir vesturumdæminu og norður- og austurumdæminu um það, að þeir bjóði þeim sýslumönnum í þeirra umdæmum, sem ekki hafa umboð til skrásetninga, að gæta þess, sem fyrirskipað er í skrásetningar-instrúxinu A. 8. b., á líkan hátt og yður var skrifað um þetta hèr að framan[3].

---

[1]) Þessi grein í instrúxinu er svo hljóðandi:

Skrásetningarskrifstofurnar skulu við árs lok senda stiptamtmanni til frekari framkvæmda skýrslur um öll þau smáskip í hverju umdæmi, sem hvorki eru rituð í skrásetningarbókina nè þartil heyrandi skrá yfir skip, sem eru 30 registertons eða þaðan af minni, nè heldur á skipaskrá þá til bráðabirgða, sem getið var um að framan; þessar skýrslur skal tilbúa, til þess að halda tölu á öllum skipum, og skal í þeim skýrt frá: 1) er þilskip snertir, hve mörg þau sè og hve stór eptir áætlun, til hvers þau sè höfð, og hve margir menn sè á hverju þeirra; en 2) er opna báta snertir, hve margir þeir sè, hvort það sè seglbátar eða ekki, og hve margar árar sè á bátnum.

[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 127.

[3]) Þetta brèf til amtmannanna er svo hljóðandi:

Tilskipunin um skrásetning skipa 25. júní f. á. mun öðlast gildi 1. ágústm. þ. á., og mun aðalskattastjórnin, er það er falið á hendur með konungsúrskurði 31. f. m., að standa fyrir skrásetningum og mælingum skipa á Íslandi, senda hlutaðeigendum skrásetningar-embættismönnum þar, en það eru stiptamtmaður sem forstjóri allra mælinga og skrásetninga á Íslandi, bæjarfógetinn í Reykjavík, og sýslumennirnir á Vestmannaeyjum, í Snæfellsness-,

1870. 2. júní. **43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhagsárið 1870—71.**

Í sambandi við brèf stjórnarráðsins 30. apríl þ. á. sendum vèr yður, herra (tit.), eitt exemplar af fjárhagslögunum fyrir fjár-

---

Ísafjarðar-, Eyjafjarðar- og Suðurmúlasýslum, þar að lútandi reglur og allt það, sem með þarf til að framkvæma það, sem boðið er í fyrnefndri tilskipun, og í tilskipun 25. júní f. á. um skipa mælingar.

Í instrúxinu um skrásetning skipa á Íslandi er það skipað skrásetningar-embættismönnum þar, að senda stiptamtmanni til frekari afgreiðslu skýrslur um smáskip og báta í umboði hvers um sig, sem hvorki eru ritaðir í skrásetningarbækur nè á skrá þá, sem þartil heyrir, yfir skip, sem eru 30 registertons og þaðan af minni, og heldur ekki á þá skrá, sem stiptamtmanni með brèfi, dagsettu í dag, er skipað að setja saman.

Útaf þessu skorum vèr, samkvæmt tillögum aðalskattastjórnarinnar, á yður, herra amtmaður, að þèr skipið þeim sýslumönnum í yðar umdæmi, sem ekki eru skrásetningar-embættismenn, að senda þessum embættismönnum við árslok, fyrsta skipti um lok ársins 1870, þær skýrslur um smáskip og báta í þeirra lögsagnarumdæmum, sem við þarf, en aptur á móti þarf ekki framar að senda þær skrár, sem fyrirskipaðar eru í brèfi dómsmálastjórnarinnar 9. maí 1857.

Til leiðbeiningar handa sýslumönnum um það, hvers innihalds skýrslur þessar eigi að vera, sendum vèr yður til útbýtingar meðal þeirra nokkur exemplör af instrúxinu, sem getið hefir verið um, og eru í kaflanum A., nr. 8. b., þær reglur, sem verður að fara eptir í þessu.

Af instrúxinu A. nr. 2 sèst það, hverjar sýslur eru í hverju skrásetningarumdæmi, en þess skal samt getið, að ein prentvilla er á 6tu bls. 4ðu l. instrúxins, er stendur „skrifstofa Norðurmúlasýslu", en á að vera: „skrifstofa Suðurmúlasýslu".

Að endingu mælumst vèr til þess, samkvæmt beiðni skattastjórnarinnar, að þèr, herra amtmaður, skiptið milli þeirra tveggja skrásetningar-embættismanna, sem eru í yðar umdæmi, þeim exemplörum af hinum áðurgreindu tilskipunum 25. júní f. á., sem eru í vörzlum yðar, og jafnframt látið senda hingað þau mælingarverkfæri, sem þeim voru fengin í hendur samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 22. marz 1856.

hagsárið 1870—71, sem eru staðfest 28. f. m. Að öðru leyti, og sèrstaklega að því er snertir útborgun launaviðbóta, skal vísað til tèðs brèfs, og því við bætt, að þèr megið með næsta pósti búast við að fá vitneskju um, hvernig þetta mál fer. 1870. 2. júní.

---

44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum. 3. júní.

Einsog drepið er á í brèfi dómsmálastjórnarinnar 25. ágúst f. á.[1] hlutaðist stjórnarráðið til þess, að stungið var uppá því í frumvarpinu til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið 1870—71, að 500 rd. mætti verja til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum, og er þetta fè nú veitt með fjárhagslögum fyrir þetta fjárhagsár, sem konungur hefir samþykkt 28. f. m.

Um leið og þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, og þess er getið, að stjórnarráðið í dag hefir boðið landfógetanum að láta þetta fè af hendi við yður, þá er þèr heimtið það, mælumst vèr til þess, að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, samkvæmt tillögum yðar[2] í brèfi, dagsettu 15. júlím. f. á., og búumst vèr við að fá skýrslur frá yður um, hvað gjörzt hefir í þessu, þegar þar að kemur.

---

45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skrásetning skipa. 3. júní.

Í sambandi við brèf stjórnarráðsins 1. þ. m. sendum vèr yður, herra stiptamtmaður, til hliðsjónar, er þèr búið til aðalskipaskrána til bráðabirgða, svo sem þar var um getið, eptirrit af

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 815.

[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 816.

1870. 3. júní. brèfi aðalskattastjórnarinnar 3. þ. m., sem breytir nokkuð frumvarpi því til aðalskipaskrárinnar, er vèr sendum yður þá[1], og ennfremur látum vèr fylgja með skýrslur þær fyrir árið 1869, um þilskip á Íslandi, sem hlutaðeigandi embættismenn hafa sent hingað.

---

4. júní. **46. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skaðabætur til ábúanda á umboðsjörðu fyrir tjón af verzlun þar á lóðinni.**

Með brèfi, dagsettu 28. febrúarm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað útskript af dómsmálabók Strandasýslu, um mat nokkurt, sem samið hefir verið útaf úrskurði dómsmálastjórnarinnar 12. marz 1864[2], til að virða þann skaða, sem ábúandinn á umboðsjörðunni Borðeyri eigi að hafa orðið fyrir af verzlun þeirri, sem þar hefir fram farið; er skaði sá metinn til 105 rd. á ári. Ennfremur hafið þèr sent hingað brèf til sýslumannsins í Strandasýslu, dagsett 10. maím. 1867, þar sem ábúandinn á Borðeyri, Pètur Eggerz, fyrst og fremst krefst þess, að mega halda því hafnargjaldi, sem goldið er af kaupskipum, er sigla upp á Borðeyrarhöfn, með 8 rd. fyrir hvert skip, og mega verða laus við að borga 12 rd. á ári í leigu fyrir byggingarlóð, sem var útmæld Guðmundi Einarssyni árið 1861, en sem hann seinna hefir látið af hendi við Pètur Eggerz, en ef þetta ekki fengist, hefir tèður Pètur Eggerz til vara farið fram á, að fá fullkomlegt endurgjald fyrir allan þann skaða, er hann þykist hafa orðið fyrir sem ábúandi á Borðeyri af verzluninni þar, og er hann þá fús til að borga lóðargjald af byggingarlóð sinni, sem hann hefir hingað til haft afgjaldslaust.

Útaf þessu hafið þèr, herra amtmaður, getið þess: að skoðunargjörð sú, sem nefnd er að framan, virðist ekki vera svo, að

---

[1]) Í þessu brèfi aðalskattastjórnarinnar eru ymsar leiðrèttingar við skipaskrána; er skipað að sleppa nokkrum skipum, en aptur bæta öðrum við.

[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 17.

farið verði eptir henni við úrskurð þessa máls, bæði af því, að hún sýnir að eins, hve mikið tjón ábúandi jarðarinnar hafi haft af því, að þar er verzlun, í stað þess að leiða rök að því, samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 12. marz 1864, hvort svo verði álitið, að Pètur Eggerz, sem nú er ábúandi á Borðeyri, hafi liðið nokkurn skaða eða nokkra rýrnun á þeim afnotum jarðarinnar, sem honum voru heimiluð með byggingarbrèfi sínu 10. marz 1857, og ef svo er, hversu mikils virði sá skaði verði þá metinn; að þó farið verði eptir matinu, þá er úrskurður fellur á málið, virðist ekki eiga að gjalda ábúandanum 105 rd. skaðabætur á ári, einsog tiltekið er í matinu, heldur að eins í rèttu hlutfalli nokkuð af afgjaldinu af jörðunni, sem samkvæmt umboðsreikningnum fyrir fjárhagsárið 1868—69 er 8 rd. 48 sk., en þessi hluti verður $^{10}/_{19}$ og nær þá 4 rd. 49 sk.; en aptur á hinn bóginn hafið þèr farið fram á, að það gæti ekki verið umtals efni, að endurgjalda ábúandanum þessa upphæð, er hann eigi virðist hafa liðið af verzluninni neinn skaða á þeim afnotum jarðarinnar, sem honum voru heimiluð með byggingarbrèfinu. Hafið þèr í þessu tilliti borið það fram, að þaretð búið var að löggilda verzlunarstað á Borðeyri löngu áður en jörðin var bygð þeim ábúanda, sem þar er nú, verði ekki annað sagt, en að afnot hennar sè honum heimiluð með þeim takmörkunum, sem af þessu leiðir; það er og enn að auki með berum orðum tekið fram í byggingarbrèfinu, að jörðin sè honum bygð æfilangt með þeim skilmálum, sem þar eru tilteknir, en þó með þeim takmörkunum, sem leiði af því, að verzlunarstaður yrði reistur á Borðeyrartanga. Einsog það fer fjærri, að ábúandinn eigi heimtingu á skaðabótum fyrir tjón af verzlun lausakaupmanna á Borðeyri, sem fór fram þar áður en ábúandinn settist að á jörðunni, þannig á ábúandinn eptir áliti yðar ekkert tilkall til endurgjalds fyrir skaða af föstu verzluninni, með því að einungis einn verzlunarstaður er á Borðeyri, en það er einmitt ábúandinn, sem hefir byggt hann og á hann. Með því að þèr þannig álítið, að það sè mikil hlynnindi fyrir ábúandann, að honum er leyft kauplaust að nota þá byggingarlóð, þar sem verzlunarstaður hans er reistur, finnst yður ekki vera næg ástæða til þess að eptirláta honum afgjaldslaust afnot af lóð þeirri, sem var

1870. 4. júní.

1870
4. júní.

útmæld Guðmundi Einarssyni, en það er efamál, hvort það sè gilt, að Guðmundur hefir afsalað sèr lóð þessa til Pèturs Eggerz, þareð lóðin var í upphafi útmæld til verzlunarstaðar sèrílagi. Að því er snertir hafnartoll af skipum, er sigla til Borðeyrar, og sem er greiddur ábúandanum samkvæmt byggingarbrèfinu, hafið þèr, herra amtmaður, drepið á, að svo er fyrir mælt í optnefndum úrskurði dómsmálastjórnarinnar 12. marz 1864, að ekki verði heimtaður hafnartollur af skipum, sem liggja á höfn, þar sem engu hefir verið til kostað til hafnarinnar, og skipin ekki hafa not af neinum bletti á landi; en þó virðist yður ekki, að þessi ákvörðun sè beint bann ámóti því, að ábúandanum verði goldinn hafnartollur einsog hingað til.

Um leið og stjórnarráðið í öllu verulegu er yður samdóma um þetta mál, skal yður það til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það: að ekki verður gefið ábúandanum á Borðeyri Pètri Eggerz neitt eptir af afgjaldi því, er hann samkvæmt byggingarbrèfi sínu 10. marz 1857 á að greiða af jörðunni, sem skaðabætur fyrir tjón af verzluninni þar; — að honum leyfist fyrst um sinn að nota byggingarlóð þá, sem fyrrum var útmæld handa Guðmundi Einarssyni, en samt aðeins með því skilyrði, að hann greiði það afgjald, 12 rd. á ári, sem tiltekið var; — og ennfremur: að úrskurður dómsmálastjórnarinnar 12. marz 1864 verður að standa óraskaður, að því er snertir hafnartoll af þeim skipum, er sigla upp Borðeyri, og samkvæmt þeim úrskurði verður það að vera komið undir því, hvort skipið hafi notað nokkurn blett á landi, eða ekki, hvort af því verði heimtaður hafnartollur.

---

17. júní.

47. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um þóknun handa póstafgreiðslumanninum í Norðurmúlasýslu.

Með brèfi, dagsettu 21. janúarm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem póstafgreiðslumaðurinn í Norðurmúlasýslu, Þorvaldur prestur Ásgeirsson að Hofteigi, sækir

um þóknun fyrir starfa sinn við póstafgreiðsluna, og hafið þèr jafnframt farið fram á, að honum verði veitt 6 rd. þóknun á ári fyrir ómak sitt. 1870. 17. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir málavöxtum fellst á, að Þorvaldi presti Ásgeirssyni verði í þessu skyni veittir 4 rd. á ári frá 1. aprílm. þ. á., og skulu þeir greiddir af því fè, sem ætlað er til póstferða í norður- og austurumdæminu; hefir stjórnarráðið í dag skrifað landfógetanum, að borga þessa upphæð úr jarðabókarsjóðnum.

---

48. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um burtfararpróf skólasveina í Reykjavík, sem segja sig úr skóla. 21. júní.

Með brèfi, dagsettu 14. oktbrm. f. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt, þar sem skólameistari hins lærða skóla í Reykjavík, Jens Sigurðsson, ber upp þá fyrirspurn, hvort það sè leyfilegt, að skólasveinar, sem hafa setið í 3. bekk B. og svo sagt sig úr skóla og notið heimakennslu, gangi undir síðara hluta burtfararprófs við skólann áður en tvö ár eru liðin frá því þeir sögðu sig úr skóla, og hvernig eigi að fara með þá lærisveina, sem sömuleiðis, er þeir hafa setið í 3. bekk B., en ekki eru fluttir upp í 4. bekk, segja sig úr skóla uppá eitt ár, og síðan njóta heimakennslu og sækja svo um að ganga undir próf við skólann og komast í 4. bekk, til þess að útskrifast, þegar þeir hafa setið þar eitt ár.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, hafið getið þess, að ekki virðist þörf á sèrstaklegum ákvörðunum um hið síðara atriði spurningarinnar, er það sè á valdi kennaranna að gjöra út um það við inntökuprófið, hvort lærisveini þeim, sem í hlut á, verði veitt þessi undanþága, hafið þèr aptur á móti farið þess á leit, að stjórnarráðið ákveði það, að lærisvein-

1870. 21. júní. um, sem segja sig úr skóla, er þeir hafa setið í 3. bekk B. og gengið undir fyrra hluta burtfararprófs, ekki verði leyft að ganga undir síðara hluta burtfararprófsins fyr en eptir tveggja ára undirbúning, en að samt verði veitt skólastjórninni vald til að stytta þenna tíma til eins árs, ef skólameistari mælir með því, og pilturinn, sem í hlut á, er iðinn og efnalítill.

Um þetta mál hefir stjórnarráðið leitað álits kennslu-umsjónarmanns hinna lærðu skóla, og gefst yður til vitundar, til leiðbeiningar og svo þér kunngjörið það, að það verður eigi leyft lærisveinum, sem fara úr 3. bekk B. og eru þá ekki álitnir hæfir til að verða fluttir upp í 4. bekk, að ganga undir síðara hluta burtfararprófs fyr en tvö ár eru liðin frá því að þeir fóru úr skóla. En að því er snertir hina síðari spurningu, þá verður stjórnarráðið að vera yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, samdóma í því, að það er á valdi skólans, að gjöra þá apturreka við inntökuprófið, sem ekki verða álitnir fullkomlega undirbúnir til þess að fylgja kennslunni í bekknum og hafa not af henni; svo verður og stjórnarráðið að vera yður einnig samdóma í því, að það sè óleyfilegt, að halda próf fyrir prívatista á öðrum tímum en þeim, er hin reglulegu próf fara fram.

---

21. júní. **49. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um endurgjald kornláns.**

Í brèfi, dagsettu 21. febrúarm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, sókt um, að frestur verði veittur til 31. desembrm. þ. á. á borgun fyrir 10 tunnur af korni, sem þèr hafið keypt fyrir Jóns Sigurðssonar legatið til útbýtingar handa fátæklingum í Eyjafjarðarsýslu af þeim kornfarmi, sem með ráðstöfun stjórnarráðsins var fluttur til Hofsóss haustið 1867, með því skilyrði, að verð kornsins með vöxtum verði endurgoldið innan 31. desembrm. s. á.

Útaf þessu er yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að, þareð stjórnarráðinu

þykir sèr ekki fært að breyta útaf þeim reglum um endurgjald kornsins, sem settar voru með brèfi stjórnarráðsins 4. oktbr. 1867[1] og samþykktar með konungsúrskurði 24. desembr. s. á., verður samkvæmt þessum reglum um endurgjald þess verðs, sem sett var á hinar fyrnefndu 10 tunnur af korni, þegar að borga $^2/_7$ parta uppí verðið, og í vöxtu af allri upphæðinni 4 rd. af 100 á ári frá 1. aprílm. 1869, og af $^6/_7$ pörtum af upphæðinni frá 1. apríl 1869 til 1. apríl þ. á., en það, sem eptir er, má standa, einsog þèr, herra amtmaður, hafið sókt um. 1870. 21. júní.

---

50. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um póstferðir þar í umdæminu. 21. júní.

Í brèfi, dagsettu 8. febrúarm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, meðal annars skýrt frá, að þeir 400 rd., sem samkvæmt brèfi stjórnarráðsins 25. febrúar f. á.[2] eru ætlaðir til póstferða í norður- og austurumdæminu, hrökkvi eigi til að standast kostnað á hinum venjulegu póstferðum í umdæminu, og að þèr sökum þess hafið neyðzt til að taka af eina ferðina til Reykjavíkur og tvær ferðir frá Eskifirði til Akureyrar. Í brèfi, dagsettu 20. s. m., hafið þèr því næst farið þess á leit, til að bæta póstgöngurnar í umdæminu, sem með þessu fyrirkomulagi yðar eru ónógar: að einni eða tveimur af þeim sjö ferðum, sem til ætlazt er að póstgufuskipið fari til Reykjavíkur, verði sleppt, gegn því, að skipið komi við Norðurland á hinum ferðunum, á þann hátt, sem þèr hafið nákvæmlegar tiltekið í brèfi yðar.

Útaf þessu er yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að þareð til er ætlazt í brèfi stjórnarráðsins 25. febrúar f. á., að svo geti farið, að nauðsyn beri til að fara út yfir þá upphæð, sem ætluð er til póstferða í hverju umdæmi, og svo fyrir

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 473.

[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 592.

1870. 21. júní. mælt, að búast megi við, að það, sem á vantar, verði lagt til úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á, hefir stjórnarráðið furðað sig mjög á því, að þér, herra amtmaður, af ótta fyrir því, að fara út yfir þá upphæð, sem ætluð var handa norður og austurumdæminu, skulið hafa leitað þeirra úrræða, af sjálfsdáðum að fella þær póstferðir úr, sem getið er um að framan, og þar á ofan einmitt þá ferðina, sem ætlazt er til að sendir verði með sýslu- og umboðsreikningar, svo þeir komi í tækan tíma, þá er á að búa til fjárhagsáætlunina og ríkisreikningana, heldur en að fara þá leið, sem stjórnarráðið hefir vísað til í fyrnefndu brèfi, að bera það upp við stjórnarráðið, að fá það fè, er kynni á að vanta. Stjórnarráðið mælist því til, að þèr, herra amtmaður, látið eptirleiðis fara þá póstferð til Reykjavíkur, sem um var getið, og sömuleiðis hinar tvær póstferðirnar milli Akureyrar og Eskifjarðar, og má, ef svo ber undir, taka fè til þess úr jafnaðarsjóðnum.

Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið álítur það árangurslaust, að semja við póststjórnina um breytingu á hinum árlegu ferðum póstgufuskipsins nú sem stendur.

---

23. júní. **51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um reikninga sýslumanna útaf skipastrandi.**

Þèr hafið, herra amtmaður, í brèfi, dagsettu 2. febrúarm. þ. á. spurt, hvort það sè ekki yðar skylda, án tillits til, hvort hlutaðeigendur hafi krafizt þess eða ekki, að endurskoða og leggja úrskurð á reikninga sýslumanna yfir dagpeninga og gjaldheimtur útaf strandi hins frakkneska fiskiskips Emilíu, er var selt við opinbert uppboð. Það skal yður því til vitundar gefið hèrmeð, yður til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, að þessi skylda verður að heyra amtmanni til. Því skal einnig við bætt, að þèr megið búast við svari uppá aðra spurningu í sama brèfi, því stjórnarráðið er nú að skrifast á um hana við aðalskattastjórnina.

---

52. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um málskot til hæstarèttar um hvalflutninga. 1870. 23. júní.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, hafið sent hingað útskript af dómi hins konunglega landsyfirrèttar á Íslandi, sem fèll 18. janúarm. þ. á. í máli milli Sveinbjarnar prests Eyjólfssonar að Árnesi og Guðmundar Sakaríassonar, um það, hvort Árness kirkja eigi tilkall til $^1/_{10}$ parts af hval nokkrum, sem fannst dauður í ísnum á Reykjarfirði, og var skorinn þar og fluttur í land sumpart á ísi og sumpart á báti upp í fjöru, þar sem kirkjan samkvæmt Vilkins máldögum á $^1/_{10}$ part af öllum hvalflutningum — en dæmt var, að Árness kirkja ætti ekki tilkall til hvalsins —, hafið þèr, bæði af því, að það er efasamt, hvort dómurinn sè rèttur, og svo af því, að hann snertir mjög rètt annara kirkna á Íslandi, þarsem mælt var svo um í dóminum, að máldagar aðeins heimili kirkjum þau rèttindi, sem eru samkvæm almennum lögum, lagt það undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort eigi að skjóta dóminum til hæstarèttar, og ef fallizt yrði á það, mælzt til, að stjórnarráðið hlutaðist til um, að gjafsókn yrði veitt Árness kirkju í þessu máli fyrir hæstarètti.

Útaf þessu er yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið verður að vera yður samdóma í því, að eptir málavöxtum virðist vera ástæða til að skjóta málinu til hæstarèttar, og er því búið að senda það dómsmálastjórninni til frekari framkvæmda, að því er snertir gjafsókn í málinu.

---

53. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni. 28. júní.

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast 21. þ. m. að veita prestaskólakandídat Hannesi Stephensen leyfi til að láta vígjast til prests, þótt hann sè ekki 25 ára að aldri.

1870. 28. júní. Um leið og þetta verður yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, mælist stjórnarráðið til, að þèr fáið fyrnefndum Hannesi Stephensen meðfylgjanda leyfisbrèf í hendur.

---

30. júní. **54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um breyting á dýrleika tveggja jarða.**

Með brèfi, dagsettu 11. febrúarm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað með álitsskjali hlutaðeiganda sýslumannns tvær bænarskrár, þar sem eigandinn að jörðunni Skógum í Mjóvafirði í Suðurmúlasýslu, Sveinn Sigurðarson, og eigandinn að hálfum Firði í Mjóvafirði, Ólafur Guðmundarson, sækja um, að þeim verði gefið nokkuð eptir af gjaldinu af jörðum þessum, af hinni fyrri $^3/_4$ partar og af hinni síðari $^1/_4$ partur, sökum þess, að tèðar jarðir hafa beðið tjón af skriðum, svo sem vottað er með hjálögðum skoðunargjörðum; jafnframt þessu hafið þèr og borið það upp við stjórnarráðið, að dýrleiki þessara jarða verði settur niður með nýju mati eptir því hlutfalli, sem fyr var getið.

Útaf þessu verður yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið hvorki hefir heimild til að gefa neitt eptir af gjaldinu, nè til að láta nýtt jarðarmat fram fara, eins og þèr hafið stungið uppá.

---

30. júní. **55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um afstöðu milli húsa á Akureyri.**

Með brèfi, dagsettu 26. febrúarm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá og fylgiskjöl, þar sem verzlunarfulltrúi kaupmanns L. Popps, Jóhannes Halldórsson á Akureyri, kvartar

undan, að byggingarnefndin í kaupstaðnum hafi neitað L. Popp um, að lengja vöruhús nokkurt um 11 álnir út yfir lóð eina, þar sem nú er timburhús eitt lítið, sem á að rífa, ef leyfið fæst, en þessu hefir byggingarnefndin neitað af því, að vöruhúsið, sem aðeins samkvæmt leyfi nefndarinnar fyrst um sinn má standa þar, sem það nú er reist, yrði svo nálægt næsta húsi, ef byggt væri við það, að einungis yrði 1 alin ámilli. Jafnframt þessu hafið þér borið það upp við stjórnarráðið, að þetta verði leyft, og hafið þér skýrskotað til, að eigi verði í þessu tilfelli farið eptir opnu brèfi 6. janúar 1857 [1] 5. gr. B, heldur eptir því, sem fyrir er mælt í sömu gr. C, í niðurlaginu, og í D, er þar sè ekki með berum orðum tekið fram, að þess eigi að gæta, sem fyrir skipað er í stafliðnum B um afstöðu milli nágrennishúsa. 1870. 30. júní.

Útaf þessu verður yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að eptir því, sem ástatt er, verður úrskurður byggingarnefndarinnar að standa óraskaður.

---

56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárveiting til póstferða. 30. júní.

Eptir að stjórnarráðið, samkvæmt tillögum yðar, herra stiptamtmaður, í brèfi, dags. 14. oktbrm. f. á., hafði hlutazt til um, að 348 rd. 21 sk., sem amtmaðurinn í vesturumdæminu og sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu höfðu borgað fyrirfram til póstferða á Íslandi um lok fjarhagsársins 1868—69, yrði teknir upp í frumvarp til aukafjárlaga fyrir fjárhagsárið 1869—70, er nú þetta fè veitt með lögum um aukafjárveiting fyrir fjárhagsárið frá 1. aprílm. 1869 til 31. marzm. 1870.

Um leið og þetta verður hèrmeð yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, skal þess getið, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum um þessa fjárveiting og að fèð megi greiða úr jarðabókarsjóðnum. Enn fremur skal því við bætt, að skýrt

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 157.

1870. 30. júní. er frá því í athugasemdunum við reikningsyfirlitið fyrir fjárhagsárið 1868—69, að útgjöld við póstferðir á Íslandi á þessu fjárhagsári hafi verið 103 rd. 80 sk. meiri en tekjurnar, samkvæmt reikningi landfógeta.

---

30. júní. **57. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um leyfi til að mega veita nafngreindum stúdenti brauð.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 27. þ. m. allramildilegast að fallast á, að stiptsyfirvöldin á Íslandi megi fá vald til að veita stúdenti Jóni Jónssyni úr Húnavatnssýslu eitthvert af þeim lökustu brauðum, sem nú eru laus á Íslandi, án þess að honum verði gefið fyrirheit um að fá betra brauð.

Þetta er yður hèrmeð til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til þess þèr kunngjörið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf.

---

30. júní. **58. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun handa málafærslumönnum við landsyfirrèttinn.**

Í brèfi, dagsettu 29. nóvbrm. f. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, getið þess, að það tímabil, sem tiltekið var í brèfi dómsmálastjórnarinnar 9. febrúar 1866[1] að borga mætti hinum settu málafærslumönnum við landsyfirrèttinn á Íslandi, Jóni Guðmundssyni og Páli Melsteð, laun þeirra, 250 rd. á ári handa hvorum um sig, úr dómsmálasjóði Íslands, væri á enda 31. desemberm. f. á., og hafið þèr lagt það til, að greiða megi þessi laun eptirleiðis sem áður úr dómsmálasjóðnum frá 1. janúarm. til 30. júním. þ. á., en að

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 300.

þá verði hlutazt til um, vegna þess að sjóðurinn missir þá mjög mikið af tekjum sínum, þegar sektir samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, sem koma í gildi 1. ágústm. þ. á., renna ekki framar í sjóðinn, og vegna þess, að ætlazt er til, samkvæmt frumvarpi til tilskipunar um byggingu hegningahúss og fangelsa á Íslandi, er lagt var fyrir alþing í fyrra, að hinn sami sjóður beri kostnað til að byggja hegningarhúsið: að launin handa málafærslumönnunum verði þaðan af borguð á annan hátt, sökum þess, að eigi verður áð launanna verið eða þau lækkuð, ef menn vilja vera vissir um að tveir málafærslumenn verði fastir við landsyfirrèttinn, svo sem álíta má mjög áríðanda. Í sambandi við þetta hafið þèr að endingu skýrt frá, að þèr í von um samþykki stjórnarráðsins ætlið framvegis að láta borga laun þessi úr dómsmálasjóðnum frá 1. janúarm. þ. á. og þangað til dómsmálastjórnin leggur úrskurð sinn á málið. 1870. 30. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið leyfir, að laun þessi verði borguð þeim fyrnefndu tveimur málafærslumönnum úr dómsmálasjóðnum þar til 31. júlím. þ. á., og að þar á eptir, frá 1. ágústm. og svo fyrst um sinn, megi borga hvorum þeirra úr tèðum sjóði 16 rd. 64 sk. á mánuði. Þar að auki eruð þèr beðinn að bera fram uppástungu yðar um, hvernig mætti borga nefndum tveimur málafærslumönnum laun þeirra á annan hátt, en að þau sè tekin af dómsmálasjóðnum, svo stjórnarráðið geti leitað álits næsta alþingis um málið.

---

59. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um verzlun á Geirseyri í Patreksfirði. 4. júlí.

Með brèfi, dagsettu 9. marzm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá nokkra, með álitsskjali hlutaðeiganda sýslumanns, þar sem bóndinn Markús Snæbjarnarson — ábúandi og eigandi jarðarinnar Geirseyrar, er liggur næst verzlunarstaðnum Patreksfirði (Vatneyri) í Barðastrandarsýslu, og þar sem einusinni,

1870. 4. júlí. samkvæmt brèfi innanríkisstjórnarinnar 15. desbr. 1852, voru reist verzlunarhús, og verzlað —, sækir um leyfi til að halda áfram þeirri verzlun, sem hann hefir hafið þar samkvæmt borgarabrèfi, er sýslumaðurinn hefir veitt honum, og hafið þèr jafnframt mælt með, að leyfi þetta fengist.

Útaf þessu verður yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið hefir ekki neitt því til mótmælis, að beiðandinn haldi áfram þeirri verzlun, sem hann hefir hafið á Geirseyri, meðan hann rekur þá verzlun sjálfur.

---

6. júlí. **60. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skipting á árgjöldum og leigum af vaxtarsjóði milli uppgjafapresta og prestsekkna.**

Eptir að þèr, háæruverðugi herra, höfðuð veitt sýnódus-fundi, sem haldinn var í Reykjavík í fyrra, og prestunum í Hóla biskupsdæmi hinu forna, færi á, að segja álit sitt um þá skoðun, er stjórnarráðið hafði látið í ljósi í brèfi sínu 31. maí þ. á.,[1] á þá leið, að samkvæmt þeim skilningi á 7. grein tilskipunar 15. desember 1865, sem hèðan af á að fara eptir, væri rèttast, að taka þann sjóð, sem safnað hafði verið af árgjöldum frá brauðunum í fyrnefndu Hóla biskupsdæmi, og var orðinn 687 rd. 59 sk. við árslokin eða 31. desembrm. 1868, og steypa honum saman við annan sjóð úr Skálholts biskupsdæmi, sem er 267 rd. 19 sk. og stendur á vöxtum, en þessum vöxtum er á ári hverju útbýtt á sýnódus-fundi meðal fátækra uppgjafapresta í Skálholts biskupsdæmi hinu forna; síðan skyldi vöxtum beggja sjóðanna verða útbýtt árlega á sýnódus-fundi eptir hinum sömu reglum og árgjöldunum er skipt, smbr. niðurlag 7. greinar tilskipunarinnar, meðal allra fátækra uppgjafapresta og prestsekkna á Íslandi, án tillits til þess hvar þeir eða þær eiga heima; hafið þèr í brèfi, dagsettu 21. marzm. þ. á., skýrt frá, að sýnódus-fundur hafi samþykkt þessa skoðun, en allir pró-

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 635.

fastar í Hóla stipti hinu forna mótmælt því, að sjóðunum verði steypt saman, er þeir sèr í lagi hafa farið fram á, að prestarnir í þessu stipti, sem eru færri og að mörgu leyti búa við lakari kjör, en prestastèttin í Skálholts stipti hinu forna, eigi einir rètt til vaxtanna af sjóði, sem safnað hefir verið eingöngu af Hóla stipti. 1870. 6. júlí.

Útaf þessu hafið þèr, háæruverðugi herra, getið þess, að yður virðist ekki prestastèttin í Hóla stipti hinu forna eiga nokkra rèttarkröfu til þess, að fá einsamlir styrk af sjóðnum, þareð fyrst var farið að safna í hann löngu síðar, en stiptaskipunin forna var tekin af og bæði biskupsdæmin sameinuð í eitt; segið þèr, að það megi verða skoðað sem ósamkvæmni í hinni andlegu stjórn landsins, að safnað var í sjóð handa hinu fyrra Hóla stipti einungis; hafið þèr því lagt það til, sem í sjálfu sèr rèttast, að þessum tveimur sjóðum verði steypt saman í einn.

Þareð stjórnarráðið verður að fallast á álit yðar í þessu máli, eruð þèr beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að hinum fyrnefndu tveimur sjóðum verði steypt saman í einn sjóð, og ef svo er, að þeir standa á vöxtum í jarðabókarsjóðnum, þá heldur að kaupa fyrir þá ríkisskuldabrèf með 4 af 100 í leigur; síðan skal skipta vöxtunum af allri upphæðinni í tvo hluti, og skal annar helmingurinn ætlaður uppgjafaprestunum, en hinn annar prestsekkjunum, eptir því sem sýnódus tiltekur, án tillits til þess, hvar þeir eða þær eiga heima.

---

61. Auglýsing um endurskoðað brauðamat á Íslandi. 8. júlí.

(á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 6. dag þ. m. allramildilegast að staðfesta hið endurskoðaða brauðamat á Íslandi, er hèr er prentað á eptir, og samið hefir verið árið 1868 samkvæmt tilskipun 15. desember 1865 1. grein, þannig að tèð brauðamat öðlist gildi 1. októberm. næstkomandi.

1870. 8. júlí. Þetta skal hèrmeð kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kirkju- og kennslustjórninni 8. dag júlím. 1870.

C. Hall.

Fr. Reinhardt.

Endurskoðað brauðamat á Íslandi,

samið árið 1868 samkvæmt tilskipun 15. desembermánaðar 1865 1. grein og allramildilegast staðfest með konungsúrskurði dagsettum 6. dag júlímánaðar 1870.

A.

Brauðin eptir prófastsdæmum.

Norðurmúla prófastsdæmi:

		rd.	sk.
1.	Skeggjastaðir	430.	12
2.	Hof í Vopnafirði	1545.	53
3.	Hofteigur	499.	67
4.	Kirkjubær í Tungu	722.	32
5.	Valþjófstaður	680.	89
6.	Ás í Fellum	371.	17
7.	Hjaltastaður og Eyðar	599.	9
8.	Desjarmýri	323.	17
9.	Klyppstaður	269.	1

Suðurmúla prófastsdæmi:

10.	Dvergasteinn	520.	39
11.	Vallanes	696.	55
12.	Hallormstaður	411.	47
13.	Þingmúli	340.	58
14.	Skorastaður	477.	64
15.	Hólmar í Reyðarfirði	1119.	
16.	Kolfreyjustaður	836.	93
17.	Stöð	217.	1
18.	Heydalir í Breiðdal	824.	4

1870. 8. júlí.

		rd.	sk.
19.	Berufjörður	441.	93
20.	Hof í Álptafirði	637.	33
	Austurskaptafells prófastsdæmi:		
21.	Stafafell í Lóni	524.	90
22.	Bjarnanes	353.	18
23.	Einholt	240.	27
24.	Kálfafellstaður	223.	16
25.	Sandfell	111.	89
	Vesturskaptafells prófastsdæmi:		
26.	Kálfafell á Síðu	118.	41
27.	Kirkjubæjar klaustur	463.	31
28.	Meðallands þing	234.	62
29.	Ásar	134.	84
30.	Þykkvabæjar klaustur	227.	20
31.	Reynis þing	323.	86
32.	Sólheima þing	302.	61
	Rangárvalla prófastsdæmi:		
33.	Eyvindarhólar	474.	22
34.	Holt undir Eyjafjöllum	771.	53
35.	Stóridalur	178.	21
36.	Fljótshlíðar þing	283.	39
37.	Breiðabólstaður í Fljótshlíð	1172.	90
38.	Landeyja (Kross) þing	549.	69
39.	Keldna þing	366.	50
40.	Oddi á Rangárvöllum	1103.	81
41.	Stóruvellir á Landi	355.	23
42.	Efriholta þing	376.	48
43.	Kálfholt	530.	89
44.	Vestmannaeyjar	809.	81
	Árness prófastsdæmi:		
45.	Stórinúpur	203.	44
46.	Hruni í Ytrahrepp	592.	56

1870.		rd.	sk.
8. júlí.	47. Hrepphólar	274.	72
	48. Ólafsvellir	282.	1
	49. Hraungerði í Flóa	606.	50
	50. Gaulverjabær í Flóa	569.	53
	51. Stokkseyri	813.	28
	52. Torfastaðir	423.	83
	53. Miðdalur	221.	70
	54. Mosfell í Grímsnesi	216.	37
	55. Klausturhólar	320.	76
	56. Þingvellir	324.	65
	57. Arnarbæli í Ölfusi	718.	83
	58. Selvogs þing	220.	16
	Gullbringu og Kjósar prófastsdæmi:		
	59. Staður í Grindavík	246.	60
	60. Útskálar í Garði	689.	89
	61. Kálfatjörn	596.	26
	62. Garðar á Alptanesi	1007.	86
	63. Reykjavík	1524.	77
	64. Mosfell í Mosfellssveit	361.	
	65. Kjalarnes þing	343.	51
	66. Reynivellir	314.	19
	Borgarfjarðar prófastsdæmi:		
	67. Saurbær á Hvalfjarðarströnd	414.	14
	68. Garðar á Akranesi	583.	48
	69. Melar í Melasveit	388.	23
	70. Hest þing	351.	62
	71. Lundur	258.	
	72. Reykholt	598.	7
	Mýra prófastsdæmi:		
	73. Gilsbakki	428.	83
	74. Hvammur í Norðurárdal	426.	81
	75. Stafholt	748.	69
	76. Borg	526.	11

		rd.	sk.	1870.
77.	Staðarhraun	252.	27	8. júlí.
78.	Hítardalur	1067.	56	
79.	Hítarness þing	531.	5	
	Snæfellsness prófastsdæmi:			
80.	Miklaholt	561.	33	
81.	Staðastaður	922.	67	
82.	Breiðavíkur þing	201.	76	
83.	Nes þing	399.	17	
84.	Setberg	493.	63	
85.	Helgafell	1090.	87	
86.	Breiðabólstaður á Skógarströnd	497.	20	
	Dala prófastsdæmi:			
87.	Miðdala þing og Kvennabrekka	698.	69	
88.	Hjarðarholt í Laxárdal	442.	62	
89.	Hvammur í Hvammssveit	626.	34	
90.	Skarðs þing	401.	58	
91.	Saurbæjar þing	292.	27	
	Barðastrandar prófastsdæmi:			
92.	Garpsdalur	211.	94	
93.	Staður á Reykjanesi	658.	60	
94.	Gufudalur	259.	39	
95.	Flatey	266.	6	
96.	Brjánslækur	312.	68	
97.	Sauðlauksdalur	400.	69	
98.	Selárdalur	621.	19	
99.	Otrardalur	148.	28	
	Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi:			
100.	Rafnseyri	250.	15	
101.	Álptamýri	228.	86	
102.	Sandar í Dýrafirði	242.	78	
103.	Dýrafjarðar þing	335.	24	

1870.			rd.	sk.
8. júli.	104.	Holt í Önundarfirði	549.	72
	105.	Staður í Súgandafirði	129.	57
		Norður-Ísafjarðar prófastsdæmi:		
	106.	Eyri við Skutulsfjörð	533.	20
	107.	Ögur þing	366.	5
	108.	Vatnsfjörður	815.	3
	109.	Kirkjubóls þing	231.	84
	110.	Staður á Snæfjallaströnd	175.	13
	111.	Staður í Grunnavík	249.	56
	112.	Staður í Aðalvík	224.	92
		Stranda prófastsdæmi:		
	113.	Árnes	405.	52
	114.	Staður í Steingrímsfirði	617.	86
	115.	Tröllatunga	266.	47
	116.	Prestbakki í Hrútafirði	401.	12
		Húnavatns prófastsdæmi:		
	117.	Staður í Hrútafirði	252.	6
	118.	Staðarbakki	544.	9
	119.	Melstaður	877.	2
	120.	Tjörn á Vatnsnesi og Vesturhópshólar	410.	19
	121.	Breiðabólstaður í Vesturhópi	756.	25
	122.	Þingeyra klaustur	488.	79
	123.	Undirfell	446.	61
	124.	Hjaltabakki	174.	38
	125.	Auðkúla í Svínadal	398.	63
	126.	Blöndudalshólar	342.	64
	127.	Bergstaðir	396.	51
	128.	Höskuldstaðir	598.	91
	129.	Hof á Skagaströnd	347.	19
		Skagafjarðar prófastsdæmi:		
	130.	Hvammur í Laxárdal	231.	18

		rd.	sk.	1870.
131.	Fagranes	250.	19	8. júlí.
132.	Reynistaðar klaustur	259.	64	
133.	Glaumbær	793.	31	
134.	Mælifell	517.	41	
135.	Goðdalir	323.	77	
136.	Miklibær í Blönduhlíð með Flugumýrar sókn	530.	29	
137.	Hólar í Hjaltadal með Hofstaða sókn	480.	48	
138.	Hofs þing á Höfðaströnd	411.	14	
139.	Fell í Slèttuhlíð	302.	94	
140.	Barð í Fljótum	518.	95	
141.	Knappstaðir	141.	10	
142.	Rípur	193.	14	
	Eyjafjarðar prófastsdæmi:			
143.	Hvanneyri	264.	43	
144.	Kvíabekkur	371.	69	
145.	Tjörn í Svarfaðardal og Upsir	569.	30	
146.	Vellir í Svarfaðardal	496.	7	
147.	Stærri-Árskógur	226	17	
148.	Möðruvalla klaustur	583.	56	
149.	Bægisá og Myrká	536.	76	
150.	Glæsibær	423.	47	
151.	Hrafnagil	922.	39	
152.	Grundar þing	336.	22	
153.	Mikligarður	254.	56	
154.	Saurbær í Eyjafirði	420.	60	
155.	Miðgarðar í Grímsey	145.	91	
	Suður-Þingeyjar prófastsdæmi:			
156.	Laufás	586.	28	
157.	Höfði	318.	57	
158.	Þönglabakki	185.	51	
159.	Háls í Fnjóskadal	437.	88	
160.	Þóroddstaður í Köldukinn	366.	83	
161.	Lundarbrekka	238.	68	

1870.			rd.	sk.
8. júlí.	162.	Mývatns þing	277.	38
	163.	Grenjaðarstaður	1043.	95[1]
	164.	Múli og Nes í Aðalreykjadal	645.	17
	165.	Helgastaðir	343.	10
	166.	Húsavík	297.	31
		Norður-Þingeyjar prófastsdæmi:		
	167.	Garður í Kelduhverfi	244.	20
	168.	Skinnastaðir í Axarfirði	329.	19
	169.	Presthólar	318.	20
	170.	Svalbarð í Þistilfirði	481.	23
	171.	Sauðanes	979.	18

B.

Brauðin eptir upphæð tekjanna.

1. Flokkur. Aðalbrauð.

1.		Hof í Vopnafirði	1545.	53
2.		Reykjavík	1524.	77
3.		Breiðabólstaður í Fljótshlíð	1172.	90
4.		Hólmar í Reyðarfirði	1119.	
5.		Oddi á Rangárvöllum	1103.	81
6.		Helgafell	1090.	87
7.		Hítardalur	1067.	56
8.		Grenjaðarstaður	1043.	95
9.		Garðar á Alptanesi	1007.	86
10.		Sauðanes	979.	18
11.		Staðastaður	922.	67
12.		Hrafnagil	922.	39
13.		Melstaður í Miðfirði	877.	2
14.		Kolfreyjustaður	836.	93
15.		Heydalir í Breiðdal	824.	4
16.		Vatnsfjörður	815.	3
17.		Stokkseyri	813.	28
18.		Vestmannaeyjar	809.	81
19.		Glaumbær	793.	31

[1]) Sjálf auglýsingin hefir hér «1045 rd. 95 sk.», en það er prentvilla.

1870. 8. júlí.

		rd	sk.
20.	Holt undir Eyjafjöllum	771.	53
21.	Breiðabólstaður í Vesturhópi	756.	25
22.	Stafholt	748.	69
23.	Kirkjubær í Tungu	722.	32
24.	Arnarbæli í Ölfusi	718.	83

2. Flokkur. Betri meðalbrauð.

1.	Miðdala þing og Kvennabrekka	698.	69
2.	Vallanes	696.	55
3.	Útskálar í Garði	689.	89
4.	Valþjófstaður	680.	89
5.	Staður á Reykjanesi	658.	60
6.	Múli og Nes í Aðalreykjadal	645.	17
7.	Hof í Álptafirði	637.	33
8.	Hvammur í Hvammsveit	626.	36
9.	Selárdalur	621.	19
10.	Staður í Steingrímsfirði	617.	86
11.	Hraungerði í Flóa	606.	50
12.	Hjaltastaður og Eyðar	599.	9
13.	Höskuldstaðir	598.	91
14.	Reykholt	598.	7
15.	Kálfatjörn	596.	26
16.	Hruni í Ytra hrepp	592.	56
17.	Laufás	586.	28
18.	Möðruvalla klaustur	583.	56
19.	Garðar á Akranesi	583.	48
20.	Gaulverjabær í Flóa	569.	53
21.	Tjörn í Svarfaðardal og Upsir	569.	30
22.	Miklaholt	561.	33
23.	Holt í Önundarfirði	549.	79
24.	Landeyja (Kross) þing	549.	69
25.	Staðarbakki	544.	9
26.	Bægisá og Myrká	536.	76
27.	Eyri við Skutilsfjörð	533.	20
28.	Hítarnes þing	531.	5
29.	Kálfholt	530.	89

1870.			rd.	sk.
8. júli.	30.	Miklibær í Blönduhlíð með Flugumýrar sókn	530.	29
	31.	Borg í Borgarfirði	526.	11
	32.	Stafafell í Lóni	524.	90
	33.	Dvergasteinn	520.	39
	34.	Barð í Fljótum	518.	95
	35.	Mælifell	517.	41

3. Flokkur. Lakari meðalbrauð.

	1.	Hofteigur	499.	67
	2.	Breiðabólstaður á Skógarströnd	497.	20
	3.	Vellir í Svarfaðardal	496.	7
	4.	Setberg	493.	63
	5.	Þingeyra klaustur	488.	79
	6.	Svalbarð í Þistilfirði	481.	23
	7.	Hólar í Hjaltadal með Hofstaðasókn	480.	48
	8.	Skorastaður	477.	64
	9.	Eyvindarhólar	474.	22
	10.	Kirkjubæjar klaustur	463.	31
	11.	Undirfell	446.	61
	12.	Hjarðarholt í Laxárdal	442.	62
	13.	Berufjörður	441.	93
	14.	Háls í Fnjóskadal	437.	88
	15.	Skeggjastaðir	430.	22
	16.	Gilsbakki	428.	83
	17.	Hvammur í Norðurárdal	426.	81
	18.	Torfastaðir	423.	83
	19.	Glæsibær	423.	47
	20.	Saurbær í Eyjafirði	420.	60
	21.	Saurbær á Hvalfjarðarströnd	414.	14
	22.	Hallormstaður	411.	47
	23.	Hofs þing á Höfðaströnd	411.	14
	24.	Tjörn á Vatnsnesi og Vesturhópshólar	410.	19
	25.	Árnes í Trèkyllisvík	405.	52
	26.	Skarðs þing	401.	58
	27.	Prestbakki í Hrútafirði	401.	12

		rd.	sk.	1870
28.	Sauðlauksdalur	400.	69	8. júlí.
29.	Nes þing	399.	17	
30.	Auðkúla í Svínadal	398.	63	
31.	Bergstaðir	396.	51	
32.	Melar í Melasveit	388.	23	
33.	Efri-Holta þing	376.	48	
34.	Kvíabekkur	371.	69	
35.	Ás í Fellum	371.	17	
36.	Þóroddstaður í Köldukinn	366.	83	
37.	Keldna þing	366.	50	
38.	Ögur þing	366.	5	
39.	Mosfell í Mosfellssveit	361.		
40.	Stóruvellir á Landi	355.	23	
41.	Bjarnanes	353.	18	
42.	Hest þing	351.	62	

4. Flokkur. Fátæk brauð.

1.	Hof á Skagaströnd	347.	19
2.	Kjalarnes þing	343.	51
3.	Helgastaðir	343.	10
4.	Blöndudalshólar	342.	64
5.	Þingmúli	340.	58
6.	Grundar þing	336.	22
7.	Dýrafjarðar (Mýra) þing	335.	24
8.	Skinnastaðir í Axarfirði	329.	19
9.	Þingvellir í Þingvallasveit	324.	65
10.	Reynis þing	323.	86
11.	Goðdalir	323.	77
12.	Desjarmýri	323.	17
13.	Klausturhólar	320.	76
14.	Höfði í Höfðahverfi	318.	57
15.	Presthólar á Sléttu	318.	20
16.	Reynivellir í Kjós	314.	19
17.	Brjánslækur á Barðaströnd	312.	68
18.	Fell í Sléttuhlíð	302.	94

1870.			rd.	sk.
8. júlí.	19.	Sólheima þing	302.	61
	20.	Húsavík á Tjörnesi	297.	31
	21.	Saurbæjar þing	292.	27
	22.	Fljótshlíðar þing	283.	39
	23.	Ólafsvellir á Skeiðum	282.	1
	24.	Mývatns þing	277.	38
	25.	Hrepphólar	274.	72
	26.	Klyppstaður	269.	1
	27.	Tröllatunga	266.	47
	28.	Flatey á Breiðafirði	266.	6
	29.	Hvanneyri í Siglufirði	264.	43
	30.	Reynistaðar klaustur	259.	64
	31.	Gufudalur	259.	39
	32.	Lundur	258.	
	33.	Mikligarður	254.	56
	34.	Staðarhraun	252.	27
	35.	Staður í Hrútafirði	252.	6
	36.	Fagranes	250.	19
	37.	Rafnseyri	250.	15
	38.	Staður í Grunnavík	249.	56
	39.	Staður í Grindavík	246.	60
	40.	Garður í Kelduhverfi	244.	20
	41.	Sandar í Dýrafirði	242.	78
	42.	Einholt	240.	27
	43.	Lundarbrekka	238.	68
	44.	Meðallands þing	234.	62
	45.	Kirkjubóls þing	231.	84
	46.	Hvammur í Laxárdal	231.	18
	47.	Álptamýri	228.	86
	48.	Þykkvabæjar klaustur	227.	20
	49.	Stærri-Árskógur	226.	17
	50.	Staður í Aðalvík	224.	92
	51.	Kálfafellstaður	223.	16
	52.	Miðdalur	221.	70
	53.	Selvogs þing	220.	16

		rd.	sk.	1870.
54.	Stöð í Stöðvarfirði	217.	1	8. júlí.
55.	Mosfell í Grímsnesi	216.	37	
56.	Garpsdalur	211.	94	
57.	Stóri-Núpur	203.	44	
58.	Breiðavíkur þing	201.	76	
59.	Rípur í Hegranesi	193.	14	
60.	Þönglabakki	185.	51	
61.	Stóridalur	178.	21	
62.	Staður á Snæfjallaströnd	175.	13	
63.	Hjaltabakki	174.	38	
64.	Otrardalur	148.	28	
65.	Miðgarðar í Grímsey	145.	91	
66.	Knappstaðir í Stíflu	141.	10	
67.	Ásar í Skaptártungu	134.	84	
68.	Staður í Súgandafirði	129.	57	
69.	Kálfafell á Síðu	118.	41	
70.	Sandfell í Öræfum	111.	89	

---

62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lestagjald af saltfarmi, og um leiðarbrèf. 9. júlí.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað bænarskrá, þar sem bæjarfógetinn í Reykjavík sækir um, að það megi leyfast Oddi Gíslasyni í Reykjavík að afferma 50 tunnur af salti úr frakknesku fiskiskipi „*Victorine*", sem lá þar á höfninni, án þess að leiðarbrèf sè tekið handa skipi þessu, eða þá að minnsta kosti að leyfið fáist með því móti, að borgað verði lestagjald einungis af því lestarúmi, sem þessi saltfarmur var í, hafið þèr í brèfi, dagsettu 29. aprílm. þ. á. skýrt frá, að vegna þess salt vantaði þá með öllu í Reykjavík og kaupstöðunum þar í kring, þá hafi yður virzt svo, sem yður bæri að veita þetta, þegar svo stæði á, að skipið væri ekki komið til Reykjavíkur í þeim tilgangi að verzla

1870. 9. júlí. þar, og að kaupandi ætlaði ekki að hafa saltið til verzlunar, og þykist þèr hafa heimild til þessa af því, sem líkt er fyrir mælt í lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854 2. gr. í niðurlaginu. Um leið og þèr leitið samþykkis stjórnarráðsins til þessarar ráðstöfunar, hafið þèr þar að auki skotið því til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort gefa megi upp allt lestagjaldið, eða hvort kaupandinn skuli greiða gjald af því lestarúmi, sem saltið var í, en þetta gjald verður 4 rd. 48 sk.

Útaf þessu hefir stjórnarráðið skrifazt á við fjárhagsstjórnina, og gefst yður til vitundar, að þó eigi sè nein heimild fyrir ráðstöfun yðar í því lagaboði, sem þèr hafið skýrskotað til og sem er sèrstök undantekning, virðist stjórnarráðinu vera ástæða til, eptir því sem atvikazt hefir, að fallast á hana þannig, að ekkert lestagjald verði goldið af skipi því, sem hèr var um getið.

---

9. júlí. **63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um brot gegn verzlunarlögunum.**

Utanríkisstjórnin hefir skýrt frá, að formaðurinn á hinu norska skonnortuskipi „*Mercantil*", að stærð 26 norskar lestir, eða 29½ dönsk lest, sem er jafnt 54,05 registertons, *L. Reinertsen*, hafi samkvæmt skýrslu frá hinum danska verzlunarfulltrúa í Björgvin siglt þaðan í öndverðum júním. þ. á. til Reykjavíkur með farm af möluðu og ómöluðu korni og öðrum varningi, án þess að hafa leitað til verzlunarfulltrúans, til þess að fá staðfestingu hans, samkvæmt lögunum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854, 8. grein, ritaða á heilbrigðisskrána og heilbrigðisskýrteinið.

Um leið og þetta gefst yður til vitundar, svo þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, mælumst vèr til þess samkvæmt beiðni utanríkisstjórnarinnar, að þèr, herra stiptamtmaður, hlutist til um, að gjald það, sem skipstjóri á að greiða verzlunarfulltrúanum samkvæmt 8. gr. tèðra laga og erindisbrèfi hinna dönsku verzlunarfulltrúa í útlöndum, 24. marz 1868, 46. gr., verði heimtað að honum, og svo sent hingað.

---

64. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kennslu á yfirsetukvennaskólanum. 1870. 9. júlí.

Í brèfi, dagsettu 2. maím. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, samkvæmt beiðni konunnar Ólafar Hjálmarsdóttur, — af því, að þèr álítið það mjög æskilegt, að konu úr vesturumdæminu verði sem fyrst kennt yfirsetufræði á yfirsetukvennaskóla hinnar konunglegu fæðingarstofnunar í Kaupmannahöfn, — farið þess á leit, að tèð Ólöf Hjálmarsdóttir komist að á skólanum kauplaust, annaðhvort á þessu ári, ef einhver þeirra kvenna, sem fengið hafa skóla 1870, hefði sagt til forfalla, eða, ef svo ekki væri, þá á næsta ári.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við stjórnina yfir fæðingarstofnuninni, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að Ólöf Hjálmarsdóttir getur ekki komizt að kauplaust á þessu ári, þareð hvorug þeirra tveggja kvenna, sem þegar hafa fengið loforð, hafa enn sem komið er sagt til forfalla, og það er því óvíst, hvort þær komi eða ekki, en aptur á móti má hún búast við að fá skóla ókeypis á næsta ári. Ef þèr getið fengið vistneskju um það frá norður- og austur-amtinu, að önnurhvor hinna, Kristín Sigurðardóttir á Íngjaldstöðum eða Kristín Guðný Sigurðardóttir á Stóruvöllum komi ekki, þá er samt ekkert því til fyrirstöðu, að Ólöf Hjálmarsdóttir nú á þessu ári komist að kauplaust á yfirsetukvennaskólanum, en þar byrjar nýtt kennslu-ár 1. septbrm. næstkomanda.

---

65. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um póstferð frá Akureyri til Reykjavíkur í ágústmánuði. 9. júlí.

Í brèfi 20. maím. þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að vegna þeirrar breytingar, sem gjörð hefir verið á ferða-áætlun póstgufuskipsins á þessu ári, hefðið þèr í hyggju að senda umboðs- og sýslureikninga frá norður- og austurumdæminu með þeim

1870. 9. júlí. norðanpósti, sem átti að leggja af stað frá Akureyri til Reykjavíkur í miðjum fyrra mánuði, og hafið þèr jafnframt leitað samþykkis stjórnarráðsins til þess, að senda mætti póst frá Norðurlandi til Reykjavíkur seinast í næsta mánuði, til þess að ná í fimtu póstskipsferð, og farið fram á, að greiða mætti kostnaðinn til þessa, hèrumbil 60 rd., úr jarðabókarsjóðnum.

Útaf þessu er yður það til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að ekkert er því til fyrirstöðu frá hálfu stjórnarráðsins, að þèr látið fara þessa póstferð, og verðum vèr, að því er kostnaðinn snertir, að vísa til brèfs stjórnarráðsins 23. f. m.

---

9. júlí. **66. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skuldir andaðs umboðsmanns til ríkissjóðsins.**

Samkvæmt tilhlutun stjórnarráðsins hafið þèr, herra amtmaður, í brèfi 2. febrúar þ. á. skýrt frá, að í von um samþykki stjórnarráðsins hafið þèr skipt niður umboðslaununum af Möðruvalla klaustri á fardaga-árunum $18^{67}/_{68}$ og $18^{68}/_{69}$ þannig, að annar helmingur umboðslaunanna af landskuld og leigum á árinu 1868 sè veittur Sveini heitnum Þórarinssyni og ekkju hans, en hinn helmingurinn Jóni Gunnlaugssyni, sem var settur umboðsmaður fyrst um sinu, og að umboðslaununum af landskuld til fardaga 1869 sè skipt jafnt milli Jóns Gunnlaugssonar og umboðsmanns Þorsteins Daníelssonar.

Um leið og þèr, herra amtmaður, þarnæst getið þess, að þèr samkvæmt sáttagjörð og fjárnámi hafið hlutazt til um, að jarðir þær, sem Sveinn heitinn Þórarinsson hafði veðsett til tryggingar fyrir gjaldheimtum þeim, er hann hafði á hendi fyrir ríkissjóðinn, að undan teknum 10 hundruðum í Eyrarlandi, sem bóndinn Kristinn heitinn Thorarensen fyrrum átti, verði seldar við opinbert uppboð 31. marzm. þ. á. til að borga með því skuldir tèðs Sveins Þórarinssonar til ríkissjóðsins, hafið þèr sent hingað með álitsskjali sýslumanns bænarskrá, þar sem bóndi *P. Chr. Petræus*, sem er giptur ekkju hins

fyrra eiganda jarðarinnar, sækir um, að dómsmálastjórnin, þó hann hafi sætzt á það, að nefnd skuld til ríkissjóðsins verði borguð af þeim 10 hundr. í jörðunni, sem veðsett voru, sleppi þessum veðrètti sínum, eða þá, hvernig sem svo fer, að með dómi verði skorið úr því, hvort eigi að selja jörðina. Þar sem sýslumaður í álitsskjali sínu fer fram á, sumpart að veðið, sem sagt var upp 26. maí 1867, aðeins geti verið til tryggingar þeim skuldum Sveins Þórarinssonar, sem uppá voru komnar til þessa dags, sumpart að sættir þær, sem sækjandi hefir gengið að, sè ógildar, er hann hafði ekki neina heimild frá skiptarèttinum í dánarbúi Kristins Thorarensens til að sættast á það fyrir hönd búsins, að veðið yrði selt, hafið þèr, herra amtmaður, látið í ljós, að með því að veðsetning fram fór með þeim skilmálum, að segja mætti upp veðinu með árs fresti, þá fylgi það af sjálfu sèr, að veðið nái til allra þeirra skulda, sem uppá eru komnar þangaðtil ár er liðið frá þeim degi, er veðinu var sagt upp, það er að segja í þessu tilfelli til 26. maí 1868, en aptur á móti segist þèr ekki geta skorið úr því, hvort sáttagjörðin sè gild. 1870. 9. júlí.

Útaf þessu gefst yður hèrmeð til vitundar, að eptir því, sem atvikazt hefir, hefir stjórnarráðið ekkert ámóti skiptingu yðar á umboðslaununum af Möðruvalla klaustri á fardaga-árunum $18^{67}/_{68}$ og $18^{68}/_{69}$. En að því er snertir spurninguna um, hvernig eigi að fara með jörðina Eyrarland, sem að nokkrum hluta er seld ríkissjóðnum að veði, gefst yður ennfremur til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórninni finnst ekki nein ástæða til að gefa gaum að bænarskrá Petræusar bónda, og skal þess þvínæst getið, að það er sjálfsagt, samkvæmt því sem komið er þessu máli, að hlutaðeigandi embættismaður, sem er skuld í því, að manni hefir verið stefnt til sáttafundar í þessu máli, sem að sögn hefir verið þar óviðriðinn, verður að ábyrgjast allan þann skaða, sem ríkissjóðurinn getur haft af þessu, og leggur stjórnarráðið það fyrir yður, uppá eigin ábyrgð og þeirra embættismanna eða embættisþjóna, sem þèr kynnuð að setja til þess að reka málið, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, eptir því sem málavextir nú eru, til þess að ríkissjóðurinn nái skuld sinni úr jörðunni, sem veðsett er, þareð skýrslum þeim, sem stjórnarráðið

1870. 9. júlí. hefir fengið, er svo ábóta vant í mörgu og einkum í því, að þar sèst ekki, hver sè rèttur eigandi að jörð þeirri, sem hèr hefir verið getið um, svo að vèr sjáum oss ekki fært að tiltaka nákvæmlegar, hvernig eigi að fara með málið til þess að ná skuldinni.

---

9. júlí. **67. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um hallæri í nokkrum hreppum í Þingeyjarsýslu.**

Með brèfi, dagsettu 10. f. m., hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað sex bænarskrár, þar sem búendur í Sauðaness, Svalbarðs, Presthóla, Kelduness, Húsavíkur og Helgastaða hreppum í Þingeyjarsýslu sækja um, að þeim verði veitt hlutdeild í þeim gjöfum, sem nefnd nokkur, er sett var til að afstýra hallæri á Íslandi, safnaði saman, eða þá að öðrum kosti að þeim verði veittur styrkur á annan hátt, til þess að komast hjá hættu fyrir hallæri að vetri komandi, og jafnframt þessu hafið þèr, um leið og þèr í almennum orðatiltækjum og án þess að nokkurt álitsskjal frá sýslumanninum fylgi með, vitnið að það sè satt, sem sagt er í bænarskránum, farið fram á, að ráðstafanir verði gjörðar til þess að útvega matvörur að hausti bæði handa hreppum þeim, sem nefndir voru, og ef til vill handa nokkrum öðrum sveitum, til þess að þær geti komizt hjá hallæri að vetri komandi.

Stjórnarráðið þykist mega í þessu efni gjöra ráð fyrir, að þèr samkvæmt brèfi 3. septbr. f. á.[1] hafið sagt hlutaðeigendum til um það, að þeir geti ekki búizt við neinni hlutdeild í þeim hinum nefndu gjöfum, þareð öllu því er fyrir löngu ráðstafað, sem safnað var, og ef þèr hafið ekki tilkynnt þetta áður, verður að mælast til þess, að þèr þá nú birtið þeim það sem með þarf í þessu efni. En þar að auki skal þess getið, að svo ónógar skýrslur eru sendar með þessu máli, að stjórnarráðið hefir ekki með neinu móti getað gjört sèr hugmynd um, hvernig málinu í raun rèttri sè varið.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 817.

Þareð nú enn fremur má álíta, eptir þeim skýrslum, sem fengizt hafa síðar, að ástandið sè allt öðruvísi nú, en það var þá, er fyrnefnd bænarskjöl voru send stjórnarráðinu í marz og aprílm., finnur stjórnarráðið að svo komnu enga ástæðu til að gjöra neinar ráðstafanir útaf þessu, en verður aptur á móti að vísa yður til að taka þau ráð, sem í brèfi stjórnarráðsins 25. ágúst f. á.[1] eru fyrir lögð til að afstýra hallæri, ef á þarf að halda. Ef ástandið samt sem áður þykir vera svo ískyggilegt, að þörf sè á að grípa til sèrlegra ráðstafana, eruð þèr beðinn að senda hingað áreiðanlegar og nákvæmar skýrslur um ástandið, ekki aðeins í þeim hreppum, sem fyr voru nefndir, heldur og í allri sýslunni, og þarmeð álitsskjal sýslumannsins. 1870. 9. júlí.

---

68. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um aðkaupsgjald af skipi. 9. júlí.

Í sambandi við brèf stjórnarráðsins 23. f. m. gefst yður til vitundar, herra amtmaður, að aðalskattastjórnin hefir svarað spurningu yðar um, hvernig reikna eigi aðkaupsgjald af hinu frakkneska fiskiskipi *Emilíu D. 53* frá *Dunkerque*, á þá leið, að þareð skipið að lögum er dæmt óhaffært og selt við opinbert uppboð, er það rètt, að aðkaupsgjald sè goldið samkvæmt tilskipun 1. maí 1838, 50. gr., því þótt svo geti verið, að menn sè ekki á eitt sáttir um, hvernig skipið var til reika, þá er búið var að koma því inn á Siglufjörð, virðist eigi að síður hitt atriðið svo mikils vert, að ekki sè næg heimild til að leiða hjá sèr að gæta þess við úrskurð þessa máls, eptir því sem fram er komið, og það er, að skipið var dæmt óhaffært og selt sem óhaffært.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 814.

1870. 9. júlí. **69. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk handa stiptsbókasafninu.**

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, með brèfi, dagsettu 23. marzm. þ. á., hafið sent hingað bænarskrá, þar sem stjórn stiptsbókasafnsins í Reykjavík sækir um 500 rd. styrk til að stækka húsrúm safnsins og búa til skrá yfir bækur þess, hafið þèr getið þess, að með því að safnið hafi stækkað svo mjög á hinum síðustu 20 árum, að það sè nú komið upp í hèrumbil 15,000 bindi úr hèrumbil 6000 bindum, þá sè þörf á sumpart að stækka rúm það á dómkirkjuloptinu, sem safnið hefir hingað til verið geymt í, og búa til útlánsherbergi handa bókaverði, en til þessa mundi þurfa 200—220 rd., sumpart að samin verði skrá yfir bækur þær, sem til fengnar eru síðan 1851, er síðasta bókaskráin var tilbúin, og þessi skrá svo prentuð, en til þessa mundi ganga 500—600 rd., það er segja 250—300 rd. í þóknun fyrir að taka saman skrána, og jafnmikið til prentunar-kostnaðar. Þareð allar árstekjur safnsins ganga í þau útgjöld, sem venjulega koma uppá, af því það er fyrir skipað í stofnunarbrèfi safnsins, að annaðhvort ár eigi að kaupa konunglegt skuldabrèf með 4 rd. vöxtum af 100, til þess að auka hinn fasta sjóð safnsins, hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, mælt fram með, að þessi 500 rd. styrkur til að stækka húsnæði safnsins og búa til bókaskrá verði tekinn af því fè, sem með fjárhagslögunum er veitt til óvissra útgjalda, og honum skipt uppá tvö ár, þannig, að 350 rd. verði veittir á þessu fjárhagsári, en það er svo mikið, sem mundi nægja til að stækka húsakynni safnsins og greiða helming af laununum fyrir að semja bókaskrána; hinn helmingurinn af laununum, 150 rd., verður þá borgaður á fjárhagsárinu 1871—72, allt með þeim skilmála, að verkinu verði lokið á árunum 1870 og 1871. En hvað snertir kostnaðinn við prentun bókaskrárinnar hafið þèr farið þess á leit, að leyft verði að leiða hjá sèr boð stofnunarbrèfsins, það er fyr var getið, um árin 1870—1874, og verja fè því, sem með þessu móti safnast, til prentunarkostnaðar. Að endingu hafið þèr mælt fram með því, að gefa

stiptsbókasafninu fjóra bókaskápa, sem heyra til bókasafni lærða skólans, en eigi þarf á að halda, síðan þetta bókasafn var flutt. 1870. 9. júlí.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið hefir veitt 500 rd. styrk til að stækka húsrúm stiptsbókasafnsins, og til þess að samin verði skrá yfir bækur safnsins. Fè þetta megið þèr taka úr jarðabókarsjóðnum, og skal því varið á þann hátt, sem þèr hafið stungið uppá, það er að segja: 200 rd. á þessu fjárhagsári til að stækka húsrúm safnsins og 150 rd. til launa fyrir að semja bókaskrána; en á næsta fjárhagsári má taka út það, sem eptir er af launanum fyrir þetta verk, en það er 150 rd. Þess skal enn getið, að stjórnarráðið mun reyna að fá konungs leyfi fyrir, að verja megi 200 rd. af tekjum stiptsbókasafnsins á árunum 1870—1874 til að borga prentunar-kostnaðinn, í stað þess að keypt verði skuldabrèf fyrir þá; og að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir ekki neitt á móti, að bókaskáparnir sè gefnir stiptsbókasafninu.

---

70. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á afgjaldi af nokkrum jörðum Kirkjubæjar klausturs. 9. júlí.

Með brèfi, dagsettu 22. oktobrm. f. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skoðunargjörð um það tjón, sem jarðir Kirkjubæjar klausturs, Hátún, Dalbær, Uppsalir og Fagurhlíð, hafa beðið af sandfoki um veturinn 1868—69, og mælt fram með því, samkvæmt uppástungu hlutaðeiganda umboðsmanns, að landsetum á þessum jörðum verði um tvö næstu ár veitt sú lækkun á afgjaldinu af jörðunum, sem hèr skal getið:

1. landsetanum Hreiðari á Hátúni . . . . 15 áln.
2. — Sigurði í Dalbæ . . . . 20 -
3. — Jóni á Uppsölum . . . . 10 -
4. — Ólafi í Fagurhlíð . . . . 13 -,

er hver alin af öðrum helmingnum talin 8 sk. virði, en af hinum

1870. 9. júlí. er hvert álnarvirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg, og er svo ráð fyrir gjört, að ný skoðunargjörð á jörðum þessum skuli fara fram að tveim árum liðnum, og þar eptir skuli ákveðið, hvort þessi linun eigi þá að haldast við eptirleiðis eða falla niður.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið leyfir eptir atvikum, að hinum nefndu landsetum verði veitt sú lækkun á afgjaldinu um tvö ár, sem þèr hafið stungið uppá, en þaðan af verða þeir að gjalda í leigur og landskuld það, sem tiltekið er í byggingarbrèfum þeirra.

---

9. júlí. **71. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um linun í eptirgjaldi af klausturjörðunni Klauf.**

Í brèfi 28. febr. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að yður hafi borizt bænarskrá frá ábúandanum á jörðinni Klauf, sem heyrir undir umboð Þykkvabæjarklausturs, Runólfi Sveinssyni. Samkvæmt úrskurðum stjórnarráðsins, dags. 19. ágústm. 1861 [1] og 17. ágústm. 1865, var honum um stundar sakir veitt sú linun í afgjaldi því, er hann á að greiða af jörðunni, að honum leyfðist að borga afgjaldið eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskránni, í stað þess að greiða það eptir meðalverði á ull, smjöri og tólg; en nú hefir hann sókt um, að þessi linun, sem nú er á enda, megi haldast við enn um fimm hin næstu ár frá fardögum 1870, þareð ábúðarjörð hans á hverju ári eyðist meir og meir af sandfoki og vatnsflóði, og hafið þèr stungið uppá, samkvæmt meðmælingum hlutaðeiganda umboðsmanns, að þessi bæn veitist sækjanda.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og

---

1) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 502.

til þess þèr auglýsið það, að dómsmálastjórnin fellst á uppá- 1870.
stungu yðar. 9. júlí.

---

72. Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar til allra pró- 9. júlí.
fasta á Íslandi, um almenna fólkstölu.

Samkvæmt því, sem ríkisfræðisdeildin hefir skýrt frá, var allt fólk í konungsríkinu Danmörku talið á ný 1. febrm. þ. á.; en með því þessi dagur þótti miður vel fallinn á Íslandi og í hinum öðrum norðlægu löndum Danakonungs, eptir því, sem þar hagar til, er 1. dagur oktbrm., sem næst fer í hönd, tekinn til þess, að þá skuli fara fram manntal eptir sóknum á öllu Íslandi. Þessu skal haga á þann hátt, að sèrhver sóknarprestur láti hlutaðeiganda hreppstjóra, eða einhvern annan mann í sókninni, sem til þess sè fær, telja upp allt fólk í sókninni og rita það á eyðublöð, sem til þess eru ætluð, og skal þar jafnframt tilgreind tala heimilanna, nafn manna, aldur og stètt o. s. fr., en síðan skal sóknarpresturinn, eptir manntalsskrám þeim, sem fengizt hafa með þessu móti, búa til aðaltöflur á önnur eyðublöð, sem einnig eru til þessa ætluð; skal þar rita í það, sem kemur út úr manntalsskránum, og senda þar á eptir hvorttveggja hlutaðeiganda prófasti, er aptur á að senda það beina leið hinni íslenzku stjórnardeild, ásamt manntalsskrám og aðaltöflum úr sinni eigin sókn. Ef svo kynni að fara, að manntal geti ekki fram farið á þeim degi, sem ákveðinn er að framan, í yðar prófastsdæmi, sökum þess, hvernig þar hagar til, og verði því að halda manntal síðar, þykir það samt rèttast, að manntalinu að svo miklu leyti, sem unnt er, verði hagað eptir því, sem ástatt er 1. oktbrm. þ. á., svo að manntalið sýni, hve mart fólk í raun og veru sè á Íslandi nefndan dag.

Stjórnardeildin sendir yður nú, herra prófastur, með brèfi þessu nokkur exemplör af reglum um fólkstölu, skýrsluform og eyðublöð, sem prentuð eru á íslenzku, og er það allt í flestum atriðum samkvæmt því, sem farið var eptir, þá er manntal fór fram 1860; en skjöl þessi eru þau, er nú skal greina:

1. Reglur fyrir því, hvernig semja skuli manntalsskrárnar.

1870. 9. júlí.

2. Skýrsluform til manntalsskránna.
3. Skýrsla um fólkstal.
4. Eyðublöð til aðaltaflanna, er prestar eiga að semja yfir fólksfjölda í hverri sókn, og þar við bætt reglum um það, hvernig semja skuli töflur þessar.

Þèr eruð beðnir að úthluta skjölum þessum meðal prestanna í yðar prófastsdæmi, eptir því sem með þarf í hverri sókn, og hafa gætur á, að manntalið hafi góðan framgang í prófastsdæminu, og að farið verði eptir reglum þeim, sem settar eru um þetta efni og um er getið að framan, einnig að svara fyrirspurnum þeim, er prestar kynni að gjöra um rèttan skilning á reglunum; eruð þèr og beðnir, að láta yður einkar annt um, að manntalsskrárnar og aðaltöflurnar frá öllum sóknum í yðar prófastsdæmi komist hingað með fyrstu póstskipsferð frá Íslandi næsta ár.

---

19. júlí. **73. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um skiptingu á sýslum í vesturamtinu.**

Fjárhagsstjórninni mun kunnugt vera, að Snæfellsnessýsla í vesturumdæmi Íslands varð laus 12. septbrm. 1868, þá er Borgarfjarðarsýsla var veitt sýslumanni *Böving*. Þessu embætti hefir verið slegið upp og sýslan staðið laus síðan, en með því enginn hefir sókt um hana, er engin útsjón til, að nokkur hæfur maður fáist til að taka hana, nema því að eins, að hlutast verði til um, að bættar verði tekjur þær, sem embættinu fylgja nú, og má álíta, að þær sè hèrumbil 450 rd. á ári. Þareð sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu, Gunnlaugur Blöndal, einsog fjárstjórninni einnig er kunnugt, hefir sókt um lausn, mun þetta embætti sömuleiðis losna, en með því tekjur þess eru enn minni en tekjurnar af Snæfellsnessýslu, það er að segja aðeins hèrumbil 400 rd. á ári hverju, eru jafn litlar vonir um, að nokkur vili taka þessa sýslu. Útaf þessu lagði dómsmálastjórnin það þegar 15. aprílm. f. á. fyrir amtmanninn í vesturumdæminu, að íhuga, hvort ekki mætti, með því að breyta lögsagnarumdæmum, sem ná saman, bæta svo tekjur

Snæfellsnessýslu og Barðastrandarsýslu, ef hún losnaði, að búast mætti við, að hæfir menn sækti um þessi embætti. 1870. 19. júlí.

Amtmaðurinn í vesturumdæminu stakk þá uppá því, að Hnappadalssýsla, sem hingað til hefir verið sameinuð Mýrasýslu í sama lögsagnarumdæmi, og er nú einnig laus, yrði lögð saman við Snæfellsnessýslu, þannig að afgjaldið, sem af Mýra og Hnappadalssýslu, báðum til samans, er 100 rd., yrði látið vera 80 rd. af Mýrasýslu einni, og af Snæfellsnes- og Hnappadalssýslum sameinuðum 40 rd., sem nú er goldið af Snæfellsnessýslu einni, eða til vara 60 rd., og að lögþingisskrifara- og lögrèttumanns-launin, sem ganga í dómsmálasjóð Íslands, verði fært niður um 1 rd. 66 sk. og 1 rd. 48 sk. fyrir Mýrasýslu, en upp um jafnmikið fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sameinaðar. Með þessu móti mundu tekjur sýslumanns í Mýrasýslu ganga niður í hèrumbil 900 rd., en verða hèrumbil 700 rd. eða 660 rd. í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, eptir því hvort sýsluafgjaldið yrði látið vera 40 rd. eða 60 rd. Ennfremur hefir amtmaðurinn getið þess, að enn mætti hækka tekjur sýslumanns í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um hèrumbil 400 rd. á ári, ef sýslumaður fengi Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð, þá er þau losna. Um Barðastrandarsýslu gat amtmaður þess, að fyrir þá sök, sem tekjurnar af þessari sýslu sè rýrar, mundi varla vera annar vegur, en að skipta sýslunni milli Dalasýslu og Ísafjarðarsýslu, og hefir hann, eptir að búið var að leysa sýslumanninn í Barðastrandarsýslu frá embættinu, sókt um og fengið leyfi dómsmálastjórnarinnar til að skipta sýslunni til bráðabirgða, þannig, að sýslumaðurinn í Dalasýslu er nú settur yfir fimm hina syðri hreppana í Barðastrandarsýslu, en sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu yfir fimm hina nyrðri. Áður en endilegur úrskurður væri lagður á málið, bæði um skiptingu Barðastrandarsýslu og um breytingu á lögsagnarumdæmum Snæfellsnes- og Mýra- og Hnappadalssýslu, virtist dómsmálastjórninni rèttast, að leggja fyrir alþing til álita uppástungur amtmannsins í vesturamtinu, um leið og þess var getið, að ekki gæti verið um það að ræða, eins og nú stendur á, að utvega launabót af ríkissjóðnum handa hvorju þessara embætta sem væri. [1]

[1]) Sjá Tíðindi frá Alþingi Íslendinga 1869 I., 103, og II., 124—128.

1870. 19. júlí. Í álitsskjali[1] sínu mælti alþingi ámóti báðum uppástungunum; gat alþing þess um skiptingu Barðastrandarsýslu milli Ísafjarðar og Dalasýslu, að vegalengd og erfiðleikar veganna mundu gjöra skiptinguna mjög óhæga bæði fyrir embættismanninn og íbúa sýslunnar, og þá einkum að því er snertir þann hluta Barðastrandarsýslu, er ætti að leggjast til Ísafjarðarsýslu, en um það, að taka Hnappadalssýslu frá Mýrasýslu og sameina hana við Snæfellsnessýslu, virtist alþingi, að sú viðbót við tekjur sýslumannsins í Snæfellsnessýslu, er fengist með þessu móti, mundi ekki jafnast að tiltölu við annir hans, og ganga til kostnaðarins, sem við bættist fyrir það að sýslan stækkar. Þingið sá því ekki önnur úrræði, en að stinga uppá, að til sýslumannsembættanna í Barðastrandarsýslu og Snæfellsnessýslu yrði lögð föst árleg tillög úr ríkissjóði, að upphæð 300 rd. handa hvoru, en til vara lagði alþing það til, að Stykkishólmi yrði veitt kaupstaðarrèttindi, og sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu settur þar sem bæjarfógeti með 200 rd. launum, er gjalda skyldi úr ríkissjóði. Konungsfulltrúi sýndi fram á það í áliti sínu, að ekki ætti vel við, að hleypa upp nýjum kaupstað aðeins til þess að útvega þeim, sem þar yrði bæjarfógeti, laun úr ríkissjóðnum, er að öðru leyti væri engin ástæða til þess, en ekki þótti honum þörf á að láta uppi álit sitt um aðaluppástungu þingsins, þar sem dómsmálastjórnin hafði tekið það fram með berum orðum, að það væri ekki hægt, að útvega nokkra launaviðbót handa þessum embættum úr ríkissjóðnum. Aptur á móti drap konungsfulltrúi á, að það hefði komið til umræðu á alþingi, en verið aptur sleppt, að skipta Dalasýslu milli Barðastrandar og Snæfellsnessýslu til þess að bæta þær, og hèlt hann, að sýslumaðurinn, sem nú er í Dalasýslu, væri fáanlegur til að taka við þeirri nýju sýslu, sem þannig yrði búin til úr Snæfellsnessýslu og suðurhluta Dalasýslu, og ef svo væri, að hann með þessu móti misti nokkuð af tekjum þeim, er hann nú hefir, mætti setja hann um leið sem sýslumann í Hnappadalssýslu þangað til honum yrði veitt umboð þau, sem getið var. Konungsfulltrúi stakk uppá, að leita álits hlutaðeiganda

[1]) Tíðindi frá alþingi Íslendinga 1869 I., 125, 401—422, 702—715, og 734; II., 230—234, 288—290, og 302—305.

1870.
19. júlí.

amtmanns um þetta, og að auki gefa honum færi á, að segja álit sitt um það, hvort ekki mætti um leið reyna að bæta tekjur sýslumannsins í Strandasýslu með skiptingunni á Dalasýslu.

Eptir þetta leitaði dómsmálastjórnin álits amtmannsins í vesturumdæminu, en hann ræður frá því í álitsskjali sínu, að skipta Dalasýslu, bæði af því, að sýslumaðurinn í Dalasýslu sè ekki fús á að ganga að því, sem konungsfulltrúi hafi stungið uppá, og af því, að ef nokkur hluti Dalasýslu yrði sameinaður við Snæfellsnessýslu, þá yrði það svo örðugt embætti, að varla mundi hægt að gegna því. Apturámóti stendur amtmaður fastur á fyrstu uppástungu sinni, um að sameina Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og er aðeins í nokkrum efa um, hvort tekjurnar muni vera nógar til þess að geta verið viss um, að fá mann í embættið; heldur hann því, að ástæða sè til að gefa von um, þá er embættinu verður slegið upp, að Arnarstapa- og Skógarstrandarumboð verði veitt sýslumanninum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Um Barðastrandarsýslu segir amtmaður, að bráðabirgða- skiptingin á sýslunni milli Dala- og Ísafjarðarsýslu sè aðeins neyðarúrræði, og eigi einungis að eiga sèr stað um svo stuttan tíma, sem unnt er; er hann einkum hræddur um, að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, sem hefir örðuga sýslu undir, eigi bágt með að gegna þar að auki sýslumannsstörfum í norðurhluta Barðastrandarsýslu eins og vera ber. Þar sem nú amtmaðurinn álítur, að það verði ekki hægt, að fá hæfilegan mann í Barðastrandarsýslu, án þess að ríkissjóðurinn óbeinlínis hafi nokkur útgjöld, stingur hann uppá, að reynt verði til að bæta tekjur sýslumanns með því, að veita honum konungstíund af sýslunni gegn afgjaldi, eins og tíðkast í öllum hinum sýslunum í vesturamtinu nema Ísafjarðarsýslu; með þessu móti mætti bæta tekjurnar um hèrumbil 210 rd., og jafnframt þessu ætti að færa afgjaldið af sýslunni niður frá 60 rd. til 20 rd., eða um 40 rd.

Samkvæmt því, sem þannig er komið fram frá ymsum hliðum, verður dómsmálastjórnin að sleppa því, að hugsa til að skipta Barðastrandarsýslu milli Dala- og Ísafjarðarsýslu, og sömuleiðis því, að skipta Dalasýslu milli Snæfellsnes- og Barðastrandarsýslu sökum þess, hvernig til hagar. Með því nú ekki verður búizt við, að nokkur hæfilegur maður vili taka sýsluna með svo litlum tekjum,

1870. 19. júlí. sem nu fást af henni, og nauðsyn ber til, að útvega embættinu viðbót við tekjurnar, getur stjórnarráðið ekki sèð annað, en að uppástúnga amtmannsins í vesturumdæminu um það, að konungstíundin af sýslunni verði veitt sýslumanni gegn afgjaldi, og allt afgjaldið af sýslunni fært niður, sè það einasta úrræði, sem við verði komið, er það í sjálfu sèr er ósamkvæmt, að sá sýslumaður, sem hefir minnstu laun af öllum sýslumönnum á Íslandi, eigi að láta af hendi $^3/_4$ af konungstíundinni, þar sem hún gegn afgjaldi er veitt flestum embættisbræðrum hans í vesturumdæminu, sem búa við betri kjör en hann. Sömuleiðis verður dómsmálastjórnin að öllu leyti að fallast á uppástungu amtmannsins um það, að sameina Hnappadals- og Snæfellsnessýslu; þó virðist ekki vera næg ástæða til að gefa þegar nú vonir um, að Arnarstapa- og Skógarstrandar umboð, þá er þau losna, verði lögð við sýslumannsembættið í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, þareð með því móti mjög mikil peningaábyrgð yrði lögð sýslumanni á herðar, og yms vandkvæði af leiða.

Áður en lengra verður haldið út í þetta mál, mælumst vèr til, að fjárhagsstjórnin segi álit sitt um það, hvort hún í nokkru sè því mótfallin, að dómsmálastjórnin í frumvarpi til fjárhagslaga fyrir næsta fjárhagsár leiti samþykkis ríkisþingsins til:

1. að afgjaldið eptir Mýrasýslu verði látið vera 80 rd. á ári;
2. að afgjaldið af Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sameinuðum verði ákveðið að skuli vera 40 rd. á ári, sem nú eru goldnir af Snæfellsnessýslu einni;
3. að konungstíundin af Barðastrandarsýslu verði veitt sýslumanni gegn afgjaldi, og
4. að afgjaldið af öllum gjaldheimtum, sem sýslumanninum í Barðastrandarsýslu er trúað fyrir, skuli vera 20 rd. á ári.

Öll skjölin í þessu máli fylgja með brèfi þessu, og mælumst vèr til, að fá þau aptur með svari fjárstjórnarinnar.

74. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um að vatnsveitingamaður verði sendur til vesturamtsins.

1870. 23. júlí.

Með brèfi, dagsettu 22. febrm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem bústjórnarfèlag nokkurt, er stofnað hefir verið í Kolbeinstaða- og Hraunhreppum í Mýra- og Hnappadalssýslu, sækir um, að dómsmálastjórnin og hið konunglega landbústjórnarfèlag vili hlutast til, og gjöra þær ráðstafanir, að einhver sá maður, sem kann til vatnsveitinga á engi og af, verði sendur til sýslunnar vorið 1870, til þess að leiðbeina mönnum í slíkum störfum, og að þetta verði gjört með sömu kjörum, og sendur var maður til suðuramtsins í fyrra.[1]

Eptir að dómsmálastjórnin hafði sent hinu konunglega landbústjórnarfèlagi bænarskrána, til þess að fá að vita, hvort það gæti vísað á mann, sem væri hæfilegur til þessa starfs, og hvort það væri fáanlegt til að leggja jafnmikið fè til þessa, og fèlagið veitti þeim vatnsveitingamanni, sem í fyrra var sendur til suðuramtsins, og látið það í ljósi, að hún væri þá fús til að styrkja þetta fyrirtæki á líkan hátt og hitt í fyrra, hefir fèlagið nú gefið oss til vitundar, að það sè fúst á að leggja nokkuð til þessa á líkan hátt, og veittur var styrkur þeim vatnsveitingamanni, sem sendur var til suðuramtsins, en að það á hinn bóginn hafi ekki átt hægt með, að útvega nokkurn hæfilegan mann, þótt reynt hafi verið til þess, og að því muni vera rèttast, að allt sè látið bíða til næsta vors.

Þetta eruð þèr, herra amtmaður, beðnir að tilkynna þeim, sem hlut eiga að máli.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 616.

1870. 30. júlí. **75. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun handa manni, sem hefir verið lengi sáttasemjari og hreppstjóri.**

Í bænarskrá nokkurri, sem hingað hefir borizt beina leið og vèr sendum yður eptirrit af með þessu brèfi, hefir fyrrum hreppstjóri í Grýtubakkahrepp í Þingeyjarsýslu, Gunnar Loptsson á Grund, sókt um, að fá styrk annaðhvort úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins, eða þá af einhverjum öðrum opinberum sjóði, sem þóknun fyrir það, að hann hafi verið sáttasemjari í 24 ár og enn lengur hreppstjóri í nefndum hreppi.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að engin lagaheimild er til þess, að veita slíkan styrk úr jafnaðarsjóðnum, og að öðru leyti hefir stjórnarráðið ekki umráð yfir neinum öðrum sjóði, er veita mætti úr slíkan styrk.

---

5. ágúst. **76. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um að lögleiða á Íslandi auglýsing um aðferð á ófriðartímum.**

Þareð nú er ástæða til, að lögleiða á Íslandi auglýsing utanríkisstjórnarinnar 25. f. m., viðvíkjandi því, að tilskipun 4. maí 1803 um það, hvernig verzlunarmenn og farmenn eigi að haga sèr, þegar ófriður er milli útlendra sjóvelda, skuli á ný hafa lagagildi, ber stjórnarráðið það upp við utanríkisstjórnina, einkum af því, að lög 13. marz 1867, sem getið er um í 1. gr. auglýsingarinnar, eru ekki gild á Íslandi, en tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa 25. júní f. á. kemur þar í staðinn fyrir, og af því að lög 23. janúar 1862, sem eru nefnd í 2. grein auglýsingarinnar, gilda ekki heldur á Íslandi, en aptur eru lög 13. septbr. 1855 lögleidd þar með opnu brèfi 27. maí 1859[1], — hvort

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 264.

henni finnist ekki nauðsyn á, að láta ganga út sèrstaka auglýsingu handa Íslandi, bæði á dönsku og íslenzku, með þeim breytingum, sem leiðir af því, sem nú var talið, og er dómsmálastjórnin fús til, ef þörf er á, að láta í tè aðstoð sína, þegar til kemur að snúa auglýsingunni á íslenzku. 1870. 5. ágúst.

---

77. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um jarðaskipti á kirkjujörð og bændaeign. 8. ágúst.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin hafði borið upp fyrir konungi málefni það, sem um er rædt í brèfi yðar, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, dagsettu 8. janúarm. þ. á., hefir hans hátign þóknazt 27. f. m. allramildilegast að fallast á, að jörðin Ásgautstaðir, með þrem kúgildum og hjáleigu, verði keypt til að vera prestssetur í Stokkseyrar sóknum, en látið í staðinn Villingaholt, ásamt með kirkjunni þar og sjóði (*portio*) hennar í því ástandi, sem nú er, og með þeim skilmála, að eigandi að Villingaholti eptirleiðis gjaldi prestinum í Gaulverjabæ fjóra fjórðunga smjörs á ári, en hann fái aptur ámóti, sem ábæti, ríkisskuldabrèf uppá 136 rd. 85 sk., sem Stokkseyrar prestakall á.

Þetta gefst yður hèrmeð til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, og eruð þèr jafnframt beðnir að sjá um, að skoðunargjörð verði haldin yfir Ásgautstaði með byggingum og öllum hlunnindum, þegar jarðaskiptin fara fram, svo jörðunni verði skilað þeim presti, sem á síðan kemur á brauðið, í góðu standi, eða þá með fullu ófanálagi.

---

[1]) Samkvæmt þessu kom út auglýsing frá utanríkisstjórninni 19. ágústm. 1870, sjá hèr á eptir bls. 95.

1870. 8. ágúst. **78. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að fá lík til skurðar við læknakennsluna í Reykjavík.**

Í brèfi, dagsettu 22. marzm. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem landlæknir, jústizráð Jón Hjaltalín, sækir um, að það leyfist, að lík dáinna sveitarómaga og þeirra, sem kauplaust hafa fengið lækningameðöl, verði fengin í hendur lækni, og einkum læknunum við læknaskólann í Reykjavík, þegar þeir æskja þess, án þess þeir þurfi að leita samþykkis hjá aðstandendum hinna framliðnu, svo læknunum gefist færi á að opna þessi lík til að auka með því ment sína. Þótt nú þèr, herra stiptamtmaður, viðurkennið, að það sè æskilegt, að nokkrar ráðstafanir verði gjörðar af hálfu hins opinbera, bæði til þess, sem getið var um, og til þess, að útvega lík til skurðar við læknakennsluna, þykist þèr samt ekki geta mælt með því, sem sókt er um, er það að yðar áliti komi í bága við þann mannúðar anda, sem sè í lögum landsins um fátækra málefni.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við hið konunglega heilbrigðisráð um þetta, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðinu þykir sèr eigi fært að veita þetta leyfi, sem sókt er um, en það verður að vera komið undir sækjandanum sjálfum, að bera upp mál þetta á alþingi, ef honum finnst ástæða til þess.

---

12. ágúst. **79. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þjóðveg í Þistilfjarðar- og Langaneshreppum.**

Eptir að stjórnarráðið 24. septbr. f. á. hafði leitað álits yðar, herra amtmaður, um bænarskrá, sem hingað er komin beina leið, frá hreppstjórunum í Þistilfjarðar- og Langaneshreppum í Þingeyjarsýslu um það, að stjórnarráðið hlutist til um, sumpart að amtmaður sem fyrst, samkvæmt tilskipun 15. marz 1861 2. og 3. gr.,

kveði upp úrskurð sinn um þjóðvegu í tèðum hreppum, sumpart að þeir fái sanngjarnt endurgjald fyrir skylduverk þau, sem unnin eru frá þeim tíma, er nefnd tilskipun öðlaðist gildi, eða hèr á eptir munu verða unnin, til þess að halda við þeim vegum, sem yrði álitnir þjóðvegir, hafið þèr í brèfi, dagsettu 2. febrm. þ. á., getið þess, að það sè þegar 1. apríl 1864 búið að ákveða með brèfi til hlutaðeiganda sýslumanns, hverja vegi í amtinu skuli álíta þjóðvegi, og að það sè vitaskuld, að margir sè þeir hreppar í amtinu, er enginn þjóðvegur liggi um; enn fremur segið þèr, að yður hafi ekki fundizt ástæða til að úrskurða, að álíta skuli veginn um nefnda hreppa til verzlunarstaðarins Þórshafnar sem þjóðveg, þó að nokkrir íbúar í tèðum hreppum að eins um stuttan tíma af sumrinu sæki verzlunarstaðinn, þar sem ennþá eru ekki reistar verzlunarbúðir í Þórshöfn, og umferðir þær, sem rísa hèr af, sè aðeins litlar í samanburði við umferðir um aðalbygðir amtsins, og að öllu samtöldu nemi ekki meiru en stuttum spotta báðumegin við verzlunarstaðinn. 1870. 12. ágúst.

Útaf þessa gefst yður til vitundar, yður sjálfum til leiðbeiningar og svo þèr auglýsið það, að eptir því, sem fram er komið, finnst stjórnarráðinu ekki vera nein ástæða til at gefa gaum að bænarskrá þessari.

---

80. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austurumdæminu, um aðgjörð á Munkaþverár kirkju. 18. ágúst.

Um leið og þèr, herra amtmaður, með brèfi 31. maí þ. á., hafið sent hingað eptirrit af bænarskrá nokkurri til amtsins, ásamt fylgiskjölum, þar sem umboðsmaður vesturhluta Munkaþverár klausturs, Eggert Gunnarsson, sækir um leyfi til, að láta nokkrar lítilvægar aðgjörðir á Munkaþverár kirkju fram fara, en kostnaðurinn mun samkvæmt áætlun verða alls 26 rd. 18 sk., hafið þèr leitað samþykkis stjórnarráðsins til þessa.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar

1870. 12. ágúst. og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið leyfir það, sem sókt er um.

---

18. ágúst. **81. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýja rentuklippinga við ríkisskuldabrèf.**

Eptir að dómsmálastjórnin hafði sent fjárhagsstjórninni til úrslita bænarskrá þá, sem þèr, herra stiptamtmaður, senduð hingað með brèfi 25. marz þ. á., en í þeirri bænarskrá getur landfógeti þess, að þörf sè á, að ákveðið verði þegar á þessu ári, hvernig fara skuli með þau konunglegu ríkisskuldabrèf með rentuklippingum, er ganga á Íslandi, þegar klippingarnir sè gengnir upp, hefir fjárstjórnin gefið oss til vitundar, að þá skuli senda henni skuldabrèfin, til þess að settur verði á þau stimpill, er skuli votta, að nýjar arkir af rentuklippingum sè látnar af hendi; verða síðan ríkisskuldabrèfin send aptur ásamt örkunum. Fyrir þessa sök skulu allir þeir menn á Íslandi, sem eiga slík skuldabrèf, skila þeim til landfógeta innan 11. júním. 1871, og láta brèf fylgja með til fjárhagsstjórnarinnar, en í því brèfi skal tilgreina einkunnarstaf skuldabrèfsins, töluna á því, daginn sem það er gefið út, og upphæðina; enn fremur skal tilgreina í brèfinu með svo mikilli nákvæmni og svo fullkomlega, að enginn misskilningur geti á orðið, heiti eigandans, stètt hans og heimili. Landfógeti verður að veita þeim mönnum, sem senda honum skuldabrèf, skýrteini til bráðabirgða um það, að hann hafi tekið við skuldabrèfunum, en skýrteinum þessum verður að skila aptur, er eigendurnir fá aptur skuldabrèf sín með nýjum klippingum. Síðan á landfógeti að senda ríkisskulda- og eptirlauna-stjórnardeildinni með póstskipinu sem embættis erindi þau brèf og skuldabrèf, sem hann hefir tekið ámóti, en stjórnardeildin mun aptur senda honum þau á sömu leið ásamt hinum nýju rentuklippinga-örkum handa eigendunum, en þeir verða að rita kvittun á bráðabirgða-skýrteinin fyrir því, að þeir hafi meðtekið skuldabrèfin með nýjum klippingum, og verður að haga þess-

ari kvittun samkvæmt því, sem fyrir er sagt í auglýsing fjárhags- 1870.
stjórnarinnar 22. septbrm. 1859, 18. gr.[1] Þessu til sönnunar 18. ágúst.
skal landfógeti senda fjárhagsstjórninni hin innleystu bráðabirgða-skýrteini, og rita þau öll í bók, sem sýnir, hvenær þau sè út gefin og handa hverjum, hvenær landfógeti hafi sent frá sèr skuldabrèfin og fengið þau aptur, og ennfremur, hvenær bráðabirgða-skýrteinin sè innleyst og send stjórnarráðinu. Þess skal getið, að hver einn verður sjálfur að sjá um, að koma skuldabrèfum sínum til landfógeta og sækja þau aptur hjá honum.

Um leið og þetta hèrmeð gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið landfógeta það, mælumst vèr til, að þèr, herra stiptamtmaður, auglýsið það, sem með þarf, í frèttablöðum, og gjörið þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, og veitum vèr yður myndugleika til að bæta við þeim ákvörðunum, sem yður finnst ástæða til.

Að endingu skal því við bætt, þeim til leiðbeiningar, sem vilja ekki nota þessar ráðstafanir, að arkir með nýjum rentuklippingum fást á ríkisskulda-skrifstofunni í Kaupmannahöfn allt sumarið 1871, gegn því, að skuldabrèfin verði fram lögð til stimplunar.

---

82. **Auglýsing til Íslands, viðvíkjandi því, að til-** 19. ágúst.
skipun 4. maim. 1803 um það, hvernig verzlun-armenn og farmenn eigi að haga sèr, þegar ófriður er milli útlendra sjóvelda, skuli á ný hafa lagagildi.

Samkvæmt heimild þeirri, er Hans Hátign Konungurinn hefir gefið stjórn utanríkismálanna í dag, auglýsist hèrmeð, að vegna ófriðar þess, sem kominn er upp milli Frakklands og Prússaveldis, skal tilskipun 4. maí 1803 fá lagagildi á ný, þó með þeim nákvæmari ákvörðunum og breytingum, sem hèr segir:

1. gr.

Samkvæmt tilskipun handa Íslandi um skrásetning skipa, dagsettri 25. júní 1869, skulu hin konunglegu latínsku leiðarbrèf, sem

[1]) *Departementstidenden* 1859, bls. 659—61.

1870. 19. ágúst.

voru lögboðin í tilskipun 4. maí 1803, ei lengur við höfð fyrir skip þau, sem þegar hafa fengið ný þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, og heldur ekki fyrir þau skip, sem enn hafa hin eldri lögboðnu skjöl, og skal mælingarbrèfið, ásamt hinum öðrum heimildarskýrteinum, álitið lögmæt sönnun fyrir þjóðerni skipsins.

2. gr.

Það, sem tilskipun 4. maí 1803 í 8. gr. kveður á um þjóðerni skipshafna, er nú nákvæmar ákveðið í opnu brèfi, dags. 27. maím. 1859. Eptir því skal leyft, þegar danskt skip er gjört út frá einhverjum stað á Íslandi, einnig að ráða á það útlenda menn, þó skal þess gætt, að helmingur skipverja, auk skipstjóra og stýrimanna, sè menn, er eigi heima í hinu danska konungsveldi.

3. gr.

Samkvæmt yfirlýsingu þeirra tveggja þjóða, er þá áttu í stríði, og gjörð var í París 16. apríl 1856, og sem Hans Hátign Konungurinn gekk að 25. júní næst á eptir, um rètt hlutlausra þjóða, meðan ófriður stendur milli útlendra sjóvelda, skal þess gætt, er hèr segir:

1. Víkingsskapur er og skal bannaður sem áður;
2. Farmar óvinaþjóðar, nema það, sem ekki má selja á ófriðartímum þjóðum, sem eiga í stríði, eru friðhelgir undir flaggi hlutlausrar þjóðar;
3. Farm hlutlausra þjóða, nema það, sem ekki má selja á ófriðartímum, má ekki hertaka, þó hann sè í óvina skipum; og
4. Fyrirgirðingar hafna og stranda verða að vera gjörðar til hlítar, þ. e. þar verður að vera nægur liðsafli til að hindra allan aðgang til stranda óvinanna, annars er fyrirgirðingin ólögmæt.

4. gr.

Auk þess, sem talið er í tilskipun 4. maí 1803, 13. gr., skal enn fremur telja með þeim hlutum, sem óheimilt er að selja á ófriðartímum þeim þjóðum, er eiga í stríði, öll áhöld og allt það, sem beinlínis verður haft til hernaðar.

Skyldi svo fara, að nauðsyn yrði að breyta eða bæta einhverju

við, sem óheimilt sè að selja á ófriðartímum, eptir sèrstaklegu samkomulagi milli Hans Hátignar Konungsins og útlendra þjóða, geymir utanríkisstjórnin sèr rètt til að auglýsa það, sem þörf kynni að verða í því efni, eptir að hafa leitað úrskurðar Hans Hátignar Konungsins. 1870. 19. ágúst.

5. gr.

Af því Hans Hátign Konungurinn hefur ásett sèr, að veita hvorugum í ófriði þeim, er nú stendur yfir, er öllum þegnum Konungs á Íslandi hèrmed bannað, yfir höfuð að ganga í nokkra herþjónustu, hvorki á sjó nè landi, hjá þjóðum þeim er í stríði eiga, og sèr í lagi skal þeim bannað að leiðbeina herskipum eða flutningsskipum þessara þjóða út fyrir íslenzk hafnsögu svið.

Þetta auglýsist hèrmeð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytnis.

Utanríkisstjórnin, Kaupmannahöfn, 19. ágúst 1870.

O. D. Rosenörn-Lehn.

---

83. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um árpening handa dannebrogsmanni. 12. septbr.

Orðustjórnin hefir tilkynnt dómsmálastjórninni, að hans hátign konunginum hefir þóknazt allramildilegast að fallast á 31. f. m., að fyrrum hreppstjóra, Ólafi Jónssyni á Sveinstöðum í Húnavatnssýslu, verði veittur 50 rd. árpeningur úr orðusjóðnum frá 1. júlím. þ. á.

Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, og skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum á Íslandi, að borga árpening þenna úr jarðabókarsjóðnum, 35 rd. á hverju misseri, hafi hlutaðeigandi verið á lífi þann dag, er úrskurður konungs fèll á þetta mál.

1870. 21. septbr.

84. Brèf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austuramtsins, um lögsókn fyrir að hýsa katólskan prest.

Í brèfi 12. febr. þ. á. skýrði amtmaður Havstein frá því, að katólskur klerkur nokkur, að nafni *Baudoin*, sem á heima í Reykjavík, hafi ferðazt til norðurlands sumarið 1868, og dvalizt $1^1/_2$ mánuð hjá Einari bónda Ásmundssyni í Nesi í Þingeyjarsýslu, án þess þó að öðru leyti að brjóta gegn lögum landsins; segir amtmaður, að sèr hafi fundizt ástæða til að láta hefja lögsókn gegn tèðum Einari Ásmundssyni, samkvæmt D. L. 6—1—3, sbr. 1—24—16, og tilskipun 24. janúar 1838, 1. gr. og 3. gr., fyrir það, að hann hafi hýst katólskan prest. Stjórnarráðið tilkynnti þá amtmanni, í brèfi 13. maí f. á., að bæði af því, að þá var í orði að löggilda hin almennu borgaralegu hegningarlög 10. febr. 1866 á Íslandi, en samkvæmt þeim er það ekki framar lagabrot, sem getið er um í nefndri grein D. L., og svo af því, að menn nú um langan aldur hafa litið á þesskonar athöfn öðrum augum, en áður, þá geti stjórnarráðið ekki fallizt á, að hann hafi gjört þessar ráðstafanir án þess að bera málið upp við stjórnina fyrirfram, og mæltist til, að hann sendi útskript í lagaformi af öllu því, sem fram færi í málinu, undireins og dómur væri fallinn og áður en nokkuð væri gjört til að fullnægja honum. Með brèfi 2. febr. þ. á. hefir amtmaður Havstein sent hingað útskriptina, og af henni sèst, að Einar Ásmundsson er dæmdur í hèraðsdómi sýkn af ákæru rèttvísinnar 12. oktbrm. f. á., og málskostnaður lagður á hið opinbera. Hèrumbil um sama leyti hefir stjórnarráðinu borizt bænarskrá, þar sem tèður Einar Ásmundsson biður um vernd gegn ofsóknum Havsteins amtmanns, og kvartar undan, að þó svo hafi farið, að hann sè dæmdur sýkn, hafi lögsóknin samt rýrt mjög vinnuafla sinn og spillt lánstrausti sínu, að því ótöldu, að til tals kom að kyrsetja eigur hans; hann skýrði einnig frá, að einmitt það, að hann var ákærður til stórsekta, hafi ollað sèr og fólki sínu mikilla skaprauna, og rýrt virðingu sína manna ámilli.

Útaf þessu gefst amtinu hèrmeð til vitundar, til leiðbeiningar og eptirbreytni, að stjórnarráðinu finnst ekki vera ástæða til, að

láta skjóta dóminum til æðri rèttar, og mælumst vèr til að það verði birt Einari Ásmundssyni, að með því hann sè dæmdur sýkn af ákæru þeirri, sem hèr er getið um, þykir stjórnarráðinu ekki fært, að halda lengra út í þetta eina mál. 1870. 21. septbr.

---

85. Brèf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austuramtsins, um ótta fyrir hallæri í Þingeyjarsýslu. 28. septbr.

Í brèfi 30. f. m. hefir amtið á ný skýrt frá, að búast megi við hallæri í nyrðstu hreppum Þingeyjarsýslu, og sókt um, að fluttar verði 100 tunnur af kornmat til Húsavíkur, eða þá, ef því verður ekki við komið, til Akureyrar, og að amtið megi verja þessum forða til að afstýra hallærinu að vetri komanda.

Útaf þessu verður hèrmeð til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir fengið vitneskju frá Örum og Wulff um, að þeir hafi í sumar sent til verzlunar sinnar á Húsavík jafnmikið af kornmat og þeir sè vanir, 830 tunnur af rúgi og 200 tunnur af bánkabyggi, auk þess segja þeir, að lausakaupmaður *Predbjörn* skipstjóri hafi flutt þangað 300 tunnur af rúgi, og verzlunarfulltrúi þeirra keypt af því hèrumbil 26 tunnur; ennfremur virðist þeim megi álíta, að nægur forði sè til á Akureyri, og að flutt hafi verið til Vopnafjarðar fram yfir það, sem vant er að flytja þangað, 150 tunnur af korni, enda sè það og lagt fyrir verzlunarfulltrúa þeirra þar, að hann reyni til, ef á þarf að halda, að flytja þenna forða til verzlunarinnar í Húsavík.

Þarеð nú þannig er ástatt, finnst stjórnarráðinu ekki ástæða til, að gjöra þessar sèrstaklegu ráðstafanir, sem amtið hefir stungið uppá, en verður að láta það vera komið undir amtinu sjálfu, að nota þá aðferð, sem getið er í brèfi stjórnarráðsins 25. ágúst f. á.[1], til þess að afstýra hallæri, ef það vofir yfir.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 814.

1870. 28. septbr. **86. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um lyfjaskrána 1869.**

Til samlags við brèf stjórnarráðsins 30. apríl þ. á., sendum vèr yður (tit.) nokkur exemplör af lyfjaskránni 1869, og fyrsta viðbæti við hana; á hvorttveggja að koma til gildis frá 1. janúarm. 1871. Vèr mælumst þessvegna til, að þèr sendið lyfsölum og læknum þeim í suðurumdæminu (norður- og austurumdæminu, vesturumdæminu), sem sjálfir láta af hendi lækningameðöl, hverjum eitt exemplar, sitt af hvoru.

---

28. septbr. **87. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ótta fyrir hallæri í nokkrum austursveitum.**

Í skýrslu nokkurri, sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað með brèfi 17. f. m., og skýrir frá umsjónarferð yðar um suðurumdæmið nú í sumar, hafið þèr látið í ljósi, að illa horfist á víða hvar í Vesturskaptafellssýslu og að nokkru leyti í Eyjafjallahrepp í Rangárvallasýslu, bæði sökum þess, að bændur hafi neyðzt til í harðindunum í fyrra að farga nokkru af þeim pening til viðurværis, sem nauðsynlegur er til búskapar, og af því, að illa hafi viðrað í sumar um heyskapartímann; ofan á þetta kemur, að of margir búa á einni og sömu jörðu, og eykur það mjög fátækt manna. Þareð það lítilræði, sem eptir er af gjafakorninu, — þó því muni væntanlega verða útbýtt meðal íbúa í þessum sveitum — ekki mun nægja til þess að afstýra hallæri, hafið þèr, herra stiptamtmaður, borið upp, hvort stjórnarráðinu fyndist ekki ástæða til, að veita yður myndugleika til, eptir atvikum að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf.

Útaf þessu mælumst vèr til, herra stiptamtmaður, að ef nauðsyn ber til að gjöra sèrstaklegar ráðstafanir til að afstýra hallæri í nefndum sveitum að vetri komanda, þá framkvæmið þèr allt það, sem með þarf í þessu máli, og veitum vèr yður myndug-

leika til, að taka það fé, sem til þessa kynni ganga, úr jafnaðar- 1870.
sjóðnum, og, ef hann hrökkur ekki til, þá að taka lán uppá hann 28. septbr.
annaðhvort hjá kaupmönnum eða öðrum.

Jafnframt þessu skal því við bætt, að eptir beiðni yðar höfum vèr samkvæmt konungsúrskurði 16. maí 1829 [1] hlutazt til um, að útgjöld þau við ferð yðar, sem ekki verða talin með endurgjaldi ferðarkostnaðar, verði yður útborguð af jarðabókarsjóði Íslands með 80 rd.

---

88. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um afgjald af nokkrum sýslum. 28. septbr.

Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt brèf yðar 7. maí þ. á., höfum vèr hlutazt til um, að tekið verði í fjárhagsáætlunina fyrir fjárhagsárið 1871—72 uppástunga um það, að afgjaldið eptir Mýrasýslu verði látið vera 80 rd., en af Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 40 rd. á ári, einnig að konungstíundin af Barðastrandarsýslu gangi til sýslumannsins fyrir afgjald, þannig, að ákveðið verði, að allt afgjaldið af þessari sýslu skuli hèðanaf vera 20 rd. á ári.

Um leið og þetta gefst yður til vitundar, yður fyrst um sinn til leiðbeiningar, skal því við bætt, að stjórnarráðinu þykir sèr ekki fært að gjöra neitt við þá bænarskrá, er barst hingað með brèfi yðar, 26. apríl þ. á., frá sýslumanninum í Dalasýslu Lárusi Blöndal, viðvíkjandi því, að hann er settur sýslumaður í syðri hluta Barðastrandarsýslu.

---

[1]) Lovsamling for Island IX, 406.

1870. 12. oktbr. **89. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk handa lækni í Barðastrandar- og Strandasýslu.**

Í brèfi 22. ágúst þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, skýrt frá, að kandídat í læknisfræði Ólafur Sigvaldason hafi sókt um, þá er búið var að birta honum brèf dómsmálastjórnarinnar 4. desbr. f. á.[1], að styrkur mætti verða veittur úr hinum íslenzka læknasjóði, svo sem mælt er fyrir í konungsúrskurði 10. maí 1867, þegar hann sè seztur að og orðinn þjónandi læknir í Barðastrandar- og Strandasýslu í vesturumdæminu; hafið þèr ennfremur getið þess, að sökum þess, að mikil þörf er á lækni í þessum sýslum, sem eru svo mjög afskekktar, þá hafið þèr veitt honum styrkinn í von um samþykki stjórnarráðsins, með þeim skilmálum, sem mælt er fyrir í auglýsingu 31. maí 1867[2], og þannig, að hann skuli vera skyldur til að setjast að á þeim stað í nefndu hèraði, sem amtmaður í vesturumdæminu taki til; þèr hafið ennfremur bætt því við, að fyrnefndur kandídat Ólafur Sigvaldason hafi skýrt frá, að hann sè seztur að sem þjónandi læknir í nefndum sýslum á Hríshóli í Reykhólasveit, og farið þess á leit, að stjórnarráðið samþykki ráðstafanir þær, sem þèr hafið gjört í þessu efni.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hèrmeð fellst á aðgjörðir yðar, sem áður er getið.

---

12. oktbr. **90. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um læknisþjónustu í Barðastrandar- og Strandasýslu.**

Dómsmálastjórnin hefir í dag skrifað stiptsyfirvöldunum á Íslandi á þessa leið:

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 828.

[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 432.

(Næsta brèf að framan). 1870.

12. oktbr.

Um leið og vèr birtum yður þetta, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar, skal því við bætt útaf brèfi yðar 12. ágúst þ. á., að stjórnarráðið fellst á, að þèr með samþykki hlutaðeiganda hèraðslæknis hafið sett kandídat í læknisfræði Ólaf Sigvaldason til að gegna embættisstörfum þeim, sem hvíla á hèraðslækninum í allri Strandasýslu og þeim sex hreppum í Barðastrandarsýslu, sem hèr eru taldir, sem eru: Geiradalshreppur, Reykhólasveit, Gufudalssveit, Múlahreppur, Flateyjarhreppur og Barðastrandarhreppur.

---

91. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um linun í jarðarafgjaldi.

13. oktbr.

Í brèfi 15. ágúst þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að jörðin Slýjar, sem er ein af jörðum Kirkjubæjar klausturs, eyðist meir og meir af sandfoki, eins og sjá má af skoðunargjörð, sem fylgir með brèfi yðar, og hafið þèr stungið uppá, að linun sú í landskulda greiðslu, sem veitt var þeim tveimur ábúendum á jörðunni með brèfi stjórnarráðsins 6. janúar 1868 um 3 ár til fardaga 1870, 40 álnir á ári, megi haldast við til fardaga 1873, þannig, að afgjaldið ennfremur verði lækkað um 10 álnir á ári, það er að segja: alls um 50 álnir, 25 álnir fyrir hvorn um sig, reiknað eins og hingað til, þannig að hver alin í hálfu afgjaldinu verði metin á 8 sk., en hinn helmingurinn talinn eptir meðalverði allra meðalverða, eptir því sem í verðlagsskránni stendur.

Útaf þessu skal það hèrmeð kunngjört yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið eptir atvikum fellst á uppástungu yðar.

1870. 21. oktbr.

92. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjaldi.

Í brèfi 16. ágúst þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að hlutaðeigandi umboðsmaður hafi farið þess á leit, að þeim sex leiguliðum á jörðunni Grímstöðum, sem heyrir undir Þykkvabæjar klausturs góz, verði veitt sú linun í jarðarafgjaldinu um 5. næstkomandi ár, frá fardögum 1870 til fardaga 1875, sem hèr skal greind, af því, að tèðri jörð ár frá ári færi hnignandi sökum áfalla af sandfoki:

1. Vilborgu Stígsdóttur, sem situr á fjórða parti jarðarinnar, og greiðir í landskuld 40 álnir: 20 álnir á 8 sk. alin hverja, og 20 álnir eptir meðalverði allra meðalverða verðlagsskrárinnar, veitist linun um 10 álnir.

2. Guðmundi Eyjólfssyni, sem hefir áttung af jörðunni og greiðir í landskuld 20 álnir, reiknaðar eins og getið er að framan, linun um 5 álnir.

3. Eyjólfi Jónssyni, er sömuleiðis hefir áttung, fyrir 20 álna afgjald, reiknað eins og að framan, linun um 5 álnir.

4. Runólfi Stephanssyni, sem býr á áttunda parti og geldur í landskuld 15 álnir: helminginn á 8 sk. hverja alin, en hinn helminginn samkvæmt meðalverði á ull, smjöri og tólg, veitist sú linun, að þetta gjald, sem síðast var nefnt, verði greidt samkvæmt meðalverði allra meðalverða.

5 og 6. B. Sverrissyni og S. Sveinssyni, sem búa á jafnmiklum parti af jörðunni og Runólfur Stephansson og með sömu kjörum, veitist linun uppá sama hátt.

Af því, að þessi lækkun á afgjaldinu, sem að eins nær 3 rd. 48 sk., er lítil í samanburði við rýrnun jarðarinnar, þótt það virðist svo, sem ábúendurna muni um hana eptir kjörum þeirra, og hún geti ef til vill komið því til leiðar, að jörðin fyrst um sinn verði byggð fyrir viðunanlegt afgjald eptir því, sem gjöra er, hafið þèr, herra stiptamtmaður, mælt fram með því, að stjórnarráðið fallist á uppástungu umboðsmannsins.

Útaf þessu gefst yður hèrmeð til vitundar, yður til leiðbein-

ingar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum hefir ekki neitt ámóti því, að samþykkja þessa uppástungu. 1870. 21. oktbr.

---

93. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um óspektir enskra fiskimanna. 21. oktbr.

Amtmaðurinn í norður- og austurumdæmi Íslands hefir sent hingað útskript af prófi, sem haldið var við lögreglurètt þingeyjarsýslu 22. júním. þ. á., og má sjá af því, að enskir fiskimenn frá Grimsby hafa rænt hið frakkneska fiskiskip *Duc de Dalmatie* frá *Boulogne*, sem strandaði þar í sýslu í fyrra, eins og utanríkismálastjórninni mun kunnugt vera.

Með því það vill nú til ekki allsjaldan í norður- og austurumdæminu, að enskir sjómenn sýna af sèr slíkar óspektir og óeirðir, hefir amtmaður ennfremur, um leið og hann í þessu efni skírskôtar til þess, er enskir sjómenn rændu frakkneska fiskiskipið *Emilie*, sem síðast var getið um í brèfi voru til utanríkisstjórnarinnar 10. ágúst þ. á., stungið uppá því, að samningar verði gjörðir við ensku stjórnina, til þess að komizt verði hjá þessum óspektum eptirleiðis.

Útaf þessu, og sèrstaklega samkvæmt innihaldinu í brèfi utanríkisstjórnarinnar 15. nóvbr. f. á.[1], sendum vèr til afnota útskript af prófinu, snúna á Dönsku.

---

94. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um flutning á fátæklingi. 25. oktbr.

Í brèfi 23. júní þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, samkvæmt beiðni hins setta sýslumanns í Mýra- og Hnappadalssýslu, skotið til

---

[1]) Í þessu brèfi hafði utanríkisstjórnin mælzt til, að fá vitneskju um óspektir og spillvirki enskra fiskimanna á Íslandi.

1870. 25. oktbr.

stjórnarráðsins úrskurði, sem þèr hafið kveðið upp 7. janúar þ. á., og ákveður, að kostnað þann, sem hefir risið af flutningi Solveigar Einarsdóttur, sem á framfærsluhrepp í Kjósarsýslu, og óskilgetins barns hennar, frá hreppstjóranum í Miðdalahrepp í Dalasýslu til hreppstjórans í Norðurárdalshrepp í Mýra- og Hnappadalssýslu, skuli báðar hinar nefndu sýslur greiða sinn helminginn hvor, samkvæmt opnu brèfi handa Íslandi, um það hvernig borga skuli kostnað þann, sem rís af flutningi á þurfamönnum, 17. apríl 1868.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að með því stjórnarráðið að öllu leyti fellst á ástæður þær, sem úrskurður yðar í þessu máli styðst við, verður hann að standa óraskaður.[1]

---

[1]) Úrskurður amtsins er svo látandi:

(Brèf til sýslumannsins í Dalasýslu):

Í brèfi 13. þ. m., sem barst hingað igær, hafið þèr, herra sýslumaður, skotið til úrslita amtsins ágreiningi, sem kominn er milli yðar og sýslumannsins í Mýra- og Hnappadalssýslu, um það, hvort kostnaður sá, sem risið hefir af flutningi sveitarómagans, Solveigar Einarsdóttur og barns hennar, frá Miðdalahrepp í Dalasýslu til Norðurárdalshrepps í Mýra- og Hnappadalssýslu, skuli samkvæmt opnu brèfi 17. apríl 1868, 2. grein, borgast af síðar nefndri sýslu, að því er snertir flutninginn frá takmörkum sýslunnar þangað, sem hreppstjórinn í Norðurárdalshrepp á heima, og hafið þèr álitið, að svo eigi að vera, en settur sýslumaður E. Theodor Jónasson hefir skorazt undan að borga þenna kostnað, sem nær 2 rd., og sèr í lagi borið það fyrir, að flutningur á téðum fátæklingi frá Dalasýslu hafi ekki verið löglegur fyr en komið var til hreppstjórans í Norðurárdalshrepp, og eigi því Dalasýsla að greiða flutningskostnaðinn frá takmörkum sýslunnar til heimilis hreppstjórans

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að amtið verður að fallast á þá skoðun yðar, að engin heimild sé til þess í opnu brèfi 17. apríl 1868, 2 grein, að jafna niður á nokkra sýslu meira af kostnaði þeim, sem rís af flutningi á þurfamönnum, en því, sem leiðir af flutningnum til takmarka sýslunnar; því bæði er það, eins og þèr hafið getið, að þessi skoðun er með öllu samkvæm þeim orðum lagaboðsins, sem hèr að lúta: «í sýslunni», enda virðist og það, sem fyrir er mælt í öðrum lið greinarinnar, að ef flutningurinn verði sjóveg sýslna á milli, skuli skipta kostnaðinum jafnt niður

95. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um þóknun handa bókaverði við söfn hins lærða skóla og prestaskólans í Reykjavík.

1870. 25. oktbr.

Með brèfi 3. þ. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað tvær bænarskrár, aðra frá skólameistaranum við hinn lærða skóla í Reykjavík og aðra frá forstöðumanni prestaskólans þar, sína fra hvorum, um það, að hinum setta umsjónarmanni hins lærða skóla, Jóni Árnasyni, verði veitt þóknun fyrir þann starfa, er honum er falinn á hendur, að vera bókavörður við söfn beggja skólanna, og hafið þèr stungið uppá, að Jóni Árnasyni verði veittir 50 rd. á ári í þessu skyni fyrir umsjón hans um bækur þeirra safna, er nefnd voru, þannig, að helmingurinn af þessum peningum verði borgaður af því fè, sem veitt er hinum lærða skóla með fjárhagslögunum, og hinn helmingurinn af því fè, sem veitt er handa prestaskólanum, annaðhvort af því, sem ætlað er til bóka, o. s. fr., eða af því, sem skólunum er ætlað til ymsra útgjalda.

Um leið og þess skal getið, að mál þetta barst oss í hendur eptir að frumvarpið til fjárhagslaganna var prentað og tilbúið til framlags fyrir ríkisþingið í Danmörk, verður yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið finnur sèr ekki fært að taka uppástungu þessa til greina.

á sýslur þær, sem í hlut eiga, nema burt allan efa um þetta efni, þar sem ástæður stjórnarráðsins fyrir þessu lagaboði, (sem eru prentaðar í Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands II., 519) sýna það greinilega, að hin nefnda ákvörðun hafi verið sett meðal annars af því, að það geti ekki verið umtalsmál, að draga takmarkalínu milli tveggja sýslna úti á sjó, en af þessu virðist það vera ljóst, að fara verði eptir takmarkalínunni á landi, þar sem hún er til.

Með tilliti til þessa finnst amtinu það rèttast, að Mýra- og Hnappadalssýsla eigi að borga kostnað þann, sem hefir risið af flutningi fyr nefnds fátæklings frá takmörkum Dalasýslu til heimilis hreppstjórans í Norðurárdalshrepp, og hefi eg í dag birt settum sýslumanni E. Theodor Jónassyni þenna úrskurð amtsins.

1870. 1. nóvbr. **96. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um þóknun handa prófdómanda við burtfararpróf í hinum lærða skóla í Reykjavík.**

Með brèfi 3. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt, þar sem skólameistari við hinn lærða skóla í Reykjavík, Jens Sigurðsson, sækir um, að megi veita forstöðumanni barnaskólans í sama bæ, Helga E. Helgesen, sem á þessu ári var skikkaður til að vera prófdómandi við burtfararpróf í hinum lærða skóla, 10 rd. þóknun fyrir aðstoð þessa skólanum til handa, og hafið þèr stungið uppá, að þessa upphæð megi borga skólastjóra Helga Helgesen af því fè, sem veitt er handa skólanum með fjárhagslögum þessa árs til ymsra útgjalda.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum fellst á uppástungu yðar og sèrstaklega af því, að sá, sem hèr á í hlut, er ekki embættismaður; þó verður að gæta þess, að farið verði ekki fram úr nefndri fjárveiting handa skólanum með þessu.

---

1. nóvbr. **97. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um framfærslurètt sveitarómaga.**

Í brèfi 15. júlí þ. á. með fylgiskjölum hafið þèr, herra amtmaður, borið undir dómsmálastjórnina til úrslita ágreining nokkurn, sem orðið hefir milli yðar og amtmannsins í norður- og austurumdæminu um það, hvort Svalbarðstrandarhreppur í norðurumdæminu eigi að endurgjalda Breiðuvíkurhrepp í vesturumdæminu 19 rd. 16 sk., sem fátækrastjórnin í hinum síðar nefnda hrepp hefir veitt Jóni heitnum Jónssyni á Saxhóli árið 1864, og hvort ekkja hans og börn sè sveitlæg þar; einnig svo um það, hvort Breiðuvíkurhreppur eigi að borga aptur Svalbarðstrandarhrepp 10

rd., sem einhverju sinni var endurgoldið hinum fyrnefnda hrepp fyrir sveitarstyrk, veittan tèðum Jóni Jónssyni árið 1855. 1870. 1. nóvbr.

Um leið og þèr sendið þetta mál hingað, hafið þèr, herra amtmaður, getið þess, að Svalbarðstrandarhreppur hafi skorazt undan, að endurgjalda styrk þann, sem veittur var Jóni Jónssyni árið 1864, af þeirri ástæðu, að sá styrkur, sem hann fèkk árið 1855, sè honum veittur ólöglega, og gæti því ekki tekizt til greina sem sveitarstyrkur, nè staðið honum fyrir, að ná framfærslurètti í í Breiðuvíkurhrepp, þar sem hann, eptir að hann hafði farið burt úr fæðingarhrepp sínum, — en það er Svalbarðstrandarhreppur — og án þess að hafa áunnið sèr rètt til framfærslu í nokkrum öðrum hrepp, settist að árið 1847, og dvaldist síðan í samfellu til dauðadags árið 1867. Ef menn geta fallizt á þessa skoðun um styrk þann, sem veittur var Jóni Jónssyni 1855, álítið þèr það efalaust, að Jón Jónsson hafi þegar öðlazt rètt til framfærslu í Breiðavíkurhrepp á þeim tíma, er honum var aptur veittur fátækrastyrkur 1864, og yrði þá ekki heimtað, að Svalbarðstrandarhreppur endurgjaldi styrkinn, nè þessi hreppur verði álitinn skyldur til að framfæra ekkju hans og börn eptirleiðis; en þèr vilið ekki játa, að þessi skoðun sè rètt, þar sem þèr gegn því, sem hinn parturinn tekur til, sumpart skírskotið til skriflegrar kvittunar Jóns Jónssonar frá 1855 fyrir því, að hann hafi tekið við styrknum, og að hann sè honum veittur eptir beiðni hans, sumpart getið þess, að Svalbarðstrandarhreppur seinna hafi endurgoldið styrkinn og þá játað með því, að krafan væri rètt, og viðurkennt, að öll rök hafi verið til að veita styrkinn og endurgjalda hann; að endingu hafið þèr einnig skírskotað til þess, sem bóndinn Gísli Guðmundsson og þeir tveir menn, sem voru hreppstjórar í Breiðuvíkurhrepp 1855, hafa borið fyrir lögreglurètti Snæfellsnessýslu.

Stjórnarráðið getur samt sem áður ekki sèð annað, en að framburður þessara manna aðeins mjög lítið rýri það, sem Jón Jónsson sjálfur hefir ítarlega sagt frá árið 1868 gagnstætt þessu, en það styrkist ennfremur af því, sem ekkja hans árið eptir undir sáluhjálpareið skýrði frá um þessi atvik: samkvæmt sögn þeirra hjóna hafa hreppstjórarnir í Breiðuvíkurhrepp talið hann á, að biðja um sveitarstyrk, sem hann samkvæmt skilningi fátækralag-

1870. 1. nóvbr. anna ekki þarfnaðist, og heldur ekki varði beinlínis til viðurværis sèr og sínum. Ennfremur verður stjórnarráðið að halda, að menn geti gjört sèr skiljanlegt, hversvegna styrkurinn var endurgoldinn árið 1858, af því, að úrskurður stjórnarráðsins 2. septbr. 1858 [1], í máli, þar sem líkt stóð á, og búið var að endurgjalda veittan sveitarstyrk, var þá enn ekki fallinn, en með honum var það ákveðið, að það, að búið væri að endurgjalda fátækra- styrkinn, gæti ekki staðið manni fyrir að öðlast rètt til framfærslu í annari sveit; svo er og það, að hin skriflega kvittun Jóns Jónssonar sýnir ekki, að hann hafi beðið um styrkinn sökum fátæktar. Ofan á þetta bætist, að hvernig sem á málið er litið, þá er augljóst, að styrkurinn er veittur án þess að grennslazt hafi verið eptir efnaleysi og högum hlutaðeiganda, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í reglugjörð 8. janúar 1834 9. gr., og gefst yður hèrmeð til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr auglýsið það, að stjórnarráðinu virðist ekki, að það verði lagt á Svalbarðstrandarhrepp, að endurgjalda tèða 19 rd. 16 sk., eða taka að sèr framfærslu ekkju og barna nefnds Jóns Jónssonar, en aptur ámóti þykir ekki vera næg ástæða til að láta Breiðuvíkurhrepp borga aptur það, sem var endurgoldið fyrir 12 árum af hálfu Svalbarðstrandarhrepps.

---

3. nóvbr. **98. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um ferða-áætlun póstgufuskipsins 1871.**

Útaf brèfi fjárstjórnarinnar 24. septbr. þ. á., viðvíkjandi uppástungu um ferðaáætlun póstgufuskipsins *Díönu* árið 1871, höfum vèr mælzt til, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi segði álit sitt um þetta mál; höfum vèr nú fengið brèf það, sem hèr fylgir með, frá tèðum embættismanni, og verður stjórnarráðið fyrir sitt leyti í öllum verulegum greinum að fallast á það. Fyrst og fremst verðum vèr að mæla með því, að ferðaáætlunin 1871 verði alveg sú hin sama og ferðaáætlun þessa árs (3. uppástunga), en getum aðeins til vara fallizt á 2. uppástungu, þannig, að því verði sleppt

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 227.

að skipið komi við í Austfjörðum á Íslandi, en þeim 7 ferðum milli Danmerkur og Íslands haldið. Ef svo fer, að samt sem áður verði fallizt á 2. uppástungu, áskilur stjórnarráðið sèr, þegar þar að kemur, að á að endurbæta póstgöngurnar á Íslandi sjálfu, eins og til er ætlað, að semja um við fjárhagsstjórnina, að póstskipið á ný komi við í Austfjörðum á Íslandi. Að endingu skulum vèr ekki leiða hjá oss að benda fjárhagsstjórninni á, að stiptamtmaður hefir álitið það æskilegt, að stærra skip yrði haft til póstferða þessara, en *Díana* er. 1870. 3. nóvbr.

Fylgiskjölin sendum vèr með þessu brèfi, og mælumst til, að fá aptur brèf stiptamtmannsins, þegar búið er að nota það.

99. Ferða-áætlun póstgufuskipsins 1871.[1]

frá Kaupmannahöfn til Íslands.					frá Íslandi til Kaupmannahafnar.				
Burtfarartími frá Kaupmannahöfn.	póstgufuskipið á í fyrsta lagi að leggja frá			Venjulegur komudagur til Reykjavíkur.	Burtfarartími frá Reykjavík.	póstgufuskipið á í fyrsta lagi að leggja frá			Venjulegur komudagur til Kaupmannahafnar.
	Leirvík.	Leith. (Granton).	Færeyjum. (Þórshöfn).			Færeyjum. (Þórshöfn).	Leith. (Granton).	Leirvík.	
1. marz. kl. 9. f. m.	4. marz. e. m.	. . . .	6. marz. f. m.	13. marz.	24. marz. kl. 6. f. m.	27. marz. f. m.	. . . .	28. marz. e. m.	5. apríl.
16. apríl. kl. 9. f. m.	19. apríl. e. m.	. . . .	21. apríl. f. m.	28. apríl.	7. maí. kl. 6. f. m.	10. maí. f. m.	. . . .	11. maí. e. m.	20. maí.
28. maí. kl. 9. f. m.	. . . .	31. maí. e. m.	3. júní.[2] f. m.	8. júní.	16. júní. kl. 6. f. m.	19. júní. f. m.	21. júní. e. m.	. . . .	27. júní.
5. júli. kl. 9. f. m.	. . . .	8. júlí. e. m.	11. júlí. f. m.	16. júlí.	24. júlí. kl. 6. f. e.	27. júlí. f. m.	29. júlí. e. m.	. . . .	4. ágúst.
12. ágúst. kl. 9. f. m.	. . . .	15. ágúst. e. m.	18. ágúst. f. m.	23. ágúst.	1. septbr. kl. 6. f. m.	4. septbr. f. m.	6. septbr. e. m.	. . . .	12. septbr.
22. septbr. kl. 9. f. m	25. septbr. e. m.	. . . .	27. septbr. f. m.	5. oktbr.	15. oktbr. kl. 8. f. m.	18. oktbr. e. m.	. . . .	20. oktbr. f. m.	28. oktbr.
7. nóvbr. kl. 9. f. m.	10. nóvbr. e. m.	. . . .	12. nóvbr. f. m.	19. nóvbr.[3]	29. nóvbr. kl. 8. f. m.	2. desbr. e. m.	5. desbr. e. m.	. . . .	14. desbr.

[1]) Póstafgreiðslumenn eru hinir sömu og áður, sjá hér fyrir framan, bls. 14.

[2]—[3]) Danska frumprentið hefir 7. júní og 29. nóvbr., sem eru prentvillur; Þjóðólfr (23, 59) 20. nóvbr.

100. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ráð til að bæta kjör yfirsetukvenna.

1870. 5 nóvbr.

Í brèfi 29. júní þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá því, að landlæknir jústizráð Jón Hjaltalín hafi bent stiptamtinu á, að nauðsynlegt væri, að veita yfirsetukonum á Íslandi, að undanteknum þeim í Reykjavík og Vestmannaeyjum, sem hafa laun úr ríkissjóði og af hreppum og úr læknasjóðnum, ríflegri styrk, en þær fá samkvæmt konungsúrskurði 20. júní 1766[1], þareð þeim 100 rd., sem þar eru veittir yfirsetukonum, er skipt upp milli þeirra 59, þannig, að hver um sig fær aðeins 1 rd. 66 sk. á ári. Jafnframt hafið þèr getið þess, að sèrhver hreppur og sèrhver einstakur maður, sem hefir gagn af yfirsetukonunum, eigi að vísu að bera kostnaðinn, sem hèr af rís, en það sè hvorttveggja, að eigi verði búizt við styrk, sem nokkuð kveði að, frá hálfu hreppanna, sökum fátæktar, enda sè landsmenn svo efnalitlir, að fæstir eigi hægt með að borga yfirsetukonum svo mikið, sem þær með sanngirni geti krafizt. Þareð nú þóknun sú, sem fyr var nefnd, er svo lítil, að því nær má kalla einkis virði, hafið þèr, herra stiptamtmaður, stungið uppá að stjórnarráðið

1. hlutist til um, að fè það, sem árlega er veitt yfirsetukonum á Íslandi, undanteknum Reykjavík og Vestmannaeyjum, verði fært upp frá 100 rd. til 300 rd.;
2. veiti stiptsyfirvöldunum myndugleika til, að útbýta meðal yfirsetukvenna á Íslandi, sem tekið hafa próf í yfirsetukvennafræði, jafnmiklu fè úr læknasjóðnum, og veitt er til þessa úr ríkissjóðnum, þegar hinar árlegu tekjur læknasjóðsins leyfa það, en um það verði ekkert sagt, fyr en reynzt hefir, hver áhrif tilskipun 10. ágúst 1868 hafi á tekjurnar; og
3. gjöri ráðstafanir til þess, að landinu verði skipt í nærkonusveitir, og að hverri hèraðsnærkonu verði veittir 20 rd. í laun á ári, að meðtöldum hluta hennar í því styrktarfè, sem getið

[1]) Lovsamling for Island III., 545.

1870. 5. nóvbr.

er um við 1. og 2. atriði, en það, sem á vantar, verði goldið af íbúum hvers héraðs, eptir sömu reglum, og jafnað er niður auka-útsvari til fátækra.

Eptir að stjórnarráðið hefir leitað álits um þetta mál hjá amtmönnunum í vesturumdæminu og í norður- og austurumdæminu, gefst yður til vitundar, yður fyrst um sinn til leiðbeiningar, að eins og það virðist ekki rètt í sjálfu sèr, að taka laun handa yfirsetukonum úr ríkissjóðnum, þannig mun viðbætir sá uppá 200 rd., sem stungið er uppá, ekki bæta kjör yfirsetukvenna svo, að nokkru muni, ef ekki jafnframt verður til fengið fè úr öðrum áttum í þessu skyni. En við þessu verður ekki búizt, þareð ekki getur komið til umtals nú sem stendur, eptir því, sem þèr, herra stiptamtmaður, sjálfur segið, að nokkuð verði lagt til launa handa yfirsetukonum úr læknasjóðnum, og það með öllu er óvíst, hvort sjóðurinn nokkurn tíma, og að minnsta kosti ekki hvenær hann muni verða fær um þetta, ef ekki á að láta önnur mál, sem nær liggja, sitja á hakanum. Stjórnarráðið verður því að álíta það gagnslaust nú sem stendur, að veita stiptsyfirvöldunum myndugleika til, þegar þar að kemur, að nota tekjur sjóðsins til þessa.

En að því leyti, er snertir uppástungu yðar um að skipta landinu í nærkvennahèruð, og skipa íbúum í hverju hèraði, að leggja nokkuð til handa hèraðsyfirsetukonunni, þá virðist stjórnarráðinu gagnslaust, að gjöra slíka ráðstöfun á meðan engin útsjón er til að útvega það fè, sem allskostar þarf með til launa handa yfirsetukonum, og mundi það heldur ekki eiga við, að ákveða fyrir fullt og fast, hvernig hèraða skiptingin skuli vera, þareð yfirvöldin á Íslandi hefir greint mjög á um þetta, eða koma fram með uppástungu um það, hvernig jafna eigi niður kostnaðinum, fyr en sveitastjórnarmálið sè komið í kring.

Samt sem áður verðum vèr að játa, að það sè að öllu leyti æskilegt, að ráða bót á þessum annmarka, ef aðeins fè væri til þess, og með því málinu er hreyft á ný, er þèr, herra stiptamtmaður, með brèfi 8. oktbr. f. á. senduð hingað bænarskrá frá landlækni, jústizráði Jóni Hjaltalín, sem þó ekki inniheldur neina uppástungu með ástæðum, nè neina áætlun um, hvernig koma eigi málinu í lag, virðist oss vera ástæða til fyrst um sinn að leita

nákvæmara álits hans um þetta efni, og mælumst vèr því til, að þèr, herra stiptamtmaður, leggið honum fyrir, að láta uppi álit sitt, og sendið það svo hingað ásamt yðar eigin athugasemdum. 1870. 5. nóvbr.

---

101. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um launalög embættismanna. 7. nóvbr.

Hèrmeð sendum vèr yður, herra stiptamtmaður, til leiðbeiningar nokkur exemplör af lögum 26. marz 1870, innihaldandi almennar ákvarðanir um laun embættismanna og embættisþjóna eða sýslunarmanna o. s. fr., ásamt tveimur hèr til heyrandi tilskipunum, 2. apríl 1870, um það, hvernig embættismenn og embættisþjónar, sem hafa nafnbót, er eigi stendur í sambandi við embættið sjálft, eigi að fara að, til að fríast við nafnbótina, og 17. septbr. 1870, um aðgang fyrir embættismenn og embættisþjóna til þess að segja af sèr nafnbótum, sem þeim hafi verið veittar, og mælumst vèr til að þèr sendið sýslumönnunum í yðar umdæmi sitt exemplarið af hverju, lögunum og tilskipununum, til eptirbreytni, er þeir heimta skatt af nafnbótum. [1]

---

102. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um útbýting á garðfræi í suðuramtinu. 7. nóvbr.

Í brèfi 7. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þá er yður hafði borizt brèf dómsmálastjórnarinnar 26. febr. þ. á., hafið þèr látið auglýsa á manntalsþingum í suðurumdæminu, að gjafafræi verði útbýtt í síðasta skipti þetta ár, en síðan hafið þèr efazt um, hvort þèr hafið skilið rètt fyr nefnt brèf dómsmálastjórn-

---

[1]) Samhljóða brèf eru sama dag send hinum amtmönnunum.

1870. 7. nóvbr. arinnar, eða hvort vænta megi, að sent verði garðfræ á næsta vori til útbýtingar. Hafið þèr getið þess, að með því að fyr nefnd auglýsing á manntalsþingunum er fram farin, virðist yður það ekki allskostar haganlegt, að því leyti er snertir suðurumdæmið, að fræið verði sent, en stingið uppá, að verja megi því, sem til er á þessu fjárhagsári af því fè, sem veitt er til að efla garðyrkju, o. s. fr., til þess, að kaupa sprengipúður, og mælist til að fá 100 pund af því í járnkassa, sem þèr hafið sent hingað í þessu skyni, en að það, sem þá eptir verður af peningunum, verði fengið yður til umráða, til að verja því samkvæmt því, sem til er ætlazt með fjárveitingunni.

Útaf þessu skal þess getið, að það er sá eini rètti skilningur á hinum fyr nefnda úrskurði stjórnarráðsins, að garðfræi verði útbýtt í síðasta skipti í vor, og þareð hvorugur hinna amtmannanna hefir mælzt til að fá garðfræ að vori, þá bendir þetta einnig til, að þeir hafi einnig skilið úrskurðinn eins.

Jafnframt gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið mun hlutast til um, að 100 pund af sprengipúðri verði sent í járnkassanum með þeirri ferð póstgufuskipsins, sem nú á að byrja hèðan, en ekki finnst næg ástæða til, að afsala stiptamtinu til umráða eptirstöðvarnar af þeim hluta fjárins, sem suðurumdæminu er ætlaður.

---

7. nóvbr. **103. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun málafærslumanna við landsyfirrèttinn.**

Í brèfi 29. septbr þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, meðal annars spurt, hvort svo sè að álíta, sem þóknun sú, 250 rd. á ári, er hingað til hefir verið veitt hvorum þeirra tveggja settu málafærslumanna við hinn íslenzka landsyfirrètt, sè með úrskurði dómsmálastjórnarinnar 2. júlí þ. á. færð niður til 200 rd., eða hvort megi borga þeim þá 50 rd., sem eptir standa, úr einhverjum öðrum

sjóði, en dómsmálasjóðnum, og hafið þèr, ef svo fer, að já verði kveðið við hinni fyrri spurningu yðar, stungið uppá, að hlutaðeigendum verði sagt til um þetta, en þèr þykist ekki hafa haft myndugleika til þess, samkvæmt fyrnefndum úrskurði 2. júlí þ. á.; en ef ekki er svo, þá hafið þèr farið þess á leit, að þeim verði tilkynnt, úr hverjum sjóði eigi að greiða þá 50 rd., sem eptir eru. 1870. 7. nóvbr.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að þegar stjórnarráðið tilkynnti yður til leiðbeiningar og auglýsingar fyrnefndan úrskurð 2. júlí þ. á., sem skýlaust segir svo fyrir, að hvorum þeirra tveggja málafærslumanna verði borgaðir 16 rd. 64 sk. á mánuði (eða 200 rd. á ári) frá 1. ágústm. næstkomanda og svo fyrst um sinn, í stað þess þeir áður höfðu fengið 250 rd. á ári, þá var það bæði sökum innihalds yðar eigin uppástúngu þar á undan, 29. nóvbr. f. á., og af því, sem sjá mátti af hinum síðustu reikningum dómsmálasjóðsins, sem stjórnarráðið átti færi á að kynna sèr, að ekki varð byggt á öðru, en að það væri ekki framar hægt að taka meira úr sjóðnum í þessu skyni, en á hinn bóginn var það vitaskuld, að ekki gæti verið umtalsmál að leita til ríkisþingsins til þess að fá það, sem á vantar, úr ríkissjóðnum. Samt sem áður skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir ekki neitt ámóti, að tèðum málafærslumönnum sè veittir 4 rd. 32 sk. á mánuði frá 1. ágústm. þ. á. í viðbót, auk hinna 16 rd. 64 sk., ef dómsmálasjóðurinn er fær um að bera þessi útgjöld, án þess að aðrar skyldur, sem hvíla á honum, sè vanræktar, en frá þessu er ekki skýrt í yðar síðasta brèfi.

---

104. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun handa dýralækni í suðurumdæminu. 7. nóvbr.

Í brèfi 17. septbr. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að þèr hafið tekið dýralækni Snorra Jónsson til dýralæknis fyrir suðurumdæmið frá 1. septbrm. þ. á. til 30. aprílm. 1871 fyrir

1870. 7. nóvbr. þóknun, er í mesta lagi muni nema 480 rd., sem til ætlað sè að verði greiddir úr jafnaðarsjóði suðuramtsins, og hafið þèr gjört þessa ráðstöfun af því, að horfir til fjárkláða meðal fjallafjárins í haust; jafnframt þessu hafið þèr stungið uppá, að stjórnarráðið samþykki þessa ráðstöfun, og sökum þess, að ástand jafnaðarsjóðsins sè í lakara lagi, veiti nokkurt tillag til þess að borga tèðum dýralækni þóknun þá, sem honum hefir verið lofað, af því fè, sem veitt er til óvissra útgjalda handa Íslandi.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hefir ekki neitt ámóti þessari ráðstöfun yðar, og skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógeta, að yður verði borgaðir 200 rd. í þessu skyni úr jarðabókarsjóðnum af því fè, sem veitt er með fjárhagslögunum 20. grein, VI, C.

---

7. nóvbr. **105. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um reikninga stiptsprentsmiðjunnar.**

Með brèfi 15. janúar þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt, þar sem forstöðumaður stiptsprentsmiðjunnar, Einar Þórðarson, skýtur til úrslita stjórnarráðsins úrskurði stjórnardeildar reikningsmálanna um 4. grein í athugasemdunum við reikninga prentsmiðjunnar 1865 um það, hvernig reikna eigi þann hundraða-hluta af hinum árlega ágóða prentsmiðjunnar, sem honum fellur í skaut. Þèr álítið, að reikningur hinnar nefndu stjórnardeildar, sem er undirstaða úrskurðarins, virðist vera á rèttum rökum byggður (en samkvæmt honum telst árs-ágóði prentsmiðjunnar, sem forstöðumaðurinn á hlutdeild í, þannig, að upphæð allra útgjalda á hverju ári sè dregin frá tekjunum), og eigi því að fara eptir honum bæði í reikningum þess árs og endranær, og hafið þèr stungið uppá, að úrskurður stjórnardeildarinnar um þetta atriði standi óraskaður, en samkvæmt honum á forstöðumaðurinn að greiða 14 rd. 22 sk., og að forstöðumanni prentsmiðjunnar eptir þessum úrskurði sè

veittir 5 af 100 af ágóðanum fyrir reikningsárið 1866, en það verða af 944 rd. 35 sk.: 47 rd. 21 sk., og þegar búið er að draga frá 1 rd. 75 sk., sem hann hefir talið sèr til góða í reikningnum í þessu skyni, 45 rd. 42 sk., og skuli hinir fyr nefndu 14 rd. 22 sk. taldir með tekjum prentsmiðjunnar í reikningum þessa árs, en 45 rd. 42 sk. með útgjöldum hennar. 1870. 7. nóvbr.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við hina fyrnefndu stjórnardeild um þetta, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að vèr föllumst á uppástungu yðar, og mælumst til þess, samkvæmt beiðni reikningsdeildarinnar, að þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sjáið um, er þèr fáið reikninga prentsmiðjunnar, að rètt aðferð sè við höfð til þess að finna hluta forstöðumannsins, og, ef það er ekki gjört, að fá forstöðumanni reikningana aptur til þess hann semi þá á ný.

---

106. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um nefnd í landbúnaðarmálinu. 7. nóvbr.

Samkvæmt þegnlegri uppástungu stjórnarráðsins hefir hans hátign konunginum þóknazt að fallast á 4. þ. m., að yður, herra stiptamtmaður, sè falið á hendur, að setja þriggja manna nefnd til að semja frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga handa Íslandi.

Um leið og vèr samkvæmt þessu mælumst til, að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf til þess að setja þessa nefnd, skal hèr nokkrum orðum farið um þetta mál. Að því er snertir það atriði, hverja velja skuli í nefndina, verður stjórnarráðið samkvæmt uppástungu yðar í brèfi 30. septbr. f. á. að álíta það hagfelldast, að nefndarmenn sè sinn alþingismaðurinn úr hverju amtinu, og má að nokkru leyti firra sig vandkvæðum þeim, sem óneitanlega mundu hljótast af, að sinn er úr hverju amti, með því, að einum nefndarmanni sè falið á hendur að búa til frumvarp til undirstöðu, sem allir nefndarmenn á síðan yfir færi í sameiningu, og til þess sè tekinn tíminn rètt á undan eða eptir alþingi, en með því mætti spara ferðakostnað, sem annars yrði ekki komizt hjá. Þar sem

1870. 7. nóvbr.

þèr, herra stiptamtmaður, í fyr nefndu brèfi yðar hafið tekið til nafngreinda menn til nefndarinnar, og þar á meðal dannebrogsmann Jón Sigurðsson á Gautlöndum í Þingeyjarsýslu, verðum vèr að eins að geta þess, þareð það að öðru leyti er á sjálfs yðar valdi, hverja þèr setið í nefndina, að með því sjá má af bænarskrá frá nefndum Jóni Sigurðssyni til stjórnarráðsins, að fyrrum amtmaður í norður- og austurumdæminu Havstein hefir látið hefja lögsókn gegn honum útaf því, að hann sè grunaður um að hafa dregið undan nokkuð af tekjum ríkissjóðsins af Þingeyjarsýslu, þá er hann var settur þar sýslumaður árið 1861, er það vitaskuld, að ekki getur komið til umtals að kjósa hann í nefndina, fyr en hann sè dæmdur sýkn saka, eða þá málssóknin fallin niður.

Þess skal ennfremur getið, að stjórnarráðið þegar þar að kemur, samkvæmt sèrstakri uppástungu, mun fúst á, að veita þeim nefndarmönnum, sem eiga ekki heima í Reykjavík, hæfilega fæðispeninga fyrir þann tíma, er þeir dveljast við þetta starf þar í bænum, og svo þeim nefndarmanni, sem semur undirstöðu-frumvarpið, slíka þóknun, sem samsvari fyrirhöfn hans og því, hvernig frá verkinu sè gengið; sendum vèr yður hèr með til hagnýtingar handa nefndinni skjöl þau frá hinni íslenzku landbúnaðarnefnd, er sett var samkvæmt konungsúrskurði 23. apríl 1845, sem eru í vörzlum vorum, og eru þau talin á skrá þeirri, sem með fylgir; mælumst vèr til að fá þessi skjöl aptur, þegar búið er að nota þau, og sömuleiðis að fá vitneskju um þær ráðstafanir, sem þèr gjörið, samkvæmt því, sem hèr er ritað.

---

22. nóvbr.

107. Brèf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austuramtsins, um borgun fyrir flutning á betrunarhússfanga.

Í sambandi við brèf stjórnarráðsins 29. ágúst þ. á. tilkynnum vèr hèrmeð amtinu, til leiðbeiningar, að hingað hefir borizt skilríki frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu um það, að samn-

ingur hafi verið gjörður milli hans og skipstjóra S. *Nielsen* um flutning betrunarhússfánga Guðna Jóhannesar Skeels frá Íslandi og hingað fyrir 30 rd. Jafnframt mælumst vèr til, að amtið bendi tèðum sýslumanni á, að borgun fyrir flutning sakamanna frá Íslandi og hingað skuli, samkvæmt konungsúrskurði 25. septbr. 1816 [1], reiknast eptir dagatölu, þannig, að 1 rd. sè borgaður fyrir hvern dag ferðarinnar, en að ekki megi semja um fast kaup fyrir alla ferðina. 1870. 22. nóvbr.

---

108. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun á tillagi til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar. 22. nóvbr.

Í bænarskrá, sem hingað hefir borizt beina leið, hefir Sæmundur prestur Jónsson að Hraungerði sókt um leyfi dómsmálastjórnarinnar, til þess að mega, þegar þar að kemur, borga hið árlega tillag sitt til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar hèr í bænum í jarðabókarsjóðinn, þannig, að hin íslenzka stjórnardeild aptur hlutist til um, að tillagið verði borgað lífsfjár- og framfærslustofnuninni á rèttum gjalddaga.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það hlutaðeiganda, að stjórnarráðið getur ekki fengizt við að sjá um borgun tillags sækjanda til nefndrar stofnunar, en á hinn bóginn virðist mega borga tillagið á þann hátt, að það sè í tækan tíma goldið í jarðabókarsjóðinn á venjulegan hátt, til þess það beinlínis verði borgað opt nefndri stofnun úr ríkisfjárhirzlunni hèr í bænum.

---

[1]) Lovsamling for Island VII., 623.

Embætta veitingar, nafnbætur o. s. frv. árið 1870.

10. marz. Þórður Tómasson, cand. med. & chir., skipaður hèraðslæknir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu í norður- og austuramtinu.

24. maí. Halldór Guðmundsson, cand. philos., skipaður kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík.

21. júní. Staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna 6. apríl 1869, handa síra Hjörleifi Guttormssyni fyrir Hvammi í Hvammsveit í Dalasýslu.

s. d. Staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna 9. septbr. 1869, handa síra Vigfúsi Sigurðssyni fyrir Sauðanesi í Þingeyjarsýslu.

s. d. Staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna 7. desbr. 1869, handa síra Páli Pálssyni, fyrir Kirkjubæjarklaustri í Skaptafellssýslu.

19. oktbr. Staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna 23. marz 1870, handa síra Steini Torfasyni Steinsen fyrir Hvammi í Hvammsveit í Dalasýslu.

1871.

1. Lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu. 1871. 2. janúar.

(á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstökum landsrèttindum.

2. grein.

Á meðan að Ísland ekki hefir fulltrúa á ríkisþinginu, tekur það engan þátt í löggjöfinni um hin almennu málefni ríkisins, en aptur á mót verður þess ekki krafizt, að Ísland leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins, á meðan að svo á stendur.

Um það, hvort Ísland eigi að hafa fulltrúa á ríkisþinginu, verður aðeins ákveðið með lögum, sem bæði hið almenna löggjafarvald ríkisins og hið sèrstaklega löggjafarvald Íslands samþykkir.

3. grein.

Hin sèrstaklegu málefni Íslands eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hèr að lýtur, þó verður engin breyting gjörð á stöðu hæzta rèttar sem æzta dóms í íslenzkum málum án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því;
2. lögreglumálefni;
3. kirkju- og kennslumálefni;
4. lækna- og heilbrigðismálefni;

1871. 2. janúar.

5. sveita- og fátækramálefni;
6. vegir og póstgöngur á Íslandi;
7. landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir;
8. skattamál beinlínis og óbeinlínis;
9. þjóðeignir, opinberar stofnanir og sjóðir.

4. gr.

Öll gjöld til alþingis og landstjórnar, er snertir þau málefni, sem nefnd voru í næstu grein á undan, og þar á meðal eptirlaun þau, sem nú eru goldin eða eptirleiðis verða veitt íslenzkum embættismönnum, er hafa fengið lausn frá embætti, eða ekkjum þeirra eða börnum, skulu talin sèrstakleg gjöld Íslands.

5. grein.

Til hinna sèrstaklegu gjalda Íslands skal á ári hverju goldið úr ríkissjóðnum 30,000 rd. tillag og í 10 ár 20,000 rd. aukatillag, sem á þeim 20 árum, sem þá fara í hönd, verður fært niður um 1000 rd. á ári, þannig að það sè alveg fallið niður að 30 árum liðnum.

Auk afrakstursins af þjóðeignum Íslands og opinberum sjóðum, og af beinlínis og óbeinlínis skattgjöldum, sem nú eru heimt saman eða eptirleiðis verða innleidd á Íslandi, skal talið með hinum sèrstaklegu tekjum Íslands það endurgjald, vextir af láni og borgun uppí lán eða því um líkt, sem hvílir á íslenzkum sveitarfèlögum, stofnunum, embættum eða gjaldþegnum ríkissjóðnum til handa.

Öll skuldaskipti, sem verið hafa hingað til milli ríkissjóðsins og Íslands, eru hèr með alveg á enda kljáð.

6. grein.

Gjöldin til hinnar æztu stjórnar hinna íslenzku málefna í Kaupmannahöfn og sömuleiðis til póstferða milli Danmerkur og Íslands skulu greidd úr ríkissjóðnum.

Ef nokkurt gjald verður lagt á þessar póstferðir til hins sèrstaklega sjóðs Íslands, verður jafn mikið dregið af árs tillagi því, sem ákveðið er handa Íslandi í 5. grein.

7. grein. 1871.

Þessi lög öðlast gildi 1. dag aprílm. 1871. Frá þessum 2. janúar.
tíma eru þau störf á enda, sem ríkisþingið hingað til hefir haft á hendi um fyrirkomulag á hinum sèrstaklegu tekjum og útgjöldum Íslands.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

---

2. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um verkfæri handa lækni í Stranda og Barðastrandar sýslu. 5. janúar.

Um leið og þèr, herra amtmaður, skýrið frá í brèfi 4. oktbr. f. á., að kandídat í læknisfræði, Ólafur Sigvaldason, sem er settur til að gæta hèraðslæknis-starfa í Strandasýslu og suðurhluta Barðastrandarsýslu, hafi sókt um, að fá endurgoldna úr jafnaðarsjóðnum 26 rd. 8 sk., sem hann hefir varið til þess að kaupa sèr fyrir hin nauðsynlegustu verkfæri til læknisstarfa sinna, hafið þèr leitað samþykkis stjórnarráðsins um, að þèr hafið til bráðabirgða veitt þetta, með því skilyrði, að verkfærin skyldi fylgja læknisembættinu, og að fèð yrði borgað aptur í jafnaðarsjóðinn, ef stjórnarráðið ekki samþykkti. Þèr hafið einkum skírskotað til þess, að eptir því, sem nú eru lög til, þá er fè veitt úr jafnaðarsjóðunum til að kaupa læknaverkfæri þau, sem á þarf að halda, handa hinum föstu hèraðslæknum; einnig getið þèr þess, að sækjandi búi við lakari kjör en þeir, og muni eiga bágt með að vera án fjárins eða bíða eptir, að honum verði það endurgoldið.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum verður að fallast á það, sem gjörzt hefir í þessu máli.

1871. 17. janúar.

3. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um kennslubók í söngfræði.

Með brèfi, dagsettu 17. nóvbrm. f. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá, þar sem söngkennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, organleikari Pètur Guðjohnsen, hefir sókt um 80 rd. styrk, sem endurgjald fyrir kostnað við prentunina á íslenzkri kennslubók í söng, eða leiðarvísi við söngkennslu, sem hann hefir gefið út; hafið þèr mælt fram með þessu af því, að hið opinbera hafi endranær veitt styrk til þess að gefa út íslenzkar kennslubækur, bæði með því að veita höfundunum þóknun, og með því að láta prentsmiðju landsins prenta bækurnar á sinn kostnað; þèr færið og til, að sækjandi hafi sýnt, að honum sè mjög annt um kennslugrein sína, með því að gefa út bók þessa á sjálfs síns kostnað, án þess að sækja um slíkan styrk fyrirfram, er þèr þá munduð hafa mælzt til að hann fengi.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að þó eigi virðist geta verið þörf á slíkri bók við söngkennsluna í skólanum, hefir stjórnarráðið samt, sökum þess, að bókin að öðru leyti mundi geta gjört gagn, veitt sækjandanum 50 rd. þóknun, og veitum vèr yður myndugleika til, að láta borga þessa upphæð af því fè, sem veitt er með fjárhagslögunum 20. gr. VI. C.

17. janúar.

4. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sending hinna dönsku Lagatíðinda og stjórnartíðinda.[1]

Jafnframt og vèr gefum yður, herra stiptamtmaður, til vitundar, að póststjórnin, samkvæmt lögum 25. júní f. á. og til-

[1]) Með brèfi s. d. voru hinum amtmönnunum send hvorutveggju tíðindin.

skipun 24. septbr. s. á., frá 1. þ. m. mun sjá um, að stiptamtinu verði sent sitt exemplarið af hvorju, Lagatíðindum *(Lovtidende)* og Stjórnartíðindum *(Ministerialtidende)*, sem skulu fylgja embættinu, mælumst vèr til, að þer tilkynnið hinum íslenzka landsyfirrètti og alþingi, að þeim muni á líkan hátt verða send 2 exemplör af Lagatíðindum og 1 af Stjórnartíðindum, og skal hvorttveggja vera eign yfirrèttarins og þingsins. 1871. 17. janúar.

5, Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sölu á prestssetrinu Eyri við Skutulsfjörð.[1] 19. janúar.

Í brèfi 29. ágúst f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, stungið uppá, að kirkju- og kennslustjórnin útvegaði konungsúrskurð, er veitti yður heimild til, samkvæmt þeim samningum, sem gjörðir hafa verið 1. febr. og 7. maí f. á., að

---

[1]) Samkvæmt tilskipun 26. janúar 1866 25. gr. hafði bæjarstjórnin á Ísafirði fyrir hönd kaupstaðarins leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar til þess að kaupa prestssetrið, með þeim skilmálum, sem tilgreindir eru í brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar; útaf þessu hefir dómsmálastjórnin skrifað amtmanninum í vesturumdæminu, 23. febr., meðal annars þannig . . . .

„Eptir að stjórnarráðið útaf þessu hefir skrifazt á við kirkju- og kennslustjórnina, og frá henni fengið vitneskju um, að hans hátign konunginum hafi þóknazt 10. f. m. allramildilegast að fallast á, að stiptsyfirvöldunum yfir Íslandi verði veittur myndugleiki til að selja prestssetrið Eyri með þeim skilmálum, sem hlutaðeigandi prestur og bæjarstjórnin í Ísafjarðar kaupstað hafa komið sèr saman um, 1. febr. og 7. maí f. á., gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr auglýsið það, að dómsmálastjórnin að því leyti, er snertir kaupstaðinn, hefir ekki neitt ámóti því, að kaupin fari fram með þeim skilmálum, sem getið er að framan, og skal því að endingu við bætt, að stjórnarráðið eptir því, sem segir í fyr nefndu brèfi yðar, verður að vera yður samdóma í því, að ef nokkur ágreiningur skyldi verða um skilning á samningnum, þá skuli málið ganga til dóms og laga.“

1871. 19. janúar. selja Ísafjarðar-kaupstað prestssetrið Eyri við Skutulsfjörð með kirkjunni og landi staðarins frá Hnífsdals landareign innst inn á Torfnes, fyrir utan Stakkanes, með þeim skilmálum, sem hèr skal greina:

1. að kaupstaðurinn taki við kirkjunni, og allri ábyrgð á henni, þarmeð einnig því, sem eptir stendur af skuld kirkjunnar til ríkissjóðsins, þar að auki greiði hann 150 rd. á ári hverju til Eyrar prestakalls, og til tryggingar þessari skuldbinding veiti fyrsta veðrètt í jörðinni og því, sem henni fylgir;
2. að sóknarpresturinn á Eyri skuldbindist til, að búa eptirleiðis í kaupstaðnum á Ísafirði; þó skuli það leyft þeim presti, sem nú er, að búa á Stakkanesi þangað til hann er búinn að fá sèr íveruhús í kaupstaðnum;
3. að sóknarprestinum leyfist, að nota húsakynni á prestssetrinu afgjaldslaust eitt ár, frá því að þessi samningur er staðfestur, og honum verði vísaður staður til uppsáturs á kaupstaðarlóðinni kauplaust, ámeðan hann býr utan kaupstaðar.

Ennfremur eru tilgreindir nokkrir skilmálar, er snerta úttektina á staðnum, til dæmis, í hvaða standi byggingarnar skuli vera, og að prestur skuli borga að fullu og öllu þá 200 rd., er hann fèkk í ofanálag fyrir kirkjuna, þótt hann fyrir skömmu hafi varið nokkru til hennar.

Útaf þessu hefir stjórnarráðið skrifazt á við dómsmálastjórnina, og borið málið upp fyrir konungi; samkvæmt uppástungu stjórnarráðsins hefir hans hátign konunginum þóknazt 10. þ. m. allramildilegast að fallast á, að stiptsyfirvöldunum á Íslandi sè veittur myndugleiki til að selja prestssetrið Eyri með öllum ítökum frá Hnífsdals landareign innst inn á Torfnes, fyrir utan Stakkanes, ásamt tilheyrandi byggingum, túni og öllum gögnum og gæðum, með þeim skilmálum, sem getið er að framan. Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, hèr með til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, og gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf.

Útskript af gjörða- og kjörfundabók Ísafjarðarkaupstaðar.

Ár 1870 þriðjudaginn þann 1. febrm. átti undirskrifuð bæjar-

stjórn fund með prestinum að Eyri, prófasti Árna Böðvarssyni, til þess að reyna samkomulag um skilmála fyrir afsali prestssetursins Eyrar til kaupstaðarins. 1871. 19. janúar.

Eptir margar umræður milli hlutaðeigenda varð svolátandi samkomulag:

Eg undirskrifaður Árni Böðvarsson, prestur og prófastur á Eyri, afsala til kaupstaðarins Ísafjarðar prestssetrið Eyri og allt Eyrarland fra Hnífsdals landareign innst inn á Torfnes, fyrir utan Stakkanes, með tilheyrandi húsum, túni og öllum herlegheitum, móti því að kaupstaðurinn taki að sèr kirkjuna á Eyri og alla ábyrgð af henni og skuld þeirri, sem kirkjan stendur nú í við stjórnina, ásamt þeim tekjum, sem henni tilheyra, og þess utan að kaupstaðurinn borgi mèr, eða hverjum þeim presti, sem hèr væri á Eyri, árgjald að upphæð 150 rd.

En það stykki af Eyrar landi, sem er fyrir innan Torfnesið, inn að Seljalands landareign, undanskil eg, og áskil mèr (það), og hverjum þeim presti, sem kynni að verða hèr eptir minn dag.

Við undirskrifaðir, bæjarfógeti og bæjarfulltrúar, lofum kaupstaðarins vegna að taka að oss kirkjuna á Eyri með tekjum hennar, og standa straum af henni og skuld þeirri, sem hún er nú í við stjórnina, og lofum að borga úr bæjarsjóði árgjald 150 rd., móti því að fá til allra afnota jörðina Eyri með öllu henni fylgjandi, húsum, túni, engjum, holti, haga og öllum herlegheitum, frá Hnífsdals landareign að utanverðu allt inn að innri hlið á Torfnesinu, sem er næst fyrir utan Stakkanes. Þetta allt af beggja málsparta hálfu samþykkt með því móti, að vesturamtið og stiptsyfirvöldin á Íslandi samþykki.

Árni Böðvarsson. Stefán Bjarnarson. L. A. Snorrason. U. T. Thostrup. F. Árnason. Jón Jónsson. E. V. Sandholt.

In fidem

St. Bjarnarson.

Ar 1870 þann 7. maím. var á skrifstofu bæjarfógeta á Ísafirði haldinn fundur af undirskrifaðri bæjarstjórn og prestinum á Eyri, prófasti Árna Böðvarssyni, til þess að reyna samkomulag um nokkra viðaukaskilmála, sem velnefndur prestur hefir sett fyrir

1871. 19. janúar. afsölu Eyrar prestsseturs til Ísafjarðarkaupstaðar. Þessir viðauka-skilmálar frá prestsins hálfu eru:

1. að hann fái uppsátur og fiskiverkunarpláz borgunarlaust á Tangalóðinni;
2. að hann fái að brúka Eyrarbæ frítt í eitt eða tvö ár;
3. að hann megi skila kirkjunni in statu quo álagslausri;
4. að hann megi skila Eyrarbæ in statu quo álagslausum.

Þareð þessir viðaukapóstar mót von bæjarstjórnarinnar komu til umræðu milli viðkomandi málsparta, sem skilmálar fyrir afhendingu Eyrar prestsseturs, áleit bæjarstjórnin sig hafa heimild til að bæta við einum skilmála af sinni hálfu, nefnilega:

5. að presturinn skuldbindi sig og sína eptirmenn í kallinu til þess að búa í kaupstaðnum.

Um þessa 5 pósta byrjaði umræða og endaði með svo hljóðandi samkomulagi:

að 5. pósti. Presturinn skuldbindur sig og sína eptirmenn í prestakallinu til að búa í kaupstaðnum, þó svoleiðis, að presturinn áskilur sèr rètt til að búa á Stakkanesi þartil hann er búinn að útvega sèr eða byggja íbúðarhús í kaupstaðnum.

að 1. pósti. Þessi póstur fellur burtu, þegar presturinn er orðinn kaupstaðarbúi, þareð hann nýtur þá sömu rèttinda sem hver annar innbúi kaupstaðarins, en skyldi prófastur sèra Árni Böðvarsson um stundar sakir verða utanbæjarmaður, leyfir bæjarstjórnin honum frítt uppsátur á kaupstaðar-lóðinni fyrir sín eigin skip og fiskiverkunarpláz fyrir sinn eiginn fisk borgunarlaust.

að 2. pósti. Bæjarstjórnin samþykkir, að prófastur herra Árni Böðvarsson noti Eyrar bæ eitt ár borgunarlaust, reiknað frá þeim degi, sem rèttir viðkomendur hafa lagt samþykki sitt á þenna samning og velnefndur prófastur gjörir sig ánægðan með þenna frest.

að 3. pósti. Jafnvel þó prófastur herra Árni Böðvarsson hafi næstliðin 4 ár á ýmsan hátt dittað að kirkjunni, og þetta hafi kostað hann nokkra peninga, lofar hann þó, með sèrlegu tilliti til hinnar miklu þarfar, sem kirkjan hefir til allra þeirra peninga, sem hún hefir nokkuð tilkall til, að svara þeim 200 rd. óskertum,

sem hann tók ámóti í ofanálag, hverju bæjarstjórnin gengur að með þökkum. 1871. 19. janúar.

að 4. pósti. Prófasturinn lofar að skila öllum jarðarhúsum á Eyri í líku standi sem þau nú eru í, og láta af hendi allt naglfast, gólf og þiljur, o. s. frv., sem nú er hans eign innanum bæinn, að engu undanskildu, í ofanálag, nema timburhúsinu, og gjörir bæjarstjórnin sig ánægða með þetta. Þó undanskiljast stórskemmdir, sem presturinn borgar, en þar á móti ekki venjuleg fyrning, sem fellur bæjarsjóðnum, fyrir þann tíma, sem presturinn samkvæmt framangreindu hefir rètt til að búa í honum.

Að endingu komu báðir viðkomandi málspartar sèr saman um, að skyldi eitthvað ágreinings atkvæði rísa útaf þeim upprunalega samningi, dagsettum 1. febrm. þ. á., sem allir viðkomendur þó ekki álitu neitt tvíræðan, eða þurfa nokkurra athugasemda með, að það skuli metast og afgjörast af útnefndum óvilhöllum mönnum, sem málspartar sjálfir koma sèr saman um, eða eru útnefndir af yfirumsjónarmönnum kaupstaðar og prestsseturs-lóðarinnar.

Ofanskrifuðu til staðfestu eru allra viðkomenda undirskrifuð nöfn.

(Sömu nöfn og að framan).

---

6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannins yfir Íslandi, um skyldu hèraðslækna til að ferðast um Skaptafellssýslu.[1] 24. janúar.

Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hefir farið þess á leit, sökum þess, að þar gekk í fyrra mislinga-sótt, að það verði gjört þeim tveimur hèraðslæknum að skyldu, sem skipaðir eru í Austur- og Vestur-Skaptafellssýslu, — en það eru þeir: læknirinn í austur-hèraði

[1]) Þetta brèf er s. d. tilkynnt amtmanninum í norður- og austurumdæminu.

1871. 24. janúar. norður- og austurumdæmisins og læknirinn í austurhèraði suðurumdæmisins —, að ferðast tvisvar á ári um nefndar sýslur, til að rannsaka heilbrigði manna á milli, og gefa fátæklingum þar kost á að leita til þeirra. Útaf þessu hafið þèr, herra stiptamtmaður, eptir að þèr hafið leitað álita landlæknisins á Íslandi og beggja þeirra lækna, sem í hlut eiga, í brèfi 23. septbr f. á. borið það undir úrskurð stjórnarráðsins, að það verði lagt tèðum læknum fyrir, að fara eina eða tvær ferðir á ári í þessu skyni á þeim tíma, sem birtur sè alþýðu fyrirfram, og skuli annar læknirinn fara til Öræfa í Austur-Skaptafellssýslu, en hinn til Kirkjubæjarklausturs í Vestur-Skaptafellssýslu. Þèr hafið jafnframt getið þess, að yður finnist ekki að læknarnir geti átt neina heimtingu á endurgjaldi fyrir þessar ferðir, eins og þeir hafa krafizt í álitsskjölum sínum, því þessum ferðum verði ekki jafnað við þær, sem læknar fara, þegar næmar sóttir ganga, eða til líkskurðar, og því um líks, enda muni læknarnir geta búizt við, að fá nokkra þóknun fyrir lækningar á leiðinni, til að standast ferðakostnaðinn. Skyldi samt sem áður fara svo, að þeim verði veitt endurgjald fyrir þessar ferðir, — en yður finnst hæfilegt, að það sè þá látið vera 20 eða 25 rd., — hafið þèr stungið uppá, að taka það úr læknasjóðnum, sem hefir nóg fè fyrir hendi til þess, þangað til að því kemur, að borga þarf 400 rd. á ári af sjóðnum, samkvæmt auglýsing dómsmálastjórnarinnar 31. maí 1867 [1], handa lækni, sem vildi setjast að í Skaptafellssýslu.

Um þetta mál hefir stjórnarráðið skrifazt á við hið konunglega heilbrigðisráð, og mælist til, að þèr, herra stiptamtmaður, bjóðið hèraðslækninum í austurhèraði suðurumdæmisins og hinum setta hèraðslækni í austurhèraði norður- og austurumdæmisins, að fara að minnsta kosti einusinni á ári ferðir þær, sem hèr hefir verið stungið uppá, þangað til læknir fæst til að setjast að í Skaptafellssýslu uppá þau kjör, sem tiltekin eru í fyr nefndri auglýsingu dómsmálastjórnarinnar. Læknarnir skulu hafa meðferðis almenn lækningameðöl, og skal borga lækninum í austurhèraði suðurumdæmisins 25 rd. fyrir hverja ferð úr læknasjóðnum, en hinum

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 432.

setta hèraðslækni í austurhèraði norður- og austurumdæmisins hefir stjórnarráðinu ekki fundizt ástæða til að veita neitt endurgjald, og mun stjórnarráðið sjá um að sá, sem embættið verður veitt, verði skyldaður til að fara þessar ferðir kauplaust. 1871. 24. janúar.

7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um skipstrand og gripdeildir enskra sjómanna. 24. janúar.

Í brèfi 6. f. m. hefir utanríkisstjórnin, eptir tilhlutun hins frakkneska sendiboða í Danmörku, mælzt til, að dómsmálastjórnin annaðhvort sendi svo fljótt sem verður reikningana viðvíkjandi hinu strandaða fiskiskipi »Emilie« D 53 frá »Dunkerque«, eða, ef þetta ekki er hægt, láti til skýrslur, svo hún fullkomlega geti skýrt sendiboðanum frá, hversvegna málið hafi dregizt.

Útaf þessu gefst utanríkisstjórninni til vitundar, að þessir reikningar komu ekki hingað með síðasta póstskipi frá Íslandi í miðjum fyrra mán., eins og þó búizt hafði verið við. Með því málið með þessu móti ekki mun verða á enda kljáð fyr en í vor, þegar gufuskipsferðirnar byrja aptur til Íslands, skal stjórnarráðið samkvæmt tilmælum utanríkisstjórnarinnar ekki leiða hjá sèr, að skýra frá þeim atvikum við þetta strand, sem því eru kunnug.

Eins og sjá má af skjölum þeim, sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu sendi utanríkisstjórninni beina leið, en hún aptur sendi hingað með brèfi, dagsettu 18. febrm. 1869, rak skipið á grunn við Skagann í norður- og austurumdæminu, og skildu skipverjar þar við það; fundu síðan tveir enskir skipstjórnarmenn skipið á Skagafirði, og sigldu með það uppá Siglufjörð 5. ágúst 1868; hreppstjórinn þar lèt þá láta alla lausa muni ofan í farmrúm skipsins, og setti innsigli bæði fyrir farmrúmið og fyrir káettuna. Nóttina milli 6. og 7. s. m. var farmrúmið rifið upp og káettan brotin, höfðu þá skipverjar af hinu enska skipi »Onward«, er skipstjórnarmaður »Abe« stýrði, rænt þar, og tekið alla kaðla af skipinu og það, sem laust var, en skipstjóri skilaði því þó að mestu leyti aptur, og var þá ekki gjört neitt

1871. 24 janúar. frekara við hann og menn hans. Þegar hlutaðeigandi sýslumaður var kominn til Siglufjarðar, voru nefndir fjórir skoðunarmenn til að halda skoðunargjörð yfir hið brotna skip, og voru til þess eknir tveir íslenzkir timbursmiðir og tveir danskir skipstjórnarmenn; timbursmiðirnir álitu, að ekki væri hægt að gjöra að skipinu svo á Íslandi, að það yrði haffært, en hinir hèldu, að það mætti. Sýslumaður fèllst á skoðun hinna íslenzku timbursmiða, og ákvarðaði, að selja skyldi skipið svo sem brotið, með öllu tilheyrandi; var síðan haldið uppboð 15. og 16. s. m. og skipið selt öðrum hinna íslenzku skoðunarmanna, sem skömmu seinna gjörði að skipinu og sigldi á því til Akureyrar. Með því stjórnarráðinu varð að finnast aðferð sýslumanns nokkuð ísjárverð, þá er hann dæmdi skipið óhaffært og seldi það, og með tilliti til þess, hvernig farið var með þjófnaðarmál skipshafnarinnar á »Onward«, var amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu með brèfi 9. marz 1869 beðinn að leita álits sýslumannsins um þetta, og þá, ef málavextir væri til þess, að láta höfða rannsókn gegn þeim tveimur íslenzku skoðunarmönnum fyrir aðferð þeirra. Um leið og reikningarnir viðvíkjandi strandinu, sem fylgdu fyrnefndu brèfi utanríkisstjórnarinnar, voru sendir amtmanni aptur, var hann, eins og utanríkisstjórninni mun vera kunnugt, beðinn um, að veita Oddi Gíslasyni, Lloyds-erindisreka, sem hafði gefið sig fram sem fulltrúi eiganda skipsins, hlutaðeiganda strandbóta-fèlags, og hinna ensku skipstjórnarmanna, sem höfðu komið skipinu inn á Siglufjörð, — en hann hafði borið sig upp undan því, sem gjörzt hafði, — kost á, að segja álit sitt um reikningana, og svo, ef þörf væri á, færa niður reikningana, og semja nýjan aðalreikning, sem stjórnin gæti sent hlutaðeiganda. Þenna aðalreikning höfum vèr, eins og drepið var á, enn ekki fengið, og höfum vèr, eins og utanríkisstjórninni er kunnugt, ítrekað skipun vora í brèfi til amtmannsins 10. ágúst f. á. Samt sem áður sèst það af skýrslu frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, dagsettri 2. febrúarm. f. á., að jafnskjótt og honum barst brèf stjórnarráðsins 9. marz 1869, hefir hann leitað álits fyrnefnds fulltrúa, en hann gaf amtinu til kynna ekki fyr en 24. júní s. á., að hann hefði skrifað eigendum skipsins og þeim,

sem höfðu bjargað því, og vænti eptir áliti þeirra, og það hefir amtið ekki fengið ennþá. 1871. 24. janúar.

Þar sem það nú reyndar er líklegt, að málið hafi dregizt nokkuð sökum þess, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu, Havstein, í þessu millibilli hefir verið leystur frá embætti sínu, og hlutaðeiganda sýslumanni vikið frá embætti um stundar sakir, má samt sjá af því, sem sagt er að framan, að dráttur málsins sè að mestu leyti að kenna sjálfum fulltrúa skipseigandanna eða strandbótafèlagsins, fyrnefndum Lloyds erindsreka, Oddi Gíslasyni, enda liggur það í augum uppi hvernig sem málinu er varið, að það var gjört í hag eigandanna eða strandbóta-fèlagsins, að senda aptur til Íslands aðalreikninginn viðvíkjandi strandinu, svo hann yrði rannsakaður og saminn aptur á ný.

Að endingu skal því við bætt, að þó búast megi við þessum skjölum með fyrsta pósti frá Íslandi í vor, hefir stjórnarráðinu fundizt rèttast eigi að síður, að minna amtmanninn aptur á málið.

---

8. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á afgjaldi af nokkrum jörðum Kirkjubæjar klausturs. 24. janúar.

Eptir að stjórnarráðið, sökum tjóns þess, er jarðir Kirkjubæjar klausturs: Hátún, Dalbær, Uppsalir og Fagurhlíð, höfðu beðið af sandfoki um veturinn 1868—69, í brèfi, dagsettu 9. júlím. f. á.[1] hafði veitt landsetunum á þessum jörðum um tvö hin næstu ár lækkun á afgjaldinu af jörðunum, sumsè af Hátúni 15 áln., af Dalbæ 20 áln., af Uppsölum 10 áln. og af Fagurhlíð 13 áln., hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 1. nóvbr. f. á. skýrt frá, að tèðar jarðir hafi aptur rýrnað mjög af sandfoki um veturinn 1869—70. Umboðsmaðurinn hefir útaf þessu farið þess á leit, að hinum nefndu landsetum verði veitt enn fremur linun í afgjaldinu, og

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 81.

1871. 24. janúar. hafið þèr, sökum þess að hætt er við, að jarðirnar gjörsamlega leggist í eyði, ef ekki verður hlaupið undir bagga með landsetunum á þenna hátt, samkvæmt tillögum umboðsmannsins, stungið uppá, að auk þeirrar linunar, sem veitt er tèðum landsetum frá fardögum 1869 til fardaga 1871, verði Hreiðari Bjarnasyni á Hátúni gefið upp það, sem eptir stendur af landskuld hans fyrir fardaga-árið, sem nú er, en hinum veitt sú lækkun á afgjaldinu, sem hèr skal greina:

1. Sigurði Sigurðssyni á Dalbæ . . . . . 7 áln.,
2. Jóni Jónssyni á Uppsölum . . . . . 10 áln. og
3. Ólafi Ólafssyni í Fagurhlíð . . . . . 6 áln.;

er hver alin, eins og landskuldin sjálf, af öðrum helmingnum talin 8 sk. virði, en af hinum er hvert álnarvirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum veitir það, sem sókt hefir verið um.

---

27. janúar. **9. Brèf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austuramtsins, um vegagjald.**[1]

Í skjali nokkru, sem hingað hefir borizt, hafa hreppstjórarnir, sem þá voru, í Grýtubakkahrepp í Þingeyjarsýslu, Þorsteinn Jónasson

---

[1]) Sama dag var stiptamtmanninum yfir Íslandi skrifað svo látandi brèf:

„Með brèfi 4. oktbr. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað álit, er sýslumaðurinn í Árnessýslu, Þorsteinn kansellíráð Jóhnsen, hefir látið uppi samkvæmt brèfi stjórnarráðsins 8. ágúst f. á., um kæruskjal frá hreppstjóranum í Grýtubakkahrepp í Þingeyjarsýslu yfir því, að fyrrum amtmaður í norður- og austurumdæminu, Havstein, hafi skipað, að taka skyldi með fjárnámi hjá þeim það, sem tèður hreppur hafði goldið til þjóðvega 1866 og árin næst á eptir, en þeir höfðu varið þessu fè með leyfi Þorsteins kansellíráðs Jóhnsens til þess að gjöra brú á aukavegi í tèðum

og Sveinn Sveinsson sókt um, að það yrði numið úr gildi, að fyrrum amtmaður í norður- og austurumdæminu, Havstein, hafði skipað að taka lögtaki hjá þeim fé, sem varið hafði verið til vegabóta í hreppnum, og hafa þeir í þessu efni borið fyrir sig, að vorið 1866 hafi þeir, eptir boði sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, Þorsteins Jóhnsens, kansellíráðs, sèð um, að gjörð væri brú yfir Gljúfurá, sem rennur um þann veg í hreppnum, sem mestar eru umferðir um, og að þeir hafi fengið leyfi Þorsteins Jóhnsens kansellíráðs til þess að borga kostnaðinn við brúargjörðina, er var 140 rd., með því gjaldi til þjóðvega, sem hreppurinn átti að greiða á manntalsþingi 1866 og árin næst á eptir; hafi amtmaður Havstein þá árið 1868, þá er hreppstjórarnir voru búnir að fá kostnaðinn endurgoldinn af vegagjaldinu, mótmælt því, að gjaldi til þjóðvega væri varið á þessa leið, og er hreppstjórarnir vildu ekki með góðu borga aptur vegagjaldið, skipaði amtmaður, að taka það hjá þeim með fjárnámi. 1871. 27. janúar.

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið álit Havsteins amtmanns um málið, og Þorsteins kansellíráðs Jóhnsens frá stiptamtinu, gefst amtinu til vitundar, til leiðbeiningar, og svo það verði auglýst, að þótt ekki geti leikið neinn efi á, samkvæmt því, sem fram er komið, að með réttu hefði átt að greiða kostnaðinn við brúargjörðina eins og fyrir er mælt í tilsk. um vegina á Íslandi 15. marz 1861, 19. gr. sbr. 21. gr., og að það hafi verið rangt, að

---

hreppi. Af álitsskjali Þorsteins sýslumanns sèst það, að hann minnir, að hann hafi leyft að gjöra brúna fyrir þjóðvegagjaldið, og þykist hann hafa haft nægilega heimild til þessa í því, sem fyrir er mælt í tilsk. um vegina á Íslandi 19. marz 1861, 19. gr.

Útaf þessu mælumst vèr til, að þèr, herra stiptamtmaður, tilkynnið Þorsteini Jóhnsen kansellíráði, að það sè með öllu misskilningur á þessari akvörðun í vegatilskipuninni, að hann hafi haldið, að sýslumennirnir hafi heimild til að hafa þjóðvegagjaldið til vegabóta á aukavegum, en þessi misskilningur er þeim mun eptirtakanlegri, sem hann í álitsskjali sínu byggir á því, að amtmaður einn samkvæmt vegatilskipuninni hafi ráð yfir þjóðvegagjaldinu, og að hann þannig hafi farið fram úr því, sem hann hafði vald til, þá er hann sem sýslumaður í Þingeyjarsýslu gaf hreppstjórunum þetta leyfi.“

1871. 27. janúar. verja gjaldi hreppsins til þjóðvega í amtinu á þessa leið, hefir stjórnarráðinu samt — eptir atvikum og einkum vegna þess, að það er sannað, að hreppstjórarnir hafi fengið leyfi hjá yfirvaldi sínu, sem þá var, þorsteini kansellíráði Jóhnsen, til þess að verja þjóðvegagjaldinu, eins og sagt er —, fundizt ástæða til að nema úr gildi fjárnámsboðið með því skilyrði, að hreppstjórarnir leggi fram kvittun fyrir kostnaðinum við brúargjörðina, og borgi aptur þann mun, sem kann að vera á kostnaðinum og því, sem þeir í raun og veru hafa tekið við í vegagjald, og skal það einnig eptir atvikum leyft, að Grýtubakkahreppur, sem í raun réttri er skyldugur til að borga aptur til þjóðvegagjaldsins kostnaðinn við téða brúargjörð, verði laus allra mála, ef hann borgar aptur helminginn af kostnaðinum.

---

31. janúar. **10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.**[1]

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, með brèfi, dagsettu 28. nóvbrm. f. á., hafið sent hingað skýrslu sýslumannsins á Vestmannaeyjum um það, sem framkvæmt hefir verið með þeim 500 rd., sem veittir voru með fjárhagslögum fyrir fjárhagsárið, sem nú er, 20. gr. VI. A. 3, til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum, hafið þèr stungið uppá, samkvæmt bænarskrá téðs sýslumanns, að 20 rd., sem ætlast má til að verði eptir af þessari fjárveiting, verði veittir honum sem þóknun fyrir umsjón hans við starfið, og hafið þèr getið þess, að bæði mundi það hafa orðið kostnaðarsamara, að taka til þessa sèrstakan umsjónarmann, enda hafi umsjón sýslumanns gjört það að verkum, að erfiðið hefir tekizt svo vel.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 47, sbr. 16. brèf á eptir.

svo þèr auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, og þar sem þèr, herra stiptamtmaður, jafnframt hafið farið þess á leit, að 500 rd. verði útvegaðir á næsta fjárhagsári til kostnaðar við að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum, skal þess getið, að þèr megið vænta síðar nákvæmari vísbendingar um það mál. 1871. 31. janúar.

---

11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austuramtsins, um verzlun við frakkneska fiskimenn. 31. janúar.

Um leið og amtið sendi hingað með brèfi 14. septbr. f. á. útskript af prófi, sem haldið hefir verið við lögregluréttinn Suðurmúlasýslu, en þar hefir hreppstjóri Bjarni Stefánsson sagt svo frá, að frakkneskt fiskiskip, að nafni »Stanislaus« frá »Gravelin«, hafi siglt upp á Norðfjörð, og skipverjar keypt hesta að landsmönnum, hefir amtið getið þess, að hlutaðeiganda sýslumanni hafi verið skipað, að höfða málssókn gegn þeim Íslendingum, sem verzlað hafa við skipverja og haft mök við þá, og stungið uppá, að stjórnarráðið hlutist til um, að hinum frakknesku fiskimönnum verði hegnt fyrir afbrot þeirra gegn lögum 15. apríl 1854, 3. og 4. gr.

Útaf þessu gefst hèr með til vitundar, að þar sem aðeins einn maður hefir borið fram vitnisburð um lagabrot þetta, á stjórnarráðið ekki hægt með að gjöra nokkra ráðstöfun til að reka þetta mál að svo komnu, en til þess verður að útvega ítarlegri skýrslur um málavöxtu, og þá sèr í lagi um heimili skipsins, sem í útskriptinni er kallað »Gravelin«, en í brèfi sýslumannsins til amtsins er nefnt »Granville«, og um það, hve mikil verzlunin hafi verið, o. s. frv. Að því er snertir málssókn þá, sem kann að vera höfðuð gegn þeim Íslendingum, sem verzluðu við Frakka, verður stjórnarráðið að mælast til, að amtið taki málssóknina aptur, þareð bann það, sem áður var, gegn verzlun við útlendinga samkvæmt tilsk. 13. júní 1787, Kap. 1., 7. gr., nú er numið úr gildi með lögum 15. apríl 1854.

1871. 23. febrúar. **12. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um vatnsveitingar og engjarækt í Suðurumdæminu.**[1]

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, með brèfi 17. oktbr. f. á. hafið skýrt frá framkvæmdum vatnsveitingamanns Níelsar Jörgensens í suðuramtinu í fyrra, hafið þèr getið þess, að tèður vatnsveitingamaður hafi til þessa aðeins fengizt við vatnsveitingar í Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, og Borgarfjarðarsýslu, og að Rangvellingar hafi æskt þess, að fá aðstoð hans til slíkra framkvæmda, er þèr álítið mikils varðandi fyrir framfarir landsins. Samkvæmt ósk húss- og bústjórnarfèlags suðuramtsins hafið þèr þessvegna farið þess á leit, að tèðu fèlagi verði veittur aptur á þessu ári 200 eða 250 rd. styrkur til þess að geta fengið vatnsveitingamann Níels Jörgensen til að koma aptur að sumri, en hann hefir látið það í ljósi, að hann væri fús til þess með sömu kjörum og áður.

Eptir að stjórnarráðið hafði skrifazt á við hið konunglega landbústjórnarfèlag um þetta, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að fèlagið er fúst til að leggja til þessa allt að 125 rd., en stjórnarráðið leyfir fyrir sitt leyti, að borgað verði jafnmikið til þessa fyrirtækis af því fè, sem veitt er með fjárhagslögum þessa fjárhagsárs, 20. gr. VI. C. Um ráðstafanir þær, sem gjörðar verða, býst stjórnarráðið við að fá skýrslu frá yður.

---

25. febrúar. **13. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Kapitainlieutenant *Hammers* og fl., um breytingu á ferða-áætlun póstgufuskipsins fyrir árið 1871.**

Um leið og þèr, herra Kapitainlieutenant, fyrir hönd hins danska fiskifèlags, ásamt kaupmönnunum Örum og Wulff fyrir hönd 5 annara kaupmanna, og alþingismanns Jóns Sigurðssonar,

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 825.

með brèfi 31. f. m. hafið sent dómsmálastjórninni eptirrit af bænarskrá, 17. desembr. f. á., til fjárhagsstjórnarinnar, þar sem þèr sækið um, að ferða-áætlun hins íslenzka póstgufuskips 1871 verði breytt þannig, að skipið komi við á austurströnd Íslands eins og í fyrra, en þessu var neitað með brèfi aðalpóststjórnarinnar 27. f. m., hafið þèr mælzt til, að dómsmálastjórnin mæli fram með því, að það verði íhugað á ný, hvort eigi megi breyta ferðaáætluninni á þá leið, sem getið er. 1871. 25. febrúar.

Eptir að dómsmálastjórnin útaf þessu hafði sent fjárstjórninni bænarskrá yðar, og jafnframt mælt mjög með því, að málið yrði íhugað á ný, verður stjórnarráðið því miður að gefa yður ttl vitundar, að fjárstjórnin hefir látið í ljósi, að ekkert það atvik sè komið fram, er geti gjört það að verkum, að öðruvísi verði litið á málið, en áður var, og geti því með svofelldu móti á þessu ári ekki orðið nein breyting á ferða-áætluninni.[1]

---

14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um alþingistoll af lóðargjaldi af verzlunarhúsum, selveiði og rekafjörum. 1. marz.

I brèfi, dagsettu 8. marzm. f. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð stjórnarráðsins þær spurningar, sem hèr skal greina:

1. hvort sá arður, er eigandi jarðar hefir af verzlunarhúsum, sem byggð eru á jörðunni, skuli talinn með, þegar virða skal þær tekjur af allri jörðunni, er greiða skal af alþingistoll, og
2. hvort afgjald af selveiði, rekaviði eða því um líku skuli telja með landskuld, og taka af því alþingistoll.

---

[1]) Seinna var samt ferða-áætluninni breytt á þá leið sem um var beðið.

1871. 1. marz

Um fyrra atriðið hafið þèr getið þess, að eptir að yður hafði borizt brèf dómsmálastjórnarinnar 10. desbr. 1866,[1] hafið þèr í öllum tilfellum álitið, að alþingistoll skyldi reikna af þeim arði, sem jarðeigandi hefir af þeim verzlunarhúsum, sem byggð eru á lóð hans, nema af verzlunarstöðunum við Papós, Hofsós og Grafarós, en eigendurnir að þeim hafa beiðzt þess, að málið verði lagt undir úrskurð stjórnarráðsins; álíta þeir, að afgjaldið af verzlunarhúsum megi skoða sem endurgjald fyrir það tjón, sem verður bæði af því, að þeir, sem sækja verzlunarstaðinn, nota landið þar í kring til hagbeitar handa hestum sínum, og af öðrum átroðningi, en þèr álítið aptur ámóti, að af þessu leiði að eins það, að þegar virða á tekjurnar af allri jörðunni, verði bæði að taka tillit til afgjaldsins af verzlunarhúsunum og til þess tjóns og átroðnings, sem þeim fylgir; hafið þèr þessvegna sagt sýslumönnum fyrir á þessa leið, og leitið nú samþykkis stjórnarráðsins til þessarar fyrirskipunar.

Um hitt atriðið hafið þèr, herra stiptamtmaður, látið í ljósi, að þèr hafið fengið vitneskju um það frá hreppstjóranum í Presthólahrepp, að tekjur nokkrar af konungsjörðunni Harðbak þar í hreppnum, sem nefndar eru hafnargjald, sè árlegt afgjald af selveiði og rekafjöru í Hraunhöfn, en af þessu gjaldi sè ekki goldinn alþingistollur, sökum þess að hlutaðeiganda stjórnarvald hafi fundið að því 1855, að þetta hafði verið gjört, samkvæmt reikningum umboðsmannsins, með því ekki skyldi telja þesskonar gjöld með landskuld, en þessari reglu hefir aptur verið fylgt um lík gjöld þar í hreppnum. Þareð yður samt sem áður finnst, að það leiði hvorki af því lagaboði, sem hèr á við, — sem er opið brèf 18. júlí 1848, um það, hvernig endurgjalda skuli hinum konunglega jarðabókarsjóð alþingiskostnaðinn og önnur þar við riðin útgjöld[2] — nè af eðli málsins og umræðunum um lagaboðið, að gjöra nokkurn greinarmun á þeim gjöldum, sem hèr er um að ræða, og öðrum gjöldum til jarðeigandans, að því leyti, er snertir alþingistoll, —

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 384.

[2]) Lovsamling for Island, XIV., 142.

hafið þèr borið undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort framvegis eigi að taka tèð afgjöld undan alþingistolli, eða hvort ástæða sè til að heimta það, sem ekki hefir verið goldið síðan 1855. 1871. 1. marz.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við stjórnardeild reikningsmálanna um síðara atriðið, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og eptirbreytni:

Um 1. spurningu. Við þessari spurningu verður að kveða jáyrði, og fellst því stjórnarráðið á ráðstafanir yðar í þessu efni.

Um 2. spurningu. Þareð stjórnarráðið að öllu leyti verður að fallast á skoðanir yðar um þetta atriði, skal eptirleiðis telja tèð afgjöld til þess að greiða af alþingistoll, en aptur ámóti virðist ekki eptir atvikum næg ástæða til að heimta alþingistoll af tèðum afgjöldum fyrir þann tíma, sem liðinn er.

Um þá uppástungu yðar, að greiða skuli alþingistoll af kaupstaðaeignum, og þeim verzlunarhúsum, sem verða talin sem kaupstaðaeignir, ásamt tómthúsum, sem þar eru byggð, og að verði búinn til viðbætir við erindisbrèf 18. júlí 1848[1], skal þess að endingu getið, að stjórnarráðið hefir skrifað hinum amtmönnunum um þetta mál, en enn þá ekki fengið svar frá norður- og austuramtinu; má því fyrst búast við úrskurði stjórnarráðsins um þetta mál síðar meir.

---

15. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um styrk handa jarðyrkjumanni. 1. marz.

Þareð dómsmálastjórnin hefir enn fremur veitt Sveini Sveinssyni úr Austfjörðum á Íslandi, sem nú er á landbúnaðarskóla í Norvegi, 50 rd. styrk til þess að ferðast um Norveg, eptir að hann hefir lokið námi sínu á skólanum, og til að kynna sèr þar fjárrækt, mælumst vèr til, að fjarhagsstjórnin hlutist til um, að tèð upphæð verði borguð skjalaverði Jóni Sigurðssyni úr aðalfèhirzlunni

---

[1]) Lovsamling for Island, XIV., 143.

1871. 1. marz. hèr í borginni af því fè, sem veitt er með fjárhagslögunum 20 gr. VI. C.

---

4. marz. **16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.**[1]

Í sambandi við brèf stjórnarráðsins 31. janúar þ. á., gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr auglýsið það, að 500 rd. eru veittir af því fè, sem til er tekið í Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands fyrir reikningsárið 1871—72. 11. gr., til þess að halda áfram að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.

Um leið og þess er getið, að stjórnarráðið hefir í dag sagt landfógetanum að láta þetta fè af hendi þá er þèr heimtið það, mælumst vèr til þess, að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, samkvæmt tillögum yðar í brèfum, dagsettum 15. júním. 1869 og 28. nóvbrm. f. á., og búumst vèr við að fá skýrslur frá yður um, hvað gjörzt hefir í þessu, þegar þar að kemur.

---

4. marz. **17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skrásetning skips.**[2]

Eptir að stjórnarráðið hafði sent aðalskattastjórninni til úrskurðar brèf yðar 7. nóvbr. f. á., ásamt fylgiskjölum, um það, að skonnortuskipið »Reykjavík« verði ritað á aðalskipaskrána fyrir Ísland, höfum vèr fengið brèf frá skattastjórninni, sem vèr sendum yður eptirrit af, en eptir því, sem þar segir, á samkvæmt tilsk.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 138.
[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 39.

1. maí 1838, 48. gr.[1], að greiða aðkaupsgjald af skipinu, sem er keypt í útlöndum, og af því að nokkrir gallar eru á þeirri skrásetningu skipsins, sem hefir átt sèr stað, hefir þótt nauðsynlegt að fresta því, að rita skipið á aðalskipaskrána, og veita endilegt skrásetningarskírteini. 1871. 4. marz.

---

18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sending hinna dönsku Lagatíðinda og Stjórnartíðinda til ýmsra embættismanna.[2] 4. marz.

Í sambandi við brèf stjórnarráðsins 17. janúar þ. á. mælumst vèr til, að þèr, herra stiptamtmaður, tilkynnið landfógetanum, landlækninum og sýslumönnunum í suðurumdæminu, að þeim mun verða sent hverjum um sig eitt exemplar af (hinum dönsku) Lagatíðindum og Stjórnartíðindum, sem skal vera eign embættanna og fylgja þeim; sendum vèr yður nú 8 exempl. af því, sem til þessa er út komið, til útbýtingar meðal tèðra embættismanna, og skal því við bætt, að áframhaldið mun verða sent þeim beinlínis með póstinum.

---

19. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1871—72. 4. marz.

Með þessu brèfi sendum vèr yður, herra stiptamtmaður, nokkur exempl. af Auglýsingu dómsmálastjórnarinnar, dagsettri í dag, sem inni hefir að halda áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á fjárhagsárinu frá 1. apríl 1871 til 31. marz 1872, sem staðfest er

---

[1]) Lovsamling for Island, XI., 212.

[2]) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað á sömu leið, að því leyti, er snerti sýslumennina í þeirra umdæmum.

1871. 4. marz. með konungsúrskurði sama dag; að því leyti, er snertir útborgun launa embættismanna og launa viðbóta, sem tilfærð eru á meðfylgjandi fylgiskjali, bendum vèr til þess, sem fyrir er sagt í brèfi dómsmálastjórnarinnar 20. febr. 1866,[1] sbr. brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar 15. apríl 1851.[2]

Um leið og vèr mælumst til þess, að þèr tilkynnið hlutaðeigendum það, sem með þarf, samkvæmt þessu, skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum um þetta efni, og sömuleiðis gefið hinum amtmönnunum á Íslandi vísbending, þeim sjálfum og þeim embættismönnum, sem eru í þeirra umdæmum, til leiðbeiningar.

Ennfremur leiðum vèr athygli yðar að því, að sú þóknun uppá 500 rd. á ári handa þeim tveimur málafærslumönnum, sem settir eru við hinn konunglega íslenzka landsyfirrètt, sem samkvæmt ýmsum konungsúrskurðum hingað til hefir verið borguð úr hinum íslenzka dómsmálasjóði, er tekin upp í hina nýju fjárhagsáætlun, 6. gr. C, 1, og verður því frá 1. n. m. að greiða hana úr jarðabókarsjóðnum, en að öðru leyti eptir sömu reglum, sem áður; að endingu skal þess getið, að landfógetanum hefir verið sagt svo fyrir í dag, að frá 1. apríl þ. á. verði að byggja jarðabókarsjóðs-reikninginn á fyr nefndri fjarhagsáætlun, að eptirlaun handa íslenzkum embættismönnum eða konum þeirra og börnum frá sama tíma skuli ekki hèreptir vera talin sem bráðafangs gjöld fyrir ríkisfèhirzluna, heldur sem föst útgjöld fyrir Ísland samkvæmt fjárhagsáætluninni, 8. gr., og að eptirleiðis á ekki að semja sèrstaklegan eptirlaunareikning.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 306.

[2]) Lovsamling for Island, XV., 71.

20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1871—72. 1871. 4. marz.

(Fyrsti kafli er samhljóða upphafinu á brèfinu næst á undan).

Um leið og vèr bætum því við, að þeim yfirvöldum á Íslandi, sem í hlut eiga, hefir verið gefin í dag vísbending um þetta efni, leiðum vèr athygli yðar að því, að frá 1. apríl þ. á. á að byggja jarðabókarsjóðs-reikninginn, (o. s. frv. eins og í brèfinu næst á undan til stiptamtmanns).

---

21. Auglýsing, sem hefir inni að halda áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1871 til 31. marzmánaðar 1872. 4. marz.

(á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt í dag allramildilegast að fallast á áætlun þá, sem hèr fylgir, um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1871 til 31. marzmánaðar 1872.

Fyrsti kapítuli.

Tekjur.

1. gr.

Á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1871 til 31. marzmánaðar 1872 er ætlazt til, að tekjur Íslands sè 92,832 rd. 21 sk., en þetta fè fæst með því móti, sem skýrt er frá í 2. til 4. gr.

2. gr.

Þær tekjur, sem hèr skulu taldar, er ætlað að nemi 36,354 rd. 6 sk.:

1871. 4. marz.			rd.	sk.
1.	erfðafjárskattur og gjald af fasteignarsölum .		1,580.	
2.	gjöld fyrir leyfisbréf og veitingabréf		400.	
3.	nafnbótaskattur		250.	
4.	tekjur af lènssýslum		2,560.	
5.	lögþingisskrifara laun		32.	6
6.	tekjur af umboðssýslugjöldum		970.	
7.	konungstíundir		3,550.	
8.	lögmannstollur		356.	
9.	gjöld af verzlun á Íslandi	11,600 rd.		
	gjöld af póstgufuskipinu	994 —		
			12,594.	
10.	tekjur af konungsjörðum	16,650 rd.		
	að frá dregnum:			
	umboðslaunum, prestmötu, alþingistolli, og fl.	4,570 —		
			12,080.	
11.	gjald uppí andvirði seldra jarða og fasteigna, og vextir af ógoldnu andvirði, sem hinar seldu eignir enn eru að veði fyrir:			
	a. vextir	175 rd.		
	b. borgun uppí andvirðið	130 —		
			305.	
12.	leigugjöld:			
	a. af Lundey	83 rd.		
	b. af silfurbergsnáminum í Helgustaðafjalli	20 —		
			103.	
13.	afgjald af jörðunni Belgsholti og fl.		74.	
14.	óvissar tekjur (hèr eru taldar með sektir samkvæmt hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869)		1,500.	
	samtals . . .		36,354.	6

3. gr.

Gjöld uppí lán og skyndilán verða talin uppá 7,472 rd. 15 sk., sumsè:

		rd.	sk.	1871. 4. marz.
1. uppí alþingiskostnað		5,500.		
2. önnur endurgjöld:				
a. uppí lán til aðgjörða við stiptamtmannshúsið i Reykjavík	269 rd. 15 sk.			
b. uppí lán til þess að byggja kirkju á Eyri	108 —			
c. uppí skyndilán útaf fjárkláðanum á Íslandi	500 —			
d. uppí skuld fyrrum sýslumanns Baumanns	95 —			
e. uppí lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvalla klausturs	220 —			
f. uppí lán til þess að afstýra hallæri í suður- og vesturumdæmi Íslands	780 —			
		1,972.	15	
samtals		7,472.	15	

4. gr.

Tillag úr ríkissjóðnum, samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871, verður talið 49,006 rd., sumsè:

	rd.	rd.
hið fasta tillag	30,000.	
aukatillag	20,000.	
	50,000.	
samkvæmt 6. grein laganna verður dregið frá	994.	
samtals	49,006.	

Annar kapituli.

Útgjöld.

5. gr.

Á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1871 til 31. marz-

1871. 4. marz.

mánaðar 1872 er ætlað á, að útgjöld Íslands verði alls 92,832 rd. 21 sk., samkvæmt þeim gjalda-greinum, sem skýrt er frá í 6—11 gr.

6. gr.

Útgjöld, er snerta dómsmálastjórnina, eru talin að nemi 33,495 rd., sumsè:

		rd.	sk.
A. 1. Laun embættismanna . .	23,181 rd. 64 sk.		
2. viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870, 9. gr.	2,884 —		
		26,065.	64
B. Skrifstofufè, o. s. frv.:			
1. skrifstofufè og borðfè handa stiptamtmanni (hèr með er talið endurgjald handa stiptamtmanni fyrir það, að hann fær ekki framar flutning kauplaust með póstgufuskipinu)	2,150 rd.		
2. skrifstofufè handa amtmanninum í vesturumdæminu	550 —		
3. skrifstofufè handa amtmanninum í norður- og austurumdæminu . .	600 —		
4. skrifstofufè handa landfógeta . .	500 —		
		3,800.	
C. Önnur útgjöld:			
1. þóknun handa tveimur settum málaflærslumönnum við landsyfirrèttinn	500 rd.		
2. styrkur í notum spítalans, sem var fyrrum á Gufunesi	96 —		
3. póstgöngur á Íslandi . . .	1,000 —		
4. styrkur til garðaræktar, o. s. frv.	300 —		
5. styrkur til útbýtingar á læknismeðölum handa fátæklingum	400 —		
		2,296.	
	yfir um . . .	32,161.	64

		rd. sk.	1871.
handan að		32,161. 64	4. marz.
6. styrkur handa hinu íslenzka bókmenntafèlagi til þess að gefa út skýrslur um landshagi á Íslandi .	400 —		
7. styrkur til þess að gefa út lagasafn fyrir Ísland . . .	933 — 32 sk.		
		1,333. 32	
samtals . . .		33,495.	

7. gr.

Útgjöld, er snerta kirkju- og kennslustjórnina, eru talin 26,962 rd. 72 sk., sumsè:

		rd. sk.
A. 1. Laun embættismanna	13,500 rd.	
2. viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870, 9 gr.	1,900 —	
		15,400.
B. 1. Fyrir umsjón (við skólann) . . .	300 rd.	
2. aðstoðarfè	800 —	
3. viðbót eptir kornverði	160 —	
		1,260.
C. Önnur útgjöld í þarfir andlegu stèttarinnar:		
1. til fátækustu brauða . . .	318 rd. 72 sk.	
2. til nokkurra brauða í fyrverandi Hóla stipti	300 —	
3. til prestsekkna og barna .	400 —	
4. styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum	500 —	
5. skrifstofufè handa biskupi	400 —	
		1,918. 72
D. Önnur útgjöld í þarfir hins lærða skóla:		
1. fyrir húsrúm til prestaskólans . .	250 rd.	
		250.
yfir um . . .		18,828. 72

1871. 4. marz.			rd.	sk.
	handan að		18,828.	72
2.	húsaleiga handa 10 lærisveinum við prestaskólann, 40 rd. handa hverjum	400 —		
3.	til bókakaupa við prestaskólann	200 —		
4.	til tímakennslu við hinn sama	100 —		
5.	til ýmislegra útgjalda við hinn sama	150 —		
6.	til bókakaupa við hinn lærða skóla	500 —		
7.	til eldiviðar og ljósa	700 —		
8.	til skólahússins utanstokks og innan	700 —		
9.	til tímakennslu	530 —		
10.	ölmusur við hinn lærða skóla	4,000 —		
11.	fyrir að semja reikninga skólans	100 —		
12.	skrifstörf og útreikningar	100 —		
13.	fyrir prestsverk	24 —		
14.	þóknun handa lækni	30 —		
15.	ýmisleg útgjöld	600 —		
			8,134.	
	samtals		26,962.	72

8. gr.

Eptirlaun eru talin 11,000 rd.

9. gr.

Til kostnaðar við alþing 1871 eru ætlaðir 12,000 rd.

10. gr.

Til þess að stofna hjálparsjóð eru ætlaðir 5,000 rd.

11. gr.

Til ýmislegra óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, eru ætlaðir 4,374 rd. 45 sk.

1871.
4. marz.

þetta skal hèrmeð kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálastjórninni, 4. dag marzmánaðar 1871.

Fr. Krieger.

Fr. Reinhardt.

---

22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um sýsluskiptingar.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt í dag auk annars að fallast á:

1. að Mýrasýsla í vesturumdæmi Íslands, sem hingað til hefir verið sameinuð við Hnappadalssýslu, megi vera lögsagnarumdæmi útaf fyrir sig, og að afgjaldið af sýslunni skuli vera 80 rd. á ári;

2. að sameina megi Hnappadalssýslu við Snæfellsnessýslu þannig, að afgjaldið af báðum sýslunum sameinuðum verði 40 rd. á ári; og

3. að veita megi sýslumanni konungstíundina af Barðastrandarsýslu gegn afgjaldi, og að afgjaldið af öllum gjaldheimtum í sýslunni verði fært niður til 20 rd. á ári; skal allt talið frá næsta fardegi eða 6. júni þ. á.

Um leið og vèr gefum yður, herra amtmaður, þetta til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr sjáið um, að því verði þinglýst og þær ráðstafanir gjörðar, sem með þarf útaf þessari breytingu á lögsagnarumdæmum, eruð þèr beðnir þess, að bjóða hlutaðeigandi sýslumönnum, innan hæfilegs tímafrests, sem þèr takið til, að semja útskriptir þær, sem með þarf, af veðsetningabókunum, að því leyti, er snertir Hnappadalssýslu, sem nú á að leggjast til Snæfellsnessýslu, svo sem fyr segir, og jafnframt láta til þær skýrslur og útskriptir af embættisbókunum, sem nauðsynlegar verða sökum þeirrar breytingar, sem með þessu er gjörð á lög-

1871. 4 marz. sagnarumdæmunum. Því skal við bætt, að kostnaðinn við útskriptirnar af veðsetningabókunum má greiða af jafnaðarsjóði amtsins.

4. marz. **23. Tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl., bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Í kaupstaðnum Reykjavík skal byggja hegningarhús; í því skulu útteknar vinnuhegningar þær, sem menn eru dæmdir í fyrir afbrot, sem mál er höfðað útaf á Íslandi.

2. grein.

Til þess að framkvæma fangelsishegningar skal fyrst um sinn byggja sjö fangelsi, sumsè eitt í sameiningu við hegningarhúsið handa Reykjavík og nokkrum hluta suðuramtsins, og sitt á hverjum stað, á Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri, Húsavík og Eskifirði. Það skal falið á hendur stiptamtmanni, að setja hinar nákvæmari reglur fyrir því, úr hverjum þinghám skuli setja dæmda afbrota-menn í hvert einstakt fangelsi. Þar að auki skulu fangelsin vera varðhaldsfangelsi fyrir þá þinghá, þar sem hvert einstakt fangelsi er, og, ef stiptamtmaður segir svo fyrir, þá einnig fyrir þá eða þær þinghár, sem næstar eru.

3. grein.

Verði það í fleiri þinghám, en nú er, gjört sýslumönnum að skyldu að hafa bólfestu á tilteknum stað innan sýslu, skal dómsmálastjórninni heimilt, að láta byggja fleiri fangelsi, þar sem sèrstaklega er þörf á því, og skal þá byggja fangelsið á heimili þess sýslumanns, sem í hlut á.

4. grein. 1871.

4. marz.

Kostnaðurinn til þess að byggja hegningarhúsið í Reykjavík og halda því við, skal goldinn fyrst um sinn úr dómsmálasjóðnum íslenzka; má til þessa á kostnað hans taka til láns fé það, sem með þarf, eptir því sem dómsmálastjórnin ákveður nákvæmar. Til byggingar og viðhalds á húsi því, sem, eins og áður er sagt, á að vera bæði hegningarhús og fangelsi handa Reykjavíkur kaupstað og ýmsum sýslum í suðuramtinu, greiðir tèður kaupstaður og jafnaðarsjóður suðuramtsins fyrir sýslurnar tillag. Þegar fengnar eru skýrslur þær, sem með þarf, frá yfirvöldunum þar á staðnum, ákveður dómsmálastjórnin upphæð tillags þessa að tiltölu við stærð þeirra húsrúma, sem þinghám Reykjavíkur og sýslnanna eru ætluð í húsinu.

5. grein.

Kostnaðurinn til byggingar og viðhalds á húsum þeim, sem einasta eiga að vera fangelsi, skal goldinn úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á; til þessa skal á kostnað hans taka fé að láni, eptir því sem dómsmálastjórnin ákveður nákvæmar.

6. grein.

Kostnaðurinn til notkunar hegningarhússins sem hegningarhúss skal goldinn úr sjóði þeim, sem tekjur Íslands renna í, en kostnaðurinn til notkunar fangelsanna skal greiddur úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á, og að því er Reykjavík snertir af kaupstaðnum.

7. grein.

Bæjarfógetinn í Reykjavík skal hafa á hendi stjórn yfir hegningarhúsinu og fangelsinu, sem er í sambandi við það, en stiptamtmaður yfirumsjónina. Við það skal setja fangavörð, er fái laun fyrst um sinn úr dómsmálasjóðnum. Hinum fangelsunum skal bæjarfógeti eða sýslumaður sá, sem í hlut á, stjórna með yfirtilsjón amtmanns, og skal hann sjá um og hafa ábyrgð á gæzlu og viðurværi fanganna.

1871.
4. marz.

8. grein.

Dómsmálastjórnin skal setja nákvæmari reglur viðvíkjandi fyrirkomulagi og byggingu hegningarhússins og fangelsanna. Dómsmálastjórnin sèr einnig um, að út verði gefnar þær reglugjörðir, sem með þarf handa þeim.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu.[1]

Samkvæmt ósk þeirri, sem alþing hefir borið upp í þegnlegu álitsskjali 9. ágúst 1867[2], um frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi, um, að lagt verði fyrir næsta alþing frumvarp um byggingu fangelsa á Íslandi, lèt stjórnin semja frumvarp til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl. Þetta frumvarp var lagt fyrir alþing 1869, sem ræddi frumvarpið á lögskipaðan hátt, og lèt síðan uppi álit sitt um málið. Þingið fèllst að öllu leyti á aðalaugnamið frumvarpsins, að fá því til leiðar komið með því, að byggja hegningarhús og fangelsi á Íslandi, að hýðing yrði aftekin sem straff á fullorðnum mönnum, og áleit, að ákvarðanir frumvarpsins væri vel fallnar til að koma þessu augnamiði fram; um eitt mjög verulegt atriði hefir alþing samt stungið uppá þeirri breytingu á frumvarpinu, sem hèr skal getið.

Þó alþingi yrði að játa, að það væri mjög æskilegt, að fangelsi kæmist á í hverri sýslu, gat það samt ekki fallizt á það, sem fyrir er mælt í 2. gr. frumvarpsins, að byggja skuli fangelsi í hverri sýslu, bæði af því, að þessi ráðstöfun er mjög kostnaðarsöm og svo einkum af því, að ekki hafa allir sýslumenn fast ákveðna bústaði í sýslunni, en þar sem svo er ætti að setja fangelsin að áliti alþingis, eins og einnig til er ætlazt í frumvarpinu; þar sem svo er fyrir mælt í frumvarpinu, að það verði eptirleiðis gjört að skilyrði fyrir því, að sýslumanni verði leyft að taka sèr bólfestu annarstaðar í sýslunni, en þar sem sýslufangelsið verður byggt, að hann greiði allt að helmingi af kostnaðinum, er gengur til að

---

[1]) Tíðindi frá alþingi 1869, I., 27, 29, 185—193, 252—259 og 390; II., 49—57, 153—156, 171—174 og 223—227.

[2]) Tíðindi frá alþingi, 1867, II., 598.

flytja fangelsið, þá virtist alþingi þessi ákvörðun ósanngjörn, þegar svo stæði á, að sýslumaður gæti ekki fengið sèr bústað, þar sem fangelsið væri. Alþing hefir því stungið uppá þeirri breytingu, að fyrst um sinn verði einungis byggð fangelsi í þeim lögsagnarumdæmum, þar sem bústaðir sýslumanna eru fast ákveðnir, en það er í þeim kaupstöðum, sem útlend skip eiga fyrst að koma við á eptir lögum 15. apríl 1854, og þar að auki á verzlunarstaðnum Húsavík í Þingeyjarsýslu. Ætti þá að nota hvert af þessum fangelsum fyrir straff-fangelsi, ekki einungis handa sýslum þeim og kaupstöðum, þar sem fangelsin eru, heldur og handa hinum öðrum lögsagnarumdæmum, þar sem engin fangelsi eru; með þessari tilhögun fengist og varðhaldsfangelsi á þeim stöðum, þar sem að líkindum væri mest þörf á þeim. Ef svo reynslan sýndi, að fangelsi þessi yrði ónóg, eða örðugleikinn við að flytja til þeirra afbrotamenn yrði tilfinnanlegur, skyldi byggja fangelsi þar, sem nauðsynlegast þætti, en jafnframt yrði þá að ákveða hlutaðeigandi sýslumönnum fasta bústaði, og mætti þá gjöra það með því, að fá þeim þjóðjarðir til ábúðar. Alþingi fannst helzt þörf á, að koma upp fangelsi í Skaptafellssýslu í suðurumdæminu og í Húnavatnssýslu í norður- og austurumdæminu, og mundi það eigi erfitt að fá þegar fast ákveðið sýslumanns-setur í Skaptafellssýslu að Kirkjubæjarklaustri, þar sem sýslumaðurinn, sem nú er, býr, og liggur þessi jörð haganlega fyrir sýslubúa. Eptir þessu varð að breyta 2. og 3. gr. frumvarpsins, en að öðru leyti fann alþing ekki ástæðu til að stinga uppá öðrum breytingum, en þeirri, að í 5. gr. sè sett orðið »fangelsi« í staðinn fyrir »sýslufangelsi«, þar sem fangelsin að minnsta kosti fyrst um sinn ætti að vera fyrir stærra hèrað en eina sýslu. Með þessum breytingum yrði þá 2. og 3. grein frumvarpsins á þessa leið; 1871. 4. marz.

2. gr.

»Í sameiningu við hegningarhúsið skal byggja fangelsi handa Reykjavíkur kaupstað og Gullbringusýslu. Sömuleiðis skal byggja fangelsi á Ísafirði og í Stykkishólmi í vesturumdæminu, á Akureyri, í Húsavík og á Eskifirði í norður- og austurumdæminu, og á Vestmannaeyjum í suðurumdæminu.

1871. 4. marz.

Í fangelsum þessum skulu útteknar fangelsishegningar þær, sem menn eru dæmdir í fyrir afbrot, sem mál er höfðað útaf á Íslandi. Hlutaðeigandi amtmaður ákveður, úr hverjum lögsagnarumdæmum menn skuli úttaka hegningu í hverju af fangelsum þessum fyrir sig.

Fangelsin skulu og höfð fyrir varðhaldsfangelsi handa lögsagnarumdæmum þeim, er þau liggja í.«

3. gr.

»Nú verða bústaðir sýslumanna fast ákveðnir í fleiri sýslum, en nú er, og skal þá þar byggja fangelsi á sýslumanns-setrunum.«

Konungsfulltrúi hefir fallizt á breytingar þessar, og jafnframt lagt það til, að einnig verði byggt fangelsi í Skaptafellssýslu og Húnavatnssýslu, en þetta atriði var ekki í breytingu alþingis á frumvarpinu.

Stjórnin varð fyrir sitt leyti að aðhyllast breytingar þær, sem alþingi hafði stungið uppá. Upphaflega var aðeins ætlazt til að setja eitt fangelsi fyrir hvert amt, og þarsem frumvarp stjórnarinnar fór fram á, að byggja skyldi sýslufangelsi, þá kom þetta til af því, að alþing hafði getið þess í álitsskjali sínu í hegningarlagamálinu,[1] að það áliti hentugra, að í hverri sýslu yrði komið upp fangelsi; stjórninni fannst uppástunga alþingis fara hæfilegan meðalveg í þessu atriði, en af því að þörf verður á að gjöra þau fangelsi rúmlegri, sem verða byggð fyrst, sökum þess, að þau eru ætluð fleiri sýslum en einni, og meiri kostnaður mun rísa hèr af, þótti rèttara, að hafa 3. grein nokkuð öðruvísi, en alþing hafði stungið upp á, og láta það nægja, að veita dómsmálastjórninni heimild til, að láta byggja fleiri fangelsi, þar sem sèrstaklega er þörf á því. Þar sem alþing hafði stungið uppá, að amtmennirnir skyldu ákveða, úr hverjum lögsagnarumdæmum menn skuli úttaka hegninguna í hverju af fangelsum þeim, sem byggja á, fyrir sig, fannst stjórninni rèttara, að leggja þetta vald í hendur stiptamtmanni, og skal hann þá einnig segja fyrir um, hvort

[1]) Tíðindi frá alþingi, 1867, II., 604.

fangelsið skuli vera varðhaldsfangelsi fyrir önnur lögsagnarumdæmi, en það, þar sem fangelsið er. 1871. 4. marz.

Sökum þess, að ekki verður búizt við því fyrst um sinn, að komið verði upp fangelsum annarstaðar í suðurumdæminu, en í Reykjavík og Vestmannaeyjum, gat stjórnin ekki fallizt á þá uppástungu, að fangelsið í Reykjavík skuli aðeins ætlað sjálfum kaupstaðnum og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og var því breyting gjörð á þá leið, að fangelsið skuli einnig ætlað nokkrum hluta suðuramtsins.

Af þeirri sök, að það kann síðar meir að þykja hagfellt, að steypa dómsmálasjóðnum saman við landssjóðinn, fannst stjórninni það varlegast, að bæta við orðunum »fyrst um sinn«, þar sem svo er fyrir mælt í 4. og 7. gr., að greiða skuli kostnaðinn til þess að byggja hegningarhúsið í Reykjavík og halda því við, og launin handa fangaverðinum úr dómsmálasjóðnum.

Að endingu skal þess getið, að ástæða þótti vera til að taka það beinlínis fram, að bæjarfógetinn í Reykjavík skuli hafa á hendi stjórn yfir hegningarhúsinu og fangelsinu, sem er í sambandi við það, en stiptamtmaður yfirumsjónina, og amtmennirnir yfirumsjón yfir fangelsunum í hinum ömtunum, og að dómsmálastjórnin skuli setja nákvæmari reglur viðvíkjandi fyrirkomulagi og byggingu hegningarhússins og fangelsanna.

---

24. Tilskipun, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúarmán. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi. (á Íslenzku og Dönsku). 4. marz.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúarmán. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1871.
4. marz.

1. gr.

Komi upp skæður næmur sjúkdómur í fénu á Íslandi, og svo sèrstaklega stendur á, að aðskilnaði þeim á fénu og lækningum, sem skipað er fyrir um í tilskipun 5. janúarmán. 1866, verður ekki komið við að notum, skal hlutaðeiganda amtmanni heimilt, til þess að sporna við frekari útbreiðslu sjúkdómsins, að láta skera niður fèð á því eða þeim heimilum, þar sem hans hefir vart orðið, þó skal amtmaður, þar sem prófaður dýralæknir er, hafa hann og annars hlutaðeiganda lögreglustjóra, alþingismann og tvo bændur, er hreppsbúar kjósa, í ráðum með sèr, áður látið sè skera niður á þenna hátt.

2. grein.

Þegar niðurskurður á fram að fara samkvæmt því, sem nú var sagt, þá skal hreppstjóri og aðstoðarmenn þær, sem nefndir eru í tilskipun 5. janúarmán. 1866 2. grein, með umsjón hlutaðeiganda sýslumanns virða kindurnar, áður þeim sè slátrað. Þegar kindurnar eru virtar, skal fyrst setja á þær hverja um sig það verð, sem þær eru í eptir ásigkomulagi þeirra, þegar þær eru skornar, og eptir almennu gangverði á þeim stað og á þeim tíma árs, þó svo, að ekki sè haft tillit til sjúkdóms þess, sem er orsök í niðurskurðinum, og þar næst það verð, sem ætla má að kindurnar hafi, þegar búið er að slátra þeim. Tvo þriðjunga af mismuninum af þessum tveim virðingarverðum skal bæta eigendunum.

3. grein.

Af endurgjaldi því, sem fundið er á þenna hátt, skulu allir fjáreigendur í þeim hrepp, þar sem látið hefir verið skera niður, greiða helminginn, nemi hann eigi meiru, en 100 rd., en ella skal hann greiddur af öllum fjáreigendum í þeirri sýslu, sem í hlut á; í báðum tilfellum skal jafna honum niður óg heimta hann saman samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 3. grein tilskipunar 5. janúarmán. 1866. Hinn helminginn skal greiða úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á, og skal borga hlutaðeigendum hann undir eins og búið er að heimta gjaldið til jafnaðarsjóðsins saman. Þó getur amtmaður, ef því verður við komið eptir ástandi jafnað-

arsjóðsins, borgað fyrirfram uppí þenna helming endurgjaldsins til þess að útvega nýjan fjárstofn, að svo miklu leyti sem það verður álitið tiltækilegt að útvega hann í stað fjár þess, sem skorið hefir verið niður. 1871. 1 marz.

4. grein.

Fyrir virðingargjörð þá, sem um er rædt í 2. grein, má amtmaður veita hreppstjórunum og aðstoðarmönnum þeirra hæfilega borgun samkvæmt 3. grein tilskipunar 5. janúarmán. 1866, samt skal þóknun sú goldin á sama hátt og sá hluti endurgjaldsins til fjáreigendanna, sem fyrsta málsgrein næstu greinar á undan ræðir um.

5. grein.

Virðist sèrlega hætt við, að sjúkdómurinn dreifist út til annara hèraða, má amtmaður leyfa, að settir sè verðir milli hinna heilbrigðu hèraða og þeirra, þar sem sóttnæmið er, og, ef kringumstæðurnar mæla með því, greiða tillag úr jafnaðarsjóði amtsins til varðanna, en ekki má tillagið samt fara fram yfir helminginn af kostnaðinum til varðanna. Komi til að setja slíkan vörð til tryggingar fènu í öðrum ömtum en því, þar sem veikinnar hefir orðið vart, skulu amtmenn þeir, sem í hlut eiga, koma sèr saman um, hvað gjöra skuli í því efni. Þegar vörður er settur á kostnað fleiri amta, þá skulu gjöldin til hans greidd á þann hátt, að hlutaðeigandi jafnaðarsjóðir gjalda helminginn eptir tölu lausafjárhundraðanna í hverju amti, en hinn helminginn greiða fjáreigendurnir í þeim sýslum, sem einkum og beinlínis á að tryggja með verðinum, og skal þeim helmingnum jafnað niður á þá samkvæmt 3. grein í tilskipun 5. janúarmán. 1866.

6 grein.

Með yfirsjónir gegn þessari tilskipun skal farið eptir því, sem fyrir er mælt í 7. og 8. grein tilskipunar 5. janúarmán. 1866, og er hún að öðru leyti í fullu gildi eptir sem áður.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

1871.
4. marz.

Ástæður fyrir lagaboði þessu.[1]

Frá alþingi 1867 kom bænarskrá[2] til stjórnarinnar, þar sem þingið fór þess á leit, að frumvarp, sem fylgdi bænarskránni til viðaukatilskipunar við tilskipunina 5. janúar 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, yrði gjört að lögum; frumvarp þetta fór sèr í lagi fram á, að veita amtmönnunum heimild til í þeim tilfellum, þar sem ekki verður álitið tryggjandi að hafa við aðskilnað þann og lækningar, sem mælt er fyrir um í tilskipuninni, að láta skera niður sjúkt og grunað fè, og setja verði milli amtanna til þess að stemma stigu fyrir útbreiðslu sýkinnar. Stjórnin gat ekki að öllu leyti samþykkt frumvarp þetta, eins og það var úr garði gjört, þareð henni fannst, að amtmönnunum væri veitt of mikið vald í þessu efni, en varð að fallast á aðalstefnu þess, og lèt semja nýtt frumvarp, sem lagt var fyrir alþingi 1869; alþing ræddi síðan málið á lögskipaðan hátt og lèt uppi álit sitt um það; alþing áleit, að hèr yrði að veita valdstjórninni sem frjálsastar hendur í þessu máli, til þess að lagaboðið gæti fullnægt tilgangi sínum, og stakk uppá ýmsum breytingum við einstakar greinir frumvarpsins, eins og hèr skal nákvæmar skýrt frá.

Við 1. grein.

Alþingi fannst, að orðin »verður ekki komið við að neinum notum« væri of óákveðin, og skyldi setja í staðinn fyrir þau »komið við svo til hlítar sè«; ennfremur stakk alþing uppá, að orðinu »fyrst« í sömu málsgrein verði sleppt, og að síðasta málsgrein yrði orðuð á þessa leið: »þó skal amtmaður hafa hlutaðeiganda lögreglustjóra, alþingismann og tvo bændur, er hreppstjórar kjósa, svo og prófaðan dýralækni, þar sem hann er til, í ráðaneyti með sèr, áður en fènu er lógað á þenna hátt«; af því aðeins einn prófaður dýralæknir væri á Íslandi, virtist alþingi sú ákvörðun frumvarpsins, að amtmaður skuli hafa prófaðan dýralækni, þar sem hann er, í ráðum með sèr, harðla þýðingarlítil, en á hinn

---

[1]) Tíðindi frá alþingi 1869, I., 27, 29, 264—279, 331 og 835; II., 43—48, 178—183, 199—202 og 401—406.

[2]) Tíðindi frá alþingi 1867, II., 549.

bóginn lagði alþing mikla áherzlu á, að amtmaður hefði við ráð beztu manna, sem föng væri á, áður niðurskurður færi fram. 1871. 4. marz.

Stjórnin hafði ekki neitt ámóti því, að orðinu »fyrst« væri sleppt, en að öðru leyti er greinin óbreytt.

Við 2. grein.

Alþingi áleit, að sú takmörkun á valdi amtmanns, sem þessi grein hefir inni að halda, sè af þröng, og eigi miður við eptir því, sem til hagar á Íslandi, því svo getur staðið á, að niðurskurður sè óumflýjanlega nauðsynlegur á stærra svæði en á fimm bæjum.

Þessa uppástungu alþingis hefir stjórnin tekið til greina, og er greininni sleppt.

Við 3. grein.

Alþingi hefir ekki stungið uppá neinni breytingu á þessari grein frumvarpsins.

Við 4. grein.

Af því að það gæti orðið óbærileg álaga, enda þótt 2. gr. frumvarpsins sè haldið og eigi gjört ráð fyrir yfirgripsmeiri niðurskurði, en á fimm bæjum, að jafna helmingnum af endurgjaldinu á fjáreigendur í þeim hreppi, þar sem skorið er niður, þar sem sumstaðar ekki eru nema 10—14 bæir í hrepp, hefir alþing stungið uppá, að 1. málsgrein þessarar greinar frumvarpsins sè breytt á þessa leið: »Af endurgjaldi því, sem fundið er á þenna hátt, skulu allir fjáreigendur í því amti, þar sem látið hefir verið skera niður, greiða helminginn, nema hann nemi meiru, en 150 rd.; ella skal jafna honum niður á alla fjáreigendur í landinu.« Alþing gat þess í álitsskjali sínu, að eptir skoðun landsmanna eigi endurgjaldsskyldan að ná til allra, þegar um það er að ræða, að afstýra þeirri eyðileggingu, sem fjárkláði og önnur næm fjárveikindi hafa í för með sèr; samt virtist það vera of umfangsmikið og jafnvel óþarft, að binda endurgjaldsskylduna við stærra svæði en amt, þegar helmingur endurgjaldsins er 150 rd. eða minna.

Konungsfulltrúi var í álitsskjali sínu samdóma alþingi í því, að endurgjaldsskyldan gæti orðið of þungbær fyrir einstakan hrepp,

1871. 1. marz. og stakk hann uppá, að jafna skyldi niður helmingnum af endurgjaldinu á alla fjáreigendur í hlutaðeigandi sýslu, ef hann væri yfir 50 rd.; en ella skyldi hreppurinn greiða endurgjaldið. Stjórnin fèllst á þessa uppástungu konungsfulltrúa þannig, að fjáreigendur í hreppnum skuli greiða helming endurgjaldsins, nemi hann eigi meiru, en 100 rd.

Við 5. grein.

Alþingi stakk uppá, að seinni hluti greinarinnar frá orðunum »og skal þóknun sú,« o. s. frv. falli burtu, þareð hann sè óþarfur, og eigi heldur ekki við eptir breytingunni a 4. gr.

Þessi uppástunga er ekki tekin til greina, en sú breyting gjörð, að orðið »samt« er sett í staðinn fyrir »og«.

Við 6. grein.

Alþingi fannst, að vald amtmanna til að setja verði væri takmarkað með þessari grein, sem aðeins veitir þeim heimild til þess í vissum tilfellum, þareð næst liggur að skilja greinina á þá leið, að þessi heimild sè bundin við uppástungu frá einstökum mönnum; alþing áleit það einkar áríðandi, að amtmaður hefði ótakmarkað vald til þess að fyrirskipa almenna verði, og stakk því uppá nokkrum breytingum við þessa grein, sem af taka allan efa um, að amtmönnunum sè heimilt að fyrirskipa verði, þegar nauðsyn krefur. Svo virtist og alþingi sú ákvörðun síður hagfelld, að helmingur varðkostnaðarins skuli greiddur af fjáreigendum í þeim hluta landsins, sem ætlazt er til að tryggja með verðinum, því bæði getur ágreiningur orðið um, hversu stórt svæði vörðurinn beinlínis tryggir í hvert skipti, enda má segja, að almennir verðir sè í raun og veru öllum landsbúum til tryggingar; þessvegna stakk alþingi uppá, að allur kostnaður við verðina verði greiddur úr jafnaðarsjóðum amtanna á þann hátt, sem frumvarpið ákveður, (eptir tölu lansafjárhundraðanna í hverju amti). Af þeim ástæðum, sem getið er, stakk alþingi uppá, að greinin verði orðuð á þessa leið:

»Virðist sèrlega hætt við, að sjúkdómurinn dreifist út til annara hèraða, skal amtmaður fyrirskipa vörð milli þeirra heil-

brigðu hèraða og þeirra, þar sem sóttnæmið er, og greiða kostnaðinn til hans úr jafnaðarsjóði amtsins. Þurfi að setja slíka verði til tryggingar fènu í öðrum ömtum en því, þar sem veikinnar hefir vart orðið, skulu amtmenn þeir, sem í hlut eiga, koma sèr saman um, hvar og hvernig verðirnir skuli settir. Þegar verðir eru settir á kostnað fleiri amta, þá skulu gjöldin til þeirra greidd af hlutaðeigandi jafnaðarsjóðum, eptir tölu lausafjárhundraðanna í hverju amti.« 1871. 4. marz.

Konungsfulltrúi var í álitsskjali sínu mótfallinn því, að svo mikið vald væri veitt amtmönnunum í þessu efni, og þingið hafði farið fram á; en til þess að enginn efi sè á því, að amtmaður geti uppá sitt eindæmi, án þess að bíða eptir uppástungum annara, sett verði, hefir hann samt stungið uppá, að greininni sè breytt á þessa leið: »skal amtmanni heimilt að samþykkja eða fyrirskipa«. Stjórnin gat ekki fallizt á breytingar þær, sem alþing hafði stungið uppá, og að því leyti, er snertir fyr nefnda uppástungu konungsfulltrúa, skal þess getið, að einmitt sökum þess, að stjórnin yfir höfuð að tala hefir ávallt álitið ráðstöfun þá, sem hèr er um að ræða, miður hagfellda og mjög kostnaðarsama, þá hefir hún byggt á því, að amtmennirnir ætti aldrei að setja verði uppá sitt eindæmi, og til þess að enginn efi sè um það, er greininni breytt nokkuð. Þar sem orðin í síðustu málsgrein: »fjáreigendurnir í þeim hluta landsins« þóttu nókkuð óákveðin, er þeim, eins og konungsfulltrúi hafði stungið uppá, breytt á þessa leið: »fjáreigendurnir í þeim sýslum, sem einkum og beinlínis á að tryggja með verðinum.«

Við 7. grein.

Alþing hefir ekki stungið uppá neinum breytingum á þessari grein.

Dómsmálastjórnin bar síðan frumvarpið undir konung, og lagði til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að frumvarpið yrði gjört að lögum fyrir Ísland með þeim breytingum, sem getið er um að framan.

1871. 1. apríl. **25. Tilskipun til bráðabirgða um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrjetti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Um leið og Vèr að öðru leyti áskiljum Oss, áður en Vèr gjörum út um þetta mál að fullu og öllu, að bera það undir álit Vors trúa alþingis, bjóðum Vèr og skipum fyrir til bráðabirgða á þessa leið:

Öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrjetti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti, skulu veittir 450 rd. úr hinum íslenzka landssjóði í árleg eptirlaun frá 1. aprílm. þ. á.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

12. apríl. **26. Umboðsskrá fyrir *Vilhjálm L. Finsen*, assessor í hæzta rètti, *O. M. Lütken*, herskipsstjóra, *H. G. Petersen*, póstumsjónarmann fyrir eyjastiptin, *Jón Sigurðsson*, alþingismann, og *C. P. A. Koch*, stórkaupmann, til að ganga í nefnd að rannsaka, hvort koma megi á reglulegum gufuskipsferðum kringum Ísland.**

Kristján hinn Níundi, o. s. frv.: Vita skuluð þèr, Vorir elskulegu herrar: *Vilhjálmur L. Finsen*, assessor í hæzta rètti, riddari dannebrogsorðunnar, *O. M. Lütken*, herskipsstjóri, kommandeur dannebrogsorðunnar og dannebrogsmaður, *H. G. Petersen*, póstumsjónarmaður fyrir eyjastiptin, riddari dannebrogsorðunnar, *Jón Sigurðsson*, alþingismaður, riddari dannebrogsorðunnar, og *C. P. A. Koch*, stórkaupmaður, að með því alþing hefir í fleiri en eitt skipti farið þess á leit, að komið verði á reglulegum gufuskipsferðum í kring um strendur Íslands, en engar skýrslur eru til,

til þess að geta dæmt um, hve miklu megi gjöra ráð fyrir af alls konar flutningum fram og aptur á gufuskipsferðum þessum, nè nein áreiðanleg áætlun um kostnað þann, sem rísa mundi af ferðum þessum, og með því nú á bezt við, eptir að lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar þ. á. eru út gengin, að hafa við þær rannsóknir, sem með þarf, um það, hvort það sè gjörandi, að koma á slíkum gufuskipsferðum á kostnað hins íslenzka landssjóðs, — hefir Oss þóknazt að setja nefnd, til þess að íhuga þau atriði, sem snerta þetta mál. 1871. 12. apríl.

Það er því allramildilegastur vili Vor og skipun, að þèr gangið í nefnd, til þess að rannsaka og íhuga, hvort það sè gjörandi, að koma á reglulegum gufuskipsferðum í kringum strendur Íslands uppá kostnað landsins og sèr í lagi yfirvega, hvernig hagfelldast mætti verða, að koma þessum gufuskipsferðum í samband við póstgufuskipsferðirnar, sem nú eru, milli Danmerkur og Íslands. Felum Vèr þèr, Finsen, allramildilegast á hendur að vera formaður í nefndinni og veitum Vèr yður að öðru leyti heimild til, að fá hjá kunnugum mönnum, sem til þessa eru fúsir, álit þeirra og skýrslur, sem þèr kynnið að æskja eptir, til þess að framkvæma það, sem yður hefir verið lagt fyrir; eigið þèr, þegar þar að kemur, að senda dómsmálaráðherra Vorum álitsskjal yðar og uppástungur.

Eptir þessu eigið þèr yður þegnlega að hegða. Felandi yður guði.

Skrifað í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 12. aprílm. 1871.

Undir Voru konunglegu innsigli.

(*L. S.*)

Eptir allramildilegustu boði hans hátignar konungsins.

Fr. Krieger.

1871. 15. apríl.

27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til norður- og austuramtsins, um málaskot í sakamálum til æðra rèttar.[1]

Í brèfi 31. ágúst f. á. hefir amtið borið upp fyrirspurn um, hvernig eigi að skilja það, sem fyrirmælt er í tilskipun viðvíkjandi misgjörðamálum á Íslandi, 24. janúar 1838, 15 gr., um það, hvernig skjóta skuli sakamáli til hins konunglega íslenzka landsyfirrèttar. Amtið hefir um þetta efni álitið, að það sè samkvæmt orðunum í tilskipuninni og leiði af tilgangi lagaboðsins, að þegar sýslumaður eptir beiðni hins dæmda skjóti dómi til yfirrèttarins, þá skuli það hafa sama gildi og háyfirvaldið hefði skotið málinu í æðra dóm fyrir rèttvísinnar hönd, og geti því sýslumaður beinlínis sent yfirrèttinum málið án tilhlutunar frá hálfu amtsins, og yfirrètturinn dæmt málið að öllu leyti. Aptur ámóti hefir yfirrètturinn ályktað svo, að tilskipunin leyfi ekki, að leggja þessa þýðingu í stefnu sýslumanns fyrir hönd hins dæmda, og að engin lög sè til þess, að sýslumaðurinn sem undirvaldsmaður fyrir hönd háyfirvaldsins skjóti málinu til yfirrèttarins af hálfu hins opinbera; með því af þessu hefir leidt, að orðið hefir að senda skjölin í öllum sakamálum til hlutaðeiganda amts, svo það geti ákveðið, hvort skjóta skuli málinu til æðra dóms fyrir hið opinbera, og, þegar svo hefir borið við, senda aptur sýslumanni dómsgjörðirnar, svo stefna amtsins fyrir hönd hins opinbera verði birt, en af þessu verður mikill dráttur á málunum, hefir amtið borið upp við dómsmálastjórnina, hvort ekki sè ástæða til að gjöra nokkrar sèrstaklegar ráðstafanir í þessu efni.

Eptir að stjórnarráðið hefir fengið álit stiptamtmanns og amtmannsins í vesturumdæminu um þetta mál, gefst hèrmeð til vitundar, til leiðbeiningar og svo það verði birt og þær ráðstafanir gjörðar, sem með þarf, það, sem hèr skal greina.

Þegar hin almenna ákvörðun í tèðri tilskipun 1. gr., þar sem fyrir er mælt, að dönsk lög um misgjörningamál skuli gilda á Íslandi, með þeim undantekningum og nákvæmari ákvörðunum, er síðar í þessari tilskipun munu tilteknar verða, er borin saman við

---

[1]) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað á sömu leið.

það, sem ákveðið er í 15 gr., að sýslumennirnir skuli ráðstafa 1871
því nauðsynlega til áfríunar undirréttardómsins fyrir landsyfirrétti, 15. apríl.
verður dómsmálastjórnin að álíta, að téða 15. grein eigi að skilja samkvæmt því, sem lög eru til í konungsríkinu eptir 17. gr. í tilskipun 29. nóvbr. 1837, er nákvæmar ákveður um lögsókn í sakamálum, o. s. frv., þannig, að bæði þegar nauðsyn er á að skjóta málinu til æðra dóms og þegar hinn dæmdi krefst þess, skuli senda amtinu dómsgjörðirnar, eptir að sýslumaður hefir ritað á þær það, sem með þarf, og skal amtið þá, ef því finnst ekki ástæða til að skjóta málinu til yfirréttarins fyrir hið opinbera, en hinn dæmdi hefir heimtað það, koma dómsgjörðunum til yfirréttarins, en ef amtið fyrir hönd hins opinbera stefnir málinu til yfirréttarins, skal senda dómsgjörðirnar aptur til sýslumanns, svo stefna amtsins verði birt hlutaðeiganda, og þá skal aptur senda þær amtinu, og þaðan skulu þær ganga til yfirréttarins. Stjórnarráðinu hefir ekki fundizt ástæða til að breyta þessu, og skal jafnframt benda amtinu á, að þegar hinn dæmdi hefir heimtað, að málið gangi til æðra dóms, þá sè aðeins þörf á, að hið sama sè gjört af hálfu hins opinbera, þegar svo stendur á, að hlutaðeigandi er dæmdur sýkn af nokkrum þeim afbrotum, er hann er lögsóktur fyrir (sbr. umburðarbrèf dómsmálastjórnarinnar 28. apríl 1851 og 15. desbr. 1852), en ekki þarf að skjóta málinu til yfirréttarins fyrir hönd hins opinbera til þess að hinn seki verði dæmdur í þyngri hegning, með því ekkert er því til fyrirstöðu, að yfirréttirnir leggi þyngri hegningu á hinn dæmda, jafnvel þó málið aðeins sè lagt undir æðri dóm eptir beiðni hans (sbr. hæztaréttar dóm 16. apríl 1868).

28. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um gjald spítalahluta. 15. apríl.

Þareð það hefir komizt upp, þá er reikningar þeir, sem samkvæmt tilskipun 10. ágúst, 1868, 5 gr., gjörðir hafa verið um gjald spítalahluta í fyrra í sjö sýslum landsins og kaupstaðnum Reykjavík, að hlutaðeigandi embættismenn, er þeir heimtuðu gjaldið, hafa skilið með ýmsu móti 2. gr. í tilskipuninni, þar sem fyrir er

1871. 15. apríl. mælt, að gjaldið skuli goldið í peningum eptir meðalverði á hvoru um sig, fiski og lýsi, í verðlagsskrá hvers árs — en sumir þeirra hafa reiknað gjaldið eptir verðlagsskránni fyrir 1870—71, og aptur aðrir farið eptir verðlagsskránni fyrir 1869—70, — hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, í brèfi, dagsettu 10. f. m., farið þess á leit, að stjórnarráðið feli stiptsyfirvöldunum á hendur, að tilkynna öllum þeim embættismönnum, er heimta saman þettta gjald, að reikna skuli gjaldið eptir þeirri verðlagsskrá, sem er í gildi 12. maí á því ári, án tillits til þess, að gjaldið sè heimtað saman á manntalsþingum, sem haldin eru eptir að hin nýja verðslagsskrá er búin að ná gildi, og veiti þeim myndugleika til, að samþykkja, er úrskurður fellur á reikninga yfir spítalagjöld fyrir árið 1869—70, þar sem gjaldið hefir verið talið eptir verðlagsskránni fyrir 1870—71, að hlutaðeigandi reikningshaldarar eptir atvikum sè látnir vera ábyrgðarlausir um þetta.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og eptirbreytni, og svo þèr auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á þessa uppástungu yðar.

---

15. apríl. **29. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um dýralækni í suðurumdæminu.**[1]

Sökum þess, að dýralæknir Snorri Jónsson, sem tekinn var til dýralæknis í suðurumdæminu fyrir tímann frá 1. septbr. f. á. til 30. apríl þ. á., hefir í þessari stöðu sinni gjört mjög mikið gagn, hafið þèr, herra stiptamtmaður, álitið það æskilegt, að hann fengist til að dveljast að minnsta kosti eitt ár enn í suðurumdæminu, með því hann þá gæti rannsakað nákvæmlega hina skaðvænu bráðasótt meðal sauðfjárins, og mætti einnig leita til hans, ef skepnur sýktist á annan hátt. Þarað ástandi jafnaðarsjóðsins er svo varið, að hann mundi ekki geta staðizt kostnaðinn

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 117.

við þetta án tillags frá hinu opinbera, — en ætla má, að kostnaður þessi nemi 50 rd. um mánuðinn eða 600 rd. fyrir eitt ár —, hafið þèr í brèfi 30. f. m. stungið uppá, að stjórnarráðið veiti yður myndugleika til, að taka Snorra Jónsson til dýralæknis í suðurumdæminu fyrir 1 ár frá 1. maí þ. á. með 600 rd. launum um árið, og að helminginn af þessu fè megi greiða af þeirri upphæð, sem ætluð er til óvissra útgjalda á reikningsárinu 1871—72, gegn því, að hinn helmingurinn verði goldinn úr jafnaðarsjóðnum. 1871. 15. apríl.

Utaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að þó sá kostnaður, sem hèr er um að ræða, að öllu leyti eptir eðli málsins gangi til sveitarþarfa, hefir stjórnarráðið samt enn fallizt á uppástungu yðar fyrir eitt ár frá 1. í næsta mán., og skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógeta, að yður verði borgaðir til þessa 300 rd., 25 rd. á mánuði, af því fè, sem veitt er með fjárhagsáætluninni fyrir reikningsárið 1871—72, 11. gr.

---

30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands. 2. maí.

Um leið og vèr tilkynnum Deild hins íslenzka bókmentafèlags hèr í bænum, að stjórnarráðið hefir veitt fèlaginu 150 rd. styrk til að gefa út »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands,« og að í dag hefir verið hlutazt til um, að fè þetta verði greidt fèhirði deildarinnar, Oddgeiri Stephensen, stjórnardeildar forstjóra og etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins, skal þess getið útaf bænarskrá, þar sem fèlagið sækir um, að fá ennfremur 150 rd. styrk til að greiða þann kostnaðar auka, sem hlauzt af II. bindi, 6. hepti tèðs safns, að stjórnarráðið sèr sèr eigi fært, að veita þetta.

1871. 2. maí. **31. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán til að ljúka við aðgjörð á skólavörðunni í Reykjavík.**

Með brèfi, dagsettu 1. febrm. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem bæjarstjórnin í Reykjavík sækir um leyfi til, að taka 700 rd. lán fyrir bæjarsjóðinn, til að ljúka við aðgjörð hinnar svo nefndu »skólavörðu« eða *Kriegers Minde* og mælt með, að þetta verði veitt með því skilyrði, sem bæjarstjórnin sjálf hefir stungið uppá, að í næstu 28 ár verði borgaðir 6 af hundraði á ári, bæði sem vextir af láninu og uppí innstæðuna, þannig að lánið að þeim tíma liðnum verði alborgað.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið veitir þetta, sem sókt hefir verið um.

---

12. maí. **32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýja rentuklippinga við ríkisskuldabrèf.**[1]

Í brèfi 1. marz þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, leitað samþykkis stjórnarráðsins til þess, að þèr, með því auglýsing fjárhagsstjórnarinnar 22. septbr. 1859[2] með öllu er ókunn á Íslandi, hafið veitt landfógetanum, eptir uppástungu hans, heimild til, að láta setja í skýrteini þau til bráðabirgða um það, að konungleg ríkisskuldabrèf, sem ganga á Íslandi, sè látin af hendi, til þess að fá nýja rentuklippinga, leiðarvísi handa þeim eigendum að ríkisskuldabrèfum, sem hlut eiga að máli, og greiða kostnaðinn við prentun eyðublaða til skýrteinanna, en hann nemur í mesta lagi 8 rd., af því fè, sem veitt er með fjárhagslögunum 1870—71, 20. gr. VI. C. til óvissra útgjalda.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 94.

[2]) „Departementstidenden“ 1859, bls. 651—61.

33. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869. (á Íslenzku og Dönsku). 1871. 22. maí.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1869, höfum Vèr sèð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitazt við að efla Vort gagn og hag landsins. Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúa alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess hið nefnda ár, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vèr nú skýra hèr í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir af ráðið verið.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi.

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vèr höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1. Tilskipun handa Íslandi 11. desembrmán. 1869, um eptirmyndan ljósmynda, og fl. (Sbr. Auglýsing fyrir Ísland 10. febrúarmán. 1870, um tilkynning um einkarètt til að eptirmynda ljósmyndir).

2. Opið brjef handa Íslandi sama dag, um aðra skiptingu á lyfjavoginni en hingað til. (Sbr. Auglýsing 5. marzmán. 1870, um, hvenær opið brjef handa Íslandi 11. desembermán. 1869, um aðra skiptingu á lyfjavoginni skuli öðlast gildi, og um að hin nýja lyfjaskrá skuli leidd inn á Íslandi).

3. Opið brjef handa Íslandi sama dag, er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrètti hjá þeim mönnum, sem hafa látið aðra fá sjálfsvörzluveð í lausafè sínu.

4. Tilskipun fyrir Ísland 12. marzmán. 1870 um uppreist á æru og fl.

5. Opið brèf handa Íslandi sama dag, um að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið.

6. Lög 2. janúarmán. 1871, um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu.

1871. 22. maí.

7. Tilskipun 4. marzmán. 1871, er inni hefir að halda viðauka við tilskipun 5. janúarmán. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

8. Tilskipun sama dag, um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega íhugaðar athugasemdir þær, sem alþingi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu og ýmislegt verið nákvæmar ákveðið.

Að því er sèrstaklega snertir lögin 2. janúarmán. 1871, mun alþing af þeim athugasemdum, sem gjörðar eru um þetta mál í ástæðunum fyrir frumvarpi því til nefndra laga, sem lagt var fyrir ríkisþingið síðasta — en fulltrúi Vor mun skýra alþingi frá þeim, — fá vitneskju um, hversvegna stjórnin hefir álitið það skyldu sína, að leggja frumvarp það, sem tèð lög eru bygð á, fyrir ríkisþingið. Með því ríkisþingið samsinnti frumvarpinu, hefir stjórnin getað látið lög þessi ganga út, og er með þeim hin óraskanlega undirstaða fengin til endurbóta á fjárhags- og stjórnarmálefnum Íslands.

Með tilliti til frumvarps þess, sem lagt var fyrir alþing 1869, til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands, hefir alþing í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, að nefnt frumvarp verði ekki gjört að lögum, einsog það þá lá fyrir þinginu, en að lagt verði fyrir þing á Íslandi með fullu samþykktaratkvæði 1871 frumvarp til stjórnarskrár fyrir Ísland, sem að minnsta kosti taki eins mikið tillit til landsrèttinda Íslendinga, einsog það frumvarp til stjórnarskrár fyrir Ísland, sem kom frá alþingi 1867, og til vara, að frumvarp til stjórnarskrár fyrir Ísland, sem alþing hafði samið, verði allramildilegast staðfest, og hefir þingið, ef þessu skyldi ekki verða veitt áheyrsla, ráðið frá því, að hið konunglega frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands öðlist lagagildi.

Það hið sama, sem olli því, að ógjörandi var, að fallast á frumvarp það, sem kom frá alþingi 1867, einsog nákvæmlega var útlistað í ástæðunum til frumvarps til stjórnarskrár fyrir Ísland, sem lagt var fyrir 1869, bar og til þess, að ekki hefir orðið tekið tillit til breytinga þeirra á þessu síðara frumvarpi, sem alþing

hefir stungið uppá, er frumvarpið með þeim komst aptur að mestu leyti í hið sama horf og frumvarp það, sem alþing samþykkti 1867, en á hinn bóginn hefir Oss eigi þótt tilefni til, að gjöra það frumvarp, sem lagt var fyrir alþing 1869, til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands að lögum gegn ósk alþingis. Aptur ámóti höfum Vèr með sèrstaklegu tilliti til þess, að lögin 2. janúarmán. þ. á. eru út gengin, látið semja nýtt frumvarp til stjórnarskrár um hin sèrstaklegu málefni Íslands, til þess að leggja það fyrir alþingi, sem nú fer í hönd. 1871. 22. maí.

Áður en ályktun verður gjörð um það mál, sem rædt er um í þegnlegu álitsskjali alþingis, hvernig framvegis skuli nota brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu, hefir þótt nauðsyn á, að láta mann, sem reyndur er í þeim efnum, rannsaka námana, og mun slík rannsókn fara fram í sumar.

Eptir að Vèr höfum fengið þegnlegt álitsskjal alþingis um skiptingu á nokkrum sýslum í vesturumdæmi Íslands, höfum Vèr allramildilegast fallizt á: 1) að Mýrasýsla, sem hingað til hefir verið sameinuð við Hnappadalssýslu, skuli vera lögsagnarumdæmi útaf fyrir sig, og skuli eptirgjaldið af henni vera 80 rd. á ári; 2) að Hnappadalssýsla skuli lögð saman við Snæfellsnessýslu, þannig, að borgaðir verði í eptirgjald af hinu sameinaða embætti 40 rd. á ári, og 3) að konungstíundin af Barðastrandarsýslu skuli veitt hlutaðeigandi sýslumanni fyrir afgjald, og að eptirgjaldið af sýslunni skuli fært niður í 20 rd.; skal þetta allt talið frá 6. júní þ. á.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, sem komið hafa frá alþingi.

1. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis verður frumvarp til breytingar á þeim lögum, sem nú gilda um spítalahluti, lagt fyrir alþingi, sem fer í hönd.

2. Þareð menn álitu, að niðurskurður hákarla spilli hákarlaveiði þeirri, sem við er höfð á svæðinu frá Látrabjargi í Barðastrandarsýslu til Hornbjargs í Ísafjarðarsýslu á tímabilinu frá 1. degi oktbrm. til 1. marzm., hefir alþing þegnsamlega beiðzt þess,

1871. 22. maí.

að frumvarp til tilskipunar, sem þingið hefir samið, um bann gegn niðurskurði á hákarli allramildilegast verði staðfest.

Eptir þeim skýrslum, sem hafa getað fengizt um þetta, má samt álíta það mjög efasamt, hvort tilgangi þeim, sem alþingi hafði fyrir augum, verði náð með því, að leggja á slíkt bann, og með því það auk þess gæti orðið atvinnuvegi þeim, sem hèr er getið, til hnekkis, þá hefir ekki þótt nægilegt tilefni til að taka uppástungu þessa til greina.

3. Alþing hefir þegnsamlega beiðzt þess, að 3000 rd. styrkur verði veittur til stofnunar landbúnaðarskóla í Húnavatnssýslu, með því skilyrði, að sýslubúar og aðrir skjóti saman jafnmiklu fè til þessa.

En með því stofnun búnaðarskola á Íslandi er svo áríðandi fyrir allt landið, þá hefir stjórnin haldið, að ekki ætti að gjöra um þetta mál einungis fyrir einstaka sýslu, heldur ætti að koma skipulagi á það með lagaboði fyrir allt land, og verður hèr að lútandi frumvarp nú lagt fyrir alþingi.

4. Stjórninni hefir þótt það ísjárvert, samkvæmt tillögum alþingis að veita Páli presti Pálssyni á Íslandi styrk til langframa úr ríkissjóðnum, eða nú úr hinum íslenzka landssjóði, til þess að efla heyrnar- og málleysingja kennsluna á Íslandi, en aptur á mót voru honum árið sem leið veittir í eitt skipti fyrir öll 200 rd. í þóknunarskyni fyrir framkvæmdir hans í þessu máli. Þarsem það að öðru leyti verður að vera komið undir samkomulagi milli þeirra, sem í hlut eiga, hve mikið skuli borga fyrir kennslu þessa, er svo fyrir skipað, að endurgjald það, sem Páli presti Pálssyni eptir því ber fyrir kennslu heyrnar- og málausra barna, sem komið er fyrir hjá honum á opinberan kostnað, verði greitt honum fyrirfram fyrir hvern fjórðung árs úr jarðabókarsjóði Íslands. Sömuleiðis höfum Vèr allramildilegast fallizt á uppástungu alþingis, að kostnaðurinn við kennslu heyrnar- og málausra barna, að því leyti hann hvílir á hinu opinbera, skuli eptirleiðis greiddur úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á.

Þarsem alþing að endingu hefir farið fram á, að það hèr eptir verði gjört að skyldu, að útvega öllum heyrnar- og málausum börnum á Íslandi, sem eru á tilteknu aldursskeiði, kennslu

annaðhvort á Íslandi, eða á heyrnar- og málleysingja skólanum í Kaupmannahöfn, verður frumvarp um þetta efni nú lagt fyrir alþingi. 1871. 22. maí.

5. Af þeim ástæðum, sem fulltrúi Vor mun skýra nákvæmar frá, hefir þegnleg bænarskrá alþingis um stofnun lagaskóla á Íslandi ekki orðið tekin til greina, og hefir heldur ekki þótt næg ástæða til, að fallast á þá uppástungu alþingis, að þangað til skólinn kemst á, verði það gjört hinum íslenzka landsyfirrètti að skyldu, að halda próf yfir þeim, sem á Íslandi vili komast í laga-embætti, og sömuleiðis þegar krafizt verður, halda fyrirlestra til undirbúnings undir þvílíkt próf.

6. Þegnlegri bænarskrá alþingis um, að veittur verði 300 rd. styrkur á ári til forngripasafnsins í Reykjavík, hefir ekki orðið veitt áheyrsla. Þar á móti var stiptsyfirvöldunum veitt heimild til þess, að verja 500 rd. til þessa árið sem leið.

7. Þegnlegri bænarskrá alþingis um stofnun sjómannaskóla á Íslandi hefir ekki orðið veitt áheyrsla af þeim ástæðum, sem fulltrúi Vor nákvæmar mun skýra frá, en aptur á móti verður honum falið á hendur, að koma því til leiðar, að alþing láti uppi ítarlegra álit sitt um það, hvernig augnamiðinu geti orðið náð á hagfelldastan hátt.

8. Alþing hefir í þegnlegri bænarskrá farið þess á leit, að stjórnin sjái um, að 1000 tunnur af korni, auk þess korns, sem kaupmenn flytja til verzlunar, sè árlega til á Íslandi, og að þeim sè skipt niður á verzlunarstaðina eptir nákvæmari ákvörðun amtmannanna, til þess að ráða bót á því, ef of lítið er aðflutt af kornvöru.

Það hefir samt ekki þótt tilefni til, að taka bænarskrá þessa til greina, og það því síður, sem það eptir frumvarpi því, er nú verður lagt fyrir alþingi, um að innleiða sveitastjórn á Íslandi, verður brýnt fyrir stjórnendum sveitarfèlaganna, sem hlut eiga að máli, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til að afstýra hallæri í landinu.

9. Alþing hefir þegnsamlega beiðzt þess, að það fè, sem með þarf, verði veitt til þess, að opinberir fyrirlestrar verði haldnir í Reykjavík yfir sögu Íslands og fornfræði Norðurlanda. En það

1871. 22. maí.

hefir þótt ísjárvert, nú sem stendur, að leggja útgjöld til þessa á hinn íslenzka landssjóð.

10. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um fiskiveiðar útlendra þjóða við strendur Íslands, og um það, að tollur sá, sem verið hefir á innfluttum fiski frá Íslandi til Frakklands, verði af numinn, mun fulltrúi Vor skýra alþingi frá því, sem með þarf, og skal jafnframt vísað til þess frumvarps, sem nú verður lagt fyrir alþingi til tilskipunar, sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilskipun 13. júnímán. 1787, 1. kap., og fl.

11. Þegnleg bænarskrá alþingis um, að það verði ákveðið, að enginn megi framvegis stofna fasta verzlun á Íslandi, nema hann sè þar búsettur, og að lagafrumvarp um þetta efni verði lagt fyrir alþingi, sem nú fer í hönd, hefir eigi þótt til þess fallin að hún yrði tekin til greina.

12. Áður en ályktun verður gjörð um þegnlega bænarskrá alþingis um, að reglulegum gufuskipsferðum verði komið á kringum strendur Íslands, hefir það, vegna þess engar skýrslur eru til, til þess að geta haft hugmynd um, hve miklu megi gjöra ráð fyrir af allskonar flutningum fram og aptur á gufuskipsferðum þessum, og heldur ekki nein áreiðanleg áætlun um kostnað þann, sem rísa mundi af ferðum þessum, þótt nauðsynlegt, að útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu skyni, til þess að af þeim verði ráðið, hvort það sè gjörandi, að koma gufuskipsferðum þessum á uppá kostnað hins íslenzka landssjóðs; fyrir þessar sakir hefir Oss þóknazt 12. aprílm. þ. á. að setja 5 manna nefnd til þess, að íhuga allt það, sem hèr að lýtur, og þar eptir láta uppi álit sitt og uppástungur viðvíkjandi þessu máli.

13. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis höfum Vèr 4. nóvbr. f. á. allramildilegast fallizt á, að sett verði 3 manna nefnd í Reykjavík, til þess að semja frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga handa Íslandi.

Að því er snertir bænarskrá þá, sem nefnd er í auglýsingu Vorri til alþingis 7. júlímán. 1869 II. 9., um að út verði látið ganga lagaboð um friðun á laxi á Íslandi, skal að endingu vísað til lagafrumvarps þess, sem nú verður lagt fyrir þingið um þetta málefni.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vèr sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi. 1871. 22. maí.

---

34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til allra embættismanna á Íslandi, um ferð Johnstrups háskólakennara til að rannsaka brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu.[1] 23. maí.

Þareð kennari í steinafræði við háskólann í Kaupmannahöfn, J. F. Johnstrup, riddari dannebrogsorðunnar, samkvæmt ósk stjórnarráðsins hefir boðizt til, að fara til Íslands með næstu ferð póstgufuskipsins, einkum til þess að rannsaka brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu, sem eru þjóðeign, mælist stjórnarráðið til, jafnframt og vísað er til meðfylgjanda eptirrits af[2] erindisbrèfi

---

[1]) Þetta meðmælingarbrèf var fengið í hendur háskólakennara Johnstrup.

[2]) Eptir að þèr, herra háskólakennari, samkvæmt ósk stjórnarráðsins, hafið boðizt til að fara héðan til Íslands með næstu ferð póstgufuskipsins, einkum til að rannsaka brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu, sem eru þjóðeign, mælumst vèr til útaf því, sem yður þannig er falið á hendur, að þèr

1. einkum leitist við að kynna yður stærð og þykkt bæði hinna köldu og heitu náma svo, að af því megi gjöra sèr hugmynd um, hve mikið af brennisteini nú sè í námunum, og væri jafnframt æskilegt, ef afstaða námanna, ásigkomulag jarðvegarins og veðurátta er því ekki til fyrirstöðu, að búinn sè til uppdráttur af námunum, bæði til þess að hann verði við hafður, ef námarnir verða rannsakaðir aptur, og til samanburðar við uppdrátt þann, sem *Henchel* bjó til 1775, og mætti ef til vill með þessu móti fá nokkra vitneskju um, hversu mikið námarnir mundu geta gefið af sèr;

2. að þèr rannsakið, hvort líkindi sè til, að leggja megi járnbraut án mikils kostnaðar frá námunum til Húsavíkur, eins og Lock* einusinni hafði í hyggju; og

---

*) Englendingur nokkur, sem hafði sókt um leigumála á námunum; sbr. Tíðindi frá alþingi, 1869, II., 74.

1871. 23. maí. því, sem samið hefir verið handa háskólakennara Johnstrup, að allir embættismenn á Íslandi, sem tèður háskólakennari Johnstrup kann að leita til á ferðalagi sínu, láti honum í tè alla aðstoð og hjálp, sem þarf til þess að framkvæma það, sem honum er falið á hendur.

---

24. maí. **35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa, um þegnlegt ávarp frá alþingi 1869.**

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, með brèfi 16. oktbr. 1869 senduð hingað þegnlegt ávarp, dagsett alþingi 19. septbrm. 1869 og undirskrifað af Jóni Sigurðssyni og Halldóri Jónssyni, hafið þèr sem konungsfulltrúi skýrt frá, að hinn fyrsti konungkjörni alþingismaður, háyfirdómari í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti, Þórður Jónasson, hafi fyrir sig og fyrir hönd fimm annara nefndra alþingismanna í brèfi leidt áthygli yðar að því, að þingið hafi ekki verið fullskipað samkvæmt tilskipun 8. marz 1843, 61. gr., þá er ályktun var gjörð um ávarpið, þar sem hinn fimmti konungkjörni alþingismaður Pètur biskup Pètursson var eigi á fundi, og fyr nefndir sex alþingismenn gengu af þinginu,

---

3. að þèr útvegið skýrslur um brennisteinsnámið í Krýsuvík og megn brennisteinsins í námunum þar, til samanburðar við námur landssjóðsins í Þingeyjarsýslu.

Stjórnarráðinu mundi og þykja vænt um, að þèr að svo miklu leyti, sem unnt er, um leið notið tækifærið til að skoða silfurbergsnámann í Helgustaðafjalli, og rannsaka, hvort ekki mætti hafa meiri arð af honum, en nú fæst með því, að hann er leigður manni fyrir 20 rd. afgjald á ári.[2]

Að endingu mælumst vèr til, að þèr sendið stjórnarráðinu, þegar þèr eruð kominn heim aptur, nákvæma skýrslu um rannsóknir yðar og árangurinn af þeim, og jafnframt þá um leið uppástungu yðar um, hvernig framvegis megi nota brennisteinsnámana og silfurbergsnámann, og um meðferðina á þeim.

---

[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 424.

er gengið var til atkvæða um ávarpið, og greiddu eigi atkvæði, 1871.
svo ekki voru þrír hlutir þingmanna þá eptir í salnum, en þetta 24. maí.
hefir forseti vottað í brèfi því, er hann sendi yður ávarpið með.

Um þetta gefst yður til vitundar sem konungsfulltrúa á alþingi, sem nú fèr í hönd, að þareð hið svo nefnda þegnlega ávarp eigi er löglega samþykkt af alþingi, hefir það eigi verið fallið til þess að konungur svari því.

---

36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lóð handa hegningarhúsinu í Reykjavík. 24. maí.

Þarsem þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 2. þ. m. meðal annars hafið farið þess á leit, að yður verði veitt heimild til að kaupa tiltekna lóð og grjót það, sem á henni er, að steinhöggvara Sverri Runólfssyni fyrir 35 rd., með því þar mætti fá byggingarlóð handa hegningarhúsinu, sem á að byggja, og væri lóðin 80 áln. á lengd með fram hinum nýja þjóðvegi, Skólavörðuveginum, veitir stjórnarráðið yður hèrmeð þessa heimild, sem þèr hafið beðið um.

---

37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1869 og 1870. 24. maí.

Með brèfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á alþingi, eitt exemplar af hverju hinna almennu lagaboða, sem út hafa komið í Danmörku á árunum 1869 og 1870, svo að alþingi gefist tækifæri til á næsta þingi að íhuga, hvort við eigi að löggilda nokkurt af laga-

1871. 24. maí. boðum þessum á Íslandi, og skal þess getið, að dómsmálastjórninni finnst ekki fyrir sitt leyti vera ástæða til, að minnsta kosti nú sem stendur, að leggja neitt af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvarp, samkvæmt konungsúrskurði 4. janúar 1861.

---

25. maí. **38. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.**

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með brèfi yðar, dagsettu 2. þ. m., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir eru fyrir þetta fjárhagsár til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju útaf fyrir sig:

Uppgjafapresti Guðlögi Sveinbjarnarsyni (frá Hvammi) .	15 rd.
— Þorleifi Jónssyni (frá Hvammi)[1] . . .	25 -
Prestsekkju Guðlögu Eiríksdóttur (frá Reynivöllum) . .	15 -
— Rannveigu Vigfúsdóttur (frá Staðarhrauni) . .	15 -
— Ingibjörgu Thorgrimsen (frá Saurbæ) . . .	10 -
— Helgu Jónsdóttur (frá Gilsbakka)	30 -
— Helgu Guðmundsdóttur (frá Borg)	15 -
— Salbjörgu Jónsdóttur Reykdal (úr Miðdala þingum)	20 -
— Helgu Arnfinnsdóttur (ekkju Jóns heitins Jónssonar, kapelláns að Breiðabólstað í Vesturhópi)	8 -
— Sigríði Oddsdóttur (úr Dýrafjarðar þingum) .	10 -
— Guðrúnu Vernharðsdóttur (frá Eyri í Skutulsfirði)	15 -
— Oddnýju Ingvarsdóttur (úr Sólheima þingum)	20 -
— Elínu Einarsdóttur (frá Þingeyra klaustri) . .	30 -
— Marenu Níelsdóttur (frá Höskuldstöðum) . .	10 -

[1]) Hann var prófastur í Dalasýslu.

Prestsekkju	Valgerði Einarsdóttur (frá Grímsey) . . .	8	rd.	1871.
—	Guðríði Helgadóttur (frá Svalbarði) . . .	12	-	25. maí.
—	Sigríði Jónsdóttur (frá Skinnastöðum) . .	10	-	
—	Guðlögu Guttormsdóttur (frá Skeggjastöðum)	10	-	
—	Kristínu Gunnarsdóttur (frá Desjarmýri) . .	7	-	
—	Þorbjörgu Jónsdóttur (frá Kolfreyjustað) . .	18	-	
—	Margrètu Magnúsdóttur (frá Skorastað) . .	10	-	
—	Guðrúnu Þorvaldsdóttur (frá Reynivöllum) .	5	-	
—	Íngveldi Jónsdóttur (frá Hofteigi)	10	-	
—	Valgerði Bjarnadóttur (frá Kirkjubæjar klaustri)	10	-	
—	Guðrúnu Ingvarsdóttur (frá Eyvindarhólum)	20	-	
—	Guðnýju Jónsdóttur (frá Kálfholti) . . .	15	-	
—	Solveigu Markúsdóttur (frá Stokkseyri) . .	10	-	
—	Kristínu Eiríksdóttur (úr Efriholta þingum)	12	-	
—	Margrètu Narfadóttur (frá Glæsibæ) . . .	40	-	
—	Guðrúnu Jónsdóttur (frá Mosfelli)	15	-	
—	Þórunni Ásgrímsdóttur (frá Helgafelli) . .	10	-	
—	Kristjönu Einarsen (frá Stafholti)	10	-	
—	Kristínu Jónsdóttur (frá Þykkvabæjar klaustri)	10	-	
—	Helgu Pálsdóttur (frá Reynivöllum) . . .	10	-	
—	Elínu Ó. Scheving (frá Vogsósum) . . .	10	-	

Þetta skal yður hèrmeð til vitundar gefið, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að máli, og um leið og vèr vísum til brèfs stjórnarráðsins 15. júlí 1865, skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

39. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til amtmannanna á Íslandi, um kostnað við kennslu ómála barna. 25. maí.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 12. þ. m. allra-

1871. 25. maí. mildilegast að fallast á, að greiða megi kostnaðinn við kennslu heyrnar og mállausra barna frá Íslandi úr hlutaðeiganda jafnaðarsjóði, ef hvorki þau sjálf nè þeir, sem að þeim standa, hafa efni til þess.

Þetta gefst yður (herra stiptamtmaður; herra amtmaður) til vitundar, yður til leiðbeiningar.

---

27. maí. **40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lausn frá nafnbótum.**

Með þessu brèfi gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það hlutaðeigendum, að dómsmálastjórnin hefir 24. þ. m. sent hans hátign konunginum þegnlega skýrslu um það, að fyrrum stjórnardeildarsekreteri í utanríkisstjórninni, Dr. phil. Grímur Thomsen, og fyrrum vísijústízsekreteri í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti, Ólafur M. Stephensen, hafi sagt af sèr nafnbótum, sem þeim hafa verið veittar, hinn fyrri nafnbótinni sem legationsráð, og hinn síðari jústízráðsnafnbót, og fellur skylda þeirra til þess að greiða nafnbótarskatt burtu frá 1. þ. m., samkvæmt tilskipun 17. septbr. 1870, 3. gr.

---

10. júní. **41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um nýja útgáfu af kennslubók Levys í yfirsetufræði.**

Með brèfi, dagsettu 18. janúarm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hafi mælzt til, að vesturamtið ásamt með hinum ömtunum taki þátt í því, að greiða úr jafnaðarsjóði amtsins kostnaðinn við að gefa út nýja útleggingu á Íslenzku eptir hèraðslækni Jónas Jónassen, á kennslubók

háskólakennara Levy's heitins í yfirsetufræðinni, sem er endurskoðuð af háskólakennara, Dr. med. Stadfeldt, þannig, að kostnaðinum verði jafnað niður eptir upphæð lausafjártíundarinnar á hvert amt, en ömtin skuli aptur fá eptir tiltölu exemplör af því, sem nú verður prentað af bókinni, og hafið þèr farið þess á leit, að dómsmálastjórnin samþykki, að greiða megi þann hluta af kostnaðinum, sem fellur á vesturamtið, úr jafnaðarsjóðnum. 1871. 10. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fyrir sitt leyti hefir ekki neitt á móti því, sem þèr hafið stungið uppá.

---

42. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kostnað við aðhjúkrun betrunarhússfanga á spítala í Kaupmannahöfn. 15. júní.

Útaf því, að bæjarstjórnin í Kaupmannahöfn hefir mælzt til við amtið, að fá endurgoldinn kostnaðinn við aðhjúkrun á Guðbjörgu Guðmundsdóttur, sem á sveit í Torfastaðahrepp í Húnavatnssýslu, á meðan að hún lá veik á bæjarspítalanum í Kaupmannahöfn, — en þangað kom hún 18. nóvbr. 1869, þá er henni var sleppt úr betrunarhúsinu, og var kostnaðurinn við lok júním. f. á. orðinn 112 rd. 48 sk., og jókst um 48 sk. fyrir hvern dag, er hún dvaldist á spítalanum fram yfir þenna tíma, þangað til henni var komið á limadeildina, þar sem kostnaðurinn er 16 sk. á dag, — hefir amtið í brèfi 14. febr. þ. á., um leið og vísað er til kansellíbrèfs 6. nóvbr. 1845,[1] sbr. brèf dómsmálastjórnarinnar 5. júlí 1861,[2] brèfs innanríkisstjórnarinnar 28. apríl 1849,[3] og brèfa dómsmálastjórnarinnar 30. júní 1864, 4. janúar 1865 og 11. júní 1866,[4] álitið, að hinn íslenzki dómsmálasjóður skuli

[1]) Lovsamling for Island, XIII., 338.
[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 496.
[3]) Lovsamling for Island, XIV., 258.
[4]) Tíðindi um stjórnarmálefni Islands, II., 60, 119 og 355.

1871. 15. júní.

greiða þenna kostnað en ekki framfærsluhreppurinn, sem að auki eptir skýrslu hlutaðeiganda sýslumanns varla mun vera fær um það, og hefir amtið því næst farið þess á leit, að stjórnarráðið sjái um, að upphæðin verði borguð bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn úr aðalfèhirzlunni, en amtið hefir tilkynnt bæjarstjórninni, að málið sè borið undir dómsmálastjórnina.

Útaf þessu skal þess getið, að eins og kansellíbrèf 6. nóvbr. 1845 aðeins í einstökum tilfellum hefir leyft, að greiða megi kostnaðinn við sjálfan flutning íslenzkra sakamanna til Íslands, er þeir hafa út tekið hegningarvinnu hèr, úr dómsmálasjóðnum, þannig eiga ekki stjórnarbrèf þau, sem amtið hefir skýrskotað til, við það atvik, sem hèr er verið að ræða um, þar sem fè hefir verið varið til aðhjúkrunar á íslenzkum fanga, sem búinn er að út taka hegninguna, heldur við þau tilfelli, er slíkum kostnaði hefir verið varið til þess, að íslenzkur sakamaður nái að afplána hegningu, og gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að dómsmálastjórnin hlýtur að vera á því máli, að framfærsluhreppur Guðbjargar Guðmundsdóttur eigi beinlínis að endurgjalda kostnaðinn, en um efnaleysi hreppsins hefir stjórnarráðið ekki fengið nægar skýrslur.

Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skýrt bæjarstjórninni í Kaupmannahöfn frá því, sem sagt er að framan.

---

15. júní.

43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um húsakaup á klausturjörð.

Með brèfi 15. febr. þ. á. hefir amtið sent hingað bænarskrá, þar sem leiguliðinn á jörðunni Fossgerði, sem heyrir undir Skriðu klausturs góz, sækir um, að hið opinbera kaupi hús nokkur á jörðunni, sem tilheyra dánarbúi leiguliðans, sem var, en sækjandi

hefir ekki sjálfur efni til að kaupa þau, og hefir umboðsmaðurinn mælt fram með þessu. Um þetta efni hefir amtið getið þess, að það mundi ábatasamast fyrir hið opinbera, að taka húsin, sem eru nauðsynleg fyrir jörðina, og samkvæmt skoðunargjörð, sem fram hefir farið, eru metin uppá 150 rd., af þeirri ástæðu að hús þessi, sem hinn fyrri leiguliði hefir byggt, þá er þessi jörð var skilin frá jörðunni Klausturseli, að öðrum kosti mundu rifin, og jörðin yfirgefin, og þá mundi litlar líkur til, að jörðin yrði byggð nokkrum, og væri hætt við, að hið opinbera hefði í mörgum greinum skaða af þessu. Jafnframt og þess er getið, að afgjaldið af jörðunni, er hun var byggð út í fyrsta skipti, var 30 álnir á ári, en að amtmaður Havstein gagnstætt tillögum hlutaðeiganda umboðsmanns hækkaði afgjaldið til 50 álna, þegar jörðin var byggð þeim leiguliða, sem nú situr á henni, hefir amtið stungið upp á, að verja megi 150 rd. úr umboðssjóðnum til þess að kaupa húsin, og að enn fremur verði lagt til jarðarinnar ½ kúgildi eða 3 ær, sem mundi kosta 20 rd., en þá mundi afgjaldið af jörðunni geta orðið 50 áln., og leigan 10 áln., eða í peningum 15 rd. á ári, þegar hver meðalalin er talin 24 sk. 1871. 15. júní.

Útaf þessu gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, þannig, að ábúandinn taki við húsunum, haldi þeim við og skili þeim aptur í fullu standi, og skal hann gjalda í landskuld 50 áln., og í leigu 10 áln.

---

44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skuldir umboðsmanns Sveins Þórarinssonar.[1] 16. júní.

Með brèfi 28. febr. þ. á. hefir amtið sent hingað aðalreikning yfir þrotabú umboðsmanns Sveins heitins Þórarinssonar, og sèst af honum, að skuldakröfur hins opinbera í búinu verða borgaðar

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 76.

1871. 16. júní. með jarðarpörtum þeim, sem settar voru að veði fyrir kröfunum, nema 5 rd. til Möðrufells spítala, sem hlutaðeigandi borgunarmaður mun greiða. Jafnframt þessu hefir amtið farið þess á leit, að nokkrir af hinum fyrri eigendum að þessum jarðarpörtum, sem hið opinbera hefir tekið við, fyrir 1625 rd. í allt, hafi borið upp þá spurningu, hvort þeim leyfðist að leysa aptur jarðirnar, og hefir amtið, sökum þess, að það er miður hagfellt fyrir hið opinbera, að eiga þess konar jarðarparta, sem síðar verða byggðir mönnum sérstaklega hver um sig, og sökum þess, að það þykir sanngjarnt, að þeir, sem hafa gengið í borgun fyrir Svein Þórarinsson, hafi sem minnstan skaða af því, stungið upp á, að því sè veittur myndugleiki til að láta tèða jarðarparta af hendi við borgunarmennina eða börn þeirra fyrir svo mikið, sem hæst var boðið í þá við uppboðið, sem haldið var fyrir hönd ríkissjóðsins, með því skilyrði, að kaupendur þegar borgi $^2/_5$ af andvirðinu, og gefi skuldabrèf fyrir hinum $^3/_5$ pörtunum með fyrsta veðrètti í jarðarpörtunum, greiði í vöxtu 4 rd. af hundraði á ári, og borgi $^1/_{10}$ part af skuldinni í gjalddaga í júnímánuði hvers árs.

Útaf þessu gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu amtsins, þannig, að skuldabrèfin skuli hljóða uppá dómsmálastjórnina fyrir hönd þess opinbera.

Um þær ráðstafanir, sem gjörðar verða í þessu efni, býst stjórnarráðið við skýrslu frá yður.

---

16. júní. **45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kvartanir yfir skemmdum á eggvarpi í Grundarfirði.**

Útaf bænarskrá, sem þèr, herra amtmaður, hafið sent hingað með brèfi 29. janúar þ. á., þar sem Helgi prestur Sigurðsson að Setbergi í Snæfellsnessýslu ber sig upp undan því, að frakkneskir fiskimenn hafi gjört óspektir, og einkum undan því, að skipverjar

af skipinu *Marie Desirée* hafi skemmt æðarvarpið á eyjunni í Grundarfirði, sem heyrir prestakallinu til, mælumst vèr til þess, að þèr látið halda lögregluþróf, til þess að skýra málið, með því stjórnarráðið á ekki hægt með eptir skýrslum þeim, sem því hafa borizt um þetta atvik, að gjöra nokkra ráðstöfun til að útvega þeim bætur, sem fyrir skaðanum hefir orðið. 1871. 16. júní.

---

46. Brèf dómsmálastjórnarinnar utanríkisstjórnarinnar, um bjarglaun fyrir strandað skip. 17. júní.

Í sambandi við brèf dómsmálastjórnarinnar 24. janúar þ. á. sendum vèr utanríkisstjórninni eptirrit af aðalreikningi, sem norður- og austuramtið hefir sent hingað, um strand frakkneska fiskiskipsins *Emilie*, *D.* 53 frá Dunkerque, ásamt tilheyrandi fylgiskjölum. Samkvæmt þessum aðalreikningi hefir skipið selzt fyrir 1129 rd. 84 sk., en samkvæmt fylgiskjölum 5—7, 8, 9, 10 og 12 VI hafa bjarglaun og kostnaður við sölu skipsins m. fl. orðið 389 rd. 92 sk., og eptir fylgiskjölum 9 og 12 I—V, eru 584 rd. gengnir til viðurværis skipstjórnarmanni og skipverjum, til heimfarar kostnaðar, m. fl. Eins og utanríkisstjórnina mun reka minni til, höfðu hinir ensku skipstjórnarmenn, sem fundu skipið yfirgefið af skipshöfninni $^3/_4$ mílu undan landi, heimtað bjarglaun, og ber þeim þessvegna, eptir N. L. 4—4—5, þriðjungur af því, sem bjargað var. Kostnaðurinn til viðurværis skipshafnarinnar m. fl. varðar nú eigi þá, sem björguðu skipinu, en þeir verða fyrir sitt leyti að taka þátt í kostnaðinum við sölu skipsins og viðhald á því, verður þessvegna að draga þessa 389 rd. 92 sk. frá þeim 1129 rd. 84 sk. sem skipið seldist fyrir, og þá eiga þeir $^1/_3$ af 739 rd. 88 sk. eða 246 rd. 61 sk. En eins og aðalreikningurinn og fylgisskjöl 9 og 12 I—VI sýna, eru af því, sem fèkkst fyrir skipið við uppboðið, borgaðir í allt 646 rd. 40 sk.[1] til kostnaðar,

[1]) Auk þeirra 584 rd., sem fyr eru nefndir, eru eptir fylgiskjölunum borgaðir 50 rd. og í annað skipti 12 rd. 40 sk.

1871. 17. júní. sem útgjörðarmönnum skipsins eða þá öðrum, sem ganga í þeirra stað, bar að greiða, svo sem til viðurværis skipshafnarinnar og heimfarar, og eru þannig þeim til handa borgaðir 153 rd. 13 sk. um of, sem þeir eiga að endurgjalda þeim, sem björguðu skipinu, en handa þeim eru aðeins eptir 93 rd. 48 sk. og hefir dómsmálastjórnin í vörzlum sínum ávísun til þessa fjár uppá kaupmannafèlag hèr í bænum.

Útaf þessu mælumst vèr til, að utanríkisstjórnin láti í tè aðstoð sína til að fá þá upphæð, sem útgjörðarmönnum skipsins eða öðrum, sem hlut eiga að máli, hefir verið borgað um of, endurgoldna með tilstilli frakknesku stjórnarinnar, og skal því við bætt, að þeir 93 rd. 48 sk., sem þeir einnig eiga, er björguðu skipinu, munu verða geymdir hèr hjá stjórnarráðinu, þangað til gjört er út um það, að nefndir 153 rd. 13 sk. verða endurgoldnir.

---

23. júní. **47. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um höfn við Dyrhólma (Portland).**

Eins og meðfylgjandi útdráttur of skjali nokkru og fylgiskjölum sýnir, hefir stiptamtmaðurinn yfir Íslandi, útaf uppástungu frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu um það, að höfn verði búin til við *Portland* (Dyrhólma) til þess að bæta hag þessarar sýslu, sökum þess að þetta fyrirtæki er mjög mikils varðandi fyrir austurhluta suðurumdæmisins, álitið það æskilegt, að skipstjórnarmaðurinn á herskipi því, sem hefir stöðvar við Ísland, rannsaki, hvernig háttar landslagi við *Portland*, og láti uppi samkvæmt því álit sitt um, hvort hægt sè að búa til þar skipalegu, sem að minnsta kosti á bezta árstíma (í júní og júlím.) sè örugg, og hvernig þessu yrði við komið með sem minnstum kostnaði.

Útaf þessu skal það borið upp fyrir sjóliðsstjórninni, hvort ekki megi fela á hendur skipstjórnarmanninum á herskipinu, að gjöra rannsókn þá, sem getið var um, og mælumst vèr til, að fá vitneskju um árangurinn af þessu, þegar þar að kemur.

---

48. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um verðlaun fyrir jarðabætur á klausturjörðu. 1871. 24. júní.

Með brèfi 27. febr. þ. á. hefir amtið sent hingað skjal nokkurt, þar sem umboðsmaður Möðruvalla klausturs, Þorsteinn dannebrogsmaður Daníelsson, fer þess á leit, að leiguliðanum á klausturjörðunni Hnjúki, Jóhanni Jónssyni, verði gefin upp eins árs landskuld sem þóknun fyrir frábæran dugnað hans og framtakssemi, þar sem hann hefir hlaðið garð um túnið, og er byrjaður á að girða um allmikið svæði til þess að rækta það og gjöra þar tún, og jafnframt búið til veg upp að bænum; um leið og amtið getur þess, að slík ástundun eigi það skilið að hljóta verðlaun, hefir það stungið uppá, að tèðum leiguliða verði veittir 25 rd. í verðlaun af búnaðarsjóði amtsins, með því skilyrði, að hið opinbera gefi honum upp helminginn af leigu og landskuld fyrir yfirstandandi fardagaár, sem nemur 190 álnum.

Útaf þessu gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, og birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið bæði fellst á það, að tèðum leiguliða sè veitt 25 rd. verðlaun af búnaðarsjóði amtsins, og gefur honum upp helming leigu og landskuldar fyrir fardagaárið 1871—72.

---

49. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um prestsvígslu skólalærisveins. 24. júní.

Með brèfi, dagsettu 27. febrúarm. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá, þar sem lærisveinn í hinum lærða skóla í Reykjavík, Jón Bjarnason frá Straumfirði, sækir um, að fá leyfi konungs til að mega vígjast til prests og taka ámóti veitingu á Stað í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðar prófastsdæmi, og hafið þèr jafnframt farið þess á leit, að stiptsyfirvöldunum verði veittur myndugleiki til, að veita tèðum lærisveini brauðið með fyrirheiti um, að honum skuli veitt eitt af

1871. 24. júní. meðalbrauðum landsins, þegar hann hafi þjónað fyr nefndu brauði vel um 8 ár.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðinu finnst það ísjárvert, að láta nokkurn fá embætti í andlegri stètt, sem ekki hefir fullnægt svo hægum skilyrðum, sem þau mega kallast, er útheimtast til menntunar og lærdóms íslenzkra presta. Þetta virðist ekki mega eiga sèr stað, nema standi mjög sèrstaklega á, en í þessu tilfelli eru málavextir ekki þannig; stjórnarráðið finnur sèr þess vegna ekki fært, að útvega stiptsyfirvöldunum myndugleika til þessa.

---

26. júní. **50. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um bóka gjöf eptir sèra Þorgeir Guðmundsson til stiptisbókasafnsins á Íslandi.**

Ekkja eptir sèra Þorgeir Guðmundsson, prest að *Nysted* og *Herritslev* á Lálandi, hefir skýrt stjórnarráðinu frá, að maður sinn heitinn hafi ákveðið, að bókasafn hans skyldi eptir hans dag vera eign stiptsbókasafnsins á Íslandi, og hefir hún mælzt til, að fá aðstoð stjórnarráðsins til að koma bókunum þangað.

Um leið og vèr sendum yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, bókasafn þetta í sex kössum, merktum »Ísland«, ásamt með bókaskrá og brèfi í umslagi til forstöðumanna stiptsbókasafnsins, skal því við bætt, að borga má flutningskaupið af því fè, sem til tekið er í 11. gr. í fjárhagsáætlun Íslands fyrir 1871—72, og hefir landfógeta í dag verið skrifað að láta af hendi þetta fè, er þèr heimtið það; stjórnarráðið býst við, að fá vitneskju um, að þèr hafið tekið við bókasafninu, og um það, hve mikið verði goldið fyrir flutninginn á bókunum.

---

51. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kostnað við ómála flutning til Íslands. 1871. 26. júní.

Með brèfi 24. febr. þ. á. hefir amtið sent hingað bænarskrá, þar sem sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu hefir sókt um, að jafna megi niður þeim 50 rd., sem borgaðir hafa verið fyrir flutning ómála unglings Kristjáns Jónssonar frá Kaupmannahöfn til Íslands vorið 1869, á alla hreppa amtsins, og með því ekki virðist vera nein ástæða til, að framfærsluhreppur hlutaðeiganda greiði þetta gjald, þar sem allur kostnaður við ómála flutninga til hins konunglega ómála-skóla í Kaupmannahöfn, og dvöl þeirra þar, er að öðru leyti goldinn af öllu amtinu, ef ættingjar ómálans hafa ekki efni til, hefir amtið jafnframt farið þess á leit, að því verði veitt heimild til að borga flutningskaupið á tèðan hátt.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr auglýsið það, og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu amtsins.

---

52. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um uppgjöf á staðfestingar-gjaldi veitingarbrèfs fyrir prestakalli. 27. júní.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, með brèfi 12. apríl þ. á. hafið sent hingað bænarskrá, þar sem presturinn að Tjörn og Upsum í Eyjafjarðarsýslu, sèra Hjörleifur Guttormsson, hefir sókt um, að sèr verði gefið upp gjald það, 14 rd. 48 sk., sem ber að greiða fyrir konunglega staðfestingu veitingarbrèfs hans, 9. apríl 1869, frá stiptsyfirvöldunum yfir Íslandi fyrir Hvamms brauði í Dalasýslu, hafið þèr vottað, að sækjandi hafi ekki tekið við Hvamms brauði, að honum hafi verið veitt í staðinn fyrir það annað prestakall, sem hann nú hefir, og að efnahagur hans sè lítill, og hafið þèr mælt með því, að það verði veitt, sem hann hefir sókt um.

1871. 27. júní. Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það sèra Hjörleifi Guttormssyni, að stjórnarráðið eptir atvikum veitir það, sem sókt er um, og skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað hlutaðeiganda amtmanni, að senda hingað tëða staðfestingu, svo hún verði gjörð ógild.

---

27. júní. **53. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um styrk handa íslenzkri prestsekkju, sem býr í Kaupmannahöfn.**

Útaf því að reikningsmálastjórnardeildin í úrskurði sínum við 3. athugagrein við reikningana fyrir 1867 og 1868 um útbýtingu þeirra 400 rd., sem með konungsurskurði 13. maí 1785 eru veittir árlega handa prestsekkjum á Íslandi og börnum þeirra, hefir álitið nauðsynlegt að hafa leyfi stjórnarráðsins fyrir, að ekkja eptir Dr. Philos. sèra Gísla Brynjúlfsson að Hólmum í Suðurmúlasýslu, sem fyrir löngu er dáinn, megi halda styrk þeim, sem henni hefir verið veittur hin síðustu 20 ár af tëðum 400 rd., þótt hún búi hèr í borginni, hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, getið þess, að tëð prestsekkja, sem bæði er þessa makleg, og jafnframt efnalítil, hvorki hefir eptirlaun af Hólma prestakalli nè nokkurn annan opinberan styrk á Íslandi, og farið þess á leit, að þetta leyfi verði veitt, og að stjórnarráðið samþykki, að henni hafi verið veittir á þessu ári 16 rd., eins og áður.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið veitir leyfi það, sem sókt er um, og samþykkir, að tëð prestsekkja haldi styrknum.

---

54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um viðbæti við lyfjaskrána 1869.

1871. 27. júní.

Til samtengingar við brèf stjórnarráðsins 28. septbr. f. á.[1] sendum vèr yður (tit.) nokkur exemplör af öðrum viðbæti við lyfjaskrána 1869, og mælumst vèr til, að þèr sendið lyfsölum og læknum þeim í suðurumdæminu (norður- og austurumdæminu — vesturumdæminu), sem sjalfir láta af hendi lækningameðöl, hverjum eitt exemplar.

---

55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kornlán handa tveimur hreppum í Þingeyjarsýslu.

27. júní.

Í brèfi 27. febr. þ. á. hefir amtið skýrt frá, að það samkvæmt ítarlegum tilmælum sýslumannsins í Þingeyjarsýslu hafi leyft honum, til að afstýra hallæri í Svalbarðs- og Sauðaneshreppum, að útbýta meðal þessara hreppsbúa 20 tunnum af korni, sem samkvæmt skipun fyrrum amtmanns Havsteins voru keyptar til þessa, gegn því, að hrepparnir ábyrgist, að verð kornsins, 200 rd., verði borgað innan hæfilegs frests; en samkvæmt skýrslum þeim, sem seinna hafa komið frá sýslumanninum um fátækt manna þar í hreppunum, álítur amtið samt, að það muni vera árangurslaust, að heimta skuldina, og hefir því stungið uppá, að kornverð þetta verði talið með endilegum útgjöldum jafnaðarsjóðsins og gjörð grein fyrir þessu í reikningnum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að stjórnarráðið, eptir því, sem ástatt er, fellst á uppástungu amtsins.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 100.

1871. 27. júní. **56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun fyrir jarðabætur á Möðruvöllum.**

Með brèfi 27. febr. þ. á. hefir amtið sent hingað bænarskrá, þar sem fyrrum amtmaður yfir norður- og austurumdæminu Havstein sækir um, að sèr verði borgaðir 250 rd. sem endurgjald fyrir engjabætur á jörðunni Möðruvöllum, sem hann hefir látið gjöra á seinni árum, og hefir amtið, með því skoðunargjörð, sem fram hefir farið, og tvö vitnisburðarskjöl manna, sem þekkt hafa jörðina áður, virðast sanna, að jarðabætur þessar hafi verið mjög gagnsamar, og vegna þess þær hafa verið gjörðar í þeirri von, að sá styrkur úr umboðssjóði Möðruvalla klausturs, sem veittur var með brèfi stjórnarráðsins 1. júlí 1864 til þess að skera fram og rækta mýri nokkra, sem heyrir jörðunni til, fengist einnig til annara jafn-gagnlegra fyrirtækja, stungið uppá, að tèð upphæð, eða að minnsta kosti 200 rd., sem skoðunarmennirnir hafa metið kostnaðinn, verði endurgoldnir amtmanni Havstein af tèðum sjóði.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið í þessu skyni veitir sækjanda 200 rd., sem má borga af tekjum umboðsins og skal jafnframt skírskotað til þessa brèfs.

---

28. júní. **57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán til vegabóta úr hjalparsjóði.**

Í brèfi 21. apríl þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að 1390 rd. þurfi til mikilvægra vegabóta á þjóðveginum í Rangárvallasýslu, sem þèr hafið skýrt frá og eigi verður hjá komizt á þessu ári, en af þessari upphæð geti sýslan aðeins goldið 340 rd., og hafið þèr því lofað sýslunni tillagi úr vegasjóði amtsins, sem samsvari $^1/_3$ parti af því vegagjaldi, sem heimtað verður saman á árunum 1872 og 1873, eða hèr um bil

500—550 rd. fyrir hvort ár. Þareð þèr samt sem áður álítið 1871.
það mjög æskilegt, að þessi útgjöld verði borguð þegar á þessu 28. júní.
ári, með því kostnaðurinn þá ef til vill yrði töluvert minni, en þessu verður eigi komið við nema með því að taka lán handa amtsvegasjóðnum, hafið þèr stungið uppá, að yður verði veitt heimild til, að taka til láns allt að 1000 rd. fyrir hönd amtsvegasjóðsins, til þess að þessum vegabótum verði komið fram, með þeim kjörum, að goldnir verði 4 rd. af hverju 100 í vöxtu á ári, og helmingurinn af láninu borgaður aptur fyrir árslok 1872, og hinn helmingurinn fyrir árslok 1873, og hafið þèr jafnframt farið þess á leit, að fá lánið af hjálparsjóði þeim, sem stofnaður er samkvæmt 10. gr. í fjárhagsáætlun Íslands fyrir reikningsárið 1871—72, ef þèr ekki getið fengið það hjá öðrum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, og má borga yður, ef þar að kemur, allt að 1000 rd. úr jarðabókarsjóðnum af því fè, sem nefnt er í tèðri gr. fjárhagsáætlunarinnar, með þeim kjörum, sem getið er, og væntum vèr, ef svo ber undir, að fá skýrslu frá yður um þetta.

---

58. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um aðgjörð á Flateyjar kirkju. 28. júní.

Með brèfi 12. desbr. f. á. hefir amtið sent hingað eptirrit, útlagt á dönsku, af visitazíugjörð, sem hlutaðeigandi prófastur hefir haldið 25. ágúst f. á. yfir Flateyjarkirkju, og jafnframt stungið upp á, að verja megi allt að 50 rd. til að ráða bót á því, sem prófasti þótti á vanta, þá er hann visiteraði kirkjuna, og til þess að útvega þá hluti til kirkjunnar, sem mest er þörf á, og að taka megi til þessa fè það, sem kirkjan á nú í peningum eða kann að eignast; samkvæmt kirkjureikningnum, sem fylgdi, átti hún í fyrra í fardögum 40 rd. 12 sk. í sjóði, en nú mun það vera orðið 46 rd.

1871. 28. júní. Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið leyfir, að verja megi allt að 50 rd. af sjóði Flateyjarkirkju á þann hátt, sem stungið hefir verið uppá, og skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað reikningastjórnardeildinni um þetta það, sem með þarf.

---

28. júní. **59. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíundagjörð í Þingeyjarsýslu.**

Samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 28. septbr. f. á. viðvíkjandi skýrslu frá fyrrum amtmanni í norður- og austurumdæminu, Havstein, um það, að mikil tíundasvik mundu gangast við í Skútustaðahrepp í Þingeyjarsýslu, hefir amtið í brèfi 20. febr. þ. á. skýrt svo frá, að eptir skýrslum þeim, sem fengizt hafa, virðist ekki vera ástæða til að höfða lögsókn útaf þessu, og að hlutaðeiganda sýslumanni hafi verið sagt fyrir á þá leið. Með því samt sem áður, að röng aðferð hefir verið við höfð við tíundagjörðina, sem að vísu vottar nokkurskonar einþykkni og sjálfræði, en verður eigi kallað tilraun til að hafa í frammi tíundasvik, hefir amtið lagt sýslumanni fyrir, að leitast við að afmá þetta, og í þessu skyni sagt honum fyrir, einkum að brýna fyrir hlutaðeigendum, að við tíundagjörð verði aðeins farið eptir hlutfalli því, sem getið er um í tilsk. 14. maí 1834, 1. gr., viðvíkjandi tíund af innstæðukúgildum og öðrum leigufènaði o. fl., en samkvæmt því skal eitt kúgildi fyrir hver fimm hundruð af dýrleika jarðarinnar talið fast kúgildi, sem eigi verður goldin af tíund, þegar ekki verður séð af byggingarbrèfinu eða á annan hátt, hvort fleiri eða færri kúgildi hingað til hafi fylgt jörðunni; að kvígur að fyrsta kálfi skuli við tíunda tölu leggja til jafns við gelda kú, og gjalda tíund af nautum og geldum kvígum; að vinnufólk komist ekki hjá að greiða tíund af skepnum sínum, þótt það gjaldi nokkuð til fátækra, og að hreppstjórinn megi ekki veita lækkun á tíund svo sem fyrir vanhöldum að handa hófi, en að eins, þegar

einhver beinlínis beiðist þess, og sá, sem gjalda skal tíund, skýrir greinilega frá, og skal um þetta nákvæmlega ritað í hreppsbókina, og sá, sem segir rangt til, hafður fyrir tíundasvikum. Að endingu hefir amtið farið þess á leit, að stjórnarráðið samþykki þessar ráðstafanir. 1871. 29. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á þær ráðstafanir, sem gjörðar hafa verið.

---

60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um sveitarstyrk handa óskilgetnu barni. 30. júní.

Með álitsskjali, dagsettu 20. febr. þ. á., hefir amtið sent hingað aptur skjal nokkurt, þar sem fyrrum hreppstjóri í Keldunes-hrepp, Björn Arnason á Arnanesi, hefir skotið til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, sem amtið hefir kveðið upp 25. septbr. 1866,[1] og ákveður útaf ágreiningi, sem orðið hefir milli tèðs hrepps og Skeggjastaðahrepps í Norðurmúlasýslu um það, hvort hinn síðar nefndi hreppur skuli endurgjalda Keldunes-hreppi 21 rd., sem borgaðir hafa verið fyrir framfærslu óskilgetinnar dóttur Guðnýjar

---

[1]) Úrskurður amtsins er svo látandi:

»Jafnframt og eg hèrmeð verð að lýsa því yfir, að mèr finnst næsta tortryggilegt próf það, er fyrverandi sýslumaður í Þingeyjarsýslu, kansellíráð Þorsteinn Johnsen, hefir að boði amtsins í brèfi frá 5. marz þ. á. tekið um efnahag og ástand Sigurbjarnar Þorgrímssonar og Guðnýjar Ásbjörnsdóttur, og síðan með brèfi 17. águst næstl. sent hingað án allra athugasemda málinu viðkomandi, — þá finn eg ekki ástæðu til, að skylda hreppstjórann í Skeggjastaðahrepp í Norðurmúlasýslu, þar sem Guðný Ásbjörnsdóttir er viðurkend sveitlæg, að leggja nokkuð með barni hennar og Sigurbjarnar, frá fæðingu þess þangað til það sálaðist í febrm. í vetur, einsog Guðný hefir skýrt frá við prófið, heldur verður hreppstjóri Björn Árnason í Arnanesi eptir atvikum að annast um borgun fyrir framfæri barnsins ámeðan það lifði, gegn endurgjaldi frá foreldrum þess.

1871. 30. júní. Ásbjarnardóttur, að Skeggjastaðahreppur skuli vera laus við að borga nokkuð með tèðu barni, og leggur hreppstjóra Birni Árnasyni fyrir, að sjá um borgun fyrir framfærslu barnsins, ámeðan það lifði, gegn endurgjaldi frá foreldrum þess.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að með því það er viðurkennt, að Guðný Ásbjarnardóttir eigi sveit í Skeggjastaðahrepp í Norðurmúlasýslu, og ekki eru nægar ástæður til að hafna þeim skýrslum, sem fengizt hafa bæði um það, að hún og barnsfaðirinn hafi ekki haft efni til að greiða neitt til framfærslu barnsins, og að kjör þeirra hafi ekki batnað síðan, verður Skeggjastaðahreppur að endurgjalda Kelduneshreppi nefnda upphæð.

---

30. júní. **61. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjaldi.**

Í brèfi 9. marz þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að umboðsmaður Kirkjubæjar og Þykkvabæjar klausturs, dannebrogsmaður Jón Jónsson, hafi farið þess á leit, að leiguliðanum á Fjósakoti, sem heyrir undir Þykkvabæjar klausturs góz, Halldóri Sveinssyni, verði í þóknunar skyni fyrir það, að hann vorið 1867 hefir varið 36 dagsverkum til þess að hafa burt foksand úr túninu, heygarðinum og kálgarðinum, gefin upp landskuldin til fardaga 1871, sem er 20 áln., annar helmingurinn á 8 sk. hver alin, og hinn helmingurinn samkvæmt meðalverði allra meðalverða verðlagsskrárinnar, og afgjald af rekafjöru, sem er 36 sk., og ennfremur, að leiguliðanum á jörðunni Ytri-Lyngum undir sama umboði verði fyrir 6 dagsverk til hins sama veitt 11 áln. linun í landskuldinni fyrir sama fardagaár, en hún er 20 áln., hver alin af öðrum helmingnum talin eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg, en af hinum helmingnum talin 8 sk. virði, þannig að þessi lækkun einkum sè látin lenda á fyrri helmingnum; jafnframt þessu hafið þèr stungið uppá, að þetta verði hvorttveggja veitt, en eptir verðlagsskrá

þeirri, sem gildir í fardögum 1871, nemur uppgjöfin 3 rd. 23 sk., og lækkunin 2 rd. 38 sk. 1871. 30. júní.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

---

62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um peninga sending til jarðabókarsjóðsins. 30. júní.

Með því að landfógetinn hefir skýrt frá, að 7500 rd. í peningum, en ekki meira, hafi verið til í jarðabókarsjóði Íslands 10. dag þ. m., og að búast megi við, að allmikið fè verði útborgað á þeim tveimur mánuðum, sem í hönd fara, sèrílagi til alþingis, en engra gjalda sè að vænta í sjóðinn á því tímabili, hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 12. þ. m. meðal annars farið þess á leit, að jarðabókarsjóðnum verði sendir að minnsta kosti 20000 rd. í silfri með næstu ferð póstgufuskipsins.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að vèr sendum yður 25000 rd. í silfri með þeirri ferð póstgufuskipsins »Díönu«, sem nú er fyrir höndum, og mælumst til að fá kvittun yðar fyrir þessu fè. Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir fest sèr skaðabætur, ef svo kynni að fara að peningarnir týndist á leiðinni.

---

63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um ferðaáætlun póstgufuskipsins 1871. 30. júní.

Í bænarskrá einni hefir kaupmannsfèlagið Örum og Wulff og fl. sókt um, að póstgufuskipið »Díana» megi koma við fyrir austan á Íslandi á þessu ári, og nefnd sú, sem sett var 12. apríl þ. á., til að rannsaka, hvort koma megi við reglulegum gufuskipsferðum kringum strendur Íslands, hefir sent bænarskrá þessa hingað.

1871. 30. júní. Hèðan er hún send fjárhagsstjórninni með meðmælingu vorri til úrskurðar, og í brèfi 26. þ. m. hefir nú fjárstjórnin tilkynnt dómsmálastjórninni, að ekkert sè því til fyrirstöðu, að tèð póstskip á þeim tveimur ferðum milli Íslands og Danmerkur, sem nú eru fyrir höndum, og byrja hèðan 5. júlí og 12. ágúst þ. á., komi við á Berufirði, bæði á leiðinni til Íslands og hingað aptur, og að þær ráðstafanir sè gjörðar, sem með þarf í þessu efni.

---

3. júlí. **64. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um samlagning brauða í Dala-prófastsdæmi.**

Eptir að hingað hafði borizt brèf yðar, herra stiptamtmaður og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 29. desbrm. f. á., hefir hans hátign konunginum samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar þóknazt 30. f. m. allramildilegast að fallast á: að Kvennabrekku og Stóra-Vatnshorns sóknir[1] í Dala prófastsdæmi í vesturumdæmi Íslands verði lagðar saman við Sauðafells og Snóksdals sóknir[2] í sama prófastsdæmi til eins brauðs, sem skal heita Suður-Dala prestakall;

að kirkjan á Kvennabrekku verði lögð niður;

að skrúði og önnur áhöld kirkjunnar falli til Sauðafells kirkju, en að allt annað og sjálf kirkjan verði seld, og kaupverðið ásamt með núverandi portjón kirkjunnar gangi til Sauðafells kirkju, allt með því skilyrði, að eigandi þessarar kirkju takist á hendur, að byggja hana upp sæmilega af timbri, og svo rúmgóða, að hún nægi bæði handa Sauðafells söfnuði og þeim hluta af Kvennabrekku söfnuði, sem hèreptir kemur til Sauðafells sóknar, og jafnframt skuldbindi sig og þá, sem á síðan eignast kirkjuna, til að halda henni við á eiginn kostnað, og að endingu að jörðin Kolsstaðir, sem er eign Kvennabrekku kirkju, verði lögð til prestakallsins;

---

[1]) Kvennabrekku prestakall.

[2]) Miðdala þing.

að Kvennabrekkusókn hèr eptir verði lögð sum til Sauðafells sóknar og sum til Stóravatnshorns sóknar, þannig, að jarðirnar Þorsteinstaðir ytri, Þorsteinstaðir fremri, Kaldakinn, Skógsmúli og Vatn skuli heyra til hinnar síðar nefndu sóknar, en hinn hlutinn af Kvennabrekkusókn til Sauðafellssóknar, 1871. 3. júlí.

að hèr eptir skuli halda guðsþjónustugjörð á víxl þriðja hvern helgan dag á Stóravatnshorni, Sauðafelli og Snóksdal, og að það skuli falið stiptsyfirvöldunum á Íslandi á hendur, að gjöra þær ráðstafanir, sem þarf til þess að koma þessu fram.

Þetta gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það.

---

65. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um sameining Saurbæjar í Eyjafirði við Miklagarð og Hóla. 4. júlí.

Eptir að hingað hafði borizt brèf yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 11. apríl þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 30. f. m. allramildilegast að fallast á:

að sameina megi Miklagarðs og Hóla sóknir í Eyjafjarðarsýslu í norður- og austurumdæminu við Saurbæjar prestakall,

að leggja lènsjörðina Velli, sem fylgir Saurbæjarbrauði, til Miðgarða prestakalls í Grímsey, og að presturinn í hinu sameinaða Saurbæjar- Miklagarðs- og Hólabrauði greiði sex fjórðunga (60 pund) af smjöri á ári til sóknarprestsins í Grímsey; skal prófasturinn í Eyjafjarðarsýslu heimta gjald þetta, og hafa jafnframt byggingarráð og umsjón yfir jörðunni Völlum,

að hið sameinaða Saurbæjar- Miklagarðs- og Hólabrauð skuli, þangað til nýtt brauðamat fer fram á Íslandi, talið með betri meðalbrauðum (2. flokki) og metið 618 rd. 62 sk., og skal til ekkjunnar í brauðinu greiða $^1/_{10}$ part af hinum föstu tekjum

1871. 4. júlí. kallsins, auk tillags til uppgjafapresta og prestekkna samkvæmt tilsk. 15. desbr. 1865, 7. gr.,

að Grímseyjarprestakall skuli metið 202 rd. 49 Sk., og

að hèr á eptir verði haldin guðsþjónustugjörð á víxl þriðja hvern helgan dag í Saurbæjar, Miklagarðs og Hóla kirkjum.

Þetta gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þær ráðstafanir verði gjörðar, sem með þarf.

---

4. júlí. **66. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um próf í forspjallsvísindum fyrir þá, sem stunda læknisfræði í Reykjavík.**

Eptir að hingað hafði borizt brèf yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 22. febrm. þ. á., og skrifazt hafði verið á við kirkju- og kennslustjórnina um málið, hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 30. f. m. allramildilegast að fallast á:

að þeim, sem nema læknisfræði í Reykjavík, verði hèr eptir gjört að skyldu, að hlýða á þá fyrirlestra yfir sálarfræði og hugsunarfræði, sem haldnir eru á prestaskólanum þar, og, að af loknu kennsluskeiði, að ganga undir próf í tèðum vísindagreinum;

að kennendur prestaskólans haldi þetta próf undir umsjón biskups, þannig, að kennarinn í forspjallsvísindum reyni þá, sem undir prófið ganga, og hinir tveir kennararnir sè meðdómendur við prófið, og

að nefnd læknisefni verði að minnsta kosti að hafa náð einkunninni vel við próf þetta, til þess að þeim geti leyfzt að ganga undir burtfararpróf í læknisfræði; þó skuli læknisefni eigi með þessu öðlast hlutdeild í ölmusum prestaskólans, sem eins og hingað til aðeins eru ætlaðar þeim, sem stunda guðfræði á prestaskólanum.

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, hèrmeð til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf. 1871. 4. júlí.

---

67. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um rèttindi handiðnamanns til húsmennsku. 10. júlí.

Með brèfi 10. maí þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem skóari Benidikt Halldórsson Vídalín hefir borið sig upp undan því við amtið, að bæjarstjórnin á Akureyri vili þröngva sèr til, að fara úr kaupstaðnum, eptir að hann hafi haft stöðuga dvöl þar í hèrumbil $8\frac{1}{2}$ ár, enda þótt sèr hafi verið leyft fyrir nokkrum árum að dveljast þar, reyndar aðeins um tiltekinn tíma, og jafnframt og þèr getið þess, að bæjarstjórnin að yðar áliti hafi farið út fyrir vald sitt með því, að veita slík leyfi með skilmálum, sem ekki eru lög til samkvæmt tilskipun 26. maí 1863,[1] og verði að skoða þessi ólögmætu, skilmálum bundnu, leyfi sem veitt skilmálalaust, án þess það geti gjört nokkurn mun, að sækjandinn í þessu tilfelli hafði lofað skriflega, til þess að fá frest til að flytja sig burt, að fara úr bænum að fardögum 1872, hafið þèr borið málið undir úrskurð stjórnarráðsins.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að það leiðir af skýrum orðum í tilsk. 26. maí 1863, 12. gr. 1. staflið, sbr. niðurlagið á 2. staflið í sömu gr., að sveitarstjórnin aðeins hefir heimild til annaðhvort að veita einhverjum ótakmarkað leyfi til þess að vera húsmaður í sveitinni, eða synja um leyfið með ástæðum fyrir synjuninni, en til þess hefir hún ekki vald: að veita leyfi, sem bundið er við

---

[1]) Tíðindi um sjórnarmálefni Íslands, I., 703.

1871. 10. júlí. nokkurn tíma. Stjórnarráðið getur því ekki betur sèð, en að afleiðingin af því, að hlutaðeigandi sveitarstjórn í þessu tilfelli hefir haft við ólöglega aðferð, sè sú, að málið verði skoðað á þá leið, sem ekkert væri úrskurðað um það, og á hinn bóginn leiðir af þessu, að hin nefnda skriflega skuldbinding hlutaðeiganda sè þýðingarlaus.

---

14. júlí. **68. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.**

Útaf því, að hreppstjórinn í Kelduneshrepp í þingeyjarsýslu hefir áfrýjað til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, sem fyrrum amtmaður Havstein hafði kveðið upp 3. marz f. á., og ákveður, að Þorsteinn nokkur Þórðarson sè sveitlægur í tèðum hreppi, hefir amtið í brèfi 15. maí þ. á. getið þess, að amtmaður Havstein hafi byggt á því, að tèður Þorsteinn Þórðarson hafi átt dvöl í Kelduneshrepp samfleytt í 12 ár frá skildaga 1845 til skildaga 1857, þó nefndur sveitarómagi hafi sagt svo frá við próf, sem haldið var við aukarètt þingeyjarsýslu 3. ágúst 1869, að hann skildagaárið 1853—54 hafi dvalizt á ýmsum bæjum í Presthólahrepp, en þessi sögusögn styrkist af 3 vottorðum, sem hreppstjórarnir í Kelduneshrepp hafa útvegað hjá ýmsum mönnum í hreppnum, þar sem á hinn bóginn ekkert það er komið fram, sem bendir á, að hann hafi haft dvöl samfleytt í Kelduneshrepp á þeim árum, sem um var getið; amtið er þess vegna á því máli, að Þorsteinn Þórðarson eigi hafi öðlazt rètt til framfærslu í Kelduneshrepp, og að hann sè sveitlægur í Glæsibæjarhrepp í Eyjafjarðarsýslu, þar sem hann er fæddur.

Útaf þessa gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að með því beinlínis verður að sanna, að einhver hafi haft dvöl í sveit nokkurri um lögboðinn tíma, til þess að geta öðlazt þar framfærslurètt, en þetta hefir ekki verið gjört í

þessu tilfelli, verður stjórnarráðið að fallast á þá skoðun, sem amtið hefir látið í ljósi í fyrnefndu brèfi, að hlutaðeigandi hafi ekki náð rètti til framfærslu í Kelduneshrepp með dvöl sinni þar. 1871. 14. júlí.

---

69. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga. 14. júlí.

Með brèfi 15. maí þ. á. hefir amtið sent hingað skjal nokkurt, þar sem hreppstjórarnir í Hálshrepp hafa áfrýjað til dómsmálastjórnarinnar úrskurði amtsins 3. júní 1869,[1] sem ákveður,

[1]) Þessi úrskurður er svo látandi:

Einsog sjá má af meðlögðu brèfi frá hreppstjóranum í Öngulstaðahrepp, ásamt fylgiskjölum, dagsettu 8. marzm. þ. á., hefir hann borið undir úrskurð amtsins, hvar Benidikt nokkur Jónasson á Uppsölum sè sveitlægur.

Það er nú með lögmætu rèttarprófi fullsannað, að Benidikt þessi, sem er 42 ára að aldri, hefir frá því hann var 8 ára dvalið í Hálshrepp innan Þingeyjarsýslu, þangað til hann varð 1858 fluttist í Öngulstaðahrepp, en þar hefir hann dvalið síðan, og var hann því í fyrra vor búinn að vera þar 10 ár samfleytt. Það er ennfremur sannað, að hann á þessum 10 árum hefir hjá hreppstjórunum í Hálshrepp fengið talsverðan og reglulegan sveitarstyrk, sem að því, er Benidikt skýrir frá, ekki hefir numið minna en 87 rd. 48 sk., því þó hreppstjórinn í Hálshrepp hafi ekki, að sögn, fært styrk þenna inn í sveitarbókina, og að nokkru leyti reynt til að særa út hjá Benidikt endurgjald fyrir hann með því að taka hjá honum lífsbjargar-skepnur hans, sem hann auðsjáanlega ekki mátti án vera, þá getur slíkt háttalag ekki haft þá rèttarverkun, að Benidikt fyrir dvöl sína í Öngulstaðahrepp næði þar sveitfesti, því síður sem nokkur hluti af styrk þeim, sem hreppstjóri Öngulstaðahrepps með vitund og vilja hreppstjórnarinnar í Hálshrepp veitti Benidikt, með því að koma niður einu barni hans, ekki var endurgoldinn, þegar 10 dvalar-ár hans í Öngulstaðahrepp voru liðin.

1871. 14. júlí. að Benidikt Jónasson sè sveitlægur í tèðum hreppi, og lagt það til, að úrskurður amtsins standi óraskaður.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu þessa.

---

19. júlí. **70. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um styrk til að læra ostatilbúning.**

Dómsmálastjórnin mælist til, að fjárhagsstjórnin láti borga sem útgjald fyrir jarðabókarsjóð Íslands úr aðalfèhirzlunni hèr í borginni til assistents í hinni íslenzku stjórnardeild, cand. juris Julius Havsteens, 40 rd., sem eru veittir Kristjönu Guðnýju Sigurðardóttur frá Íslandi, til þess að taka kennslu í ostatilbúningi, á meðan hún dvelst hèr um stundar sakir.

---

24. júlí. **71. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um gjald fyrir leiðarbrèf handa spánversku skipi.**

Í desembrm. f. á. var í Reykjavík tekið íslenzkt leiðarbrèf handa spanska gufuskipinu *Norte*, sem skipstjórnarmaður *Zavola* frá *Bilbao* ræður fyrir, og sýndi erindsreki skipsins, er hann beiddist leiðarbrèfsins, spanskt mælingarbrèf, sem var gefið út í *Bilbao*, en samkvæmt því var skipið að rúmmáli 283 spanskar

---

Með því nú ofannefndur Benidikt Jónasson hefir bæði beinlínis og óbeinlínis þegið verulegan sveitarstyrk ámeðan hann dvaldi í Öngulstaðahrepp, getur hann ekki með 10 ára veru sinni þar áunnið sèr framfærslurètt, og úrskurðast hann því, samkvæmt reglugjörð 8. janúar 1834, 6. gr., með hyski sínu sveitlægur í Hálshrepp í Þingeyjarsýslu.

tonnelades, og voru þess vegna borgaðir 283 rd. fyrir leiðar- 1871.
brèfið. Þegar verið var að afgreiða skipið til burtfarar, sýndi 24. júlí.
skipstjórnarmaður enskt mælingarbrèf, gefið út 2. ágústm. 1869 í *Sunderland*, en eptir því var rúmmál skipsins aðeins 245,21 *registertons*, og heimtaði hann samkvæmt þessu að fá borgaða aptur 38 rd. Stiftamtið skaut þá málinu til úrslita dómsmálastjórnarinnar, en með því búið var að telja upphæðina með tekjum ríkissjóðsins, og það varð að lenda á honum, ef nokkuð yrði borgað aptur af gjaldinu, sendi dómsmálastjórnin fjárhagsstjórninni málið, og hefir hún nú mælzt til, að ráðstafanir verði gjörðar til þess, að tèðir 38 rd. verði borgaðir hlutaðeiganda aptur.

Útaf þessu mælumst vèr til, að utanríkisstjórnin vili gjöra svo vel, að sjá um, að hlutaðeigandi fái aptur þetta fè, sem vèr höfum í dag hlutazt til um, að verði borgað úr aðalfèhirzlu ríkisins hèr í bænum.

---

72. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjald fyrir leiðarbrèf handa skipi. 24. júlí.

Eptir að dómsmálastjórnin hafði sent fjárhagsstjórninni til úrslita bænarskrá nokkra, sem hingað hafði borizt með brèfi amtsins, dagsettu 24. febr. þ. á., — en þar hefir kaupmaður C. D. Túlinius á Eskifirði sókt um, að 19 rd., sem hann þykist hafa borgað um of í gjald fyrir leiðarbrèf handa skipinu *Otto* sumarið 1869, verði borgaðir sèr aptur, — hefir fjárhagsstjórnin í brèfi 10. þ. m. skýrt frá, að hún eptir atvikum leyfi, að upphæðin verði borguð aptur, einsog sókt var um.

Um leið og vèr gefum yður þetta til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það hlutaðeiganda, skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógetanum á Íslandi það, sem þarf, til þess að fèð verði borgað úr jarðabókarsjóðnum.

1871. 29. júlí. **73. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um verkfæri handa lækni.**

Með brèfi, dagsettu 27. maím. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skrá yfir lækningaverkfæri, sem hèraðslæknirinn á Vestmannaeyjum æskir að verði til fengin handa embættinu þar, og hafið þèr jafnframt borið upp þá spurningu, hvort greiða megi kostnaðinn við aðgjörð á nokkrum verkfærum, sem tilheyra embættinu, úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

Jafnframt og stjórnarráðið leyfir, að kostnaðurinn við aðgjörðina verði greiddur úr jafnaðarsjóði suðuramtsins, gefst yður til vitundar, að stjórnarráðið hefir látið útvega þau af verkfærunum, sem þèr álítið nauðsynleg, sem eru þessi:

(hèr eru talin ýms lækningaverkfæri)

Þessi verkfæri höfum vèr í dag sent hèraðslækninum beint hèðan, og mælumst vèr til, að þèr, herra stiptamtmaður, sjáið um, að kaupverðið fyrir verkfærin, sem er 8 rd. 32 sk., og samkvæmt tilhlutun stjórnarráðsins mun verða borgað úr aðalfèhirzlunni, verði aptur endurgoldið ríkissjóðnum, með því að borga jafnmikið fè til jarðabókarsjóðsins úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

---

31. júlí. **74 Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kennslu ómála stúlku.**

Eptir að stjórnardeildin hafði sent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá, sem hingað hafði borizt, um það, að ómála stúlka, 22 ára gömul, Anna Sigríður Magnúsdóttir úr Jökulsdalshrepp í Norðurmúlasýslu, verði tekin til kennslu á hinn konunglega ómálaskóla í Kaupmannahöfn, hefir tèð stjórnarráð tilkynnt oss, að með því stúlkan sè komin svo langt yfir þann aldur, sem inntaka á tèðan skóla er bundin við, verði það ekki veitt, sem sókt var um; á hinn bóginn leiðum vèr athygli yðar að því, að stúlkunni megi ef til vill koma til kennslu hjá Páli presti Pálssyni að

Kirkjubæjar klaustri, sem fyrir nokkru hefir kynnt sèr kennslu- 1871.
aðferðina í hinum konunglega ómálaskóla hèr í borginni. 31. júlí.

Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það þeim, sem hlut eiga að máli.

---

75. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vestur- umdæminu, um lestagjald og afgreiðslugjald af skipi. 7. ágúst.

Eptir að hingað hafði borizt álitsskjal yðar, herra amtmaður, dagsett 6. maím. þ. á., um bænarskrá nokkra, þar sem Schmidt í Arósi á Jótlandi sækir um, að sèr verði borgað aptur lestagjöld og afgreiðslugjöld, sem hann hafi greidt af fiskiskipi sínu til bæjarfógetans í Ísafjarðarkaupstað, höfum vèr sent fjárhagsstjórninni bænarskrána til úrskurðar, að því leyti, er snertir lestagjöldin, sem hafa runnið í ríkissjóðinn, og hefir tèð stjórnarráð síðan, í brèfi 1. þ. m., tilkynnt dómsmálastjórninni, að borga megi sækjandanum aptur lestagjaldið, sem var 33 rd.

Þareð fjárhagsstjórnin þannig álítur, að tèð skip aðeins hafi verið haft til fiskiveiða, hefir dómsmálastjórnin samkvæmt Aukatekju-reglugjörð rèttarins þjóna á Íslandi 10. septbr. 1830, 62. gr.[1] gefið tèðum kaupmanni Schmidt upp 66 sk. af afgreiðslugjaldinu, sem var 2 rd. 72 sk., og mælumst vèr því til, að þèr, herra amtmaður, bjóðið bæjarfógetanum í Ísafjarðarkaupstað að borga aptur tèða 66 sk. og greiða þá í jarðabókarsjóðinn.[2]

---

[1]) Lovsamling for Island, IX., 549.

[2]) Dómsmálastjórnin hafði mælzt til við fjarhagsstjórnina, að hún lèti borga Schmidt kaupmanni þessa 66 sk. á gjaldstofunni í Árósi fyrir hönd jarðabókarsjóðsins.

1871. 9. ágúst. **76. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjafsókn í máli handa umboðsmanni.**

Í brèfi 5. júní þ. á. hefir amtið farið fram á, að umboðsmanni Múnkaþverár klausturs, Eggert Gunnarssyni, verði veitt gjafsókn til þess, að skjóta til hæsta rèttar dómi hins konunglega íslenzka landsyfirrèttar, 15. maí þ. á., sem ónýtir fógetagjörð nokkra, sem tèður umboðsmaður hafði látið fram fara gegn bóndanum Sigurjóni Magnússyni, og dæmir á hann málskostnað og skaðabætur; hafði umboðsmaðurinn byggt landseta þessum út af hálfum Ærlæk í Skinnastaðahrepp, sökum þess að hann stóð ekki í skilum með afgjaldið af jörðunni og níddi hana niður, og lèt síðan víkja honum burt af jörðunni með fógetagjörðinni.

Útaf þessu gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, að stjórnarráðinu virðist ekki vera næg ástæða til, að láta málið ganga til hæsta rèttar, en til þess að komizt verði hjá slíkum málum eptirleiðis, mælumst vèr til að þèr hlutist til um, að hin óheppilega tilvísun til konungsbrefs 11. apríl 1781 9. gr.[1] í byggingarbrèfum þeim, sem áður hafa verið útgefin, verði afmáð, og búumst vèr við, að leiguliðar þeir, sem í hlut eiga, gefi samþykki sitt til þess.

---

9. ágúst. **77. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli.**

Útaf bænarskrá, sem hingað hefir borizt beina leið, frá kaupmanni C. D. Túlinius frá Eskifirði, sem um þessar mundir dvelst hèr í borginni, um að fá þann 1/4 hluta silfurbergsnámsins í Helgustaðafjalli, sem er þjóðeign, og hann nú sem stendur hefir

---

[1]) Lovsamling for Island, IV., 582.

á leigu, enn á leigu um 5 ár frá 1. janúar 1872 eða þá fyrir skemmri tíma, hefir dómsmálastjórnin leyft, að námurinn sè leigður sækjandanum um 1 ár frá 1. janúar 1872 fyrir 100 rd. afgjald. 1871. 9. ágúst.

Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, útaf uppástungu amtsins í brèfi 16. maí þ. á., og skal því viðbætt, að vèr höfum í dag tilkynnt Túlinius þetta.

---

78. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir að semja verðlagsskrár fyrir norður- og austuramtið. 9. ágúst.

Útaf bænarskrá, sem barst hingað með brèfi amtsins, dagsettu 18. marzm. þ. á., og þar sem Daníel prófastur Halldórsson sækir um, að sèr verði veitt 14 rd. þóknun fyrir starfa sinn við að semja verðlagsskrárnar fyrir norður- og austuramtið fyrir árið 1871—72, gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, og svo þèr birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að borga megi prófastinum 10 rd. úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins í þessu skyni.

---

79. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um lækkun á jarðarafgjöldum. 10. ágúst.

Í tveimur brèfum, dagsettum 16. júním. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, farið þess á leit, að stjórnarráðið samþykki, að þèr samkvæmt uppástungu umboðsmanns Arnarstapaumboðs hafið leyft, að hálfir Gufuskálar, sem heyra undir nefnt umboð, og jörðin Kálfárvellir, verði hvortveggja bygð frá fardögum 1870 fyrir minna afgjald en áður; er afgjaldið af hálfum Gufuskálum fært niður um 1 vætt (2 rd. 16 sk. eptir verðlagsskránni) og

1871. 10. ágúst. afgjaldið af Kálfárvöllum um 2 vættir og 10 fiska (4 rd. 85 sk.) Ennfremur hafið þèr leyft, að húsin á hjáleigunni Kálfárvallakoti verði lögð niður, og timbrið selt við opinbert uppboð, eptir að leiguliðinn hafi skilað húsunum í fullu standi.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið fellst á þessar ráðstafanir, en stjórnarráðið býst samt við, að afgjaldið verði hækkað aptur við næsta leigumála.

---

11. ágúst. **80. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um raka í bókhlöðu hins lærða skóla í Reykjavík.**

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður og þèr, háæruverðugi herra, senduð hingað með brèfi 6. júní þ. á. skýrslu frá skólameistaranum við hinn lærða skóla í Reykjavík um það, að svo mikill raki sè í hinu nýja bókhlöðuhúsi skólans, að hætt sè við, að bækurnar skemmist þar, hafið þèr borið undir stjórnarráðið, hvort ekki sè ástæða til, að leita álits timbursmiðs *Klentz*, sem stóð fyrir byggingu þessa húss, eða annara manna, sem vit hafa á slíkum efnum, um það, hvernig bezt verði ráðin bót á þessu.

Eptir að stjórnarráðið útaf þessu hefir fengið álit timbursmiðs *Klentz*, hefir hann í brèfi því, sem vèr látum fylgja með, stungið uppá, að búin verði til hitavèl í húsinu á þeim stað, sem tiltekinn er á meðfylgjanda uppdrætti, og hefir hann samið áætlun um kostnaðinn við þetta, sem vèr einnig sendum yður, en til bráðabirgða hefir hann stungið uppá, að í vetur verði settur ofn upp á þann hátt, sem hann nákvæmar skýrir frá í brèfi sínu.

Um leið og stjórnarráðið lætur það vera á yðar valdi, að gjöra þær ráðstafanir, sem timbursmiður *Klentz* hefir stungið uppá til bráðabirgða, mælumst vèr til, áður en lengra verður haldið út í málið, að þèr segið álit yðar um hitavèl í bókhlöðu-

húsinu, og um áætlun þá, sem *Klentz* hefir samið, og búumst vèr jafnframt við, að þèr sendið hingað aptur meðfylgjandi skjöl. 1871. 11. ágúst.

81. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um gjöld fyrir veitingarbrèf fyrir embætti. 11. ágúst.

Þarsem þèr, herra stiptamtmaður, útaf athugasemd frá stjórnardeild reikningsmálanna við reikning suðuramtsins yfir konungleg leyfisbrèf og veitingarbrèf, sem látin hafa verið af hendi á árinu 1867, um það, að gjald fyrir nokkur veitingarbrèfin væri óborguð, hafið látið í ljósi, að eptir að svo hafði verið mælt fyrir í aukafjárhagslögum fyrir fjárhagsárið 1869—70, 28. maí f. á., að hlutaðeigendum skyldi verða gefin upp þau gjöld og eptirstöðvar af gjöldum fyrir veitingarbrèf, sem ekki væri búið að borga fyrir 31. marz 1870, yrði stiptamtið að leita æðri úrskurðar um, hvernig fara skyldi með þau gjöld, sem væri enn óborguð nefndan dag, en þessi væri, auk annara, fyrir:

1. veitingarbrèf Pèturs biskups Pèturssonar, 253 rd.,

2. veitingarbrèf Þórarins prófasts Böðvarssonar fyrir Garðaprestakalli, 14 rd., og fyrir

3. veitingarbrèf Jens skólameistara Sigurðssonar, 55 rd. 48 sk.; — hefir stjórnardeild reikningsmálanna borið þetta mál undir úrskurð stjórnarráðsins.

Með því það þókti vera efasamt, hvernig skilja ætti 7. grein í lögum 26. marz 1870, sem hefir inni að halda almennar ákvarðanir um laun embættismanna og embættisþjóna, þegar hún er borin saman við 13. grein, að því leyti, sem snertir þá tvo embættismenn, sem fyrst eru taldir og eru andlegrar stèttar, og af því að gjöldin, ef ætti að borga þau, renna í ríkissjóðinn, skrifaði stjórnarráðið fjárhagsstjórninni um þetta, en hún hefir skrifað aptur, að svo yrði að álíta, sem það sè með öllu efalaust, að það sè eins um andlegrar stèttar embættismenn á Íslandi eins

1871. 11. ágúst. og aðra af prestastètt, að þeim geti ekki komið í hag það, sem fyrir er mælt í lögum 26. marz f. á. 7. gr., sbr. 13. gr., um að embættismenn framvegis skuli vera lausir við að borga gjald fyrir embættisveitingarbrèf, og heldur ekki næði aukafjárhagslögin, sem gefa upp gjöld fyrir veitingar — eða leyfisbrèf, sem eru óborguð 31. marz 1870, til þeirra, en sökum þessa yrði að greiða þessi gjöld til ríkissjóðsins.

Um leið og þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið frekari ráðstafanir og birtið það, skal því við bætt, að gjald það, sem átti að greiða fyrir veitingarbrèf Jens Sigurðssonar fyrir skólameistaraembættinu, að upphæð 55 rd. 48 sk., skal falla niður samkvæmt aukafjárhagslögum fyrir 1869—70.[1]

Að endingu skal þess getið, að vèr í dag höfum tilkynnt þetta stjórnardeild reikningsmálanna.

---

31. ágúst. **82. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um ferðir póstgufuskipsins.**

Um leið og vèr sendum fjárhagsstjórninni meðfylgjandi bænarskrá frá 25 mönnum í Vestmannaeyjum, útlagða á dönsku, sem alþing í sumar hefir vísað til stiptamtmanns, en hann aptur hafði sent hingað með brèfi sínu, sem vèr látum fylgja með, verðum vèr, að því leyti, sem bænarskráin fer fram á, að það sökum þess að Vestmannaeyjar liggja mjög afskekktar, verði lagt skipstjórnarmanninum á póstgufuskipinu fyrir að koma þar við á hverri ferð til Reykjavíkur og þaðan aptur, þótt það kynni að tefja fyrir skipinu, ef það aðeins ekki komist í neina hættu við þetta, — að bera það undir fjárhagsstjórnina, að tekið sè svo mikið tillit til þess, sem sókt er um, sem verður, eptir því

---

[1]) Þetta var og úrskurðað í brèfi til stiptamtmanns, sama dag, um gjald fyrir veitingarbrèf Þorgrims Johnsens fyrir hèraðslæknisembætti.

hvernig á stendur, en að öðru leyti búumst vèr við, að póstgufu- 1871.
skipið nú þegar komi við á Vestmannaeyjum á sumarferðum sínum 31. ágúst.
bæði á leiðinni til Íslands og hingað aptur.

Um úrskurð þann, sem fjárhagsstjórnin leggur á þetta, væntum vèr að fá vitneskju.

---

83. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stipsyfirvaldanna á Íslandi, um sending á fornbrèfasafni Norðmanna (Diplomatarium Norvegicum). 1. septbr.

Meðfylgjandi exemplar af VIII. bindis 1. parti af *Diplomatarium Norvegicum*, sem hin konunglega kirkju- og kennslustjórn í Norvegi hefir sent hingað, sendum vèr yður með þessu brèfi, samkvæmt beiðni tèðrar stjórnardeildar, handa stiptsbókasafninu í Reykjavík.

---

84. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ráðstafanir útaf skipaströndum við Ísland, þegar útlendir eiga í hlut.[1] 14. septbr.

Eptir að vèr höfðum fengið álit allra amtmannanna á Íslandi um uppástungu hins frakkneska sendiherra hèr í landi um það, að það verði lagt hlutaðeigandi yfirvöldum á Íslandi fyrir, að senda tafarlaust og beina leið annaðhvort hinum frakkneska verzlunarfulltrúa í Reykjavík eða verzlunarfulltrúanum í Helsingjaeyri öll skjöl, sem snerta slys eða strönd frakkneskra skipa við Ísland, hefir dómsmálastjórninni fundizt vera ástæða til, að fara eptir ósk þessari, en jafnframt höfum vèr álitið, að bezt eigi við, að það, sem skipað verður

---

[1]) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað á sömu leið.

1871. 14. septbr.

fyrir í þessu efni, einnig nái til annarra skipa, sem verða fyrir slíkum óhöppum. Útaf þessu mælumst vèr til, að þèr, herra stiptamtmaður, bjóðið öllum sýslumönnum í því amti, sem þèr eruð settur yfir, að semja þegar í stað reikning um strönd þau, sem verða í þeirra umdæmum, jafnskjótt og búið er að halda uppboð á því, sem bjargað er, og tafarlaust, án þess að bíða eptir, að andvirði þess, sem seldist á uppboðsþinginu, sè heimt saman, senda amtmanni nefndan reikning tvíritaðan til endurskoðunar og úrskurðar, og skulu honum fylgja eptirrit af uppboðsbókinni, prófi því, sem haldið hefir verið um strandið, af bókinni, sem allt það er ritað í, er snertir strandið og bjargir á strönduðu gózi, og að endingu skipaskjöl þau, sem bjargað hefir verið og önnur þess háttar skjöl. Amtmaður skal síðan leggja úrskurð sinn á strandreikninginn, og tafarlaust senda hann beint til hlutaðeiganda verzlunarfulltrúa, ef skipið er frá einhverju því ríki, sem hefir verzlunarfulltrúa á Íslandi, eða útgjörðarmanni skipsins, ef hann á heima á Íslandi eða í Danmörk, en að öðrum kosti skal senda dómsmálastjórninni reikninginn ásamt með öllum skjölum, sem snerta strandið og sem talin eru að framan, og skal jafnframt sagt frá, hvenær búast megi við að amtið geti sent andvirði þess, sem selt er af strandinu, að frádregnum kostnaðinum; skal amtmaður taka til, á hve löngum fresti sýslumaður skal vera búinn að afgreiða reikninginn, og má til þessa veita honum fjögra vikna frest, eptir að andvirði þess, sem seldist við uppboðið, kemur í gjalddaga, og skal amtmaður sjá um, að eigi verði brugðið útaf þessu.

Í sambandi við þetta gefst yður til vitundar, að vèr höfum skrifað utanríkisstjórninni,[1] að vèr væntum, að bæði frakkneska

[1]) Þetta brèf, sem einnig er dagsett 17. septbr., er svo látandi:

»Eptir að vèr höfum meðtekið brèf utanríkisstjórnarinnar 16. f. m., höfum vèr í dag skrifað amtmönnunum á Íslandi brèf, sem er samhljóða eptirriti því, sem með fylgir. Um leið og vèr tilkynnum utanríkisstjórninni þetta, skal því við bætt, að dómsmálastjórnin væntir, að takast muni fyrir tilstilli utanríkisstjórnarinnar að koma því til leiðar, að hlutaðeigandi útlendar stjórnir láti það eptir, sem vèr höfum æskt í brèfi voru 12. júlí þ. á., og leggi

stjórnin og önnur ríki, sem hafa verzlunarfulltrúa á Íslandi, bjóði þeim, að borga hlutaðeiganda amtmanni á 4—6 mánaða fresti það, sem kostnaður við skipaströnd samkvæmt þeim reikningi, sem sýslumaður semur og amtmaður úrskurðar, er meiri en virði þess, sem bjargað verður. 1871. 14. septbr.

---

85. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um reikninga frá landfógeta. 14. septbr.

Þar sem landfógeti til þessa hefir samið og sent hingað reikninga með skilríkjum fyrir hvert ár frá 1. apríl til 31. marz um það, sem borgað hefir verið úr jarðabókarsjóði Íslands:

1. þann hluta af ríkisskuldunum, sem leiga er goldin af og borgað er af á Íslandi,
2. eptirlaun fyrir hönd ríkissjóðsins,
3. eptirlaun fyrir hinn almenna ekkjusjóð,
4. eptirlaun fyrir lífsfjár- og framfærslustofnunina,
5. styrktarfè úr sjóði dannebrogsmanna, og
6. styrktarfè af hinni fyrverandi stjórnardeild fyrir aukagjöfum konungs,

mælumst vèr til, eptir tilmælum fjárhagsstjórnarinnar, að þèr, herra kansellíráð, eptirleiðis búið til þessa reikninga fyrir hvert missiri frá 1. apríl til 30. septbr. og frá 1. oktbr. til 31. marz, og sendið þá hingað, og skal þetta gjört fyrsta skipti fyrir það missiri, sem er á enda 30. þ. m.

---

verzlunarfulltrúum sínum á Íslandi fyrir, að endurgjalda bjargkostnað að því leyti, sem hann nemur meiru, en þess virði, sem bjargazt hefir.

1871. 20. septbr. **86. Brèf dómsmalastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíundagjöld af Möðrudal.**

Um leið og amtið með brèfi 20. maí þ. á. sendi hingað bænarskrá, þar sem Sigurður bóndi Jónsson í Möðrudal í Jökulsdalshrepp í Norðurmúlasýslu hefir sókt um að verða undanþeginn að greiða konungstíund af tèðri jörðu, sem fyrrum var stólsjörð frá Skálholti, og að sèr verði borgað aptur það tíundagjald, sem hann þykist hafa greidt um of, hefir amtið lagt það til, að hlutaðeiganda sýslumanni verði veitt heimild til, að sleppa því eptirleiðis, að heimta tíund af þessari jörðu, og að sú tíund, sem heimtuð var á manntalsþingi þessa árs, verði borguð sækjanda aptur, en að því leyti, sem snertir þá tíund, sem fyr er goldin, álítur amtið, að málið verði að ganga til dóms og laga.

Eptir að vèr höfum skrifazt á útaf þessu við stjórnardeild reikningsmálanna, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að með því Möðrudalur var seldur, þegar meir en 7 ár voru liðin frá því, að mesti hluti af stólsjörðum Skálholts stiptis voru seldar, og með því tíundaskrár þær fyrir Jökulsdalshrepp, sem fylgja með reikningum Norðurmúlasýslu, sýna, að sækjandi hefir goldið tíund af jörðunni í meir en 22 ár, þá verður að sanna með staðfestum útskriptum af uppboðsskilmálunum, og afsalsbrèfi því fyrir jörðunni, sem gefið var út 8. septbr. 1798, að Möðrudalur ásamt tveimur tilheyrandi hjáleigum hafi verið seldur með tíundafrelsi, áður en það verður veitt, sem sókt er um, og jafnframt skal þess getið, að þó það verði veitt, þá verður sækjandi aðeins leystur frá tíundaskyldu þessari frá því ári, er hann hefir krafizt þessa.

---

20. septbr. **87. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli.**

Til samlags við brèf stjórnarráðsins 9. f. m. um leigu silfurbergsnámans í Helgustaðafjalli, sem er þjóðeign, til kaupmanns

C. D. Túlinïusar fyrir eitt ár, talið frá 1. janúar 1872, mælumst vèr til útaf brèfi yðar, dagsettu 7. f. m., að þèr bjóðið bæði hlutaðeiganda umboðsmanni og sýslumanni Ólívaríus að hafa nákvæmar gætur á, að kaupmaður Túlinïus eigi noti námið á þann hátt, að það geti lagzt í eyði. Ef svo ber undir, að hætt verði við að námið skemmist, verður að gefa honum til kynna, að stjórnarráðið mun heimta fullar bætur fyrir skaða þann, sem kann að hafa hlotizt af rangri meðferð á námanum. 1871. 20. septbr.

---

88. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjald amtmanns til jafnaðarsjóðsins.[1] 21. septbr.

Í brèfi 6. maí þ. á. hefir kanselliráð *Smith*, sem þá var settur amtmaður, leidt athygli stjórnarráðsins að því, að fyrrum amtmaður í norður- og austuramtinu, Havstein, hafi eigi goldið neitt tillag til jafnaðarsjóðsins um þá tíð, hann var í þessu embætti, þótt svo sè fyrir mælt í opnu brèfi 8. júní 1851,[2] að embættismenn eptirleiðis skuli greiða þetta gjald af tíundbæru lausafè sínu jafnt sem bændur, en amtmaður Havstein hefir borið fyrir sig, að opið brèf 8. júní 1851, sem sè almennt lagaboð, hafi ekki getað numið úr gildi þá sèrstaklegu ákvörðun í tíundareglugjörðinni 17. júlí 1782,[3] 5. grein, þar sem svo er fyrir mælt, að amtmennirnir skuli vera lausir við að telja fram eigur sínar til tíundagjalds, og greiða þau gjöld, sem af þessu leiðir. Hinn setti amtmaður áleit aptur á móti, að opið brèf 8. júní taki ekki amtmenn undan því, að greiða þetta gjald, með því honum finnst, að orðið »tíundbæru« í tèðu opnu brèfi tákni eiginlegleika við lausafèð yfirhöfuð, en sè eigi haft til þess að taka undan lausafè

---

[1]) Sama dag var stiptamtmanni, biskupi og amtmanninum í vesturumdæminu sent eptirrit af þessu brèfi.

[2]) Lovsamling for Island, XV., 109.

[3]) Lovsamling for Island, IV., 654.

1871. 21. septbr.

amtmanna, og hefir hann því borið málið undir úrskurð stjórnarráðsins. Útaf brèfi nokkru, sem seinna hefir borizt hingað frá amtmanni Havstein, hafið þèr, herra amtmaður, í brèfi yðar 21. júlí þ. á. að endingu látið álit yðar í ljósi þannig, að með því amtmenn samkvæmt reglugjörð 17. júlí 1782, 5. grein eptir gömlum sið og landsvenju sè lausir við að telja fram lausafè sitt til tíundagjalds, og gjaldið til jafnaðarsjóðsins sè talið eptir lausafjártíundinni, verði eigi álitið, að opið brèf 8. júní 1851 nái til amtmannanna.

Eptir að vèr útaf þessu höfum skrifazt á við stjórnardeid reikningsmálanna, sem hefir skýrt frá, að tíundbærar eigur amtmannanna á Íslandi, samkvæmt reglugjörð 17. júlí 1782, aldrei hafi verið taldar fram til tíundagjalds, gefst yður til vitundar það, sem hèr skal sagt, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf.

Það er hvorttveggja, að orðin í opnu brèfi 8. júní 1851 ná til allra embættismanna, sem eiga tíundbært lausafè, enda er tilgangurinn með lagaboðinu, að gjöra öllum jafnt undir höfði eptirleiðis að því leyti, er snertir gjald til jafnaðarsjóðanna, því til styrkingar, að enginn skyldi vera undan tekinn. Að því leyti, er snertir orðið »tíundbæru«, þá verður efalaust að skilja það á þá leið, að það aðeins eigi við eiginlegleika lausafjár yfirhöfuð (að það gefi af sèr arð eða ábata) — en það sèst meðal annars af því, að byggt er á því í tèðu opnu brèfi, að ekkjur embættismanna geti átt lausafè, sem ekki sè tíundbært, — og þannig verður eigi á þessu byggt, að amtmenn sè lausir við að greiða gjald þetta, og heldur ekki á því, að álíta að opið brèf 8. júní 1851 sè almennt lagaboð, sem ekki geti náð til hinnar sèrstaklegu ákvörðunar í reglugjörð 17. júlí 1782, með því tilgangurinn, eins og vèr gátum um, einmitt var sá, að nema úr gildi öll slík rèttindi, hvort sem þau hefðu heimild í lögum eða venju.

Stjórnarráðið verður þannig að álíta, að bæði amtmennirnir og biskupinn eigi að greiða tèð gjald eins og aðrir; af Havsteini amtmanni verður samt ekki heimtað neitt gjald fyrir þann tíma, sem liðinn er, með því reikningsmálastjórnin hefir látið það gjald-

frelsi við gangast, en gjaldið fyrir 1870 verður að heimta af honum, og má taka það lögtaki, ef svo ber undir. 1871. 21. septbr.

---

89. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun kornláns handa Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu. 18. oktbr.

Með brèfi 12. ágúst þ. á. hafið þèr, herra amtmaður, samkvæmt brèfi stjórnarráðsins 7. janúar og 4. júlí þ. á., sent hingað skýrslur frá sýslumönnunum í Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu um kornlán það, sem var veitt tèðum sýslum haustið 1867 af hinum íslenzka styrktarsjóði, en af skýrslum þessum má sjá, að tveir af þeim átta hreppum í Eyjafjarðarsýslu, sem ennþá eru ekki búnir að borga lánið alveg, hafa ekki borgað neitt uppí það, nè heldur í vöxtu, að einn hreppur aðeins hefir borgað 7 rd., og hinir átta hrepparnir alls ekki goldið neitt frá lokum fjárhagsársins 1868—69, en hrepparnir í Skagafjarðarsýslu hafa borgað vöxtu af skuldinni til loka fjárhagsársins 1870—71, og eptir skýrslu Briems sýslumanns á nokkuð að vera borgað uppí skuldina, en ekki tilgreint hversu mikið. Jafnframt hafið þèr skýrt frá, að þèr á ný hafið brýnt fyrir sýslumönnunum, að sjá um, að eptirstöðvarnar af tèðri skuld verði borgaðar svo fljótt, sem auðið er, en þó lagt það til, að þeim, sem í hlut eiga, verði veittur frestur til næsta sumars með borgun þess, sem ekki verður goldið á þessu hausti.

Útaf þessu mælumst vèr til í sambandi við brèf stjórnarráðsins 7. janúar þ. á., að þèr sjáið um, ef ekki er búið að gjalda vöxtu af láninu, þá sem komnir eru í gjalddaga 1. dag aprílm. 1872, og borgun uppí það 1. dag júlím. s. á., að lögsókn þá verði tafarlaust höfðuð, til þess að heimta eptirstöðvarnar, og að þèr sendið hingað skýrslu um ráðstafanir þær, sem þèr hafið gjört í þessu skyni, en með því skýrslur þær, sem nefndar eru að framan,

1871. 18. oktbr. eigi gjöra svo grein fyrir því, hvernig nú stendur á um lánið, sem nægir, verðum vèr jafnframt að mælast til, að þèr sendið stjórnarráðinu fullkomið yfirlit yfir lánið um 31. marz 1872, og skal það lagað eptir meðfylgjanda skýrsluformi.

Útaf því, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefir sent hingað beina leið ávísun til 100 rd., til þess að greiða með þeim vöxtu og borgun uppí lán það, sem var veitt hreppum í tèðri sýslu, án þess að skýra frá, hversu mikið af þessari upphæð skuli ganga til borgunar vaxta og hversu mikið uppí lánið sjálft, mælumst vèr að endingu til, að þèr leggið tèðum sýslumanni fyrir, að taka sèrstaklega fram, þá er hann borgar nokkuð af skuldinni, hve mikið skuli koma uppí lánið, og hve mikið sè ætlað til að borga með vöxtu, og ennfremur, fyrir hvert ár og fyrir hverja hreppa goldið sè.

---

18. oktbr. **90. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sameining Borgarfjarðarsýslu við Mýrasýslu.**

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 11. þ. m. allramildilegast að fallast á:

að Borgarfjarðarsýsla í suðurumdæmi Íslands og Mýrasýsla í vesturumdæmi Íslands verði sameinaðar í eitt lögsagnarumdæmi;

að afgjaldið af báðum sýslum skuli vera 250 rd. á ári hverju;

að sýslumanninum verði lagt fyrir að hafa aðsetur nálægt Hvítá.

---

91. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hafnargjald af póstgufuskipinu.

1871. 20. oktbr.

Samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 26. maí þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, með brèfi 8. ágúst þ. á. sent hingað álitsskjal frá hafnarnefndinni í Reykjavík, sem fer fram á, að sú ákvörðun í hafnartaxta kaupstaðarins, að skip stjórnarinnar skuli vera laus við að greiða hafnargjald, virðist ekki geta komið í hag póstgufuskipinu »Díönu«, sem mjög er haft til flutninga, og hafið þèr jafnframt lýst því yfir, að þèr vèrið samdóma hafnarnefndinni í þessu, en samt fyndist yður það sanngjarnt, að veitt verði lækkun á gjaldinu af póstgufuskipinu, sem kemur sjö sinnum á ári til Reykjavíkur, fremur, en af öðrum skipum, sem aðeins koma þangað eitt eða tvö skipti á ári, og hafið þèr þessvegna stungið uppá, að hafnartaxtinn verði endurskoðaður, til þess nákvæmar verði sagt fyrir um hafnargjald það, sem greiða skuli af póstgufuskipinu, en þangað til þetta verður, skuli farið eptir þeirri ákvörðun, sem til þessa hefir verið fylgt, og skipar hún svo fyrir, að af póstgufuskipinu skuli greiða hið vanalega gjald.

Eptir að vèr höfðum meðtekið nefnt brèf yðar, leituðum vèr álits aðalpóststjórnarinnar um þetta mál, og var þess jafnframt getið, að stjórnarráðið yrði að vera á sama máli og þèr um það, að það sè sanngjarnt, að nokkur linun í gjaldinu verði veitt póstgufuskipinu; í svari uppá þetta hefir aðalpóststjórnin getið þess, að hún fyrir sitt leyti verði að skírskota til álits skipstjórnarmanns póstgufuskipsins, Kapt. Jacobsens, en af þessu álitsskjali fylgir eptirrit; hefir hann látið í ljósi, að gjaldið eptir fyrnefndum hafnartaxta sè of mikið í sjálfu sèr, og sèr í lagi að því leyti, er snertir póstgufuskipið, og stingur hann uppá, að veitt verði lækkun á gjaldinu af því, sem samsvari hèr um bil 35 af hundraði á þann hátt, sem hann nákvæmar skýrir frá í áliti sínu.

Útaf þessu mælumst vèr til, að þèr, herra stiptamtmaður leitið til samninga við hlutaðeigandi bæjarstjórn um það, að almenn endurskoðun hafnartaxtans fari fram, og verði þá allsendis að taka tillit til, að lækkað verði gjaldið af póstgufuskipinu hèr um bil um svo mikið, sem Kapt. Jacobsen hefir drepið á í nefndu álits-

1871. 20. oktbr. skjali sínu. Um málalokin væntum vèr að fá skýrslu, þegar að því kemur.

---

23. oktbr. **92. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um uppreist fyrir prestsekkju.**

Um leið og vèr sendum yður, herra amtmaður, konunglegt leyfisbrèf, sem veitir, að Guðbjörg Aradóttir, ekkja sèra Þorsteins Jónssonar á Þóroddstað í Þingeyjarsýslu, megi, þótt hún hafi gjört sig seka að legorði, njóta þeirra rèttinda, sem prestsekkjur á Íslandi eiga tilkall til, mælumst vèr til, að þèr fáið henni tèð leyfisbrèf, gegn því að hún greiði 16 rd. 80 sk., sem er lögboðið gjald fyrir það, og verðið þèr að gjöra grein fyrir þessu fè í næsta reikningi yðar um gjöld þau, sem þèr takið við fyrir konungleg leyfisbrèf.

---

31. oktbr. **93. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um klausturgóz í Vestur-Skaptafellssýslu.**

Samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 28. febr. og 7. nóvbr. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað álitsskjöl frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu og umboðsmanni Þykkvabæjar- og Kirkjubæjarklausturs um bænarskrá nokkra, þar sem settur málafærslumaður við hinn íslenzka landsyfirrètt, Jón Guðmundsson, sækir um:

A. 1. að settir verði þrír reyndir menn til að gjöra uppástungur um nýtt jarðamat klausturgózins í Vestur-Skaptafellssýslu, og um hæfilegan gjaldmáta fyrir jarðirnar, sem heyra undir tèð góz;

2. að gjörð verði uppástunga til bráðabirgða um það, að afgjaldið af þeim jörðum, sem geta borið meira afgjald, en hingað

til hefir verið goldið, verði hæfilega hækkað, þangað til hið nýja jarðamat verði staðfest; 1871. 31. oktbr.

3. að greiða megi helming landskuldar eptir lækkaðri verðsetning, þannig, að hvert álnarvirði sè talið 8 sk., en hinn helminginn annaðhvort í ull, smjöri og tólg í landaurum, eða í peningum, samkvæmt meðalverði allra meðalverða, og skuli það vera komið undir leiguliðanum, hvort hann vill heldur;

4. að hætt verði við að skipta jörðunum í smábýli, og að þær jarðir, sem skiptar hafa verið í parta, verði aptur sameinaðar;

5. að veittur verði styrkur til að stofna verðlauna sjóð fyrir Vestur-Skaptafellssýslu, til að hvetja menn til búnaðarbóta;

B. að veitt verði leiguliðunum lækkun á jarðarafgjaldi frá fardögum 1868 til fardaga 1871 eða frá fardögum 1869 til fardaga 1872, til þess að bæta hin bágu kjör þeirra, þannig, að helmingurinn af landskuldinni verði goldinn eptir gömlu lagi á 4½ sk. hver alin í staðinn fyrir á 8 sk.

Með brèfi 29. marz þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, jafnframt sent brèf frá settum málafærslumanni við landsyfirrèttinn, Jóni Guðmundssyni, og kveðst hann þar munu senda stjórnarráðinu nákvæmari uppástungu um málið, og sèr í lagi um það atriði, sem getið er um undir staflið A. 5.

Stjórnarráðið hefir skotið málinu á frest til þess að bíða eptir þessari uppástungu frá málafærslumanni Jóni Guðmundssyni, en með því hún enn þá ekki er komin hingað, finnst stjórnarráðinu, að ekki sè rètt að draga lengur að leggja úrskurð á málið, og gefum vèr yður því til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, eins og hèr skal sagt:

um A 1—3. skal vísað til brèfa stjórnarráðsins til stiptamtmanns 12. maí 1869 og 9. marz s. á.[1], en með þeim virðist úrskurður þegar vera lagður á þessi atriði;

um A 4. skal sömuleiðis vísað til nefnds brèfs 12. maí 1869, og mælumst vèr til, að þèr, herra stiptamtmaður, leggið hlutaðeiganda umboðsmanni fyrir, þegar þau býli undir tèðu klaustur-

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 623 og 608.

1871. 31. oktbr.

gózi losna, sem virðast vera of smá til þess að framfæra hjón og hjú, að senda uppástungur til stiptamtsins um samlagning slíkra smábýla, og veitum vèr yður eptir atvikum heimild til, að staðfesta þessar samlagningar, en samt skal í hvert skipti senda stjórnarráðinu skýrslu um það.

um B: Eptir því, sem fram er komið, höfum vèr ekki fundið ástæðu til að veita þá linun í jarðarafgjöldum, sem sókt er um undir þessum staflið.

Um spurningu þá, sem upp hefir verið borin í þessu máli, um það, að hingað til hefir eigi verið goldin fátækra tíund af klausturjörðunum, skal vísað til brèfs stjórnarráðsins 28. febr. f. á., og jafnframt að því leyti, er snertir aukaútsvar til fátækra, gefst yður til vitundar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, að fátækra tíund verði goldin fyrir þá leiguliða, sem nú eru, af umboðstekjunum, en í nýjum byggingarbrèfum verði gjört leiguliðunum að skyldu, að greiða fátækra tíund af jörðunum; ennfremur leyfir stjórnarráðið, eptir því, sem þèr hafið skýrt frá, að megi verja 300 rd. af því fè, sem fyrir yfirstandandi reikningsár er ætlað til óvissra útgjalda fyrir Ísland, til útbýtingar, eptir því sem yður finnst bezt við eiga, meðal þeirra hreppa í tèðri sýslu, sem mest eru þurfandi, og höfum vèr boðið landfógeta að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóðnum.

Jafnframt og vèr búumst við, að fá tillögur yðar viðvíkjandi því, að fjölga innstæðukúgildunum á tèðu klausturgózi, sem getið er í álitsskjali sýslumanns, sendum vèr yður eptirrit af áliti frá skipstjórnarmanninum á herskipinu »Fylla«, »Kapt. Tuxen« um uppástungu Árna sýslumanns Gíslasonar um, að búa til höfn við Dyrhólma (*Portland*), og skal því við bætt, að stjórnarráðinu finnst óráðlegt, að leggja út í þetta, sem mun verða fjarska kostnaðarsamt, ef því á annað borð yrði komið til leiðar.

94. Auglýsing um kennslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi (á Íslenzku og Dönsku). 1871. 31. oktbr.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir Hans Hátign konunginum þóknazt 21. þ. m. allramildilegast að úrskurða:

1) að þeir læknisfræðingar, sem útlærðir eru á Íslandi, megi ekki eptirleiðis fá hèraðslæknis-embætti þar, nema því að eins að þeir áður hafi notið kennslu í yfirsetufræði á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, og sanni það með vitnisburði yfirkennarans í yfirsetufræðinni;

2) að hið sama, að svo miklu leyti, sem unnt er, verði heimtað af hinum íslenzku læknaefnum, sem hèraðslækna störf verða falin á hendur, samkvæmt konungsúrskurði 10. maí 1867 (sbr. auglýsing dómsmálastjórnarinnar 31. s. m.) 1. gr. fyrir þann styrk úr hinum íslenzka læknasjóði, sem þar er getið;

3) að veita megi sèrhverjum læknisfræðingi, sem útlærður er á Íslandi, og fer til Kaupmannahafnar, til þess að njóta nefndrar kennslu, 300 rd. styrk, sem skal greiða úr hinum íslenzka læknasjóði, ef kostnaðurinn verður ekki borgaður á annan hátt; og

4) að borga megi hlutaðeiganda læknisfræðingi helminginn af styrknum þá er hann fer frá Íslandi, og hinn helminginn í Kaupmannahöfn, jafnskjótt og hann hefir sýnt fram fyr nefndan vitnisburð.

Þetta skal hèrmeð kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálastjórninni 31. dag oktbr. 1871.

Fr. Krieger.

Fr. Reinhardt.

1871. 3. nóvbr. **95. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til kennslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi.**

Um leið og vèr sendum yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, auglýsing um kennslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi, sem út er gengin 31. f. m., samkvæmt konungsúrskurði 21. f. m., gefum vèr yður til kynna, að kirkju- og kennslustjórnin hefir gefið vonir um, að búast megi við tillagi af þeim 800 rd., sem meðal útgjalda til *Kommunitetsins* eru veittir í 21. gr. fjárhagslaganna til styrks handa íslenzkum stúdentum, sem búa sig undir próf í læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, ef nokkuð verður afgangs af þessu fè, þegar búið er að greiða tèðan styrk.

---

3. nóvbr. **96. Brèf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um hið sama efni.**

Eptir að vèr höfðum fengið brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar 28. septbr. þ. á., bárum vèr málið upp fyrir konungi, og hefir Hans Hátign konunginum þóknazt 21. f. m. allramildilegast að úrskurða á þá leið, sem fyrir í mælt í meðfylgjandi auglýsingu. 31. s. m.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, skal því við bætt, að vèr, eins og drepið er á í auglýsingunni, væntum samkvæmt munnlegu loforði ráðherrans, að veitt verði tillag til þess að standast kostnaðinn við ferð nefndra læknaefna til Kaupmannahafnar og dvöl þeirra þar af þeim 800 rd., sem meðal útgjalda til *Kommunitetsins* eru veittir í 21. gr. fjárhagslaganna til styrks handa íslenzkum stúdentum, sem búa sig undir próf í læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, ef nokkuð verður afgangs af þessu fè, þegar búið er að veita tèðan styrk.

---

97. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gripdeildir enskra fiskimanna.

1871. 3. nóvbr.

Eptir að vèr höfðum sent utanríkisstjórninni útskript þá, sem amtið hafði sent hingað með brèfi 20. ágúst f. á., af prófi, sem haldið var við lögreglurètt Þingeyjarsýslu 22. júní s. á. um það, að enskir fiskimenn frá *Grimsby* höfðu rænt hið frakkneska fiskiskip *Duc de Dalmatie*, sem strandaði sumarið 1869 þar í sýslunni, skýrði utanríkisstjórnin ensku stjórninni frá þessu máli. Verzlunarráðið *(Board of trade)* sem málinu var vísað til, lèt síðan höfða rannsókn, og eptir þeim skýrslum, sem fengust í *Grimsby*, var haldið, að leiða mætti rök að því, að *Marks*, skipstjórnarmaður á hinu enska fiskiskipi *General Havelock*, hefði gjört sig sekan í ráni þessu, en til þess að fá fullkominn vitnisburð, sem vitnin verða að bera fram sjálf munnlega eptir enskum lögum, var nauðsynlegt, að þau vitni, sem höfðu verið tekin til prófs á Íslandi, yrði leidd fyrir enskum dómi, og gæti þar svarið, að skipstjórnarmaður *Marks* væri sami maður og sá, sem rændi skipið. Af því að mikill kostnaður mundi rísa af þessu, hikaði stjórnarráðið sèr samt við að halda lengra út í málið, og þareð enska stjórnin, um leið og hún kvaðst vera fús til að láta höfða málsókn á hendur *Marks*, lýsti því yfir, að hún efaði að það yrði til nokkurs, og um lítið væri að ræða, höfum vèr, jafnframt og þess skal getið, að enska stjórnin aðeins mundi borga kostnaðinn við vitnaleiðslu á Englandi, ef sá, sem í hlut ætti, yrði dæmdur sekur, — en það er mjög efasamt, þar sem málið gengur í nefndardóm, — mælzt til þess við utanríkisstjórnina, að hún gefi ensku stjórninni tilkynna, að oss hefði fundizt það rèttast samkvæmt tillögum hennar, að sleppa því, að reka málið, og höfum vèr jafnframt notað tækifærið til, að leiða athygli ensku stjórnarinnar að því, að nauðsyn sè á, að höfð verði tilsjón með enskum fiskimönnum við strendur Íslands, eins og frakkneska stjórnin gjörir, til þess að koma í veg fyrir, að þeir hafi í frammi slíkan yfirgang eptirleiðis.

1871. 3. nóvbr. Um leið og vèr gefum yður þetta til vitundar, yður til leiðbeiningar, mælumst vèr til samkvæmt tillögum ensku stjórnarinnar, að þèr brýnið fyrir lögregluembættismönnum á Íslandi, að halda þegar próf, er þeir fá vitneskju um að útlendir fiskimenn hafa drýgt eitthvert afbrot eða haft í frammi yfirgang eða annan óskunda, til þess að svo fullkomnar skýrslur fáist, sem auðið er, og skulu þeir síðan senda þær dómsmálastjórninni.[1]

---

6. nóvbr. **98. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtsins og biskupsins á Íslandi, um húsleigustyrk handa stúdentum á prestaskólanum.**

Með því fimtán stúdentar eru nú í ár á prestaskólanum á Íslandi, og tíu af þeim hafa hver um sig fengið húsleigustyrk þann, sem til þess er ætlaður, en af hinum fimm, sem eigi er veittur þessi styrkur, eru fjórir utanbæjarmenn og styrksins þurfandi, hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, í brèfi 7. f. m., ásamt fylgiskjölum, lagt það til, að þessum fjórum stúdentum, sem eru Gunnlögur Halldórsson, Jón Þorsteinsson, Björn Stefánsson og Stefán Pètursson, verði veittur 40 rd. húsleigustyrkur hverjum, af því fè, sem veitt er í auglýsingu 4. marz þ. á. 11. gr. fyrir yfirstandandi fjárhagsár.

Eptir að vèr höfum skrifazt á útaf þessu við dómsmálastjórnina, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið eptir atvikum fellst á uppástungu yðar, og hefir landfógeta í dag verið skrifað það, sem með þarf, um að borga fèð úr jarðabókarsjóðnum.

Stjórnarráðið verður jafnframt að nota tækifærið til þess að leiða athygli yðar að því, að húsleigustyrkur verði eigi almennt veittur öðrum, en utanbæjar stúdentum, en ef ástæða þykir til,

---

[1]) Dómsmálastjórnin hefir sama dag skrifað stiptamtmanninum og amtmanninum í vesturumdæminu um þetta atriði.

að bregða útaf þessari reglu, þegar sèrstaklega stendur á, verður að bera málið upp sèr í lagi fyrir stjórnarráðinu. 1871. 6. nóvbr.

---

99. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um inntöku í hinn lærða skóla í Reykjavík. 6. nóvbr.

Í brèfi 9. f. m., hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, skýrt frá, að skólameistarinn við hinn lærða skóla í Reykjavík hafi álitið, að pilturinn Jón Finsen, sem ekki er fullra 12 ára, sè hæfur til þess að setjast í neðsta bekk skólans, og lagt til, að stjórnarráðið leyfi, að þannig sè brugðið útaf því, sem fyrir er mælt í 3. grein skólareglugjörðarinnar.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið samþykkir, að tèðum lærisveini sè veittur skóli.

---

100. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hluttekning Íslands í gripasýningunni í Kaupmannahöfn 1872.[1] 6. nóvbr.

Í brèfi 11. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, skýrt frá þeim ráðstöfunum, sem þèr hafið gjört útaf hluttekning Íslands í

---

[1]) Sama dag skrifaði dómsmálastjórnin forstöðunefndinni fyrir gripasýningunni í Kaupmannahöfn 1872 á þessa leið:

Eptir að dómsmálastjórnin samkvæmt brèfi forstöðunefndarinnar 8. ágúst þ. á., hafði lagt stiptamtmanninum yfir Íslandi og amtmanninum á Færeyjum fyrir, að þeir annaðhvort sjálfir eða með hjálp nefnda takist á hendur, að standa fyrir þeim ráðstöfunum, sem með þarf til þess að Ísland og Færeyjar geti tekið

1871. 6. nóvbr. gripasyning þeirri fyrir Norðurlönd, sem á að halda í Kaupmannahöfn árið 1872, og sent hingað bænarskrá, þar sem formaður þeirrar nefndar, sem að tilhlutun yðar er sett í suðuramtinu yður til aðstoðar í þessu máli, sækir um, að nefndinni verði fengið nokkuð fé til að borga kostnaðinn við að búa um hluti þá, sem sendir verða til gripasýningarinnar, flutningskaup, og fl.; hafið þér jafnframt lagt það til, að stiptamtinu verði veitt heimild til að verja allt að 500 rd. af því fé, sem veitt er í fjárhagsáætlun Íslands 4. marz þ. á. 11. gr., til að efla hlutteking Íslands í gripasýningunni, þannig, að þessari upphæð verði skipt milli umdæmanna eptir því, sem yður sýnist, til að styðja þetta málefni og standast kostnaðinn, sem ris af þessu.

Um leið og vèr veitum yður heimild til þess, væntum vèr að fá reikning um, hvernig fènu hefir verið varið, og höfum vèr í dag skrifað landfógeta að borga yður fèð úr jarðabókarsjóði Íslands, þegar þèr gjörið tilkall til þess.

---

28. nóvbr. **101. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kúgildi á klausturjörðu.**

Með brèfi 8. septbr. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem umboðsmaður Kirkjubæjar- og

---

þátt í gripasýning þeirri frá Norðurlöndum, sem á að halda í Kaupmannahöfn 1872, höfum vèr fengið skýrslu frá stiptamtmanninum, og samkvæmt henni er nú sett nefnd í Reykjavík fyrir suðuramtið, og eru í þeirri nefnd assessor í landsyfirrèttinum, Magnús Stephensen, formaður, kaupmennirnir: O. P. Möller og H. A. Thomsen í Reykjavík, og Guðmundur Thorgrimsen á Eyrarbakka, prófastur Þórarinn Böðvarsson í Görðum og Kristinn bóndi Magnússon í Engey, en fyrir vesturamtið eru tvær nefndir, önnur í Stykkishólmi og hin á Ísafirði, í þeirri hinni fyrri er amtmaður sjálfur, umboðsmaður Árni Thorlacius og verzlunarstjóri Páll Hjaltalín, og í hinni sýslumaður og bæjarfógeti Stefán Bjarnarson, hèraðslæknir Þorvaldur Jónsson og verzlunarstjóri M. P. Riis. Frá amtmanninum í norður- og austurumdæminu var ekki komin nein skýrsla um framkvæmdir hans í þessu máli.

Þetta undanfellum vèr ekki að tilkynna forstöðunefndinni.

Þykkvabæjar klausturs hefir skýrt frá, að landsetinn, sem var á hálfum Norðurfossi, sem er klausturjörð, Ásgeir Eyjólfsson, hafi skorazt undan, þá er hann fór frá jörðunni, að skila með henni kúgildi, eins og hann hefir átt að skuldbinda sig til í byggingarbrèfi 13. júní 1844; segist hann hvorki hafa tekið við þessu kúgildi, eða nokkurn tíma skrifað undir byggingarbrèfið, en játar, að sèr hafi verið fengnar 4 ær, sem eru samsvarandi $^2/_3$ pörtum eins kúgildis. Jafnframt þessu hafið þèr, herra stiptamtmaður, stungið uppá, að sætzt verði á málið þannig, að tekið verði við því boði hlutaðeiganda, að láta af hendi $4^1/_2$ á eða $^3/_4$ parta af kúgildi, með því líkindi eru til, eptir vitnisburði hlutaðeiganda hreppstjóra, sem var við úttektina svo sem hreppstjóri, þá er jörðin var fengin Ásgeiri Eyjólfssyni, og annars manns, að Ásgeir hafi ekki tekið við téðu kúgildi, og að auki hefir smjörleigan ávallt verið goldin eptir $^3/_4$ parta af kúgildi, eins og af hinum helmingi jarðarinnar. 1871. 28. nóvbr.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir því, sem fram er komið, hefir ekki neitt ámóti því, að gjört verði út um þetta mál eins og þèr hafið stungið uppá.

---

102. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun fyrir jarðabætur á klausturjörðu. 28. nóvbr.

Með brèfi 15. septbr. þ. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skoðunargjörð um garð, sem leiguliðinn á $^1/_2$ Staðarholti, er heyrir undir Þykkvabæjar klausturs góz, hefir hlaðið upp um túnið þar, 227 faðma á lengd, og samkvæmt tilmælum hlutaðeiganda umboðsmanns mælt með því, að leiguliða þessum, Páli Ingimundarsyni, verði gefin upp eins árs landskuld og leiga, svo sem þóknun fyrir jarðabætur þær, sem hann með þessu móti hefir gjört.

1871. 28. nóvbr. Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að eins árs landskuld og leiga verði gefin leiguliðanum upp, eins og þér hafið stungið uppá.

---

28. nóvbr. **103. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjaldi.**

Með brèfi, dagsettu 7. septbrm. þ. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skoðunargjörð um tjón það, sem jarðirnar Rofabær, Nýibær, Eystri-Lyngar og Krókur eða Syðri-Fljót hafa beðið af sandfoki, og samkvæmt tilmælum hlutaðeiganda umboðsmanns farið þess á leit, að leiguliðunum á tèðum jörðum verði veitt sú linun í jarðarafgjaldinu, sem hèr skal greind:

1. Landsetunum á Rofabæ, Einari Einarssyni og Ólafi Ólafssyni veitist hvorjum um sig linun um 6 áln., samtals 12 áln., um 2 ár, talin eins og landskuldin eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg.

2. Landsetanum á Nýjabæ, Sverri Magnússyni, linun um 20 áln., um 2 ár, þannig, að hver alin af öðrum helmingnum sè talin 8 sk. virði, en af hinum hvert álnarvirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg.

3. Landsetanum á Eystri-Lyngum, Ólafi Sveinssyni, linun um 20 áln., sömuleiðis um 2 ár, þannig að hver alin af öðrum helmingnum sè talin 8 sk. virði, en af hinum helmingnum hvert álnarvirði eptir meðalverði allra meðalverða.

4. Landsetanum á Króki, Þórunni Jónsdóttur, veitist 18 áln. linun í eitt skipti fyrir öll, og talin eins og linun sú, sem er veitt Ólafi Sveinssyni.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að tèðum leiguliðum sè veitt sú lækkun í jarðarafgjaldinu, sem stungið hefir verið uppá.

---

104. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leyfi fyrir prest til að fara með lækningar. 1871. 5. desbr.

Með álitsskjali amtsins hefir hingað borizt bænarskrá, þar sem prófastur sèra Sigurður Gunnarsson á Hallormstað sækir um leyfi til að fara með lækningar, þeim til hjálpar, sem búa í nágrenni við hann, er þeir leita til hans og geta ekki í tækan tíma fengið hjálp hjá hèraðslækninum, og hefir hann, til þess að styðja þetta mál sitt, skírskotað til, að hann á fyrri árum sínum sem stúdent hafi verið hjá heraðslækninum, sem þá var, Gísla Hjálmarssyni, og verið honum til aðstoðar, og síðan, er hann hafi fengið brauð þar sem langt var til læknis, hafi hann með reynslu þeirri, sem hann hafði aflað sèr, veitt landsmönnum ráð og hjálp í veikindum.

Eptir að vèr höfum skrifazt á útaf þessu við hið konunglega heilbrigðisráð og leitað álits landlæknisins á Íslandi, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að dómsmálastjórnin mun ekki hafa neitt ámóti því, að Sigurður prófastur Gunnarsson haldi áfram lækningum sínum, með því skilyrði, að hann á ári hverju sendi skýrslu til landlæknisins um sjúklinga þá, sem hann hefir haft til lækninga.

---

105. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um sending herskips til Íslands frá Englandi 13. desbr.

Með brèfi 27. f. m. hefir utanríkisstjórnin sent hingað brèf frá hinum konunglega sendiherra í Lundúnum, herforingja *Bülow*, sem utanríkisstjórnin samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 3. f. m. hafði lagt fyrir, að leiða athygli ensku stjórnarinnar að því, að æskilegt væri, að England hefði nokkra tilsjón með enskum fiskimönnum við strendur Íslands. Þetta brèf sendiherrans

1871. 13. desbr.

sýnir, að hann samkvæmt skipun þessari hafi leitað til máls við lávarð *Granville*, en að hann þegar verði að efast um, að þetta hafi nokkurn árangur, með því ætlazt má til að enska stjórnin, eptir því, sem barst til tals í samræðu við forstjórann í verzlunarráðinu *(board of trade)*, sem sendiherrann skýrir frá, vili ekki leggja þau útgjöld á landið, sem þurfa mundi til að senda herskip til Íslands. Aptur á móti getur sendiherrann þess, að það sè æskilegt, að yfirgangur enskra fiskimanna verði sannaður fyrir ensku stjórninni svo fljótt sem auðið er, og stingur uppá, hvort ekki mætti útvega skýrslur um, hvar enskir fiskimenn leita til lands og hve mörg ensk fiskiskip sjást af Íslandi.

Útaf þessu gefst utanríkisstjórninni til vitundar, um leið og vèr sendum aptur tèð brèf sendiherrans, að dómsmálastjórnin þegar, samkvæmt tilmælum utanríkisstjórnarinnar í brèfi 25. júlí þ. á., hefir boðið hlutaðeigandi embættismönnum á Íslandi að reyna til að sanna, svo fljótt, sem því verður við komið, og svo ítarlega, sem unnt er, þann yfirgang, sem enskir fiskimenn kunna að sýna af sèr á Íslandi, og á hinn bóginn álítur dómsmálastjórnin það ógjörandi að útvega skýrslur á Íslandi um tölu enskra manna, sem eru við fiskiveiðar við strendur landsins, en enska stjórnin virðist sjálf eiga hægra með að útvega þær.

---

28. desbr.

106. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um hið sama efni.

Í brèfi 22. þ. m. hefir utanríkisstjórnin skýrt frá, að enska stjórnin, samkvæmt skýrslu hins konunglega sendiherra í Lundúnum, virðist nú að minnsta kosti að nokkru leyti vera orðin fúsari til, að fara eptir uppástungu dönsku stjórnarinnar um, að láta enskt herskip hafa stöðvar við strendur Íslands, þar sem utanríkisstjórnin á Englandi ætlar beinlínis að skora á sjóliðsstjórnina, að senda herskip til Íslands á þeim fiskitíma, sem fer í hönd, en sjóliðsstjórnin mun að öllum líkindum verða við þessari á-

skorun; hefir utanríkisstjórnin jafnframt þessu skýrt frá, að sendiherrann hafi óskað eptir, að sèð verði um, að hann geti, um leið og hann þakki lávarði *Granville* fyrir þessi vilyrði, sagt frá, á hverjum tíma það sè hagfelldast að herskipið verði sent til Íslands, og á hverjum stöðvum sè mest gagn að því, og mælist til, að vèr látum til þær skýrslur, sem með þarf til að segja sendiherranum fyrir um þetta. 1871. 28. desbr.

Útaf þessu gefum vèr utanríkisstjórninni til vitundar, að vetrarvertíðin byrjar í öndverðum febrúarmán. og er á enda 12. dag maímán., en vorvertíðin nær frá þessum degi fram að lokum júnímán. Eptir skýrslum þeim, sem vèr höfum fengið frá Íslandi, koma útlendir fiskimenn til landsins í byrjun aprílmán., og er það því á tímabilinu frá öndverðum þessum mánuði til loka júnímán., að hætt er við að útlendingar sè fiskiveiði landsmanna til fyrirstöðu; en með því yfirgangur enskra fiskimanna, sem kvartað hefir verið undan, hefir venjulega átt sèr stað á áliðnu sumri (í ágústmán.), væri æskilegt, að enska herskipið hefði stöðvar við strendur Íslands til loka ágústmán., en ef það gæti ekki fengizt, að dvölin yrði svo löng (frá aprílmán. til ágústmán.), mundi það þó vera betra, að skipið sè við land heldur á tímanum frá júnímán. til ágústmán., en á tímanum frá aprílmán. til júnímán., og það því fremur, sökum þess að heldur hefir verið kvartað undan gripdeildum og öðrum yfirgangi enskra fiskimanna í landi, eða í eyjum og hólmum við strendurnar, en yfir því, að þeir hafi tálmað eða farið í bága við veiði landsmanna.

Um hitt atriðið skal þess getið, að kvartanir undan enskum fiskimönnum einkum hafa komið frá norður- og austurlandinu, og er því mest undir því komið, að skipið komi við fyrir norðan og austan.

---

107. Ferða-áætlun póstgufuskipsins 1872.

frá Kaupmannahöfn til Íslands.						frá Íslandi til Kaupmannahafnar.					
Burtfarartími frá Kaupmannahöfn.	póstgufuskipið á í fyrsta lagi að leggja frá				Venjulegur komudagur til Reykjavíkur.	Burtfarartími frá Reykjavík.	póstgufuskipið á í fyrsta lagi að leggja frá				Venjulegur komudagur til Kaupmannahafnar.
	Leirvík.	Leith. (Granton).	Færeyjum. (Þórshöfn).	Berufirði.			Berufirði.	Færeyjum. (Þórshöfn).	Leith. (Granton).	Leirvik.	
1. marz. kl. 9. f. m.	4. marz. e. m.	. . . .	6. marz. f. m.	. . . .	15. marz.	24. marz. kl. 6. f. m.	. . . .	27. marz. f. m.	. . . .	29. marz. f. m.	7. apríl.
16. apríl. kl. 9. f. m.	19. apríl. e. m.	. . . .	21. apríl. f. m.	. . . .	30. apríl.	7. maí. kl. 6. f. m.	. . . .	10. maí. f. m.	. . . .	12. maí. f. m.	21. maí.
28. maí. kl. 9. f. m.	. . . .	31. maí. e. m.	3. júní. f. m.	4. júní. e. m.	9. júní.	17. júní. kl. 6. f. m.	18. júní. e. m.	20. júní. f. m.	23. júní. f. m.	. . . .	29. júní.
7. júlí. kl. 9. f. m.	. . . .	10. júlí. e. m.	13. júlí. f. m.	14. júlí. e. m.	19. júlí.	27. júlí. kl. 6. f. m.	28. júlí. e. m.	30. júlí. f. m.	2. águst. f. m.	. . . .	8. ágúst.
16. ágúst. kl. 9. f. m.	. . . .	19. ágúst. e. m.	22. ágúst. f. m.	24. ágúst. f. m.	28. ágúst.	5. septbr. kl. 6. f. m.	6. septbr. e. m.	8. septbr. e. m.	11. septbr. f. m.	. . . .	17. septbr.
27. septbr. kl. 9. f. m	1. oktbr. f. m.	. . . .	2. oktbr. e. m.	. . . .	11. oktbr.	18. oktbr. kl. 8. f. m.	. . . .	21. oktbr. f. m.	. . . .	23. oktbr. f. m.	31. oktbr.
8. nóvbr. kl. 9. f. m.	12. nóvbr. f. m.	. . . .	13. nóvbr. e. m.	. . . .	22. nóvbr.	29. nóvbr. kl. 8. f. m.	. . . .	2. desbr. f. m.	5. desbr. f. m.	. . . .	13. desbr.

Embætta veitingar, nafnbætur o. s. frv. árið 1871.

Staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 9. febrm. 1870, handa síra Hjörleifi Guttormssyni fyrir Tjörn og Upsum í Eyjafjarðarsýslu. 19. jan.

Staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 12. septbrm. 1870, handa síra Hjálmari Þorsteinssyni fyrir Kirkjubæ í Norðurmúlasýslu. s. d.

Kristján Kristjánsson, sýslumaður í Húnavatnssýslu, skipaður amtmaður yfir norður- og austurumdæmi Íslands. 13. apríl.

Magnús Stephensen, cand. juris, skipaður annar assessor og justizsekreteri í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti. s. d.

Norðurmúlasýsla veitt Præben Theodor Emanuel Böving, sýslumanni í Borgarfjarðarsýslu. s. d.

Mýrasýsla veitt cand. juris Eggerti Theodor Jónassen. 22. maí.

Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla veitt cand. juris Skúla Magnússyni. s. d.

Sören Hilmar Steindór Finsen, stiptamtmaður yfir Íslandi, skipaður konungsfulltrúi á alþingi 1871. s. d.

Melstaður í Húnavatnssýslu veittur prófasti, dómkirkjupresti, Ólafi Pálssyni. 23. maí.

Húnavatnssýsla veitt Bjarna Einari Magnússyni, sýslumanni í Vestmannaeyjasýslu. 24. júlí.

Reykjavíkur dómkirkju prestakall veitt cand. theolog. Hallgrími Sveinssyni. 4. septbr.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla veitt Eggerti Theodor Jónassen, sýslumanni í Mýrasýslu. 11. oktbr.

Staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna, dagsett 20. aprílm. 1871, handa cand. theolog. Eggerti Ólafssyni Briem fyrir Höskuldstaða prestakalli í Húnavatnssýslu. 13. oktbr.

1872.

1872. 3. janúar.

1. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um bjarglaun fyrir strandað skip[1].

Í brèfi, dagsettu 30. janúarm. f. á., hefir amtið sent hingað aðalreikning, sem það hefir lagt úrskurð á, viðvíkjandi strandi hins frakkneska fiskiskips *Emilie D. 53* frá Dunkerque, og þar með ávísun til 93 rd. 48 sk., sem er afgangur þess, sem fèkkst fyrir skipið, er það var selt við uppboð, og gekk það alls upp í 1129 rd. 84 sk. Af því er samkvæmt reikningnum varið 389 rd. 92 sk. til að geyma skipið og til uppboðskostnaðar, en þá voru afgangs 739 rd. 88 sk. Eptir að Oddur Gíslason, fulltrúi hinna ensku skipstjórnarmanna, *William King* og *Edward Crew*, sem höfðu bjargað skipinu, hafði krafizt bjarglauna fyrir þeirra hönd, þá hefði amtið átt að skipta þessu fè milli útgjörðarmanna skipsins, og þeirra, sem björguðu því, samkvæmt N. L. 4—4—5, á þann hátt, að útgjörðarmennirnir fengi $^2/_3$ parta eða 493 rd. 27 sk., og hinir síðar nefndu $^1/_3$ part eða 246 rd. 61 sk. Með því nú reikningurinn sýndi, að borgaðir höfðu verið 646 rd. 40 sk. til viðurværis o. s. frv. handa skipstjóra og skipshöfninni, — en þann kostnað verða útgjörðarmenn eða aðrir, sem hlut eiga að máli, að borga, en eigi þeir, sem björguðu — og að 153 rd. 13 sk. væri með svofelldu móti komnir útgjörðarmönnum skipsins í hönd fram yfir það, sem þeir áttu, kom dómsmálastjórnin því til leiðar fyrir tilstilli utanríkisstjórnarinnar, að hlutaðeigendur borguðu aptur þetta fè, og mæltist síðan til við utanríkisstjórnina, að hún sæi um, að það kæmist í rèttar hendur ásamt því, sem framan nefnd ávísun hljóðaði uppá, en hvorttveggja tilsamans

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 189.

eru 246 rd. 61 sk. og bjarglaun nefndra skipstjórnarmanna. Þetta gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það fulltrúa hinna ensku skipstjórnarmanna, er björguðu skipinu á Íslandi. 1872. 3. janúar.

2. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skrásetning og mælingar skipa. 12. janúar.

Aðalskattastjórnin hefir leidt athygli dómsmálastjórnarinnar að því, að stundum væri hagfellt, með því póstgufuskipið lægi hèr svo stuttan tíma við land, að gjörðir og skjöl viðvíkjandi skrásetning íslenzkra skipa, yrði send beint til sín, án þess að dómsmálastjórnin tæki fyrst við þeim. Með því nú má álíta, að með þessu sè og fullnægt því, sem fyrir er mælt í tilsk. handa Íslandi um skrásetning skipa, 25. júní 1869, 10. gr., þar sem aðalskattastjórninni er falið á hendur með konungsúrskurði 31. maí 1870 að standa fyrir skipa-skrásetningum og mælingum á Íslandi, mælumst vèr til, að þèr, herra stiptamtmaður, eptirleiðis sendið tèðar gjörðir beint til aðalskattastjórnarinnar, og skrifist á við hana sjálfa um þessi mál.

3. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk úr læknasjóðnum handa sjúkrahúsinu í Reykjavík[1]. 13. janúar.

Eptir að hingað hafði borizt brèf yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 6. septbrm. f. á., er það allramildilegast samþykkt með úrskurði 8. þ. m., samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, að sjúkrahúsi því, sem stofnað er í Reykjavík, verði framvegis veittur 400 rd. árlegur

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 323.

1872. 13. janúar. styrkur af hinum íslenzka læknasjóði í 5 ár, frá 6. oktbrm. f. á., og að það skuli vera laust við, að gjalda vöxtu af láni því uppá 1000 rd., sem samkvæmt konungsúrskurði 26. febrúarm. 1866 var veitt úr tèðum sjóði, sömuleiðis fyrir 5 ár, frá 11. júní þ. á.

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf.

---

19. janúar. **4. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um brot gegn íslenzkum lögum um verzlun og fiskiveiðar[1].**

Í brèfi 17. nóvbr. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að nokkuð af salti, er lá í húsi nokkru, sem *S. Allenou* frá Frakklandi á í Grundarfirði, hafi fyrir nokkru síðan verið tekið lögtaki, sem veð fyrir ógoldnu lestagjaldi af frakkneskum skipum nokkrum, en salt þetta hafi þegar rýrnað talsvert, og mundi rýrna enn meira, ef það lægi þar lengur, en á hinn bóginn gæti það ekki borgað sig að flytja saltið í annað hús, og hafið þèr því borið upp þá spurningu, hvort amtið skuli gjöra nokkra ráðstöfun til þess að selja saltið.

Útaf þessu mælumst vèr til, að þèr sjáið um, að vörur þessar, sem teknar hafa verið lögtaki, verði seldar við opinbert uppboð svo fljótt sem orðið getur, og væntum vèr að fá skýrslu frá yður um það, þegar að því kemur.

---

22. janúar. **5. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um ráðstafanir til að varna óspektum enskra fiskimanna.**

Dómsmálastjórnin gefur yður (tit.) til vitundar, yður til leiðbeiningar, að utanríkisstjórnin hefir skýrt frá, að verzlunarráðið

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 611.

(*Board of trade*) á Englandi hafi gefið út auglýsingu, og sè þar enskir sjómenn, sem eru við fiskiveiðar í landhelgi við Danmörku (eða þau lönd, sem þar eru í sambandi með), varaðir við að sýna af sèr nokkurn yfirgang, óg þeim hótað hegning bæði eptir dönskum lögum og enskum, og sè í því tilliti vísað til enskra kaupskipalaga 1854, í 267. kapítula (*Merchant Shipping Act* 1854, *section* 267); skal þess jafnframt getið, að tilgangur ensku stjórnarinnar með ráðstöfun þessari sè, eptir skýrslu hins danska sendiherra, einnig sá, að koma því til leiðar, að eigi verði kvartað svo mjög undan háttalagi enskra fiskimanna við strendur Íslands. 1872. 22. janúar.

---

6. Tilskipun um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti. (á Íslenzku og Dönsku). 27. janúar.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti, — en frumvarpið var samhljóða tilskipun til bráðabirgða, er Vèr höfum gefið út 1. dag aprílm f. á. —, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Öðrum yfirdómara og jústizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti, skulu veittir 450 rd. úr hinum íslenzka landssjóði í árleg eptirlaun frá 1. aprílm. f. á.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

1872.
27. janúar.

Ástæður fyrir tilskipun þessari[1].

Fyrir alþingi var lagt frumvarp til tilskipunar um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og justizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti, Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti. Þetta frumvarp, sem var samhljóða tilskipun til bráðabirgða, sem út kom 1. apríl 1871[2], ræddi síðan þingið á lögskipaðan hátt, og skýrði frá áliti sínu um það, eins og hèr skal sagt.

Nefndin, sem þingið fól á hendur að meðhöndla þetta mál, þóttist eigi geta hjá því komizt, að afla sèr fleiri upplýsinga um það, en þeirra, sem fólgnar væri í ástæðum frumvarpsins; hún skoraði þá á hlutaðeiganda sjálfan að láta þinginu í tè allar þær upplýsingar, er hann mætti veita málinu til skýringar. Eptir þeim upplýsingum, sem með þessu móti fengust, virtist þinginu mætti heimfæra kærur þær, sem færðar höfðu verið gegn yfirdómara Benidikt Sveinssyni, undir þrjú höfuðatriði:

1. Að hann hefði eigi hlýðnazt skipun stiptamtsins að flytja bústað sinn frá Elliðavatni að Reykjavík í fardögum 1870.

2. Að hann ætti að hafa valdið ýmsri óreglu við yfirrèttinn, svo sem með því, að hann hefði látið sig vanta í rèttinum á tilteknum tímum, án þess að tilkynna forföll sín í tækan tíma, og að bókfærsla hans sem dómsskrifara í rèttinum hefði ekki verið í rèttu lagi.

3. Að hann ætti að hafa með hegðun sinni utan rèttarins rýrt mannorð sitt og traustið á sèr sem dómara, og allt háttalag hans ætti að hafa komið í bága við hina ábyrgðarmiklu og mikilsvarðandi stöðu hans.

Með því það nú yrði að vera komið undir saknæmi þessara kæru-atriða, hve há, eða hvort nokkur, eptirlaun yfirdómari Benidikt Sveinsson ætti að fá, gat þingið þess um hið fyrsta kæruatriði, að með konungsbrèfi 14. maí 1808 væri dómendum í landsyfirrèttinum veitt leyfi til fyrst um sinn að búa fyrir utan

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 13, 15, 832—834, 859—863 og 911; II., 153—157, 488—507, 527—528 og 616—619.

[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 166.

Reykjavíkurbæ. Samkvæmt þessu hefði þá yfirdómari Benidikt Sveinsson tekið sèr aðsetur á eignarjörð sinni Elliðavatni, sem hann hefði endurbætt og lagt þar í mikinn kostnað; nú hefði þetta leyfi verið tekið aptur með konungsúrskurði 25. júní 1869, og samkvæmt því hefði stiptamtið boðið yfirdómara Benidikt Sveinssyni, að flytja bústað sinn að Reykjavík; eptir þeim upplýsingum, sem fram hefðu komið, hefði yfirdómarinn ekki getað yfirgefið Elliðavatn, nema með stórum skaða sínum, en hvergi sæist, að honum hefði verið gjörður kostur á, enn síður boðið, að bæta honum þennan skaða að einu nè neinu leyti. Hèr lægi því sú spurning fyrir, hvort hann væri skyldur til að taka þennan kostnað uppá sig endurgjaldslaust, þar sem honum væri veitt yfirdómara-embættið með þeim hagsmunum, sem kgsbr. 14. maí 1808 veitti; en þessari spurningu ætlaði þingið sèr eigi bært um úr að leysa. 1872. 27. janúar.

Hvað hið annað kæru-atriði snerti, þá var þingið í vafa um, hvort svo mikið hefði kveðið að þeirri óreglu, sem yfirdómari Benidikt Sveinsson ætti að hafa verið valdur að við yfirrèttinn, eða hvort þær sakir útaf fyrir sig væri þess eðlis, að valda mætti embættistöpun, og að minnsta kosti ætti vottorð málaflutningsmanns Jóns Guðmundssonar, sem helzt lyti að því, að færa rök fyrir, að engin meiri óregla hefði átt sèr stað við yfirdóminn í embættistíð Benidikts Sveinssonar, en um 20—30 ára tímabilið næst á undan, að sanna hið gagnstæða.

Hið þriðja kæru-atriði virtist þinginu svo yfirgripsmikið og óákveðið, að mjög varúðarvert væri, að kveða upp á rökum byggt álit um það; þingið þóttist hafa orðið þess vart af skjölum þeim, sem fram væri lögð í málinu, að hèr hefði komið fram nokkuð einhliða skoðanir, yfirdómara Benidikt Sveinssyni í óhag, og að vart væri á þeim byggjandi, eins og þær lægi fyrir, þar sem nægar sannanir vantaði fyrir því, að þær væri á rökum byggðar. Þingið varð að telja það óheppilegt, að honum eigi hefði verið gefinn kostur á að svara til saka þeirra, er honum voru bornar, áður en honum var vikið frá embætti.

Þar sem þinginu virtist, eins og getið er að framan, að það hlyti að vera komið undir saknæmi þeirra sakargipta, sem yfir-

1872. 27. janúar.

dómara Benidikt Sveinssyni eru bornar, hversu mikil eptirlaun hann ætti að fá, og þar sem hann hefði sjálfur þess utan óskað, að mál þetta yrði rannsakað við dómstólana, rèð þingið til, að frumvarpið eigi yrði að lögum, eins og það nú lægi fyrir; en þar á móti lagði þingið til, að þær sakir, sem hefði verið þess ollandi, að yfirdómara Benidikt Sveinssyni hefði verið vikið frá embætti, yrði lagðar undir rannsókn og úrslit dómstólanna, og að eptirlaun hans yrði fyrst um sinn, og á meðan á málinu stæði, ákveðin eptir þeim reglum, sem gilda um eptirlaun þeirra embættismanna, sem vikið er frá um stundarsakir.

Í álitsskjali sínu gat konungsfulltrúi þess, að upplýsingar þær, sem nefndin hefði útvegað, væri frá Benidikt Sveinssyni sjálfum, en ekki hefði hún fundið ástæðu til, að leita til yfirrèttarins sjálfs eða forseta yfirrèttarins; væri það því vel skiljanlegt, að nefndin hefði ekki getað komizt á neina niðurstöðu um málavöxtu. Konungsfulltrúi gat þess, að þingið hefði ekki álitið þess þurfa, að senda með álitsskjalinu skjöl þau, sem yfirdómari Benidikt Sveinsson sendi nefndinni, enda hefði þingið við umræðurnar um frumvarpið neitað[1] að fylgiskjöl þessi yrði lesin upp[2]. Konungsfulltrúi hèlt því fastlega fram, að það lægi fyrir utan verkahring dómstólanna, bæði að ákveða, hvort ástæða hefði verið

---

[1]) Tíðindi fra alþingi 1871, I., 834. Við ályktarumræðuna var þó samþykkt, að taka fylgiskjöl nefndarálitsins upp í þingtíðindin, sbr. Tíðindi frá alþingi 1871, II., 492—507. Álitsskjal nefndar þeirrar, sem sett var í fólksþinginu, er á Dönsku, og því ekki tekið með.

[2]) Þessi fylgiskjöl, sem talin eru upp í álitsskjali alþingis, eru:

1. Skýrsla frá Benidikt Sveinssyni sjálfum, eða svar uppá hin helztu kæru-atriði, sem komið hafa fram gegn honum.

2. Álitsskjal nefndar þeirrar, sem skipuð var í fólksþinginu 10. janúar 1871, til að rannsaka þetta mál, með mörgum prentuðum fylgiskjölum.

3. Vottorð málaflutningsmanns við yfirrèttinn, Jóns Guðmundssonar.

4. Dómur yfirrèttarins 12. septbr. 1870, með hverjum Benidikt Sveinsson er frífundinn fyrir þeirri 50 rd. fèsekt, sem hann hafði verið dæmdur í við undirrètt fyrir það, að hann átti að hafa tekið rètt sinn sjálfur.

til að víkja yfirdómara Benidikt Sveinssyni frá embætti, og að til- 1872.
taka, hve mikil eptirlaun skyldi veita honum. Konungsfulltrúi lagði 27. janúar.
því til, að frumvarpið yrði óbreytt gjört að lögum, án þess að uppástungur alþingis yrði teknar til greina.

Þareð dómsmálastjórnin varð að vera konungsfulltrúa samdóma í þessu, lagði hún til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði óbreytt gjört að lögum.

---

7. **Auglýsing, er birtir á Íslandi lög, 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, og konunglega auglýsing, 18. nóvbr. 1871, um það, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfanum í fjærvist konungs.** (á Íslenzku og Dönsku). 27. janúar.

Hans hátign konungurinn hefir 11. dag febrúarmánaðar 1871 staðfest svolátandi

Lög

um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi:

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Ef konungur sá, sem að völdum situr, sökum sjúkleika eða fjærvistar getur ekki sjálfur haft ríkisstjórn á hendi, felur hann hana ríkisarfanum á hendur, ef hann er orðinn fulltíða, og sè hann viðstaddur, og sjúkleiki bægi honum ekki; að öðrum kosti skipar konungur ríkisstjóra.

Ef konungur er ekki sjálfur fær um, að gjöra ákvarðanir þær, sem með þarf, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, sem getið er að framan, eða hann ferðast utan, án þess að hafa skipað fyrir um þetta, skal ríkisráðið tafarlaust stefna ríkisþinginu saman.

1872. 27. janúar. Þegar þingið á sameinuðum fundi þá viðurkennir, að nauðsyn beri til þess, tekur ríkisarfi við ríkisstjórn, ef hann er orðinn fulltíða, sè hann viðstaddur, og sjúkleiki bægi honum ekki; að öðrum kosti kýs kið sameinaða ríkisþing ríkisstjóra. Til þess að kosning sè gild, útheimtist, að sá, sem kosinn er, hafi fengið yfir helming atkvæða þeirra, sem greidd eru. Fái enginn svo mörg atkvæði við fyrstu kosning, skal kjósa á ný óbundnum kosningum, og ef þá heldur enginn fær yfir helming atkvæða, skal fram fara bundin kosning milli þeirra tveggja, sem hafa fengið flest atkvæði.

Sè ríkisstjórn, þegar svo á stendur, sem getið er að framan, falin á hendur öðrum, en ríkisarfanum, tekur hann samt við stjórninni, ef þær orsakir, er hafa verið því til fyrirstöðu, að hann tækist stjórnina á hendur, seinna hverfa. Ef ríkisráðið er í nokkrum efa um þetta, skal það tafarlaust stefna saman ríkisþinginu, sem þá sker úr málinu á sameinuðum fundi.

2. grein.

Sè ástæða til að óttast, að ríkisarfi muni eigi verða orðinn fulltíða, þá er konungur andast, eða annara orsaka vegna ekki verða fær um, að taka við ríkisstjórninni þegar í stað, gjörir konungur með samþykki ríkisþingsins ákvörðun um, að ríkisstjóri takist á hendur ríkisstjórn. Deyi konungur, án þess að ákveðið sè um þetta, skal ríkisráðið tafarlaust stefna saman ríkisþinginu, og skal það á sameinuðum fundi kjósa ríkisstjóra, eptir því, sem fyrir er mælt í 1. grein.

3. grein.

Nú deyr konungur, sem ekki er fulltíða, og annar konungur, sem heldur ekki er orðinn fulltíða, kemst til ríkis, og skal þá ríkisstjóri sá, sem í nafni hins látna konungs hefir haft stjórn á hendi, halda henni áfram einnig í nafni hins nýja konungs.

4. grein.

Standi svo á við andlát konungs, að ríkisarfinn sè erlendis, stefnir ríkisráðið ríkisþinginu saman; skal þingið setja frest, nær hann skuli vera kominn heim aptur til þess að taka við stjórninni, og skal það jafnframt ákveða, hvort ríkisráðið ámeðan skuli hafa ríkisstjórn á hendi, eða hvort skipa skuli ríkisstjóra.

1872.
27. janúar.

5. grein.

Ríkisstjóri skal vera prinz, sem er fulltíða og arfgengur til ríkis, eða maður, sem er kominn til lögaldurs, og hefir rètt innborinna manna í Danmörku; svo skal hann einnig vera evangelisk-lúterskrar trúar.

6. grein.

Enginn getur tekið við stjórninni sem ríkisstjóri, nema hann áður hafi svarið eið þann, sem fyrir er mælt um í 7. grein grundvallarlaganna.

7. grein.

Ámeðan ríkisstjóri hefir ríkisstjórn á hendi, gengur hann í stað konungs í stjórnarlegu tilliti. Hann framkvæmir konungs vald, og er ábyrgðarlaus eins og konungurinn; ráðgjafarnir hafa stjórnarábyrgðina.

8. grein.

Ef ríkisstjóri getur ekki eða vill ekki taka við stjórninni, eða hann deyr eða verður ófær til, að hafa stjórnina á hendi, eða hann æskir að fara frá, skal ríkisráðið tafarlaust stefna saman ríkisþinginu, og gjörir það á sameinuðum fundi ákvörðun um kosningu annars ríkisstjóra.

9. grein.

Ríkisráðið skal ávallt hafa stjórn á hendi um stundar sakir, þegar svo stendur á, að ríkisstjóri ekki tekur við henni þegar í stað, eða seinna fer frá.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið á Amalíuhöll, 11. dag febrm. 1871.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

L. gr. Holstein.

Samkvæmt áður greindum lögum hefir hans hátign konungurinn 18. nóvbr. 1871 gefið út svo látandi

1872.
27. janúar.

Konunglega Auglýsing

um það, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs:

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: þareð Vèr höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vèr samkvæmt 1. grein í lögum, 11. febr. þ. á., um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, að ríkisstjórn í fjærvist Vorri sè falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vèr hèrmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign, krónprinz Christian Frederik Vilhelm Carl, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni, frá 21. þ. m. þangað til Vèr komum heim aptur.

Gefið á Amalíuhöll, 18. dag nóvbrm. 1871.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

L. gr. Holstein.

Þetta skal hèrmeð kunngjört öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í fyrirsæti ráðgjafanna 27. dag janúarm. 1872.

L. gr. Holstein.

---

27. janúar. 8. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til fángelsis-stjórnarinnar, um lausn betrunarhússfanga.**

Eptir að hingað hafði borizt brèf fangelsis-stjórnarinnar, dagsett 23. þ. m., er samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar 27. s. m. allramildilegast fallizt á:

að fanganum Jóhannesi Bjarnasyni af Íslandi, sem situr í hegningarhúsinu á *Vridslöselille*, verði gefið svo mikið upp af betrunarhússvinnu þeirri í 5 ár, sem hann var dæmdur í með dómi hæstarèttar 6. nóvbr. 1866 fyrir hrossa- og sauðaþjófnað, að

hann geti komizt af stað til Íslands með fyrstu ferð póstgufuskipsins þangað í vor. 1872. 27. janúar.

Þetta gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

---

9. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um skemmdir á eggvarpi í Grundarfirði[1]. 2. febrúar.

Í bænarskrá nokkurri, sem amtmaðurinn yfir vesturumdæmi Íslands hefir sent hingað, hefir Helgi prestur Sigurðsson að Setbergi innan Snæfellsnessýslu borið sig upp undan því, að frakkneskir fiskimenn hafi gjört óspektir sumarið 1870, og sèrílagi undan því, að skipverjar af skipinu *Marie Desirée*, *S. B. N. 28*, frá *Porteux*, sem skipstjórnarmaður *Giquel* ræður fyrir, hafi skemmt æðarvarpið á eyjunni Melrakkaey í Grundarfirði, sem heyrir tèðu prestakalli til. Með rèttarprófi, sem haldið hefir verið útaf þessu, samkvæmt boði stjórnarráðsins, og sem vèr jafnframt sendum útskript af og staðfesta útleggingu af henni á Dönsku, má og álíta fullsannað, að fimm menn af skipshöfninni á tèðu frakknesku skipi, — en eigandi þess eða útgjörðarmaður er nefndur *Hervé* —, hafi lent báti við eyjuna, og hafi þrír menn gengið á land upp; þar hittu synir prestsins þá, og sáu, að einn þeirra, sem sagður er stýrimaður, hèlt á vandlaup, og voru í honum tveir dauðir æðarfuglar, dauður lundi, 7 æðaregg og æðarfuglahreiður eitt, er í var hèrumbil tvö lóð af hreinum æðardún, og var þessi maður jafnframt að drepa þriðja æðarfuglinn. Prestur metur skaða þann, sem hann hefir orðið fyrir við þetta, á 100 rd., en amtmaðurinn yfir vesturumdæminu hefir í þessu skyni getið þess, að hann álíti 25 rd. nokkurnveginn hæfilegar skaðabætur í þessu tilfelli, jafnvel þó skaðabæturnar verði miðaðar við hinar skaðlegu afleiðingar, sem slíkur óskundi geti haft í för með sèr, en það er útaf þessu tekið fram, að það sè nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að æðarvarp þríf-

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 188.

1872. 2. febrúar. ist, að fuglinn verði ekki með nokkru móti styggður, sèrílagi ámeðan hann verpi og liggi á eggjum, með því álíta megi, að allur ófriður hræði fuglinn burt, og gjöri að verkum, að hann komi ekki aptur á sama stað.

Útaf þessu mælumst vèr til, að utanríkisstjórnin góðfúslega láti í tè aðstoð sína til þess, að þeim, sem ætla má að hafi haft í frammi þessi spillvirki, verði hegnt fyrir, og skal þess jafnframt farið á leit, að þess verði krafizt, að sá eða þeir, sem verða uppvísir að þessu, verði hver um sig dæmdir í 5 rd. sekt, samkvæmt tilskipun um veiði á Íslandi 20. júní 1849, og að auki skyldaðir til að greiða hæfilegar skaðabætur.

---

12. febrúar. **10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um endurgjald alþingiskostnaðar.**

Útaf spurningu þeirri, sem þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi, dagsettu 6. nóvbrm. f. á., hafið borið upp, hvort það, sem enn ekki var búið að jafna niður 31. marzm. f. á. af alþingiskostnaði þeim, sem greiddur hafði verið fyrirfram úr ríkissjóðnum, en það var 421 rd. 3 sk., skuli renna í ríkissjóðinn, eða falla til hins íslenzka landssjóðs, gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hefir beinlínis tekið það fram við umræður þær, sem fram fóru milli hennar og nefndar þeirrar, sem sett var í fólksþinginu, áður en lögin um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, komu út, að eptirstöðvar af íslenzkum tekjum, sem taldar höfðu verið í fjárhagslögum fyrir 1870—71 eða fyrri fjárhagsár, skyldi renna í hinn almenna ríkissjóð, án tillits til þess, hvenær þær í rauninni yrði goldnar, og að þetta yrði einnig að gilda um það fè, sem kæmi svo sem endurgjald fyrir það, sem goldið hefði verið fyrirfram úr ríkissjóðnum, til kostnaðar bæði við fyrri alþing og þá sèrílagi við alþing 1869. Sökum þessa getur það ekki komið til álita gagnvart ríkissjóðnum, að fè því, sem hèr er verið að ræða um, hafi ekki verið jafnað niður í tækan tíma, og verður því að telja með tekjum

ríkissjóðsins 421 rd. 3 sk. af því, sem þèr jafnið niður fyrir árið 1871. 1872. 12. febrúar.

11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um póstskipsferðir til Vestmannaeyja. 12. febrúar,

Með brèfi, dagsettu 19. júlím. f. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, sem alþing 1871 [1] hafði vísað til yfirvaldanna, og þar sem 25 Vestmannaeyingar hafa sókt um, að verði reynt til, sökum þess, hvað eyjarnar liggja afskekktar, að koma því til leiðar, að skipstjórnarmanninum á hinu íslenzka póstgufuskipi verði gjört að skyldu að koma þar við eyjarnar á öllum ferðum sínum til og frá Reykjavík, enda þótt það hefði nokkrar tafir í för með sèr, svo framarlega sem skipinu þar við ekki væri nein hætta búin. Eptir að dómsmálastjórnin hafði skrifazt á við fjárstjórnina útaf þessu, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að tèð stjórnarráð eptir skýrslum þeim, sem hún hefir fengið um þetta efni, og sèrílagi samkvæmt álitsskjali frá herskipsforingja Lütken, sem eptirrit fylgir af [2], sèr sèr eigi fært, að bjóða póstskipstjóranum, að koma optar við á Vestmannaeyjum, en honum hingað til hefir verið gjört að skyldu, sem er, að hann staldri við þar, þegar kringumstæðurnar leyfi það. Við sama tækifæri hefir fjárstjórnin ennfremur getið þess, að eigi var komið við á Vestmannaeyjum á fyrstu ferð póstgufuskipsins, með því ekki stóð svo á, að skipið bæri þar að á

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, II., 220—221.

[2]) Í þessu álitsskjali er tilfært þrennt, sem gjörir það að verkum, að eigi sè hægt að koma við á Vestmannaeyjum á ákveðnum tímum; fyrst það, að eyjarnar liggi í opnu hafi, svo við geti borið að eigi verði komizt út í gufuskipið af landi; svo það, að veður geti verið svo dimmt, að skipstjóri verði að halda til hafs, og að endingu geti svo staðið á, að skipið beri að þegar rökkur er á fallið; samt mætti að nokkru leyti bæta úr þessu með því, að setja vitaljósker á hentugan stað, sem sæist í tveggja mílna fjarlægð, og skyldi vera kveikt á hverri nóttu, þangað til víst væri, að póstgufuskipið væri komið hjá.

1872. 12. febrúar. björtum degi hvorki á leiðinni til Íslands eða þaðan aptur, en á hinum næstu fjórum ferðum 1871 var komið við á eyjunum, tvisvar í þoku og einusinni eptir að dimmt var orðið, og er þess jafnframt getið, að það flýti fyrir ferðinni, með því eyjarnar eru í beinni leið skipsins, að leggja þar að, þegar kringumstæðurnar leyfa það.

---

12. febrúar. **12. Tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Svo fljótt sem því verður við komið, skal stofna einn eða fleiri búnaðarskóla í hverju amti á Íslandi, sem skulu vera til fyrirmyndar um landbústjórn, jarðyrkju og fjárrækt; þar skulu og ungir menn eiga kost á að öðlast bæði þá verklegu og bóklegu menntun, sem nauðsyn er á, í þeim greinum, sem nefndar voru.

2. grein.

Dómsmálastjórnin skal gjöra hinar nákvæmari ákvarðanir um fyrirkomulag skólanna og stjórn þeirra, eptir að hún um það efni er búin að bera sig saman við amtmann þann, sem í hlut á. Þegar amtmaður býr til uppástungur þær um þetta efni, sem þörf er á, skal hann kveðja sèr til ráðaneytis tvo þjóðkjörna alþingismenn, jarðyrkjufróðan mann og reyndan og hygginn bónda.

3. grein.

Til þess að borga með kostnaðinn við skóla þá, sem kunna að verða stofnaðir samkvæmt þessari tilskipun, má á ári hverju fyrst um sinn jafna niður á allar jarðir í hverju amti í mesta lagi $1^1/_2$ skilding á hvert jarðarhundrað eptir hinni nýju jarðabók.

4. grein. 1872.

Gjald þetta skal ábúandi jarðarinnar greiða, og skal sýslu- 12. febrúar.
maður heimta það á manntalsþingum hvert ár. Dómsmálastjórnin ákveður, hvenær fara eigi að heimta gjaldið í hverju amti.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu.[1]

Fyrir alþingi 1863[2] var lagt frumvarp til tilskipunar, um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, en með því stjórnin, eins og þá var háttað fjárhagnum, sá sèr eigi fært, að fá samþykki ríkisþingsins til þeirrar fjárveitingar, sem með þurfti, varð að fresta að koma málinu lengra áleiðis fyrst um sinn (sbr. konunglega auglýsing til alþingis 31. maí 1867)[3]. Með því nú þessar tálmanir eru horfnar, eptir að lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, eru útgengin, og svo fyrir þá sök, að bænarskrá kom frá alþingi 1869[4] um styrk til að stofna fyrirmyndarbú í Húnavatnssýslu, var lagt fyrir alþingi 1871 á ný frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi; þingið ræddi síðan frumvarpið á lögboðinn hátt, og lèt uppi álit sitt um það, eins og nú skal sagt.

Þingið áleit það rèttara og hagfelldara, að setja orðið „landsstjórn" í staðinn fyrir „domsmálastjórn" í 2. grein; annara efnisbreytinga rèð þingið ekki til, en stakk uppá nokkrum breytingum á orðfæri og orðaskipun.

Konungsfulltrúi gat þess í álitsskjali sínu, að sèr virtist ekki neitt vera því til fyrirstöðu, að landsstjórninni eða landshöfðingja yrði falið á hendur, að hafa umsjón á stofnun skólanna, o. s. frv., þegar sú stjórnarskipun kæmist á, en ef það yrði ekki bráðlega, mundi það samt vera ósk alþingis, að því yrði ekki

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 10, 12, 266—282, 311—324, 512; II., 147—149, 252—255, 265—266 og 323—325.

[2]) Tíðindi frá alþingi 1863, I., 53—56.

[3]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 427.

[4]) Tíðindi frá alþingi 1869, II., 309—310.

1872. 12. febrúar. frestað, að láta tilskipunina koma út, þangað til þessi breyting á landsstjórninni yrði gjörð, og að 2. grein frumvarps stjórnarinnar þá hèldist óbreytt.

Að áliti konungsfulltrúa mundi gjald það, sem stungið er uppá í 3. grein, reyndar nægja til þess að halda skólunum við, en ekki vera nægilegt til þess að koma þeim á fót, og konungsfulltrúa virðist því hagfellt, að heimta saman gjaldið nokkrum árum áður en skólarnir yrði stofnaðir, en með þessu móti mætti safna í sjóð til þessa, sem amtmennirnir, eða þá amtsráðin, ef frumvarp það um sveitastjórn á Íslandi, sem lagt væri fyrir alþingi, yrði að lögum, skyldi hafa umsjón yfir; konungsfulltrúi lagði því til, að tilskipunin kæmi út svo tímanlega, að hún yrði birt á manntalsþingum á þessu ári, svo gjaldið yrði heimtað í öllum ömtum á árinu 1873.

Stjórnarráðið gat ekki fundið næga ástæðu til að taka breytingu þá til greina, sem alþing hafði stungið uppá við 2. grein frumvarpsins, vegna þess að hægt væri, þegar að því kæmi og það virtist hagfellt, að láta landsstjórnina taka við valdi því, sem dómsmálastjórninni nú væri falið á hendur í þessu tilliti; stjórnarráðið var samdóma konungsfulltrúa í því, að það væri hagfellt, að tilskipunin kæmi út sem fyrst.

Eptir að stjórnarráðið hafði gjört þá lítilvægu efnisbreytingu á 3. grein frumvarpsins, að setja í stað orðanna „kostnaðinn við búnaðarskóla hvers amts" orðin: „kostnaðinn við skóla þá, sem kunna að verða stofnaðir samkvæmt þessari tilskipun«, jafnframt og ýmsar þær breytingar á orðfæri, sem alþingi hafði ráðið til, voru teknar til greina, lagði það til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum.

---

12. febrúar. **Tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl.** (á Íslenzku og Dönsku) [1].

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors

[1]) Þessi tilskipun er einnig utlögð á Ensku og Frakknesku.

trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt til tilskipunar, sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilsk. 13. júní 1787, 1. kap., og fl., bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið: 1872. 12. febrúar.

1. grein.

Ef útlendir fiskimenn hafa við nokkra fiskiveiði fyrir ströndum Íslands innan þeirra takmarka á sjó, þar sem landhelgi er, einsog þau eru ákveðin í hinum almenna þjóðarètti, eða kunna að verða sett fyrir Ísland með sèrstaklegum samningum við aðrar þjóðir, skulu þeir sæta 10—200 rd. sektum.

2. grein.

Sama hegning liggur við, ef útlendir fiskimenn flytja afla sinn í land, hvort sem það er uppá sjálfa ströndina, eða í eyjar og hólma við strendurnar, til þess að verka hann þar. Bíði nokkur tjón af þessu, skal þar að auki bæta skaðann samkvæmt hinum almennu grundvallarreglum laganna.

3. grein.

Þegar útlendir fiskimenn leita hafnar í neyð sinni, skal það tafarlaust tilkynnt yfirvaldinu þar á staðnum, og skal yfirvaldið hafa umsjón með, að ekki sè með þessu farið kringum verzlunarlögin eða skattalögin, nè brotið gegn þeim. Sè leitað á höfn til þess að fá læknishjálp við sótt, sem komin er upp meðal skipverja, skal farið eptir sóttvarnar-tilskipununum.

Fyrir að skoða skjöl skipsins og rita á þau, skal borga yfirvaldi því, sem í hlut á, 4 sk. af hverjum ton af rúmmáli skipsins, og að auki helming þessa gjalds, ef sá, sem hefir umboð sýslumanns, ritar á skjölin samkvæmt opnu brèfi 28. desbr. 1836, 9. gr.

Brot gegn því, sem fyrir er mælt í þessari grein, skulu varða jafnmiklum sektum, og settar eru í 1. grein.

4. grein.

Á þeim stöðum, sem nú skulu taldir: Reykjavík, Vestmannaeyjum, Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri og Eskifirði, skal [illegible]eigandi amtmaður hafa heimild til þess, að láta lögreglustjórann leyfa útlendum fiskimönnum, án þess að þeir greiði lestagjald, ef þeir borga þóknun til fátækra á staðnum allt að 50 rd., að leggja

1872. 12. febrúar.

upp þá hluti, er þeir hafa til atvinnu sinnar, og þeim þykir ekki ástæða til að flytja heim milli tveggja ferða, sem farnar verða hvor á fætur annari, með því skilyrði, að þeir, sem í hlut eiga, gangist undir að hlýða þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóra þykir þurfa til tryggingar því, að þeir hlutir, sem upp eru lagðir, sè ekki hafðir til verzlunar, nè brugðið sè út af leyfinu á annan hátt. Brjóti sá, sem vörurnar hefir lagt upp, gegn því, sem skipað er fyrir í þessu tilliti, skal hann sæta 10—200 rd. sektum, og ef verzlað hefir verið með vörurnar, skal á eptir greiða lestagjald, samkvæmt lögum 15. apríl 1854, af því eða þeim skipum, sem vörunum hefir verið skipað upp úr. Vörur þær, sem lagðar eru upp, skulu vera að veði fyrir sektum og gjaldi, og þegar ekki er borgað á annan hátt, hefir hlutaðeigandi yfirvald heimild til, að selja svo mikið af þeim, sem með þarf til þess að fá upphæðina borgaða.

5. grein.

Hver sá, sem hefir útgjörð til fiskiveiða á Íslandi, hvort sem það eru einstakir menn, eða félög, innlend eða útlend, er hafa þar hús, skal greiða sama lestagjald, og ákveðið er í lögum 15. apríl 1854, af þeim skipum, sem þeir flytja á afla sinn frá Íslandi, sem er verkaður þar.

6. grein.

Með mál útaf afbrotum þeim, sem getið er um í þessari tilskipun, skal fara sem opinber lögreglumál. Sektir þær, sem mælt er fyrir um, skulu renna í hinn íslenzka landssjóð.

7. grein.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. júlím. 1872.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu [1].

Utanríkisstjórnin hafði leitað álits dómsmálastjórnarinnar um bréf, er komið hafði frá sendiherra frakknesku stjórnarinnar í

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 9, 12, 105—117, 138—150, 473 og 512; II., 116—122, 216—219, 223—226 og 317—319.

Kaupmannahöfn, og þar sem þess var farið á leit, að almennt leyfi fengist fyrir formenn frakkneskra skipa, sem fiska kringum strendur Íslands, án lestagjalds að flytja í land til geymslu á vissum stöðum hluti, sem þeir hafa til fiskiveiðanna, og þeim ekki þykir ástæða til að flytja heim milli tveggja ferða, en þó með því skilyrði, að ekki sè verzlað með slíka muni. Þegar dómsmálastjórnin hafði fengið álit amtmannanna á Íslandi, kom það til yfirvegunar, hvort ekki kynni að vera ástæða til, að rýmka við þeirra ráðstafana, sem þurfa kynni að gjöra útaf því, sem frakkneska stjórnin bað um. Þareð því ekki verður neitað, að í lögum þeim, sem nú gilda um fiskiveiðar við strendur Íslands, eru margar ákvarðanir um hluttöku útlendra manna í veiðum þessum, sem eru úreltar og örðugt að gæta, virtist stjórninni rètt að vekja máls á því, hvort ekki mundi ástæða til að reyna að koma þessu og öðru, sem þar að lýtur, í betra og haganlegra horf með lögum. Stjórnin bauð því stiptamtmanninum yfir Íslandi, að segja álit sitt um málið, og gaf honum myndugleika til að setja nefnd til að íhuga það í heild sinni og sèrstaklega það atriði, sem risið var af beiðni frakkneska sendiherrans. Samkvæmt þessu setti stiptamtmaður nefnd, til þess að íhuga málið og semja frumvarp til laga um það; á frumvarpi því, sem nefndin síðan bjó til um fiskiveiðar við Ísland, var svo byggt frumvarp það til tilskipunar, sem inni hefir að halda nokkrar breytingar á tilsk. 13. júní 1787, I. Kap., og fl., sem lagt var fyrir alþingi 1871; þetta frumvarp ræddi síðan þingið á lögboðinn hátt, og lèt uppi álit sitt um það, eins og hèr skal skýrt frá.

1872. 12. febrúar.

Þó að þinginu yfirhöfuð virtist frumvarpið hafa inni að halda verulega umbót á því rèttarástandi, sem nú væri í gildi um þetta efni, þótti því samt 1. grein frumvarpsins viðvíkjandi takmörkum landhelginnar óþörf, ef ekki væri um annað að ræða, en þau takmörk, sem hinn almenni þjóðarèttur í þessu efni ákvæði, þar aldrei mundi hætt við, að hann lyti lægra, en landslögin, og næg trygging væri bæði í þeim og lögum útlendra þjóða fyrir, að þeim yrði hegnt, sem uppvísir yrði að brotum gegn þjóðarèttinum, en ófullkomin og ef til vildi ótímabær, ef um þau takmörk landhelginnar væri að tala, sem sèrstaklegir samningar við aðrar

1872. 12. febrúar.

þjóðir kynni síðarmeir að áskilja Íslands vegna; því meðan verið væri að búa til slíka samninga, virtist hagfelldara og enda samkvæmara þeirri venju, sem í þessu tilliti væri hin almenna hjá öllum þjóðum, að geta þeirra sem varlegast opinberlega, eins og það líka þótti þýðingarlítil lagaákvörðun, að miða landhelgina við þær ákvarðanir, sem kynni að verða, en til þessa ekki væri orðnar einskorðaðar. Af þessari orsök rèð þingið til, að láta 1. grein frumvarpsins alveg falla burtu.

Í 2. grein frumvarpsins virtist þinginu nauðsynlegt að bæta inn ákvörðun um þá hegningu, sem við skyldi liggja, ef útlendir fiskimenn færi upp í eyjar og hólma við strendurnar, til þess að skjóta þar eða veiða sel eða fugl, eða taka þar egg eða dún, eða gjöra þar aðrar skemmdir, því þó að veiðilögin 20. júní 1849 að sumu leyti næði til þvílíkra afbrota, þá væri það hvorttveggja, að þau gripi ekki yfir öll þau tilfelli, sem hèr væri verið að ræða um, enda þætti nauðsynlegt, að brýna sem optast og þá einnig við þetta tækifæri fyrir útlendum, hvað við þvílíkum gripdeildum lægi. Þingið rèð því til, að 2. grein frumvarpsins, sem nú yrði 1. grein tilskipunarinnar, skyldi orða á þessa leið:

„Það skal varða 10—200 rd. sektum, ef útlendir fiskimenn flytja afla sinn á land, hvort sem það er upp á sjálfa ströndina, eða í eyjar og hólma við strendurnar, til þess að verka hann þar, eða skjóta þar eða veiða sel eða fugl, eða taka þar egg eða dún, eða gjöra þar aðrar skemmdir. Bíði nokkur tjón af þessu, skal að auki bæta skaðann, samkvæmt hinum almennu grundvallarreglum laganna".

Í 3. grein frumvarpsins stakk þingið uppá nokkrum breytingum:

1. að „hlutaðeigandi yfirvaldi" verði sett í staðinn fyrir „yfirvaldinu þar á staðnum",

2. að í staðinn fyrir síðustu orðin í fyrri lið greinarinnar: „skal farið eptir hinum gildandi sóttvarnartilskipunum", verði sett: „skal farið eptir þeim sóttvarnartilskipunum, sem nú eru hèr gildandi, eður framvegis verða settar", og

3. að í stað orðanna „og 50% að auki" verði sett „og að auki helming þess gjalds, ef sá", o. s. frv.

Í 4. grein frumvarpsins gjörði þingið þær orðabreytingar, að orðið „sumsè" verði fellt úr, og að í stað orðanna „skipað er fyrir" komi „skipað verður fyrir". 1872. 12. febrúar.

Í álitsskjali sínu lýsti konungsfulltrúi því yfir, að hann yrði að ráða frá því, að 1. grein yrði felld úr, þar sem svo skýrt væri tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu [1], hve nauðsynlegt og hagfellt væri, að ákvarðanir yrði settar um þetta málefni; en þar er tekið fram, að þegar bannið móti fiskiveiðum útlendra við Ísland væri svo orðað, nefnilega, að landhelgin einmitt væri miðuð við almennar þjóðarèttarreglur, eða við sèrstaka þjóðsamninga, sem heppnast kynni að semja fyrir hönd Íslands, væri ekki loku skotið fyrir neitt í þessu máli, og engin ástæða fyrir framandi þjóðir að snúast andvígar ámóti lagaboði þessu; þar að auki væri mjög áríðandi, að fá aðrar ákvarðanir, sem yrði fullkomlega framkvæmdar, og væri ekki dauður bókstafur, í stað þeirra, sem væri í gildi um fiskiveiðar útlendra við Ísland í landhelgi (samanbr. tilsk. 13. júní 1787, I., 4. gr.), en þar væri settar svo harðar hegningar (skip upptæk og farmur), að það hefði verið nauðsynlegt, ekki að eins að sjá í gegnum fingur með afbrotum gegn þeim, heldur einnig hreint og beint að sleppa að beita þeim.

Konungsfulltrúa fannst ekki vera nein nauðsyn á að bæta inn í 2. grein frumvarpsins ákvörðun þeirri, sem alþing hafði stungið uppá, með því fyrir mælt væri um það atriði í tilsk. 20. júní 1849, enda ætti það naumast við í lagaboði því, sem hèr væri um að ræða; á hinn bóginn kynni það að vera hagfellt, að taka þessa uppástungu alþingis til greina, með því þá væri sagt fyrir á einum stað um allt það, sem útlendir fiskimenn skyldi gæta, og kæmi það í góðar þarfir, þegar tilskipunin yrði útlögð á Frakknesku og Ensku, og henni útbýtt meðal allra sjómanna, er hefði við fiskiveiði við Ísland; orðabreytingar þær, sem alþing hefði ráðið til við 3. grein, fannst honum vera óþarfar.

Dómsmálastjórnin varð fyrir sitt leyti að álíta, að með því 1. grein frumvarpsins væri aðalákvörðunin, þarsem með henni yrði

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, II., 119.

1872. 12. febrúar. sett lagaboð, sem hægt væri að framfylgja, í stað hinna úreltu laga, sem nú væri í gildi um fiskiveiðar útlendra við Ísland, gæti það ekki orðið umtals mál, að fara eptir uppástungu alþingis um að sleppa greininni. Stjórnarráðið gat heldur ekki fallizt á þá breytingu, sem alþing hafði stungið uppá við 2. grein frumvarpsins; því þó ástæða væri til, at láta sèrstaklega harðari hegning liggja við afbrotum útlendra fiskimanna í þeim tilfellum, sem viðbætir sá, er alþing hefði stungið upp á, næði til, en þegar innlendir menn ætti í hlut, þá væri, hvernig sem á stæði, þessi ákvörðun of almenn og snerti of ýmisleg tilfelli, til þess hegningu þeirri, sem fyrir væri mælt um í 1. grein, yrði komið við; enda væri ekki með því girt fyrir öll lagabrot af hálfu útlendra, nema því að eins að orðin, „eða gjöra þar aðrar skemmdir", yrði tekin í langtum víðari merkingu, en sanngjarnt væri.

Að því leyti, er snerti breytingar þær við 3. grein frumvarpsins, sem alþing hafði stungið uppá, þótti ekki vera nein ástæða til að fallast á uppástungu þá, sem nefnd er í 1. staflið að framan; hinar tvær breytingarnar tók stjórnarráðið aptur á móti til greina, og fannst því breytingu þeirri, sem nefnd er í 2. staflið, bezt við komið með því móti, að setja „sóttvarnar-tilskipununum" í staðinn fyrir „hinum gildandi sóttvarnar-tilskipunum".

Af breytingunum við 4. grein frumvarpsins var önnur tekin til greina, en hin ekki.

Að endingu fannst stjórnarráðinu bezt við eiga, að kalla lagaboðið „tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og fl."

Eptir að búið var að gjöra breytingar á frumvarpinu samkvæmt því, sem sagt er, lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að það yrði gjört að lögum.

---

12. febrúar. **14. Tilskipun fyrir Ísland, um síldar- og upsaveiði með nót.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors

trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar fyrir Ísland um síldarveiði með nót, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið: 1872. 12. febrúar.

1. grein.

Sèrhverjum þeim, sem heimilt er að fiska í landhelgi, skal leyft, að króa af síld eða upsa með nót upp að landi annars manns, og draga veiðina þar á land; svo má hann og setja þar báta, næturog önnur veiðarfæri á land upp til aðgjörðar og þerris, og salta þar niður aflann; en gjalda skal hann fyrir allt þetta landshlut, 4 af hundraði af veiðinni.

2. grein.

Gjöri nótarmenn með þessu skaða á túni, engjum eða haga, eða á friðlýstu æðarvarpi eða selalögnum, eða það verði almennum afnotum landeignarinnar til fyrirstöðu, skulu fyrir það koma sanngjarnar skaðabætur, sem óvilhallir menn, er rètturinn nefnir þar til, skulu meta, ef mönnum kemur ekki saman.

3. grein.

Landshlutur fellur undir ábúanda þeirrar jarðar, þar sem gjalda skal landshlut, þótt eigi sè hann eigandi jarðarinnar, nema öðruvísi sè um samið milli hans og landsdrottins.

4. grein.

Hafi fleiri en einn tilkall til landshlutar af landi, þar sem landshlut skal greiða, er nótarformanninum heimilt að borga landshlut allan og skaðabætur fyrir skemmdir, sem kunna að hafa orðið á landeigninni, til einhvers þeirra, nema umboðsmaður gefi sig fram af hendi allra hinna, sem hlut eiga að máli.

5. grein.

Þegar nót er upp dregin, er formaður skyldur til, áður en nótarmenn fara burt, að segja til veiðarinnar þeim, sem eptir næstu grein á undan á hlut að máli, og svo framarlega sem mönnum ekki hefir komið saman um annað, skal þá þegar gjalda landshlut með þeim parti af veiðinni, sem lögákveðinn er, og í því, sem veiðzt hefir. Sè ekki farið eptir ákvörðun þessari, eða ef rangt er sagt til veiðarinnar, skal landshlutur goldinn tvöfalt. Sè rangt sagt til veiðarinnar í sviksamlegum tilgangi, kemur það þar að auk undir hin almennu hegningarlög.

1872.
12. febrúar.

6. grein.

Bátar, veiðarfæri og afli nóteigenda skulu standa í veði fyrir landshlut og skaðabótum eptir 2. grein.

7. grein.

Sè nót lögð á helgidegi, og síld eða upsi króaður inni, skal gjalda 2—50 rd. þóknun til fátækrasjóðs hreppsins, eptir því hvernig drættinum er varið og ákvörðun sýslumanns. Þessa þóknun má taka lögtaki.

8. grein.

Þar sem nót er lögð, má, eptir að búið er að gefa út streng og byrjað á lagningunni, og þessu er haldið áfram án þess óvanaleg töf eigi sèr stað, engin veiðarfæri leggja niður á því sviði, sem ætlazt má á að nótin lyki fyrir.

Sè net áður útlögð, sem eru því til fyrirstöðu að nótin verði dregin og fest, hefir formaðar nótarinnar rètt til að taka þau upp ellegar að draga nótina í land, og, ef til vill, hin útlögðu net með, ef hann bætir eiganda skaða og veiðispjöll.

Nú èr nót fest, og liggur yfir veiðarfærum, þá má þau eigi upp taka án samþykkis nótarformanns. Þar á móti skal nóteigandi, þegar svo á stendur, annaðhvort skila veiðarfærunum jafngóðum, áður 12 stundir líði, eða bæta þau með öðrum nýjum og óaðfinnanlegum, eða borga þau í peningum tvennu verði. Auk þessa skal eiganda bætt veiðispjöll eptir því, sem almennt aflast dægur hvert, unz goldið er.

Net, sem liggja á sviði því, sem nótin lykur fyrir, má formaður nótarinnar taka upp að ósekju, en borgi veiðispjöll.

9. grein.

Siti fleiri en einir nótarmenn fyrir síld eða upsa, hafa þeir rètt til nótlagnar, sem fyrst hafa gefið út nótstrenginn og byrjað að leggja nótina, og sè þessu haldið áfram tafarlaust svo sem verður, mega engir hinna tálma þessu.

Nú hafa tvennir nótarmenn byrjað að leggja út nót samstundis og aðrir innar, þá skulu þeir, ef síld eða upsi er í báðum nótum og ytri nótin ekki getur bjargað afla sínum, áður en sú innri er upp tekin, hafa drátt í sameiningu, og skal hlutur

hvorra fyrir sig ákveðinn eptir áætlun, ef þeir hafa ekki komið sèr öðruvísi saman. 1872. 12. febrúar.

Nú leggja tvennir nótarmenn samstundis, og hvorir í móti öðrum, og draga hvorugir nótina í land til sinnar hliðar, þá skulu þeir hafa drátt í sameiningu, og skipta til helminga.

10. grein.

Nót, sem engin veiði er í, skal strax upp tekin, ef eigandi nótar, sem utar liggur, og veiði er í, krefst þess.

Nóteigandi, sem hefir nót lagða þannig, að öðrum er meinað að leggja nætur sínar, eða draga þær á land, skal skyldur til, þegar þess er krafizt, að draga fram nót sína eða flytja festar og vörp svo mikið sem verður, án þess að skaða afla sinn.

11. grein.

Hver sá, er á nokkurn hátt reynir að tálma nótveiði, og eins hver sá, er með ásettu ráði skemmir nót, sem er lögð út og fest, eða spillir veiðinni að öllu eða nokkru leyti, skal sæta hegningu eptir tilskipun þessari, að því leyti sem þyngri hegning ekki liggur við verki hans eptir hinum almennu hegningarlögum.

12. grein.

Fyrir brot gegn ákvörðununum í 8. til 11. grein skulu koma sektir, frá 5 til 200 rd. Sektirnar renna í landssjóð.

13. grein.

Með sektamál eptir tilskipun þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Sök skal niðurfalla, þegar hlutaðeigandi við birtingu stefnunnar undirgengst að borga sekt þá, sem dómarinn hefir stungið uppá í stefnunni innan takmarka þeirra, sem nefnd eru í 12. grein, og greiðir sekt þessa og málskostnað að auki, áður 3 sólarhringar líði.

Gjörð þessa skal dómari bóka í dómabókina svo fljótt sem verður, um leið og stefnan er lögð fram.

14. grein.

Um sakarfyrning skal farið eptir því, sem fyrir er mælt í 67. grein í hinum almennu hegningarlögum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

1872.
12. febrúar.

Ástæður fyrir lagaboði þessu[1].

Sökum þess, að nú um hin síðustu ár hefir verið byrjað að stunda síldarveiði með stórfenglegra móti en áður, einkum við strendur Norðurmúlasýslu, og sýslumaðurinn þar hafði borið upp fyrirspurn um landshlut, þegar síld er króuð af með nótum upp að landi, og svo af því, að „hið danska fiskifélag" hafði farið þess á leit, að settar yrði reglur um síldarveiði á Íslandi, lèt stjórnin búa til frumvarp til tilskipunar fyrir Ísland um síldarveiði með nót, sem lagt var fyrir alþingi 1871; þingið ræddi síðan frumvarp þetta á lögskipaðan hátt, og lèt uppi álit sitt um það á þessa leið.

Þingið viðurkenndi, að það væri æskilegt, að lög yrði sett um efni það, sem hèr ræðir um, og með því þingið einnig áleit, að frumvarpið yfir höfuð að tala væri aðgengilegt, fann það ekki ástæðu til að gjöra neinar verulegar breytingar á því, nema hvað þingið áleit nauðsynlegt, að þessi lög næði einnig til upsaveiðarinnar á Íslandi, sem víða mætti hafa mikil not af, yrði hún fljótt og vel notuð, og sem væri mjög áþekk síldarveiðinni. Að öðru leyti rèð þingið til, að ýmsar smábreytingar á sumum greinum frumvarpsins og orðfærinu yrði gjörðar, og skal þeirra hèr getið.

Með því landshlutur sá, sem ræðir um í 1. grein frumvarpsins, væri borgun bæði fyrir að draga veiðina á land, og jafnframt hitt, að setja á land báta, nætur og veiðarfæri, og að salta þar síldina, virtist þinginu eiga betur við, að tengja 1. og 2. málsgrein nánara saman, hækka landshlutinn um helming, og setja ákvörðunina um hann seinast í greinina, þegar það allt væri talið, sem hann er borgun fyrir; eins áleit þingið það nauðsynlegt, að girða fyrir það með berum orðum í greininni, að síldar eða upsaveiðin ekki gæti riðið í bága við friðlýst æðarvarp, selalátur eða selalagnir. Ennfremur breytti þingið orðinu „landhlutur" í „landshlutur", og orðaskipuninni „ef hann geldur" í: „þar sem landshlutur er goldinn". Samkvæmt þessu yrði þá 1. grein svo hljóðandi:

---

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 9, 50, 151—161, 234—245 og 780, II., 123—129, 226—229, 244—247 og 478—484.

„Sérhverjum þeim, sem heimilt er að fiska í landhelgi, skal leyft, þar sem eigi er til skaða fyrir friðlýst æðarvörp, selalagnir eða selalátur, að króa af síld eður upsa með nót upp að landi annars manns, og draga þar veiðina á land; svo má hann og setja þar báta, nætur og önnur veiðarfæri á land upp til aðgjörðar og þerris, og salta þar niður síldina, en gjalda skal hann landshlut 6 af hundraði af veiðinni". 1872. 12. febrúar.

Í 2. grein stakk þingið uppá nokkrum orðabreytingum, og uppá því, að orðin: „þeir skulu og kveða á um — — — — landsdrottinn eða leiguliða" falli burt í enda greinarinnar, með því eigi yrði sèð, að hèr gæti orðið að ræða um slík jarðspjöll, er jarðeigandi ætti bætur fyrir, þegar hann ekki byggi sjálfur á jörðunni, en á hinn bóginn gæti þessi ákvörðun hæglega valdið óþörfum ágreiningi.

Þinginu virtist það rèttast, að 3. grein yrði sniðin eptir grundvallarreglu Jónsbókar um leiguliða-afnot á jörðu yfirhöfuð, svo að leiguliði fengi landshlut allan og skaðabætur, nema öðruvísi væri um samið við landsdrottinn. Samkvæmt þessu yrði greinin svo látandi:

„Sá, sem á jörðu býr, tekur landshlut allan og skaðabætur, nema leiguliði sè, og öðruvísi sè um samið við landsdrottinn".

Þingið lagði það til, að 4. grein yrði orðuð á þessa leið:

„Nú eru fleiri búendur á jörðu en einn, og fellur þá landshlutur og skaðabætur fyrir skemmdir á óskiptu landi undir þá eptir jarðarmegni, en heimilt skal formanni að greiða landshlut allan og sameiginlegar skaðabætur til einshvers þeirra, nema umboðsmaður gefi sig fram af hendi sambýlismanna", sèr í lagi til þess að gjöra það hægra fyrir nótarmenn, að greiða landshlutinn.

Við 5. og 6. grein stakk þingið að eins uppá nokkrum orðabreytingum.

Við 7. grein stakk þingið uppá, að þóknunin til fátækrasjóðsins verði hið minnsta 5 rd., svo að „5—50 rd." kæmi í staðinn fyrir „2—50 rd".

Að öðru leyti fór þingið aðeins fram á nokkrar orðabreytingar, svo sem, að fyrir orðið „dráttur" í 8. grein kæmi „töf», og fyrir „fiskispell" kæmi „veiðispjöll".

1872. 12. febrúar. Í álitsskjali sínu mælti konungsfulltrúi yfirhöfuð með breytingum alþingis; samt fannst honum það rèttast, að landshlutur, sem í frumvarpinu var 3 af hundraði, yrði 4 af hundraði; ennfremur var hann ámóti því, að breyting sú, sem alþingi hafði stungið upp á við 1. grein, til þess að koma í veg fyrir, að síldarveiði og upsaveiði kæmi í bága við friðlýst æðarvörp og selalagnir, yrði tekin til greina, þar sem sèð væri fyrir þessu með því, sem fyrir væri mælt í 2. grein um skaðabætur, en svo enginn efi yrði um það, mætti samt, ef til vildi, taka beinlínis fram í þessari grein, að bætur skyldi og koma fyrir skemmdir á friðlýstu æðarvarpi og selalögnum.

Dómsmálastjórnin varð að fallast á uppástungu alþingis um það, að lagaboðið skyldi einnig ná til upsaveiðar; að því leyti, er snerti upphæð landshlutar og ákvörðun þá, um friðlýst æðarvörp og selalagnir, sem alþing hafði stungið uppá, fannst stjórnarráðinu það rèttast að fara eptir tillögum konungsfulltrúa um þessi efni; að öðru leyti áleit stjórnarráðið að ætti bezt við, að 1. og 2. grein yrði orðaðar, eins og hèr skal sagt:

1. grein.

„Sèrhverjum þeim, sem heimilt er að fiska í landhelgi, skal leyft að króa af síld eða upsa með nót upp að landi annars manns, og draga veiðina þar á land; svo má hann og setja þar báta, næturog önnur veiðarfæri á land upp til aðgjörðar og þerris, og salta þar niður aflann; en gjalda skal hann fyrir allt þetta landshlut, 4 af hundraði af veiðinni".

2. grein.

„Gjöri nótarmenn með þessu skaða á túni, engjum eða haga, eða á friðlýstu æðarvarpi eða selalögnum, eða það verði almennum afnotum jarðarinnar til fyrirstöðu, skulu fyrir það koma sanngjarnar skaðabætur, sem óvilhallir menn, sem rètturinn nefnir þar til, skulu meta, ef mönnum kemur ekki saman".

Að því, er snerti 3. grein, varð stjórnarráðið að fallast á ástæðu þá, er alþing hafði borið fyrir, en á hinn bóginn fannst því, að mætti taka það skýrara fram, og ætti betur við að laga greinina eptir 2. gr. í hinum norsku lögum um landshlut, 23. maí 1863, á þessa leið:

„Landshlutur fellur undir ábúanda þeirrar jarðar, þar sem gjalda skal landshlut, þótt eigi sè hann eigandi jarðarinnar, nema öðruvísi sè um samið milli hans og landsdrottins". 1872. 12. febrúar.

Að því leyti, er snerti breytingu þá, sem alþingi hafði stungið uppá við 4. grein, þótti það ekki eiga við hèr, að kveða neitt á um, hvernig skipta skyldi landshlut milli fleiri, sem tilkall hefði til hans, en það væri nóg, að sèð yrði um, að nótarmenn hefði eigi meiri töf við að greiða landshlut, þegar fleiri ætti tilkall til landshlutar, en þegar um einn væri að ræða. Samkvæmt þessu var greinin látin vera á þessa leið:

„Hafi fleiri tilkall til landshlutar af landi, þar sem landshlut skal greiða, er nótarformanninum heimilt að borga landshlut allan og skaðabætur fyrir skemmdir, sem kunna að hafa orðið á landeigninni, til einhvers þeirra, nema umboðsmaður gefi sig fram af hendi allra hinna, sem hlut eiga að máli".

Með því lagaboðið ætti einnig að ná til upsaveiðar, sem ekki væri svo arðsöm sem síldarveiði, fannst stjórnarráðinu það rèttast, að gjöra enga breytingu á því, sem ákveðið væri í 7. grein frumvarpsins um þóknunina til fátækrasjóðsins.

Dómsmálastjórnin lagði síðan til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum með þeim breytingum, sem getið er.

---

15. Tilskipun handa Íslandi, um spítalagjald af sjávarafla. (á Íslenzku og Dönsku). 12. febrúar.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um gjald spítalahlutanna, sem svo eru nefndir, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Spítalahlutir skulu greiddir af sjávarafla þeim, er fæst á

1872. 12. febrúar. þilskip, opin skip, báta og byttur við Ísland, og þar er lagður á land, eptir þeim reglum, er nú skal sagt:

a) af allskonar fiski, sem er verkaður sem saltfiskur, skal af hverju tólfræðu hundraði goldin $^1/_2$ alin;

b) af allskonar fiski, sem er hertur, eða sem er seldur óverkaður, skal af hverju tólfræðu hundraði goldin $^1/_4$ alin;

c) af fiski, sem saltaður er í tunnur, skal goldin $^1/_2$ alin af hverri tunnu;

d) af hverri tunnu hákarlslýsis eður jafngildi hennar af hákarlslifur skal greidd 1 alin, en af hákarlinum sjálfum greiðist ekkert gjald.

Gjald það, sem um er rædt undir stafliðunum *a*, *b* og *c*, skal greidt, hvort sem fiskurinn er ætlaður til neyzlu í landinu sjálfu eður til útflutnings.

Af því, sem ekki nemur hálfu hundraði eða hálfri tunnu, skal ekkert gjald greidt, en af hálfu hundraði eða hálfri tunnu og þar fram yfir skal goldið einsog af fullu hundraði eða heilli tunnu.

2. grein.

Gjaldið rennur í læknasjóðinn íslenzka og skal í fyrsta skipti heimtað saman eptir þessari tilskipun fyrir tímabilið frá 12. maím. til 31. desembrm. 1872, og síðan fyrir hvert ár frá 1. janúarm. til 31. desembrm.; skal það goldið í peningum eptir meðalverði á hvoru um sig, fiski og lýsi, í verðlagsskrá hvers árs.

3. grein.

Eigendur báta og skipa skulu greiða spítalagjaldið af hendi, ef þeir eru innanhrepps, ella formenn. Eigi fleiri skip saman, og sè eigi allir innanhrepps, þá skulu þeir greiða allt gjaldið, sem innanhrepps eru. Ef formaðurinn á að greiða gjaldið, og sè hann utansveitarmaður, skal hann hafa greidt hreppstjóra eða lögreglustjóra gjaldið, áður hann fer burtu úr hreppnum. Sè það gjört áður en hin nýja verðlagsskrá hefir öðlazt gildi, skal gjaldið greidt eptir verðlagsskrá þeirri, sem þá er í gildi. Fari hann burt úr hreppnum án þess að greiða gjaldið, skal hann sæta 5—20 rd. sekt, og rennur hún í læknasjóðinn.

Greiðandi hefir rètt til endurgjalds af öllum þeim, sem hlut

taka af skipi því, að hlutfalli réttu, og má hann, áður en sá, sem hlut tekur, fer frá skipi, leggja hald á svo mikið af hlut hans, sem nægir til þess að borga hluta hans af gjaldinu. 1872. 12. febrúar.

4. grein.

Hreppstjórarnir og bæjarstjórnin í kaupstöðunum skulu halda nákvæma skrá um alla báta, opin skip og þilskip, sem höfð eru til fiski- eða hákarlaveiða í hreppnum, eða umdæmi bæjarins á hverju ári, — fyrsta skipti á tímabilinu frá 12. maím. 1872 til ársloka —, og skal þar skýrt frá eigendum skipa og báta, og ef einhver þeirra er utanhreppsmaður, eða á ekki heima í kaupstaðnum, þá einnig frá formönnum.

Um fyrri hluta janúarm. skulu því næst hreppstjórar og bæjarstjórnin í kaupstöðunum heimta af eigendum bátanna og skipanna, eða formönnunum þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða gjaldið samkvæmt 1. grein að framan. Þeir eru skyldir til að láta til þessar skýrslur uppá æru og trú. Skýri þeir ekki svo nákvæmlega frá, að gjaldið verði ákveðið eptir því, skulu hreppstjórar, eptir að þeir hafa útvegað þær ítarlegri upplýsingar, sem fengnar verða, og jafnframt tekið til greina skýrslur annara gjaldenda um þetta, setja gjaldið eptir því, sem þeir geta næst komizt. Í kaupstöðunum skulu tveir af réttinum útnefndir og eiðfestir óvilhallir menn ákveða gjaldið.

5. grein.

Síðan skulu skrárnar yfir gjaldendur, og yfir upphæð þá, sem afgjaldið skal reiknað eptir, lagðar fram öllum til sýnis hjá hreppstjóranum í 14 daga, og á hann því næst að senda þær sýslumanni innan loka febrúarmánaðar. Í kaupstöðunum skulu skrár þessar lagðar fram almenningi til sýnis í 14 daga á sama stað og niðurjöfnunin til bæjarsjóðsins, og skal bæjarstjórnin skila þeim til bæjarfógeta með sama fresti og áður var getið. Þegar bæjarfógetinn, og í sveitunum sýslumaður hafa rannsakað og endurskoðað skrár þessar, skal gjaldið heimt inn á manntalsþingum eptir skránum. Þyki sýslumanni eða bæjarfógeta ástæða til að efast um að skárnar sè áreiðanlegar, eiga þeir að gjöra þær rannsóknir, sem þurfa þykir í þessu efni, og hefja ábyrgð á hendur þeim, er í hlut eiga, fyrir það.

1872.
12. febrúar.

6. grein.

Segi nokkur gjaldþegna rangt til afla þess, sem greiða skal gjaldið af, skal hann sæta 10—20 rd. sekt til læknasjóðsins; ennfremur skal hann til sama sjóðs greiða þrefalda upphæð við gjald það, sem hann hefir dregið undan.

Mál, sem rísa af afbrotum gegn ákvörðunum í tilskipun þessari, skal farið með sem opinber lögreglumál, nema því að eins, að lagabrotið varði meiri hegningu en sekt.

7. grein.

Innan loka októbermánaðar ár hvert á sýslumaður eða bæjarfógeti að senda stjórn læknasjóðsins reikning yfir alla spítalahlutina í sýslunni eða kaupstaðnum síðastliðið ár, og um leið greiða henni fé. Reikningi þessum skulu fylgja skrár hreppstjóra eða bæjarstjórnar, er áður var getið.

8. grein.

Um spítalahluti af fuglatekju, að lundatekju með talinni, skulu ákvarðanir þær, sem settar eru í konungsbréfi 26. maím. 1824, gilda framvegis einsog hingað til.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu[1].

Frá alþingi 1869 kom bænarskrá um, að tilskipun um breytingu á ákvörðunum um gjald spítalahlutanna, sem svo eru nefndir, á Íslandi, 10. ágústm. 1868[2], mætti verða úr lögum numin, svo fljótt sem auðið væri, og að lagt yrði fyrir alþingi 1871 frumvarp til tilskipunar um gjald spítalahlutanna og að gjaldstofninn í frumvarpi þessu mætti verða hinn sami og í tilsk. 10. ágústm. 1868[3]. Útaf þessu leitaði stjórnarráðið álits stiptsyfirvaldanna, og lèt svo semja frumvarp til tilskipunar um gjald spítalahlutanna; í því var gjaldið lagt á aflann, eins og í tilsk. 10. ágústm.

---

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 13, 15, 424—450, 665—695 og 780; II., 130—137, 301—308, 394—402 og 469—475.

[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 545.

[3]) Tíðindi frá alþingi 1869, II., 335—338.

1868. Reyndar álitu stiptsyfirvöldin fyrir sitt leyti, að grund- 1872.
vallarreglan um gjaldstofninn í frumvarpi stjórnarinnar 1867 væri 12. febrúar.
betri, en með því meiri hlutinn á alþingi bæði 1867 og 1869 hafði viljað, að gjaldið væri lagt á aflann, rèðu þau samt til, að þessum gjaldmáta væri haldið. Frumvarpið var þar næst lagt fyrir alþing, sem ræddi það á lögskipaðan hátt og skýrði frá áliti sínu um það, eins og hèr skal greina.

Þingið varð þá enn að vera á þeirri skoðun, að byggja gjaldið á afla-upphæðinni, og virtist þinginu, að með frumvarpi þessu væri að minnsta kosti að nokkru leyti ráðin bót á þeim vandkvæðum, sem hefði gjört tilsk. 10. ágúst 1868 fremur óvinsæla og framkvæmd hennar svo miklum erfiðleikum bundna. Breytingar þær, sem alþing hefir stungið uppá, voru þær, sem hèr skal skýrt frá.

Þareð það að áliti alþingis skyldi vera meiningin í ákvörðuninni í 1. grein, að öll skip, sem fiskur eða hákarl er veiddur á hèr við land, skyldi greiða spítalagjald af afla sínum, að því leyti hann væri lagður hèr á land upp, stakk þingið uppá, að upphaf greinarinnar yrði þannig orðað, að enginn efi gæti verið um þetta, og þar að auki virtist þinginu rèttast að telja upp hinar ýmsu tegundir skipa, sem greiða ætti spítalagjald. Einnig virtist það rèttara í upphafi greinarinnar að við hafa orðið „sjávarafla" í staðinn fyrir „fisk", fyrir þá sök að lýsið ætti að geta komizt inn undir þessa hugmynd. Hvað upphæð gjaldsins snerti, áleit þingið, að hún að vísu ætti að vera óbreytt hvað saltfiskinn snerti, en þar á móti þótti vera ástæða til að færa niður gjaldið um helming eða til $^1/_4$ álnar af hverju tólfræðu hundraði af hertum fiski, með því sá fiskur væri ódýrari, þegar á töluna væri litið, heldur en saltfiskur, og þar að auki opt smærri en hinn. Þó þingið aðhylltist þá ákvörðun frumvarpsins, að takmarka að öðru leyti gjaldið við hinn verkaða fisk, áleit þó þingið, að ekki yrði hjá því komizt, að gjöra undantekningu frá þessari aðalreglu með tilliti til hins óverkaða fisks, sem seldur væri nýr, og sem eptir frumvarpinu kæmist alveg undan gjaldinu, með því það væri þinginu kunnugt, að töluvert af slíkum fiski væri á sumum stöðum lagt inn í verzlun, en á sumum stöðum selt

1872. 12. febrúar.

landsmönnum; en það virtist hvorki rètt nè sanngjarnt, að slíkur fiskur væri undanþeginn spítalagjaldi, fremur en sá, sem verkaður væri, enda gæti og þetta munað töluverðu fyrir læknasjóðinn. Þingið aðhylltist einnig þá reglu frumvarpsins, að ekki bæri að greiða spítalagjald af lýsinu úr þeim fiski, sem gjaldið væri greidt af eptir tölu, eins og líka á hinn bóginn, að ekki bæri að greiða spítalagjald af fiskinum sjálfum, þegar gjaldið væri greidt af lýsinu úr honum, og ætti þetta síðara að vera reglan, þegar lifrin væri meira virði en fiskurinn sjálfur, en þetta gilti þá einkum um hákarlinn, og ekki um annan fisk, að minnsta kosti ekki svo, að taka þyrfti sèrstaklegt tillit til þess; því þó háfurinn einnig væri mest verður vegna lýsisins, sem úr honum fengist, þá virtist þinginu eins vel mega fara, að telja hann með þeim fiski, sem gjaldið væri greidt af eptir tölu. Þinginu virtist því rètt að taka með berum orðum fram, að gjaldið skyldi greidt af hákarlslýsi, en geta þess samt jafnframt, til þess að taka af öll tvímæli, að af hákarlinum sjálfum skyldi ekkert gjald greidt, til þess að gefa þar með til kynna, að hákarl væri ekki fólginn í ákvörðuninni um þann fisk, sem gjalda skyldi af eptir tölu. Þareð það eigi virtist rètt, að neinn með því, að selja lifrina óbrædda, gæti komið sèr hjá því að greiða gjaldið, þótti nauðsynlegt að orða ákvörðunina um gjaldið af lýsinu á þann hátt, að hún einnig gæti náð til lifrarinnar, þegar hún væri seld óbrædd. Með því það ekki væri tíðkanlegt á Íslandi, að verka fisk á þann hátt, að salta hann niður í tunnur, áleit þingið að sleppa mætti þeirri ákvörðun, sem hèr að lyti, og það því fremur, sem fiskur þessi, ef hann annars væri til, mundi geta heimfærzt undir ákvörðunina um þann fisk, sem verkaður væri sem saltfiskur. Að vísu kæmist síld og upsi með þessu móti undan gjaldinu, en bæði væri þessi veiði enn mjög óalmenn á Íslandi, enda mundi hún naumast verða heimfærð undir ákvörðun frumvarpsins, sem legði gjaldið á allskonar fisk, sem aflaðist á báta eða skip, en síld og upsi væri þesskonar fiskitegundir, er aflaðist í nótum og netum. Samkvæmt þessu lagði alþing til, að 1. grein yrði orðuð á þessa leið:

„Spítalahlutir skulu hèr eptir greiddir af sjávarafla þeim, er

fæst á þilskip, opin skip, báta og byttur við Ísland, og þar er lagður á land, eptir þeim reglum, er nú skal sagt: 1872. 12. febrúar.

a) af allskonar fiski, sem er verkaður sem saltfiskur, skal af hverju tólfræðu hundraði goldin $^1/_2$ alin;

b) af allskonar fiski, sem er hertur, eða sem er seldur óverkaður, skal af hverju tólfræðu hundraði goldin $^1/_4$ alin.

Gjald það, sem um er rædt undir stafliðunum *a* og *b*, skal greidt, hvort sem fiskurinn er ætlaður til neyzlu í landinu sjálfu eður til útflutnings.

c) af hverri tunnu hákarlslýsis eður jafngildi hennar af hákarlslifur skal greidd 1 alin, en af hákarlinum sjálfum greiðist ekkert gjald.

Af því, sem ekki nemur hálfu hundraði eða hálfri tunnu skal ekkert gjald greidt; en af hálfu hundraði eða hálfri tunnu og þar fram yfir skal goldið eins og af fullu hundraði eða heilli tunnu.»

Við 2. grein gat þingið þess, að þegar greinin væri borin saman við 5. grein, virtist það auðsætt, að eigi væri hin sanna meining frumvarpsins, sem þó orðin í 2. grein lyti að, að gjaldið skyldi heimtað saman við hver árslok, með því þessi innheimta ekki færi fram fyr en manntalsþingunum; þar á móti virtist það vera tilgangurinn, að við hver árslok skyldi sagt til aflaupphæðarinnar fyrir hið liðna ár, og gjaldið reiknað af afla þeim, er fengizt hefði hvert ár frá 1. janúarm. til 31. desbr., með þeirri nákvæmari ákvörðun, að það í fyrsta skipti skyldi talið frá 12. maím. til 31. desembrm. 1872, og yrði því að breyta greininni samkvæmt þessu. Greinin yrði þá svo hljóðandi:

„Gjaldið rennur í læknasjóðinn íslenzka, og skal í fyrsta skipti heimtað eptir þessari tilskipun fyrir tímabilið frá 12. maím. til 31. desembrm. 1872, og síðan fyrir hvert ár frá 1. janúarm. til 31. desembrm.; gjaldið skal greidt í peningum eptir meðalverði á hvoru um sig, fiski og lýsi, í verðlagsskrá hvers árs".

Við 3. grein stakk þingið uppá ýmsum orðabreytingum, til skýringar á efni greinarinnar; fyrst að koma skyldi: "þá skulu þeir greiða allt gjaldið, sem innanhrepps eru", í staðinn fyrir: „þá skulu þeir gjalda, sem innanhrepps eru"; ennfremur: að í 4.

1872. 12. febrúar.

málsgrein verði sett: „eptir verðlagsskrá þeirri, sem þá er í gildi" í staðinn fyrir „eptir verðlagsskrá næsta árs á undan". Þingið réð til, að hið lægsta stig sektar þeirrar, sem fyrir væri mælt um í greininni, yrði látið vera 5 rd.

Ákvörðunina í 4. grein um, hvernig fara ætti að, þegar hlutaðeigandi segðist ekki geta skýrt svo nákvæmlega frá, að gjaldið yrði ákveðið eptir því, áleit þingið að ætti að rýmka nokkuð, á þann hátt, að hún ávallt skyldi gilda, þegar sá, sem ætti að segja frá afla-upphæðinni, ekki skýrði svo nákvæmlega frá henni, að sá, er gjaldið ætti að heimta, þættist geta þar á byggt ákvörðun um upphæð gjaldsins, hvort sem sá, sem gjaldið á að greiða, segist geta gefið svo nákvæmar skýrslur, sem þörf er á, eða ekki. Ákvörðunin um, að hlutaðeigendur skyldi vinna eið að því, að þeir eigi gæti gefið skýrsluna, virtist þá og eiga að falla burtu. Svo framarlega sem ný sveitarstjórn kæmist á og hreppsnefndir yrði skipaðar, áleit þingið það hagfelldast og tryggilegast, að þeim, en ekki hreppstjórum, yrði falið á hendur að ákveða upphæð gjaldsins, og í kaupstöðunum skyldi bæjarfulltrúar hafa þetta ætlunarverk á höndum. Samkvæmt þessu yrði þá síðasta málsgrein 4. greinar svo hljóðandi:

„Skýri þeir ekki svo nákvæmlega frá, að gjaldið verði ákveðið eptir því, skulu sveitarstjórarnir og í kaupstöðunum bæjarfulltrúarnir, eptir að hafa útvegað þær ítarlegri upplýsingar, sem fengnar verða, og jafnframt tekið til greina skýrslur annara gjaldenda um þetta, ákveða upphæð gjaldsins eptir því, sem þeir geta næst komizt".

Samkvæmt þessari breytingu á 4. grein, yrði það þá almenn regla, að þeir, sem gæfi enga skýrslu um aflann, eða svo ófullkomna skýrslu, að ekki yrði byggð á henni ákvörðun um upphæð gjaldsins, yrði að sæta þeim kostum, að gjaldið yrði ákveðið á þann hátt, sem fyrir væri mælt í greininni. En til þess að þessi ákvörðun gæti orðið sem áreiðanlegust, áleit þingið að vísu nauðsynlegt, að halda óbreyttri þeirri ákvörðun, sem er í 4. grein, um, að hlutaðeigendur skyldi vera skyldir til að gefa uppá æru og trú skýrslur þær, sem í þessu tilliti væri nauðsynlegar. Aptur á móti virtist þinginu ekki næg ástæða til að láta sekta-ákvörð-

unina í 6. grein ná til annara en þeirra, sem með ósönnum skýrslum reyndi til að koma sèr að nokkru eður að öllu leyti undan gjaldi því, sem þeim bæri að greiða, en undanfærsla hlutaðeiganda með að gefa nokkra skýrslu virtist ekki eiga að hafa aðrar afleiðingar fyrir þá, en þær, að þeir yrði að láta sèr það lynda, að gjald þeirra yrði ákveðið eptir þeim skýrslum, sem fengizt gæti. Þetta virtist þinginu í sjálfu sèr eðlilegt, einsog það einnig væri samkvæmt þeirri reglu, sem gilti um tíundina; því þó það mætti álítast almenn skylda að telja fram fè sitt til tíundar á hreppaskilaþingum, þá hefði það eigi önnur eptirköst fyrir fjáreigandann, að útaf þessu væri brugðið, en að honum yrði sköpuð tíund, en þar á móti yrði sá sektaður fyrir tíundarsvik, sem segði rangt til fjáreignar sinnar. Sektir þær, sem ákveðnar eru í 6. grein, virtist þinginu hæfilega miklar fyrir ranga frásögn um aflaupphæðina, en eigi virtist þinginu þörf á að láta hlutaðeiganda þar að auki greiða þrefalda upphæð við það gjald, sem hann með undandrætti sínum ætlaði að koma sèr hjá að greiða, heldur einungis einfalt gjald af því, sem hann hefði dregið undan. Þingið stakk samkvæmt þessu uppá, að 6. grein yrði orðuð á þessa leið:

„Segi nokkur gjaldþegna rangt til afla þess, sem greiða skal gjaldið af, skal hann sæta 10—20 rd. sekt til læknasjóðsins, auk gjaldsins af því, er hann hefir dregið undan".

Í 7. grein fannst þinginu rèttara, að sett yrði „síðastliðið ár" í staðinn fyrir „það ár", með því reikningur sá, sem sýslumanni bæri að senda stjórn læknasjóðsins innan loka oktbrm. ár hvert, ekki ætti að ná lengra, en til 31. desbrm. næst á undan.

Að endingu rèð þingið til, að fyrirsögn lagaboðsins yrði: „Tilskipun um spítalagjald af sjávarafla".

Í álitsskjali sínu fèllst konungsfulltrúi á það álit alþingis, að gjaldið skyldi vera minna af hertum fiski, en af saltfiski, þar sem farið væri eptir tölunni; samt varð hann að álíta það efasamt, hvort einmitt skyldi færa það niður til $^1/_4$ álnar. Sömuleiðis aðhylltist konungsfulltrúi þá uppástungu alþingis, að greiða skyldi gjald af óverkuðum fiski, sem s e l d u r væri nýr; með þessu yrði ekki lagt neitt gjald á þann fisk, sem fiskimenn hefði

1872. 12. febrúar.

1872. 12. febrúar.

til daglegrar fæðu, og á hinn bóginn bætti þetta nokkuð úr, að tekjur læknasjóðsins rýrnaði við það, að gjald á hertum fiski væri fært niður. Ennfremur var hann þinginu samdóma um breytingarnar á 1. málsgrein 1. greinar og staflið *c* í frumvarpinu, en hélt því fastlega fram, að ekki skyldi sleppa stafliðnum *b* um gjald af fiski, sem saltaður væri í tunnur; hann vissi dæmi til að fiskur, sem saltaður hefði verið í tunnur, hefði verið fluttur út af Íslandi, og þó það enn ekki væri tíðkanlegt þar, að verka fisk á þann hátt, gæti þó að því komið seinna; þar að auki væri fiskur, sem saltaður væri í tunnur, ekki hið sama sem „saltfiskur" (*Klipfisk*). Konungsfulltrúi gat heldur ekki verið á þeirri skoðun, að ekki skyldi greiða neitt af síld eða upsa, og virtist honum, að ákvörðun greinarinnar næði til þess afla, þar sem þó þyrfti báta með til þess að leggja út net eða nætur. Ef nú stafliðnum *b* yrði sleppt, þá fèlli gjaldið mjög þungt á síldar- og upsaveiðina, en þar á móti væri hæfilegt, að leggja $^1/_2$ alin á hverja tunnu, sem væri hèrumbil jafn mikið og 3 eða 4 tólfræð hundruð. Konungsfulltrúi hafði ekki neitt ámóti breytingum þeim, sem alþing hafði stungið uppá við 2. og 3. grein, og eins fèllst hann á breytinguna við síðustu málsgrein 4. greinar, að því leyti, í hvaða tilfellum setja skyldi gjaldið, en á hinn bóginn fannst honum það rangt, að láta sveitarstjórana hafa starfa þenna á höndum, sem þeim væri óviðkomandi, og væri það í sjálfu sèr miður hagfellt fyrirkomulag. Konungsfulltrúi fèllst á breytinguna viðvíkjandi sekta-ákvörðuninni í 6. grein, en fannst þó ástæða til að láta það haldast óbreytt, sem fyrir væri mælt í frumvarpinu, um, að hlutaðeigandi skyldi gjalda þrefalda upphæð þess, er hann hefði reynt til að draga undan. Konungsfulltrúi samsinnti því, að fyrirsögn lagaboðsins yrði höfð, eins og alþing hefði stungið uppá.

Með því dómsmálastjórnin varð að álíta, að uppástungur alþingis væri vel fallnar til þess, að þær yrði teknar til greina með breytingum konungsfulltrúa, lagði hún frumvarpið samkvæmt þessu undir konung, og lagði til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að það með svofelldu móti yrði gjört að lögum.

16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um borgun kornláns.

1872. 14. febrúar.

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, senduð hingað stutt yfirlit yfir kornlán það, sem veitt var ýmsum hreppum í suðurumdæmi Íslands, samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 12. septbr. 1861[1], hafið þèr í brèfum, dagsettum 12. og 28. nóvbrm. f. á., skýrt frá ráðstöfunum þeim, sem þèr hafið gjört, til þess að fá lánið borgað aptur. Af því sèst, að skuldin, sem 1. apríl 1871 var 962 rd. 76 sk. með áföllnum vöxtum, nú á þessu fjárhagsári er orðin 326 rd. 90 sk., og lendir hún á þeim hreppum, sem hèr skulu taldir, á þessa leið:

Kjalarnesshreppur	er í skuld um	. . . .	86 rd. 92 sk.
Mosfells	— —	. . . .	198 - 4 -
Akraness	— —	. . . .	8 - 89 -
Leirár og Mela	— —	. . . .	33 - 1 -,

og eru þá vextir fyrir þessa hreppa taldir til 30. septbr. 1871. Þó búizt sè við, að mesti hluti af þessari skuld verði borgaður 31. marz. þ. á., samkvæmt ráðstöfunum þeim, sem þèr hafið gjört, hafið þèr samt látið í ljósi, að þèr vèrið hræddur um, að svo kynni að fara, að þeim tveimur hreppum, sem fyrst voru taldir, mundi ekki takast að borga allt það, sem eptir væri, innan tèðs dags, og hafið þèr því farið þess á leit, að hreppar þessir fái umlíðun um skuldina til 31. desbrm. 1872.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið finnur ekki næga ástæðu til að veita umlíðun um skuld þessa fram yfir 31. dag marzm., sem þèr höfðuð tiltekið, — en lánið hefði átt að vera borgað allt við lok ársins 1868 —, og það því síður, sem eigi er tilgreind nein ástæða fyrir slíkri umlíðun hreppum þessum til handa; verður því að höfða mál gegn hlutaðeigendum til þess skuldin verði borguð, ef það eigi er gjört innan þess tíma, sem nefndur var.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 512.

1872. 14. febrúar.

17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skuldir umboðsmanns Sveins Þórarinssonar[1].

Í brèfi 18. oktbr. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, skýrt frá, að tveir af þeim fimm jarðarpörtum, sem ríkissjóðurinn tók fyrir skuldir umboðsmanns Sveins heitins Þórarinssonar uppí tekjur, sem hann hafði heimt saman: 5 hundr. í Nýjabæ og 10 hundr. í Gunnólfsá, væri seldir, samkvæmt leyfi því, sem dómsmálastjórnin hafði veitt til þess í brèfi sínu 16. júní f. á., fyrir 155 rd. og 250 rd., þannig, að kaupendur hafa borgað í peningum $^2/_5$ parta eða að samtöldu 202 rd., sem þèr senduð ávísun til, og gefið fyrsta veðrètt í jörðunum fyrir $^3/_5$ pörtum af kaupverðinu. Að því leyti, er snertir hinar þrjár jarðirnar, sem ríkissjóðurinn hefir tekið, þá hafa engir kaupendur að þeim gefið sig fram ennþá, en hinir fyrri eigendur að 10 hundr. í Sólborgarhóli og 10 hundr. í Stokkahlöðum hafa skotið til landsyfirrèttarins lögtakinu og uppboðinu á jörðunum; samt hefir eigandi hinnar fyrnefndu jarðar látið í veðri vaka, að hann mundi leysa aptur jarðarpartinn, ef hann fèlli á málinu. Jafnframt hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað ávísun til 193 rd. 11 sk., sem er það, sem eptir var af skuld Sveins Þórarinssonar til ríkissjóðsins.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við fjárstjórnina útaf þessu, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar, það, sem hèr skal sagt.

Með því það er hinn danski ríkissjóður, sem hefir eignazt jarðir þessar uppí skuld Sveins Þórarinssonar, verður umboðsmaður Möðruvallaklausturs, sem ætlazt er til að taki við stjórn yfir jörðunum, að semja sèrstaklegan reikning um þær, og borga afgjöldin af þeim, að frádregnum $^1/_6$ parti í umboðslaun, þannig, að þau sè talin með tekjum aðalfjárhirzlunnar hèr í borginni. Að öðru leyti er það ósk fjárstjórnarinnar, að leitazt verði við að selja jarðirnar, svo fljótt sem verða má, annaðhvort þeim, sem áður áttu þær, fyrir sama verð og ríkissjóðurinn tók þær

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 76 og 187.

fyrir, og með þeim skilmálum, sem settir eru í brèfi dómsmála- 1872.
stjórnarinnar 16. júní f. á., eða svo framarlega sem þau kaup 14. febrúar.
ekki geta fram farið, þá öðrum, ef það mætti verða án skaða fyrir ríkissjóðinn, og mælumst vèr því til, að þèr, herra amtmaður, gáið að, að nota þau tækifæri, sem bjóðast kynni til þess að selja jarðarpartana, en eigi verður við því búizt, að það heppnist vel með þær tvær jarðirnar, sem mál nú eru risin útaf, fyr en þau eru útkljáð, og væntum vèr að fá skýrslu frá yður um þetta, þegar tími er til kominn.

Að því, er snertir veðmálabrèf þau, sem kaupendurnir að 5 hundr. í Nýjabæ og 10 hundr. í Gunnólfsá hafa gefið fyrir $^3/_5$ af kaupverðinu, eða hver um sig fyrir 93 rd. og 210 rd., skal amtið varðveita þau, og verðið þèr að sjá um, að borgun uppí skuldina og vextir verði goldnir á tilteknum tíma, og það ritað á skuldabrèfin, og skuluð þèr borga það allt sem tekjur aðalfjárhirzlunnar hèr í borginni.

Þareð vèr enn ekki höfum fengið neina skýrslu um það, að prófastur sèra Daníel Halldórsson hafi goldið kaupverðið, 604 rd., fyrir þau 10 hundr. í Eyrarlandi, sem hann hefir keypt, en það átti eptir brèfi amtsins 28. febr. f. á. að vera gjört innan 1. apríl f. á., annaðhvort með því að senda ávísun, eða greiða upphæðina til jarðabókarsjóðsins, leiðum vèr eigi hjá oss að minna yður á þetta mál.

Að endingu mælumst vèr til, að fá álit yðar um, hvernig á því standi, að amtið eptir skýrslu þeirri, sem það sendi með nefndu brèfi sínu um ástand bús Sveins Þórarinssonar, hefir tilkynnt skiptarèttinum í búinu, að krafa ríkissjóðsins væri 2422 rd. $11^1/_2$ sk., sem svo var goldið til ríkissjóðsins, en stjórnardeild reikningsmálanna hefir skýrt svo frá, að skuld Sveins Þórarinssonar væri 2358 rd. 28 sk., sumsè fyrir fjárhagsárið 1866—67 829 rd. og fyrir fjárhagsárið 1867—68 1529 rd. 28 sk.

1872. 16. febrúar. **18. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skemmdir í varpeynni Vigur.**

Sem konungsfulltrúi á alþingi Íslendinga í fyrra hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað með álitsskjali yðar, dagsettu 16. oktbr. f. á., bænarskrá nokkra, sem kom til alþingis og vísað var forsetaveginn til yðar[1], en í bænarskrá þessari ber presturinn að Stafafelli í Austur-Skaptafellssýslu, sèra Bjarni Sveinsson, sig upp undan úrskurði stiptsyfirvaldanna 17. febr. f. á. viðvíkjandi æðarvarpinu í Vigur[2].

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið fellst á fyrnefndan úrskurð stiptsyfirvaldanna í málinu, og skal því við bætt, að stjórnarráðið heldur ekki hefir til umráða neinn sjóð, er fjárstyrkur sá, er prestur hafði mælzt til að fá, yrði goldinn úr. Stjórnarráðið verður samt að bera undir yður, herra stiptamtmaður, hvort eigi sè ástæða til að leiða athygli foringjans fyrir hinum frakknesku herskipum við Ísland sèrstaklega að því, að frakkneskir fiskimenn aptur og aptur hafi reynt til að hafa í frammi rán í eyjunni Vigur, og mælast til þess við hann, að það verði fyrirbyggt upp frá þessu.

---

21. febrúar. **19. Auglýsing um heimtingu á gjaldi því, sem fyrir er mælt um í tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, 12. febrúar 1872.** (á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt valdi því, sem dómsmálastjórninni er veitt í tilskipun, 12. þ. m., um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, 4. grein, skal svo mælt fyrir, að heimting á gjaldi því, sem getið er um

---

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, II., 184—189.

[2]) Úrskurður þessi er prentaður í Tíðindum frá alþingi 1871, II., 188—189.

í 3. grein tèðrar tilskipunar, skuli byrja í öllum ömtum Íslands á manntalsþingum vorið 1873, þannig að heimtaður verði á þeim og framvegis á hinum árlegu manntalsþingum fyrst um sinn 1½ sk. af hverju jarðarhundraði eptir hinni nýju jarðabók. Skulu hlutaðeigandi amtmenn fyrst um sinn hafa umráðin yfir fè því, er með þessu móti fæst, hver fyrir sitt amt, og árlega semja reikning yfir það, og senda hann dómsmálastjórninni. 1872. 21. febrúar.

Þetta skal hèrmeð kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálastjórninni, 21. dag febrúarmánaðar, 1872.

Fr. Krieger.

Fr. Reinhardt.

---

20. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins á Íslandi, um breytingu á reglugjörð prestaskólans. 26. febrúar.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar er 19. þ. m. allramildilegast fallizt á:

að reglugjörð, sem gilda á fyrst um sinn fyrir prestaskólann, 30. júlí 1850[1], skuli breytt á þá leið,

að 5. grein verði svo látandi:

„Kennslunni skal þannig til haga, að henni verði aflokið á tveim árum; samt skal það ekki fyrirmunað þeim, sem æskja þess, að halda áfram námi sínu um lengri tíma";

og að 6. grein verði alveg felld úr.

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, útaf brèfi yðar, dagsettu 17. nóvbrm. f. á., yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það.

---

[1]) Lovsaml. for Island XIV, 537—548.

1872. 26. febrúar. **21. Tilskipun handa Íslandi, um kennslu heyrnar- og málleysingja, og fl.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til opins brèfs handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Foreldrar heyrnar- og mállausra barna og aðrir, sem ber að annast um uppfóstur þeirra og kennslu, skulu vera skyldir til að sjá um, að öllum slíkum börnum, þá er þau eru orðin 10—14 ára, og ef þau eru hæf til náms, verði komið annaðhvort til kennslu þeirrar fyrir heyrnar- og málleysingja, sem stofnuð er á Íslandi og stiptsyfirvöldin hafa umsjón með, einsog með þarf, eða á hinn konunglega heyrnar- og málleysingja skóla í Kaupmannahöfn, nema því að eins þeir sanni, að sèð verði um kennslu þessara barna á annan hátt, sem stiptsyfirvöldin álíta nægilega tryggan. Ef sèrstaklegar kringumstæður mæla með því, skal stiptsyfirvöldunum heimilt að gjöra undantekningu frá reglunni að framan um aldur heyrnar- og málleysingja, er þeim skuli komið til kennslu.

2. grein.

Kostnaðinn við kennslu og útbúnað barnanna og ferð þeirra til kennslustofnunarinnar skal greiða úr jafnaðarsjóði þess amts, er í hlut á, að því leyti sem barnið sjálft eða þeir, sem standa eiga straum af því, geta ekki borgað.

3. grein.

Þegar heyrnar- og málleysingjar hafa lokið náminu, og foreldrar þeirra eða aðrir vandamenn eru dánir, eða eru ekki færir um að annast þá sem skyldi, skal presti og hreppstjóra í þeirri sveit, sem þeir eiga heima í, vera skylt, að sjá um, að þeim verði komið fyrir á þá staði, þar sem þeir geti haft sem bezt not af því, er þeir hafa numið. Verði stofnaðar hreppsnefndir, skal þetta falið þeim á hendur í stað hreppstjóranna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu [1].

1872.
26. febrúar.

Útaf bænarskrá frá alþingi 1869 [2] var samið frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja og lagt fyrir þingið 1871; það ræddi síðan frumvarpið á lögskipaðan hátt og lèt uppi álit sitt um það, eins og hèr skal greina.

Þingið fèllst á þann aðaltilgang frumvarpsins, að foreldrum heyrnar- og málausra barna og öðrum, sem bæri að annast þau, skyldi vera skylt, að koma slíkum börnum til kennslu, ef þau væri hæf til náms og hefði náð nægum aldri, sömuleiðis gat þingið ekki annað en fallizt á, að kostnaður við kennslu og útbúnað barnanna og ferð þeirra til kennslustofnunarinnar skyldi greiða úr jafnaðarsjóði þess amts, er í hlut ætti, að því leyti, sem barnið sjálft, eða þeir, sem standa ætti straum af því, gæti ekki borgað. Þótt þingið þannig alveg fèllizt á frumvarpið í aðalefninu, virtist því samt ástæða til að stinga uppá smávegis breytingum á því og viðaukum við það. Þannig virtist þinginu það rèttara að tilgreina, hve háum aldri börnin ætti að hafa náð, þá er skylt væri að senda þau til kennslu, og rèði því til, að í stað orðanna: „ef þau eru hæf til náms, og hafa náð nægum aldri til þess", verði sett: „þá er þau eru orðin 10—14 ára, og ef þau eru hæf til náms". Ennfremur stakk þingið uppá, að það yrði gjört að aðalreglu, að heyrnar- og málleysingjar hlyti kennslu á Íslandi, með því innlend kennsla á máli landsbúa væri miklu hentugri og til meiri nota, ef ætlazt væri til að ómálarnir dveldi á Íslandi, að afloknu námi. Þessvegna rèði þingið til, að í stað orðanna: „verði komið til kennslu á hinn konunglega heyrnar- og málleysingja skóla í Kaupmannahöfn, nema því að eins að þeir sanni, að sèð verði um kennslu þessara barna á annan hátt, sem stiptsyfirvöldin álíta nægilega tryggan", verði sett: „verði komið annaðhvort til kennslu þeirrar, er fæst og fást kann hèr á

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 8, 10, 14, 172—192, 245—253, 473 og 512; II., 150—152, 235—240, 247—249 og 319—323.

[2]) Tíðindi frá alþingi 1869, II., 293—297.

1872. 26. febrúar.

landi, svo framarlega sem stiptsyfirvöldin álíta hana svo fullkomna, sem þörf er á, eða þá, ef hlutaðeigendur heldur óska og stiptsyfirvöldunum þykir það ráðlegra, á hinn konunglega heyrnar- og málleysingja skóla í Kaupmannahöfn". — Þingið áleit, að það gæti að borið, að undantekning frá aðalreglunni, bæði um aldurshæð barnanna og um það, hvort senda skyldi þau til kennslu eða eigi, yrði nauðsynleg, og réði því til, að við hina fyrri málsgrein kæmi svo hljóðandi viðauki: „Hlutaðeigandi amtmanni sé heimilt að gjöra undantekningu frá aðalreglunni, bæði um aldurshæð ómálans og hvort senda skuli hann til menntunarskólans eða ekki, þegar ástæður þykja til þess, að slíkt þurfi að koma til álita". Í síðari málsgrein frumvarpsins réði þingið til, að í stað orðanna: „til einhverrar kennslustofnunar" yrði sett: „til kennslustofnunarinnar, hvorrar sem er". Að endingu þótti þinginu nauðsynlegt, að ákveðið væri, að þá er þeir ómálar, er lokið hefði námi, ætti eigi foreldra á lífi, eða foreldrarnir væri eigi færir um að annast þá svo vel, sem óskandi væri, skyldi þeir vera undir yfirvalda umsjón, og skyldi þessi umsjón vera falin presti og hreppstjóra á hendur.

Í álitsskjali sínu lagði konungsfulltrúi til, að þessar breytingar á frumvarpinu yrði teknar til greina, en réði samt til, að það skyldi haldast óbreytt, sem fyrir væri mælt í niðurlagi fyrstu málsgreinar frumvarpsins, að eigi skyldi vera skylt að koma heyrnar- og málleysingjum fyrir til kennslu á kennslustofnun eða menntunarskóla, ef það yrði sannað, að sèð yrði um kennslu þeirra á annan hátt, sem stiptsyfirvöldin áliti nægilega tryggan, og lagði hann þar að auki til, að umsjón sú, sem ætlazt væri til að hreppstjórar hefði með þeim ómálum, sem hefði aflokið námi sínu, skyldi falin á hendur hreppsnefndum, ef þær yrði stofnaðar á Íslandi.

Kirkju- og kennslustjórnin varð fyrir sitt leyti að fallast á tillögur alþingis með þeim breytingum, sem konungsfulltrúi hafði stungið uppá; samt skyldi það falið á hendur stiptsyfirvöldunum, en ekki hlutaðeiganda amtmanni, að gjöra undantekning frá því, sem fyrir væri mælt um aldurshæð heyrnar- og málleysingja. Orðunum „til einhverrar kennslustofnunar" í fyrstu málsgrein frum-

varpsins var breytt í „til kennslustofnunarinnar" (í 2. grein til- 1872.
skipunarinnar). 26. febrúar.

Eptir að búið var að breyta frumvarpinu samkvæmt þessu á þá leið, að því var skipt í þrjárgreinir, og bætt við í 3. grein á eptir orðunum „foreldrar þeirra" þessu: „eða aðrir vandamenn", og lagaboðið kallað „tilskipun", lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum.

---

22. Tilskipun handa Íslandi, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum. (á Íslenzku og Dönsku). 26. febrúar.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Af allskonar víni og brennivíni eða þessháttar tilbúnum áfengum drykkjum, sem flytjast til Íslands, skal greiða aðflutningsgjald, 8 sk., af hverjum potti, ef þeir eru fluttir á ámum, tunnum, eða öðrum stórum ílátum, en sè þeir tappaðir á flöskur, krukkur, brúsa eða þesskonar ílát, skal greiða 8 sk. af hverjum 3 pelum.

Gjald þetta rennur í landssjóðinn.

2. grein.

Þegar skip, sem á að kaupa leiðarbrèf eða greiða lestagjald það, sem ákveðið er með lögum 15. apríl 1854, kemur á íslenzka höfn með vörur, sem greiða á gjald af samkvæmt 1. gr., má ekki byrja að afferma það, áður en búið er að greiða gjaldið. Eigi ekki að afferma skipið á þeim stað, þar sem á að sýna lögreglustjóranum leiðarbrèfið og hin önnur skipaskjöl, sem getið er um í tèðum lögum, skal samt greiða honum gjaldið af öllum þeim vörum í skipinu, sem eru af áður nefndri tegund, — þó að undanskildu því, sem haft er meðferðis handa skipverjum sjálfum,

1872. 26. febrúar. — áður en skipaskjölunum er skilað aptur. Um það, að gjaldið sè borgað, skal lögreglustjóri rita vottorð á skipaskjölin.

Til þess að ákveða gjaldið skal farið eptir vöruskrá þeirri eða tollskrá, sem skipið á að hafa meðferðis samkvæmt lögum 15. apríl 1854 8. gr., og er þar að auki hver skipstjórnarmaður skyldur til að gefa skriflegt vottorð uppá sína æru og trú um það, að ekki sè í skipinu aðrar nè fleiri af hinum nefndu vörum, sem gjalda þarf af, en þær, sem eru ritaðar á vöruskrána eða hina dönsku tollskrá, og svo um það, hve mikið af því, sem aðflutt er, sè ætlað handa skipverjum sjálfum.

Sömuleiðis er hver sá, sem tekur við slíkum vörum, skyldur til, er lögreglustjóri krefst þess, uppá sína æru og trú að gefa allar þær skýrslur, sem lögreglustjóra þykir við þurfa til þess hann geti framkvæmt eptirlit það, sem hann á að hafa á því, að gjaldið verði greidt.

3. grein.

Sè í vöruskránni eða tollskránni skýrt ógreinilega frá vörum þeim, sem hèr er um rædt, eða sè ástæða til að efast um, að skýrslan sè rètt, á lögreglustjóri að láta rannsaka farminn, og hafa gætur á, eins og með þarf, um afferming skipsins. Kostnaðinn við þetta skal skipstjórnarmaður og, ef við þarf, einnig eigandi farmsins borga, sè hann viðstaddur, að öðrum kosti umboðsmaður hans, ef það reynist, að skýrslan hefir verið ónákvæm, en ella skal kostnaðurinn goldinn úr opinberum sjóði.

4. grein.

Verði vörur, sem gjalda skal af, fluttar á íslenzka höfn á skipum, sem eigi þurfa að taka leiðarbrèf, eða borga lestagjald það, sem ákveðið er í lögum 15. apríl 1854, skal skipstjórnarmaður eða afgreiðslumaður skipsins, ef vissa er fyrir því, að sá maður sè þar á staðnum, áður en vörur þær, sem tollur hvílir á, eru fluttar í land, senda hlutaðeiganda lögreglustjóra hleðsluskjöl þau eða tilvísunarbrèf, sem snerta hinar greindu vörur, sem gjalda skal af, og gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að gjaldið verði borgað, áður en vörurnar eru fengnar þeim, sem við á að taka. Um það, hvernig reikna eigi út gjaldið, og um borgun

á því, skal að öðru leyti farið eptir því, sem fyrir er mælt í 2. grein. 1872. 26. febrúar.

Sè búið að láta vörurnar af hendi, þegar svo stendur á, sem hèr er sagt, án þess að sá, sem veitti þeim móttöku, á undan hafi fengið kvittun hlutaðeiganda fyrir því, að búið sè að greiða gjaldið, skal hann innan þriggja daga frá því, að hann hefir tekið við þesskonar vörum, sem gjalda þarf af, gefa hlutaðeiganda lögreglustjóra þetta til vitundar, og greiða það gjald, sem á vörunum hvílir, eptir því, sem fyrir er mælt að framan.

5. grein.

Verði nokkur uppvís að því, að hafa annaðhvort sagt rangt til um hverrar tegundar þær vörur eru, sem hann hefir tekið við eða sem honum voru ætlaðar, og gjald hvílir á, eða um það, hve mikið var af þeim, eða hann hefir látið hjá líða, að segja til um aðflutning þesskonar vöru samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 4. grein, skal hann, ef brot hans varðar ekki þyngri hegningu eptir lögunum, sæta sektum, sem sè tvöfaldar við þá upphæð gjaldsins, sem hann með svofelldu móti hefir reynt til að draga undan, og skal hann þar að auki greiða gjald það af vörunum, sem ákveðið er í 1. gr.

6. grein.

Sá skipstjórnarmaður, sem brýtur móti banni því, sem gjört er í 2—4. gr. gegn afferming skipa, áður en búið er að greiða gjald það, sem hèr er verið að ræða um, eða að öðru leyti verður brotlegur í því, sem honum er gjört að skyldu með tilliti til borgunar gjaldsins, skal, ef brot hans varðar ekki þyngri hegning eptir lögum, sæta sektum frá 10 til 100 rd., og verði hann sekur á ný, skulu sektirnar tvöfaldast.

7. grein.

Hinar aðfluttu vörur, sem gjalda á af, skulu vera að veði fyrir því, að bæði gjaldið og sektirnar verði borgaðar, og hefir eigandinn ekki rètt til þess að ráða yfir þeim, fyr en búið er að greiða gjöld þessi. Lögreglustjórinn hefir vald til að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem með þarf, einkum með því að kyrsetja vörurnar, og, ef ekki er borgað, selja þær til lúkningar gjöldum þeim og sektum, sem á eru fallnar.

1872.
26. febrúar.

8. grein.

Ef hlutaðeigandi ekki krefst þess, að málinu sè vísað til dómstólanna, getur amtmaður ákveðið sektirnar. Sè málinu vísað til dómstólanna, skal fara með það sem opinbert lögreglumál.

Landshöfðingi hefir vald til, þegar ástæða finnst til þess í einstöku tilfellum, að lækka sektirnar.

9. grein.

Sektir þær, sem nefndar eru í 5. grein, skulu renna í hinn íslenzka landssjóð, nema því að eins að einhver með frásögn sinni hafi komið því til leiðar, að hið drýgða afbrot kemst upp, og skal hann þá hafa helming þeirra. Sektirnar eptir 6. gr. renna allar í landssjóð.

10. grein.

Fyrir heimtingu á tollgjöldum þeim, sem mælt er fyrir um í 1. gr., og á sektum þeim, sem á eru lagðar samkvæmt 5. og 6. gr., skal lögreglustjóri, sem í hlut á, gjöra reikning eptir þeim reglum, sem hlutaðeigandi stjórnarráð eða landshöfðingi eptir undirlagi þess ákveður nákvæmar.

Af upphæð alls gjaldsins fær innheimtumaður 2 %.

11. grein.

Þangað til settur verður landshöfðingi á Íslandi, skal stiptamtmaður hafa það vald, sem með þessari tilskipun er falið landshöfðingja á hendur.

12. grein.

Tilskipun þessi öðlast gildi 1. dag júlím. 1872.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu[1].

Fyrir alþingi 1865[2] lagði stjórnin frumvarp til laga um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi, og var í því frumvarpi stungið

---

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 13, 15, 381—412, 473—506 og 642; II., 90—100, 283—288, 310—316 og 379—385.

[2]) Tíðindi frá alþingi 1865, II., 129.

uppá, að fá skyldi leyfisbrèf til brennivínsverzlunar eða brennivínsveit- 1872.
inga fyrir ákveðið gjald. Þingið rèði frá þessari tilhögun, einkum sök- 26. febrúar.
um þess, að tími þótti síður hentugur til að gefa út ný skattalög, sem væri sèrstakleg fyrir Ísland, ámeðan fjárhagsviðskipti Íslands við konungsríkið væri óútkljáð, og svo vegna þess, að tekjurnar, sem með þessu fengist, yrði of litlar, en gjaldið kæmi ójafnt á, og yrði einkum þungbært fyrir smákaupmenn. Alþing áleit betra að koma málinu fyrir á þann hátt, að lagður yrði beinlínis tollur á hvern brennivínspott, sem seldur væri á Íslandi. Samkvæmt ósk alþingis var þá frestað, að koma málinu lengra á leið.

Eptir að stjórnin hafði lagt fyrir ríkisþingið 1870—71 frumvarp til laga um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, kom það til yfirvegunar, hvernig auka skyldi tekjur Íslands, ef ríkisþingið fèllist á fyrirkomulag það á fjárhagsviðskiptum Íslands og Danmerkur, sem ætlazt var til með því lagafrumvarpi; var það þá næst fyrir hendi, að leggja gjald á brennivín, og eptir að dómsmálastjórnin hafði leitað álits um þetta mál hjá stiptamtmanninum yfir Íslandi, samdi hún frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, sem svo var lagt fyrir alþingi 1871; þingið ræddi frumvarpið á lögboðinn hátt, og skýrði frá áliti sínu um það, eins og hèr segir.

Þótt alþingi viðurkenndi, að bráð nauðsyn væri til að fá tekjur landsins sem fyrst auknar, og játaði að það gæti ekki sèð annan veg jafnhaganlegan til að auka tekjurnar, varð þó meiri hluti þingsins á þeirri skoðun, að þar sem í 11. grein væri svo til ætlazt, að frumvarpið næði lagagildi 1. aprílm. 1872, þá væri þessi tími ekki sem hæfilegast til tekinn, því það þótti ísjárvert, að leggja stórkostlega tolla á landið, meðan það hefði eigi fullt atkvæði um, hvernig þessum tollum yrði varið, og það því fremur, sem þingið vonaðist eptir, að þess yrði eigi langt að bíða, að þingið fengi þetta fjárforræði. Hinar helztu breytingar, sem alþingi hefir stungið uppá og snerta efni frumvarpsins, skulu hèr taldar:

Við 1. grein.

Við fyrra kafla þessarar greinar fann þingið ekkert athuga-

1872. 26. febrúar.

vert, nema hvað það rèði til, að í stað orðanna, „þesskonar trè-ílátum" sè haft „öðrum stórum ílátum", til þess að koma í veg fyrir þann ágreining, sem af því kynni að rísa, ef verzlunarmenn færi að flytja vín eða brennivín í blikk- eða járnkössum. Þó þingið yrði að játa, að sú aðalregla frumvarpsins, að leggja jafnt gjald á allar víntegundir, gjörði eptirlitið hægast, gæti það þó ekki leidt hjá sèr að gjöra undantekning frá þessari reglu með óblandaðan spiritus, því yrði ekki hærri tollur lagður á hann, en brennivín, mundi mega ganga að því vísu, að kaupmenn flytti því meira hingað af honum en því, og blönduðu hann síðan með vatni, en af þessu mundi leiða, að þeir slyppi að miklu leyti hjá tollgjaldinu, en flytti landsmönnum enn verri og óheilnæmari drykk, og þótti þinginu því hæfilegt, að tvöfalda tollinn á spiritus. Sömuleiðis virtist þinginu ástæða til, að sleppa ekki aðfluttum bjór undan tollgjaldinu, með því talsvert flyttist af honum til landsins, og þótti hæfilegt að stinga uppá 4 sk. af hverjum potti. Þingið gat ekki álitið, að þessi mismunandi tollupphæð mundi gjöra eptirlitið ókljúfandi eða miklu örðugra, og það því síður, sem í 3. grein frumvarpsins væri gjört ráð fyrir, að þegar svo bæri undir þyrfti hvort sem væri að rannsaka farminn, og í 5. grein væri sektir við lagðar, ef rangt væri sagt til um, hverrar tegundar hann væri, með því líka, hvað spiritus snerti, mundi eigi vera hægt, að blanda margar tunnur af honum með vatni án þess það kæmist upp. Svo leizt og þinginu, að síðari málsgrein þessarar greinar ætti alveg að falla burt, þareð tollurinn virtist fullhátt tiltekinn fyrst um sinn, þó þeir þar umgetnu 4 % fèlli burt, og sýndist sanngjarnara, að bæði sá kostnaður, sem hljótast kynni af málaferlum útaf grun um tollsvik, og líka laun tollheimtumanna, skyldi goldin af upphæð alls tollsins. Þó það væri tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, og enginn efi væri á því, að gjaldið skyldi renna í landssjóð, þotti þinginu þó rèttara, að frumvarpið sjálft bæri þetta ljóslega með sèr, og því stakk þingið uppá, að aptan við 1. grein frumvarpsins og í stað hinnar umgetnu síðari málsgreinar verði bætt þessari ákvörðun: „Gjald þetta rennur í landssjóð".

Við 2. grein. 1872.

Í þessari grein sýndist þinginu, að setningin: „þó að undan- 26. febrúar.
skildu því, sem þarf handa skipverjum sjálfum", væri óþörf, þar-
eð ekki mundi vani, að setja útgjörð handa skipverjum á vöru-
skrár þær, sem fylgja ætti með hverjum farmi, og fellst því þingið
á, að þessari setningu yrði sleppt, og einnig á það, sem af þessu
leiðir, að niðurlag annars kafla greinarinnar yrði fellt úr, sem væri
þessi orð: „og svo um það, hve mikið af því, sem flutt er, sè ætlað
handa skipverjum sjálfum".

Við 3. grein.

Af því að flestir hinna stærri kaupmanna, sem verzluðu hèr
við land, væri búsettir erlendis, og væri því sjaldan sjálfir hèr til
staðar, heldur hefði hèr verzlunarstjóra, þótti þinginu nauðsynlegt
að bæta inn í eptir orðin: „eigandi farmsins borga", „sè hann
við staddur, að öðrum kosti umboðsmaður hans".

Við 4—9 gr. gjörði þingið engar efnisbreytingar.

Við 10. grein.

Af því að þingið hafði áður stungið uppá þeirri breytingu
við 1. grein, að 4 % innheimtugjaldið skyldi falla burt á þann
hátt, sem þar væri ráð fyrir gjört, þá yrði í þessarar greinar 1.
málsgrein einungis að tala um tollheimtuna, og því yrði að gjöra
á henni þá breytingu, að fella úr orðið „bæði", sömuleiðis orðin:
„og innheimtulaunum". Svo þótti þinginu betur hlýða, að í stað orðanna
„hlutaðeigandi stjórnarráð" í enda sömu málsgreinar kæmi: „lands-
stjórnin", og að hún skyldi ákveða nákvæmar reglur þær, sem hèr
væri um að ræða.

Af þeim ástæðum, sem þingið hafði til greint við síðari máls-
grein 1. greinar, áleit þingið, að síðari kafli 10. greinar ætti
þannig að orðast: „af upphæð alls gjaldsins fær innheimtumaður 4
%, og af gjaldinu greiðist einnig kostnaður við umsjón hins opinbera".

Við. 11. grein.

Af þeim ástæðum, sem getið er að framan, skyldi þessi grein
falla burtu. Þingið bað um, að frumvarpið yrði lögleidt með þeim
breytingum, sem það hafði stungið uppá, en samt eigi fyr, en
alþing hefði fengið löggjafarvald og fjárforræði.

Í álitsskjali sínu var konungsfulltrúi á þeirri skoðun, að

1872. 26. febrúar.

uppástunga alþingis um það, að frumvarpið skyldi ekki ná lagagildi, fyr en alþingi væri búið að fá löggjafarvald og fjárforræði, miðaði til þess að kreppa að stjórninni í stjórnarbótarmálinu, og væri því engin ástæða til að taka hana til greina, og það því síður, sem alþing hefði játað, að nauðsyn bæri til, að gjaldið yrði lagt á. Konungsfulltrúi lagði því til, að frumvarpið yrði gjört að lögum sem fyrst, og gjörði jafnframt þær athugasemdir við breytingarnar í frumvarpinu frá hálfu alþingis, sem hèr skal sagt frá.

Honum fannst, að hann yrði að mæla ámóti þeirri uppástungu alþingis, að leggja annað gjald á óblandaðan spiritus, en á brennivín; enda væri ekki sanngjarnt, að láta sèr nægja að setja tollinn að eins með tvennu móti; en þótt gjaldið yrði að eins með tvennu móti, yrði samt að prófa allskonar innflutt brennivín, og væri ekki hægt að koma því við á Íslandi. Konungsfulltrúa fannst og, að vandkvæði þau, sem þingið vildi komast hjá með uppástungu sinni, væri ekki svo mikil, sem menn hèldi, með því ráðvandur kaupmaður mundi varast að selja vatnsblandaðan spiritus eins og almennt brennivín, enda mundu kaupendur varla gefa svo mikið fyrir slík drykkjarföng, að þessi aðferð gæti borgað sig. Á hinn bóginn var konungsfulltrúi með því, að leggja gjald á öl; hann var jafnvel á þeirri skoðun, að ástæða væri til að leggja gjald á þær tegundir af öli, sem eigi yrði taldar með áfengum drykkjum, og stakk uppá, að á allskonar öli skyldi gjaldið vera 2 sk., annaðhvort af hverjum potti eða hverjum 3 pelum, eptir því, hvernig ílátið væri. Sömuleiðis var konungsfulltrúi samdóma alþingi í því, að í stað orðanna: „þesskonar trèílátum" í 1. gr. yrði haft „öðrum stórum ílátum", og í því, að ákvörðuninni um innheimtugjaldið í sömu grein yrði sleppt, og gjörð samsvarandi breyting á 10. grein, en samt virtist honum eigi vera ástæða til að hækka innheimtulaunin frá 2 % til 4 %, ef eigi yrði tekin til greina uppástungan um annað gjald á spiritusi, en á brennivíni, er fyrirhöfn tollheimtumanna þá væri minni. Konungsfulltrúi hafði ekki neitt ámóti breytingum þeim, sem alþing hafði stungið uppá við 2. og 3. gr. frumvarpsins, en eigi fannst honum, að breyta skyldi orðinu „hlutaðeigandi stjórnarráð" í 10. grein, eins og alþing hafði farið fram á.

Að endingu lagði konungsfulltrúi til, samkvæmt því, sem getið var að framan, að 11. gr. hèldist óbreytt, og skyldi því tilskipunin öðlast gildi 1. aprílm. 1872; þó hún með svofelldu móti yrði eigi birt á manntalsþingum innan þess dags, mætti samt að áliti hans finna ráð til þess, að tilskipunin innan þess tíma yrði öllum kunn, sem hlut ætti að máli. 1872. 26. febrúar.

Útaf þessum uppástungum, einkum að því leyti, er snerti gjald á öli og hækkað gjald á óblönduðum spiritus, fannst dómsmálastjórninni rèttast, að leita álits fjárstjórnarinnar; hún var á sama máli og alþingi um það, að ef lagt yrði sama gjald á óblandaðan spiritus og almennt brennivín, þá mundi líklega af því leiða, að nokkuð yrði flutt til landsins af áfengum spiritus, og gat hún jafnframt þess, að ef rètt aðferð væri við höfð væri blandaður spiritus vel drekkandi, og ekki skaðlegur fyrir heilsu manna, og væri henni kunnugt, að flutzt hefði til Íslands nokkuð af blönduðum spiritus. Á hinn bóginn gat fjárstjórnin eigi fallizt á það, sem alþing hafði stungið uppá, til þess að koma í veg fyrir þetta, þar sem af því að eins mundi leiða, að innfluttur yrði mjög áfengur spiritus, sem þó eigi væri með öllu óblandaður; fjárstjórninni fannst, að miða skyldi lægsta gjaldið við 8 stig eptir vínandamæli *Spendrups*, en af því, sem væri áfengara, skyldi greiða hærra gjald, annaðhvort eins fyrir allt eða eptir ýmsum stigum, eptir því hvað áfengt væri; með þessu móti yrði þá nauðsynlegt, að rannsaka drykkjarföngin á Íslandi, í öllu falli ef þau kæmi frá öðrum löndum, en frá Danmörku, því frá þeim mætti skýra svo sem þyrfti í skipaskjölunum. Að því leyti, er snerti gjald á öli, þá hafði fjárstjórnin ekki neitt ámóti því, að gjald yrði lagt á það á þann hátt, sem konungsfulltrúi hefði stungið uppá, ef öl væri álitið munaðarvara á Íslandi. Að endingu rèði fjárstjórnin frá því, að taka til greina uppástungu alþingis við 2. grein, með því gjaldið eptir orðum greinarinnar skyldi goldið af öllu því brennivíni, sem í skipinu væri, enda væri það venjulegt, að brennivín, sem ætlað væri handa skipverjum sjálfum, væri tilfært á tollskránni.

Dómsmálastjórnin var að öllu leyti samdóma konungsfulltrúa í því, að sú beiðni alþingis, að frumvarpið yrði eigi gjört að

1872. 26. febrúar.

lögum, fyr en alþing væri búið að fá löggjafarvald og fjárforræði, skyldi ekki tekin til greina, þar sem alþing sjálft hefði játað, að það sæi ekki neinn annan jafnhaganlegan veg til þess að auka tekjur landsins.

Þar sem nú væri endilega ákveðið með lögum 2. janúar 1871, hve mikið tillag skyldi goldið úr ríkissjóðnum til Íslands, og landið hèðan af væri uppá sjálft sig komið, væri það fyrst og fremst áríðandi, að reyna til að auka hinar sèrstaklegu tekjur landsins svo mikið, að nóg fè væri fyrir höndum til þess að framkvæma endurbætur, sem miðuðu til að koma landinu upp. Þetta væri nú hin fyrsta tilraun til þessa, en ef ætti að fresta því, að láta frumvarpið fá lagagildi, þá væri það hið sama sem að fresta sèrhverri viðleitni til að bæta hag landsins þangað til einhvern tíma, því eptir því, hvernig alþing hingað til hefði tekið í stjórnarskipunarmálið, mundi það mjög óvíst, hvenær það mál yrði útkljáð.

Að því leyti, er snerti frumvarpið sjálft, þá sá dómsmálastjórnin glögglega, að ef ýmislegt gjald yrði lagt á brennivín eptir því, hvað áfengt það væri, og hverrar tegundar, þá yrði nauðsynlegt, að rannsaka drykkjarföng þau, sem flyttist til Íslands. En bæði væri það, að menn nú, sem stæði, væri eigi reyndir í þeim efnum á Íslandi, enda mundi það mjög kostnaðarsamt að hafa við slíkt eptirlit, því það yrði að fara fram á öllum þeim 34 löggildu verzlunarstöðum á Íslandi, ef nokkur trygging ætti að vera að því. Reyndar skyldi útlend kaupskip koma við á þeim 6 höfnum, sem tilteknar eru í lögum 15. apríl 1854, og væri þá hægt að láta rannsóknina ávallt fram fara þar, og að því leyti, er snerti dönsk skip, sem færi beina leið frá Danmörku til Íslands, mætti ef til vildi sleppa henni, þar sem fara mætti eptir því, sem hèr væri sagt til um tollinn; en dönsk skip, sem færi frá útlöndum til Íslands, eða á leiðinni frá Danmörku kæmi við á höfn í útlöndum, yrði að rannsaka á Íslandi, og gæti þau siglt uppá hverja höfn á Íslandi, sem löggild væri. Að öðru leyti áleit stjórnarráðið, að ekki mundi vera svo hætt við, að kaupmenn flytti til landsins óblandaðan spiritus í staðinn fyrir almennt brennivín, sem alþingi hèldi, því það brennivín, sem búið væri til með því

að blanda spiritus með vatni, yrði síður útgengilegt, og ef reynslan sýndi, að yrði mjög farið í kringum lögin með þessu, væri hvernig sem á stæði hægt, að hækka gjald á óblönduðum spiritus. 1872. 26. febrúar.

Að því leyti, er snerti uppástunguna um gjald á öli, þá varð dómsmálastjórnin að vera á þeirri skoðun, að eigi væri næg ástæða til að heimta gjald af því; til Íslands flyttist ekki mikið af því, og mest af því væri án efa hvítt öl, sem eigi yrði talið með áfengum drykkjum, og væri gagnlegt, að það flyttist til landsins, þar eð reynslan hefði sýnt, að öldrykkja hefði dregið úr og hamlað ofnautn brennivíns.

Með tilliti til uppástungu þingsins við 2. grein var dómsmálastjórnin samdóma fjárstjórninni.

Að því leyti, er snerti hinar aðrar uppástungur þingsins, var farið eptir tillögum konungsfulltrúa um þær, samt var gjörð breyting á 10. grein til þess að fara nokkuð eptir uppástungu alþingis um, að orðið: „landsstjórnin" kæmi í staðinn fyrir: „hlutaðeigandi stjórnarráð", og var fyrir mælt, að hlutaðeigandi stjórnarráð eða landshöfðingi að undirlagi þess skyldi ákveða reglur um reikningsskil lögreglustjóra. Dómsmálastjórninni leizt, að lagaboðið skyldi ekki öðlast gildi, fyr en það gæti orðið birt á manntalsþingum, — en því mundi verða lokið 1. júlím., — þó svo færi, að landssjóðurinn mundi missa mesta part tekjanna af brennivínsgjaldinu á reikningsárinu 1872—73.

Eptir að búið var að gjöra breytingar við frumvarpið samkvæmt því, sem sagt er að framan, lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að það yrði gjört að lögum.

---

23. Tilskipun um póstmál á Íslandi. (á Íslenzku og Dönsku). 26. febrúar.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar handa Íslandi um póstmál, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1872.
26. febrúar.

1. grein.

Landshöfðinginn á Íslandi hefir á hendi stjórn hinna íslenzku póstmála innanlands.

Í Reykjavík skal sett póstskrifstofa og skipaður póstmeistari, sem konungur útnefnir, með 700 rd. launum á ári. Það skal komið undir úrskurð konungs, hvort honum verði veitt launaviðbót eptir aldri.

Til skrifstofukostnaðar handa póstmeistaranum og til kostnaðarins við póstafgreiðslu-störf á Íslandi og hirðing brèfa, hvort sem slík störf eru sameinuð einhverri annari sýslun eða einstakir menn hafa þau á hendi, skal verja því fè, sem til þessa er ætlað í hinni árlegu fjárhagsáætlun.

2. grein.

Til sendinga með póstum á Íslandi verður viðtaka veitt:

a) lausum brèfum, og er hèr til að telja:

1. hvað eina, er sent er í brèfsformi, og
2) prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða samanbrotið að eins; og sömuleiðis ef sú sending er opið spjaldblað eða sýnishorn af varningi eða fyrirmynd við fatasnið;

skulu þær sendingar vera með utanáskript og eigi þyngri en 50 kvint, en hvorki má á þær skrifa verð þeirra, eða, að þeim fylgi aðrir munir.

Þau skal álíta sem ábyrgðar-brèf, ef utan á þeim stendur: „mælt með", „á hendur falið" eða „NB", og eru búin frímerkjum, svo nægir. Ef svo er, verður þeim eigi skilað móttökumanni í hendur, nema hann greiði kvittun fyrir.

Öll þau brèf, sem lagðir eru inn í peningar eða peningavirði, sem eigi er tilgreind upphæð á, hvort heldur það eru gjaldgengir peningar, peninga ígildi, skuldabrèf eða aðrar skuldajátningar, er hverjum þeim eru nýtar, sem þær í höndum hefir, skulu vera ábyrgðarbrèf;

b) peningabrèfum, og telst hèr undir hvað eina í brèfs formi, að þyngd og svo á sig komið, sem fyrir er mælt í staflið *a*, þegar verð hins innlagða er til greint og það er annaðhvort peningar eða fèmætir pappírar. Fulla upphæð

þarf eigi að tilgreina, utan sá beiðist tölu á, er sendir, þá er hann afhendir sendinguna: 1872. 26. febrúar.

c) bögglum, og teljast hèr undir allir þeir munir, aðrir en greindir eru í stafliðunum *a* og *b*, er sendir verða með póstum, ef vísað er til viss manns, er við skal taka, og þeir eru í umbúðum eða um þá er svo lukt, sem hlýðir.

Hverri böggulsending skal fylgja tilvísunarbrèf með utanáskript, og læst, ef menn vilja; en til þess má eigi hafa ábyrgðarbrèf eða peningabrèf. Tilvísunarbrèfið má eigi vega meir en 3 kvint, en verður eigi talið þyngra fyrir því, þó lykill að sendingunni fylgi.

Um það, hvort taka megi böggla til flutnings á vetrarpóstferðum, skal ákveðið seinna meir.

3. grein.

Póststjórnin ákveður, hversu mikið af munum þeim, sem getið er um í 2. gr., póstarnir geti tekið að sèr til flutnings og ráðstöfunar, svo og hver skilyrði skuli gjörð eða hverjar reglur settar í slíkum greinum.

4. grein.

Frá því, er senda má með póstum, eru þeir hlutir undan skildir, sem bannað er að breiða út, eða bera með sèr eitthvað það, sem ólögmætt er, eða ósæmilegt eða öðrum mönnum til hneysu; enn fremur þeir hlutir, sem hætta er búin af, ef fluttir eru, t. a. m. eldfimir, sprenghættir, etandi eða þesskonar hlutir, og þeir, sem illur daunn er af. Sè þagað yfir innihaldi þessháttar sendinga eða rangt til sagt, á póststjórnin bótaheimtu fyrir þann skaða, er af þeim verður.

5. grein.

Póststjórnin skal sjá um, að póstarnir komist reglulega áfram annaðhvort með þeim áhöldum, sem hún sjálf á, eða með öðrum fararbeina, allt eptir því, sem henta þykir, og peningar að öðru leyti eru til þess í fjárhagsáætluninni.

6. grein.

Sèrhver skipstjórnarmaður er skyldur eptir áskorun póststjórnarinnar að taka á móti þeim hlutum til flutnings, er nefndir eru í 2. greinar staflið *a*, og flytja þá frá þeim stað, er skipið

1872. 26. febrúar.

leggur út frá, og til þeirrar hafnar á Íslandi eða erlendis, er það á að fara til og nefnd er í leiðarbréfi skipsins.

Komi sú áskorun til skipstjórans við sérstakt tækifæri, eða ef hún er opinberlega birt fyrir þau skip yfirhöfuð, er eiga leiðir á tiltekna staði, þá ber skipstjóranum að segja til þess í tækan tíma á pósthúsi þess staðar, og í seinasta lagi 24 stundum áður, hvaða dag og stund hann ætlar sér að halda í burt, og má hann þá ekki fyrri fara, nema póstsendingarnar sé á skip komnar; skulu þeim þá fylgja tvær sendingaskrár samhljóða, og fær póststjórnarmaðurinn aðra þeirra aptur með kvittun skipstjórans, en hinni heldur hann eptir.

Á leiðinni er skipstjóri skyldur að geyma póstsendingarnar á þeim stað í skipinu, þar sem þeim er óhultast og bezt fer um þær, og annast um þær sérílagi, þegar eitthvað ber að höndum.

Neyðist skipstjórinn til að leita hafnar á öðrum stað, en þeim, er leiðarbréf hans vísar til, skal hann segja til á pósthúsinu þar, að hann hafi póstsendingar meðferðis, eða ef þar er enginn póstembættismaður eða póstþjónn, láta þann embættismann vita það, er hann annars kann að hitta, svo ráðið verði af, eptir kringumstæðum, hvort beint skuli fyrir sendingunum með öðru móti.

Þegar skipstjórinn kemur þangað, sem ferð hans var heitið, skilar hann tafarlaust af sér póstsendingunum á pósthúsinu, er hann er lagztur við akkeri.

Það, sem hér er sagt, varðar og þau skip, er til flutninga eru höfð frá höfn á Íslandi; en þó skulu þessi skip skyld að taka það til flutnings, sem nefnt er í 2. grein, *b.* og *c.* Póststjórnin má og festa upp á þessum skipum, þarsem hentugast er og hægast til að ná, læsta kassa til að láta í bréf; um kassana og sendingarnar verður svo skipt á þeim stöðum, er skipin koma við á. Útgjörðarmaður eða skipstjóri þess skips, er senda á í flutningaferðir, er skyldur í tækan tíma, og í seinasta lagi samtíða hinni fyrstu auglýsingu sinni um ferðirnar, að segja póststjórninni til um leið skipsins, viðkomustaði, burtsiglingar- og tilkomutíð, og eins um sérhverja þá breytingu, sem á ferðum þessum verður gjörð síðar.

Sè eigi annað um samið, borgar póststjórnin fyrir flutning sendinga þeirra, sem hèr ræðir um, fyrir allt það, sem flytja á á einni ferð, eptir vikt með umbúðum: milli hafna á Íslandi 16 sk. undir 10 pund, eða minna, og milli annara staða 16 sk. undir 10 pund eða minna, fyrir hverjar 50 mílur af beinni vegarlengd. Ókeypis skulu flutt aptur brèf, er eigi ná að komast til skila, tómir póstsekkir, töskur eða annað því um líkt. 1872. 26. febrúar.

7. grein.

Verði póstarnir eða fararskjótar þeirra fyrir slysum í ferðunum, eður ef þeir þurfa aðstoðar við annara orsaka vegna, til að halda áfram ferð sinni, skal hver sá, er nærri býr, eptir áskorun veita þeim tafarlaust þá hjálp, sem með þarf, mót sanngjarnri borgun, hvort heldur það er hestlán eða annar beini.

Sú borgun gelzt eptir samkomulagi milli póststjórnarinnar og þeirra, er aðstoðina veittu, en náist eigi samkomulag, kemur það mál undir úrskurð hlutaðeigandi lögreglustjóra.

8. grein.

Burðareyrir er fyrir sèrhverjar þær sendingar, sem getið er um í 2. grein:

a) undir laus brèf:

1. venjuleg brèf, þegar höfð eru frímerki,
   ef þau vega allt að 3 kvintum . . . . . 4 sk.
   — yfir 3 kv. að 25 kv. . . . . 8 -
   — - 25 — 50 - . . . . . 12 -
   Sè eigi höfð frímerki, verður burðareyrir tvöfaldur við það, sem hèr er ákveðið;
2. undir prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða aðrar sendingar, sem um mælir í 2. greinar staflið *a*., 2., helmingur brèfburðareyris þess, sem getið var, ef frímerki eru við höfð, en þó eigi minna en 4 sk. undir hverja sendingu.

   Sè frímerki eigi við höfð við sendingar þessar, eða ef á þær er ritað nokkuð, sem eigi er leyft af póststjórninni, eða ef umbúðirnar, sem eiga að vera svo lagaðar, að hægt sè að kanna hvað í þeim er, eru með öðru móti, en hún hefir fyrir lagt, þá fer um borgunina eptir því,

1872. 26. febrúar.

sem mælt er um almenn brèf, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.

3. 8 sk. greiðast ennfremur fyrir að takast á hendur ábyrgð hverrar sendingar, sem mælt er um í 1 og 2;

b) undir peningabrèf:

burðareyrir eptir vikt, einsog ákveðið er í *a*., 1., og að auki 4 sk. í ábyrgðargjald fyrir hvert 100 rd., eða minni upphæð þeirra peninga, er til eru greindir utan á brèfinu.

Sè þess krafizt að peningar, sem sendir eru, sè taldir á pósthúsinu, skal fyrir það greiða 4 sk. af 200 rd. og minni upphæð, og 1 sk. af hverjum 100 rd. eða minna af því, sem fram yfir er.

c) undir böggla:

16 sk. fyrir hvert pund, sem böggullinn vegur, telst þá partur úr pundi sem heilt sè. Sè verð til greint, greiðist enn fremur ábyrgðargjald það, sem fyrir er mælt í staflið *b*. Sè í bögglinum gjaldgengir peningar, peninga ígildi, skuldabrèf, þeim nýt, er í höndum hefir, eða aðrir þesskonar pappírar, og sè beiðzt tölu á því fè, þá fer um þær sendingar sem um peningabrèf. Undir tilvísunarbrèf þarf eigi sèrílagi að borga.

Sè miði látinn fylgja brèfum, sem falin eru á hendur, peningabrèfum eða bögglum, til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem undir almennt brèf.

Um móttöku þeirra sendinga, sem nefndar eru í *a*, 3 og í *b*. og *c*., skulu póstembættismenn láta í tè skriflega viðurkenningu borgunarlaust, þarámóti verður ekki krafizt viðurkenningar fyrir þær sendingar, sem nefndar eru í *a*., 1 og 2.

3 sk. skal greiða fyrir hvað eina af því, er hèr er nefnt: fyrir að leggja til lakk til innsiglis á sending, fyrir að setja á merki, sem þörf er á, fyrir umbúðir peningabrèfs, fyrir utanáskript eða tilvísunarbrèf, en þó má sú borgun samtals eigi fara fram yfir flutningseyri sendingarinnar.

Þegar þær sendingar, sem eigi hafa komizt úr vörzlum póststjórnarinnar, verða sendar aptur frá þeim stað, er þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 2 sk. fyrir hvert 100 rd., ef peningar eru

sendir, og 4 sk. fyrir hvert pund í bögglum, og þó aldrei minna en 4 sk. Aðrar sendingar eru því aukagjaldi undan skildar. 1872. 26. febrúar.

Það, sem goldið er, eptir því, sem tiltekið er í þessari grein, fyrir að telja peninga, fyrir lakk til innsiglis á sendingu og fyrir að setja á merki, o. s. frv. (sbr. það, sem fyrir er mælt að framan), fellur til hlutaðeigandi póstþjóna.

9. grein.

Á pósthúsum má panta dagblöð og tímarit, og setur póststjórnin þær reglur, er hèr þarf við að hafa.

Taki póststjórnin að sèr flutning á ritum þessum, er burðareyrir 1/4 sk. fyrir hvert númer, og skal reikna þetta eptir meðaltölu á því, sem ætlazt má til að komi út á því tímabili, sem áskriptin er miðuð við; þó skal 4 sk. greiða að minnsta kosti fyrir sending á þeim númerum, sem út eru komin á einum ársfjórðungi.

Fyrir að panta blöðin og fyrir borgunarheimtur og reikningsskil, sem því eru sameinuð, greiðast 8 af hundraði af verði blaðsins fyrir áskrifendur á þeim stað, þar sem það er gefið út.

10. grein.

Borgunin, sem ákveðin er í 8. og 9. grein, greiðist fyrirfram fyrir:

brèf, sem falin eru á hendur;

móttökukvittanir;

sendingar til konungs og konungsættingja;

sendingar til stjórnarvalda og sveitarstjórna, að þeim undan skildum, er koma frá öðrum mönnum en þeim yfirvöldum, er nú voru nefnd, ef þær einungis hafa inni að halda skýrslur eða álit, sem krafizt hefir verið eða beðið um, og sá, er sendir, vottar það utan á brèfinu með eiginhandar undirskript, að það sè þess efnis;

opin brèf, eða brèf með þeirri utanáskript, að móttökumaður getur af henni ráðið, hvers efnis þau eru;

blöð og tímarit, sem menn skrifa sig fyrir fyrir fjórðung árs í minnsta lagi frá venjulegum fjórðungaskiptum. Þó má póststjórnin í stöku tilfellum miða borgunina við skemmri tíma.

Burðareyri fyrir allar sendingar, sem eigi eru hèr taldar, má

1872. 26. febrúar.

sá, er sendir, greiða hvort sem hann kýs heldur á þeim stað, er þær ganga frá, eða hinum, er þær eiga að fara til, eða skipta honum á báða staðina. Þegar burðareyrir er að eins greiddur að nokkrum hluta með frímerkjum, skal heimta burðareyri af sendingunni einsog ef ekkert væri goldið, en frá borguninni skal dregið verð þeirra frímerkja, sem höfð voru.

Einstakir menn, sem senda eitthvað með pósti, eru skyldir til að borga eptir á ógoldna póstpeninga fyrir sendingar, sem ekki eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess verður krafizt af póststjórninni.

11. grein.

Burðareyrir greiðist með því að líma á brèfið, peningabrèflð eða (þegar bögglar eru sendir) á tilvísunarbrèfið, svo mörg frímerki, er samsvarar burðargjaldinu; frímerki lætur póststjórnin búa til, og fást þau til kaups á póststofunni, á öllum póstafgreiðslustöðum og brèfhirðingarstöðum, þannig að fyrir hvert fullt hundrað af frímerkjum, sem keypt eru í einu, borgar kaupandi 4% minna, en þau hljóða uppá.

12. grein.

Af tekið er að flytja nokkuð kauplaust. Það skal komið undir úrskurð konungs, hverja uppbót embættismenn og sýslunarmenn skuli fá fyrir þann kostnaðarauka, er af þessu leiðir fyrir þá.

Til þeirra póstsendinga, er á þenna hátt er veitt þóknun fyrir úr landssjóðnum, má hafa þjónustu-frímerki. Hinar nákvæmari reglur um, hvernig þessu verði við komið og um reikningsskil, skal hlutaðeigandi stjórnarráð eða landshöfðingi eptir undirlagi þess setja.

13. grein.

Glatist ábyrgðarbrèf í vörzlum póststjórnarinnar, skal greiða þeim, er sendi, 10 rd. í skaðabætur.

Týnist peninga- eða böggul-sending, eða ef það skemmist eða breytist um það, sem var í þeirri sendingu, meðan hún var í vörzlum póststjórnarinnar, þá bætir póststjórnin þeim skaðann, er sendi, þó ekki fram yfir það, er greint var um verðið, þá er sendingin var látin á póstinn, og eigi yfir 48 sk. fyrir hvert

pund af vikt sendingarinnar í umbúðum, ef verðið var eigi til greint. Sè hluturinn týndur með öllu, skal og borga aptur þann burðareyri, er greiddur var. 1872. 26. febrúar.

Skaðabætur greiðast ekki:

a) þegar skaðinn kemur eingöngu af eðli þess, sem sent er, eða orsakast af illum umbúðum;

b) þegar böggullinn hefir ekki skaddazt að utan á umbúðum eða innsigli, svo að því verði kennt um að sendingin sjálf hafi skemmzt eða glatazt. Þó skal þann skaða bæta, er verður á peningum og pappírum, er peningaverð hafa, sem eru afhentir í umbúðum, eða á öðrum peningasendingum, hvort sem umbúðir eða innsigli eru ósköddud eða ekki, ef það fè var talið á pósthúsinu, þegar því var skilað þar.

Þær bætur, er póststjórnin á að gjalda eptir því, sem nú er sagt, ná að eins til verðs þess hlutar, er glatazt hefir, eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu munir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábatamissi, eða afsakna, eða peningaverðfall, eða yfirhöfuð neinar óbeinlínis afleiðingar skaðans.

Fyrir hina hlutina, sem nefndir eru í 2. grein, skal engar skaðabætur greiða.

Skylda til skaðabóta fellur burt, ef póststjórninni eigi er skýrt frá kröfunni innan eins árs frá því, að hluturinn var látinn á póstinn.

14. grein.

Brot gegn póstlögunum skal varða þeim hegningum, sem hèr skal greina:

a) Sá, sem afhendir pósti eða öðrum póstþjóni hluti, sem eptir því, sem sagt er, má senda með pósti, til að koma þeim á framfæri utanpósts, skal sæta sektum, er nemà sexföldum burðareyri eptir taxtanum.

b) Fyrir það að senda peninga eða aðra verðmæta muni, sem nefndir eru í 2. grein staflið *a*, tilsagnarlaust í lausum brèfum án ábyrgðar, skal liggja við sekt, sem sè fimmtungur af verði því, sem leynt er, þó eigi yfir 10 rd.

c) Fyrir misferli af hálfu skipsútgjörðarmanna og skipstjóra gegn því, er þeim er gjört að skyldu í 6. grein, skal greiða 2—

1872. 26. febrúar.

10 rd. sekt. Valdi brotið því, að póststjórninni verði gjört að skyldu, að greiða skaðabætur, skal hlutaðeigandi þaraðauki endurgjalda póststjórninni skaðabætur þær, sem hún á að láta af hendi.

d) Sömu hegning skal sá sæta, er veitir eigi tafarlaust póstinum þá hjálp, sem um er rædt í 7. grein.

e) Þeir embættismenn eða sýslunarmenn, sem hafa þjónustufrímerki til annara sendinga en þeirra, er leyft er, eða láta aðra menn fá þau til þess, sem þeim ekki er leyft, eða ef þeir með öðru móti verða þess ollandi, að heimtað verði af landssjóðnum meiri uppbót fyrir afnám ókeypis-sendinga, en greiða skal samkvæmt 12. grein, skulu sæta 5—50 rd. sektum.

Framannefndar sektir ákveður póststjórnin, og skal úrskurður hennar standa óraskaður, nema hlutaðeigandi innan 14 daga, frá því er honum var birtur úrskurðurinn, heimti, að málið gangi til dóms, og skal þá fara með það sem opinbert lögreglumál.

Póststjórninni er heimilt, ef ástæða virðist til þess í stöku tilfellum, að færa niður ofannefndar sektir, eða gefa þær upp með öllu.

Sektir þær, sem nefndar eru í stafliðunum *a.* og *b.*, falla til þess, er með sögusögn sinni kemur því til leiðar, að hin drýgðu afbrot komist upp. Hinar sektirnar ásamt þeim burðareyri, sem undan er dreginn, falla í póstsjóð.

15. grein.

Sá, sem sendir eitthvað með pósti, hefir ráð yfir því, þangað til því er skilað.

Sendingar þær, er eigi komast til skila, skulu opnaðar, og farið með þær, sem póststjórnin ákveður nákvæmar, og skal selja munina póstsjóði í hag. Ef eigandinn segir til sín innan sex mánaða frá því er selt var, fær hann það, er fyrir hlutinn kom, að frá dregnum kostnaði og án leigna.

Að öðru leyti má enginn af þeim, sem hafa póstþjónustu á hendi, gefa nokkrum manni útifrá neina vísbendingu um það, er annar maður sendir með pósti, og eigi heldur má neitt af því, sem fengið er póstinum til flutnings, með vitund póstþjónustumanna opna nè lesa af óviðkomandi mönnum.

16. grein. 1872.

Hvenær sem greiða skal sekt, burðareyri eða skaðabætur útaf einhverjum hlut, sem er í vörzlum póststjórnarinnar, er henni heimilt, að halda honum aptur eða því, sem hann hefir inni að halda, unz borgað er, og verði eigi borgað, að ráða með öllu yfir hlutnum eða því, sem hann hefir inni að halda. 26. febrúar.

Ef skera á úr því, hvort eitthvað er látið á póstinn eða sent með löglegu móti, og úrskurður þessi er kominn undir því, hvers eðlis eða innihalds hluturinn er, og hann er í vörzlum póststjórnarinnar, má hún heimta, að sendingin verði í viðurvist póstþjónustumanns opnuð, og rannsökuð af þeim, sem tekur við henni, eða, ef svo ber að, af þeim, sem sendir hana. Verði þessu eigi hlýdt, má póststjórnin ráða yfir hlutnum eins og áður var getið.

17. grein.

Hlutaðeigandi stjórnarráð, eða landshöfðingi eptir undirlagi þess, sèr um tilhögun á póstgöngunum og setur allar þær reglugjörðir, sem útheimtast til þess, að koma þessari tilskipun í verk.

18. grein.

Þangað til settur verður landshöfðingi á Íslandi, skal stiptamtmaður hafa það vald, sem með þessari tilskipun er falið landshöfðingja á hendur.

19. grein.

Hlutaðeigandi stjórnarráð sèr um, að þessi tilskipun geti öðlazt gildi í seinasta lagi 1. aprílm. 1873.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu [1].

Eins og sjá má af auglýsingu konungs til alþingis 31. maí 1867[2] varð að fresta framkvæmdum þeim til þess að endurbæta

---

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 9—14, 525—537, 412—422 og 708; II., 101—115, 266—273, 288—300 og 420—423.

[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 425.

1872. 26. febrúar.

póstmál á Íslandi, sem byrjað var á[1]; en með því nú lögin 2. janúar 1871 um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu voru útkomin, var ekki neitt því til fyrirstöðu frá þessari hlið, að reyna til að koma í lag hinum íslenzku póstmálum. Stjórnin lagði þá frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um póstmál fyrir alþingi 1871; þetta frumvarp ræddi þingið síðan á lögskipaðan hátt og lèt uppi álit sitt um það, eins og hèr skal getið.

Þingið aðhylltist frumvarpið að mestu leyti óbreytt, og stakk að eins uppá fáeinum breytingum, er nú skal frá skýrt.

Þar sem í 1. grein væri ákveðið, að laun póstmeistarans í Reykjavík skyldi vera 800 rd., með 100 rd. viðbót 5. hvert ár, þangað til þau væri orðin 1000 rd., áleit þingið, að með því störf embættismanns þessa varla yrði svo umfangsmikil eða erfið, mundi hann geta haft á hendi jafnframt einhverja aðra sýslun eða atvinnu, sem gæfi honum nokkrar tekjur í viðbót; stakk því þingið uppá, að setja skyldi „600 rd." í staðinn fyrir „800 rd.", og „800 rd." í staðinn fyrir „1000 rd."

Þar sem í 6. grein væri settar tvennskonar reglur um skyldu skipstjóra til at flytja póstsendingar, eptir því hvort skipin væri höfð til stöðugra millumflutninga eður ekki, og svo fyrir mælt, að hin fyrnefndu skip ætti að vera skyld til að flytja allskonar póstsendingar, en hin að eins laus brèf, þá virtist þinginu ekki næg ástæða til að gjöra þenna greinarmun, með því á Íslandi væri ekki nein slík millumflutningaskip; heldur fannst þinginu ástæða til, að láta þær reglur, sem settar væri um millumflutningaskip, ná til allra skipa, og mundi slíkar sendingar allajafna muna svo litlu, að þær eigi gæti komið í bága við annan flutning, enda væri ákveðin rífleg borgun fyrir þenna flutning.

Þinginu fannst það eiga betur við, með því eigi væri gjört ráð fyrir eiginlegu pósthúsi annarstaðar en í Reykjavík, að setja orðið „póstafgreiðslustað" í staðinn fyrir „pósthús" bæði í 5. kafla 6. greinar og í öðrum greinum frumvarpsins, þar sem rædt væri um póstafgreiðslu í öðrum stöðum, en í Reykjavík.

Þingið lagði til, að það yrði beinlínis ákveðið í 12. grein,

[1]) Tíðindi frá alþingi 1865, II., 112 og 123.

að sá kostnaður, sem af því leiddi fyrir embættismenn, að því leyti, er snerti embættisafgreiðslu þeirra, að af tekið yrði að flytja nokkuð kauplaust með póstum, skyldi endurgoldinn þeim á þann hátt, sem ákveðinn yrði með konungsúrskurði, en í frumvarpinu var svo fyrir mælt, að það skyldi koma undir konungsúrskurði, hvort embættismenn skyldi fá uppbót fyrir hinn umrædda kostnaðarauka og hve mikil hún skyldi vera. 1872. 26. febrúar.

Til þess að taka af öll tvímæli um það, að ákvarðanirnar í 1. og 2. kafla 13. greinar, þar sem talað væri um póstembættismenn, ætti einnig við póstana sjálfa, jafnvel þó þeir ekki væri embættismenn, stakk þingið uppá, að á þessum stöðum yrði sett „í vörzlum póststjórnarinnar og hennar þjónustumanna" í staðinn fyrir „í vörzlum póstembættismanna". Í niðurlagi sömu greinar fannst þinginu það réttast eptir því hvernig hagaði til á Íslandi, að láta réttinn til skaðabóta fyrnast eptir 12 mánaða í staðinn fyrir eptir 6 mánaða frest.

Sömuleiðis virtist þinginu, að ætti að lengja tíma-ákvörðunina í 15. greinar 2. kafla, þannig, að eigandi fengi andvirði hinna seldu póstsendinga, ef hann segði til sín innan 6. mánaða frá því selt væri.

Með því svo væri til ætlazt, að landshöfðingi skyldi hafa á hendi stjórn hinna íslenzku póstmála, virtist þinginu það eðlilegast, að hann einnig skipaði fyrir um póstgöngur og setti allar þær reglugjörðir, sem þörf væri á, en þetta var, samkvæmt 17. grein frumvarpsins, ætlað hlutaðeiganda stjórnarráði eða landshöfðingja eptir þess undirlagi; samt lagði þingið ekki neina áherzlu á þetta atriði.

Auk þessa, sem talið er, stakk þingið upp á ýmsum orðabreytingum, sem ekki voru teknar beinlínis fram í álitsskjalinu, en voru látnar koma í því frumvarpi, sem fylgdi álitsskjalinu.

Í álitsskjali sínu var konungsfulltrúi samdóma alþingi um breytingar við 6., 12., 13. og 15. grein frumvarpsins, að því undanteknu, að honum fannst, að orðið „pósthús", sem væri meir almennt, ætti betur við en „póstafgreiðslustaður", og að orðin „í vörzlum póstembættismanna" skyldi haldast. Aptur ámóti varð hann fastlega að mæla á móti því, að laun póstmeistarans yrði

1872. 26. febrúar. lækkuð, með því tèður embættismaður yrði að semja yfirgripsmikla reikninga, og ferðast um landið til að hafa eptirlit með póstþjónum, enda væri það, sem ætlað væri til skrifstofukostnaðar, heldur naumlega tiltekið. Að því leyti, er snerti 17. grein, rèð konungsfulltrúi til, að frumvarpið hèldist óbreytt.

Þareð dómsmálastjórninni fannst það áríðandi, að fá álit hinnar æðstu póststjórnar í Danmörku um breytingar alþingis á frumvarpinu, skrifaði hún fjárstjórninni um þetta efni. Fjárstjórnin leitaði þá álits aðalpóststjórnarinnar, og var efni þessa álitsskjals, sem fjárstjórnin skýrskotaði til í svari sínu, eins og hèr skal sagt.

Aðalpóststjórnin var ámóti því, að breytingarnar við 1. og 6. grein yrði teknar til greina; að því leyti er snerti 6. grein var tekið fram, að póststjórnin gæti ekki látið það við gangast, að fá hverjum og einum skipstjóra í hendur fèmæta muni; að það mundi örðugt, að útvega rúm handa böggulsendingum í skipum, sem eigi væri höfð til stöðugra millumflutninga, og að hvernig sem á stæði væri það aðalætlunarverk póststjórnarinnar, að flytja brèf manna á milli, en flutningur peningabrèfa og böggulsendinga yrði að lúta í lægra haldi. Aðalpóststjórnin gat ekki neitt að því fundið, að tíma-ákvarðanirnar í 13. og 15. grein yrði hafðar eins og alþingi hafði stungið uppá. Jafnframt gat fjárstjórnin þess, að það mundi eiga vel við, svo enginn vafi væri á því, að taka það beinlínis fram í tilskipuninni, að stjórnin setti þær ákvarðanir, sem með þyrfti um póstflutninga milli Íslands og annara póstumdæma.

Dómsmálastjórnin var samdóma aðalpóststjórninni um 6., 13. og 15. grein frumvarpsins, og að því leyti, er snerti 12. grein hafði hún ekki neitt ámóti því, að 1. kafla greinarinnar yrði vikið við á líkan hátt, og alþing vildi. Að því, er snerti 1. grein, varð dómsmálastjórnin, enda þótt konungsfulltrúi og aðalpóststjórnin hefði verið á móti því, að fara nokkuð eptir ósk alþingis, og setja laun póstmeistarans uppá 700 rd. í upphafi, en láta það koma undir konungsúrskurð, hvort honum yrði veitt launaviðbót eptir aldri, en til skrifstofukostnaðar mætti í hvert skipti ætla honum fè í hinni árlegu fjárhagsáætlun. Þar sem al-

þing hafði stungið uppá því, að í staðinn fyrir orðin „í vörzlum póstembættismanna" í 13. grein kæmi „í vörzlum póststjórnarinnar og hennar þjónustumanna" fannst stjórnarráðinu það bezt við eiga að hafa einsamalt „í vörzlum póststjórnarinnar", því aðalpóststjórnin hafði bent á, að svo yrði að telja, að skaðabætur gæti komið fyrir sendingu, ekki að eins þegar hún væri hjá póstembættismönnum og póstum, heldur einnig þegar hún væri flutt með skipi einstaks manns (samkv. 6. grein), og skipstjóri hefði í vörzlum sínum sendinguna svo sem fyrir hönd póststjórnarinnar. Við 17. grein frumvarpsins var eigi gjörð nein breyting. Að því leyti, er snerti þá uppástungu fjárstjórnarinnar, að taka skyldi beinlínis fram um vald stjórnarinnar til þess að setja ákvarðanir um póstflutninga milli Íslands og annara póstumdæma þá virtist stjórnarráðinu, að það væri nóg í þessu tilliti, að láta fyrirsögn lagaboðsins vera „tilskipun um póstmál á Íslandi".

1872. 26. febrúar.

Samkvæmt því, sem sagt er, lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum með þeim breytingum, sem getið er.

---

24. Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1872 til 31. marzmánaðar 1873, staðfest af konungi 26. dag febrúarmánaðar 1872. (á Íslenzku og Dönsku).

26. febrúar.

Christian hinn Níundi, o. s. frv.

Vora sèrlegu hylli!

Vèr veitum þèr hèrmeð allramildilegast vald til, ásamt með konungsbrèfi þessu, að láta kunngjöra almenningi áætlun þá, sem hèrmeð fylgir, um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1872 til 31. marzmánaðar 1873, sem gjörð er

1872. 26. febrúar. í dómsmálastjórn Vorri, og sem Vèr allramildilegast höfum staðfest.

Eptir þessu átt þú þèr þegnlega að hegða.

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuhöll, 26. dag febrúarmánaðar 1872.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Í nafni konungs

Frederik,

krónprinz.

(*L. S.*)

Fr. Krieger.

Til

dómsmálaráðgjafa Vors.

Áætlun

um

tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1872 til 31. marzmánaðar 1873.

Fyrsti kapítuli.

Tekjur.

1. grein.

Á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1872 til 31. marzmánaðar 1873 er ætlazt til að tekjur Íslands sè 99,312 rd. 21 sk., en þetta fè fæst með því móti, sem skýrt er frá í 2. til 4. grein.

2. grein.

Þær tekjur, sem hèr skulu taldar, er ætlað að nemi 42,099 rd. 6 sk.

	rd.	sk.
1. erfðafjárskattur og gjald af fasteignarsölum .	1,680.	
2. gjöld fyrir leyfisbrèf og veitingabrèf	400.	
3. nafnbótaskattur	250.	
4. tekjur af lènssýslum	2,660.	
5. lögþingisskrifara laun	32.	6
yfir um . . .	5,022.	6

		rd.	sk.	1872.
	handan að . . .	5,022.	6	26. febrúar.
6.	tekjur af umboðssýslugjöldum	911.		
7.	konungstíundir	3,500.		
8.	lögmannstollur	330.		
9.	gjöld af verzlun á Íslandi . . . . 11,560 rd.			
	gjöld af póstgufuskipinu . . . . . 994 —			
		12,554.		
10.	gjald á brennivíni, o. fl.	5,000.		
11.	tekjur af konungsjörðum . . . . 17,600 rd.			
	að frá dregnum: umboðslaunum, prestmötu, alþingistolli, o. fl. . . . . 4,920 —			
		12,680.		
12.	gjald uppí andvirði seldra jarða og fasteigna, og vextir af ógoldnu andvirði, sem hinar seldu eignir enn eru að veði fyrir:			
	a. vextir . . . . . 175 rd.			
	b. borgun uppí andvirðið . . . . . 70 —			
		245.		
13.	leigugjöld:			
	a. af Lundey . . . . . 83 rd.			
	b. af silfurbergsnáminum í Helgustaðafjalli . . . . . 100 —			
		183.		
14.	afgjald af jörðunum Belgsholti og Belgsholtskoti, o. fl.	74.		
15.	óvissar tekjur (hèr eru taldar með sektir samkvæmt hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869)	1,500.		
15.	leigur af hjálparsjóðnum	100.		
	samtals . . .	42,099.	6	

3. grein.

Gjöld uppí lán og skyndilán verða talin uppá 8,207 rd. 15 sk., sumsè:

1872.				rd.	sk.
26. febrúar.	1. uppí alþingiskostnað			6,200.	
	2. önnur endurgjöld:				
	a. uppí lán til aðgjörða við stiptamtmannshúsið í Reykjavík	269 rd.	15 sk.		
	b. uppí lán til þess að byggja kirkju á Eyri	108 —	» -		
	c. uppí skyndilán útaf fjárkláðanum á Íslandi	500 —	» -		
	d. uppí lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvalla klausturs	220 —	» -		
	e. uppí lán til þess að afstýra hallæri í suður- og vesturumdæmi Íslands	910 —	» -		
				2,007.	15
	samtals . . .			8,207.	15

4. grein.

Tillag úr ríkissjóðnum samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871 verður talið 49,006 rd., sumsè:

	rd.	sk.
hið fasta tillag	30,000.	
aukatillag	20,000.	
	50,000.	
samkvæmt 6. grein laganna verður dregið frá . .	994.	
samtals . . .	49,006.	

Annar kapítuli.

Útgjöld.

5. grein.

Á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar 1872 til 31. marzmánaðar 1873 er ætlað á, að útgjöld Íslands verði alls 99,312 rd. 21 sk. samkvæmt þeim gjalda-greinum, sem skýrt er frá í 6—10 gr.

6. grein. 1872.

Útgjöld, er snerta dómsmálastjórnina, eru talin að nemi 26. febrúar.
33,846 rd., sumsè:

			rd.	sk.
A. 1.	Laun embættismanna .	23,323 rd. 32 sk.		
2.	viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870 9. gr.	2,893 — 32 -		
			26,216.	64
B.	Skrifstofufè, o. s. frv.		3,800.	
C.	Önnur útgjöld:			
1.	þóknun handa tveimur settum málafærslumönnum við landsyfirrèttinn	500 rd. » sk.		
2.	styrkur í notum spítalans, sem var fyrrum á Gufunesi	96 — » -		
3.	póstgöngur á Íslandi . .	1,000 — » -		
4.	styrkur til garðaræktar, o. s. frv.	300 — » -		
5.	styrkur til útbýtingar á læknismeðölum handa fátæklingum	400 — » -		
6.	styrkur handa hinu íslenzka bókmentafèlagi, til þess að gefa út skýrslur um landshagi á Íslandi	400 — » -		
7.	styrkur til þess að gefa út lagasafn fyrir Ísland.	933 — 32 -		
8.	útgjöld útaf tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni o. fl. . . .	200 — » -		
			3,829.	32
		samtals . . .	33,846.	

1872.
26. febrúar.

7. grein.

Útgjöld, er snerta kirkju- og kennslustjórnina, eru talin 28,267 rd. 72 sk., sumsè:

		rd.	sk.
A. 1.	Laun embættismanna	13,950 rd.	
2.	viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870, 9. grein. .	1,900 —	
			15,850.
B. 1.	Fyrir umsjón (við skólann) . . .	300 rd.	
2.	aðstoðarfè	800 —	
3.	viðbót eptir kornverði	160 —	
			1,260.
C.	Önnur útgjöld í þarfir andlegu stèttarinnar:		
1.	til fátækustu brauða . . .	318 rd. 72 sk.	
2.	til nokkurra brauða í fyrveranda Hóla stipti	300 — » -	
3.	til prestsekkna og barna .	400 — » -	
4.	styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum	500 — » -	
5.	skrifstofufè handa biskupi.	400 — » -	
			1,918. 72
D.	Önnur útgjöld í þarfir hins lærða skóla:		
1.	fyrir húsrúm til prestaskólans .	250 rd.	
2.	húsaleiga handa 18 lærisveinum við prestaskólann, 40 rd. handa hverjum	720 —	
3.	til bókakaupa við prestaskólann	200 —	
4.	til tímakennslu við hinn sama.	100 —	
5.	til ýmislegra útgjalda við hinn sama.	100 —	
6.	til bókakaupa við hinn lærða skóla	500 —	
7.	til eldiviðar og ljósa	700 —	
	yfir um . . .	2,570 rd.	19,028. 72

		rd.	sk.	1872.
handan að . . .	2,570 rd.	19,028.	72	26. febrúar.
8. til skólahússins utanstokks og innan , ...	1,285 —			
9. til tímakennslu	530 —			
10. ölmusur við hinn lærða skóla	4,000 —			
11. fyrir að semja reikninga skólans	100 —			
12. fyrir skrifstörf og útreikninga	100 —			
13. fyrir prestsverk	24 —			
14 þóknun handa lækni	30 —			
15. ýmisleg útgjöld	600 —	9,239.		
samtals . . .		28,267.	72	

8. grein.

Eptirlaun eru talin 11,000 rd.

9. grein.

Til ýmislegra óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, eru ætlaðir 6,000 rd., og eru hèr með taldir 2,000 rd., sem útgjöld fyrir fullt og allt til þess að setja í verk tilskipun um póstmál á Íslandi.

10. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 20,198 rd. 45 sk., skal leggja til hjálparsjóðsins.

---

25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til hins konunglega landbústjórnarfèlags, um styrk handa íslenzkum jarðyrkjumanni. 27. febrúar.

Með brèfi 24. þ. m. hefir hið konunglega danska landbústjórnarfèlag sent hingað bænarskrá nokkra frá Ólafi Sveinssyni af Íslandi um það, að honum verði fengin nokkur tilnefnd verkfæri til vatnsveitinga, og jafnframt vitnisburð, sem mælir með sækjanda frá vatnsveitingamanni *Jörgensen*, sem hin síðustu ár hefir staðið fyrir vatnsveitingum á engi og af í suðurumdæmi Íslands;

1872. 27. febrúar. jafnframt hefir landbústjórnarfèlagið, sem byggir á því, að Ólafur Sveinsson muni, ef til vill, eptirleiðis geta tekið að sèr störf þau, sem tèður *Jörgensen* hefir haft á hendi, borið upp þá spurningu, hvort dómsmálastjórnin sè fús til, ef fèlagið borgi helminginn fyrir verkfæri þau, sem Ólafur Sveinsson hefir sókt um, — en kaupverðið mun verða alls 50 rd., — að borga hinn helminginn af sjóði Íslands, og hefir fèlagið bætt því við, að það vili gangast undir, að borga allan kostnaðinn til bráðabirgða fyrirfram.

Útaf þessu gefst fèlaginu til vitundar, því til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin eptir kringumstæðunum skal vera fús á að greiða helminginn af því fè, sem með þarf í þessu skyni.

Fylgiskjölin sendum vèr fèlaginu aptur með þessu brèfi.

---

28. febrúar. **26. Brèf dómsmálaráðherrans til stiptamtmanns Hilmars Finsens, um það, að hann takist ferð á hendur til Kaupmannahafnar.**

Með tilskipun um póstmál á Íslandi, sem út kom 26. þ. m., er svo fyrir mælt, að stiptamtmaður skuli hafa á hendi stjórn þessara póstmála þangað til settur verður landshöfðingi á Íslandi. Útaf þessu verð eg að álíta það hagfellt, að þèr dvelið hèr nokkurn tíma í Kaupmannahöfn, áður en tèð tilskipun öðlast gildi, til þess að kynna yður svo nákvæmlega sem unnt er störf þau, sem póststjórninni eru samfara.

Eg skal þessvegna mælast til þess, að þèr, herra stiptamtmaður, sjáið um, að embætti því, sem yður er trúað fyrir, verði stjórnað tilhlýðilega í fjærvist yðar, og að þèr takist ferð á hendur hingað með póstgufuskipinu, er það fer hingað aptur frá Íslandi í fyrstu ferð sinni á þessu ári, ef þèr eigið hægt með það, en að öðrum kosti með þeirri ferð skipsins, sem eptir ferða-áætluninni byrjar frá Reykjavík 17. júní, og skal þess jafnframt getið, að kostnaðurinn við ferð yðar hingað og dvöl hèr mun verða yður endurgoldinn eptir sömu reglum og áður.

---

27. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um tekjur af brauði. 1872. 28. febrúar.

Með brèfi, dagsettu 9. nóvbrm. f. á., ásamt fylgiskjölum, hafið þèr, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt, þar sem Ísleifur Einarsson, fyrrum prestur að Stað í Grindavík í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem fèkk veitingu fyrir þessu brauði 19. ágúst 1868, en kaus heldur að sitja á brauði því, sem hann til þess tíma hafði haft, til næstu fardaga, hefir lagt það undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort hann eigi, samkvæmt tilsk. 6. janúar 1847[1] ásamt með tilsk. 3. febrúar 1836, IV.[2] hafi tilkall til nokkurs hluta af þeim tekjum, sem Stefán prestur Thorarensen, er þjónaði Staðar kallinu á fardagaárinu 1868—69, hefir haft af því brauði afdráttarlaust.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið fellst á það, sem hèraðsprófasturinn, sira Þórarinn Böðvarsson, hefir stungið uppá í áliti sínu um þetta mál, en samkvæmt því skuli sèra Stefán Thorarensen halda afdráttarlaust þeim tekjum af tèðu kalli, sem fallnar eru fyrir 19. ágúst 1868, en þeim tekjum, sem eru fallnar frá þessum tíma til næstu fardaga, skuli skipta milli hans og prestsins Ísleifs Einarssonar eptir þeim reglum, sem settar eru í tilsk. 3. febr. 1836, IV.

---

28. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um launaviðbót handa fyrsta kennara við prestaskólann, Helga Hálfdánarsyni. 28. febrúar.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin hafði skrifazt á við dómsmálastjórnina útaf bænarskrá, sem þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, senduð hingað með brèfi, dagsettu 21. nóvbrm. f. á., frá fyrsta kennara við prestaskólann á Íslandi,

---

[1]) Lovsamling for Island, XIII., 569.

[2]) Lovsamling for Island, X., 687.

1872. 28. febrúar. Helga Hálfdánarsyni, um það, að honum allramildilegast verði veitt persónuleg launabót, að minnsta kosti 400 rd. á ári, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að það, sem með þarf í þessu skyni, hefir verið tekið upp í áætlunina um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1872—73, sem allramildilegast var staðfest 26. þ. m.

---

28. febrúar. **29. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtsins og biskupsins á Íslandi, um húsleigustyrk handa stúdentum á prestaskólanum.**

Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, með brèfi 8. júní f. á. senduð hingað fjárhagsáætlun prestaskólans fyrir reikningsárið 1872—73, hafið þèr farið þess á leit, að veittur verði húsleigustyrkur handa 18 stúdentum við tèðan skóla, 40 rd. handa hverjum, eða alls 720 rd., í stað þess, að áður var að eins veittur til þessa styrkur handa 10, þangað til í fyrra[1], en þá fengu hann 14.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin hefir skrifazt á útaf þessu við dómsmálastjórnina, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að það fè, sem með þarf til þessa, er veitt með áætlun um tekjur og útgjöld Íslands fyrir reikningsárið 1872—73, sem allramildilegast er staðfest 26. þ. m.

---

29. febrúar. **30. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til kennslu ómála barna.**

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin hefir skrifazt á við dómsmálastjórnina útaf bænarskrá, sem þèr, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi í fyrra hafið sent hingað, og þar sem

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 232.

Páll prestur Pálsson sækir um árlegan fjárstyrk, ámeðan hann stendur fyrir heyrnar- og málleysingja kennslu þeirri, sem hann með leyfi stjórnarinnar hefir stofnað á Íslandi, gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar og eptirbreytni, og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið hefir veitt sækjandanum fyrir reikningsárið frá 1. apríl 1872 til 31. marz 1873 20 rd. styrk fyrir hvern, sem hann hefir til kennslu, en eigi handa fleirum en 10. Þessi styrkur er bundinn við það skilyrði, at Páll prestur Pálsson skuldbindi sig til, að kenna uppá eiginn kostnað hæfum manni aðferð við kennslu heyrnar- og málleysingja, svo framarlega sem stiptsyfirvöldin kynni að leggja honum það fyrir og þegar að því kemur. Því skal við bætt, að landfógeta hefir í dag verið skrifað, að borga fjárstyrk þenna úr jarðarbókarsjóði Íslands, þegar þér gjörið tilkall til hans. 1872. 29. febrúar.

---

31. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1872—73. 29. febrúar.

Með þessu brèfi sendum vèr yður, herra stiptamtmaður, nokkur exempl. af Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. apríl 1872 til 31. marz 1873, sem staðfest er með konungsúrskurði 26. þ. m.; að því leyti, er snertir útborgun launa embættismanna og launa viðbóta, sem tilfærð eru á meðfylgjandi fylgiskjali, bendum vèr til þess, sem fyrir er sagt í brèfi dómsmálastjórnarinnar 20. febr. 1866, sbr. brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar 15. apríl 1851 og brèf dómsmálastjórnarinnar 4. marz f. á.[1]

Um leið og vèr — -- — — til leiðbeiningar.[2]

(Samhljóða 2. kafla í brèfi dómsmálastjórnarinnar 4. marz f. á.)

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 145.

[2]) Hin íslenzka stjórnardeild dómsmálastjórnarinnar skrifaði sama dag stiptyfirvöldunum um fjárhagsáætlunina.

1872. 29. febrúar. Til þess að komast hjá misskilningi skal því við bætt, að eigi skal birta tèða áætlun á manntalsþingum.

---

29. febrúar. **32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1872—73.**

(Fyrsti kafli er samhljóða upphafinu á brèfinu næst á undan).

Því skal við bætt, að þeim yfirvöldum á Íslandi, sem í hlut eiga, hefir í dag verið gefin vísbending um þetta.

---

29. febrúar. **33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skyldu presta að leggja til vegavinnu.**[1]

Útaf því, að Þorkell prestur Eyjólfsson að Borg í Mýrasýslu hefir skorazt undan að leggja til vinnu þá til aukavega, sem fyrir er mælt um í tilsk. um vegina á Íslandi, 15. marz 1861, 18. grein, og byggt þessa undanfærslu á brèfi nokkru frá stiptsyfirvöldunum á Íslandi, þar sem tèð grein er þýdd á þá leið, að eigi lægi á prestum nein skylda í þessu tilliti, hafið þèr, herra amtmaður, jafnframt og þèr tilfærið þær ástæður, sem að yðar áliti sè fyrir því, að lagaboðið sè skilið gagnstætt þessu, í brèfi, dagsettu 17. febrúar f. á., lagt þetta ágreiningsmál undir úrskurð stjórnarráðsins.

Eptir að vèr höfum skrifazt á við stiptamtmanninn yfir Íslandi um þetta mál, gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það, og gjörið frekari ráðstafanir, ef á þarf að halda, að stjórnarráðið fellst á þá skoðun, er þèr hafið látið í ljósi, að prestum sè eins skylt og öðrum verk-

---

[1]) Sama dag var stiptamtmanninum og amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu tilkynntur þessi úrskurður stjórnarráðsins.

færum karlmönnum á lögboðnum aldri, að leggja til vinnu eða peninga til vegabóta og viðhalds á aukavegunum. 1872. 29. febrúar.

---

34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum. 21. marz.

Í tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. þ. á., sem vèr með þessu brèfi sendum nokkur exempl. af, er svo fyrir mælt, að af allskonar víni og brennivíni eða þesshátta tilbúnum áfengum drykkjum, sem flytjast til Íslands, skuli greiða aðflutningsgjald, 8 sk. af hverjum potti, ef þeir eru fluttir á ámum, tunnum eða öðrum stórum ílátum, en sè þeir tappaðir á flöskur, krukkur, brúsa eða þesskonar ílát, skuli greiða 8 sk. af hverjum 3 pelum. Þareð engin tollheimta er á Íslandi, hefir mönnum komið saman um í umræðunum um lagaboð þetta, áður en það kom út, að óhætt mundi að byggja á því, að tollskráin, sem hvert skip, er afgreidt er til Íslands á tollstað í ríkinu, á að hafa meðferðis samkvæmt lögum 15. apríl 1854, 8. gr., mundi eptir atvikum vera nægilega tryggjandi meðal, að því leyti er snerti skip, sem kæmi frá innanríkis höfn, til þess að hafa gætur á, að gjaldið yrði rètt goldið, ef að eins tollskráin væri samin með svo mikilli nákvæmni, að gjaldið yrði byggt á henni (samanbr. ástæðurnar[1] fyrir frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi, til þessarar tilskipunar, í viðbætinum við stjórnartíðindin dönsku [*Ministerialtidenden*] fyrir 1871, bls. 67). Dómsmálastjórnin mælist því til, að fjárstjórnin gjöri svo vel að láta í tè aðstoð sína til þess, að svo verði sagt öllum tollstöðum í Danmörku fyrir, að tollskráin fyrir sèrhvert skip, sem á að fara til Íslands, og sem hlaðið er að öllu eða nokkru leyti einhverju af þeim vörum, sem taldar eru að framan, verði hèr eptir samin með svo mikilli ná-

---

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, II.,90—100.

1872. 21. marz. kvæmni, að hlutaðeigandi stjórnarvöld á Íslandi geti byggt á henni gjaldið.

---

21. marz. **35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.**

Í tilskipun handa Íslandi — — — — 8 sk. af hverjum 3 pelum. (Upphafið er samhljóða fyrstu málsgrein í næsta brèfi á undan). Þareð engin tollheimta er á Íslandi, hefir mönnum komið saman um í þeim umræðum, sem fram fóru um lagaboð þetta, áður en það kom út, að óhætt mundi að byggja á því, að vöruskrá sú, sem hvert það skip, sem á að fara frá höfn í útlöndum til Íslands, skal hafa meðferðis samkvæmt lögum 15. apríl 1854, 8. gr., og sem hinn hlutaðeigandi danski verzlunarfulltrúi staðfestir, mundi eptir atvikum vera nægilega tryggjandi, til þess að hafa gætur á, að gjaldið yrði rètt goldið, ef að eins vöruskráin væri samin með svo mikilli nákvæmni, að gjaldið yrði byggt á henni (sbr. ástæðurnar fyrir frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi, til þessarar tilskipunar í viðbætinum við stjórnartíðindin dönsku [*Ministerialtidenden*, 1871, bls. 67]). Dómsmálastjórnin mælist því til, að utanríkisstjórnin gjöri svo vel að láta í tè aðstoð sína til þess, að svo verði sagt öllum dönskum verzlunarfulltrúum fyrir, að hafa gætur á, að vöruskráin fyrir hvert skip, sem á að fara til Íslands, og sem hlaðið er að öllu eða nokkru leyti einhverju af þeim vörum, sem taldar voru að framan, verði hèr eptir samin með svo mikilli nákvæmni, að hlutaðeigandi stjórnarvöld á Íslandi geti byggt gjaldið á henni.

---

26. marz. **36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra við Ísland.**

Sjóliðsstjórnin hefir í brèfi 18. þ. m. skýrt frá, að skonnortuskipið Fylla eigi að fara ferð til Íslands og Færeyja undir stjórn

P. J. C. Holbölls kapteins í öndverðum næsta mánuði, og spurt að, hvort dómsmálastjórnin æski, að skipstjóra verði sagt fyrir sèrstaklega í einhverju efni. 1872. 26. marz.

Útaf þessu verðum vèr, um leið og skírskotað er til brèfs dómsmálastjórnarinnar 25. marz. f. á., að mælast til, að sjóliðsstjórnin sjái svo um, að athygli skipstjórans verði leidt að tilskipun þeirri, sem komin er út 12. f. m. um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og fl., og sem öðlast gildi 1. júlí þ. á., en með 1. gr. hennar, sbr. 2. gr., er gjörð breyting á því, sem fyrir var mælt í eldri lögum um hegning fyrir yfirgang útlendra í landhelgi við Ísland; jafnframt sendum vèr yður nokkur expl. af tilskipun þessari. Þó svo sè til ætlazt, með því að setja vægari hegningar fyrir slík afbrot, að verði að framfylgja lögunum einbeittara en hingað til í því, að hafa auga á afbrotum þeim, sem hèr er verið að ræða um, svo að hvert útlent skip, sem verður uppvíst að slíku, þó það sè í fyrsta skipti, verði tekið og farið með það til þess amtmanns, sem næstur er, til þess málsókn verði hafin á hendur þeim, sem í hlut eiga, og þeim hegnt samkvæmt tilskipuninni, hefir stjórnarráðinu samt fundizt rèttast, að láta nokkurn tíma líða, svo hún nái að festast í meðvitund manna, áður en farið verður að beita lögunum beint eptir því, sem fyrir er mælt í þeim. Vèr mælumst því til, að *Holböll* kapteini verði sagt svo fyrir, að fylgja enn á þessu ári þeirri aðferð, sem hingað til hefir verið við höfð, og skuli hann því þessvegna í fyrsta skipti að eins vísa skipi því, sem í hlut á, burt, fá sannanir fyrir því, hvert skipið sè, og skýra hinu fyrsta herskipi sama þjóðernis, sem hann hittir, frá því, sem gjörzt hefir, en jafnframt verður hann að leiða athygli þeirra, sem í hlut eiga, að því, að hin nýja tilskipun sè út komin, og hverjar afleiðingar það þegar hafi, ef þeir gjöri sig aptur seka í hinu sama. Að endingu mælumst vèr til, að skipstjóra verði sagt frá, að enskt herskip ef til vill muni koma til Íslands á þessu ári, og skal í því tilliti vísað til eptirrits af brèfi dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, sem hèr fylgir[1].

[1]) Brèf dómsmálastjórnarinnar 28. desbr. 1871. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 238.

1872. 26. marz.

37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra við Ísland.

Þarsem talsvert vægari hegningar liggja við fyrir yfirgang útlendra í landhelgi við Ísland samkvæmt 1. og 2. gr. í tilskipun þeirri, sem út kom 26. f. m. um fiskiveiðar útlendra við Ísland, o. fl., en samkvæmt eldri lögum, hefir verið ætlazt til við umræður þær, sem fram fóru um tèð lagaboð, áður en það kom út, að nú yrði að framfylgja lögunum einbeittara en hingað til í því, að hafa auga á þeim afbrotum, sem hèr eru umtalsmál, þegar tilskipunin væri komin í gildi 1. júlí þ. á. Samt sem áður hefir stjórnarráðinu fundizt það rèttast, að láta nokkurn tíma líða, til þess tilskipunin nái að festast í meðvitund manna, áður en farið verður að fylgja henni fram með meiri eptirgangsemi, en hinum eldri hegningarákvörðunum laganna um þetta var beitt, og höfum vèr því mælzt til þess við sjóliðsstjórnina, að skipstjóranum á skonnortunni Fyllu, sem byrjar ferð til Íslands og Færeyja í öndverðum næsta mánuði, verði sagt svo fyrir, að hann enn á þessu ári skuli að eins vísa útlendum skipum burt, sem brjóta gegn tilskipuninni, fá sannanir fyrir því, hvert skipið sè, og skýra hinu fyrsta herskipi sama þjóðernis, sem hann hittir, frá því, sem gjörzt hefir, og verður þar að auki athygli hlutaðeigandi leidt að því, að tilskipunin sè komin út, og hverjar afleiðingar það hafi, ef þeir gjöri sig seka á ný í hinu sama.

Dómsmálastjórninni mundi nú þykja vænt um, að utanríkisstjórnin tilkynni þeim ríkisstjórnum í útlöndum, sem í hlut eiga, að farið verði enn á þessu ári, af þeirri ástæðu, sem getið var, eins vægilega að, og hingað til, en framvegis sè það ætlunin. einmitt vegna þess, að hegningarákvarðanirnar sè svo vægar í tilskipuninni, að láta þegar í stað taka hvert skip, sem brýtur gegn henni, og fara með það til næsta amtmanns, svo málsókn verði höfðuð á hendur þeim, sem í hlut eiga, og þeim hegnt samkvæmt því, sem fyrir sè mælt.

38. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um hitavèl í bókhlöðu hins lærða skóla í Reykjavík. 1872. 12. apríl.

Kirkju- og kennslustjórnin gefur yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar, að vèr höfum komið því til leiðar, að veittir sè með áætluninni um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1872—73, 7. gr. D. 8, 585 rd. til þess að leggja hitavèl í bókhlöðu hins lærða skóla í Reykjavík, og höfum vèr falið timburmeistara *Klentz* á hendur, að framkvæma verk þetta á þessu ári, samkvæmt lýsingu þeirri, sem hann hefir samið, og sem vèr sendum yður eptirrit af. Til þess það verði sannað, að verkið sè framkvæmt samkvæmt því, sem um er samið, verðum vèr jafnframt að mælast til, að þèr látið skoðunargjörð fram fara, þegar því er af lokið, og sendið hingað útskript af henni.

---

39. Umburðarbrèf dómsmálastjórnarinnar til allra amtmanna og lögreglustjóra á Íslandi, um reikningsskil fyrir gjaldi á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum (Prentað á Dönsku einungis). 13. apríl.

Samkvæmt 10. gr. í tilskipun handa Íslandi, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. þ. á., skulu settar svolátandi reglur, sem farið verður eptir, þegar gjöra skal reikning þann, sem fyrir er mælt um í tèðri grein.

1. grein.

Við lok hvers reikningsárs skal hlutaðeigandi lögreglustjóri semja ítarlegan reikning með nægum skilríkjum yfir gjöld þau og sektir þær, sem hann hefir heimt saman á því ári samkvæmt tilsk. 26. febrúar 1872, og skal senda landshöfðingja (fyrst um sinn stiptamtmanni) reikninginn með fyrstu póstferð til Reykjavíkur á því reikningsári, sem fer í hönd.

Þar að auki er lögreglustjóri skyldur til, að senda land-

1872. 13. apríl. fógeta með fyrstu póstferð á hverju hálfu missiri reikningságrip yfir gjald og sektir, sem hann hefir heimt saman á því hálfu missiri, sem liðið er, og skal fylgja með það fè, sem hann hefir tekið við í gjald og sektir, að frádregnu því, sem honum ber í innheimtulaun, og ef svo ber undir, þeim hluta af sektunum, sem kann að falla til sögumanns (sbr. 9. gr. tilskipunarinnar); svo skal einnig draga frá kostnað þann, sem samkvæmt 3. gr. tilskipunarinnar er goldinn úr opinberum sjóði. Á reikningságripið skal lögreglustjóri rita vottorð um það, að á tèðu tímabili hafi ekki önnur gjöld eða sektir fallið til, er honum bar að heimta samkvæmt tilsk. 26. febrúar 1872, en það, sem tilgreint er í ágripinu. Eigi innheimtumaður heima í Reykjavík, skal senda ársreikninginn innan 14 daga eptir lok reikningsársins og ágripið innan 8 daga frá því hið hálfa missiri er liðið.

2. grein.

Þessi skilríki skulu fylgja ársreikningnum:

1. ágrip af vöruskrá eða tollskrá þeirri, sem skipið á að hafa meðferðis samkvæmt lögum 15. apríl 1854, 8 gr.;

2. hið skriflega vottorð, sem skipstjórnarmaður gefur uppá sína æru og trú um það, að ekki sè í skipinu aðrar nè fleiri af hinum nefndu vörum, sem gjalda þarf af, en þær, sem eru ritaðar á vöruskrána eða hina dönsku tollskrá, og svo um það, hve mikið af því, sem að flutt er, sè ætlað skipverjum sjálfum; ef svo ber undir, skal og skýrsla sú fylgja reikningnum, sem lögreglustjóri samkvæmt 2. gr. tilskipunarinnar 3. lið hefir heimild til að heimta að sèrhver sá, sem tekur við tèðum vörum, gefi uppá sína æru og trú.

3. Að því leyti, er snertir þær vörur, sem gjalda þarf af og fyrir er mælt um í 4. gr., skal staðfest endurrit af hleðsluskjölum þeim eða tilvísunarbrèfum, sem þær eiga við, fylgja reikningnum. Sömuleiðis skal reikningnum fylgja skýrsla sú, sem sá, er við vörunum tekur, gefur samkvæmt 4. gr. 2. lið, þegar gjaldið er talið eptir slíkri skýrslu.

4. Ef svo stendur á, að lögreglustjóri hefir haft gætur á um afferming skips samkvæmt 3. gr. tilskipunarinnar, skal fylgja útskript af þeirri gjörð, sem fram hefir farið útaf þessu.

5. Til sönnunar því, að sektir þær, sem í reikningnum standa,

sè rètt tilfærðar, skal honum fylgja staðfest endurrit af yfirvalds úrskurði þeim eða dómi, sem ákveður sektirnar. 1872. 13. apríl.

Þegar gjalda skal kostnaðinn við afferming skips úr opinberum sjóði, samkvæmt 3. grein tilskipunarinnar, skal útskript af þeirri gjörð, sem fram hefir farið útaf þessu, fylgja reikningnum.

6. Þegar skipstrand verður, og ákveða skal gjald á tèðum vörum, skal staðfest ágrip af því, sem fram hefir farið við strandið, fylgja reikningnum sem skilríki.

Fr. Krieger.

Fr. Reinhardt.

---

40. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til að ferðast til sýningarinnar í Kaupmannahöfn. 13. apríl.

Með brèfi 23. f. m. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, er formaður nefndar þeirrar, sem sett er í Reykjavík útaf gripasýningunni fyrir Norðurlönd, hefir mælt með, og þar sem gullsmiður Sigurður Vigfússon sækir um opinberan styrk til að ferðast hingað á gripasýninguna, en hann hefir látið á hana sýnishorn af smíðum sínum; hafið þèr lagt það til, að sækjandanum verði veittur 200 rd. styrkur af þeim 500 rd., sem samkvæmt brèfi stjórnarráðsins 6. nóvbr. f. á.[1] voru veittir til kostnaðar við hlutteking Íslands í gripasýningunni.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið þykist eptir atvikum geta leyft, að tèð upphæð verði veitt sækjandanum af fyrnefndu fè.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 233.

1872. 15. apríl.

41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um byggingarlóð á stiptamtmannstúninu í Reykjavík.

Í brèfi, dagsettu 3. febr. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem dómkirkjupresturinn í Reykjavík, Hallgrímur Sveinsson, hefir sókt um, að fá byggingarlóð að meðalstærð í syðra jaðrinum á túni því, sem heyrir stiptamtmannshúsinu til, meðfram hinum svo nefnda Bakarastíg, og hafið þèr af þeim ástæðum, sem nákvæmar eru tilgreindar, stungið uppá, að yður verði veitt vald til, sumpart að selja nefndum presti byggingarlóð þá í suðurhluta túnsins, sem hann hefir æskt eptir, sumpart afhenda hinn hlutann af túninu, sem liggur með fram Bakarastígnum, 20 áln. að breidd, til byggingarlóða, með þeim skilmálum, sem hèr skal getið:

1.) að kaupandinn að slíkri byggingarlóð skuldbindi sig og þá, sem síðan kunna að eignast lóðina, sumpart til þess, að greiða til landssjóðsins árlegt gjald, sem skal nákvæmar ákveðið eptir stærð lóðarinnar, sumpart til þess, að byggja grindur og viðhalda þeim í góðu standi, sem sè á hæð $2^1/_2$ alin, milli lóðarinnar, sem honum er fengin og túnsins, sem heyrir stiptamtmannshúsinu til, og til tryggingar þessum skuldbindingum gefa fyrsta veðrètt í lóð þeirri, sem hann hefir keypt, og í húsum þeim, sem þar kunna að verða byggð, og leyfa að kaupbrèfið verði þinglesið um þetta;

2.) að kaupandinn skuldbindi sig til, að slètta innan eins árs frá því, að lóðin er fengin honum til umráða, flatarúm af túninu, sem sè jafnstórt og lóðin sjálf, þar sem stiptamtmaður vísar til, og hafa til þessa grastorf það, sem hann sker upp úr byggingarlóð þeirri, sem honum verður seld, og:

3.) að grjótið í grjótgarði þeim, sem nú stendur, eða fè það, sem fyrir það kann að fást, verði haft til að bæta túngarðinn um hitt túnið.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, og býst við, þegar að því kemur, að fá skyrslu frá yður um þær ráðstafanir, sem gjörðar

verða í þessu tilliti, og sèr í lagi um gjald það eða þær tekjur, sem samkvæmt því, sem sagt er, kunna að falla til landssjóðsins. 1872. 15. apríl.

---

42. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bólusótt. 15. apríl.

Sökum þess að bólan gengur allstaðar í Danmörku, — enda þótt minna kveði að henni fyrir utan Kaupmannahöfn — mælumst vèr til, að þèr (tit.) brýnið fyrir öllum þeim, sem hlut eiga að máli í suðuramtinu (vesturamtinu, — norður- og austuramtinu), að gæta þess kostgæfilega, sem fyrir er mælt í opnu brèfi, áhrærandi ónýting opinna brèfa af 18. maí 1787 og 27. maí 1803, dagsettu 20. júní 1838.[1]

---

43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um reikningsskil fyrir gjaldi á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum. 15. apríl.

Um leið og vèr sendum yður (tit.) nokkur exempl. af umburðarbrèfi, sem dómsmálastjórnin hefir látið út ganga til allra amtmanna og lögreglustjóra á Íslandi um reglur, sem farið verður eptir, þegar gjöra skal reikning þann, sem fyrir er mælt í tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. 1872, — en þetta umburðarbrèf er beinlínis sent hèðan lögreglustjórunum —, mælumst vèr til, að þèr brýnið fyrir öllum hlutaðeigendum, að gæta þess kostgæfilega, sem fyrir er mælt í lögum 15. apríl 1854, að útlend skip skuli koma við á einhverri af þeim höfnum, sem nefndar eru í 2. grein, áður en þau sigla upp á aðrar hafnir á Íslandi.

---

[1]) Lovsamling for Island, XI., 245.

1872. 15. apríl.

44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um dýralækni í suðuramtinu.

Í brèfi, dagsettu 18. f. m., hafið þèr, herra stiptamtmaður, tekið það fram, að það væri æskilegt, að hafa Snorra Jónsson sem dýralækni fyrir suðuramtið enn um eitt ár, talið frá 1. maím. þ. á., til þess að nota kunnáttu hans og aðstoð sèr í lagi gegn fjárkláðanum, sem hefir gjört vart við sig í ýmsum hreppum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og í Árnessýslu. Með því nú jafnaðarsjóður suðuramtsins eigi hefir næg efni til að greiða kostnaðinn, sem rísa mundi af þessu, og sem ætlazt er á að verði 600 rd., án tillags frá hinu opinbera, hafið þèr stungið upp á, að stjórnarráðið eins og í fyrra veiti 300 rd. í þessu skyni, af því fè, sem ákveðið er til óvissra útgjalda fyrir Ísland á reikningsárinu 1872—73, gegn því, að jafnmiklu verði varið til þessa úr jafnaðarsjóðnum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, og skal því við bætt, að vèr í dag höfum skrifað landfógeta um, að yður verði borgaðir 300 rd., 25 rd. á hverjum mánuði, úr jarðabókarsjóðnum af því fè, sem tilfært er í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1872—73, 9. grein.

---

15. apríl.

45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um bygging hegningarhúss í Reykjavík.

Um leið og vèr tilkynnum yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar fyrst um sinn, að dómsmálastjórnin hefir gefið timburmeistara *Klentz* hèr úr borginni loforð fyrir því, að hann skuli byggja hegningarhúsið o. s. frv. í Reykjavík samkvæmt áætlun þeirri, sem hann hefir samið og sent hingað, fyrir 22,270 rd., skal þess getið, at timburmeistari *Klentz* hefir skýrt frá, að hann sendi erfiðismenn til Reykjavíkur með póstgufuskipinu, sem fari hèðan á morgun; mælumst vèr því til, að þèr vísið

fulltrúa Klentz's á lóð þá, sem ætluð er til hegningarhússins, — en af henni fylgir uppdráttur og er tiltekið á honum, hvar byggingin skuli vera —, og sjáið um að grjót það, sem þèr hafið útvegað með samningum til þessa, verði fengið tèðum fulltrúa svo fljótt sem verður. 1872. 15. apríl.

---

46. Tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík. 20. apríl.
(á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í hana skulu kosnir bæjarfulltrúar, og er bæjarfógeti oddviti stjórnarinnar.

2. grein.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfirhöfuð er á hendi oddvitans.

3. grein.

Með samþykkt má ákveða, að hinum sèrstöku bæjarmálefnum sè beinlínis stjórnað af föstum nefndum, og skal í samþykktinni tiltekið nákvæmar, hverir skuli vera í þeim, og um vald þeirra. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur, að framkvæma sèrstök bæjarstörf eptir þeim reglum, sem til skulu teknar í samþykktinni.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sèr þau sèrstöku bæjarstörf, sem þeim verða falin á hendur.

4. grein.

Í samþykktinni skal kveðið á um, hve margir hinir kjörnu bæjarfulltrúar skuli vera; skal tala þeirra ætíð standa á stöku, og mega þeir ekki vera færri en 7, og ekki fleiri en 13.

1872.
20. apríl.

5. grein.

Með tilliti til kosninga skal bæjarfulltrúum skipt í tvo hluti, og skal annar þeirra vera einum fjölmennari en hinn. Meiri hlutinn skal kosinn af öllum þeim kaupstaðarbúum, sem kosningarrètt hafa til alþingis, ef þeir hafa verið búsettir í kaupstaðnum næsta ár frá nýjári til nýjárs á undan kosningunni, og greidt í beinlínis bæjargjöld í minnsta lagi 4 rd. Minni hluti bæjarfulltrúa skal kosinn af $^1/_5$ hluta allra þeirra áður töldu bæjarbúa, er kosningarrètt hafa, og mest hafa greidt í bæjargjöld hið síðasta ár frá nýjári til nýjárs, ef þessi $^1/_5$ hluti hefir goldið minnst $^2/_3$ hluta allra gjaldanna. Nái fimmtungurinn ekki þessari upphæð, skal svo mörgum við bætt af þeim, sem mest greiða, úr hinum $^4/_5$ pörtunum, að þessari gjaldaupphæð verði náð. Hafi fleiri greidt jafnmikil gjöld á því ári, og það verður nauðsynlegt, að nokkur þeirra gangi til kosningar, til þess að ná hinum fyr nefnda fimmtung af kjósendum, eða $^2/_3$ pörtunum af gjaldaupphæðinni, skulu þeir allir ganga til kosningar.

Kjörgengur er hver, er kosningarrètt hefir til meiri hluta bæjarfulltrúa.

Feður og afkomendur mega ekki sitja í bæjarstjórninni í senn.

6. grein.

Almennar kosningar skulu fara fram einhvern hinn fyrsta dag eptir nýjár, og gildir kosningin í sex ár. Þriðja hvert ár skal á víxl kosinn meiri eða minni hluti bæjarfulltrúa. Þeir, sem nú eru í bæjarnefndinni, skulu ganga inn í bæjarstjórnina, og fara fyrst frá, er sá tími er liðinn, sem þeir voru kosnir fyrir.

Nú gengur úr bæjarstjórn maður innan þeirra 6 ára, sem hann er kosinn fyrir, og skal þá kosning þess, sem í hans stað er kosinn, að eins gilda fyrir þann tíma, sem eptir er af hinum sex árum.

7. grein.

Kosningum stýrir kjörstjórn, og eru í henni oddviti bæjarstjórnarinnar og tveir af bæjarfulltrúum, kosnir af og úr bæjarstjórninni. Svo skal kosningu undir búa, að kjörstjórnin semur kjörskrá yfir kjósendur, og skal þá farið eptir skattgjaldaskrám

bæjarins frá næsta ári áður en kosning fer fram. Kjörskráin skal vera til sýnis á opinberum stað um 14 daga á undan kjördegi. Kærur um, að nokkur sè oftalinn eða vantalinn á kjörskránni, á, ef þær eiga að verða teknar til greina, að leggja fyrir kjörstjórnina, að minnsta kosti þremur dögum á undan kjördegi, svo að kjörstjórnin geti rannsakað málið og lagt úrskurð sinn á það, áður kosning fer fram. 1872. 20. apríl.

8. grein.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða dag, stað og stundu, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti átta dögum á undan, og á þann hátt, sem almennur er í kaupstaðnum um opinberar auglýsingar. Skal kjörfundurinn haldinn fyrir opnum dyrum; skulu þá kjósendur allir, er neyta vilja kosningarrèttar síns, koma sjálfir á kjörfund, og lýsa því yfir annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni eða á opnum seðli, hvern þeir vilja kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal.

Þegar þeir hafa greidt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stundu, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi enn komnir, með þessu móti fái tækifæri til að neyta kosningarrèttar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

Þá er í sama mund skal kjósa bæjarfulltrúa úr flokki allra kjósanda og úr flokki þeirra, er mest gjalda, skulu hinar almennu kosningar fram fara fyrst, og þar á eptir skal kjósa hinn hlutann í fyrsta lagi á fjórða degi og í seinasta lagi innan átta daga.

9. grein.

Sèrhver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka á móti kosningu, nema hann sè sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests, anna eða annars því um líks hefir sennilega ástæðu til þess, að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sèr ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem í minnst þrjú ár í samfellu hefir

1872. 20. apríl.

verið bæjarfulltrúi, er eigi skyldur að taka á móti kosningu, fyr en að jafnlangur tími er liðinn, og hann hefir áður verið bæjarfulltrúi.

Sá, sem hefir eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan 8 daga, eptir að kosninginn hefir farið fram, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan 14 daga frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður um það leitað álits kjörstjórnarinnar. Úrskurði bæjarstjórnarinnar má innan 14 daga frá því, hann er upp kveðinn, áfrýja til landshöfðingjans. Þegar almennar kosningar (þriðja hvert ár) hafa átt sèr stað, fara bæjarfulltrúar þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er úrskurður bæjarstjórnarinnar á fyrnefndan hátt er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

Sè undanfærsla undan kosningu tekin til greina, eða kosning er ónýtt, skal ný kosning fara fram sem fyrst, og skal til þess nota hinar síðast lagfærðu kjörskrár.

10. grein.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort beiðni hans skuli taka til greina. Bæjarstjórnin ákveður ennfremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, sem svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færist undan að gjöra það, hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig að nauðsyn ber til að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kæru sína undir landshöfðingja, sem leggur endilegan úrskurð á málið. Þegar einhver fulltrúi fer úr bæjarstjórn, skal kosið að nýju, nema allir þeir, sem eptir eru, fallist á í einu hljóði, að því megi fresta til hinna næstu almennu kosninga. Fari tveir eða fleiri úr bæjarstjórn misreitis, skal, svo fljótt sem verða má, skilmálalaust kosið að nýju í stað þeirra, er frá hafa farið, eptir endurskoðaðri kjörskrá.

11. grein. 1872.

Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum, og 20. apríl.
sèr um, að það, sem ályktað er, verði rètt ritað í gjörðabókina.

Til þess lögmæt ákvörðun sè gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sè jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn bera til, eða minnst helmingur bæjarstjórnarinnar æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti, sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sèrhver í bæjarstjórninni rètt á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað. Að öðru leyti ákvarðar bæjarstjórnin sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

12. grein.

Virðist bæjarfógeta, að ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald bæjarstjórnarinnar, eða að hún sè gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða að hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita atkvæði sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann þá úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu þeirri, er bæjarfógeti sendir til landshöfðingja, skal ávallt jafnframt senda bæjarstjórninni.

13. grein.

Fátækranefnd sú, sem stofnuð er samkvæmt reglugjörð 27. nóvbr. 1846, skal upphafin, og skulu störf hennar falin bæjarstjórninni á hendur. Í samþykkt bæjarstjórnarinnar skulu tilteknar nákvæmari reglur um stjórn fátækramálefnanna, og má þar í einnig ákveða, að hin sèrstaklega umsjón með fátækum og fátækrastofnunum skuli falin á hendur fátækrastjórum, sem ekki

1872. 20. apríl.

eru í bæjarstjórninni, og eru þeir skyldir að takast þenna starfa á hendur kauplaust.

Sóknarpresturinn skal taka þátt í umræðunum um þau mál, er snerta uppeldi og kennslu fátækra barna, og hafa atkvæði í þeim. Fallist bæjarstjórnin ekki á álit hans um það, hvar koma eigi þessum börnum fyrir, má hann skjóta þeirri ályktun, sem gjörð hefir verið, til landshöfðingja.

14. grein.

Stjórn á tekjum og gjöldum skóla skal bæjarstjórnin hafa á hendi, og yfirhöfuð alla umsjón um skólasjóði og reikninga. Til þess að hafa umsjón með skólakennslunni og embættisverkum kennara skólans, skal sett skólanefnd, og eru í henni sóknarpresturinn og minnst tveir menn aðrir, sem bæjarstjórnin kýs til þess, og skal að minnsta kosti annar þeirra vera úr flokki bæjarfulltrúa. Kosningin gildir fyrir þrjú ár, og eru hlutaðeigendur skyldir að takast starfa þenna á hendur launalaust. Nefnd þessi velur sjálf formann sinn. Skólakennara kaupstaðarins má eigi kjósa í skólanefndina.

15. grein.

Bæjarstjórnin skal kjósa tvo menn, annan úr sínum flokki, til hafnarnefndarinnar.

16. grein.

Bæjarstjórnin kýs tvo menn úr sínum flokki til að taka sæti í byggingarnefndinni samkvæmt opnu brèfi 29. maí 1839, 1. grein, og skal hun einnig kjósa hina tvo aðra bæjarbúa, sem í nefndinni eiga að vera.

Ennfremur kýs bæjarstjórnin einn mann úr sínum flokki í heilbrigðisnefndina.

17. grein.

Bæjarstjórnin setur embættismenn og sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eptir uppástungu lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnarinnar.

18. grein.

Innan 1. dags októbermán. ár hvert skal samin áætlun yfir tekjur og útgjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár, samkvæmt

fyrirmynd þeirri, er landshöfðingi hefir samþykkt. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með 8 daga millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein, og greiða atkvæði um hverja grein útaf fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eptir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. grein. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dag nóvbrmán., og skal hún vera öllum til sýnis um 14 daga. 1872. 20. apríl.

Komi síðar til útgjalda, sem eigi eru á áætlun, eða verða eigi greidd af þeirri upphæð, sem tiltekin er í áætluninni í útgjaldagrein þeirri, sem við á, og gjald þetta er ekki beinlínis lagt á með lögum, eða ef upphæðin í áætluninni auðsjáanlega einungis hefir verið sett uppá óvissu, má bæjarstjórnin því að eins gjöra ályktun því viðvíkjandi, að hún hafi haft málið til íhugunar átta dögum fyrir þann fund, er ályktun er gjörð. Sè eigi efni fyrir höndum, til að standa straum af því, sem útgjöldin hafa aukizt, ákvarðar bæjarstjórnin, hvort það, er á vantar, skuli útvega með láni, eða með því að hækka að því skapi skatta þá, sem búið er að jafna niður. Samþykkis landshöfðingja til þessa skal því að eins við þurfa, ef farið verður út fyrir takmörk þau á valdi bæjarstjórnarinnar, sem sett eru í 19. grein, með því að taka nýtt lán eða heimta stærri skatta.

Reikningsár kaupstaðarins er frá nýjári til nýjárs, einsog hingað til hefir verið.

19. grein.

Án samþykkis landshöfðingja má bæjarstjórnin eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld á tilsamans, en sem nemur meðaltali af öllum bæjargjöldum fyrir hin síðustu þrjú ár, að fimmtungi viðbættum, og þegar seinna á að reikna meðalgjaldið fyrir hin þrjú síðustu ár, má ekki telja með það skattgjald, sem á einhverju ári hefir með samþykki landshöfðingja verið lagt á framyfir þetta. Bæjarstjórnin má heldur ekki án samþykkis landshöfðingja taka af innstæðufè kaupstaðarins, selja eða veðsetja fasteignir hans eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán, eða lán uppá

1872. 20. apríl.

lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, nè heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum. Sömuleiðis útheimtist samþykki landshöfðingja til þess, að kaupstaðurinn geti gengið í samfèlag við aðrar sveitir um þinghús, fangelsi, sjúkrahús og aðrar þesshättar stofnanir. Eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar getur landshöfðingi samþykkt breytingar á reglum þeim, sem farið er eptir, þegar jafnað er niður útgjöldum í þarfir bæjarins, ef þau verða ekki borguð með öðrum tekjum.

20. grein.

Niðurjöfnunarnefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnum og ástandi; tala nefndarmanna skal ákveðin í samþykktinni; skal standa á stöku, og mega nefndarmenn eigi vera færri en fimm, nè fleiri en níu. Með tilliti til kosningar skal nefndarmönnum skipt í tvo hluti, annan stærri, og annan minni; meiri hlutann kjósa allir bæjarbúar, er kosningarrètt hafa samkvæmt 5. gr., minni hlutann þeir, er greiða mest í skatt. Niðurjöfnunarnefndin skal kosin í ágústmánuði. Að því er snertir rètt til þess að verða kosinn, og um það, hvernig haga skuli kosningum, og fl., gilda hinar sömu reglur, og um kosning bæjarfulltrúa. Nefndarmenn þessir skulu gegna starfa sínum í sex ár, og fer minni hlutinn fyrst frá, og þar á eptir til skiptis. Um ályktanir niðurjöfnunarnefndarinnar og atkvæðagreiðslu hennar skal farið eptir því, sem fyrir er mælt í 11. grein, og kýs nefndin sèr sjálf oddvita úr sínum flokki.

21. grein.

Að þeim undanteknum, sem eru í bæjarstjórninni, getur enginn, sem er skyldur að taka á móti kosningu í hana, skorazt undan að taka á móti kosningu í niðurjöfnunarnefndina, nema hann að minnsta kosti í þrjú ár samfleytt hafi haft þetta starf á hendi. Skal hann þá undanþeginn starfa þessum í jafnlangan tíma, og hann hefir verið við.

22. grein.

Niðurjöfnun eptir efnum og ástandi nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum. Þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft

fast aðsetur annarsstaðar; sè svo, þá má eigi leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafi haft aðsetur í kaupstaðnum. Ef einhver hefir haft fast aðsetur í bænum skemmri tíma, en fjóra mánuði, þá kemur það ekki til greina. 1872. 20. apríl.

Landshöfðinginn skal úr því skera, hvort erlendir menn, sem ekki stunda neina þorgaralega atvinnu, en hafa aðsetur í kaupstaðnum, sè gjaldskyldir.

23. grein.

Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvbrmánuði. Niðurjöfnunarskráin skal, þegar búið er að bæta við hana annari skrá yfir það, sem hver gjaldandi að öðru leyti skal greiða í skatt til bæjarins, liggja öllum til sýnis í 14 daga fyrir árs lok annaðhvort í bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímán. hvert ár, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru að greiða skatt samkvæmt 22. grein. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í 14 daga, einsog sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu innan 14 daga frá því niðurjöfnunarskráin hefir verið til sýnis sendar skriflega niðurjöfnunarnefndinni. Innan 14 daga þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort nokkur, og þá hver breyting orðið geti á niðurjöfnuninni. Ályktan þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefir gjört, má svo innan 14 daga þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Mótmæli, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi tekin til greina.

Sèrhverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefir verið, ekki að eins á hann sjálfan, heldur einnig á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, einsog líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sè sleppt, skal þeim manni gefinn kostur á, að segja álit sitt þar

1872. 20. apríl. um, áður en úr þessu er skorið af niðurjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10 % annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefir verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefir verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komizt hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal það, sem ofgoldið er, greiða aptur úr bæjarsjóði.

24. grein.

Ef ágreiningur verður milli Reykjavíkur og annars íslenzks sveitarfèlags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli sveitarfèlags í Danmörku og á Íslandi, skal hlutaðeigandi stjórnarráð leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

25. greiu.

Bæjargjöld skal heimta á hverju missiri, eða hálfu missiri, í þeim mánuði á hverju missiri eða hálfu missiri, sem bæjarstjórnin ákveður í samþykkt sinni; sè gjöld eigi greidd fyrir lok næsta mánaðar þar á eptir, skal gengið að þeim með lögtaki eptir löglegan undirbúning.

Skattskyldur maður, sem ekki hefir fast aðsetur í kaupstaðnum, á að tilnefna fyrir bæjarstjórninni mann, búsettan þar, sem greiði gjöld hans.

Flyti skattskyldur maður sig úr bænum innan nýjárs, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess fjórðungs árs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlímán.

26. grein.

1872. 26. febrúar.

Bæjarstjórnin og sèrstaklega bæjarfógeti skulu hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sè rètt heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; ennfremur gæta þess, að geymt sè og eptir atvikum ávaxtað fè bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabrèfum og öðrum eignum kaupstaðarins.

27. grein.

Fyrir opinber undirboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þesskonar, skal ekki goldið neitt.

28. grein.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í tè skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. grein.

Ársreikning kaupstaðarins ber að semja, sem frekast unnt er, samkvæmt fyrirmynd þeirri, sem sett er fyrir áætluninni, og skal gjöra reikning þenna innan loka febrúarmánaðar á því reikningsári, sem í hönd fer. Skal reikning þenna síðan leggja fram til sýnis í 14 daga á þingstofu bæjarins, eða öðrum hentugum opinberum stað. Þar á eptir skulu tveir endurskoðunarmenn yfirlíta vandlega reikninginn ásamt fylgiskjölum. Menn þessa skal venjulega kjósa fyrir sex ár af öllum staðarbúum, sem kosningarrètt hafa, og á þann hátt, sem fyrir skipað er um kosningar bæjarfulltrúa. Bæjarstjórnin er skyld að láta endurskoðurum í tè allar þær skýrslur, er við þurfa, til þess að geta dæmt um tekju- og útgjaldagreinir reikningsins. Eptir að reikningshaldara hefir verið skýrt frá athugasemdum endurskoðunarmannanna, svo hann geti svarað og gjört grein fyrir þeim, skal bæjarstjórnin leggja úrskurð sinn á athugasemdir þær, er gjörðar hafa verið, og veita hlutaðeiganda kvittan; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þær framkvæmdir, er hann hefir tekið þátt í

1872. 20. apríl. sem kvaddur í fasta nefnd eða fyrir þá sök, að honum hefir sèrstaklega verið falið eitthvert starf á hendur í þarfir bæjarins. Vili reikningshaldari eða aðrir, er hlut eiga að máli, ekki viðurkenna, að úrskurður sá, sem fallinn er, sè rèttur, má hann, ef úrskurðurinn leggur honum á herðar peninga ábyrgð, heimta, að málið gangi til dóms og laga.

Aðalreikning kaupstaðarins skal, eptir að hann er úrskurðaður, auglýsa á prenti innan tveggja mánaða.

30. grein.

Innan 30. septembermán. ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið liðna reikningsár, með athugasemdum endurskoðunarmanna og úrskurðum á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfirfer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmæt útgjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

31. grein.

Bæjarstjórnin, sem nú er, skal samþykkja frumvarp til samþykktar þeirrar fyrir kaupstaðinn, er getið er um hèr að framan í 3., 4., 13., 20. og 25. gr., og skal senda hana landshöfðingja til staðfestingar.

Auk þess, sem fyrir er mælt í nefndum greinum, skal í samþykktinni sagt fyrir um tölu embættis- og sýslunarmanna bæjarins, veiting embættanna og lausn frá þeim, laun og störf embættismanna, og skal samþykktin ennfremur hafa inni að halda nákvæmari reglur um, hvernig semja eigi hina árlegu áætlun yfir tekjur og útgjöld kaupstaðarins, um tilhögun á fjárstjórn og reikningum kaupstaðarins, og um endurskoðun og úrskurð reikningsins. Ennfremur má í tèðri samþykkt setja nákvæmari reglur um niðurjöfnunina eptir efnum og ástandi, og yfirhöfuð um sèrhvert atriði í bæjarstjórninni, sem þykir æskilegt að tilhaga nákvæmar samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem tilskipun þessi hefir inni að halda.

Samþykktina ber að auglýsa á prenti, eptir að landshöfðingi hefir staðfest hana. Henni má síðar breyta, og sömuleiðis auka hana eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar, sem landshöfðingi hefir samþykkt. 1872. 20. apríl.

32. grein.

Dómsmálastjórnin gjörir nákvæmari ráðstöfun til að koma þessari tilskipun í verk, svo hún geti öðlazt fullt gildi 1. dag janúarm. 1873.

Þangað til settur verður landshöfðingi á Íslandi, skal stiptamtmaður hafa það vald, sem með þessari tilskipun er falið landshöfðingja á hendur.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu[1].

Til alþingis 1869 kom bænarskrá frá Reykjavíkurbúum um ýmsar breytingar á reglugjörð 27. nóvbr. 1846 um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík; eptir að þingið hafði vísað bænarskrá þessari til stiptamtmanns, leitaði hann álits bæjarstjórnarinnar um hana. Bæjarstjórninni þótti vera ástæða til, að bæjarmálefnum kaupstaðarins yrði að öllu leyti komið öðruvísi fyrir og samdi frumvarp til tilskipunar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, sem í öllu verulegu var samhljóða lögum 26. maí 1868, um stjórn bæjarmálefna í kaupstöðunum í Danmörku. Stiptamtmaður sendi síðan stjórninni frumvarp þetta, og lagði til að frumvarp yrði lagt fyrir alþingi til tilskipunar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, sem væri sniðið eptir því, sem uppástunga bæjarstjórnarinnar færi fram á. Þareð stjórnarráðinu þótti ástæða til að verða við ósk þessari, var frumvarp samið til tilskipunar um bæjarstjórn í Reykjavík og var í því samkvæmt uppástungu bæjarstjórnarinnar farið eptir lögum 26. maí 1868; frumvarp þetta var svo lagt fyrir alþingi 1871, sem ræddi það á lögskipaðan hátt, og lèt uppi álit sitt um það eins og hèr skal sagt.

---

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 8—9, 14, 617—626, 696—703 og 905; II., 69—80, 360—375, 402—408 og 587—607.

1872. 20. apríl.

Þingið áleit, að ákvarðanir frumvarpsins í flestum greinum ætti vel við og stakk að eins, auk ýmissa orðabreytinga, upp á þeim efnisbreytingum, sem hèr skal greina frá.

1. Þar sem svo væri ákveðið í 3. grein, að bæjarstjórnin gæti falið öðrum bæjarbúum, sem eigi hefði sæti í henni, að framkvæma ýms bæjarstörf, þá virtist þinginu rèttast að fella þessa ákvörðun burtu, því bæði þótti það óeðlilegt, að bæjarfulltrúar gæti falið öðrum mönnum á hendur framkvæmd þeirra starfa, sem bæjarbúar hefði kosið þá til að framkvæma, enda virtist það óþarft, því eptir því, sem fyrir væri mælt í 4. grein, mundi bæjarstjórnin aldrei skipuð færri mönnum en níu auk bæjarfógetans, og væri þeim því alls engin ofætlun að skipta svo með sèr verkum, að eigi yrði ofhlaðið á neinn einstakan bæjarfulltrúa; ef farið væri að fela öðrum bæjarbúum útífrá sèrstök bæjarstörf, gæti það valdið ruglingi og óreglu í stjórn bæjarmálefna. Við 3. grein frumvarpsins hafði alþing jafnframt gjört nokkrar orðabreytingar.

2. Þar sem í 5. grein væri svo fyrir mælt, að minni hluti bæjarfulltrúa skyldi kosinn af öllum kosningarbærum bæjarbúum, en meiri hlutinn af fimmta hluta þeirra, sem kosningarrètt hafa og mest hafa greidt í bæjargjöld hið síðasta árið, þá gat þingið ekki fallizt á ákvörðun þessa; því þinginu þótti það óviðkunnanlegt og óeðlilegt, að nokkur hluti kosningarbærra bæjarbúa skyldi kjósa meiri hlutann, en allir skyldi þeir í sameiningu kjósa að eins minni hlutann, enda þótt þeir gildi meiri hluta bæjargjaldanna. Ef þessi fimmtungur, sem hèr væri um að ræða, ætti engan þátt að taka í hinum almennu kosningum, þá væri það öðru máli að gegna. En eptir frumvarpinu mundi hann ráða allt of miklu um kosningarnar, því eptir því, sem til hagaði í Reykjavík, mundi hann ávallt hafa mikil áhrif á, hverir fyrir kosningum yrði, þegar um hinar almennu kosningar væri að ræða, og þá virtist nægilegt, að hann einn rèði kosningu minni hluta fulltrúanna, enda væri sú ákvörðun samkvæmt lögum 26. maím. 1868; þingið lagði því til, að fyrir „minni hlutinn" og „minni hluta" væri sett „meiri hlutinn" og „meiri hluta" og fyrir „meiri hluti" kæmi „minni hluti".

3. Önnur ákvörðun 5. greinar virtist þinginu og óhagkvæm, og væri það sú, að kosningarrètturinn væri bundinn við 6 rd. bæjargjald. Þingið varð reyndar að fallast á þá skoðun, að það væri óhæfilegt, að gjöra mun á skilyrðunum fyrir kosningarrèttinum til bæjarstjórnarinnar eptir ólíkri stöðu kjósenda. Á hinn bóginn sá þingið enga ástæðu til, að gjöra skilyrðin fyrir kosningarrètti þessum þrengri en fyrir kosningarrètti til alþingis: enda hefði kosningarrèttur tómthúsmanna verið hingað til bundinn við 2 rd. gjald, eptir reglugjörð 27. nóvbr. 1846; eptir skýrslum, sem fengizt hafa fyrir nokkur hin síðustu ár, hefði þeir, sem greiddu undir 4 rd., ávallt verið meir en þriðjungur allra gjaldenda, og virtist þá full trygging fengin fyrir því, að svo miklu leyti, sem gjöldin gæfi trygging í því efni, að þeir, sem ekki væri taldir hæfir að neyta kosningarrèttar, eigi gæti komizt að. 1872. 20. apríl.

4. Þar sem í 2. kafla 8. greinar væri svo kveðið á, að eigi skyldi atkvæðagreiðslu lokið, fyr en einni stundu frá því kosningin byrjaði, þá virtist þinginu þessi tími heldur stuttur; en þinginu þótti nauðsynlegt, að sem flestum gæfist kostur á, að neyta kosningarrèttar síns, og af þeim sökum ætti kjörstjórnin að bíða svo sem hálfa stund, eptir að þeir hefði greidt atkvæði, sem við væri staddir, ef fleiri kynni að koma síðar; og óskaði þingið því að greinin yrði orðuð þannig:

„Þegar þeir hafa greidt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfa stundu áður en hún slítur kosningarfundinum, svo að þeir, sem þá eru eigi enn komnir, geti neytt kosningarrèttar síns, ef þeir koma innan tèðrar hálfrar stundar" o. s. frv.

5. Í sömu grein óskaði þingið, að orðunum í enda greinarinnar „en ekki fyr en að átta daga fresti" yrði breytt í: „að minnsta kosti innan fjögra daga", því það þótti rèttara, að sem skemmstur tími liði milli kosninganna, og að þær færi fram sem fyrst eptir nýjárið, en fjórir dagar virtist nægur tími til undirbúnings hinna síðari kosninga.

6. Samkvæmt þeim ástæðum, sem taldar væri við 3. grein, beiddist þingið, að ákvörðun sú yrði felld úr 13. grein, að mönn-

1872. 20. apríl.

um, sem eigi ætti sæti í bæjarstjórninni, mætti fela umsjón með fátækum og fátækrastofnunum.

7. Samkvæmt því, sem þegar væri tekið fram við 3. og 13. grein, vildi þingið, að þeir tveir menn, sem sæti í skólanefndinni með sóknarprestinum, skyldi vera úr flokki bæjarfulltrúanna, og þeir mætti alls ekki fela það öðrum bæjarbúum á hendur.

8. Í samhljóðun við breytingar þær, sem þingið rèð til við 3., 13. og 14. grein, samþykkti þingið, að orðið „annan" væri fellt burtu, og sem sjálfsagt samkvæmt því einnig orðin: „samkvæmt reglugjörð 15. maí 1856".

9. Þingið gat ekki aðhyllzt þá ákvörðun í 17. grein, að bæjarfógeti gæti veitt lögregluþjónum, næturvörðum og fangavörðum lausn uppá sitt eindæmi; fannst þinginu, að bæjarfógeta væri veitt of mikið vald með þessu, og vildi þessvegna breyta orðunum: „en hann getur" og setja í staðinn: „enda getur hann eigi."

10. Þinginu fannst það vera of stuttur tími, er áætlunin ætti að liggja bæjarbúum til sýnis samkvæmt 18. grein, og stakk því uppá, að „í eina viku" yrði breytt í „um 14 daga".

11. Í 20. grein varð þingið að óska þeirrar breytingar í samhljóðun við 5. grein, að allir bæjarbúar, sem kosningarrètt hefði, skyldi kjósa meiri hluta niðurjöfnunarnefndarinnar, en minni hlutann að eins þeir, sem mest greiddi í skatt.

12. Sökum þess að þinginu fannst nokkuð óljóst til orða tekið í byrjun 22. greinar, þar sem svo segði fyrir, að niðurjöfnunin skyldi ná til allra, „sem eru búfastir í bænum", vildi þingið fá þessum orðum breytt þannig, að fyrir þau kæmi: „sem eiga með sig sjálfir, og eru búandi í bænum, eða hafa einhver bæjarmanna rèttindi"; þingið varð að telja víst, að eigi væri til ætlazt, að jafnað yrði bæjargjöldum niður á aðra bæjarbúa, en þá, sem ætti með sig sjálfir, en á hinn bóginn varð þingið að ætla, að jafna mætti gjöldum á þá, sem nyti einhverra rèttinda í bænum, þótt eigi væri þeir búsettir þar, en hvorugt þetta virtist þinginu ljóst eptir orðum frumvarpsins.

13. Þingið gat ekki fellt sig við þá ákvörðun í sömu grein, að hver sá, sem ekki hefði dvalið fjóra mánuði í bænum, skyldi vera

laus við öll bæjargjöld; þinginu virtist vera eðlilegra, að miðað væri við hálft missiri. 1872. 20. apríl.

14. Þinginu virtist með öllu nauðsynlegt, að það væri með berum orðum tekið fram, hversu lengi bæjarstjórnin mætti lengst halda kærum manna yfir niðurjöfnuninni hjá sèr, áður en hún legði úrskurð sinn á málið, og þótti 14 daga frestur hæfilegur í því efni, og stakk því þingið uppá, að í 23. grein yrði bætt inn í „innan hálfs mánaðar" á eptir „úrskurð sinn á málið".

15. Þingið vildi og, að í sömu grein yrði sleppt úr: „ekki að eins" og „heldur einnig — eða bæjarstjórninni", því það gæti valdið miklum og óþörfum deilum og tímatöf, að gjaldþegnum væri með berum orðum heimilað, að kvarta yfir gjöldum þeim, sem jafnað hefði verið á aðra, en sjálfa þá.

16. Þar sem í 24. grein væri svo fyrir mælt, að ef ágreiningur kæmi milli Reykjavíkur og einhvers sveitarfèlags í Danmörku, þá skyldi hlutaðeigandi stjórnarráð skera úr þeim ágreiningi, þá gat alþingi ekki betur skilizt, en að slík ákvörðun væri óþörf, og að eins til tímatafar og dráttar á málinu, og varð þingið því að álíta, að landsstjórninni á Íslandi væri rèttast falið á hendur, að skera úr þesskonar ágreiningi, eins og öðrum, sem fyrir kynni að koma milli Reykjavíkur og hvers annars sveitarfèlags á Íslandi, því að landsstjórnin hefði enga ástæðu til að vera hlutdræg í þessum málum, og stakk því þingið uppá, að fella úr orðið „íslenzks" og „Verði þessi ágreiningur — úrskurð sinn á málið".

17. Síðasta ákvörðun 25. greinar: „Sá, sem settur er — frá 1. júlí" virtist þinginu eigi verða að öllu samrýmd við 22. grein, þar sem svo væri fyrir mælt, að á þann, sem verið hefði 4 mánuði í bænum, mætti gjald leggja til bæjarins, en auðsèð væri, að með þessari ákvörðun slyppi allir þeir við gjald til bæjarins, sem flytti inn í bæinn fyrri hluta ársins, enda þótt þeir hefði dvalið þar meir en 4 mánuði, og stakk því þingið uppá, að fella úr þessa ákvörðun.

18. Þingið lagði til, að í staðinn fyrir orðin „á því, að útvega verknað og varning" í 27. grein, kæmi: „eða hverju öðru, sem vera skal".

1872. 20. apríl.

19. Þingið áleit að eigi væri ástæða til, að bæjarstjórnin skyldi kjósa sèr sèrstaklega oddvita, þá er hún skyldi leggja úrskurð á ársreikning kaupstaðarins, heldur gæti bæjarfógeti eins verið oddviti bæjarstjórnarinnar þá, eins og endrarnær, og stakk því uppá, að fella úr 29. grein orðin: „sem sèrstaklega til þessa er kjörinn".

20. Í sömu grein vildi þingið að ákveðið yrði, hversu lengi mætti fresta prentun á reikningi kaupstaðarins, þá er hann væri úrskurðaður, því annars mætti draga hana úr hófi, og lagði þingið því til, að bætt yrði við aptan við greinina orðunum: „innan tveggja mánaða".

21. Þinginu fannst frumvarp þetta vera svo mikil rèttarbót, að það taldi æskilegast, að tilskipun þessi næði sem allra fyrst fullu gildi, enda væri ekki ljóst, hversvegna hún ætti að verða að lögum fyrst 1. aprílm. 1872. Þingið stakk því uppá, að sett yrði í 32. grein í staðinn fyrir „1. aprílm.": „1. dag janúarm.", er því virtist eðlilegast, að gildi tilskipunarinnar byrjaði með árinu.

Konungsfulltrúi gat þess í álitsskjali sínu um breytingu þá við 3. grein, sem nefnd er í 1. atriði, að þingið hefði ekki gáð að, að bæjarstjórnin að eins hefði rètt til, en væri ekki skyld til, að fela öðrum bæjarbúum, sem eigi hefði sæti í nefndinni, að framkvæma sèrstök bæjarstörf, en með því honum fyndist, að það kæmi uppá sama, hvort væri, þótti honum ekki vera ástæða til að mæla ámóti þessari breytingu á frumvarpinu. Konungsfulltrúi mælti jafnframt með breytingum þeim, sem nefndar eru í 2. (við 5 gr.), 3. (við 5. gr.), 4. (við 8. gr.), 5. (við 8. gr.), 7. (við 14. gr.), 8. (við 15. gr.), 10. (við 18. gr.), 11. (við 20. gr.), 13. (við 22. gr.), 14. (við 23. gr.), 19. (við 29. gr.), 20. (við 29. gr.) og 21. atriði (við 32. gr.); um hina síðast nefndu gat hann þess, að reikningsár kaupstaðarins næði frá nýjári til nýjárs, og þó svo yrði ákveðið, að tilskipunin skyldi öðlast fyr gildi, en til ætlað hefði verið í upphafi, mundi samt verða nægur tími til undirbúnings. Aptur á móti rèði konungsfulltrúi frá því, að þær breytingar, sem nefndar eru í 6. (við 13. gr.), 9. (við 17. gr.), 15. (við 23. gr.) og 16. atriði (við 24. gr.), yrði teknar til greina; um breyt-

ingu þá, sem nefnd er í 12. atr. (við 22. gr.) stakk hann uppá, hvort ekki ætti að orða greinina á þá leið, að niðurjöfnunin einnig næði í öllu falli til þeirra, sem án þess að vera búfastir í bænum hefði þar einhverja atvinnu, en þetta mundi vera tilætlun þingsins. Að því leyti er snerti breytingu þá, sem nefnd væri í 17. atr. (við 25. gr.), gat konungsfulltrúi þess, að eptir því hvernig til hagaði þar á staðnum, og svo með tilliti til þess tíma árs, er sigling væri vön að byrja aptur, mundi það ekki fá mikla þýðingu, að taka breytinguna til greina. Um breytingu þá, sem nefnd er í 18. atr. (við 27. gr.) gjörði konungsfulltrúi enga athugasemd. 1872. 20. apríl.

Samkvæmt því, sem getið er, gat stjórnarráðið ekki haft neitt ámóti breytingum þeim, sem nefndar eru í 5. (við 8. gr.) (niðurlag greinarinnar var þó haft nokkuð öðruvísi), 10. (við 18. gr.), 14. (við 23. gr.), 19. (við 29. gr.) og 20. atr. (við 29. gr.), og gat því heldur ekki fundizt ísjárvert, að fallast á breytingarnar, sem nefndar eru í 1. (við 3. gr.), 2. (við 5. gr.), 3. (við 5. gr.), 11. (við 20. gr.) og 21. atr. (við 32. gr.). Dómsmálastjórninni leizt og, að eigi yrði neitt verulegt fundið að þeirri breytingu, sem nefnd er í 4. atr. (við 8. gr.), ef málsgreinin yrði orðuð á þessa leið: „þegar þeir hafa greidt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða ½ stundu, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi enn komnir, með þessu móti fái tækifæri til að neyta kosningarréttar síns". Á hinn bóginn varð stjórnarráðið að vera konungsfulltrúa samdóma í því, að eigi væri ástæða til að taka til greina breytingar þær, sem nefndar eru í 6. (við 13. gr.), 9. (við 17. gr.), 15. (við 23. gr.) og 16. atr. (við 24. gr.); um hina síðast nefndu varð stjórnarráðið að álíta, að hún væri byggð á misskilningi á stöðu Danmerkur og Íslands innbyrðis. Stjórnarráðinu fannst, að þær breytingar, sem nefndar eru í 7. (við 14. gr.) og 8. atr. (við 15. gr.), væri miður heppilegar, því það mætti einmitt álíta það hagfellt, að annar af þeim, sem kosnir væri í skólanefndina og hafnarnefndina, væri tekinn af þeim bæjarbúum, sem eigi sæti í nefndinni, og hefði svo verið hingað til. Stjórnarráðið varð sömuleiðis að mæla ámóti breytingunni, sem nefnd er í 17. atr. (við 25. gr.), því eigi væri nein ástæða til, að mæla öðruvísi fyrir um þetta, en fyrir skipað

1872. 20. apríl. væri í konungsríkinu. Á uppástungu alþingis, sem nefnd er í 18. atr. (við 27. gr.), gat stjórnarráðið eigi fallizt, af því hún væri miður heppileg orðabreyting. Að því leyti, er snerti breytingarnar í 12. atr. og 13. atr. (við 22. gr.), gat stjórnarráðið ekki fundið næga ástæðu til að taka þær til greina, er það, sem þar væri ákveðið, væri samhljóða lögum í Danmörku, samanbr. lög um sveitastjórn (í Danmörku) 6. júlí 1867, 21. gr., og lög um stjórn bæjarmálefna 26. maí 1868, 26. gr.

Jafnframt og stjórnarráðinu virtist rèttast, að ákveðið yrði, að það vald, sem með frumvarpinu væri veitt landshöfðingja, yrði falið á hendur stiptamtmanninum yfir Íslandi, þangað til landshöfðingi væri settur, lagði það til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum með þeim breytingum, sem sagt er frá.

---

3. maí. **47. Auglýsing um póstmál á Íslandi.** (á Íslenzku og Dönsku).

1. grein.

Póstmeistarinn í Reykjavík hefir umsjón yfir öllum póstafgreiðslumönnum og brèfhirðingarmönnum undir yfirstjórn landshöfðingja (en fyrst um sinn hefir stiptamtmaður þetta vald á hendi, samanbr. tilsk. 26. febr. þ. á. um póstmál á Íslandi, 18. gr.).

Í sameining með hlutaðeiganda amtmanni ber hann upp fyrir landshöfðingja uppástungur um, hverja skipa skuli póstafgreiðslumenn, og skal hann sjá um, að sýslunum þessum sè veitt forstaða um stundar sakir, er þær losna. Ef tèðir embættismenn geta ekki komið sèr saman um, hvern setja skuli um stund, þegar póstafgreiðslu-þjónusta er laus, skal amtmaður ráða fyrst um sinn.

Eptir uppástungu hlutaðeiganda póstafgreiðslumanns ræður hann brèfhirðingarmenn með samningum, og þannig að segja megi þeim upp með ½ árs fresti.

Ef þess þykir þurfa, og önnur störf hans leyfa, skal hann ferðast um landið, til þess að sjá um, að póstþjónustunnar sè gætt til hlítar, og til þess að kynna sèr, hvernig hagar til á

hverjum stað. Á þessum ferðum skal hann hafa í fæðispeninga 1872.
2 rd. um daginn, og skal ferðakostnaður endurgoldinn honum 3. maí.
eptir reikningi, sem landshöfðingi samþykkir.

Í sameining með hlutaðeiganda amtmanni, eða þeim amtmönnum, sem í hlut eiga, ef póstvegurinn liggur að fleiri ömtum, skal hann gjöra uppástungur um fyrirkomulag á aðalpóstferðum og aukapóstferðum, um það að stofna á vegum þessum brèfhirðingarstaði, og koma á nýjum póstferðum o. s. frv.

Hann ræður og í sameining með hlutaðeiganda amtmanni pósta í aðalpóstferðirnar og aukapóstferðirnar. Ef þeim kemur ekki saman, skal fyrst um sinn álit amtmanns þess ráða, sem er yfir því amti, er pósturinn byrjar ferð sína frá.

Hann skal til bráðabirgða skera úr öllum þeim málum um framkvæmd póstafgreiðslu-starfa, sem eigi verður frestað til þess að fá úrskurð landshöfðingja.

Hann semur reikninga um öll póstmál í landinu sjálfu, og sendir þá landshöfðingja, sem sèr um, að þeir verði endurskoðaðir, og úrskurðar þá síðan. Reikningsárið nær frá 1. janúarm. til 31. desbrm., og skal senda reikninginn innan loka janúarm. ár hvert. Póstmeistarinn er þar að auki skyldur til innan 8 daga eptir lok hvers ársfjórðungs að senda landshöfðingja ágrip af reikningnum fyrir það hálfa missiri, sem liðið er. Hann tekur við fè því, sem er í sjóði á póstafgreiðslu- og brèfhirðingarstöðunum, og færir það til í póstreikningnum.

Hann sèr um, að póstafgreiðslu- og brèfhirðingarmenn hafi til sölu frímerki þau, sem með þarf.

Fyrir gjaldheimtum þeim, sem póstmeistaranum er trúað fyrir, skal hann setja veð, sem með þarf, í þeim muunm, er landshöfðingi álítur tryggjandi.

Póstmeistarinn er skyldur að hafa skrifstofu, og skal hún vera opin 8 stundir hvern dag í 10 daga næst áundan hinum almennu burtfarardögum póstanna frá Reykjavík, og í 4 daga næst á eptir að póstar eru komnir þangað; á öðrum tíma árs skal hún vera opin 2 stundir á degi hverjum, nema á sunnudögum og helgidögum.

Póstmeistarinn sendir landshöfðingja skýrslu um allt, sem

1872. 3. maí.

fram fer og er mikils varðandi fyrir póstmálin; hann skal gjöra uppástungur um þær breytingar á fyrirkomulagi póstmála, sem hann álítur hagfelldar, til þess að efla og bæta þau; sömuleiðis sendir hann álit sitt um bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv., sem kunna að koma frá póstafgreiðslumönnunum.

2. grein.

Á þeim stöðum, sem nú skulu taldir, skal setja póstafgreiðslumenn, og skal veita þeim árleg laun, eins og hèr segir:

1.	Stykkishólmi	35 rd.
2.	Akureyri	35 —
3.	Ísafirði	25 —
4.	Djúpavogi (Berufirði) . . .	25 —
5.	Bæ í Barðastrandarsýslu . .	20 —
6.	Egilstöðum	20 —
7.	Seyðisfirði	15 —
8.	Grenjaðarstað	15 —
9.	Miklabæ	15 —
10.	Sveinstöðum	15 —
11.	Miklaholti	15 —
12.	Hjarðarholti í Mýrasýslu . .	15 —
13.	Velli í Rangárvallasýslu . .	15 —
14.	Kirkjubæjar klaustri	15 —
15.	Vestmannaeyjum	15 —

Ennfremur skal stofna til bráðabirgða 54 brèfhirðingarstaði, og skulu laun brèfhirðingarmanna vera 5—10 rd. á ári.

3. grein.

Landshöfðingi skipar póstafgreiðslumenn eptir uppástungu hlutaðeiganda amtmanns og póstmeistara í sameining. Þeir skulu ekki setja veð til tryggingar gjaldheimtum þeim, sem þeim er trúað fyrir, en aptur á móti skulu þeir gjöra reikningsskil, og senda póstmeistaranum í Reykjavík það, sem kann að vera í sjóði við afgreiðslu hvers pósts.

Auk þess að sjá um póstafgreiðsluna þar á staðnum, skal póstafgreiðslumaður hafa gætur á, að brèfhirðingarmenn í hans umdæmi leysi af hendi störf sín, eins og fyrir er skipað. Hann skal bera upp fyrir póstmeistaranum uppástungur um, hverja taka

skuli til brèfhirðingarmanna, þegar þær sýslanir eru lausar, og hefir heimild til að veita brèfhirðingarmanni ferðaleyfi um stuttan tíma, í mesta lagi um 14 daga, þó svo, að sèð verði um, að störfum þess, sem í hlut á, sè gegnt svo allt sè í reglu, ámeðan hann er fjærverandi. 1872. 3. maí.

Póstafgreiðslumaðurinn hefir að eins viðskipti við yfirstjórnina fyrir milligöngu póstmeistarans; fyrir því skal hann senda póstmeistara öll bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv., sem frá honum eiga að fara til landshöfðingjans um póstmál. Fyrir póstmeistara skal hann bera upp uppástungur um þær breytingar á póstmálum, sem honum virðast hagfelldar til þess að efla og bæta þau, og sömuleiðis skal hann skýra honum frá því, þegar póstar eða brèfhirðingarmenn gjöra sig seka í skeytingarleysi og óreglu, sem gæti orðið til skaða fyrir póststörfin.

Póstafgreiðslumaðurinn er að því leyti, sem snertir störf hans yfir höfuð, undirgefinn póstmeistaranum, og sèr í lagi í öllum þeim málum, sem hann ekki hefir neina skýra fyrirsögn um eða leiðarvísi í erindisbrèfi því, sem yfirstjórnin hefir fengið honum, og skal hann mótþróalaust hlýða boði póstmeistarans í þessu tilliti. Ef honum finnst það vera miður hagfellt, getur hann að vísu mótmælt því, en samt skal hann fyrst um sinn framkvæma það, sem honum hefir verið skipað, og ef honum þykir á sig hallað með ákvörðun þeirri, sem póstmeistarinn síðan gjörir, eða álíti hann, að það verði póststörfunum til baga, má hann bera málið undir úrskurð landshöfðingja, en senda skal hann það áleiðis til póstmeistarans.

Svo opt sem þess verður krafizt, skal hann leggja fram bækur sínar o. s. frv. til sýnis póstmeistaranum.

Til þess að ferðast innanlands skal hann sækja um leyfi hjá póstmeistaranum, en hjá landshöfðingja til þess að ferðast erlendis; þegar á liggur, getur hann samt tekizt ferðina á hendur þegar í stað, en senda skal hann þá póstmeistara skýrslu um það, og verður hann, hvernig sem á stendur, sjálfur að sjá um, að áreiðanlegur maður annist póststörfin á hans ábyrgð, meðan hann er í fjærvist.

4. grein.

Póstmeistarinn ræður brèfhirðingarmenn eptir uppá-

1872. 3. maí.

stungu hlutaðeiganda póstafgreiðslumanns með samningum, er hann gjörir við þá; þeim skal mega segja upp með ½ árs fresti.

Brèfhirðingarmaðurinn er skyldur til í hvert skipti, er hann afgreiðir póst til þess póstafgreiðslumanns, sem hann er undirgefinn, að gjöra reikningsskil fyrir póstgjöldum þeim, sem hann hefir tekið við, og senda það, sem kann að vera í sjóði. Hann skal rita á stundarseðilinn, hvenær pósturinn kom og nær hann fer af stað, og sjá um, að pósturinn bíði ekki lengur, en þörf er á. Að öðru leyti skal hann taka við, láta af hendi og ef til vill senda af stað póstsendingarnar samkvæmt leiðarvísi þeim, sem honum er fenginn.

Hann hefir að eins viðskipti við póstmeistarann í Reykjavík fyrir milligöngu póstafgreiðslumanns þess, er hann er undirgefinn; fyrir því sendir hann honum bænarskjöl, skýrslur, uppástungur o. s. frv., sem eiga að fara til póstmeistarans.

Til þess að ferðast burtu stuttan tíma, í mesta lagi 14 daga, skal hann sækja um leyfi hjá hlutaðeiganda póstafgreiðslumanni, en hjá póstmeistaranum um ferðaleyfi fyrir lengri tíma. Þegar á liggur, getur hann samt tekizt ferðina á hendur þegar í stað, en senda skal hann póstafgreiðslumanni skýrslu um það, og verður hann, hvernig sem á stendur, að sjá um, að áreiðanlegur maður á hans ábyrgð annist póststörf þau, er kunna að koma fyrir, ámeðan hann er fjærverandi.

5. grein.

Póstmeistari og hlutaðeigandi amtmaður í sameiningu (1. gr.) ráða pósta þá, sem með þarf til þess að póstflutningar komist áfram, með samningum, sem gjörðir verða, og skal í þeim ákveða um fargögn, burtfarartíma, leið þá, er fara skal, hvíldartíma og hvíldarstaði, hvar skipta skuli um pósta, hve lengi pósturinn megi vera á leiðinni, borgunarskilyrðin, og fyrir hve langan tíma samningurinn skuli gilda (en það skal að minnsta kosti vera fyrir 1 ár).

Ennfremur skal í samningnum póstinum harðlega bannað, að taka nokkuð til flutnings utanpósts eða utantösku; skulu sektir, sem nákvæmar skal tiltaka, liggja við, ef brotið er útaf, og skulu þær vera nokkur hluti af því kaupi, sem samið er um fyrir ferð-

ina, og sè aptur brugðið útaf því, skal póstinum víkja frá þegar í stað. 1872. 3. maí.

Fari póstur ekki af stað á tilteknum tíma, sè fargögn eigi í því standi, sem ákveðið er, hafi hann án gildrar ástæðu farið aðra leið, en ákveðin var, hafi hann án nægrar orsakar tafizt á leiðinni eða dvalið of lengi á einhverjum stað, eða ef hann yfirhöfuð hefir brugðið útaf nokkru því, sem um samið er, skal hann sæta sekt, sem nákvæmar er ákveðin í samningnum. Ef aptur ámóti náttúruviðburðir eða annað, sem honum verður ekki gefið að sök, hefir ollað því, að hann hafi orðið að bregða útaf þeim skilmálum, sem hann hefir gengizt undir í samningnum, verður hann, til þess að firra sig vítum, að sanna með vottorði áreiðanlegs manns, að slíkar orsakir hafi átt sèr stað, og skal senda næsta póstafgreiðslumanni þetta vottorð.

Pósturinn skal hafa meðferðis sendinga-, stundar- og viktarseðil, og skal ritað á hann á hverjum póstafgreiðslu- og brèfhirðingarstað, sem pósturinn kemur við á.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í samningnum, leggur póstmeistarinn á póstinn; samt má pósturinn skjóta málinu til úrskurðar landshöfðingja.

Til þess að láta í brèf, sem menn kunna að vilja koma á póstinn, þegar hann er á leiðinni, skal hann hafa meðferðis tösku með pósteinkennismerki, og skal opna töskuna á hverjum póstafgreiðslu- og brèfhirðingarstað, sem hann kemur við á. Tèð pósteinkennismerki skal pósturinn hafa til að sýna, hver hann sè.

6. grein.

Sendingar skal flytja:

a) í kössum, sem til þess eru lagaðir, milli póstafgreiðslustaðanna innbyrðis og milli þeirra og póststofunnar í Reykjavík; á kössunum skulu vera lok, og hafa afgreiðslumennirnir einir lyklana að þeim;

b) í töskum milli brèfhirðingarstaðanna og hinna tveggja næstu póstafgreiðslustaða (eða póststofunnar í Reykjavík); á töskunum skal vera læsing, og skulu póstarnir einir og hlutaðeigandi póstafgreiðslumenn hafa lykilinn að þeim.

Auk þess skal pósturinn hafa meðferðis tösku undir laus

1872. 3. maí. brèf, sem hann tekur við á leiðinni milli pósthúsanna; skal taka þau upp úr töskunum á þeim pósthúsum, er hann kemur fyrst á, og skal farið með þau eins og fyrir er mælt.

Til þess að sendingar komist með fyrsta pósti, skal þeim vera skilað í síðasta lagi 2 stundum áður en pósturinn leggur af stað frá póststofunni, 1 stundu áður en hann fer frá póstafgreiðslustaðnum og ½ stundu áður en lagt er af stað frá brèfhirðingarstaðnum.

7. grein.

Stofna skal þrjár aðalpóstgöngur:

I. milli Reykjavíkur og Ísafjarðar yfir Stykkishólm;

II. milli Reykjavíkur og Djúpavogs (Berufjarðar) yfir Akureyri;

III. milli Reykjavíkur og Djúpavogs (Berufjarðar) yfir Kirkjubæjar klaustur.

Póstur sá, sem nefndur er I. (vestanpósturinn), skal leggja leið sína yfir:

Mosfell (í Kjósarsýslu),
Saurbæ (á Hvalfjarðarströnd, í Borgarfjarðarsýslu),
Hjarðarholt (í Stafholtstungum
Staðarhraun } (í Mýrasýslu),
Miklaholt (í Hnappadalssýslu),
til
Stykkishólms;
og svo yfir
Breiðabólstað á Skógarströnd (í Snæfellsnessýslu),
Kvennabrekku
Hjarðarholt } (í Dalasýslu),
Bæ í Reykhólasveit (í Barðastrandarsýslu),
Vatnsfjörð í Ísafjarðarsýslu
til
Ísafjarðar.

Aðalpóstur sá, sem nefndur er II. (norðan- og austanpósturinn), skal leggja leið sína yfir:

Mosfell,
Saurbæ,

1872.
3. maí.

Hjarðarholt, Hvamm (í Mýrasýslu),
Mela (í Strandasýslu),
Þóroddstaði, Staðarbakka, Lækjamót, Sveinstaði, Reyki, Bólstaðarhlíð (í Húnavatnssýslu),
Víðimýri, Miklabæ (í Skagafjarðarsýslu),
Steinstaði, Friðriksgáfu (í Eyjafjarðarsýslu),
til
Akureyrar
og svo þaðan yfir
Háls, Ljósavatn, Grenjaðarstað, Reykjahlíð, Grímstaði (í Þingeyjarsýslu),
Egilstaði í Norðurmúlasýslu
til
Eskifjarðar,
Heydala,
Djúpavogs,

Aðalpóstur sá, sem nefndur er III. (sunnanpósturinn), skal leggja leið sína yfir:

Hraungerði (í Árnessýslu),
Völl, Skóga (í Rangárvallasýslu),
Fell í Dyrhólahrepp, Mýrar (í Vestur-Skaptafellssýslu),
til
Kirkjubæjar klausturs;
og svo þaðan yfir

1872. 3. maí.

Sandfell
Kálfafellsstað
Bjarnanes
Stafafell
til
Djúpavogs.
} (í Austur-Skaptafellssýslu)

8. grein.

Til bráðabirgða skal stofna aukapóstgöngur þær, sem hèr skal telja:

a. Gullbringusýslu póstinn milli Reykjavíkur og Keflavíkur yfir Hafnarfjörð og Kálfatjörn;
b. Barðastrandarsýslu póstinn milli Bæjar í Reykhólasveit og Bíldudals yfir Brjámslæk;
c. Strandasýslu póstinn milli Bæjar og Staðar í Steingrímsfirði;
d. Snæfellsnessýslu póstinn milli Miklaholts og Búða yfir Staðastað;
e. Ísafjarðarsýslu póstinn milli Ísafjarðar og Þingeyrar við Dýrafjörð yfir Holt í Önundarfirði;
f. Skagastrandar póstinn milli Sveinstaða og Hólaness yfir Hjaltabakka og Höskuldstaði;
g. Höfðastrandar póstinn milli Miklabæjar og Hofsóss yfir Hjaltastaði og Viðvík;
h. Þingeyjarsýslu póstinn frá Grenjaðarstað til Sauðaness yfir Húsavík, Skinnastaði og Presthóla;
i. Norðurmúlasýslu póstinn frá Egilstöðum til Vopnafjarðar verzlunarstaðar yfir Fossvöllu;
k. Suðurmúlasýslu póstinn frá Egilstöðum til Seyðisfjarðar;
l. Vestmannaeyjapóstinn frá Velli til Kross í Rangárvallasýslu.

Á öllum póststöðum, sem nefndir eru í 7. grein og í þessari grein, skal stofna brèfhirðingarstaði, nema því að eins að þeir sè póstafgreiðslustaðir samkvæmt 2. grein.

9. grein.

Á sèrhverjum brèfhirðingarstað, póstafgreiðslustað og á póststofunni í Reykjavík skal vera eitt exemplar af tilskipuninni um póstmál og af þessari auglýsingu, sem hver og einn má nota; auglýsingin skal og fást til kaups fyrir 8 sk. á sèrhverjum póstafgreiðslustað og á póststofunni.

1872. 3. maí.

Breytingar á og viðbæti við auglýsinguna skal birta á þann hátt, sem hagfelldastur er við slíkar ákvarðanir, einkum í frèttablöðum og með því að leggja það fram á öllum pósthúsum; og eins er um það, þegar stofnaðir verða eða lagðir niður reglulegir póstar, eða mikilvægar breytingar gjörðar á þeim. Þær ákvarðanir um notkun pósta, sem póststjórnin lætur á pósthúsin, skulu samt hafa fullt gildi, þótt eigi sè þær enn birtar, ef þær verða sýndar þeim, er krefjast þess.

Það er skylda póstþjóna, þegar þess er krafizt, að svo miklu leyti sem unnt er að segja mönnum til eða leiðbeina mönnum um notkun póstanna, ef því verður við komið, án þess að raska eða seinka um of fyrir hinum öðrum póststörfum.

Þegar tilgreindur er burtfarartími pósta, þá er það svo að skilja, að sá tími sè ákveðinn, er þeir fara af stað í fyrsta lagi, þarsem póststjórnin áskilur sèr, að láta póstinn fara seinna, til þess að bíða eptir öðrum póstum, eins og líka má við því búast, að náttúruviðburðir eða því um líkt geti seinkað fyrir honum. Á þeim pósthúsum, sem eru á leiðinni, fer burtfarartíminn eptir því hvenær póstarnir koma þangað, með því dvöl þeirra þar verður að vera svo skammvinn sem unnt er.

Póstafgreiðslumenn og brèfhirðingarmenn eru ekki skyldir til að hafa ákveðinn skrifstofutíma, en þeir skulu sýna almenningi greiðvikni svo sem unnt er, bæði með því að taka við póstsendingum, sem þeim eru fengnar til flutnings með póstum, og með því að afhenda hlutaðeigendum þær sendingar, sem komnar eru með póstinum.

10. grein.

Póststjórnin tekst að eins á hendur að koma póstsendingum á framfæri til þeirra pósthúsa, er vísað er til, og afhenda þær þar þeim, sem við eiga að taka, en þeir skulu sjálfir sjá um, að sendingarnar verði sóktar. Að svo miklu leyti því verður við komið án kostnaðar fyrir póststjórnina, skulu póstþjónar samt sem áður segja þeim, sem við sendingunum eiga að taka, til um það, að póstsendingar sè komnar til þeirra; sömuleiðis skulu þeir, ef þeir, sem við slíkum sendingum eiga að taka, hafa beðið þá um, að sjá um, að sèr verði skilað sendingunum uppá eigin kostnað, gjöra þær ráðstafanir sem með þarf í þessu skyni.

1872.
3. maí.

11. grein.

Samkvæmt þeim reglum, sem síðar skal getið, tekur póststjórnin við brèfum, peningabrèfum og bögglum, sem sendir verða milli allra póstafgreiðslustaða og brèfhirðingarstaða í landinu og til póststofunnar í Reykjavík og frá henni, flytur það og kemur því til skila.

Ennfremur tekur póststjórnin að sèr að ráðstafa innansveitar sendingum, en það eru sendingar, sem látnar eru á pósthús, til þess að þeim verði skilað þar móttökumönnum, sem eiga heima í sjálfu umdæmi þess pósthúss, og sem sækja þangað. Undir slíkar innansveitar sendingar skal gjalda helming burðareyris þess og gjalda þeirra, sem fyrir er mælt um almennar sendingar í tilskipuninni um póstmál, en að öðru leyti skal farið með þær allt að einu og hinar.

12. grein.

Með þeim hlutum, sem með öllu eru undanskildir frá því, sem senda má með póstum (tilsk. um póstmál, 4. gr.) skal einkum telja púður, efni til flugelda, hvellsilfur, skotbaðmull, fosfór, alls konar brennisteinsspítur, skilvatn, brennisteinssýru, saltsýru, aðrar etandi sýrur, jarðlýsi, sprengiolíu, og hlaðin skotvopn.

Komi upp grunur um, að í sendingu sè hlutir, sem hætta er búin af, ef fluttir eru, mega póstþjónar neita að taka við sendingunni, eða kyrsetja hana, og geta krafizt þess, ef sendingin á að verða flutt, að sá, sem sendir, með því að skýra skriflega frá hvað í sendingunni er, sanni, að engin hætta sè af því búin.

Verði teknar til flutnings með póstum sendingar, sem hætta er búin af, af því að þagað hefir verið yfir innihaldinu, eða rangt sagt til þess, og af þessu hlýzt tjón nokkurt, skal sá, sem sendi, ekki að eins endurgjalda póststjórninni það fè, sem hún ef til vill á að greiða í bætur fyrir skaða, sem aðrar póstsendingar hafa orðið fyrir við slík tækifæri, heldur skal hann einnig bæta þann skaða, sem með þessu hefir orðið á herbergjum, áhöldum, flutningsgögnum o. s. frv.

Ef póststjórnin hefir tekið við ofan nefndum hlutum, sem hætta er búin af, eða öðrum hlutum, sem með öllu eru undanskildir frá því, er senda má með póstum (það eru hlutir, sem

bera með sèr eitthvað það, sem ólögmætt er, eða ósæmilegt eða öðrum mönnum til hneysu, eða sem illur daunn er af), má hún heimta, að sá, sem sendi, sæki þá aptur svo fljótt sem verður, ef ekki nauðsyn ber til, að eyða þeim þegar í stað. Verði ekki sá, sem sendi, fundinn, eða leiði hann hjá sèr að verða við áskorun póststjórnarinnar um að sækja hlutina, skal annaðhvort eyða þeim eða selja þá, eptir því sem hlutaðeigandi póstþjónn ákveður. Sá, sem sendir, skal ávallt, þegar þannig er ástatt, vera skyldur til að greiða fullan burðareyri undir sendinguna eptir taxtanum, að því leyti hann ekki verður goldinn af andvirði því, sem fæst fyrir hlutinn, er hann var seldur. 1872. 3. maí.

13. grein.

Hvort póstsending skal telja með „lausum brèfum", „peningabrèfum" eða „böggulsendingum", er komið undir hinu ytra ásigkomulagi hennar, eða því, sem beinlínis er sagt til um ásigkomulag hennar, en sá, sem sendir, getur ekki heimtað, að sending, sem eptir eðli sínu er brèfsending, verði tekin til flutnings sem böggull, eða böggull fluttur sem brèf.

1. Hlutir, sem menn vilja að sè taldir með „lausum brèfum", skulu vera flatir í lögun; þeir mega ekki vera þykkri en 1 þuml., og eigi stærri en almennt heilarkarbrot af skrifpappír. Í tilliti til lögunar og þykktar má leyfa að undantekning sè gjörð um slíkar sendingar, sem nefndar eru í tilsk. um póstmál 8. gr. a. 2.

   Á sèrhvert brèf, sem menn vilja að farið sè með sem ábyrgðar-brèf, skal greinilega rita framan á það (á utanáskriptarhliðina) „mælt með", „á hendur falið" eða „N. B."


2. Til þess að sending verði tekin til flutnings sem „peningabrèf", má hún ekki vera stærri um sig en venjulegt brèf. Þar að auki skal búa svo um hvert peningabrèf, láta utan um það og lakka, eins og hèr skal sagt:

   a. áður en umslagið er látið utan um peningana eða hina fèmætu pappíra, skulu þeir vera sveiptir inn í grápappír eða einhverja aðra umbúð, sem sè eins sterk, og skal þessu vera komið svo fyrir, að það haldi fast að öllu innihaldinu á allar hliðar.


1872. 3. maí.

b. Umslagið skal vera úr grápappír eða öðru jafnsterku efni. Áður en búið er að brjóta það saman, skal það vera í lögun eins og uppdrátturinn A, og samanbrotið og lakkað eins og uppdrátturinn B; skal umslagið vera svo stórt að það haldi fast að á allar hliðar.

A.



B.



c. Á sèrhvert peningabrèf, sem einhver skilar til flutnings, án þess að telja eigi peningana, skal sá, sem sendir, setja 5 innsigli úr lakki, og skal þeim vera komið svo fyrir, sem sýnt er á uppdrættinum B. Ef peningarnir verða taldir, er brèfinu, sem þeir eru í, er skilað til flutnings, skal láta á það 3 innsigli einhvers einstaks manns og 2 póstinnsigli.

Af mótuðum peningum má ekki í nokkru peningabrèfi vera meir en 4 rd. í dölum eða spesíum, 80 sk. í mörkum, 12 sk. í ferskildingum, 3 sk. í einskildingum, 1 hálfskildingur og í gullpeningum ekki meir en 25 rd.

Sendingar, sem að eins er ritað á, að í þeim sè pappírar, sem hljóða uppá einhverja tiltekna upphæð, en þó ekki sett neitt reglulegt peningaverð á þær, verða ekki skoðaðar sem peningabrèf.

3. Um böggulsendingar (en með þeim verða einnig taldar peningasendingar og fèmætar sendingar, sem eigi verða skoðaðar sem peningabrèf) gilda þær reglur, sem nú skal greina:

a. Til þess að heimtað verði, að póststjórnin taki að sèr til flutnings böggulsendingu, má hún ekki vera lengri en 18 þuml., og á hæð og breidd ekki framyfir 9 þuml., og eigi þyngri en 5 pund.

1872.
3. maí.

Það, sem ákveðið er um viktina, nær samt eigi til sendinga, er mótaðir peningar eru í, og skal taka við þeim til flutnings, ef þær vega ekki meir en 16 pund. Þegar póstar vegna árstímans eru gangandi, tekur póststjórnin að eins til flutnings böggla, sem ekki vega framyfir 2 pund, eða, ef það eru mótaðir peningar, 5 pund; þar að auki verður stærð og form sendinganna að vera þannig, að þær verði fluttar í pósttöskunum. Þetta gildir einnig um böggulsendingar, sem látnar eru til flutnings á brèfhirðingarstaðina. Hvort leyft verði í stöku tilfellum að fara fram yfir hina tilteknu vikt eða stærð, skal sá póstþjónn ákveða, sem við sendingunni tekur.

Þarsem senda skal skilmálalaust allar brèfsendingar með þeim pósti, sem fyrst fer af stað, eptir að sendingunum er skilað til flutnings, skal fyrst um sinn flutningur böggulsendinga með þeim pósti vera undir því kominn, að þeim verði komið fyrir. Þær böggulsendingar, sem þannig eigi komast með þeim pósti, sem fyrst fer af stað, eptir að þeim var skilað, skal flytja með næsta pósti, nema því að eins að sá, sem sendir — en honum skal tafarlaust sagt frá, að sendingin hafi ekki getað komizt með —, æski, að sèr verði fengin sendingin aptur, og skal þá borga honum aptur þann burðareyri, er hann hefir goldið. Þegar úr því skal skera, hverjar böggulsendingar skuli í þessum tilfellum flytja með fyrsta pósti, og á hverjum nauðsyn beri til að fresta flutningi til næsta pósts, skal það vera komið undir því, hvenær sendingunum var skilað, þannig að þær sendingar verði fyrst afgreiddar, sem fyrst var skilað.

b. Þegar hlutir eru í umslagi eða þess konar umbúðum, og verðupphæð þeirra er tiltekin, en það ekki eru peningar eða fèmætir pappírar, og þeir því verða taldir með bögglum, skal vera svo um þá búið og lakkað fyrir,

1872. 3. maí.

að eigi verði komizt að innihaldinu, án þess innsiglið eða umslagið skaddist.

c. Þegar sendir eru brèfpeningar eða fèmætir pappírar sem bögglar, skal fyrst sveipa um þá sterkum pappír, sem á allar hliðar lykur fast um innihaldið. Síðan skal láta um það umbúðarpappír eða aðrar jafnsterkar umbúðir, og reyra böggulinn sterku snæri eða bandi, sem ekki er hnýtt saman, og skal því brugðið í hnút á miðjum bögglinum á þeirri hlið, sem upp snýr, og þeirri, sem snýr niður. Á þeirri hliðinni, sem niður snýr, skal hafa endana svo langa, að sett verði á þá innsigli. Þegar upphæðin er talin á pósthúsinu, skal auk tveggja innsigla þess, sem sendir, setja tvö póstinnsigli á böggulinn.

d. Þegar sendir eru mótaðir peningar, skal búa um þá í reglulegum strönglum, bögglum eða pokum, eptir því, sem nú skal sagt:

Í hverjum böggli eða ströngli má ekki vera meir af mótuðum peningum, en að það vegi 16 pund. Fyrst skal hlaða peningunum fast saman, sveipa um þá á alla vegu sterkum pappír og reyra svo um. Umbúðirnar um bögglana eða strönglana að utan skulu vera úr leðri, skinni eða sterku lèrepti, sem að minnsta kosti er vafið tvisvar um, eða vaxdúki; skal brotið saman við endana, og allstaðar saumað fyrir. Auk þess skal böggullinn eða ströngullinn vera reyrður snæri, sem ekki er hnýtt saman, og skal því að minnsta kosti á tveim stöðum vera brugðið í kross; skal festa endana á snærinu með innsigli þess, sem sendir, við böggulinn, þar sem brotnir eru saman endarnir á umbúðunum. Ef póststjórnin telur peningana, er þeim er skilað, skal þar að auki láta 2 póstinnsigli á böggulinn.

Í hverjum poka má ekki vera meir af mótuðum peningum, en sem vegur 16 pund. Peningapokarnir skulu vera úr leðri, skinni eða tvöföldu lèrepti, eða hafðir 2 pokar, hver utan um annan á þann hátt, að fellingarnar á þeim liggi eigi saman. Sèrhver felling á peningapokum skal snúa inn á við; skal vera fast bundið

fyrir pokana, rètt fyrir ofan það, sem í þeim er, með sterku snæri, sem ekki er hnýtt saman, og skal festa endana rètt hjá hnútnum við pokann sjálfan með innsigli þess, sem sendir. Ef póststjórnin telur peningana, er þeim er skilað, skal þar að auki setja eitt póstinnsigli á pokann. 1872. 3. maí.

e. Um allar böggulsendingar, sem ekki er sèrstaklega getið hèr að framan, skal það vera almenn regla, að vel og vandlega sè um þær búið, og skulu umbúðirnar vera svo gjörðar, að þær svari til innihaldsins, viktarinnar, stærðarinnar, árstímans og vegarlengdarinnar, og skal vera tilhlýðilega lokað fyrir þær, svo ekki sè hætt við, að þær verði opnaðar á leiðinni af öðrum útífrá. Nema því að eins að sendingarnar sè mjög lèttar, skal vera bundið um þær fast og rammlega. Til umbúða má, auk trè- eða pjáturkassa, lèrepts, skinns, vaxdúks, bastsmotta, og því um líks, hafa pappír, öskjur úr spjaldapappír eða spænum, vandlaupa, strá o. s. frv., en þó því að eins, að þessar umbúðir eigi við eptir eðli þess hlutar, sem sendur er.

Vörur, sem geta runnið eða væta komið úr, verða að eins teknar til flutnings, þegar þær eru í kössum úr trè, pjátri eða því um líku efni; verði það flutt í öðrum umbúðum, af því að póststjórninni var ekki kunnugt um eðli innihaldsins eða umbúðanna, skal sá, sem sendi, bæta allan skaða, sem af því verður, samkvæmt reglunum í 12. grein. Líkar umbúðir og ákveðnar eru undir þær vörur, sem runnið geta, skal og hafa undir smjör og önnur feitmeti, og undir gler og þess háttar brothætta hluti, ef álíta skal, að umbúðirnar sè hagfelldar.

f. Á sèrhverri böggulsendingu skal vera tilhlýðilegt merki, svo sem nafn, tákn eða númer, og að auki heiti póststofunnar eða póstafgreiðslustaðarins, þangað sem sendingin á að fara. Samt er það ráðlegast til frekari tryggingar, að rita full a utanáskript

1872. 3. maí.

á sendinguna. Á böggulsendingar, sem peningar eða fèmætir pappírar eru í, og sagt til þeirra, skal einnig rituð hin tilgreinda verðupphæð. Merkið skal vera svo gjört, að það haldi vel, og ritað með bleki, sortu, eða því um líku (en ekki með krít, blýanti o. s. frv.); það skal standa á sterkum spjaldapappír, trèspítum eða þess konar, sem bundnar eru við böggulinn, eða vera ritað á hlutinn sjálfan eða á umbúðirnar. Pappírsmerki verða að eins tekin gild, þegar þau eru fest á með límí eða klístri, og eru vel held. Eldri merki mega ekki vera á sendingunum.

g. Til innsigla þeirra, sem sá, er sendir, á að hafa við samkvæmt því, sem beinlínis er fyrir mælt að framan, skal hafa sterkt lakk og reglulegt signet (en ekki t. d. oflátuþrýstara, skilding eða því um líkt).

h. Þegar er sagt til verðupphæðar á því, sem sent er, skal hún tiltekin í þeim peningum, sem gjaldgengir eru í landinu.

i. Á tilvísunarbrèf það, sem fylgja á hverri sending, skal auk utanáskriptar rita, hvað fylgi (böggull, kassi o. s. frv.), merki á sendingunni og verð hennar, ef til þess er sagt. Fleiri böggulsendingar má taka uppá sama tilvísunarbrèf, en upphæð verðs skal tilgreind fyrir hverja sendingu útaf fyrir sig.

4. Utanáskriptin (kveðjan) á brèfsendingum, peningabrèfum og tilvísunarbrèfum skal vera svo greinileg, skýlaus og nákvæm, að póstþjónar geti ekki verið í vafa um, til hvers pósthúss sendingin eigi að fara, til hvers hún sè, og hverjum eigi að skila henni.

Æski sá, sem sendir ábyrgðar-brèf, peningabrèf eða böggulsending, fyrir tilstilli póststjórnarinnar að fá kvittun viðtakanda fyrir sendingunni, skal greinilega ritað framan á brèfið, peningabrèfið eða tilvísunarbrèfið: „æskt er kvittunar fyrir móttökuna". Hlutaðeigandi póstþjónn býr þá til kvittun og sendir hana með borgunarlaust, en fyrir að senda aptur kvittunina undirskrifaða, borgar sá, sem sendir,

burðareyri fyrir fram eins og undir almennt brèf jafnstórt (tilsk. um póstmál, 8. gr.). 1872. 3. mai.

14. grein.

Um það, hvernig verja skuli ákvörðunum þeim, sem settar eru í 10. gr. í tilsk. um póstmál viðvíkjandi því, undir hverjar póstsendingar greiða skuli fyrir fram borgunina, er í landssjóð rennur, skal farið eptir reglum þeim, er hèr segir.

1. Þau stjórnarvöld og sveitarstjórnir, sem venjulega eigi má senda neitt, nema undir það sè borgað með frímerkjum, eru:

A. Stjórnarvöld.

Hin konunglegu stjórnarráð og deildir þeirra.
Hæzti rèttur.
Landshöfðinginn.
Amtmennirnir.
Stiptsyfirvöldin.
Biskupinn.
Hinn konunglegi íslenzki landsyfirrèttur.
Undirdómstólarnir, hin lægri yfirvöld og lögreglustjórarnir.
Landfógetinn.
Sýslumennirnir og umboðsmenn þjóðeigna.
Landlæknirinn.
Hèraðslæknar.
Prófastar.
Söknarprestar.
Forstöðumaður prestaskólans.
Skólameistarinn við hinn lærða skóla.
Póstmeistarinn í Reykjavík.
Póstafgreiðslumenn.
Póstgufuskips-afgreiðslumenn.

B. Sveitarstjórnir.

Amtsráðin.
Amtmennirnir sem forsetar í amtsráðunum.
Sýslunefndirnar.

1872.
3. maí.

Sýslumenn sem oddvitar sýslunefndanna.
Bæjarstjórnin í Reykjavík og oddviti hennar.
Bæjarstjórnirnar í hinum kaupstöðunum.
Hreppsnefndirnar.

C. Öll stjórnarvöld og sveitarstjórnir í Danmörku og erlendis.

Til þessara valda má að eins senda, án þess að við höfð sè frímerki, þegar sá, sem sendir, ekki er í tèðum stjórnarvöldum eða sveitarstjórnum, og hann hefir ritað framan á sendinguna (á tilvísunarbrèfið, að því leyti, er snertir böggulsendingar) „fyrirskipuð skýrsla" eða „heimtað álit" (að því, er snertir peninga- og böggulsendingarnar „fyrirskipuð sending"), og skrifað eiginhandar nafn sitt undir. Ef mannsnafn er tilgreint í utanáskriptinni, verður eigi álitið, að sendingin sè til stjórnarvalds eða sveitarstjórnar.

2. Með þeim brèfum, sem eigi má senda, án þess að borgað sè undir þau með frímerkjum, sökum þess að þau eru opin o. s. frv., skal telja bæði þau brèf, sem móttökumaður getur komizt að hvers efnis þau eru, án þess að rífa upp innsiglið eða umslagið, og þær brèfsendingar, er utan á er ritað annað en kveðjan og heiti þess, sem sendir, staða hans og heimili.

3. Þegar ekki er goldinn fyrir fram fullur burðareyrir með frímerkjum undir brèf, sem ritað er á, að það skuli vera ábyrgðar-brèf, skal það álitið og með það farið sem með venjulegt brèf, þannig að ekkert tillit verður tekið til þess, sem á það er ritað um, að það sè ábyrgðar-brèf. Öðrum sendingum, sem borga skal undir fyrir fram með frímerkjum, skal póststjórnin, ef það ekki er gjört, þarámóti annaðhvort vísa aptur eða halda þeim aptur sem ólátandi á póst.

4. Ef sá, sem sendir, hefir ekki goldið fullan burðareyri eptir taxtanum, er hann skilaði sendingunni til flutnings, sökum þess að hlutaðeigandi póstþjónn hefir sagt rangt til um

burðareyri, verður það sem á vantar eigi heimtað hjá mót- 1872.
tökumanni. 3. maí.

5. Með „einstökum" mönnum, sem senda eitthvað með pósti, og eru skyldir til að borga eptir á ógoldna póstpeninga fyrir sendingar, sem ekki eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, skal telja hvern þann, sem, þá er hann lèt sendinguna fara af stað, ekki hefir komið fram fyrir hönd einhverra þeirra stjórnarvalda eða sveitarstjórna, sem nefnd eru að framan. Sá, sem sendir, er skyldur til að borga eptir á burðargjald, þegar sendingin er fengin honum aptur ósköðduð að utanverðu, og til er vottorð frá pósthúsi þess staðar, þangað sem sendingin átti að fara, eða frá þeim manni, sem sendingin var til, um það, að hann hafi færzt undan, að taka við henni, eða pósthúsið vottar, að sendingunni verði ekki komið til skila á venjulegan hátt. Sá, sem sendi, getur ekki komizt hjá því, að borga eptir á með því, að rita á sendinguna aðra utanáskript, og póststjórnin er ekki skyld að gjöra tilraun til að fá borgunina með því að selja sendinguna, áður en hún heimtar borgun eptir á.

15. grein.

1. Póststjórnin gefur út fyrst um sinn til almennings nota frímerki:

1) með bláum lit á . . . 2 sk.
2) — rauðum — - . . . 4 —
3) — mórauðum — - . . . 8 —
4) — gulum — - . . . 16 —

Þegar keypt er fullt hundrað af frímerkjum í einu, fær kaupandi 4 % afslátt.

2. Frímerki skulu vera til sölu á póststofunni og á sèrhverjum póstafgreiðslustað, bæði einstök og í hópakaupum. Á brèfhirðingarstöðunum skulu geta fengizt að minnsta kosti tvískildings- og ferskildingsfrímerki, annaðhvort einstök eða fleiri í senn; brèfhirðingarmenn eru þar að auki skyldir til, þegar þess er krafizt og borgað er fyrirfram, að útvega með fyrsta pósti þau frímerki, sem þeir ekki hafa til

1872. 3. maí.

sjálfir, hjá póststofunni eða einhverjum póstafgreiðslustað.

3. Það, sem goldið hefir verið fyrir frímerki, borgar póststjórnin eigi aptur gegn því, að frímerkjunum sè skilað aptur; en ef frímerkin hafa ekki verið notuð, og þau eru ósköddud og alveg hrein, má heimta, að höfð sè skipti á þeim og öðrum frímerkjum, sem hafa sama verð. Frímerki verða ekki tekin gild, ef þau eru óhrein, eða líta svo út að megn grunur verði um, að þau hafi verið áður höfð til þess að láta þau á póstsendingar.

4. Fyrir frímerki, sem um of eru límd á sendingu, greiðir póststjórnin ekkert endurgjald, en að svo miklu leyti, sem því verður við komið, skal ekki ónýta þau.

5. Frímerki skal setja á brèfsendingarnar, peningabrèfin og tilvísunarbrèfin framanvert, í efra hornið hægra megin; samt verða þau frímerki tekin gild, sem sett eru á annan stað framanvert á brèfin. Í stöku tilfellum má breyta útaf þessu (og þá sèr í lagi, ef rúm ekki er til á framhlið brèfsins), og taka einnig gild frímerki, sem eru látin á bakhlið brèfsins, að því leyti póstafgreiðslumaðurinn, sem sendir það af stað, tekur eptir þeim. Póstþjónar skulu segja almenningi til, eins og með þarf, um notkun frímerkjanna og um það, hvernig þeim skuli koma fyrir, og skulu þeir, þegar sá, sem sendir, beiðist þess, láta frímerkin á þær sendingar, sem keypt eru til frímerki um leið og sendingunni er skilað til flutnings.

6. Til þess að borga undir póstsendingar, sem skilað er til flutnings á Íslandi, má ekki hafa dönsk eða útlend frímerki.

7. Auk hinna venjulegu frímerkja, sem getið er um að framan, gefur póststjórnin út þjónustu-frímerki, sem skulu viðhöfð við þær póstsendingar, sem goldin er uppbót fyrir úr landssjóðnum, samkvæmt tilsk. um póstmál, 12. gr., og gildir um þau það, sem fyrir er mælt að framan, en um notkun þeirra og hvernig þeim skuli varið, skulu gilda sèrstakar reglur, eins og nú skal sagt:

A. Stjórnarvöld þau, sem nefnd voru í 14. gr., skulu í þeim tilfellum, sem nú skal greina, fyrir hönd hins

opinbera greiða burðareyri, sem þau aptur fá uppbót fyrir úr landssjóðnum, undir sendingar þær, sem fluttar verða með póstum, og út ganga frá hlutaðeigandi stjórnarvöldum um embættismál: 1872. 3. maí.

1) til konungs og konungsættingja;
2) til annara innlendra og danskra stjórnarvalda, svo og til útlendra stjórnarvalda;
3) til sveitastjórna (samanbr. að framan 14. gr. B.);
4) til annara, en þeirra, sem getið er um í 1—3. lið, þegar sendingin á sèr stað til þess að leggja einhverjum stjórnarlegt erindi á hendur, heimta skýrslu eða leita álits, og ritað er á sendinguna framanverða (að því leyti, er snertir böggulsendingar, á tilvísunarbrèfið) „stjórnarlegt erindi" „fyrirskipuð skýrsla" eða „heimtað álit". Ef sendingar þær, sem nefndar eru í 4. lið, eru um önnur málefni, og einkanlega hafa inni að halda:
   a. svar uppá bænarskrár og bónarbrèf um embætti, veitingarbrèf, þóknun, náðarveiting, eptirlaun, styrk, lán, fjærvistarleyfi, ferðaleyfi, leyfisbrèf, undantekningar frá lögum og tilskipunum, frest á því að senda reikninga og gjaldheimtur, veiting á rèttindum innborinna manna, lausn frá því að vera þegn konungs o. s. frv.
   b. svar uppá fyrirspurnir, sem varða þann, er ber upp spurninguna,
   c. sending launa, og þóknunargjalda handa embættismönnum og embættisþjónum, svo og sending eptirlauna og styrktafjár,
   d. sendingar til prestaskólans, hins lærða skóla, stiptisbókasafnsins og þess konar, ef þær eingöngu snerta hag hlutaðeigandi stofnunar, en eigi ríkisstjórn,
   e. brèfaskriptir um prestatíund, er þær varða þann, sem við á að taka, eða þann, sem gjalda á,
   f. brèfaskriptir um bændakirkjur og leigujarðir, ef

1872.
3. maí.

það varðar að eins eigendur, en eigi hag stjórnarinnar,

g. brèfaskriptir um fèskiptismál og þegar sent er skiptafè og fè ómyndugra, ef ekki er um hag stjórnarinnar að ræða,

h. áminningarbrèf um að senda skattgjöld,

i. sending málafærslulauna í opinberum málum og gjafsóknarmálum,

k. þegar gjaldheimtumenn senda fè jafnaðarsjóðanna,

l. þegar send eru aptur ríkisskuldabrèf, sem einhver af sjálfsdáðum hefir sent, til þess um þau verði skipt, eða sem sett hafa verið að veði fyrir opinberum gjaldheimtum,

má eigi borga undir póstsendingarnar úr landssjóði (með þjónustu-frímerkjum), þegar þær ganga frá stjórnarvöldum til annara, en þeirra stjórnarvalda eða sveitastjórna, sem nefndar eru í 14. grein.

B. Sömuleiðis skulu tèð stjórnarvöld gegn uppbót úr landssjóðnum greiða burðareyri fyrir hönd hins opinbera undir sendingar þær, sem fluttar eru með póstum og koma til þeirra frá

1. öðrum, en þeim, sem nefndir eru í A 2 og 3, og sem að eins hafa inni að halda fyrirskipaða skýrslu eða heimtað álit (án tillits til þess, hvort skýrslan er fyrirskipuð eða álitið heimtað fyrir einstakt tilfelli eða yfirhöfuð), og ef þar að auki er á þær ritað „fyrirskipuð skýrsla", „heimtað álit" (að því leyti, er snertir peninga- og böggulsendingar „fyrirskipuð sending"), en þessi áskript skal vera rituð framan á sendinguna (að því, er snertir böggulsendingar, framan á tilvísunarbrèfið), og skal sá, sem sendir, skrifa eiginhandar nafn sitt undir;

2. frá útlendum stjórnarvöldum.

Í öðrum tilfellum, en þar sem enginn efi er á, að það sè leyfilegt, samkvæmt því, sem fyrir er mælt að framan, mega

stjórnarvöld eigi fyrir hönd hins opinbera borga burðargjald undir þjónustu-sendingar, og ef brotið er gegn þessu, þá varðar það þeim hegningum, sem greint er um í tilsk. um póstmál, 14. gr. 1872. 3. maí.

Fyrir það, sem póstþjónar fá fyrir að láta í tè það, sem um er getið í tilsk. um póstmál, 8. gr., geta stjórnarvöldin eigi heimtað neitt endurgjald.

16. grein.

Gefa skal út tvennskonar þjónustu-frímerki, sumsè:

1) með grænum lit á . . . . 4 sk.

2) — ljósum fjólulit - . . . . 8 -

Stjórnarvöld þau, sem nefnd eru í 14. gr., skulu geta fengið þau til kaups á póststofunni í Reykjavík og á öllum póstafgreiðslustöðum; skal kaupendum gefin kvittun borgunarlaust. Kvittanir þessar hefir kaupandi sem fylgiskjöl við reikning sinn, og sendir þær á hverju missiri til landshöfðingja; skal hlutaðeigandi embættismaður láta þeim fylgja skýrslu, sem gefin er uppá æru og trú, og hann sjálfur hefir skrifað undir, um það, hve mörg þjónustu-frímerki voru til hjá honum eptir frá hinu fyrra reikningstímabili, hve mörg hann hafi keypt á því tímabili, er hann sendir kvittanir fyrir, hve mörg eru notuð á þeim tíma, og hve mörg til við lok þessa tímabils.

Þegar hlutaðeigandi stjórnarvald heimtar álit og skýrslu, eða býst við einhverri annari sendingu, sem fyrirskipuð er, má það senda hlutaðeigendum þau þjónustu-frímerki, sem þarf til þeirra sendinga.

Þau þjónustu-frímerki, sem hlutaðeigandi embættismaður hefir keypt, skal varðveita svo, að menn útífrá geti ekki notað þau.

Hlutaðeigandi embættismaður hefir ábyrgð á því, að þær sendingar, sem frá honum ganga undir þjónustu-innsigli hans, eða með áskript þeirri, sem má við hafa í stað innsiglis, og þjónustu-frímerki eru höfð við, í raun réttri sè þess eðlis, að borga megi undir þær með frímerkjum samkvæmt þeim reglum, sem settar eru að framan.

Það er skylda sérhvers stjórnarvalds, þegar það tekur við sendingum, sem þjónustu-frímerki eru á, að hafa gætur á, hvort sendingarnar hafi verið þess eðlis, að borga mátti undir þær á

1872. 3. maí.

þennan hátt, og ef það sèst, að röng aðferð hafi verið við höfð, skal skýra yfirmanni þess, sem sendi, frá því, eða landshöfðingja, ef sendingin er frá honum komin.

Ef þær sendingar, sem getið er um í 15. gr. B., berast stjórnarvaldi, án þess að undir þær sè borgað með frímerkjum, getur það heimtað kvittun fyrir burðargjaldinu, sem rituð skal á eyðublað eða í bók, sem hlutaðeigandi stjórnarvald hefir útvegað og fyllt út. Kvittun þessi verður þá fylgiskjal við reikning stjórnarvaldsins, og skal með hana farið eins og sagt var fyrir um kvittanir þær, sem getið var að framan.

Þegar hlutaðeigandi stjórnarvald krefst þess, eða ef nokkur efi verður um það, hvort reikningur frá einhverju stjórnarvaldi um burðargjald sè rèttur, skal hlutaðeigandi póstafgreiðslumaður eða póststofan halda skiptabók, sem hlutaðeigandi stjórnarvald útvegar, um allar sendingar, sem ganga frá þessu stjórnarvaldi, eða berast því frá lægri embættismönnum, embættisþjónum eða einstökum mönnum, og þjónustu-frímerki hafa verið höfð við, svo og um borgun þá, er stjórnarvald þetta greiðir fyrir keypt þjónustu-frímerki.

17. grein.

Venjulegar brèfsendingar, sem eigi eru ábyrgðar-brèf, má, ef þeim ekki er ábóta vant í neinu, sem fyrir er skipað um borgun undir þau með frímerkjum, utanáskript og annað ásigkomulag þeirra, annaðhvort láta í brèfkassa, sem til þessa eru festir upp á einstök pósthús, eða á skip þau, er til flutninga eru höfð frá höfn á Íslandi, eða skila þeim reglulega á pósthúsunum, eða leggja þau í töskur þær, sem póstarnir hafa meðferðis á ferðum sínum.

Brèfkassa þá, sem festir eru upp á pósthúsin, skal tæma $^1/_2$ stundu áður, en pósturinn fer þaðan; brèf, sem látin eru í töskur pósta, skal taka upp og hirða um þau á næsta pósthúsi, jafnskjótt og pósturinn er kominn þangað.

Þegar hlutir eru látnir á pósthúsin, sem bannað er að flytja (tilsk. um póstmál, 4. gr.), eða sem eigi verða sendir sökum þunga eða stærðar (samanbr. 13. gr. að framan), skulu pósthúsin beinlínis neita að taka við þeim.

Þegar sjá má, þá er sendingu er skilað til flutnings, að eigi er farið eptir því, sem fyrir er mælt um borgun með frímerkjum,

umbúðir, merki, utanáskript, umslag, innsigli, tilsögn um upphæð, tilvísunarbrèf o. s. frv., skal póstþjónninn benda mönnum á gallann, og verður þá eigi tekið við sendingunni eða hún flutt, fyrr en sá, sem sendir, hefir ráðið bót á því, sem að er. Samt má á pósthúsinu taka til flutnings venjulega böggulsendingu (ekki peningasendingu), þó ekki sè vel gengið frá umbúðunum, í því standi, sem hún er, ef eigi þarf að óttast, að aðrar sendingar geti orðið fyrir skemmdum af þessu, eða nein veruleg vandkvæði hljótist af því fyrir afgreiðslu póstsins, og sá, sem sendir, eða sendiboði hans lýsir því yfir með því að rita á tilvísunarbrèfið, og setja nafn sitt undir, að böggullinn verði fluttur uppá ábyrgð þess, er sendir. Ef megn grunur verður um, að peningar sè í venjulegri brèfsending, sem ekki er ábyrgðar-brèf, þegar henni er skilað til flutnings, skal póstþjónninn — án þess þó fastlega að neita því, að flytja sendinguna sem venjulegt brèf — að svo miklu leyti sem unnt er, benda þeim, sem skilar því, á, að það sè ólöglegt, að láta peninga í brèf, án þess að segja til þeirra. 1872. 3. maí.

Sú póststofa eða sá póstafgreiðslustaður, sem fyrst tekur við sendingum, sem eru fengnar í hendur brèfhirðingarmanni eða pósti, getur komið fram með mótbárur gegn þeim sökum þess, hvernig þeim er varið og hve illa er um þær búið af hálfu þess, sem sendir, og rekið þær alveg aptur, þótt brèfhirðingarmaðurinn eða pósturinn hafi veitt þeim móttöku án þess að finna neitt að þeim.

Kvittun sú fyrir því, að skilað er til flutnings ábyrgðar-brèfum, peningabrèfum og böggulsendingum, sem skal gefin þeim, sem sendir, borgunarlaust, ef hann krefst þess (tilsk. um póstmál, 8. gr.), skal hafa inni að halda nafn þess, sem vísað er til á sendingunni, staðinn, þangað sem hún á að fara, tegund hennar, hina tilgreindu upphæð og vikt (að því leyti, er snertir böggulsendingar), og svo það, hvort það sè talið, sem er í peningasendingu; ennfremur skal sagt til um verð þeirra frímerkja, sem sá, er sendir, hefir látið á, og um það, hve mikið sè borgað í peningum; kvittunin skal vera dagsett, og skrifað undir hana; auk þess má sá, er sendir, heimta, að sín sè getið sem þess, er sendi. Að svo miklu leyti, sem kvittunin ekki verður rituð í bók eða á eyðublað, sem sá, er

1872. 3. maí.

sendir, sjálfur leggur til, og sem skal lagað og fyllt út á þann hátt, sem fyrir er skipað um pósthúsin, skal hafa til þessa prentuð eyðublöð.

Þegar búið er að skila sendingu, má því að eins heimta kvittun, að sagt hafi verið til nafns þess, sem sendi, þá er sendingunni var skilað, og hann getur tilgreint nokkurn veginn vissan dag, þá er sendingunni hafi verið skilað, og ef svo stendur á, að hentugur tími sè fyrir pósthúsið til að láta af hendi slíka kvittun.

Sá, sem sendir, getur heimtað, að sèr verði gefin fleiri exemplör af kvittuninni, en þá verður hann að borga 2 sk. fyrir hvert fram yfir það, sem hann fær kauplaust.

Heimti sá, sem sendir, eigi sèrstaklega kvittun fyrir því, að hann hafi skilað til flutnings ábyrgðar-brèfum eða sendingum, er upphæð er tilgreind á, skal rita þær, þegar hann krefst þess, í bók, sem til þess er ætluð, á meðan hann er viðstaddur, að svo miklu leyti því verður við komið. Ef sagt er til nafns þess, sem sendir, er slíkum sendingum er skilað til flutnings, skal það ritað í bókina.

Að telja það, sem í sendingu er, þegar henni er skilað, skal að eins vera skylda á póststofunni og póstafgreiðslustöðunum (en aptur á móti ekki á brèfhirðingarstöðunum), og þá einungis í þeim tilfellum, sem nú skal greina:

a. þegar sendingin er peningabrèf eða böggulsending.
b. þegar sendingin hefir inni að halda gjaldgenga peninga (samt ekki framyfir 500 rd. í einni sendingu), peninga ígildi, skuldabrèf eða þess konar fèmæta pappíra, sem hverjum þeim eru nýtir, er í höndum hefir,
c. þegar pósthúsið, ef í sendingunni eru útlendir peningar eða peninga ígildi, getur dæmt um, hvort tala þeirra sè samkvæm þeirri upphæð, sem tilgreind er,
d. þegar hin fulla upphæð alls þess, sem í sendingunni er, er tilgreind á brèfinu eða tilvísunarbrèfinu.

Ef telja skal innihald sendingar á pósthúsi, má sá, sem afhendir hana til flutnings, heimta, að það sè gjört í viðurvist hans.

18. grein.

1872. 3. maí.

Ámeðan sending, sem skilað er til flutnings, er í vörzlum póststjórnarinnar, má sá, sem sendir, fá hana aptur eða koma því til leiðar, að hún verði send öðrum, en tiltekið var í upphafi, ef þessu verður við komið án þess að það verði afgreiðslu póstsins til fyrirstöðu, og sá, sem sendir, geti helgað sèr sendinguna. Pósthúsið getur þar að auki heimtað tilhlýðilega kvittun fyrir því, að sendingunni sè skilað aptur, nema því að eins, að þess eigi þurfi við fyrir þá sök, að kvittun þeirri, sem póststjórnin hefir áður gefið, verði skilað aptur.

Ef sendingunni er skilað aptur, áður en hún er komin af stað frá pósthúsi því, þar sem hún var afhent, skal að eins endurgoldið það, sem borgað var fyrir frímerki, þegar þess er krafizt, að sendingunni sè skilað aptur, og því að eins, að ekki sè búið að setja frímerki á sendinguna fyrir sama verð. Frímerki, sem búið er að líma á, en eigi þegar eru ónýtt, skal ekki ónýta, þegar það er heimtað, að sendingunni sè skilað aptur.

Þegar það annars kemur fyrir, að sendingu sè skilað aptur, skal sá, sem sendir, greiða fullt burðargjald eptir taxtanum, o. s. frv.

19. grein.

Sèrhver sending skal flutt með fyrsta pósti frá þeim stað, þar sem henni er skilað til flutnings, nema því að eins að sá, sem sendir, hafi ritað á sendinguna, að hann beinlínis heimti, að hún sè flutt á annan hátt; þó skal hèr gæta þess, sem nákvæmar er fyrir mælt að framan í 13. gr. 3. a.

Þar sem nefndur er fyrsti póstur, þá er það svo að skilja, að ekki sè að eins átt við hinn venjulega póst, sem fer yfir land, heldur einnig þann póst, sem póststjórnin lætur flytja með skipum, samkvæmt tilsk. um póstmál 6. gr.

Póstsendingar skal flytja þá leið, sem póststjórnin leggur pósthúsunum fyrir, nema því að eins að sá, sem sendir, riti á sendinguna, að hún skuli fara aðra leið, og skal þá þessu fylgt, svo sem unnt er. Um það, hverja leið sendingarnar eru látnar fara, skulu pósthúsin fara beint eptir utanáskriptinni, ef hún segir nægilega skýrt frá (enda þótt sá, sem sendir, t. a. m. hafi bein-

1872. 3. maí.

línis getið rangt til um pósthús), nema því að eins að móttökumaðurinn sèrstaklega hafi mælzt til þess við hlutaðeiganda pósthús, að sendingin verði flutt aðra leið. Ef utanáskriptin segir ekki nægilega skýrt frá, skal pósthúsið fara eptir þeim leiðarvísi, sem gefinn er af póststjórninni.

Verði tekið eptir því við flutninginn eða afgreiðsluna, að innsigli eða umbúðir á brèfsendingu eða peningasendingu hafi losnað, eða orðið fyrir svo miklum skemmdum, að innihaldið verði tekið út, skal hlutaðeigandi póstþjónn, ef innsigli er brotnað, loka brèfinu með póstinnsigli, sem þó verður að koma fyrir þannig, að enn megi sjá skemmdirnar, og í hinu tilfellinu skal hann láta aðrar umbúðir utanum sendinguna eða lúka fyrir hana á ný, þó þannig, að gömlu umbúðirnar sè látnar vera á, og skal hann, ef unnt er, hafa kallað mann til vitnis um þetta á undan. Í báðum tilfellum skal gjöra athugasemd um það, sem gjörzt hefir, og rita hana á sendinguna.

20. grein.

Sendingar þær, sem póststjórnin hefir tekið við til ráðstöfunar, skal hún láta flytja til þess pósthúss (póststofunnar í Reykjavík, póstafgreiðslustaðar eða brèfhirðingarstaðar), sem vísað er til, og skal skila þeim þar þeim manni, sem við á að taka, eða þeim, sem á tilhlýðilegan hátt sannar, að hann hafi umboð hins til að veita sendingunni móttöku. Þegar dæma skal um, hvort heimildin sè gild, skulu póstþjónar fara eptir hinum almennu reglum, sem um það gilda, og ef þeir eru í nokkrum efa, mega þeir heimta skriflegt umboð. Ef vísað er á sendingunni til fleiri, má skila henni hverjum þeirra sem vera skal.

Sè það efasamt til hvers sendingin á að fara, af því að fleiri eru með sama nafni, á hlutaðeigandi pósthús að láta einhvern af þeim, sem haldið er að vísað sè til, opna sendinguna í viðurvist póstþjóns, til þess að reyna til af dagsetningu eða undirskript að fá vissu fyrir því, hver sè rèttur móttökumaður.

Póststjórnin er ekki skyld að skila ábyrgðar-brèfum, peningabrèfum og böggulsendingum, fyr en hún hefir fengið tilhlýðilega kvittun hins rètta móttökumanns. Kvittun þessa má heimta annað-

hvort með því móti, að móttökumaður riti nafn sitt með bleki í bækur póststjórnarinnar á þeim stað, sem til þess er ætlaður, eða þannig, að móttökumaður sjálfur gefi reglulega kvittun. Ef ekki er skrifað undir í augsýn þess póstþjóns, er lèt sendinguna af hendi, má heimta, að tveir vitundarvottar staðfesti undirskriptina. 1872. 3. maí.

Ef móttökumaður krefst þess, er sá póstþjónn, sem afhendir sendingu, skyldur til að vera til staðar þangað til að hið ytra ásigkomulag sendingarinnar getur orðið rannsakað í augsýn hans, og peningar taldir, að því leyti, er snertir peningasendingu og peningarnir hafa verið taldir, er henni var skilað til flutnings.

Póstþjónar eru ekki skyldir að afhenda póstsendingar, sem greiða á fyrir eptirá burðargjald eða borgun fyrir umbúðir og fl., fyr en búið er að borga þessi gjöld, sem skulu vera rituð með greinilegum tölustöfum framan á sendinguna, og burðareyrir tiltekinn í dönskum skildingum. Póststjórnin er ekki skyld að gefa sèrstaklega kvittun fyrir borgun, sem greidd er af móttökumanni, nema í þeim tilfellum, sem getið er í 16. grein hèr að framan. Umkvörtunum yfir því, að of mikið hafi verið heimtað, skal fylgja umslagið eða sú hlið af brèfinu, er tilvísunin er rituð á.

Sá, sem skorast undan að taka við sendingu, sem til hans á að fara, skal lýsa því yfir, þá er sendingin er afhend honum, og skal hann jafnframt skila henni aptur óopnaðri og óskemmdri. Á sama hátt má sá, sem fyrir hönd annars hefir tekið við sendingu, skila henni aptur, án þess það þurfi að gjöra um leið og hún er afhend.

Póstsendingum, sem ranglega eru afhentar, má viðtakandi skila aptur á hvert pósthús, sem vera skal.

Póststjórnin borgar aptur það gjald, sem viðtakandi hefir greidt fyrir sendingar, sem hún tekur við aptur.

Pósthúsin eru skyld til, eptir beiðni þess, er sendir, eða þess, sem við á að taka, að senda póstsending, sem vísað er þangað, á annan stað með fyrsta pósti, sem fer eptir að beiðnin er komin til þeirra. Í öðrum tilfellum, er pósthúsin vita með vissu, að sá, sem taka á við sendingu, er farinn burtu, og hvar hann er, eru þau sömuleiðis skyld til, eptir því, sem þau álíta henta, að senda til hans þær sendingar, sem til hans eru komnar, ef þeim eigi verður

1872. 3. maí.

skilað neinum þar á staðnum, sem hefir heimild til þess að taka við þeim. Ef breyta þarf utanáskript eða merkja sendingu, þegar hún fer lengra, skal gjöra það borgunarlaust.

21. grein.

Svo má álíta, að póstsendingu verði ekki komið til skila:

a. þegar sá, sem vísað er til, skorast undan að taka við henni,
b. þegar póststjórnin hefir ekki getað spurt þann upp, sem vísað er til, og
c. þegar sendingar hafa legið 6 mánuði, án þess að verða sóktar.

Jafnskjótt og það er álitið, að póstsendingu verði ekki til skila komið, skal hún send aptur á það pósthús, þar sem henni var skilað til flutnings, og skal þess jafnframt getið, fyrir hverja sök henni hafi ekki verið komið til skila.

Það er skylda pósthússins á þeim stað, þar sem sendingu er skilað til flutnings, að sjá um, að bæði þær sendingar, sem getið var um, og aðrar sendingar, sem einhverra orsaka vegna ekki hefir orðið komið til skila þar á staðnum, eða ekki hafa orðið sendar þaðan, verði fengnar aptur þeim, er sendu, svo fljótt, sem unnt er, ef komizt verður að því, hverir sent hafa, án þess að opna sendingarnar. Þegar þeim er skilað aptur, skal fara eptir hinum almennu reglum um afhending póstsendinga, þannig að þann, sem sendi, skal í þessu tilfelli álíta sem móttökumann (samanbr. 14. gr., 5).

Verði sendingum þeim, sem ekki verður komið til skila, ekki heldur komið til þess, sem sendi, skal senda þær póstmeistara áleiðis til landshöfðingja, sem lætur tvo áreiðanlega menn, sem hann sérstaklega kveður til þess, opna þær og rannsaka; skulu menn þessir hafa unnið eið að því, að þeir ekki viljandi skuli lesa annað af hinu skrifaða innihaldi sendingarinnar, en dagsetning og undirskript. Sendingar þær, sem ekki þegar er búið að bjóða þeim, sem sendu, eða sem fyrst komizt verður að með því að opna þær, eins og sagt er, hverir sent hafi, skal senda undir innsigli landshöfðingja til þess, sem sendi, og skrifað utan á til hans, svo þeim verði komið til hans, ef unnt er, eptir hinum almennu reglum, sem getið er að framan.

Sendingar þær, sem eptir þeim reglum, sem getið er að framan, ekki hefir orðið komið til þess, sem vísað er til, eða þess, sem sendi þær, skal geyma undir innsigli landshöfðingja á póststofunni í Reykjavík, og skulu þær liggja þar, svo þær verði sóktar samkvæmt hinum almennu reglum um afhending póstsendinga. 1872. 3. maí.

Þeim sendingum, sem loksins verða eptir og eigi verður komið til skila, og sem ekki verða seldar póstsjóði í hag samkvæmt 15. gr. í tilsk. um póstmál, skal eyða, þegar þær hafa legið þar að minnsta kosti í 6 mánuði; skal þetta gjört einusinni á ári hverju með umsjón þeirra manna, sem til þessa eru settir og nefndir eru að framan.

Póstþjónar skulu sjá um, að óviðkomandi menn fái ekki vitneskju um, frá hverjum eða til hverra póstsendingar komi eða fari af stað, nema það eingöngu sè til þess að greiða fyrir flutningi þeirra, og skulu þeir því varðveita póstsendingar þannig, að enginn óviðkomandi komist að þeim.

22. grein.

Þegar leysa skal úr því spursmáli, hvort póststjórnin sè skyld til að greiða skaðabætur, og um stærð þeirra, skal einkum til greina tekið, að það sè nægilega sannað:

a. að nokkur, sem til þess hefir heimild, hafi tekið til flutnings fyrir hönd póststjórnarinnar sendingu, sem glatazt hefir og sem ekki hefir verið rituð í bækur póststjórnarinnar;

b. þegar vart verður við, að nokkuð vantar í peningasendingu sem póststjórnin hefir talið, er sendingunni var skilað til flutnings,

að sannað verði, hvað vanti, í viðurvist þess póstþjóns, sem afhenti sendinguna;

c. þegar vart verður við, að nokkuð vanti í peningasendingu, sem póststjórnin eigi hefir talið í, er sendingunni var skilað til flutnings,

að hið ytra ásigkomulag sendingarinnar sè rannsakað í augsýn þess póstþjóns, sem afhenti hana, og að það með því verði sannað, hvort umslagið, hinar ytri umbúðir eða innsiglin hafi verið skemmd, og með hverju móti, og

að búið hafi verið að öllu leyti um innihaldið og

1872.
3. maí.

slegið utan um það samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 13. gr., 2 og 3;

d. þegar vart verður við, að eitthvað vanti í öðrum böggulsendingum, að þær hafa orðið fyrir skemmdum eða um þær hafi breytzt,

að sendingin, þá er henni var skilað, hafi verið rannsökuð í augsýn þess póstþjóns, er skilaði henni, og að með því hafi verið sannað, að hve miklu leyti umbúðirnar, það sem bundið var um eða innsiglin hafi verið sködduð, eða viktin rýrnuð, og

að um sendinguna hafi verið búið, innsigli sett, bundið um hana o. s. frv., alveg samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 13 gr. 3., að svo miklu leyti, sem póststjórnin ekki hefir getað tekið eptir því, þá er sendingunni var skilað til flutnings;

e. þegar skemmdir á innihaldi almennra böggulsendinga hafa hlotizt af töf,

að þessi töf hafi verið póststjórninni að kenna, og

að innihaldið, er sendingunni var skilað, hafi verið þess eðlis og svo á sig komið, að hún hefði komizt óskemmd þangað sem hún átti að fara, ef töfin hefði ekki átt sèr stað.

f. Þegar heimtaðar eru skaðabætur fyrir böggulsendingar, sem ekki eru peningar í, getur póststjórnin heimtað, að hlutaðeigandi skuli færa sönnur á það, sem hann hefir sagt um stærð skaðans, ef svo ber undir með því, að einn eða tveir óvilhallir menn, sem vit hafa á því, meti skaðann.

Sá, sem sendir, eða sá, sem vísað er til á sendingu, skal bera upp bótakröfu sína annaðhvort skriflega fyrir landshöfðingja, eða munnlega eða skriflega fyrir pósthúsinu á þeim stað, er sendingin fer frá, eða á þeim stað, sem hún á að fara til. Frestinn til þess að koma fram með kröfu til skaðabóta á tèðan hátt, ef henni á að verða gaumur gefinn, skal telja frá þeim degi, er sendingin var látin á póstinn. Þegar sendingu vantar, skal pósthúsið á þeim stað, er hún átti að fara til, jafnskjótt og sèð verður, hver við átti að taka, við fyrsta tækifæri skýra honum

frá því, og, ef komið er tilvísunarbrèf, fá honum það í hendur. 1872.

Þegar búið er að skýra skaðabótamálið þannig, að póststjórnin geti ákveðið upphæð bótanna, skal hún svo fljótt sem unnt er goldin á því pósthúsi, sem næst er heimili hlutaðeigandi, eða sem hann sèrstaklega hefir tekið til. Við sama tækifæri skal borga honum aptur þau frímerki eða þann burðareyri, sem greiddur er, ef sjálf sendingin er týnd. Póststjórnin greiðir ekki, hvernig sem á stendur, vöxtu af því fè, sem henni þannig ber að borga. 3. maí.

Sá, sem póststjórnin býður skaðabætur að nokkru leyti fyrir venjulega böggulsendingu, sem verð beinlínis er tilgreint á, má í stað þess að taka við tilboði þessu, heimta, að verðið, sem tilgreint var, verði endurgoldið honum allt, gegn því að afsala póststjórninni sendinguna til fullra umráða.

Ef póststjórnin hefir goldið skaðabætur, sökum þess að sending eða nokkur hluti hennar hefir glatazt, en það finnst aptur, sem goldið var fyrir, skal póststjórnin bjóða hlutaðeigandа hlutinn, gegn því að hann borgi aptur skaðabæturnar og það endurgjald, sem honum kann að vera greidt fyrir burðareyri.

23. grein.

Það er skylda póststjórnarinnar, að annast um blöð og tímarit, sem pöntuð eru á pósthúsum, eptir þeim reglum, sem nú skal greina:

Umhirðing þessi skal vera í því fólgin:

1. að taka við beiðni frá þeim, er vilja gjörast fastir kaupendur, og jafnframt að taka við borgun, gjöra reikningsskil, og panta ritin hjá þeim, sem gefa þau út;
2. að taka við exemplörunum, eptir því sem þau koma út og eru fengin póststjórninni, búa um þau, flytja þau og skila þeim.

Til flutnings á þeim skal nota hverja þá ferð, sem póststjórnin sendir brèf með.

Umhirðingin nær til allra blaða og tímarita, sem út koma á Íslandi, ef hvert einstakt númer eða hepti ekki vegur meir en 25 kvint.

1872. 3. maí.

Æski útgefandi, kostnaðarmaður eða sölumaður, að blað eða tímarit verði tekið til umhirðingar á þennan hátt, skal fyrir fram skýra póststjórninni skriflega frá:

a. nafni blaðsins eða tímaritsins;
b. fyrir hvað langan tíma áskriptin skuli vera skuldbindandi;
c. frá hvaða tíma telja skuli áskriptina;
d. hvað opt blaðið eða tímaritið eigi að koma út á hverju því tímabili, sem áskriptin er miðuð við;
e. verðinu fyrir áskrifendur þar sem ritið er gefið út, og sem ekki panta það hjá póststjórninni;
f. hvort útgefandi eða áskrifendur skuli greiða burðareyri undir þau exemplör, sem pöntuð eru hjá póststjórninni;
g. á hvaða pósthúsi exemplörunum verði skilað til flutnings;
h. hvern póststjórnin skuli álíta umboðsmann blaðsins eða tímaritsins, ef það ekki er sá, sem hefir undirskrifað skýrsluna.

Póststjórninni skal skriflega skýrt frá sérhverri breytingu, sem verður á þessum greinum, svo fljótt, sem unnt er, og skal það, hvernig sem á stendur, gjört svo snemma, að hún geti farið eptir þessari breytingu á því næsta tímabili, sem áskript er miðuð við, við framkvæmd starfa þeirra, sem hún hefir á hendi í þessu skyni.

Póststjórnin skal síðan semja skrá yfir öll blöð og tímarit, sem hún hefir tekið að sér umhirðing með, og sjá um, að eitt exemplar af skrá þessari, sem ávallt skal halda við, svo ekkert vanti í hana, liggi á öllum pósthúsum almenningi til nota. Þar að auki skulu pósthúsin, þegar þess verður krafizt, munnlega láta til allar skýrslur um þetta efni.

Burðareyrir undir blöð og tímarit er, samkvæmt tilsk. um póstmál 9. gr., 1/4 sk. fyrir hvert númer; þó skal að minnsta kosti greiða 4 sk. fyrir sending á þeim númerum, sem koma út á einum ársfjórðungi. Burðargjald skal telja fyrir hvert númer og hvert tímabil útaf fyrir sig, sem áskriptin er miðuð við, og þannig, að bæta skal við brot úr skildingum, svo það verði heilar tölur, og að eigi verður veittur neinn afsláttur á burðargjaldinu, þegar svo stendur á að fleiri númer af sama blaði verða flutt í einu.

Aukanúmer skal ekki telja með, nema því að eins að tala þeirra á einu tímabili, sem áskript er miðuð við, fari fram yfir 1/8 part af því, sem ætlazt er til að komi út á tímabilinu; þá hefir póststjórnin heimild til að heimta, að útgefendur eða aðrir, sem senda ritið, borgi eptirá 1/4 sk. fyrir hvert aukanúmer, sem flutt er á þennan hátt. Ef póststjórnin hefir látið panta hjá sèr blað eða tímarit, sem alls ekki er komið út á því tímabili, sem við er átt, þótt sagt hafi verið til þess, má póststjórnin heimta af þeim, sem fram er kominn sem útgefandi eða hefir boðið mönnum til að skrifa sig fyrir ritinu, 1/3 part af þeirri borgun, sem henni bar fyrir að taka ámóti áskrifendum og fl. á því tímabili. Ef blað eða tímarit hættir að koma út einhvern tíma á því tímabili, sem áskriptin var miðuð við, hefir póststjórnin heimild til að reikna sèr burðargjald o. fl. í rèttu hlutfalli fyrir hvern mánuð, sem ritið er komið út á. Ef áskrifendur eiga að borga burðargjaldið, skulu þeir greiða það ásamt með borguninni fyrir ritið sjálft, en eigi útgefandinn að greiða það, skal draga það frá, er reikningur er gjörður við hann um það, sem heimtað er saman hjá áskrifendum fyrir ritið. 1872. 3. maí.

Reikning þann, sem gjöra skal við hlutaðeiganda um það, sem póststjórnin hefir heimtað saman fyrir ritið, skal gjöra fyrir hvert það tímabil, er áskriptin er miðuð við, á hinum síðustu 14 dögum tímabilsins á því pósthúsi, þar sem exemplörunum er skilað til flutnings. Sá, sem í hlut á, verður á þeim tíma að senda hlutaðeiganda pósthúsi reikning, sem stílaður er til pósthússins og skal þar tilgreind tala exemplaranna (annaðhvort fyrir hvern stað, þangað sem þau áttu að fara, eða í einu lagi), hvað póststjórnin eigi að greiða fyrir hvert exemplar, að kostnaðinum frá dregnum, og það, sem kann að vera borgað fyrir fram; því næst skal ávísa upphæð reikningsins í síðasta lagi innan þriggja daga, frá því reikningurinn kom pósthúsinu í hendur. Vili menn fá borgun fyrir fram einhvern tíma á því tímabili, sem áskriptin er miðuð við, verður að senda skriflega beiðni um það til pósthússins.

Hætti blað eða tímarit að koma út, má samkvæmt þeim reglum, sem getið er, senda reikninginn yfir borgun þá, sem póststjórnin hefir heimt hjá áskrifendum, þegar hið síðasta númer er komið út. Í reikningnum skal þess beinlínis getið, hvort nokk-

1872. 3. maí.

uð og þá hve mikið eigi að borga áskrifendum aptur af því, sem þeir hafa borgað fyrir allt tímabilið, er áskriptin var miðuð við. Slíka reikninga skal fyrst borga eptir nánari skipun póststjórnarinnar.

Sá, sem vill panta hjá póststjórninni blöð þau eða tímarit, sem standa á blaðaskránni (samanbr. að framan), skal um það leita til þess pósthúss, þar sem hann æskir, að blaðið eða tímaritið verði afhent. Panta má einnig rit fyrir eitt eða fleiri umliðin tímabil, sem áskript verður miðuð við; svo skal álitið, að blaðið eða ritið sè þá fyrst pantað, er full borgun er goldin á því pósthúsi, þar sem það er pantað.

Póststjórnin er ekki skyld til, að minna áskrifendur á, að borga eða endurnýja áskriptina o. s. frv., eða láta heimta saman borgunina; samt er það ekki bannað póstþjónunum, að minna áskrifendur á, að borga. Fyrir borgun fyrir blöð skal gefa kvittun kauplaust, þegar þess er krafizt.

Sá verður skoðaður sem áskrifandi, sem hefir látið bóka sig sem áskrifanda, er hann greiddi borgunina, án tillits til þess, hvort hann í raun og veru hefir gjört það fyrir sjálfan sig eða fyrir hönd annars. Þegar blað er pantað, eða seinna, má heimta, að annar en áskrifandi sè færður til sem móttökumaður.

Aðalbeiðnina um að blöð þau og tíðindi, er menn hafa skrifað sig fyrir á hinum ýmsu pósthúsum, verði útveguð, skal senda frá þeim með síðasta pósti, sem fer af stað þaðan fyrir byrjun þess tímabils, sem áskriptin er miðuð við. Þegar seinna verður beðið um að útvega rit eða blöð handa áskrifendum, skal það gjört með fyrsta pósti, sem fer af stað, eptir að menn hafa skrifað sig fyrir ritinu. Það pósthús, sem á að panta þau exemplör, sem menn hafa skrifað sig fyrir hjá útgefandanum, skal gjöra það skriflega innan tveggja daga frá því, að það hefir fengið beiðni um, að þau verði útveguð.

Þau exemplör, sem pöntuð eru hjá útgefandanum, og menn hafa skrifað sig fyrir, má láta á póstinn, hvenær sem vera skal, þegar pósthúsið er opið til þess að taka við sendingum eða afhenda þær; þó verður exemplörunum, þegar útgefandinn ekki sjálfur sèr um umbúðir þeirra, að þau verði talin í sundur og skrifað utaná þau, eða þegar hann heimtar kvittun fyrir því, að

hann hafi látið þau á póstinn, að vera skilað til flutnings í seinasta lagi einni stundu fyrir þann tíma, sem tiltekinn er í 6. gr. sem hinn ýtrasti er öðrum sendingum skuli vera skilað, eigi þau skilmálalaust að verða send með fyrsta pósti. 1872. 3. maí.

Öll exemplör af blöðum og tímaritum, sem póststjórnin á að taka að sèr til flutnings sem slík, skulu, er þau eru látin á póstinn, vera brotin saman í form, sem hagfellt er til flutningsins. Aukablöð skulu lögð í aðalnúmerin, og númer, sem fyr eru komin út og fylgja með, er ný exemplör eru send í fyrsta skipti, skulu vera brotin saman við þau.

Póststjórnin skal láta telja blaðabögglana í sundur, búa um þá og skrifa utan á þá; þó má leyfa útgefanda eða þeim, er sendir, að láta gjöra það sjálfur, eptir samningi við pósthúsið.

Í þeirri kvittun, sem útgefandi eða annar, sem sendir, getur krafizt, þá er blöðum eða tímaritum er skilað til flutnings, skal tilgreint nafnið, númer og ár, dagur og stund, er sendingunni er skilað, svo og tala exemplaranna, eða bögglanna og pósthúsanna, þangað sem ritið á að fara. Sè látið á póstinn smátt og smátt, skal gefa kvittun fyrir öllum exemplörunum í einu lagi.

Um það, hverja leið skuli senda blaðaböggla, um afgreiðslu þeirra, og afhending hinna einstöku exemplara til þeirra áskrifenda, sem í hlut eiga, skal farið eptir sömu reglum og um aðrar póstsendingar.

Sè póststjórnin yfir höfuð eigi fær um, að láta áskrifanda fá nokkurt númer af blaði eða tímariti, sem hann hefir pantað, borgar póststjórnin honum aptur allt það, sem hann hefir goldið fyrir það tímabil, sem áskriptin var miðuð við. Hætti dagblaðið eða tímaritið að koma út einhvern tíma á því tímabili, skal póststjórnin að því skapi greiða áskrifandanum aptur borgunina. Að öðru leyti greiðir póststjórnin engar bætur, hvorki þegar svo ber við að það er póststjórninni að kenna, að númer vantar og verður eigi útvegað, nè heldur þegar töf verður á með að panta blöðin, afhenda þau eða flytja, og póststjórninni verður gefin sök á því. Það er vitaskuld, að póststjórnin eigi tekur uppá sig neina ábyrgð áskrifendum eða öðrum móttökumönnum til handa fyrir það, sem útgefendum eða öðrum, sem senda ritið, hefir yfirsèzt.

1872. 3. maí.

Þegar ekki liggur beint fyrir nein yfirsjón af hálfu póststjórnarinnar, skal hún ekki vera skyld til í þeim tilfellum, sem nú segir, að gjöra neina ráðstöfun að fyrra bragði til að útvega það, sem vantar:

a. ef eitthvað er áfátt við þau númer, sem komin eru út áður af þeim exemplörum, sem pöntuð eru hjá póststjórninni, og hún hefir orðið að biðja um eptirá;
b. ef eitthvað er áfátt við aukablöð, eða þau vanta alveg;
c. ef viðtakendur eigi segja til annara galla, sem póststjórnin sjálf ekki hefir tekið eptir, í síðasta lagi, er þeir taka við næsta númeri hjá póststjórninni.

Í öllum þessum tilfellum getur póststjórnin reyndar tekizt á hendur að leita til þess pósthúss, er sendingin er komin frá, og er það skylt til að reyna til að útvega það, sem vantar, en viðtakandi verður sjálfur að greiða kostnaðinn við það og borga burðareyri undir beiðnina og undir sendinguna. Ef eitthvað vantar á í öðrum tilfellum, skulu pósthúsin svo fljótt sem unnt er, og að svo miklu leyti, sem það yfirhöfuð verður útvegað hjá útgefandanum eða þeim, sem sendir, leitast við að ráða bót á því án kostnaðar fyrir áskrifanda eða móttökumann.

Verði pósthús, þar sem tekið er við sendingu, vart við einhvern galla, þegar blaðaböggull er opnaður, sem útgefandinn hefir búið um og skrifað utan á, o. s. frv., getur hann ekki heimtað borgun fyrir að láta til númer í stað þess, sem vantar.

Sá, sem gefur út blöð og tímarit eða sendir þau, hefir að því, er snertir fyrirgreiðslu á þeim, að eins viðskipti við þau pósthús, þar sem exemplörin eru látin á póstinn.

Við fyrirgreiðslu þá, sem hèr er rædt um, skulu póstþjónar vera að öllu leyti óhlutdrægir, og mega þeir eigi gjöra neitt til þess að einstök blöð eða tímarit breiðist fremur eða síður út en önnur; ekki mega þeir heldur í tilefni af þessari fyrirgreiðslu taka við nokkurri gjöf eða þóknun hjá útgefendum eða öðrum, sem senda ritið eða blöðin.

Það skal bannað póstþjónum, þegar það ekki er gjört í embættis skyni, að opna á leiðinni blaðaböggla, sem eiga að fara á annan stað, eða á pósthúsinu, sem blöðin eða ritin eru látin inn á

eða flutt til, að gefa óviðkomandi mönnum færi á, að komast að exemplörum þeim, sem öðrum eru ætluð. Sömuleiðis skal það bannað þeim mönnum, sem hafa póstþjónustu á hendi, að gefa nokkrum manni útífrá vísbendingu um, hverir taka eigi við blöðum og tímaritum, eða hve mörg exemplör póststjórnin láti flytja af einhverju blaði eða tímariti. 1872. 3. maí.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Í dómsmálastjórninni, 3. dag maímánaðar 1872.

Fr. Krieger.

Fr. Reinhardt.

---

48. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán til vegabóta úr hjálparsjóði. 4. maí.

Eptir að stjórnarráðið hafði leyft með brèfi 28. júní f. á.[1], að taka mætti til láns allt að 1000 rd. handa vegasjóði suðuramtsins úr hjálparsjóði þeim, sem stofnaður var samkvæmt Auglýsingunni um áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. apríl 1871 til 31. marz. 1872, 4. marz. f. á., 10. gr., til kostnaðar við vegabætur á þjóðvegi amtsins í Rangárvallasýslu, með þeim skilyrðum, að goldnir verði 4 af hverju 100 í vöxtu á ári, og að helmingurinn af láninu sè borgaður aptur fyrir árslok 1872, og hinn helmingurinn fyrir árslok 1873, hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 7. f. m. skýrt svo frá, að að eins hafi verið teknir af láninu 550 rd. á því reikningsári, sem liðið er, og mælist þèr til, að stjórnarráðið samþykki, að afganginum af láninu verði varið á þessu reikningsári til þess að ljúka við vegabætur þær, sem getið er.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið samþykkir þetta, þannig að þeir 450 rd., sem eptir

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 196.

1872. 4. maí. voru af láninu, verði taldir með útgjöldum í 10. gr. áætlunarinnar um tekjur og útgjöld Íslands á þessu reikningsári, og að lánið verði borgað innan ársloka 1873 alltsaman.

---

4. maí. **49. Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Stjórn sveitamálefna í sveitum Íslands skal falin á hendur hreppsnefnd í hverjum hreppi, sýslunefnd í sýslu hverri, og amtsráði í hverju amti.

A. Hreppsnefndir.

2. grein.

Í hreppsnefndinni skulu vera 3, 5 eða 7 menn eptir stærð hreppsins og fólkstölu; þeir skulu kosnir af þeim hreppsbúum, sem samkvæmt því, sem síðar er mælt fyrir, hafa kosningarrètt.

Amtmaður ákveður, áður en kosning fram fer í fyrsta skipti, hve margir hreppsnefndarmenn skuli vera í hverjum einstökum hreppi, eptir að hann um það hefir leitað álits vel metinna manna þar. Ef hreppsnefndin fer þess á leit eða samþykkir það, getur sýslunefndin breytt þeirri tölu nefndarmanna, sem þannig hefir verið sett.

3. grein.

Kosningarrètt og kjörgengi til hreppsnefndar á hver búandi maður í hreppnum, sem hefir óflekkað mannorð, er 25 ára að aldri og er ekki öðrum háður sem hjú, ef hann síðasta árið hefir

haft fast aðsetur í hreppnum og goldið til hans þarfa, stendur ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk, og er fjár síns ráðandi. 1872. 4. maí.

4. grein.

Feður og afkomendur mega ekki sitja í hreppsnefndinni í senn.

5. grein.

Nefndarmenn eru valdir fyrir 6 ár. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, skulu, að 3 árum liðnum, 2, 3 eða 4 ganga úr nefndinni, eptir því hvort tala nefndarmanna er 3, 5 eða 7 samkvæmt 2. gr. Geti nefndarmenn ekki komið sèr saman um, hverir úr skuli ganga, ræður hlutkesti, en hinn hlutinn skal fyrst fara frá að 6 árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávallt hinar tvær deildir nefndarmanna frá þriðja hvert ár á víxl. Ef nefndarmaður deyr, eða fer frá sèrlegra orsaka vegna, áður en þau 6 ár eru liðin, er hann var kosinn fyrir, skal sá, er kosinn er í hans stað (samanbr. 9. gr., 2. atriði), að eins vera í nefndinni þann tíma af hinum 6 árum, sem enn er eptir.

Þann, sem gengur úr nefndinni, má kjósa á ný; en hafi hann verið í nefndinni í 3 ár eða lengur, er hann ekki skyldur til að taka aptur við kosningu, fyr en að liðinn er jafnlangur tími, og hann hafði verið í nefndinni. Eins skal sá, sem orðinn er sextugur, mega skorast undan kosningu. Sama rètt hefir sá, sem situr í sýslunefnd.

6. grein.

Kosningarnar skulu ávallt — nema þegar aukakosninga við þarf — fara fram á hreppskilaþingum á vorin, eptir skrá, sem kjörstjórnin býr til; í kjörstjórninni eru í fyrsta skipti hreppstjórinn og tveir búsettir menn í hreppnum, sem hafa kosningarrètt, er sýslumaður til nefnir, en upp frá því oddviti hreppsnefndarinnar og tveir nefndarmenn, sem hún sjálf kýs til þess.

Skráin skal liggja öllum til sýnis um 3 vikur á undan kjördegi á þeim stað, sem er hentugur hreppsbúum, eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum.

Finni nokkur, að einhver er á skránni, sem ekki hefir rètt til þess, eða einhverjum sleppt, sem þar á að standa, skal hann í síðasta lagi á sjálfum kjördeginum koma fram með mótbárur

1872. 4. maí. sínar eða kröfur, sem kjörstjórnin þá leggur úrskurð sinn á, áður en atkvæðagreiðsla byrjar.

7. grein.

Dag og stund, þá kosningar skulu fram fara, skal auglýsa með þingboði um allan hreppinn að minnsta kosti 8 dögum áður. Kosningar skulu fara fram í heyranda hljóði, og hver kjósandi, sem vill nota kosningarrètt sinn, skal sjálfur koma á fund, og skýra munnlega frá, hverja hann kjósi, og skal það jafnóðum ritað í kosningarbókina. Þegar allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín, og þau eru bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en stund er liðin frá því að kosningar-gjörðin byrjaði. Formaður kjörstjórnarinnar skal þá lesa greinilega upp öll atkvæði, sem greidd eru, en hinir í kjörstjórninni skulu rita þau upp og telja þau saman. Skal segja þá kjörna hreppsnefndarmenn, sem hafa flest atkvæði, þegar búið er að telja upp. Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

8. grein.

Skorist sá, sem orðinn er fyrir kosningu, á einhvern hátt undan því, að taka við henni, skal kjörstjórnin skera úr því, hvort afsökun hans er gild. Ef kjörstjórnin tekur hana til greina, skal ný kosning fram fara; að öðrum kosti getur sá, sem kjörinn er, borið afsökun sína undir sýslunefndina; samt skal í fyrsta skipti, er kosningar fram fara, sýslumaður einn skera úr málinu. Kjörstjórnin skal skýra sýslunefndinni frá því, hvernig kosningar hafi farið.

Hver sá, sem nokkuð hefir að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram hefir farið, eða yfir úrskurðum þeim, sem gefnir hafa verið, verður, ef kæran á að geta komið til greina, að hafa sent skriflega umkvörtun til formanns kjörstjórnarinnar innan 8 daga, eptir að úrskurðurinn er felldur, eða kosningargjörðinni er lokið. Kjörstjórnin skal síðan tafarlaust senda umkvörtunina með áliti sínu til sýslunefndarinnar, til þess hún leggi úrskurð sinn á málið. Úrskurði sýslunefndin, að kosningin sè ólögmæt, skal kjósa á ný.

9. grein.

Missi hreppsnefndarmaður kosningarrètt eða kjörgengi eptir 3. grein, skal hann víkja úr nefndinni. Missi hann að eins um

hríð rèttindi þessi, má víkja honum um stundar sakir frá nefnd- 1872.
arstörfum. Hinir hreppsnefndarmennirnir eiga að skera úr ágrein- 4. maí.
ingi þeim, sem kann að verða í þessum efnum eða af því, að nefndarmaður brjóti svo mjög ámóti skyldum sínum, að nauðsyn beri til að víkja honum úr nefndinni. Þó skal hluta óeiganda heimilt að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslunefndarinnar. Ef hreppsnefndarmaður af annari orsök þykist hafa tilefni til að beiðast lausnar úr nefndinni, áður en sá tími, er hann var kosinn fyrir, er liðinn, getur hún eða í öllu falli sýslunefndin veitt honum það.

Deyi nefndarmaður eða gangi úr nefndinni, skal kjósa á ný, nema nefndarmenn í einu hljóði komi sèr saman um, að fresta megi að skipa annan í hans stað, þangað til almennar kosningar fara fram í næsta sinn.

10. grein.

Undir eins og kosningu nefndarmanna er lokið samkvæmt því, sem greint er hèr að framan, skal hinn elzti af þeim, sem kjörnir eru, kveðja hreppsnefndarmennina til fundar, til að velja oddvita; hann skal kosinn fyrir fardaga-árið, og skal því sá, sem hefir á hendi oddvita störf, á síðasta ársfundi láta velja oddvita fyrir það ár, sem fer í hönd. Þó skal þessi kosning á þeim árum, er kjósa skal nýja nefndar-deild, og hinn kjörni oddviti fer frá, án þess að verða kosinn aptur, að eins vera til bráðabirgða, þangað til nýja hreppsnefndin getur látið hina endilegú kosningu fram fara á fyrsta fundi sínum.

Sèrhver nefndarmaður er skyldur til, að taka við kosningu sem oddviti, eða framkvæma önnur sèrstakleg störf, sem hreppsnefndin felur honum á hendur. Þó getur sá, sem hefir verið oddviti í 3 ár að minnsta kosti, skorazt undan því, að taka við kosningu til þess starfs um jafnlangan tíma, og hann hefir verið oddviti. Til þess að vera í oddvita stað í forföllum hans, skal kjósa vara-oddvita.

Til þess að kosning oddvita og vara-oddvita sè gild, útheimtist, að sá, sem kjörinn er, hafi fengið yfir helminginn af þeim atkvæðum, sem hinir viðstöddu hreppsnefndarmenn hafa greidt. Verði þessum atkvæðafjölda ekki náð, skal kjósa á ný. Fái þá

1872. 4. maí. ekki heldur neinn yfir helming atkvæða, skal fram fara bundin kosning milli þeirra tveggja, sem við kosninguna á undan hafa fengið flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn við síðari kosninguna, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli velja, er hin bundna kosning fram fer. Sömuleiðis skal hlutkesti ráða, þegar atkvæði eru jöfn við hina bundnu kosningu.

11. grein.

Oddviti skal sjá um, að nefndarmenn verði kvaddir til fundar; hann skal stjórna umræðunum, sjá um, að ritað sè í gjörðabókina, og að ályktanir nefndarinnar verði nákvæmlega bókaðar. Ef hreppsnefndin ákveður ekki sèrstaklega um einstök mál eða einstakar greinir mála, að einstökum nefndarmönnum skuli falið á hendur, að sjá um brèfagjörð um þessi efni, eða framkvæma einhverjar ályktanir, skal oddviti gjöra ráðstafanir til, að ályktanir nefndarinnar verði framkvæmdar, annast brèfagjörð, og sjá um, að reikningar, sem með þarf, verði samdir, og um aðra bókun. Sömuleiðis skal hann varðveita allar gjörðabækur nefndarinnar, brèf og önnur skjöl eða skilríki, er snerta þau mál, sem eru lögð undir hreppsnefndina.

12. grein.

Hreppsnefndin skal eiga að minnsta kosti tvo fundi með sèr á ári hverju, vor og haust, og auk þess svo opt, sem oddvita þykir þörf á, eða þegar annaðhvort helmingur nefndarmanna, eða presturinn eða fátækrastjórinn krefjast þess, að því er snertir kennslu eða fátækramál.

Hreppsnefndin ákveður sjálf, hvenær og hvar halda skuli aðalfundi, en aptur ámóti skal það vera komið undir oddvita, að ákveða þetta um aukafundi. Birta skal fundina, ef því verður við komið með þingboði, eða á annan hátt, sem tíðkanlegt er þar í hreppnum; fundi skal halda í heyranda hljóði. Þó má hreppsnefndin í stöku tilfellum ályktа, að ræða einstök mál innan luktra dyra.

13. grein.

Hreppsnefnd getur enga ályktun gjört, nema að minnsta kosti helmingur hennar sè við staddur. Þegar nefndarmenn eru ekki á eitt sáttir um eitthvert mál, skal farið eptir atkvæðafjölda.

Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði oddvita ráða. Fái fleiri jafnmörg atkvæði við kosningar, skal hlutkesti fram fara (samanbr. þó 10. grein). Sérhver nefndarmaður, sem er ekki hinum samdóma, má heimta, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gjörðabókina, og skulu allir hreppsnefndarmenn, sem eru við, rita nöfn sín undir hana. 1872. 4. maí.

14. grein.

Hreppsnefndirnar skulu eptirleiðis takast á hendur stjórn fátækramála hreppsins samkvæmt því, sem fyrir er mælt í reglugjörð 8. janúar 1834 og seinni tilskipunum, sem gengið hafa út um þetta, með þeim breytingum, sem leiðir af því, sem fyrir skipað er í þessari tilskipun. Hreppsnefndin getur falið á hendur einum eða tveimur fátækrastjórum eitt ár í senn, að hafa hina nánari tilsjón um framfærslu þurfamanna, og skal hreppsnefndin sjálf kjósa fátækrastjórana úr sínum flokki.

Þá tilsjón, sem sóknarpresturinn eptir gildandi lögum á að hafa um uppfóstur og uppeldi barna, skal hann framvegis hafa á hendi, og hvort sem presturinn er í hreppsnefndinni eða ekki, skal hún, þegar hún getur ekki orðið prestinum samdóma um þessi mál, án tillits til atkvæðafjölda taka uppástungu prestsins til greina, að minnsta kosti þangað til úrskurður sýslunefndarinnar fæst um ágreining þann, sem er milli prestsins og hreppsnefndarinnar um þessi mál.

15. grein.

Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hreppi hafa gætur á heilbrigðis-ásigkomulaginu í hreppnum, samkvæmt þeim reglum, sem amtsráðið eða landshöfðinginn skipa fyrir um það.

16. grein.

Hreppsnefndin skal taka að sér skyldur þær, sem hvíla á hreppstjórum samkvæmt tilskipun 15. marz 1861 með tilliti til viðhalds á aukavegum, og má hún fela einum eða tveimur nefndarmönnum á hendur hina nánari tilsjón um þetta. Að því, er snertir viðhald á þjóðvegum, skal hreppsnefndin fyrir árs lok senda sýslunefndinni uppástungur þær, sem með þarf, um það, sem á næsta sumri þar á eptir skal vinna að þjóðvegum í hreppnum, og skal þarmeð fylgja áætlun um störfin sjálf, og um kostnað þann við þetta, sem gjöra má ráð fyrir. Vegabótagjaldi

1872. 4. maí.

því, sem samkvæmt tilskipun 15. marz 1861 hvílir á hreppssjóðnum, skal nefndin jafna niður, og skal það goldið til sýslumannsins.

Hið sama er og um gjald það, sem fyrir er mælt um í 40. grein þessarar tilskipunar.

17. grein.

Hreppsnefndin skal takast á hendur skyldur þær, sem hvílt hafa á hreppstjórum, að sjá um notkun afrètta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til að eyða refum, og jafna niður gjöldum, sem af því leiðir. Fela má nefndin einum nefndarmanna á hendur að framkvæma það, sem að þessu lýtur.

18. grein.

Hreppsnefndin skal hafa umsjón um þinghús hreppsins og aðrar fasteignir, sem hann á eða hefir not af (t. d. kristfjárjarðir), og sjá um, að þeim sè haldið í tilhlýðilegu standi. Ef meiri kostnaður útheimtist til þessa, en svo, að hann geti borgast með hinni venjulegu árlegu niðurjöfnun, skal nefndin útvega samþykki sýslunefndarinnar til þess.

19. grein.

Hreppsnefndin skal á ári hverju gjöra áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins, og að því leyti fátækratíundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva ekki fyrir útgjöldum, jafna niður því, sem á vantar, á alla hreppsbúa eptir efnum og ástandi. Áætlunina skal semja eptir fyrirmynd, sem sýslunefndin segir fyrir um — en í fyrsta skipti eptir fyrirmynd til bráðabirgða, sem amtmaður býr til, — og skal hún ásamt niðurjöfnunarskránni liggja á hentugum stað, sem birtur hefir verið fyrirfram á venjulegan hátt, hreppsbúum til sýnis í 3 vikur á undan reikningsárinu. Um leið og áætlunin er lögð fram, skal senda sýslunefndinni eptirrit af henni.

Aðfinningar við niðurjöfnunina skal bera upp skriflega innan 3 vikna frá þeim fresti, sem nefndur var, fyrir oddvita hreppsnefndarinnar, en hann skal á næsta fundi leggja þær fyrir alla nefndina til úrslita. Sèrhverjum er heimilt, sem sveitartillagi er jafnað niður á, að bera sig upp um það, hvernig skatturinn er lagður á aðra, og um það, að einhverjum hefir verið sleppt við niðurjöfnunina.

Áður en nefndin leggur úrskurð sinn á nokkra umkvörtun skal

gefa bæði kæranda, og þeim, sem kært er yfir, tækifæri til á nefndarfundi, sem hann sè kvaddur til með 4 daga fresti, að segja álit sitt um umkvörtun þá, sem upp hefir verið borin, en það má einnig gjöra skriflega. Úrskurði þeim, sem hreppsnefndin leggur á umkvörtun þá, sem upp er borin fyrir henni, má innan 3 vikna frá því, að hann var birtur hlutaðeiganda, skjóta til sýslunefndarinnar, sem leggur endilegan úrskurð á málið á næsta fundi sínum. Eindagi á sveitargjöldum er 31. desembrm., nema hreppsnefndin gefi lengri frest. 1872. 4. maí.

Enginn sá, er gjald á að greiða, getur með því að skjóta gjaldsálögunni undir úrskurð sýslunefndarinnar, komizt hjá þeirri skyldu, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga. Ef sýslunefndin breytir álaginu, skal endurgjalda það, sem gjaldþegninn, sem í hlut á, hefir greidt fram yfir það, sem honum bar, með því að borga honum það aptur, eða láta það ganga uppí þann hluta sveitartillags hans, sem greiða á næst þar á eptir.

20. grein.

Oddviti hreppsnefndarinnar skal einnig vera fèhirðir nefndarinnar og reikningshaldari, nema því að eins að hreppsnefndin feli öðrum nefndarmanni þessi störf á hendur.

Reikningsárið nær frá fardögum til fardaga. Reikningshaldarinn skal fyrir lok júním. gjöra reikning um tekjur og útgjöld hreppsins á árinu, sem leið, samkvæmt fyrirmynd þeirri, sem hina árlegu áætlun skal sníða eptir. Öll hreppsnefndin skal síðan rannsaka reikninginn, eða kjósa mann til þess að endurskoða hann. Athugasemdir þær, sem gjörðar eru við reikninginn, ásamt svörum reikningshaldarans og sjálfum reikningnum, skal síðan leggja fram fyrir lok septembrm. hvers árs til sýnis hreppsbúum í 3 vikur á sama hátt, og mælt er fyrir í 19. grein um það, að leggja fram niðurjöfnunina. Í reikningnum skal telja upp allar eigur hreppsins, og rita yfirlit yfir efni hans og skuldir.

Fyrir lok nóvemberm. skal senda sýslunefndinni reikninginn ásamt fylgiskjölum, athugasemdum og svörum; hún skal láta rannsaka reikninginn, og sker úr þeim athugasemdum, sem gjörðar hafa verið við endurskoðun hreppsnefndarinnar, eða þá, er hún sjálf lèt yfirfara reikninginn.

1872.
4. maí.

21. grein.

Öll hreppsnefndin hefir ábyrgð á, að reikningurinn sè rèttur. Hún skal og ábyrgjast innstæðufè, skuldabrèf og aðrar eigur hreppsins.

Án samþykkis hreppsnefndarinnar má ekki borga nein útgjöld af hreppssjóðnum, sem lög eða tilskipun er ekki fyrir, eða sem sýslunefndin eða amtsráðið hefir ekki samþykkt samkvæmt þessari tilskipun.

22. grein.

Hreppsnefndin skal með hverju móti, sem hún getur, leitast við, að koma í veg fyrir húsgang og flakk, og að öðru leyti styðja að því, að góð regla eflist og við haldist í hreppnum.

23. grein.

Þar að auki skal bera undir hreppsnefndina önnur mál, sem snerta sveitina sjálfa, án þess að nefndin eigi að gjöra út um þau, að svo miklu leyti þeim er svo varið, að því verði við komið, til dæmis um stofnun heilbrigðisnefnda, um fyrirkomulag á þeim málefnum, er snerta yfirsetukonur, um varnir gegn hallæri, og fl., og skal nefndin einnig hafa heimild til þess, að gjöra uppástungur og senda bænarskjöl til stjórnarinnar um allt það, sem getur verið sveitinni til gagns.

Breytingar á hreppaskipun má ekki gjöra án samþykkis nefnda þeirra, sem í hlut eiga, hvort heldur breytingin er fólgin í því, að leggja saman tvo eða fleiri hreppa, eða skipta einum hreppi í tvær eða fleiri sveitir. Bænarskjöl frá hlutaðeigandi hreppsnefnd um þesskonar breytingar skal senda sýslunefndinni, sem skal láta álit sitt fylgja með bænarskjalinu, og þar á eptir skal amtmaður taka við því og leggja það undir úrskurð landshöfðingja.

24. grein.

Hreppsnefndin hefir heimild til án milligöngu sýslumanns að halda undirboðsþing á vega-störfum, og viðhaldi á þinghúsum og öðrum eignum hreppsins, og ennfremur á því, að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar.

25. grein.

Útgjöld til skriffæra, gjörðabóka, til þess að borga undir

brèf, og til sendiferða í sveitarþarfir skal endurgjalda oddvitanum eptir reikningi, sem hann gjörir um það. 1872. 4. maí.

26. grein.

Samþykki sýslunefndarinnar útheimtist til þess, að ályktun hreppsnefndarinnar sè gild í þeim greinum, sem nú skal telja:

1. til þess á ári því, sem yfir stendur, að hækka upphæðir þær, sem eru á niðurjöfnunarskránni;
2. til þess að sveitin takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum;
3. til þess að nokkuð verði borgað úr sveitarsjóðnum fyrir aðstoð við sveitarstjórnarstörf, sem einhverjum ber að leysa af hendi, af því hann er kjörinn til þess;
4. til þess að á nokkru ári verði að samtöldu lögð á hreppsbúa meiri útgjöld en svo, að nemi þriðjungi framyfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu um næstu 3 ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann verða lögð á með samþykki sýslunefndarinnar framyfir þetta, má ekki teljast með, þegar síðar meir á að finna áður greinda meðaltalsupphæð;
5. til þess að selja megi eða veðsetja fasteignir sveitarinnar, ellegar til þess að kaupa nýjar fasteignir handa sveitinni;
6. til þess að eyða innstæðufè sveitarinnar;
7. til þess að taka lán handa sveitinni, sem nemi meiru eða sè fyrir lengri tíma, en að það verði borgað aptur fyrir lok næsta reikningsárs, eða endurnýja slíkt lán eða lengja þann tíma, er á að borga það aptur.

27. grein.

Komist sýslumaður af áætlunum þeim og reikningum, sem honum hafa verið sendir, eða á annan hátt að raun um, að einhver ályktun hreppsnefndarinnar fer fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða að öðru leyti er lögum gagnstæð, eða miðar til, að gjöra einhverja ráðstöfun, sem sveitin getur haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu þeirri, er á sveitinni hvílir, getur hann með brèfi til oddvita hreppsnefndarinnar fyrst um sinn ónýtt ályktunina, ef ekki er enn búið að framkvæma hana, og skal hann þar á eptir, jafnskjótt og því verður við komið, senda skýrslu um þetta til amtmannsins, sem aptur kemur henni til

1872. 4. maí. landshöfðingja, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslunni skal jafnframt sent hreppsnefndinni,

B. Sýslunefndir.

28. grein.

Í hverri sýslunefnd skulu auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar, vera 6 til 10 menn, sem til þess eru kjörnir. Þegar skera á úr þeim málum, sem fyrir er mælt um í 14. gr., 2. atriði, í þessari tilskipun, skal þaraðauki hlutaðeigandi prófastur sitja í nefndinni og hafa atkvæði.

Í Vestmannaeyjasýslu eru sýslumaðurinn, sóknarpresturinn og 3 kjörnir menn í nefndinni.

29. grein.

Hver hreppur er kjördæmi útaf fyrir sig og kýs mann til sýslunefndar. Kosningin skal fara fram á hinum árlegu manntalsþingum með óbundinni atkvæðagreiðslu, er kjörstjórnin skipar fyrir um. Í kjörstjórninni er sýslumaðurinn og 2 menn, sem til þess eru kjörnir í fyrsta skipti af amtmanni, en síðan af sýslunefndinni.

Að lokinni kosningu kveður kjörstjórnin upp, hver verði sýslunefndarmaður.

Í sýslum þeim, sem fleiri en 10 hreppar eru í, skulu hinir fjölmennari hreppar ávallt hafa fulltrúa í sýslunefndinni, en hinir fámennari fulltrúa á víxl annaðhvort ár að réttri tiltölu, sem í fyrsta skipti skal ákveðin með hlutkesti.

30. grein.

Um kosningarrétt og kjörgengi til sýslunefndar, og um það, hvernig haga skuli kosningunni, gildir að öðru leyti hið sama, sem fyrir er mælt í þessu efni að framan um hreppsnefndirnar; sömuleiðis skal farið eptir hreppsnefndarkjörskránum, þegar kjósa á í sýslunefndirnar (samanbr. 3.—7. gr.).

Um það, hvernig kosningin fer, skal senda hlutaðeiganda amtmanni skýrslu, svo það verði tilkynnt amtsráðinu.

31. grein.

Sýslunefndin skal skera úr mótmælum gegn lögmæti kosningarinnar, en til þess þeim verði gaumur gefinn, skal bera þau

upp skriflega fyrir oddvita nefndarinnar innan 14 daga frá því, að kosningargjörðinni er lokið. Sýslunefndin skal sömuleiðis skera úr þeim málum, sem af því rísa, þegar einhver beiðist, að ganga úr nefndinni, og eins þegar spursmál er um, að víkja einhverjum úr nefndinni. Sè hlutaðeigandi óánægður með úrskurð nefndarinnar um þessi mál, má hann innan 4 vikna frá því, að úrskurðurinn er birtur honum, skjóta honum til amtsráðsins, sem þá leggur endilegan úrskurð á málin. 1872. 4. maí.

32. grein.

Nefndarmenn skal kjósa fyrir 6 ár. Af þeim, sem valdir eru í fyrsta skipti, skal meiri hlutinn, ef á stöku stendur, en annars helmingurinn ganga úr nefndinni að 3 árum liðnum, og skal einnig, að því snertir sýslunefndirnar, farið eptir því, sem fyrir er mælt í 5. grein um það, hvað lengi hreppsnefndarmenn hafa störf sín á hendi, og um endurkosningar þeirra (svo og um það, nær þeir geti skorazt undan að taka við kosningu).

33. grein.

Sýslunefndin skal eiga að minnsta kosti einn fund á ári, eptir því, sem oddviti ákveður nákvæmar; þaraðauki má hann, ef honum þykir þörf á því, kveðja til aukafundar, og hann er skyldur til þess, þegar helmingur nefndarmanna heimtar það.

Í fyrsta skipti, sem nefndin á fund, ákveður oddviti, hvar hann skal haldinn; síðar ályktar nefndin sjálf, hvar fundir skuli vera.

Í þóknunarskyni fyrir fæðispeninga og í ferðakostnað skulu nefndarmenn fá 1 rd. fyrir hvern dag frá því að þeir byrja ferð sína á sýslufund og til þess að þeir eru komnir heim aptur, eptir þeim reikningi, sem hver þeirra þar um gjörir, og sýslumaður rannsakar, og sem greiðist úr sjóði sýslunnar uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins. Oddvita skal eptir reikningi hans endurgjalda það, sem hann hefir borgað til skriffæra, gjörðabóka, undir brèf, til sendiferða, og fl., og skal öll nefndin ávísa honum fèð.

34. grein.

Þegar gjöra skal einhverja ályktun, skal atkvæðafjöldi ráða, þó útheimtist til þessa, að við sè staddur meiri hluti allra nefndarmanna. Ef atkvæði eru jöfn, skal atkvæði oddvita ráða. Sérhver nefndarmaður hefir heimtingu á, að ágreiningsálit hans verði

1872. 4. maí.

ritað með fám orðum í gjörðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við eru, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

35. grein.

Skyldur oddvita með tilliti til þess, að stjórna umræðum nefndarinnar, og fl., eru hinar sömu, og tilgreindar eru viðvíkjandi hreppsnefndunum í 11. grein.

36. grein.

Þyki oddvita, að einhver ályktun nefndarinnar fari fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða að öðru leyti sè lögum gagnstæð, eða að hún miði til, að gjöra einhverja ráðstöfun, sem sýslufèlagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt, að fella ályktunina úr gildi, og skal hann tafarlaust senda amtmanni skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eptirrit af skýrslunni. Ef amtmaður er á sömu skoðun um málið og sýslumaður, skal hann leggja það undir úrskurð landshöfðingja. Finnist amtmanni aptur á móti, að eigi að ónýta það, að ályktun nefndarinnar var gjörð ógild, má hann gjöra þetta með úrskurði sínum.

37. grein.

Með næsta pósti eptir fundarhald sýslunefndarinnar, skal oddviti senda amtmanni endurrit af gjörðabókinni, og hefir amtmaður vald til í þeim tilfellum, sem nefnd eru í greininni á undan, að fella úr gildi ályktun nefndarinnar fyrst um sinn með brèfi til oddvita, og skal hann þar á eptir á þann hátt, sem getið er um að framan, leggja málið undir úrskurð landshöfðingja. Jafnframt skal senda sýslunefndinni eptirrit af skýrslunni.

38. grein.

Sýslunefndin sker úr þeim málum og gjörir ráðstafanir þær, sem samkvæmt 2., 8., 9., 14., 18., 21. og 26. grein þessarar tilskipunar eru faldar henni á hendur með tilliti til hreppsnefndanna, og hefir hún almenna umsjón með því, að hreppsnefndirnar í stjórnarathöfnum sínum hegði sèr eptir þeim boðum, sem fyrir skipuð eru. Virðist sýslunefndinni, að hreppsnefndin hafi látið greiða ólögmæt útgjöld, eða neitað að borga það, sem hún á að greiða, eða leidt hjá sèr, að framkvæma nokkra aðra ráðstöfun, sem hún er skyld til, eða hún á annan hátt hafi farið fram yfir það, sem hún hefir vald til, skal hún gjöra þær ráðstafanir, sem

með þarf í þessu efni, og getur hún, ef nauðsyn ber til þess, beitt þvingunar-sektum, til þess boðum hennar verði fram fylgt, og þar að auki komið fram ábyrgð á hendur hinum einstöku hreppsnefndarmönnum við dómstólana. 1872. 4. maí.

Þegar sýslunefndin er búin að leggja úrskurð á reikninga allra hreppsnefndanna, býr hún til formlegt yfirlit yfir efnahag hreppanna og sendir amtmanni það áleiðis til landshöfðingja.

39. grein.

Enn fremur stjórnar sýslunefndin öllum sveitarmálefnum sýslunnar, t. a. m.:

1. Hún hefir umsjón þá, sem hvílir á sýslumönnum samkvæmt tilskipun 15. marz 1861, um viðhald á þjóðvegum í sýslunni, og má til þess ráða því, hvernig verja eigi vegabótagjaldi því, sem heimt er saman í sýslunni á hverju ári, þó þannig, að amtsráðið hefir vald til þess, að ákveða, að verja megi allt að þriðjungi af hinu árlega vegabótagjaldi sýslunnar um skemmri eða lengri tíma til starfa að þjóðvegum amtsins án tillits til, í hverri sýslu þeir eru. Eptir uppástungu nefndarinnar ákveður amtsráðið, hverir vegir skuli vera þjóðvegir, og gjörir breytingar á reglugjörð þeirri, sem gildir um þetta. Ennfremur skal nefndin hafa umsjón um ferjur í sýslunni, brýr, og lendingar, og gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf í þessu tilliti; lögferju má ei leggja niður, nema amtsráðið leyfi.
2. Hún skal semja reglugjörðir um notkun afrètta, fjallskil, fjárheimtur, ráðstafanir til þess að eyða refum, og fl. Sömuleiðis skal hún annast um, að nákvæmar fjármarkatöflur fyrir sýsluna verði prentaðar, þegar henni þykir þörf á, og að minnsta kosti einu sinni hvert 10. ár.
3. Nefndin tekur þátt í hreppstjórakosningu þannig, að hún stingur uppá þremur hæfum mönnum í hvert skipti, er á að velja hreppstjóra, og velur amtmaður þá einn af þeim. Hún stingur uppá, hvort hreppstjórar skuli vera 1 eða 2 í einhverjum hreppi, og leggur amtsráðið síðan á það fullnaðarúrskurð.
4. Nefndin skal hafa eptirlit með bólusetningum, skipun ljós-

1872. 4. maí.

mæðra og framkvæmdum hinna sèrstaklegu heilbrigðisnefnda.

5. Hún skal gjöra ráðstafanir til þess að afstýra hallæri í sýslunni, eptir að hafa leitað álita hlutaðeigandi hreppsnefnda. Ef meira þarf til þess, en að það verði borgað með helmingnum af öllum hinum venjulegu árstekjum sýslunnar (eptir meðaltölu fyrir 3 ár), verður að leita samþykkis amtsráðsins til þess, sem nefndin ræður af. Þegar á liggur, er amtmanni samt heimilt, að samþykkja, að þau útgjöld verði greidd, sem ekki má fresta.

40. grein.

Sýslunefndin skal semja áætlun fyrir hvert reikningsár frá 1. janúarmán. til 31. desembermán. yfir allar tekjur og útgjöld sýslunnar, og jafna því niður, sem þarf til lúkningar gialdanna. Að því leyti, sem ekki er heimild fyrir greiðslu einstakra gjalda með niðurjöfnun á annan hátt, skal jafna því, er með þarf, niður á hreppa sýslunnar eptir samanlagðri tölu allra lausafjárhundraða og allra jarðarhundraða, eptir hinni nýju jarðabók, í hverjum hreppi, eptir rèttri tiltölu. Því, sem hverjum hreppi þannig ber að gjalda, skal jafna niður á hreppsbúa eptir hinum sömu reglum, sem gilda um önnur útgjöld hreppsins, og skal oddviti hreppsnefndarinnar greiða sýslumanni gjaldið á næsta manntalsþingi (samanbr. 16. grein).

Áætlunina skal semja eptir fyrirmynd, sem amtsráðið ákveður, og í fyrsta skipti eptir fyrirmynd til bráðabirgða, sem amtmaður býr til.

41. grein.

Sýslumaður skal gjöra árlegan reikning um útgjöld og tekjur sýslunnar og skal senda hann innan janúarmán. loka endurskoðunarmanni, sem nefndin hefir kosið; skal hann aptur senda sýslumanni reikninginn fyrir lok febrúarmán. með þeim athugasemdum, sem hann hefir fundið ástæðu til að gjöra við reikninginn. Síðan skal nefndin yfirfara athugasemdirnar ásamt svörum sýslumannsins og reikninginn með fylgiskjölum, og skal síðan senda amtmanni öll hèr að lútandi skjöl; eptir að hann hefir sjálfur yfirfarið þau, og heimtað ítarlegri skýrslur, sem honum þykir við þurfa, leggur

hann reikninginn undir úrskurð amtsráðsins á næsta fundi þess. Reikninginn skal semja samkvæmt áætlun þeirri, sem nefnd er í næstu grein á undan, og skal honum fylgja skrá yfir eignir sýslunnar og yfirlitsreikningur um eigur og skuldir hennar. Fyrir lok maímán. skal senda hverri hreppsnefnd í sýslunni eptirrit af reikningnum, og skal nefndin sjá um, að hreppsbúar fái að lesa það. Fyrir það, að búa til þessi eptirrit, ber sýslumanni í þóknun 24 sk. fyrir hverja örk, og skal þetta borgað úr sýslusjóðnum. 1872. 4. maí.

42. grein.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á, að reikningurinn sè réttur. Hún ábyrgist einnig innstæðufè, skuldabréf og aðrar eigur sýslufélagsins.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóðnum, nema heimild sè fyrir því í lögum eða tilskipun, eða það sè ákveðið af sýslunefndinni eða amtsráðinu.

43. grein.

Í hinu sömu greinum, er staðfesting sýslunefndarinnar samkvæmt 26. gr. útheimtist til ályktana hreppsnefndarinnar, útheimtist samþykki amtsráðsins til þess, sem sýslunefndin ályktar.

C. Amtsráð.

44. grein.

Í hverju amtsráði eiga sæti amtmaðurinn sem forseti og tveir kjörnir menn. Þessir menn skulu kosnir fyrir 6 ár, þannig að annar þeirra fer frá 3. hvert ár (samanbr. 46. gr.). Allar sýslunefndirnar í amtinu skulu kjósa menn þessa og skal kosning fram fara að tilhlutun amtmannsins í fyrsta skipti, er þær koma saman, og síðan 3. hvert ár.

45. grein.

Kjörgengi til amtsráðsins er bundið sömu skilyrðum og kjörgengi til alþingis, þó þannig að til þess einnig útheimtist fast aðsetur innan takmarka þess amts, sem í hlut á.

46. grein.

Kjörstjórn sú, sem fyrir er mælt um í tilsk. 6. janúar 1857, 4. gr., skal, jafnskjótt og búið er að leiðrètta kjörskrána til alþingis, senda hlutaðeiganda amtmanni skrá yfir þá, sem kjörgengir eru til alþingis. Eptir að amtmaður er búinn að fá allar þessar skrár,

1872. 4. maí.

skal hann ásamt með tveimur mönnum, sem hann kveður til þess, semja skrá yfir alla kjörgenga menn, sem búfastir eru í amtinu, og skal síðan senda skrá þessa öllum sýslunefndum amtsins.

Kosning fer þar á eptir fram á þann hátt, að sérhver sýslunefndarmaður, sem á fundi er, greiðir atkvæði um helmingi fleiri menn, en kjósa skal í amtsráðið. Að af lokinni kosningu sendir hver sýslumaður amtmanni endurrit af kosningargjörðinni, og skal hann þarnæst ásamt með þeim mönnum, sem hann kvaddi til, þegar kjörskráin var samin, telja saman atkvæðin, sem greidd eru. Þeir 2 menn, sem hafa fengið flest atkvæði, eru kjörnir til amtsráðsins, og þeir 2, sem næst þeim hafa hlotið flest atkvæði, eru varamenn, sem ganga í amtsráðið í stað hinna í forföllum þeirra. Ef 2 eða fleiri hafa fengið jafnmörg atkvæði við kosninguna, ræður hlutkesti.

Þegar hin fyrstu 3 ár eru liðin, skal ákveðið með hlutkesti, hvor af hinum tveimur nefndarmönnum, og af hinum tveimur varamönnum skuli fara frá; síðan fara menn þá fyrst frá, er þau 6 ár eru liðin, er þeir eru kosnir fyrir.

47. grein.

Um endurkosningar, og undanfærslur undan því að taka við kosningu, gildir hið sama, sem fyrir mælt er í 5. gr. um hreppsnefndirnar. Amtsráðið sker sjálft úr mótmælum gegn lögmæti kosninga, er fram hafa farið, og hvort ástæður þær, er sá, sem kjörinn er í ráðið, þykist hafa til þess að fara frá, sè gildar. Þó skal hlutaðeigandi hafa rètt til að skjóta úrskurði amtsráðsins til landshöfðingja.

48. grein.

Amtsráðið skal halda einn fund á ári hverju í öndverðum júnímán., eptir því, sem forseti ákveður nákvæmar. Auk þessa getur hann kvadt til aukafundar, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera.

Amtsráðið skal venjulega halda fundi sína á amtmannssetrinu, ef það er innan takmarka amtsins; að öðrum kosti ákveður amtmaður stefnustað í sjálfu amtinu.

49. grein. 1872.

Þeir, sem í amtsráðinu eru, skulu fá fæðispeninga 1 rd. um hvern dag, sem þeir vegna amtsráðs-fundarins verða að vera frá heimili sínu, og að auki ferðakostnað, eptir reikningi, sem amtmaður ávísar þegar búið er að rannsaka hann. 4. maí.

50. grein.

Forsetinn stjórnar umræðum ráðsins, sèr um að þær ályktanir, sem gjörðar eru, verði framkvæmdar, útvegar gjörðabækur ráðsins, og fl., og varðveitir þær ásamt brèfum ráðsins og öðrum skjölum þess. Ráðið kýs úr sínum flokki skrifara, sem skal rita í gjörðabókina, og ásamt með forseta sjá um, að ályktanir ráðsins verði birtar almenningi samkvæmt 55. gr. Það, sem fyrir er mælt í 34. gr. um sýslunefndir, skal og gilda um amtsráðið; þó skal amtsráðið vera fullskipað til þess fullnaðar-ályktun verði gjörð.

51. grein.

Öll útgjöld við amtsráðið skal greiða úr jafnaðarsjóði amtsins.

52. grein.

Amtsráðið hefir þessi störf á hendi:

1. Það skal rannsaka og úrskurða alla reikninga sýslnanna og yfirhöfuð með tilliti til yfirstjórnar á sveitarmálefnum sýslunnar hafa á hendi það vald, sem getið er um í 31., 39—43. gr. hèr að framan. Finni amtsráðið, að sýslunefnd hafi borgað ólögmæt útgjöld, eða skorazt undan að greiða útgjöld, sem hún er skyld til, eða látið hjá líða, að gjöra einhverja aðra ráðstöfun, sem henni ber að framkvæma, eða á annan hátt farið fram yfir vald sitt, skal það gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf í þessu skyni, og getur það, ef nauðsyn ber til þess, beitt þvingunar-sektum, til þess boðum þess verði fram fylgt, og þar að auki komið fram ábyrgð við dómstólana á hendur sýslunefndarmönnum þeim, sem hafa tekið þátt í þessum ályktunum.

   Þegar amtsráðið hefir úrskurðað alla sýslunefndar-reikninga, skal það semja formlegt yfirlit yfir fjárhag sýslnanna, einsog hann verður samkvæmt þessum reikningum, og senda það landshöfðingja.

1872. 4. maí.

2. Amtsráðið skal takast á hendur stjórn opinberra stofnana og gjafafjár, sem amtmennirnir einir hingað til hafa stjórnað, að dómsmálasjóðnum undanskildum, nema því að eins að stofnunarskrárnar eða gjafabréfin eða aðrar sérstaklegar ákvarðanir sé því til fyrirstöðu. Það skal sjá um, að fé stofnana þessara verði ávaxtað eptir þeim reglum, sem gilda um lán fjár þess, sem tilheyrir opinberum stofnunum, gjöra ályktun um, hvernig verja eigi hinum árlegu tekjum samkvæmt því, sem er fyrir mælt um þetta, og skal sjá um, að reikningar, sem á að gjöra fyrir hvert ár, verði endurskoðaðir og sendir til úrskurðar landshöfðingja ásamt með þeim athugasemdum, sem gjörðar hafa verið við þá, og svörum reikningshaldarans.

3. Það skal endurskoða reglugjörðir þær um skiptingu vega í þjóðvegi og aukavegi, sem út gengnar eru samkvæmt tilskipun 15. marz 1861, og gjöra breytingar þær, sem með þarf, á reglugjörðum þeim, sem hingað til hafa verið í gildi. Það ákveður, hvort verja skuli nokkrum hluta af vegabótagjaldi því, sem heimtað er saman úr einstökum sýslum, til þess að gjöra vegabætur á þjóðvegum, sem eru utan sýslu; þó má ekki verja til þess fram yfir $^1/_3$ af hinni árlegu upphæð vegabótagjaldsins.

4. Álits amtsráðsins skal leita áður en landshöfðingi lætur út ganga nýjar reglugjörðir fyrir hreppstjóra. Sömuleiðis skal leita álits þess, þegar er í ráði að stofna fangelsi í einstökum hèruðum amtsins, og svo um það, hvernig útvega skuli fé það, sem með þarf til þessa, eða þegar er í ráði, að gjöra aðrar almennar ráðstafanir, sem útheimta gjöld annaðhvort fyrir amtið eða einstök sýslufèlög í því, t. d. stofnun landbúnaðarskóla eða fyrirmyndarbúa eða þesskonar. Þegar búið er að koma á fót þesskonar byggingum eða stofnunum, skal amtsráðið hafa umsjón um þær, og bera umhyggju fyrir því, að þeim sè haldið við, að þær sè hafðar til þess, sem ætlað er, og að það fé, sem með þarf til þess, verði útvegað eptir þeim ákvörðunum, sem þarum verða settar.

5. Það skal, eptir að hafa leitað álita sýslunefndanna, íhuga

og gjöra uppástungur um það, hvort stofna skuli amtsfátækrasjóði, annaðhvort til þess að veita einstökum hreppssjóðum eða sýslusjóðum styrk, þegar á þarf að halda, eða til þess að greiða kostnaðinn við kennslu heyrnar- og málleysingja, og því um líkt, og svo um það, hverjar tekjur skuli renna í amtsfátækrasjóði þessa, og hver útgjöld skuli greidd úr þeim.

53. grein.

Amtsráðið skal fyrir hvert ár semja áætlun um tekjur og útgjöld jafnaðarsjóðsins; það skal samkvæmt henni ákveða, hve mikið jafnaðarsjóðsgjald, sem eins og hingað til á að jafna niður á lausafjárhundruðin, skal heimtað saman á því ári. Áætlunina skal semja eptir fyrirmynd, sem ráðið hefir samþykkt og landshöfðingi staðfest, og að öðru leyti eptir skýrslum þeim og reikningum, sem amtmaður leggur fram í hvert skipti.

54. grein.

Sýslumenn skulu heimta saman jafnaðarsjóðsgjaldið á hinum árlegu manntalsþingum, og senda það ásamt reikningi yfir gjöldin til amtmannanna, sem eru reikningshaldarar fyrir jafnaðarsjóðina. Af þeim má ekki greiða nein útgjöld, án þess að heimild sè til þess í gildandi lögum, eða í ályktunum amtsráðsins. Beri nauðsyn til, að greiða nokkurt gjald, sem slík heimild ekki er fyrir, á því tímabili, sem er á milli funda amtsráðsins, getur amtmaður uppá samþykki ráðsins á eigin ábyrgð borgað þetta gjald úr sjóðnum.

Amtmaður skal fyrir hvert reikningsár, frá 1. janúarmán. til 31. desbrmán., semja reikning um tekjur og útgjöld jafnaðarsjóðsins, og senda fyrir lok febrúarmán. eptirrit af honum hinum tveimur, er í amtsráðinu sitja. Þegar amtsráðið næst kemur saman, skal það endurskoða reikninginn, og þar á eptir skal senda hann ásamt með athugasemdum þeim, sem gjörðar hafa verið við endurskoðunina, landshöfðingja innan fjögra vikna frá því, að amtsráðsfundi var slitið. Verði hann þess áskynja, þegar hann fer yfir reikninginn, eða á annan hátt, að amtsráðið hafi greidt ólögmæt útgjöld, eða neitað að borga þau útgjöld, sem eptir lögum hvíla á amtssveitarfèlaginu, eða á annan hátt farið fram yfir vald sitt, skal hann gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf útaf

1872. 4. maí. þessu, og getur hann, ef nauðsyn ber til þess, beitt þingunar-sektum, til þess boðum hans verði framfylgt, og þar að auki komið fram ábyrgð við dómstólana á hendur þeim úr amtsráðinu, sem tekið hafa þátt í þessum ályktunum.

55. grein.

Amtsráðið skal sjá um, að stutt ágrip af gjörðum ráðsins, áætlun sú, sem það hefir samþykkt, og ennfremur ágrip af hinum árlegu reikningum jafnaðarsjóðsins og þeirra sjóða, sem ráðið hefir stjórn yfir, verði birt á prenti, og útbýtt meðal allra sýslunefnda.

56. grein.

Amtsráðið getur ekki án samþykkis landshöfðingja tekið stærri lán fyrir hönd jafnaðarsjóðsins eða fyrir lengri tíma, en að lánið verði borgað aptur fyrir lok þess árs, sem fer í hönd, nè heldur ráðið yfir innstæðufè því, sem það hefir umsjón um, eða selt eða veðsett fasteignir amtsins, eða keypt aðrar fasteignir fyrir það. Samþykki landshöfðingja útheimtist einnig til þess, að amtsráðið geti tekizt á hendur nokkra skuldbinding til langframa, sem ekki samkvæmt lögum hvílir á amtssveitarfèlaginu, og til þess að leggja á hærra jafnaðarsjóðsgjald að öllu samtöldu, en að það nemi fjórða hluta framyfir það, sem verið hefir að meðaltali á næstliðnum 3 árum.

57. grein.

Finni forseti, að einhver ályktun amtsráðsins gangi út yfir vald þess, eða að öðru leyti sè lögum gagnstæð, eða að hún miði til ráðstöfunar, sem amtið getur haft tjón af, eða til þess, að skorast undan einhverri skyldu, sem hvílir á amtssveitarfèlaginu, getur hann um stund numið ályktunina úr gildi, og skal hann þá tafarlaust skýra landshöfðingja frá þessu, og leggur hann þá úrskurð sinn á málið. Endurrit af þessari skýrslu skal jafnframt leggja fram fyrir amtsráðið.

58. grein.

Á þeim tíma, sem er á milli funda amtsráðsins, skal amtmaður fyrir hönd þess hafa yfirumsjón þá, sem amtsráðinu ber yfir sýslunefndunum. Þær skulu því senda amtmanni öll þau mál, sem leggja skal fyrir amtsráðið, til þess hann geti sèð um, að skýrslur þær, sem með þarf, verði útvegaðar, og einnig til bráða-

birgða gjört þær ráðstafanir, sem eigi má fresta til næsta fundar ráðsins. Jafnskjótt og amtsráðið kemur saman, skal amtmaður skýra því frá þeim bráðabirgða ráðstöfunum, sem hann hefir gjört fyrir hönd ráðsins. 1872. 4. maí.

59. grein.

Nú greinir tvö amtsráð á um eitthvert mál, sem bæði eiga hlut að, og skal þá hvort þeirra fyrir sig senda landshöfðingja álit sitt um málið, og leggur hann síðan úrskurð á það.

60. grein.

Eptirleiðis skal Reykjavíkurbær ekki greiða neitt jafnaðarsjóðsgjald, en aptur á mót tekur bærinn sjálfur að sèr þau útgjöld, sem fyrir hann hafa verið goldin úr jafnaðarsjóðnum.

Það skal ákveðið með konungsúrskurði, hvort kaupstaðirnir Akureyri og Ísafjörður í þessu tilliti skuli njóta sama sjálfræðis og Reykjavík, eptir að bæjarstjórn þessara kaupstaða og hlutaðeigandi amtsráði hefir verið gefinn kostur á, að segja álit sitt um það; með sama úrskurði skal einnig ákveðið, í hvaða hlutfalli tèð sveitarfèlög skuli greiða jafnaðarsjóðsgjald, ef til þess kemur.

61. grein.

Dómsmálastjórnin gjörir nákvæmari ráðstafanir, til þess að koma þessari tilskipun í verk, svo hún geti öðlazt fullt gildi svo fljótt sem verða má.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Astæður fyrir lagaboði þessu[1].

Fyrir alþingi 1871 var lagt frumvarp það til tilskipunar um sveitastjórn á Íslandi, sem prentað er í Tíðindum frá alþingi 1871, II., 25—68; þessu máli hafði verið hreyft nokkrum sinnum áður, útaf bænarskrá alþingis 1853, en hafði eigi orðið

---

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 12, 14, 578—616, 834—859 og 905; II., 25—68, 339—358, 507—577 og 558—587).

1872 4. maí.

ágengt ýmissa orsaka vegna, (sbr. Konunglegar auglýsingar til alþingis 27. maí 1857, 1. júní 1861 og 31. maí 1867)[1]. Þingið ræddi frumvarpið á lögskipaðan hátt, og lèt uppi álit sitt um það, einsog hèr skal sagt:

Við kaflann um hreppsnefndirnar gjörði þingið engar stórvægar efnisbreytingar. Í þeim kaflanum, sem skipar fyrir um sýslunefndirnar, stakk þingið reyndar uppá nokkrum breytingum, t. a. m. um niðurskipun þá, sem gjört var ráð fyrir í frumvarpinu að vera skyldi á kjördæmunum til sýslunefndanna, en í aðalefninu fór þingið í sömu stefnu sem frumvarpið. Aptur á móti gat þingið ekki fallizt á tilhögunina með hið sameinaða amtsráð, því þó alþingi viðurkenndi, að þessi tilhögun bæði væri frjálsleg og vel hugsuð og fyrirkomulagið hagfellt til þess, að fá úrslit þeirra mála, sem undir amtsráðið lægi, í sem bezta samhljóðun, virtist því samt, að yfirgnæfandi ástæður væri fyrir því, að hafna sameinuðu amtsráði, og lagði til, að í þess stað yrði skipað amtsráð í hverju amti; það fyrirkomulag hefði að áliti þingsins þá aðalkosti við sig fremur hinu, að það væri síður örðugleikum bundið, kostnaðarminna, hagfelldara fyrir fljóta afgreiðslu málanna og miklu líkara ástandinu, sem nú væri; en samhljóðun þeirri, sem æskileg væri milli úrslita málanna um land allt, mætti ná með því, að landshöfðingjanum væri ætlað, að hafa umsjón yfir allri sveitastjórn og úrslitum hinna helztu mála. Við hverja grein frumvarpsins útaf fyrir sig gjörði alþing þær breytingar, sem hèr skal skýrt frá.

Við 1. grein.

Með því alþingi ekki gat fallizt á tilhögunina með hið sameinaða amtsráð, skyldi breyta greininni samkvæmt því.

A. Hreppsnefndir.

Við 3. grein

rèði þingið að eins til orðabreytinga.

Við 5. grein.

Setningin „stærri helft" virtist hvorki vera rètt orðuð nè

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 178, 478; II., 425.

lýsa meiningunni til hlítar; skyldi heldur tilgreina tölu þeirra, sem í fyrsta skipti ætti að ganga úr nefndinni eptir því, sem fleiri eða færri væri í hverri nefnd; af þessari breytingu flyti og, að yrði að breyta orðinu „hin helftin" í „hinn hlutinn". Í síðari kafla greinarinnar rèði þingið til þeirrar breytingar, að fella úr orðin „og tekur hann — kosningu", með því þau væri óþörf, þar sem sjálfsagt væri, að ef nefndarmaður væri endurkosinn, þá yrði hann að halda áfram störfum í nefndinni, og hefði ekki fremur öðrum rètt til að ganga úr henni fyrri, en hann væri búinn á ný að vera í henni hinn ákveðna tíma. 1872. 4. maí.

Við 7. og 8. grein stakk þingið uppá nokkrum orðabreytingum.

Við 9. grein.

Auk nokkurra orðabreytinga í hinum fyrra kafla greinarinnar stakk þingið uppá breytingu á þeirri ákvörðun, að hreppsnefndin gæti sjálf lagt úrskurð á, hvort hreppsnefndarmaður mætti losast úr nefndinni, með því þingið áleit, að sýslunefndin ein ætti að hafa þetta vald.

Við 12. grein.

Þingið rèði frá þeirri tilhögun, að hreppsnefndin skyldi eiga með sèr fjóra lögskipaða fundi á ári hverju, einkum vegna þess, að miðsumars- og miðsvetrarfundirnir yrði að öllum jafnaði bæði óþarfir, þar sem um það leyti árs sjaldnast þyrfti að ræða um sveitamál, og líka óhagkvæmir sökum anna á sumrum, en veðuráttu og færðar á vetrum; þingið stakk því uppá, að halda skyldi að eins tvo lögskipaða fundi árlega, vor og haust, og það því fremur, sem ráð væri gjört fyrir, að kveðja skyldi til aukafundar, þegar þörf gjörðist.

Með því ráð væri gjört fyrir í 37. gr. 6. tölulið, að sýslunefndin gæti gjört ályktun um stofnun heilbrigðisnefnda í hreppunum, og þinginu þótti þetta vel til fallið, áleit það, til þess að þetta fyrirkomulag gæti komizt sem fyrst á, að rèttast væri, að leggja það einsog almenna skyldu á hreppsnefndirnar, að hafa eptirlit með heilbrigðisástandinu í hreppunum; væri þá svo í einhverjum hreppi þannig ástatt, að þetta eptirlit þætti ekki einhlítt, mætti eins fyrir það setja sèrstaka heilbrigðisnefnd, samkvæmt

1872. 4. maí. 24. gr. í frumvarpi þingsins (21. gr. í frumvarpi stjórnarinnar). Þingið hèlt því fram, að vald hreppsnefndanna ætti að vera sem rýmst í öllu því, sem undir þær gæti heyrt, og það ætti að komast sem mest hjá aukanefndum. Þingið áleit rèttast að hafa þessa ákvörðun í sèrstakri grein, sem kæmi ámilli 14. og 15. gr. og yrði 15. gr. í frumvarpi þingsins; greinin skyldi vera svo látandi:

„Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hreppi hafa gætur á heilbrigðis- ásigkomulaginu í hreppnum, og gjöra ráðstafanir þær, sem komið verður við til að bæta það, samkvæmt valdi því, sem þeim verður veitt til þess af amtsráðinu eða landstjóra".

Þareð þingið áleit, að eigi væri nógu skýrt tekið fram verkasvið hreppsnefndanna, og gæti því, þegar til framkvæmda kæmi, orðið spurn um ýms atriði, hvort hreppstjóri eða hreppsnefnd ætti að hafa þau á hendi, samdi það tvær nýjar greinir, sem skyldi vera 17. og 18. gr., og hljóða á þessa leið:

17. grein.

„Hreppsnefndin skal gegna þeim skyldum, sem hvílt hafa á hreppstjórum, um að sjá um notkun afrètta, fjallskil, fjárheimtur og ráðstafanir til þess að eyða refum og jafna niður gjöldum, sem af því leiða. Fela má nefndin einum nefndarmanna að framkvæma það, sem að þessu lýtur."

18. grein.

„Hreppsnefndin skal og gegna þeim skyldum, sem hvílt hafa á hreppstjórum, að gangast fyrir að veita hjálp í voðatilfellum, að efla sparsemi, hyggni og framsýni og atorkusemi í aðalatvinnuvegum hreppsins."

Við 17. grein.

Í 2. kafla þessarar greinar virtist þinginu að hin síðari málsgrein mætti fellast úr, af því að efni hennar væri fólgið í hinni fyrri.

Þó Marteinsmessa eða 11. nóvbrm. í sumum hèruðum landsins væri venjulegur gjalddagi fyrir sveitar útsvör, þá væri það engan veginn allstaðar, heldur væri gjalddaginn mjög víða á reiki. Þinginu virtist því, að þess væri full þörf, að um gjaldgreiðsluna yrði eitthvað nákvæmar ákveðið en verið hefði, og rèði til, að bætt

yrði inn í greinina þeirri ákvörðun, að eindagi sveitargjalda skyldi vera 31. desbr. 1872. 4. maí.

Að því leyti, er snerti 3. kafla greinarinnar, rèði þingið til þess, að frestur sá, sem þar væri rædt um og ákveðinn væri að vera skyldi tveir dagar, lengdist til fjögra daga, svo hlutaðeigendur hefði nægilegt svifarúm og umhugsunartíma í hinum víðlendari hreppum.

Við 22. grein.

Þingið áleit, að orðin: „að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar", væri ekki svo ljós, sem skyldi, og stakk uppá, að í staðinn yrði sett: „að fá nauðsynjaverk framkvæmd í þarfir sveitarinnar".

24. grein.

Í 4. tölulið stakk alþingi uppá breytingu á orðaskipun, og uppá því, að samþykki sýslunefndarinnar útheimtist, þegar lögð væri á hreppsbúa á nokkru ári að öllu samtöldu meiri útgjöld en svo, að næmi þriðjungi framyfir útgjalda-upphæð sama hrepps að meðaltölu um hin næstu 3 ár á undan.

B. Sýslunefndir.

Við 26. grein.

Þessari grein breytti þingið á þessa leið:

„Í hverri sýslunefnd skulu auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar, vera sex til tíu menn, sem til þess eru kjörnir.

Í Vestmannaeyja sýslu er sýslumaðurinn og fjórir menn kjörnir í nefndinni".

Þingið gjörði breytingu þessa af þeirri sök, að því fannst ekki vera nein sèrleg ástæða til þess að hafa hèraðsprófastinn í hverri sýslu sjálfkosinn í sýslunefndirnar, og gæti þessi skyldukvöð valdið prófasti á stundum mikillar fyrirhafnar ofan á önnur embættisstörf hans. Í samhljóðun við þetta breytti þingið málsgrein þeirri, sem viðvíkur Vestmannaeyjum. Tölu sýslunefndarmanna breytti þingið samkvæmt því fyrirkomulagi, sem það rèði til í næstu grein.

Við 27. grein.

Þingið komst til þeirrar niðurstöðu, að sú kjördæmaskipting, sem í greininni væri ráðgjörð, væri miður heppileg, því þegar

1872. 4. maí. tveimur hreppum, öðrum stærri og hinum minni, einsog optast mætti gjöra ráð fyrir, yrði slengt saman í eitt kjördæmi, þá mætti búast við, að nefndarmaðurinn yrði jafnast kosinn úr hinum stærri hreppnum, og gæti það komizt í bága við hagsmuni hins minna, og að minnsta kosti valdið óánægju, og þó bæri, ef til vildi, enn meira á þessu, ef hinn kjörni nefndarmaður væri úr minni hreppnum. Þinginu fannst, að það ætti bezt við, að leyfa hverjum hrepp að vera kjördæmi útaf fyrir sig og kjósa mann í sýslunefnd; en til þess að sýslunefndarmenn hvergi gæti orðið fleiri en tíu, rèði þingið til, að svo yrði ákveðið, að hinir fámennari hreppar í þeim sýslum, sem hefði fleiri en tíu hreppa, skyldi annaðhvort ár á víxl senda nefndarmann á sýslufund. Samkvæmt þessu skyldi orða greinina á þessa leið:

„Hver hreppur er kjördæmi útaf fyrir sig og kýs mann til sýslunefndar. Kosningin skal fara fram á hinum árlegu manntalsþingum með óbundinni atkvæðagreiðslu, er kjörstjórnin skipar fyrir um. Í kjörstjórninni er sýslumaðurinn og tveir nefndarmenn, sem í fyrsta skipti eru til þess kjörnir af amtmanni, en síðan af sýslunefndinni. Að lokinni kosningu kveður kjörstjórinn upp, hver verði sýslunefndarmaður.

Í sýslum þeim, sem fleiri en tíu hreppar eru í, skulu hinir fjölmennari hreppar ávallt senda mann á fundinn, en hinir fámennari mann á víxl annaðhvort ár að rèttri tiltölu."

Við 30. grein.

Í stað orðanna: „skal stærri helftin ganga úr nefndinni" skyldi koma: „skal meiri hlutinn, ef á stöku stendur, en annars helmingur, ganga úr nefndinni".

Við 31. grein.

Það varð ofaná í þinginu, að ákveða ekki nema einn ársfund reglulegan, því bæði yrði ferðalög sýslunefndarmanna vor og haust mjög erfið, og þar að auki yrði kostnaðurinn helmingi meiri; hvað framkvæmd og afgreiðslu málanna áhrærði, þá mundi engin vandræði leiða af því, þó ekki væri nema einn lögákveðinn fundur á ári, því oddviti gæti stefnt til aukafundar, þegar honum þætti þörf á; ennfremur fannst þinginu það rèttast, að oddviti skyldi ákveða, hvenær fundurinn skyldi haldast.

Hvað snerti 3. kafla greinarinnar, varð þingið að álíta, að það ætti betur við og væri réttara að ákveða nefndarmönnum daglaun, þótt lítil væri, heldur en þóknun að eins í ferðakostnað, og réði því til, að hver hinna kjörnu nefndarmanna skyldi fá daglega 1 rd. í fæðis- og ferðakostnaðarskyni. Þar sem það væri talið upp, sem oddviti mætti gjöra reikning fyrir, og fá endurgoldið úr sýslusjóði, mætti gjöra ráð fyrir að fleira gæti talizt til réttra útgjalda, en þar segði, og því þótti réttast að bæta við „með fleira". Loksins var þingið á því máli, að þessir reikningar ætti að leggjast undir yfirskoðun og úrskurð amtsráðsins. 1872. 4. maí.

Við 37. grein.

Auk þess sem þingið réði til nokkurra orðabreytinga í 1. kafla greinarinnar, og í 2. tölulið, að „5. hvert ár" félli úr, en í stað þess kæmi: „þegar henni þykir þörf á", varð það að álíta, að það væri eigi hentugt, að leggja nú þegar á sýslusjóðina gjöld þau, sem ráð væri gjört fyrir í 3., 4., og 5. tölulið greinarinnar; þingið var á þeirri skoðun, að laun til bólusetjara og styrkur til ljósmæðrakennslu skyldi greiðast á sama hátt og verið hafði, en laun til hreppstjóra, ef þess þætti þörf með hinu nýja fyrirkomulagi á sveitarstjórninni, yrði ákveðin með sérstöku lagaboði, og hið sama væri að segja um laun til ljósmæðra. Samkvæmt þessu stakk þingið uppá, að 3. töluliður skyldi orðast á þessa leið:

„Nefndin tekur þátt í hreppstjóra-kosningu þannig, að hún stingur uppá þremur hæfum mönnum í hvert skipti, er á að velja hreppstjóra, og velur amtmaður þá einn af þeim. Hún stingur uppá, hvort hreppstjórar skuli vera einn eða tveir í einhverjum hreppi, og leggur amtsráðið síðan á það fullnaðarúrskurð",

en 4., 5. og þá líka 6. tölulið skyldi sleppa og í stað þeirra setja einn tölulið (4.), sem orðaður væri á þessa leið:

„Nefndin skal hafa eptirlit með bólusetningum, skipun ljósmæðra, framkvæmdum heilbrigðisnefnda, og sérstaklegri stofnun þeirra."

Við 38. grein.

Þó það virtist í fyrsta áliti óbrotnast, að leggja gjöldin til

1872. 4. maí.

sýslusjóðsins á gjaldstofna þá, sem í greininni væri nefndir, þá fannst þinginu það samt mjög athugavert og enda vandkvæðum bundið, ef það yrði gjört beinlínis, og tilfærði alþing í því tilliti þær ástæður, sem hèr skal greint frá. Lausafènu væri nú þegar svo í þyngt, að það væri neyðarkostur á bæta beinlínis nýjum álögum ofan á. Á afgjaldi jarða hvíldi, einsog kunnugt væri, alþingistollsgjaldið, og þar að auki væri í mörgum hèruðum haft sèrstaklegt tillit til jarðarafgjalda við niðurjöfnun sveitarútsvara, svo talsverð álaga væri þegar komin á jarðagózin. Ennfremur væri nú ráðgjörður tollur, sem skyldi leggjast á jarðirnar handa búnaðarskólum, og mundu þessar nýju álögur samhliða til búnaðarskóla og sýslusjóðs þar að auki valda ágreiningi milli landsdrottna og leiguliða, og einnig verða næsta óvinsælar, því þær gæti leidt bæði til þess, að einstakar stèttir liði um of við þær, t. a. m. prestastèttin, sem hefði mikinn hluta tekja sinna af jarðareignum, og líka til þess, að einstakir menn slyppi alveg undan gjaldinu, t. a. m. þeir, sem ekki ætti neinn gjaldskyldan stofn, en hefði þó að öðru leyti góðar ástæður. Þingið áleit, að komast mætti hjá öllum þessum misfellum, og halda samt grundvallarreglu gjaldstofnsins í frumvarpinu, með því að láta samanlagða tölu jarðarhundraða og lausafjárhundraða í hverjum hreppi ráða því, hversu hátt gjald hann ætti að greiða í samanburði við aðra hreppa sýslunnar, en heimta síðan gjaldið beinlínis úr hreppa-sjóðunum. Með því móti tæki allir hreppsbúar tiltölulegan þátt í greiðslunni eptir efnahag og ástandi. Sú mótbára gegn þessum gjaldmáta, að torvelt yrði að fá gjaldið greidt frá hinum fátækustu hreppum, hyrfi að mestu leyti, bæði þegar litið væri til þess, að ekki mundi sýslumanni hægra að tína það saman hjá hverjum einstökum fátæklingi, og að sýslumaðurinn með mestu sanngirni gæti krafizt sjöttungs af gjaldinu í innheimtu- og ábyrgðarlaun, og líka þegar þess væri gætt, að með þeirri tilhögun, sem hèr væri gjört ráð fyrir, ætti sýslunefndarmaður kost á, eptir samkomulagi við sýslumann, að fría hreppinn að meira eða minna leyti við bein útgjöld í peningum, með því að taka daglaun sín heima á hreppnum, ef til vill,undir sjálfum sèr, og hefir þingið viljað benda á þetta með þeirri ákvörðun, að gjaldið skyldi greidt á þann hátt,

sem sýslumaður tæki fullgildan. Samkvæmt þessu stakk þingið uppá, að 2. og 3. málsgrein 38. greinar frumvarpsins skyldi orða á þessa leið: 1872. 4. maí.

„Að því leyti, sem ekki er heimild fyrir greiðslu einstakra gjalda með niðurjöfnun á annan hátt, skal jafna því, er með þarf, niður á hreppa sýslunnar eptir samanlagðri tölu allra tíundarbærra lausafjárhundraða og allra jarðarhundraða eptir hinni nýju jarðabók í hverjum hreppi eptir réttri tiltölu. Það, sem hreppi hverjum ber þannig að greiða, verður bein útgjaldagrein í reikningi hans, er hlutaðeigandi oddviti stendur sýslumanni skil á, á þann hátt, sem sýslumaður tekur fullgildan, ekki síðar en á næsta sýslufundi eptir það að gjaldið var lagt á."

C. Amtsráðin.

Af þeim ástæðum, sem getið var að framan, stakk þingið uppá, jafnframt og það áleit, að minnst væri undir því komið, að amtsráðin væri fjölskipuð, að fella úr 42—45. gr. frumvarpsins og setja í staðinn þær greinir, sem hèr skulu til greindar.

Í staðinn fyrir 42. grein.

„Í hverju amtsráði eiga sæti amtmaðurinn sem forseti og tveir kjörnir menn."

Í staðinn fyrir 43. grein.

„Kosningar til amtsráðsins gilda fyrir þrjú ár í senn, og skal þeim haga þannig, að hver sýslunefnd í amtinu kýs að tilhlutun amtmannsins í fyrsta skipti, er hún kemur saman, og síðan á hverjum þriggja ára fresti, til amtsráðsins tvo menn búsetta í amtinu og þar að auki einn mann til vara. Að öðru leyti fer kosningin fram á sama hátt og er bundin sömu skilyrðum og kosningar til alþingis. Að lokinni kosningu sendir hver sýslumaður amtmanni eptirrit af kosningargjörðinni, telur hann síðan atkvæðin saman og gefur þeim, sem kjörnir eru, ávísun um kosningu þeirra.

Fái tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal aldur ráða.

Deyi eða gangi nefndarmaður úr ráðinu á árabilinu milli hinna lögskipuðu kosninga, kemur varamaður í staðinn; verði enn autt sæti, skipar amtmaður mann í það til bráðabirgða, uns ný kosning getur farið fram."

1872. 4. maí.

Í staðinn fyrir 44. grein.

„Amtsráðið skal halda einn fund á ári hverju í öndverðum júním., eptir því, sem forseti ákveður. Auk þessa getur hann kvadt til aukafundar, þegar honum þykir brýn nauðsyn til bera."

Þar sem alþing hafði stungið uppá, að kosningar til amtsráðsins einungis skyldi gilda til þriggja ára, þá væri að vísu þar með vikið frá aðalreglu frumvarpsins um sýslunartíma hinna kosnu meðlima í sveitarstjórnarnefndum, sem væri sex ár; en þinginu þótti eigi ráðlegt að láta kosningar til amtsráða gilda um svo langan tíma, einkum af þeirri ástæðu, að þarsem meðlimir amtsráðanna væri svo fáir, væri því meir áríðandi, að sem fyrst kæmist leiðrètting á það aptur, ef kosning í eitthvert skipti hefði tekizt miður heppilega.

Við 47. grein.

Hvað laun til hinna kjörnu manna í amtsráðinu snerti, rèði þingið til, að þau einungis væri þóknun fyrir fæði þeirra og ferðakostnað. Ennfremur þótti þinginu betur við eiga, að í niðurlagi greinarinnar væri tekið fram, hvaðan kostnaður sá ætti að greiðast, er amtsráðið þyrfti að hafa.

Við 48. grein.

Eptir fyrirkomulagi því, sem alþingi stakk uppá, virtist þessi grein óþörf, og rèði þingið því til, að hún væri felld úr.

Við 49. grein.

Samkvæmt breytingum þeim, sem þingið hafði gjört á 37. gr. frumvarpsins 3—6. tölulið, varð og að gjöra samsvarandi breytingu við 4. tölulið þessarar greinar, á þessa leið:

„Það skal hafa yfirumsjón um, að sem bezt skipulag og framkvæmdir sè á öllu því, sem tilgreint er í 2., 3. og 4. kafla 40 gr.[1] Sömuleiðis skal það segja álit sitt um frumvarp til reglugjörðar handa hreppstjórum, er landstjóri lætur semja."

Við 50. grein.

Þingið lagði til, að þessi grein yrði löguð þannig, að hún kæmist í samhljóðun við það fyrirkomulag á amtsráðunum, sem

[1]) Þar sem hèr er nefnd 40. grein, þá er átt við frumvarp alþingis, en það hafði, eins og getið er að framan, bætt nokkrum nýjum greinum við; í frumvarpi stjórnarinnar er það 38. gr.

það hefir stungið uppá. Samkvæmt því rèði þingið til að greinin yrði höfð á þessa leið: 1872. 4. maí.

„Amtsráðið skal á ári hverju semja áætlun um tekjur og útgjöld jafnaðarsjóðsins samkvæmt reglum þeim, sem amtsráðið leggur til að fylgt sè, en landstjóri samþykkir, og eptir skýrslum þeim og reikningum, sem amtmaður leggur fram í hvert skipti."

Við 51. grein.

Hið sama er og um 2. og 3. kafla þessarar greinar, að þeim yrði að breyta í samhljóðun við það, sem á undan væri komið, á þessa leið:

„Amtmaðurinn skal fyrir hvert reikningsár frá 1. janúarm. til 31. desbrm. semja reikning um tekjur og útgjöld jafnaðarsjóðsins og senda fyrir lok febrúarm. eptirrit af honum hinum tveimur, er í amtsráðinu sitja. Þegar amtsráðið kemur næst saman, skal það í sameiningu endurskoða reikninginn, og senda hann því næst, ásamt athugasemdum þeim, sem gjörðar kunna að hafa verið við hann, til landstjóra innan fjögra vikna frá því amtsráðsfundi var slitið. Verði hann þess áskynja, þegar hann fer yfir reikninginn o. s. frv."

Við 52. grein.

Þinginu þótti nægja, að gjörðir amtsráðsins yrði auglýstar á prenti, þó umræðunum væri sleppt, og rèði því til, að orðinu „umræður" yrði breytt í „gjörðir".

Við 53. grein.

Í þessari grein stakk alþing uppá, að í stað orðanna „fyrir lok þess reikningstímabils, sem fer í hönd", skyldi koma: „innan tveggja ára frá lántökudegi".

Alþingi stakk uppá að bæta við nýrri grein, svo látandi:

„Nú greinir tvö amtsráð á um eitthvert mál, sem bæði eiga hlut að, skal þá hvort þeirra fyrir sig senda landstjóra álit sitt um málið, og leggur hann síðan úrskurð á það."

Konungsfulltrúi hefir í álitsskjali sínu um þetta mál getið þess, að þó vandkvæðin við sameinað amtsráð mundi eigi vera svo mikil, sem alþingi ætlaði, gæti hann samt ekki hikað sèr við, að mæla með þeirri uppástungu alþingis, að hafa amtsráð fyrir hvert amt útaf fyrir sig. Hvað snertir uppástungur alþingis við hinar einstöku

1872. 4. maí.

greinir frumvarpsins, hafði hann ekki neitt á móti breytingunum við 12. grein og 17. grein, um eindaga á sveitargjöldum; ennfremur var hann ekki mótfallinn því, að hinum þremur nýju greinum, sem alþing hafði stungið uppá, yrði bætt við. Á hinn bóginn þóttist hann ekki geta mælt með breytingum þingsins við 5. greinar 2. kafla og 9. grein, og var ámóti því, að breytingin við 17. greinar 2. kafla yrði tekin til greina, en breytingin við 24. greinar 4. tölulið fannst honum vera þýðingarminni. Við breytingarnar á 5. greinar 1. kafla, 17. greinar 3. kafla í upphafinu, og 22. grein hafði konungsfulltrúi ekki gjört neina athugasemd.

Að því leyti, er snertir kaflann um sýslunefndirnar, rèði konungsfulltrúi frá breytingunni við 26. grein, og vísaði hann um það til ástæðanna fyrir frumvarpinu, og skírskotaði til álits biskups, en hann hafði fylgt því fram við umræðurnar á þinginu, að hèraðsprófastur skyldi eiga sæti í sýslunefndinni. Um breytinguna við 27. grein gat konungsfulltrúi þess, að sèr fyndist, að alþingi legði of mikla þýðingu í, að hver hreppur hefði mann í nefndinni, og mundi naumast koma til úrslita mál, sem hreppana greindi mjög á um; en með því líkindi væri til, að landsmönnum þætti mikið undir því komið, að þessi uppástunga alþingis yrði tekin til greina, rèði hann samt til, að svo yrði gjört, og gat hann þess jafnframt, að eigi yrði hallað á rètt hinna fjölmennari hreppa með þessu fyrirkomulagi, þar sem eigi kæmi til úrslita í sýslunefndum eiginleg hreppsmál, heldur mál, sem væri sameiginleg fyrir alla sýsluna. Konungsfulltrúi skýrði ennfremur frá, að hèr væri að eins 5 sýslur á landinu, þar sem væri fleiri en 10 hreppar, sumsè í Árnessýslu og Ísafjarðarsýslu 14 hreppar og í Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu 12 hreppar í hverri; með því með svofelldu móti ekki stæði á stöku tala hreppanna í þessum sýslum, gæti tveir hinir minnstu hreppar í Árnessýslu og Ísafjarðarsýslu og 4 hinir minnstu í hinum sýslunum sent mann á víxl annaðhvort ár til sýslunefndarinnar, og bar konungsfulltrúi upp fyrir stjórnarráðinu, hvort þessu skyldi svo koma fyrir, að hinir fjölmennari af minni hreppunum skyldi hafa mann í sýslunefndinni annað árið, og hinir fámennari hitt árið, eða hvort það skyldi vera komið undir hlutkesti í fyrsta skipti. Konungsfulltrúi mælti og með breytingunni á 31. grein frum-

varpsins, viðvíkjandi fundarhaldi sýslunefndarinnar, og með breyt- 1872.
ingu þeirri, sem alþingi hafði stungið uppá við 37. grein, 3—6. 4. maí.
tölulið, því að því leyti, sem þessi uppástunga færi fram á, að laun til hreppstjóra og ljósmæðra yrði ákveðin með sérstöku lagaboði, þá væri með þessu takmarkað það vald, sem í frumvarpinu var veitt sveitarstjórnarnefndum, og væri það fremur í samhljóðun við fyrirkomulag það á amtsráðinu, sem alþing réði til, og gæti í sjálfu sér ekki orðið til tálmunar því, að þessum málefnum yrði komið í lag á hagfelldastan hátt; að því leyti, sem kostnaður við bólusetning og ljósmæðrakennslu skyldi greiðast á sama hátt og verið hafði, gat konungsfulltrúi þess, að þessi gjöld þegar hvíldu á sveitarsjóðum (jafnaðarsjóðum amtanna), og væri í sjálfu sér lítil. Við 2. tölulið greinarinnar stakk hann uppá að bæta skyldi: „og að minnsta kosti einusinni hvert 10. ár". Breytingin við 3. kafla 31. greinar í niðurlaginu fannst honum vera óþörf, og að því leyti, sem uppástunga alþingis að öðru leyti færi fram á, að hinir kjörnu nefndarmenn að eins skyldi hafa daglaun, þótti honum það ósanngjarnt, og stakk hann því uppá, að allir nefndarmenn, sem ætti 1 mílu eða lengri leið heiman að frá sér til fundarstaðarins, skyldi hafa endurgjald. Konungsfulltrúi féllst og á breytinguna á 38. grein, að því leyti er snerti niðurjöfnun gjaldanna til sýslusjóðsins, en réði til, að það, sem þar væri fyrir mælt um heimtingu gjaldsins, skyldi haldast óbreytt.

Hvað snerti kaflann um amtsráðin og þá sérílagi breytingarnar á 42—45. grein frumvarpsins, réði konungsfulltrúi til, að kosningarnar skyldi gilda fyrir sex ár, þannig að annar nefndarmanna færi frá þriðja hvert ár á víxl, og skyldi þá hlutkesti ráða, hvor þeirra færi frá í fyrsta skipti, að kjósa skyldi jafnmarga varamenn og nefndarmennirnir væri, að fyrir yrði mælt um endurkosningar í samhljóðun við 5. grein, 2. kafla, og um það, að sá, sem orðinn væri sextugur, mætti skorast undan kosningu, og að amtsráðið skyldi skera úr því, ef sá, sem kosinn yrði, skoraðist undan kosningu, en hann skyldi hafa rétt til að skjóta úrskurði amtsráðsins til landshöfðingja. Þar að auki skyldi amtmaður telja saman atkvæðin ásamt tveimur mönnum, sem hann sjálfur í fyrsta skipti kveður til þess, en síðan amtsráðið, og ennfremur skyldi hlutkesti en eigi aldur ráða, ef tveir eða fleiri

1872. 4. maí.

hefði fengið jafnmörg atkvæði. Konungsfulltrúi hafði ekki neitt ámóti breytingunum við 47. grein. Að því leyti, er snerti breytinguna á 50. grein, fannst honum rèttara að sníða greinina eptir frumvarpi stjórnarinnar, þótt hann væri ekki í neinum efa um, að alþing hefði ekki ætlazt til, að gjöra breytingar á þeim reglum, sem nú gilda um gjald til jafnaðarsjóðanna. Sömuleiðis gat hann ekki aðhyllzt uppástungu alþingis við 53. grein, þar sem honum fannst, að amtsráðið skyldi ekki hafa vald til þess að taka lán fyrir hönd jafnaðarsjóðsins án samþykkis landshöfðingja fyrir lengri tíma, en að lánið yrði borgað aptur innan árs frá lántökudegi, en þetta væri þá samsvarandi því, sem ákveðið væri í hinum dönsku sveitastjórnarlögum, að sveitarstjórn gæti ekki tekið lán án samþykkis æðra yfirvalds fyrir lengri tíma, en að lánið yrði borgað aptur fyrir lok þess reikningstímabils, sem færi í hönd, og væri þetta ennfremur í samhljóðun við 24. og 41. grein frumvarpsins.

Þareð biskupinn skyldi eigi hafa sæti í amtsráðinu, stakk konungsfulltrúi uppá því, að fella úr orðið „stiptsyfirvöldin" í 49. greinar 2. tölulið, og skyldi amtsráðin að eins takast á hendur stjórn þeirra opinberra stofnana og gjafafjár, sem amtmennirnir einir hingað til hefði stjórnað.

Að því leyti, er snerti uppástungu alþingis um tilhögunina á amtsráðunum, varð dómsmálastjórnin að vera á þeirri skoðun, að þó eigi yrði vèfengt, að koma mætti fram með verulegar mótbárur gegn þeirri uppástungu, að hafa amtsráð í hverju hinna þriggja amta Íslands, í stað þess að setja sameinað amtsráð fyrir allt landið, og einkum gegn því, sem alþingi hafði ráðið til um fyrirkomulagið á kosningum til amtsráðanna, yrði samt á hinn bóginn að gá að því, að það mundi yfirhöfuð örðugt sökum þess, hvernig til hagaði á Íslandi, að skipa svo fyrir um hina æðstu stjórn í sveitamálum, að eigi væri hægt að finna eitthvað að frá almennu sjónarmiði, þarsem því yrði ekki komið fram sökum efnaleysis, sem í verunni mætti álíta rèttast og bezt. Væri þessu nú svo varið, gat stjórnarráðinu eigi fundizt svo ísjárvert, að fallast einmitt á þá tilhögun, sem alþingi hafði ráðið til, enda

mætti seinna meir gjöra breytingar, ef reynslan sýndi, að þessi tilhögun væri ónóg. 1872. 4. mai.

Viðvíkjandi kaflanum um hreppsnefndirnar áleit stjórnarráðið, að taka mætti til greina uppástungur alþingis við 5. grein, 12. greinar 1. kafla, 17. greinar (19. gr. tilsk.) 3. kafla og um eindaga á sveitargjöldum, 24. grein (26. gr. tilsk.) og um það, að bæta inní nýrri grein um verkasvið hreppsnefndanna (17. gr. tilsk.); sömuleiðis aðhylltist stjórnarráðið, að nýrri grein (15. gr. tilsk.) skyldi bæta inní á eptir 14. grein, en samt skyldi orða hana á þessa leið:

„Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hreppi hafa gætur á heilbrigðis-ásigkomulaginu í hreppnum, samkvæmt þeim reglum, sem amtsráðið eða landshöfðinginn skipa fyrir um það."

Aptur á hinn bóginn fann stjórnarráðið ekki næga ástæðu til að taka til greina uppástungu alþingis um efnisbreytinguna á 9. grein, eða bæta inní þeirri grein, sem alþing vildi að yrði hin 18. Sömuleiðis varð stjórnarráðið að ráða frá, að breytingarnar við 17. greinar (19. gr. tilsk.) 2. kafla og 22. grein (24. gr. tilsk.) yrði teknar til greina. Stjórnarráðið áleit, að orðin: „sem að því leyti koma í staðinn fyrir hreppstjórana sem nú eru", í 14. grein frumvarpsins, væri naumast rètt, og skyldi því fella þau úr. Við 15. grein (16. gr. tilsk.) bætti stjórnarráðið þessum viðauka: „hið sama er og um gjald það, sem fyrir er mælt um í 40. grein þessarar tilskipunar;" samkvæmt breytingu, sem gjörð er á 38. grein (40. grein tilsk.), og síðar skal getið.

Að því leyti er snerti kaflann um sýslunefndirnar, fannst stjórnarráðinu ekki vera nein ástæða til þess að mótmæla breytingu þeirri, sem alþingi hafði stungið uppá við 26. grein (28. gr. tilsk.); þó skyldi greinin haldast óbreytt í því, sem fyrir væri mælt um sýslunefndina á Vestmannaeyjum. Með því sjá mátti, að mönnum mundi þykja mikið undir því komið, að hver hreppur kysi mann til sýslunefndar, og það mundi geta valdið óánægju, ef ný kjördæmi yrði stofnuð og þá enginn, ef til vildi, kosinn úr minni hreppunum, rèði stjórnarráðið til, að uppástunga alþingis við 27. grein (29. gr. tilsk.) yrði tekin til greina, og

1872. 4. maí.

skyldi, eins og konungsfulltrúi hafði stungið uppá, þaraðauki ákveðið, að hlutkesti skyldi ráða, hverir hinna minni hreppa skyldi í fyrsta skipti hafa fulltrúa í nefndinni. Sömuleiðis aðhylltist stjórnarráðið uppástungur alþingis við 30. grein (32. gr. tilsk.), þannig að bætt yrði við: „svo og um það, nær þeir geti skorazt undan að taka við kosningu," og 31. greinar (33. gr. tilsk.) 1. kafla og 3. kafla; samt skyldi eigi að eins veita hinum kjörnu heldur öllum nefndarmönnum þóknun í fæðis- og ferðakostnaðarskyni; aptur á hinn bóginn gat stjórnarráðið eigi fallizt á þá breytingu, sem alþing hafði stungið uppá við niðurlag greinarinnar, sbr. 39. og 49. grein, 1. tölulið (41. og 52. gr. tilsk.). Stjórnarráðið fèllst á uppástungu alþingis við 37. greinar 1. tölulið (39. gr. tilsk.) með þeim viðbæti, sem konungsfulltrúi hafði ráðið til, og á uppástunguna við 3—6. tölulið; ennfremur var stjórnarráðið samdóma alþingi um 38. grein (40. gr. tilsk.) að því leyti, er snerti niðurjöfnunina, en gat eigi tekið til greina uppástungu alþingis um borgun gjaldsins. Með því ekki væri sagt fyrir um það í frumvarpi alþingis, hvernig jafna skyldi niður gjaldinu á hreppsbúa, var svolátandi ákvörðun sett í niðurlag greinarinnar: „því, sem hverjum hreppi þannig ber að gjalda, skal jafna niður á hreppsbúa eptir hinum sömu reglum, sem gilda um önnur útgjöld hreppsins, og skal oddviti hreppsnefndarinnar greiða sýslumanni gjaldið á næsta manntalsþingi (samanbr. 16. grein)."

Einsog getið er að framan gat stjórnarráðið eptir því, hvernig ástatt er, eigi með öllu verið mótfallið uppástungu alþingis um fyrirkomulag á amtsráðunum, og eigi heldur því, sem alþing hafði ráðið til viðvíkjandi skilyrðunum fyrir kjörgengi og tilhöguninni á kosningum. Samt varð stjórnarráðið að vera á sama máli og konungsfulltrúi um það, að kosningarnar skyldi gilda til sex ára, en annar nefndarmaðurinn fara frá 3. hvert ár á víxl, og ennfremur fèllst stjórnarráðið á breytingar þær, sem konungsfulltrúi hafði ráðið til í þessu efni. Stjórnarráðinu þótti við þurfa, að fyrir yrði mælt um það, hvar amtsráðin skyldi halda fundi sína, og var bætt hèr að lútandi ákvörðun við 48. grein tilskipunarinnar.

Að því leyti, er snerti breytingu þá, sem alþing hafði stungið uppá við 47. greinar 1. málsgrein (49. gr. tilsk.), þá þótti betur við eiga, að veita meðlimum amtsráðsins 1 rdl. í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem þeir vegna amtsráðsfundarins yrði að vera burtu frá heimili sínu, og ferðakostnað eptir reikningi; orðin: „eða gegna störfum í amtsráðinu" þóttu vera of óákveðin, og var þeim því sleppt. Breytingu þeirri, sem alþing hafði stungið uppá við niðurlag greinarinnar, þótti betur við eiga að koma fyrir sem grein útaf fyrir sig; skyldi hún vera 51. grein tilskipunarinnar, og vera orðuð á þessa leið: 1872. 4. maí.

„Öll útgjöld við amtsráðið skal greiða úr jafnaðarsjóði amtsins."

Stjórnarráðið hafði ekki neitt ámóti því, að 48. grein frumvarpsins væri felld úr, en í staðinn skyldi bæta inní nýrri grein, sem skyldi vera 50. grein tilskipunarinnar; innihald þessarar greinar er að nokkru leyti samhljóða 47. grein frumvarpsins, og var hún orðuð á þessa leið:

„Forsetinn stjórnar umræðum ráðsins, sèr um, að þær ályktanir, sem gjörðar eru, verði framkvæmdar, útvegar gjörðabækur ráðsins og fl., og varðveitir þær ásamt brèfum ráðsins og öðrum skjölum þess. Ráðið kýs úr sínum flokki skrifara, sem skal rita í gjörðabókina, og ásamt með forseta sjá um, að ályktanir ráðsins verði birtar almenningi, samkvæmt 55. grein. Það, sem fyrir er mælt í 34. grein um sýslunefndir, skal og gilda um amtsráðið; þó skal amtsráðið vera fullskipað til þess fullnaðar-ályktan verði gjörð."

Stjórnarráðið aðhylltist uppástungu konungsfulltrúa við 49. greinar (52. gr. tilsk.) 2. tölulið, og var honum samdóma um 40. grein (53. gr. tilsk.), sem var löguð í samhljóðun við breytingar þær, sem gjörðar voru á frumvarpinu að því leyti, er snerti tilhögun á amtsráðunum; 51. grein (54. gr. tilsk.) var eptir tillögum alþingis sömuleiðis höfð í samhljóðun við þetta, og er greinin að eins í einstökum orðum frábrugðin frumvarpi alþingis. Stjórnarráðið fèllst á breytingu þá, sem alþing hafði ráðið til við 52. grein (55. gr. tilsk.), og bætti við nýrri grein (59. gr. tilsk.)

1872. 4. maí. samkvæmt uppástungu alþingis um það, þegar ágreiningur yrði milli tveggja amtsráða um eitthvert mál. Aptur á hinn bóginn gat stjórnarráðið ekki fallizt á breytingu alþingis við 49. greinar (53. gr. tilsk.) 4. tölulið, að því leyti, sem þar væri falið amtsráðinu á hendur eptirlit með því, sem í sjálfu sèr væri eptirlit frá hálfu sýslunefndarinnar, samkvæmt 37. greinar (39. gr. tilsk.) 4. tölulið; það var samdóma konungsfulltrúa í því, að eigi væri ráðlegt, að fara eptir uppástungu alþingis við 53. grein (56. gr. tilsk.) og skyldi eigi veita amtsráðinu vald til að taka lán án samþykkis landshöfðingja, sem eigi yrði borgað fyrir lok þess reikningsárs, sem færi í hönd. Sökum þess, að tilskipunin yrði birt á manntalsþingum 1873, mundi hún naumast geta orðið komin í gildi 1. janúar 1874, og var því síðustu greininni vikið þannig við, að dómsmálastjórnin skyldi gjöra nákvæmari ráðstafanir til þess að koma tilskipuninni í verk, „svo hún geti öðlazt fullt gildi svo fljótt sem verða má."

Eptir að búið var að breyta frumvarpinu samkvæmt því, sem sagt er að framan, lagði dómsmálastjórnin til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að það yrði gjört að lögum.

---

4. maí. **50. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um vörðu á Skaganum við innsiglinguna á Faxaflóa.**

Með brèfi, dagsettu 19. marzm. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Clausen, sækir um, að hann fái útborgaða 5 rd., sem samkvæmt rentukammerbrèfi 4. júlí 1848 [1] eru veittir árlega úr ríkissjóðnum, til þess að halda við vörðu á

---

[1]) Lovsamling for Island, XIV., 128.

Skaganum við innsiglinguna á Faxaflóann, fyrir árin 1867—70, — en á þessum árum hefir eigi verið tekið til fjár þessa, og er nú alls orðið 20 rd.; hafið þèr lagt til, að nú megi borga fè þetta til þess, sem ætlað er. 1872. 4. maí.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið leyfir, að 20 rd. verði varið til þess að gjöra að vörðunni, með því skilyrði, að reikningsskil verði gjörð fyrir þeim, og skal því við bætt, að vèr í dag höfum boðið landfógeta, að borga sýslumanni Clausen tèða upphæð úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um gjald á brennivíni. 4. maí.

Fyrir dómsmálastjórninni hefir verið borin upp fyrirspurn, hvort lausakaupmenn, sem verzla við Ísland, hafi heimild til, þegar tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. þ. á., sè komin í gildi 1. dag júlím. þ. á., að selja brennivín það, sem þeir hafa flutt til Íslands fyrir nefndan dag, en hafa enn óselt í skipum sínum, án þess þeir greiði nokkurt gjald, og ennfremur, ef þetta sè leyfilegt, hvort það þá gildi bæði á þeim verzlunarstað, þar sem þeir hafa skilað tollskránni, og sömuleiðis á öðrum verzlunarstöðum, sem þeir sigla til síðan; útaf þessu hefir stjórnarráðið tilkynnt þeim, sem hlut eiga að máli, að eptir því, sem ástatt er, virtist ekki eiga að heimta gjaldið í þessum tilfellum.

Þetta gefst yður (herra stiptamtmaður, herra amtmaður) til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það lögreglustjórum í því amti, sem þèr eruð skipaður yfir, og skal því við bætt, að sá lögreglustjóri, sem tekið hefir við tollskránni, er skyldur til, ef þess verður krafizt, að veita hlutaðeiganda lausakaupmanni

1872. 4. maí. þá er hann kann að vilja sigla til annars verzlunarstaðar, þaðan sem hann sýndi fyrst skipskjöl sín og sagði til farms, skriflegt vottorð um, að brennivín það, sem hann hefir á skipi, sè flutt út til Íslands fyrir 1. dag júlím. þ. á.

---

4. maí. **52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þingstað í Kverkárhelli.**

Með brèfi, dagsettu 23. febr. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskjal nokkurt með áliti hlutaðeiganda sýslumanns, þar sem hreppstjórarnir í Vestur-Eyjafjallahrepp samkvæmt ósk margra hreppsbúa sækja um, að hafa megi þingstaðinn í hinum svo nefnda Kverkárhelli í Seljalandsmúla, í stað þess að byggt verði þinghús á jörðunni Hvammi, einsog ákveðið var í brèfi dómsmálastjórnarinnar 9. marz 1869[1], sem leyfði að skipta Eyjafjallahrepp í tvo hreppa; hafið þèr getið þess, að Kverkárhellir liggi eins vel við fyrir hreppsbúa, og Hvammur, og að ætla megi, að úr hellinum verði gjörður þingstaður með langtum minni kostnaði, og hafið þèr því lagt það til, að það leyfist, sem sókt er um, með því skilyrði, að hellirinn með umsjón sýslumanns og á kostnað hreppsins verði gjörður að þokkalegu og rúmgóðu þinghúsi, með því að þilja hann og búa til á honum glugga, o. s. frv.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið veitir leyfi það, sem sókt er um.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 605.

---

53. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um innstæðukúgildi á klausturjörðum.

1872. 13. maí.

Í brèfi 8. desbr. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, látið í ljósi ítarlegra álit yðar útaf því, sem sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu, Árni Gíslason, áður hafði hreyft, um fjölgun innstæðukúgildanna á Kirkjubæjar- og Þykkvabæjar-klausturs gózi, og jafnframt sent álitsskjal umboðsmannsins yfir tèðu umboði viðvíkjandi þessu efni, dagsett 5. aprílm. s. á.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að þarsem umboðsmaðurinn í þessu tilliti hefir stungið uppá, að veita megi styrk leiguliðum á tèðu gózi, sem æski þess og sem sè ábyrgðarfærir og áreiðanlegir menn, með þeim hætti, að kaupa og fá þeim til láns kúgildi, með þeim kjörum, að þeir að eins greiði í vöxtu af kaupverðinu 4 af hundraði á ári, og að þeir, er þeir æskja þess, verði leystir frá þeirri skyldu, sem kúgildinu fylgir, sem er, að halda því við, þá verður stjórnarráðið að vera stiptamtmanninum samdóma í því, að þessi kjör verði eigi samrýmd við hugmyndina um innstæðukúgildi, og að slík ráðstöfun sè því með öllu óaðgengileg.

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem þèr hafið látið til, verður stjórnarráðið jafnframt að álíta, að þó eigi sè nú sem stendur jafnt hlutfall milli tölu kúgildanna á klausturjörðunum og dýrleika jarðanna, mundi samt eigi vera næg ástæða til að gjöra almenna ráðstöfun til þess að fjölga kúgildunum, en jafnframt þessu hefir stjórnarráðinu samt fundizt það eiga hèr við, að leiða athygli yðar að því, að hagfellt muni, þegar tækifæri gefst, og einkum þegar jörð verður laus, að fjölga smásaman kúgildunum, og koma svo á hinu sama hlutfalli milli kúgilda og dýrleika á fyrnefndu gózi, sem er allstaðar bæði á bændaeignum og opinberum eignum á Íslandi, þannig, að venjulega sè látið vera eitt innstæðukúgildi fyrir hver fimm hundr. af dýrleika jarðarinnar, og

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 228.

1872. 13. maí. mælumst vèr því til, að þèr, herra stiptamtmaður, segið hlutaðeiganda umboðsmanni fyrir um þetta, einsog með þarf.

---

18. maí. **54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um tilraun að veita Kúðafljóti.**

Með brèfi, dagsettu 26. febr. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, útlagða á dönsku, þar sem umboðsmaðurinn yfir Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustri í Skaptafellssýslu skýrir frá, að til þess að reyna til að stemma stigu fyrir vatns ágangi úr Kúðafljóti, hafi hann í sumar, sem leið, skorað á nokkra landseta á jörðum þeim, sem liggja við fljótið, og að mestu leyti eru klausturjarðir, að reyna til að grafa fram fljótið og leiða það í hinn fyrri farveg sinn, og lofað að sækja um, að þeim yrði borgað fyrir þetta verk að helmingi; sækir hann nú um, að þeim mönnum, sem störfuðu að þessu, verði endurgoldin 10 dagsverk eptir verðlagsskránni, þótt fyrirtækið eigi heppnaðist. Með því umboðsmaðurinn hefir komið þessu til leiðar, og landsetarnir að mestu leyti eru efnalitlir menn, hefir stiptamtmaður mælt með bænarskránni og stungið uppá, að greiða megi úr umboðssjóðnum sem endurgjald fyrir erfiði þetta 10 rd. alls, sem er samsvarandi verðlaginu á 10 dagsverkum eptir verðlagsskrá þeirri, sem gildir á þessu ári (1871—72) fyrir Skaptafellssýslu, hvert dagsverk talið 95,8 sk.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir því, sem ástatt er, fellst á uppástungu stiptamtsins.

---

55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um byggingu hegningarhúss í Reykjavík.

1872. 18. maí.

Til samlags við brèf stjórnarráðsins 15. f. m. sendum vèr yður, herra stiptamtmaður, eptirrit af samningi þeim, sem dómsmálastjórnin hefir gjört við timburmeistara Klentz um byggingu hegningarhúss og fl. í Reykjavík. Einsog yður mun vera kunnugt, á kaupþað, sem samið er um fyrir bygginguna, 22,270 rd., sumpart að greiðast af dómsmálasjóðnum, sumpart af jafnaðarsjóði suðuramtsins, og að endingu af Reykjavíkurbæ að nokkru leyti, eptir því rúmi, sem í byggingunni er ætlað til hegningarhúss, dómhúss handa landsyfirrèttinum, fangelsis handa Reykjavíkurbæ og nokkrum hluta suðuramtsins, og að endingu til húsnæðis handa bæjarþingi Reykjavíkur og bæjarstjórninni, á þá leið, að

I. dómsmálasjóðurinn greiði

a. fyrir hegningarhúsið, sem ætlað er að hafi útrými fyrir:
   1) 8 einklefa, uppá 820 rd. . 6,560 rd.
   2) 1 samverustofu handa karlmönnum . . . . . 2,700 —
   3) 1 samverustofu handa kvennfólki . . . . . 1,780 —
   4) ⅔ af tveimur sjúkra stofum, uppá 1,440 rd. og 1,160 rd. 1,733 — 32 sk.

   12,773 rd. 32 sk.

b. fyrir dómhýsi handa landsyfirrèttinum . . . . . 1,420 — » - 14,193 rd. 32 sk.

II. jafnaðarsjóður amtsins og Reykjavíkur bær í sameiningu fyrir fangelsið, sem ætlað er að rúmi:
   1) 2 einklefa uppá 820 rd. . 1,640 rd. » sk.
   2) 2 tvíklefa uppá 1,200 rd.. 2,400 rd. » -

   yfir um 4,040 rd. » - 14,193 rd. 32 sk.

1872. 18. maí.

yfir um 4,040 rd. » sk. 14,193 rd. 32 sk.

3) 1/3 af tveimur sjúkrastofum, uppá 1,440 rd. og 1,160 rd. . . . . 866 — 64 -

4,906 rd. 64 sk.,

III. og Reykjavíkur bær útaf fyrir sig fyrir rúm handa ráðstofunni:

1) húsnæði handa bæjarþinginu . 1,560 rd.

2) — — bæjarstjórninni . 1,610 —

3,170 rd.

Jafnframt og stjórnarráðið býst við, að Reykjavíkur bær gangi að því, að greiða tèða upphæð, 3,170 rd., mælumst vèr til, að þèr leitið til samninga við þá, sem í hlut eiga, og sendið stjórnarráðinu skýrslu um, hvað um samið verður; sömuleiðis mælumst vèr til, að fá uppástungu frá yður um, hvernig jafna eigi niður þeim hluta af kostnaðinum, sem lendir á Reykjavíkur bæ og jafnaðarsjóði amtsins fyrir það fangelsisrúm, sem þeim heyrir, og um það, hvernig eigi að fá til það fè, sem með þarf til þessa. Að því leyti, er snertir þann hluta af kostnaðinum, sem lendir á dómsmálasjóðnum, sem er 14,193 rd. 32 sk., skal þess getið, að selja verður hin konunglegu skuldabrèf, sem sjóðurinn á, og sem samkvæmt skýrslu yðar, herra stiptamtmaður, dagsettri 2. maí f. á., hljóða uppá 5,554 rd. 36 sk., og senda þau hingað, ef þess þarf við; en með því skuldabrèf sjóðsins uppá einstaka menn, samkvæmt tèðri skýrslu yðar, ekki verða borguð fyr en á nokkurra ára fresti, hefir stjórnarráðinu fundizt það rèttast, að það, sem eigi verður borgað með hinum konunglegu skuldabrèfum og því, sem er til í sjóði, verði greidt af því fè, sem samkvæmt áætlun um tekjur og og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1872-73, 10. gr., er ætlað í hjálparsjóð, gegn því, að skuldabrèf dómsmálasjóðsins uppá einstaka menn verði afsöluð tèðum hjálparsjóði, og mælumst vèr til, að þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf að þessu leyti. Að endingu mælumst vèr til, að þèr samkvæmt 4. gr. a. í fyrnefndum samningi smásaman ávísið timburmeistara Klentz eða fulltrúa hans allt að 6000 rd. úr jarðabókarsjóðnum, eptir virði þess,

sem unnið er að byggingunni í Reykjavík, og sendið hingað, svo fljótt sem verða má, skýrslu um, hve mikið sè borgað í hvert skipti. 1872. 18. maí.

---

56. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um nafnbótaskatt. 23. maí.

Við endurskoðun jarðabókarsjóðs-reikningsins fyrir 1870-71 eru þær athugasemdir gjörðar, að á því ári hafi ekki verið heimtaður af yður nafnbótaskattur, sem þèr eigið að greiða sem biskup yfir Íslandi, og að þèr eigið að borga nafnbótaskatt eptir því, sem heyrir 3. flokki, 9. stigi, sökum þess að það, sem fyrir er mælt í lögum 26. marz 1870, 13. gr., að eigi skuli borga skatt af þeirri nafnbótartign, sem sè samfara einhverju embætti, nái ekki til embættismanna í andlegri stètt. Útaf þessu hafið þèr í brèfi til dómsmálastjórnarinnar, dagsettu 2. janúarm. þ. á., sem hún hefir sent hingað, borið upp fyrir stjórnarráðinu, hvort þèr í stöðu yðar sem biskup værið undanþeginn því, að gjalda skatt af nafnbótartign þeirri, sem fylgir biskupsembættinu, eða ekki, og hafið þèr jafnframt tilgreint þær ástæður, er þèr þykist hafa til að vera laus við þetta gjald.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið getur ekki sèð, að tèð lagaboð veiti yður nokkra undanþágu undan því, að greiða nafnbótaskatt eins og hingað til, jafnt og aðrir biskupar í ríkinu.

1872. 23. maí. **57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um kostnað við aðhjúkrun á betrunarhússfanga[1] á spítala í Kaupmannahöfn.**

I brèfi, dagsettu 28. febrm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, stungið uppá, að greiða mætti úr landssjóðnum kostnað við aðhjúkrun á Guðbjörgu Guðmundsdóttur, sem á sveit í Torfastaða hrepp í Húnavatnssýslu, og hafði verið í betrunarhúsvinnu, í stað þess að kostnaður þessi yrði goldinn af framfærsluhrepp hennar, sem eptir skýrslum þeim, er fylgðu brèfi yðar, kvað mjög efnalítill, — en fátækrastjórnin í Kaupmannahöfn hafði borgað kostnaðinn til bráðabirgða.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að lög leyfa ekki, að leggja endurgjald þessa kostnaðar á landssjóðinn, en ef yður finnst, að Torfastaða hreppur sè svo efnalítill í samanburði við aðra hreppa í amtinu, að hann eigi sè fær um að endurgjalda alla upphæðina, þá er eptir atvikum ekkert því til fyrirstöðu af hálfu stjórnarráðsins, að helmingurinn af upphæðinni verði goldinn af jafnaðarsjóði amtsins.

---

24. maí. **58. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.**

Í brèfi 5. febrúar þ. á. með fylgiskjölum hafið þèr, herra amtmaður, borið undir stjórnarráðið til úrslita ágreining nokkurn, sem orðið hefir milli hreppstjóranna í Lýtingstaðahrepp og Seiluhrepp í Skagafjarðarsýslu um það , í hvorum hreppnum sveitarómaginn Sigfús Hannesson með hyski sínu sè sveitlægur. Með úrskurði 8.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III , 185.

apríl f. á.[1] hefir amtmaðurinn, sem þá var settur í norður- og austurumdæminu, ákveðið, samkvæmt því, sem hlutaðeigandi sýslumaður hafði áður úrskurðað, að tèður Sigfús Hannesson með hyski sínu eigi framfærslurètt í Lýtingstaðahrepp, með því álíta verði eptir því, sem fram er komið, að móðir Sigfúsar, sem hvergi sjálfur hefir áunnið sèr rètt til framfærslu, hafi haft lögheimili á Reykjavöllum í Lýtingstaðahrepp þá er hann fæddist, enda þótt 1872. 24. maí.

---

[1]) Úrskurður amtsins er svo látandi:

Með úrskurði sýslumannsins í Skagafjarðar sýslu, dagsettum 4. maí f. á., hefir verið ákveðið, að Sigfús Hannesson á Barkarstöðum væri sveitlægur í Lýtingstaðahrepp, en hreppstjórarnir þar hafa skotið úrskurði þessum til amtsins atkvæða.

Af því, sem fram hefir komið í þessu máli til upplýsingar, sèst það, að Sigfús Hannesson hvergi sjálfur hefir áunnið sèr framfærslurètt, að hann er óekta barn, fæddur 20. desbr. 1837 í Húsey í Seiluhrepp, og að móðir hans Sigríður Sigurðardóttir á krossmessu 1837 fór sem vistráðið árshjú að Reykjavöllum í Lýtingstaðahrepp, en síðan fór í kvennaskiptum að Húsey einhverntíma eptir fráfærur, og dvaldi þar meðan Sigfús fæddist, og líklega alls þangað til hún á krossmessu 1838 fór vistferlum að Hólkoti í Staðarhrepp. Það er ekki upplýst, að samið hafi verið um, að kvennaskiptin skyldi haldast til enda vistarársins, en þar á móti virðist það fullsannað, að Jóhannes Einarsson, bóndinn á Reykjavöllum, hafi borgað Sigríði Sigurðardóttur árskaup hennar, og að hjónin í Húsey aptur ámóti hafi goldið Guðrúnu Bjarnadóttur, tengdamóður Jóhannesar á Reykjavöllum, sem í stað Sigríðar fór þangað, árskaup hennar, eins og það líka sèst, að Guðrún þessi næstu 2 árin dvaldi í Húsey.

Af skýrslum þeim, sem hlutaðeigandi prestar eptir kirkjubókunum hafa gefið um veru Sigríðar á Reykjavöllum og Húsey, er lítið sem ekkert að græða, hvað þetta mál snertir, þar sem það ekki er prestsins að dæma um það, hvar vinnufólk hafi lögheimili, en eptir því, sem að öðru leyti er upplýst, verður amtið að álíta, að hún krossmessu-árið hafi haft lögheimili sitt á Reykjavöllum.

Það flýtur þá beinlínis af 7. grein reglugjörðar 8. janúar 1834, að Sigfús, sonur hennar, á fæðingarhrepp í Lýtingstaðahrepp, og er því úrskurðurinn frá 4. maí f. á., sem ákveður hann sveitlægan þar í hrepp, hèrmeð staðfestur.

1872. 24. maí. hún um það leyti hafi haft dvöl í Húsey í Seiluhrepp.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, að úrskurður amtsins 8. apríl f. á. í þessu máli verður að standa óraskaður.

---

24. maí. **59. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.**

Samkvæmt uppástungum yðar, háæruverðugi herra, er bárust stjórnarráðinu með brèfi yðar, dagsettu 1. þ. m., um það, hvernig úthluta skuli þeim 500 rd., sem veittir eru fyrir þetta reikningsár til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi, hefir stjórnarráðið veitt þeim, er nú skal greina, styrk þann, sem tilfærður er við hvern prest og prestsekkju útaf fyrir sig:

Uppgjafapresti	Guðlögi Sveinbjarnarsyni (frá Hvammi í Norðurárdal)	15 rd.
—	Þorleifi Jónssyni (frá Hvammi í Hvammsveit)	25 —
Prestsekkju	Guðlögu Eiríksdóttur (frá Reynivöllum)	15 —
—	Ingibjörgu Thorgrimsen (frá Saurbæ)	10 —
—	Helgu Guðmundsdóttur (frá Borg)	15 —
—	Sólbjörgu Jónsdóttur Reykdal (úr Miðdalaþingum	20 —
—	Helgu Arnfinnsdóttur (ekkju Jóns heitins Jónssonar, kapelláns að Breiðabólstað í Vesturhópi)	10 —
—	Sigríði Oddsdóttur (úr Dýrafjarðar þingum)	10 —
—	Guðrúnu Vernharðsdóttur (frá Eyri í Skutulsfirði)	15 —
—	Oddnýju Ingvarsdóttur (úr Sólheima þingum)	20 —
—	Elínu Einarsdóttur (frá Þingeyra klaustri)	30 —

1872.
24. maí.

Prestsekkju	Marenu Níelsdóttur (frá Höskuldstöðum)	10 rd.
—	Valgerði Einarsdóttur (úr Grímsey)	10 —
—	Sigríði Jónsdóttur (frá Skinnastöðum)	10 —
—	Guðlögu Guttormsdóttur (frá Skeggjastöðum)	10 —
—	Kristínu Gunnarsdóttur (frá Desjarmýri)	7 —
—	Þorbjörgu Jónsdóttur (frá Kolfreyjustað)	18 —
—	Margrètu Magnúsdóttur (frá Skorrastað)	10 —
—	Guðrúnu Þorvaldsdóttur (frá Reynivöllum)	5 —
—	Ingveldi Jónsdóttur (frá Hofteigi)	10 —
—	Valgerði Bjarnadóttur (frá Kirkjubæjar klaustri)	10 —
—	Guðrúnu Ingvarsdóttur (frá Eyvindarhólum)	20 —
—	Guðrúnu Jónsdóttur (frá Kálfholti)	15 —
—	Solveigu Markúsdóttur (frá Stokkseyri)	10 —
—	Kristínu Eiríksdóttur (úr Efriholta þingum)	12 —
—	Margrètu Narfadóttur (frá Glæsibæ)	40 —
—	Guðrúnu Jónsdóttur (frá Mosfelli)	15 —
—	Þórunni Ásgrímsdóttur (frá Helgafelli)	10 —
—	Kristjönu Einarsen (frá Stafholti)	10 —
—	Kristínu Jónsdóttur (frá Þykkvabæjar klaustri)	20 —
—	Helgu Pálsdóttur (frá Reynivöllum)	10 —
—	Elínu O. Scheving (frá Vogsósum)	10 —
—	Björgu Magnúsdóttur (frá Dvergasteini)	10 —
—	Sigríði Benidiktsdóttur (frá Einholti)	10 —
—	Matthildi Ásgeirsdóttur (frá Rafnseyri)	13 —
—	Steinunni Jónsdóttur (frá Höskuldstöðum)	10 —

Þetta skal yður hèrmeð til vitundar gefið, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, og um leið og vèr vísum til brèfs stjórnarráðsins 15. júli 1865[1], skal því við bætt, að landfógetanum á Íslandi hefir í dag verið boðið að greiða þetta fè úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 196—197.

1872. 25. maí.

60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Í brèfi 26. febr. þ. á. með fylgiskjölum hafið þèr, herra amtmaður, borið undir stjórnarráðið til úrslita ágreining nokkurn, er orðið hefir milli Akureyrar og Hrafnagilshrepps, sem nú er, um það, hvort barnið Jósefína Guðrún Kristjánsdóttir, sem um það leyti, er kaupstaðurinn og hreppurinn var ein sveit, og hèt Hrafnagilshreppur, hafði framfærslu hjá einu skyldmenni sínu í annari sveit, Öngulstaðahrepp, án þess að Hrafnagilshreppnr legði nokkuð með því, sè sveitlæg eingöngu í hinum fráskilda Hrafnagilshrepp, eða bæði í kaupstaðnum og hreppnum eptir hlutfalli því, sem ákveðið er í tilskipun 29. ágúst 1862, 1. grein, og sem er einsog milli 4 og 5, en á þenna ágreining hefir amtið lagt þann úrskurð 16. nóvbr. 1870 [1], að tèð barn eigi framfærslurètt í Hrafnagilshrepp, sem nú er sèrstök sveit.

---

[1]) Úrskurður amtsins er svo látandi:

Í brèfi, dagsettu ígær, hafið þèr, herra bæjarfógeti, eptir beiðni bæjarstjórnarinnar á Akureyri, beiðzt úrlausnar amtsins um, hvort barnið Josefína Guðrún Kristjánsdóttir sè sveitlæg í Hrafnagilshreppi að öllu leyti, einsog bæjarstjórnin á Akureyri fer fram, eða hvort það eigi að framfærast að nokkru leyti af fátækrafè Akureyrar kaupstaðar og að nokkru leyti af Hrafnagilshreppi.

Af skýrslum þeim, sem fram eru komnar í þessu máli, sèst, að ofannefnt barn, sem er óskilgetið, strax eptir fæðinguna var tekið til fósturs af fóstra föður þess, Kristjáns Ólafssonar, bóndanum Jósepi Jónssyni á Jódísarstöðum, og var þar hjá honum meðgjafarlaust, þangað til Kristján, faðir barnsins, dó, en þá í fardögum 1866 þóttist Jósep eigi geta haldið barnið meðgjafarlaust, og leitaði þá meðgjafar með því hjá hreppstjóranum í Hrafnagilshreppi, sem er framfærsluhreppur Sigríðar Ívarsdóttur, móður barnsins, en sem átti að lögum að standa straum af því ein, úr því faðir barnsins var látinn, hefði hún verið þess umkomin.

Þessari kröfu Jóseps á hendur Hrafnagilshreppi svaraði hreppstjórinn þar í brèfi, dagsettu 21. desbrm. 1866, á þessa leið: „að þar-

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið getur ekki sèð ástæðu til, að 1872. 25. maí.

sem barn þetta, sem er sex ára gamalt, kemur nú fyrst til sveitar, og varð því eigi tekið til greina við skipti à ómögunum milli Hrafnagilshrepps og Akureyrar kaupstaðar, er framfóru þar 17. apríl 1863, — en ákveðið er í skiptagjörningi þessum, að þeir, sem þann dag væri utanhrepps, það er: hvorki í Akureyrar kaupstað eða Hrafnagilshrepp, og eptirleiðis kynni að gjöra tilkall til sveitar hèr, skuli forsorgast af báðum sveitunum eptir hlutfallinu 4 og 5, — þá eigið þèr eptir minni meiningu aðgang að Akureyrar kaupstað um $^4/_9$ af meðlaginu, en þar ómótmælanlegt er, að móðurhreppur ómaga þessa er hinn g a m l i Hrafnagilshreppur óskiptur, þá hefði jeg útlagt að eins $^5/_9$ parta meðlagsins hèr af hrepp, að upphæð $133^1/_3$ fisk, sem gjörir í peningum 16 rd. 64 sk., hvaraf þèr eigið nú eptir hjá mèr 6 rd. 64 sk., og þurfið þèr ekki eptir ofansögðu að búast við meira af Hrafnagilshreppi fyrir þetta ár til fardaga 1867, nema því að eins, að öðruvísi verði ákveðið með yfirvalds-úrskurði". — Einsog hreppstjórinn í Hrafnagilshrepp hefir viljað gjöra, er það rètt að byggja úrslit þessa máls á skiptagjörningi milli Akureyrar kaupstaðar og Hrafnagilshrepps, dagsettum 17. apríl 1863. Í samningi þessum er svo komizt að orði um skipti à ómögum, eptir að búið er að nafngreina vissa ómaga, er skiptast á Akureyrar kaupstað og Hrafnagilshrepp: „þar á móti skyldi Helgi Eiríksson, sem von er á með fjölskyldu að norðan í vor, og allir þeir, sem nú eru í hreppnum og kynni að þurfa sveitarstyrks, eiga aðgang að hreppnum, einsog líka kaupstaðurinn á að sjá um alla þá, sem nú eru í kaupstaðnum og eru hrepplægir í hreppnum". Með því nú móðir Jósefínu, sem að föðurnum látnum, einsog fram er tekið, átti að sjá um barn sitt, en sökum fátæktar eigi gat það, „ómótmælanlega" átti sveit í Hrafnagilshreppi, þareð hún átti þar heima 17. apríl 1863, þegar skiptagjörningurinn milli Hrafnagilshrepps og Akureyrar kaupstaðar gjörðist, á Hrafnagilshreppur að öllu leyti að gefa með Jósefínu Guðrúnu Kristjánsdóttur, því hún á sem óskilgetin rètt til framfæris af hreppi móður sinnar, samanbr. reglugjörð 8. janúar 1834, 6. grein, og það er öldungis rangt, einsog hreppstjórinn í Hrafnagilshreppi í brèfum sínum 21. desbr. 1866 og 19. júní 1867 hefir gjört, að vilja láta næstu málsgrein í ofannefndum skiptagjörningi frá 17. apríl 1863, er hljóðar þannig: „viðvíkjandi þeim, sem nú eru utanhrepps, en eptirleiðis skyldu gjöra tilkall til hrepps, kemur mönnum saman um, að þeir, sem koma fyrstu 10 árin, skulu forsorg-

1872. 25. maí. breyta úrskurði amtsins, en að öðru leyti er það hlutaðeigendum heimilt, ef þeim finnst ástæða til þess, að leita um þetta mál dóms og laga.

---

24. maí. **61. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um prestvígslu stúdents.**

Með brèfi, dagsettu 6. þ. m., hafið þèr, háæruverðugi herra, sent hingað bænarskrá, þar sem stúdent á prestaskólanum, Björn Stefánsson, sækir um leyfi til að sækja um Sandfells prestakall í Austur-Skaptafellssýslu, sem er laust, nú á þessu sumri, og mega vígjast til prests, án þess að hafa gengið undir burtfararpróf við prestaskólann.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að þetta, sem sókt er um, getur eigi orðið veitt.

---

ast af báðum hreppunum o. s. frv.", ráða úrslitum þessa máls, því þó hinn hèr umræddi ómagi Jósefína reyndar hafi verið utan Hrafnagilshrepps, þegar hún var sögð til sveitar, þar sem hún þá var á Jódísarstöðum (í Öngulstaðahrepp), þá ber þess að gæta, að börn allt að 16. aldurs ári fylgja foreldrunum og eiga hrepp þar sem þeir eiga hrepp, án nokkurs tillits til þess, hvort þau dvelja í sama hreppi og foreldrarnir eður ekki.

Samkvæmt þegar tilgreindu úrskurðast hèrmeð, að Jósefína Guðrún Kristjánsdóttir eigi að öllu leyti framfæri í Hrafnagilshreppi.

62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um andvirði fyrir strandað skip.

1872. 25. maí.

Með brèfi, dagsettu 1. marzm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað ávísanir bæði uppá verzlunarfèlög hèr í bænum og aðalfèhirzluna til 4,905 rd. 77 sk., sem er andvirði þess, sem seldist á uppboði á hinu strandaða skipi „Elísabet“ frá Kaupmannahöfn og farmi þess, og jafnframt um leið og þèr getið þess, að þèr sendið dómsmálastjórninni upphæð þessa, sökum þess að þèr hafið eigi getað gjört út um, hvernig skipta ætti fènu milli þeirra, sem í hlut ætti, hafið þèr borið upp þá spurningu, hvernig eptirleiðis skuli fara með andvirði þess, sem bjargast af skipstrandi, að frádregnum kostnaði, þegar svo standi á sem hèr, að útgjörðarmaður skips, sem strandar, sè eigi hinn sami sem eigandi farmsins á skipinu, og þá sèrílagi, hvort þèr megið borga andvirðið til útgjörðarmannsins, samkvæmt brèfi stjórnarráðsins 14. septbr. f. á., [1]) þótt eigandi farmsins hafi tilkall til nokkurs hluta af því.

Jafnframt og vèr getum þess, að fyr nefndir 4905 rd. 77 sk. eru borgaðir hlutaðeigendum samkvæmt skaðajöfnuði, sem sýndur hefir verið stjórnarráðinu, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að það þykir rèttast, þegar efasamt er, hvernig skipta eigi andvirði strands milli þeirra, sem í hlut eiga, að borga ekki neitt af því, fyr en farið verður eptir löglega tilbúnum skaðajöfnuði eða jafnaðarskrá, og skal þá beinlínis greiða þeim, sem hlut eiga að máli, það, sem hver þeirra hefir tilkall til.

---

63. Konungleg Auglýsing um að konungur sè kominn heim aptur. (á Íslenzku og Dönsku).

25. maí.

Vèr Christian hinn Níundi, o.s.frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr erum aptur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda, kunn-

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 217.

1872. 25. maí. gjörum Vèr hèrmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vèr höfum Sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vèr með Vorri konunglegu auglýsingu 18. nóvbr. f. á., samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, höfðum falið á hendur í fjærvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign, krónprinzi Christian Frederik Vilhelm Carl.

---

28. maí. **64. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.**

Það skal hèrmeð tilkynnt Deild hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt fèlaginu 150 rd. styrk til að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands", og að í dag hefir verið hlutazt til um, að fè þetta verði greidt fèhirði deildarinnar, Oddgeiri Stephensen, stjórnardeildar forstjóra, úr aðalfèhirzlu ríkisins.

---

4. júní. **65. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um sending herskips til Íslands frá Englandi.**[1])

Eptir að utanríkisstjórnin samkvæmt tilhlutun dómsmálastjórnarinnar hafði látið hinn konunglega danska sendiherra í Lundúnum, herforingja *Bülow*, leiða athygli ensku stjórnarinnar að því, að æskilegt væri, að England hefði nokkra tilsjón með enskum fiskimönnum við strendur Íslands, hefir hún nú skýrt frá, að henni hafi borizt skýrsla um það, að enska stjórnin ætli útaf

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 237—39.

þessu að senda enskt herskip til Íslands undir lok júlímán., sem nú fer í hönd, til þess það hafi þar stöðvar ágústmán. allan, og að skipið eptir undirlagi dómsmálastjórnarinnar einkum komi við fyrir norðan og austan. 1872. 4. júní.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss, að tilkynna yður (tit), yður til leiðbeiningar.

---

66. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíundargjald af Eiríkstöðum. 7. júní.

Í brèfi, dagsettu 31. oktbr. f. á., hafið þèr, herra amtmaður, borið undir stjórnarráðið til úrslita bænarskrá nokkra með fylgiskjölum og áliti hlutaðeiganda sýslumanns, þar sem ekkjan Guðrún Guðlögsdóttir á Eiríkstöðum í Norðurmúlasýslu hefir sókt um, að hún verði undanþegin að gjalda framvegis konungstíund af eignarjörð sinni Eiríkstöðum og hjáleigunni Hnefaseli, sem allt til 1863 heyrði Skeggjastaða kirkju til, og var seld henni með afsalsbrèfi stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, dagsettu 18. marzm. s. á.; þar með biður hún um, að hlutazt verði til að sú konungstíund, sem sè greidd frá árinu 1863, verði borguð henni aptur. Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt álit stipstyfirvaldanna yfir Íslandi um bænarskrá þessa, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að með því eigi verður sèð, að jörðunni hafi verið áskilið tíundarfrelsi, þá er hún var seld frá kirkjunni, þá verði að alíta eptir almennum gildandi reglum, að eigi að greiða af henni tíund, og verður það því eigi veitt, sem sókt var um.

1872. 15. júní. **67. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk til þess að bæta smjör- og ostatilbúning á Íslandi.**

Útaf bænarskrá, sem hingað hefir borizt, hefir dómsmálastjórnin veitt cand. phil. Skapta Jósepssyni 100 rd. styrk til þess að kaupa áhöld, sem höfð verða við tilraunir til að bæta smjör- og ostagjörð á Íslandi. Þetta gefst yður, herra amtmaður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það hlutaðeigandi, og skal því við bætt, að dómsmálastjórnin hefir hlutazt til um, að fè þetta verði borgað cand. polyt. Th. Segelcke, sem hefir lofað, að sjá um að fènu verði varið eins og ætlað er.

---

21. júní. **68. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um jarðnæði handa presti.**

Í brèfi, dagsettu 6. apríl þ. á. hefir stiptamtið og þèr, háæruverðugi herra, látið uppi álit yðar útaf gjörð hlutaðeiganda hèraðsprófasts, hins setta sýslumanns í syðri hluta Barðastrandar sýslu og fleiri manna, sem fram fór 20. júní f. á., til þess að vísa á jarðnæði handa Andrèsi presti Hjaltasyni í Flatey; með gjörð þessari var honum að eins fengið $2^1/_2$ hundr. af Flatey til grasnytja og skýrskotað jafnframt til þess, að prestur mundi efnalaus og ófær til að hafa meiri jörð undir, en prestur hefir lýst því yfir, að hann sè óánægður með þetta, og heimtað, að sèr verði fengin þau 10 hundr. af Flatey, sem útnefnd voru til afnota handa prestinum þar með gjörð 26. júlí 1809, eða að minnsta kosti 5 hundr. með tilheyrandi húsum. Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að jafnframt og byggt er á því, að það sè rétt, sem prestur til greinir um innihald tèðrar gjörðar, 26. júlí 1809, í brèfi til stiptsyfirvaldanna, dagsettu 12. júlí 1870, að með henni sè útnefnd þessi 10 hundr., og ætluð prestinum í Flateyjarkalli til

afnota framvegis, að eins með því skilyrði, að eigandinn sjálfur hafi rètt til afnotanna, ef hann útvegar prestinum önnur 10 hundr. í Flatey jafngóð og jafnhagkvæm, verður stjórnarráðið að álíta, að Andrès prestur Hjaltason hafi heimild til að heimta, að jarðnæði það, sem þannig er útnefnt handa prestakallinu, verði honum fengið, og að það verði gjört með tilstilli fógetans, ef á þarf að halda. 1872. 21. júní.

Enda þótt stjórnarráðið þannig eptir málsgögnum verði að álíta gjörð þá ónýta, sem fram fór 20. júní f. á. til þess að úthluta Andrèsi presti Hjaltasyni jarðnæði, og þótt það að öðru leyti þyki sjálfsagt, að sá, sem beiðist gjörða þeirra, er nefndar eru í konungsbrèfi 18. apríl 1761, greiði kostnaðinn við þær, þykist stjórnarráðið samt geta leyft, sökum þess, að hèr stendur sèrstaklega á, samkvæmt tillögum yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, í brèfi 4. nóvbr. f. á., að kostnaðinn við téða gjörð, sem er 35 rd. 48 sk., megi greiða af því fè, sem í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands er ætlað til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, á yfirstandanda reikningsári, og höfum vèr í dag skrifað landfógeta að borga fèð, er þèr gjörið tilkall til þess.

---

69. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stipsyfirvaldanna yfir Íslandi, um sölu á Haukstöðum, eign Hofskirkju i Vopnafirði. 22. júní.

Eptir að hingað hafði borizt brèf stiptamtsins og yðar háæruverðugi herra, dagsett 22. apríl þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 17. þ. m. allramildilegast að fallast á að selja megi frá Hofskirkju í Norðurmúlasýslu í norður- og austurumdæmi Íslands jörðina Haukstaði með hjáleigunum Hólum og Skálamó og tveimur kúgildum leiguliðanum á tèðri jörð, Birni Gíslasyni, fyrir 3,500 rd., þannig að minnst 2,000 rd. af and-

1872. 22. júní. virðinu verði borgaðir um leið og kaupbrèfið er gefið út, og að það, sem eptir er, standi óborgað móti veði í jörðunni með fyrsta veðrètti og 4 af hundraði í vexti á ári hverju, og með því skilyrði, að undanþága sú frá skattgjaldi, sem jörðin hingað til hefir notið, falli burt eptir söluna, og að stiptsyfirvöldunum yfir Íslandi verði boðið að sjá um, að sá hluti kaupverðsins, sem borgaður verður útí hönd, verði ávaxtaður fyrir kirkjuna á Hofi, annaðhvort með því að kaupa ríkisskuldabrèf, sem hljóða uppá kallið, eða selja hann að leigu gegn veði í fasteignum

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf.

---

27. júní. **70. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um samlagning sókna í Þingeyjarsýslu.**

Eptir að hingað hafði borizt brèf yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsett 10. apríl þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 18. þ. m. allramildilegast að fallast á:

að Helgastaða kirkja í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæmi Íslands verði lögð niður, og að Helgastaða sókn verði sameinuð við Einarstaða sókn, þannig að Einarstaða kirkja verði ein kirkja í sókninni, þar sem halda skal guðsþjónustugjörð á öllum sunnudögum og helgum dögum;

að Helgastaða kirkja ásamt með portjón hennar og því, sem henni fylgir, verði samkvæmt samningi þeim, sem gjörður er við eigendur Einarstaða kirkju, fengin þeim, til þess hún verði rifin, með því skilyrði, að þeir á eigin kostnað og án nokkurs tillags frá Helgastaða söfnuði stækki Einarstaða kirkju svo, sem kann að þurfa sökum þess að Helgastaða söfnuður verður sameinaður við Einarstaða söfnuð;

að eigendur Einarstaða kirkju greiði prestinum í kallinu, 1872.
jafnskjótt og sóknirnar eru lagðar saman, að eins helming 27. júní.
leigu þeirrar, sem þeir áður hafa goldið af kúgildum Einarstaða kirkju, 6 fjórðunga (60 pund) af smjöri, og

að það verði falið stiptsyfirvöldunum yfir Íslandi á hendur, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf í þessu tilliti.

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf.

---

71. Erindisbrèf fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi. 29. júní.
(á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt valdi því, sem dómsmálastjórninni er veitt með konungsúrskurði í dag, er hèr með skrásett svo látandi erindisbrèf fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi:

1. grein.

Samkvæmt þessu erindisbrèfi framkvæmir landshöfðinginn undir umsjón þess ráðgjafa eða þeirra ráðgjafa, sem í hlut eiga, hið æðsta vald yfir hinum sèrstaklegu málum landsins í landinu sjálfu.

2. grein.

Landshöfðinginn skal hegða sèr eptir hinum gildandi lögum og tilskipunum, og sömuleiðis eptir því, sem hlutaðeigandi ráðgjafar segja honum fyrir eða skipa honum, og skulu þeir, hver fyrir sitt verksvið, annaðhvort sjálfir skera úr kærum þeim, sem fram kunna að verða bornar gegn tèðum embættismanni yfir því, að hann hafi beitt valdi sínu um of, eða leggja þær undir úrskurð konungs.

3. grein.

Landshöfðinginn skal gjöra uppástungur til hlutaðeiganda

1872. 29. júní. ráðgjafa í öllum sèrstaklegum íslenzkum málum, sem eptir þeim reglum, sem hingað til hafa um það gilt, hafa komið, eða eptir nánari ákvörðun kunna að koma beinlínis undir úrskurð konungs.

Hið sama er um þau mál, sem snerta fjárhagsáætlun Íslands eða reikninga, eða sem eru þess eðlis, að semja þurfi um þau við hina ráðgjafana, eða sem samkvæmt tilskipun eður sèrstaklegri ákvörðun hlutaðeiganda ráðgjafa koma beinlínis undir úrskurð hans.

4. grein.

Landshöfðinginn gjörir uppástungur til hlutaðeiganda stjórnarráðs um þess konar ný lög og aðrar almennar ráðstafanir í þarfir Íslands, sem honum kann að finnast vera ástæða til.

5. grein.

Eins og landshöfðingi er milligöngumaður milli stjórnarinnar og allra embættismanna og embættisþjóna, sem skipaðir eru á Íslandi, þannig eru þeir undirgefnir landshöfðingjanum, og skal hann hafa umsjón með embættisfærslu þeirra.

Landshöfðingi veitir ferðaleyfi öllum íslenzkum embættismönnum. Þegar embætti eru laus, skal hann sjá um, að þeim verði þjónað með því að setja menn í þau um tíma, og hefir hann heimild til að víkja frá um stundar sakir öllum embættismönnum, sem skipaðir eru á Íslandi; samt skal hann með fyrsta pósti þar á eptir senda skýrslu til hlutaðeiganda ráðgjafa, ásamt þeim upplýsingum, sem með þarf, til þess að úr því verði skorið, hvort höfða skuli lögsókn á hendur þeim, sem í hlut á, eða gjöra skuli aðra ráðstöfun í þessu tilliti.

6. grein.

Landshöfðinginn sèr um, að reikningarnir komi á rèttum tíma frá öllum gjaldheimtumönnum á Íslandi, og skal hann beita þvingun til þess að koma því til leiðar á þann hátt, sem honum þykir við þurfa eða við eiga, annaðhvort með því að leggja á þvingunarsektir eða eptir atvikum með því að víkja þeim frá um stundar sakir, sem í hlut á. Alla reikninga skal því senda áleiðis til landshöfðingja, og skal hann ganga úr skugga um, að kröfum

landssjóðsins sè fullnægt, og ef það reynist ekki svo, gjöra þegar þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að koma því fram með þvingun, að þeim verði fullnægt, en jafnframt skal hann senda skýrslu um þetta til hlutaðeiganda ráðgjafa.

7. grein.

Störf þau, sem stiptamtmaður hingað til hefir haft með tilliti til þess, að jafna niður alþingiskostnaði (opið brèf 18. júlí 1848), skulu falin landshöfðingja á hendur.

8. grein.

Landshöfðinginn setur umboðsmenn yfir konungsjarðirnar eptir uppástungu hlutaðeiganda amtmanns og ákveður, hve mikið umboðsmenn og sýslumenn skuli setja í veð fyrir gjaldheimtum þeim, sem þeim er trúað fyrir.

9. grein.

Yfirstjórn hinna íslenzku póstmála í landinu sjálfu skal landshöfðingi hafa á hendi, og fær hann ráð þess fjár, sem tilfært er á fjárhágsáætlun Íslands, til þess að greiða kostnaðinn við tèð póstmál.

10. grein.

Mál, sem snerta fiskiveiðar útlendra við Ísland, að því leyti, sem þau verða útkljáð án samninga við útlendar þjóðir, og svo mál útaf skipströndum, skulu koma undir vald landshöfðingja.

11. grein.

Þau störf, sem stiptamtmaður hingað til hefir haft með tilliti til skrásetningar og mælinga skipa, skal landshöfðingi takast á hendur.

12. grein.

Landshöfðingja skal falið á hendur vald til þess að leggja fullnaðar úrskurð á sveitarmál — en hèr er talið með, þegar ágreiningur verður milli fleiri íslenzkra sveitarfèlaga um framfærslu þurfamanna —, að svo miklu leyti, sem lög leyfa, að framkvæmdarvaldið gjöri út um þessi mál.

13. grein.

Allar skýrslur, sem til þessa hafa verið sendar til stjórnarráðanna fyrir allt landið, skal eptirleiðis senda landshöfðingja, og

1872. 29. júní.

býr hann síðan til á hverju ári tvær aðalskýrslur, aðra handa dómsmálastjórninni og hina handa kirkju- og kennslustjórninni, um mál þau, sem varða hvort af þessum stjórnarráðum útaf fyrir sig.

14. grein.

Vald það, sem veitt er stiptamtmanni samkvæmt hinum almennu hegningarlögum, 25. júní 1869, og tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi m. fl., 4. marz 1871, skal falið á hendur landshöfðingjanum. Hann ákveður fyrir hönd hins opinbera, hvort skjóta skuli sakamálum til hæztarèttar.

15. grein.

Landshöfðinginn er forseti í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti, og framkvæmir í þessari stöðu vald það, sem stiptamtmaður hingað til hefir haft á hendi. Hann veitir gjafsókn fyrir landsyfirrètti og önnur leyfisbrèf viðvíkjandi málaferlum, sem stiptamtmaður hingað til hefir gefið út.

16. grein.

Landshöfðinginn gefur út samkvæmt tilskipunum þeim, sem um það gilda, þessi konungleg leyfisbrèf o. s. frv., sem dómsmálastjórnin hingað til hefir veitt fyrir hönd konungs:

a) leyfisbrèf þau, sem nefnd eru í konungsúrskurði 25. maí 1844, 3., 4. og 5., til þess að ganga í nýtt hjónaband, undantekningar frá D. L. 3—16—8 og leyfisbrèf til hjónaskilnaðar;

b) uppgjöf þá eða lækkun á sektum, sem fyrir er mælt um í konungsúrskurði 23. desbr. 1864, I., 1 — þó því að eins að sektin fari ekki fram úr 25 rd. — svo og leyfisbrèf þau til ættleiðingar og til hjónaskilnaðar, er getið er í tèðum úrskurði I., 2, 4 og 5.

17. grein.

Dómsmálastjórnin getur fengið landshöfðingja í hendur umráðin yfir allt að helmingi þess fjár, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland, sem uppá kunna að koma; samt skal hann árlega senda skýrslu til hlutaðeiganda stjórnarráðs um það, hvernig fènu hafi verið varið. Þar að auki útbýtir landshöfðingi eptir uppástungu biskups fè því, sem tilfært er á hinni árlegu fjár-

hagsáætlan Íslands handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum. 1872. 29. júní.

18. grein.

Landshöfðinginn hefir umsjón yfir hinum íslenzka landssjóð (jarðabókarsjóðnum).

19. grein.

Að þeim málum undan teknum, sem nefnd eru í 3. grein, skal landshöfðingi yfirhöfuð gjöra út um þau sèrstaklegu íslenzku mál, sem dómsmálastjórnin eða kirkju- og kennslustjórnin hingað til hafa úrskurðað, að því leyti að ekki leiðir af þeim útgjöld annaðhvort fyrir landssjóðinn fram yfir þær upphæðir, sem til teknar eru á hverju ári, og sem hann hefir umráð yfir samkvæmt 9. gr., samanbr. 17. gr., eða fyrir aðra sjóði, sem Ísland á, fram yfir það, sem ákveðið er um, hvernig þeim skuli verja, eða þau fara fram á, að gefnar sè upp tekjur, sem landssjóðurinn eða tèðir sjóðir eiga tilkall til.

20 grein.

Um veiting brauða, sem laus eru, gilda þær reglur, sem settar eru í tilsk. 15. desembr. 1865, 2. gr., þangað til öðruvísi verður fyrir mælt, þó skal staðfesting sú á brauðaveitingu stiptsyfirvaldanna á Íslandi, sem hingað til hefir verið áskilin konungi, falin á hendur landshöfðingja.

21. grein.

Í fjærvist landshöfðingja eða forföllum hans, og sömuleiðis ef, hann skyldi deyja, skal forstjórinn í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti takast á hendur störf hans, nema stjórnin skipi öðruvísi fyrir um þetta.

Í dómsmálastjórninni, 29. dag júním. 1872.

Fr. Krieger.

Fr. Reinhardt.

1872.
29. júni. Með konungsúrskurði 4. maí þ. a. var allramildilegast samþykkt, að setja landshöfðingja yfir Ísland frá 1. apríl 1873, og hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 29. júní þ. á. allramildilegast að fela henni á hendur, að gefa út erindisbrèf fyrir landshöfðingjann, og enn fremur auk annars að fallast á:

að landshöfðingja, sem skal hafa sömu nafnbótartign og stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hingað til hefir haft, skuli veittir 4000 rd. í árleg laun, 1000 rd. til borðfjár, 1200 rd. til skrifstofukostnaðar og afnot embættisbústaðar og jarðar, sem stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hingað til hefir haft; samt skal hann vera laus við að borga leigur af byggingarskuld þeirri, sem nú hvílir á stiptamtmannshúsinu, og borga nokkuð uppí skuldina,

að skipaður verði skrifari við landshöfðingja-embættið frá 1. apríl 1873; skulu honum veittir í árleg laun, í upphafi 800 rd., sem vaxa um 100 rd. fyrir hver 2 embættisár, unz þau eru orðin 1200 rd.;

að suður- og vesturamt Íslands, sem að öðru leyti eins og hingaðtil framvegis skulu vera tvö sèrstök umdæmi, skuli lögð undir einn amtmann; skal hann hafa aðsetur í Reykjavík og ásamt með biskupi hafa á hendi þau embættisstörf, sem á stiptsyfirvöldunum hvíla; amtmanninum yfir suður- og vesturumdæmi Íslands skulu veitt í árleg laun, upphaflega 2,400 rd., sem vaxa um 200 rd. fyrir hver 5 ár í embættinu, unz þau eru orðin 3,200 rd., auk 300 rd. í húsaleigustyrk, og 800 rd. til skrifstofukostnaðar.

---

1. júlí. **72. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um burtfararpróf við prestaskólann eptir eins árs undirbúning.**

Útaf bænarskrá nokkurri, sem hingað hefir borizt með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 14. f. m., og þar sem póstafgreiðslumaður Óli Finsen, sækir um fyrir stúdentana Jón Halldórsson og Steingrím Jónsson, að þeim verði leyft að ganga undir burtfararpróf frá prestaskólanum í Reykjavík eptir eins árs undir-

búning, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðinu hefir ekki fundizt stæða til að bera þetta mál upp fyrir konungi. 1872. 1. júlí.

---

73. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um leigumála brennisteinsnámanna í Þingeyjarsýslu. 6. júlí.

Um leið og vèr til samlags við brèf dómsmálastjórnarinnar 15. apríl þ. á. gefum yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að Alfred G. Lock frá Lundúnum hefir skýrt stjórnarráðinu frá, að hann afsali sèr rètt þann, sem honum er heimilaður í 2. grein í leigumála þeim, sem gjörður er milli stjórnarráðsins og hans um brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu, sem er þjóðeign, til þess að ganga frá samningnum innan 31. ágústm. þ. á., svo að hann nú skoðar sig sem bundinn við samninginn án nokkurs skilyrðis, mælumst vèr til að þèr, herra amtmaður, gjörið ráðstöfun til að tèðir brennisteinsnámar verði fengnir Alfred G. Lock samkvæmt 3. gr. smbr. 10 gr., svo fljótt sem verða má, þegar hann beiðist þess, með löglegri skoðunargjörð, og verðið annaðhvort þèr að vera þar við fyrir hönd hins opinbera, ef þèr eigið hægt með það, eða í öllu falli sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu. Jafnframt og vèr sendum yður sitt exemplarið af hverjum af þeim uppdráttum námanna, sem getið er í 3. grein, verðum vèr að fá útskript af afhendingar-gjörðinni, sem fram fer, þá er námarnir eru fengnir Lock í hendur, þegar að því kemur.

Þessi leigumáli, sem gjörður var 13. apríl þ. á., er svo látandi:

Eg undirskrifaður Andreas Frederik Krieger, dómsmálaráðherra Hans Hátignar, konungsins yfir Danmörku, kommandeur dannebrogsorðunnar, dannebrogsmaður og kommandeur af

1872. 6. júlí. leiðarstjörnunni, sel hèrmeð samkvæmt valdi því, sem veitt er dómsmálastjórninni með konungsúrskurði 9. marz 1872, Alfred G. Lock frá Lundúnum til leigu brennisteinsnáma þá í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, sem er þjóðeign, með þeim kjörum, sem hèr skal sagt.

1.

Leiguliðanum veitist einkaleyfi til að hafa brennisteinstekju í tèðum brennisteinsnámum á þeim tíma, er leigumálinn nær yfir, og eru þeir Reykjahlíðar-, Kröflunámar og fremri námar, en með þessum samningi er honum ekki veittur rèttur til að nota lóðir þær, sem liggja kringum námana, og sem ekki eru þjóðeign. Þess skal getið, að þessi leigumáli nær ekki til brennisteinsnámanna á kirkjujörðunni Þeistareykjum.

2.

Leigutíminn er 50 ár, talinn frá 1. septbr. 1872 til 31. ágúst 1922, þannig að hvorugur geti sagt samningnum upp. Þó skal mèr, A. G. Lock, frjálst, að ganga frá þessum samningi innan 31. águst þ. á., að þeim degi meðtöldum.

Leiguliðinn má selja rètt sinn eptir þessum samningi ásamt þeim kvöðum, sem þarmeð fylgja, öðrum í hendur, sem eigi með gildum rökum verður mótmælt að sè áreiðanlegir og heiðarlegir menn; samt skal hann þegar skýra dómsmálastjórninni frá því, og þegar hann deyr, gengur þessi rèttur til erfingja hans.

3.

Leiguliðanum skal frjálst, hvernig hann hagar brennisteinsnáminu. Samt má eigi þvo brennisteininn í rennanda vatni, er til sjávar flýtur eða í nokkurt fiskivatn, og sömuleiðis er það sjálfsagt, að ekki má eyðileggja brennisteinsnámana; í þessu tilliti skal þess getið, að eigi má, þegar verið er að grafa upp brennistein, traðka mold ofan í hita-katlana, sem táknaðir eru með grænum lit á meðfylgjandi uppdráttum, er kennari í steinafræði við Kaupmannahafnar háskóla, J. F. Johnstrup, hefir gjört.

Þegar brennisteinsnámarnir verða fengnir leiguliðanum, skal halda skoðunargjörð, og skal þá farið eptir fyrnefndum uppdráttum. Þegar leigumálinn er á enda, skal skila brennisteinsnámunum aptur, og skal þá sömuleiðis skoðunargjörð fram fara. 1872. 6. júlí.

4.

Þar sem eigi munu verða lagðir sèrstaklegir skattar eða álögur á leiguliða og þá erfiðismenn, sem hann hefir til þess að starfa að brennisteinsnáminu, landssjóði Íslands eða sveitinni til handa, fram yfir aðra íbúa landsins, og þeir í því tilliti njóta hinna sömu rèttinda sem landsmenn, verða þeir á hinn bóginn ekki undanþegnir því, að greiða skatta þá og gjöld, sem hin almennu á hverjum tíma gildandi lög og tilskipanir eru til

5.

Leiguliði er skyldur til að leyfa, að hið opinbera láti hafa eptirlit með brennisteinsnámunum og meðferðinni á þeim, þegar þess þykir við þurfa.

6.

Leiguliði skal borga í leigu á ári 50 £ (fimmtíu pund sterlinga) fyrir fyrsta árið (1. septbr. 1872 til 31. ágúst 1873), 60 £ (sextíu pund fyrir annað árið), 70 £ (sjötíu pund fyrir hið þriðja) 80 £ (áttatíu pund) fyrir hið fjórða, 90 £ (níutíu pund) fyrir fimmta árið, 100 £ (hundrað pund sterlinga) fyrir sjötta árið og hvert af hinum 44 árum, sem þar eptir fara í hönd. Leigan skal goldin dómsmálastjórninni í Kaupmannahöfn fyrir fram tvisvarsinnum á ári nefnilega 1. septbr. og 1. marz., í hvort skipti helmingurinn af árs leigunni; skal þannig í fyrsta skipti greiða 25 £ 1. septbr. 1872 fyrir það missiri, sem líður frá tèðum degi til 28. febr. 1873.

Leiguliðinn skal þar að auki, um leið og ritað er undir samning þennan til tryggingar því, að leiga verði goldin samkvæmt því, sem um er samið, og því að farið sè með námana eins og vera ber og þeim skilað aptur óskemmdum, gefa að veði 5,000 rd., sem skal láta til geymslu í prívatbánkann í Kaupmannahöfn, þannig að dómsmálastjórninni verði fengið í hendur

1872. 6. júlí.

geymsluskráin, og skal henni heimilt án dóms og laga, og án samþykkis leiguliða að fá fèð útborgað úr bánkanum, en hann má eigi greiða leiguliðanum það eða öðrum án leyfis dómsmálastjórnarinnar.

Ameðan þetta geymsluveð stendur í privatbánkanum má tálmunarlaust af hálfu dómsmálastjórnarinnar greiða leiguliðanum eða fulltrúa hans vöxtu af fènu.

Þegar leigumálinn er á enda og búið er að skila námunum aptur óskemmdum, er dómsmálastjórnin skyld til að láta af hendi geymsluskrána við leiguliðann eða aðra, sem að rèttu lagi eiga hlut að máli.

7.

Þegar leigan er ekki goldin í tækan tíma, og sömuleiðis ef leiguliðinn skemmir námana, skal hann hafa fyrirgjört rètti sínum eptir þessum samningi, og skal dómsmálastjórnin, þegar svo stendur á, hafa heimild til að láta taka leigumálann af honum. Þar að auki hefir hann fyrirgjört veðfènu, og fellur það til hins íslenzka landssjóðs. Samt má dómsmálastjórnin, ef hann fyrirgjörir leigumálanum að eins sökum þess að leigan verður eigi goldin og leigan alls fyrir þau ár, sem eptir eru af leigutímanum, er minni en geymsluveðið, borga honum aptur það, sem fram yfir er.

8.

Ef leiguliðinn eigi er búinn að taka burtu hús þau, sem hann hefir byggt til nota við námagröftin, vèlar, sem hann hefir sett upp eða annað því um líkt, innan tveggja ára, annað hvort frá því leigutíminn var liðinn, eða þegar svo vill til, sem getið er í 7. gr., frá því, að leigumálinn var tekinn af honum, skal það allt verða opinber eign, án þess að honum verði goldið nokkuð fyrir.

9.

Verði ágreiningur um, hvort leiguliðinn noti svo námana, að þeir eyðileggist, skal skera úr því með gjörð, og skal hvor málspartur kjósa mann til þess; gjörðarmenn skulu, ef þeir geta eigi

orðið á eitt sáttir, sjálfir velja oddamann til úrskurðar. Verði 1872.
því ekki komið við af einhverri orsök, að málið verði útkljáð með 6. júlí.
gjörð, er pörtunum heimilt, að láta það ganga til dóms og laga; verði að öðru leyti ágreiningur útaf þessum samningi, skal leggja málið undir úrskurð dómstólanna, og skal í báðum tilfellum hinn konunglegi landsyfirrèttur, hirðar og staðarrèttur í Kaupmannahöfn vera hið rètta varnarþing málsins; skal leiguliðinn jafnan hafa mann, sem á heimili hèr, til þess að taka á móti stefnu og fyrirkalli með sama fresti og innanbæjarmaður, og rita á samninginn, um leið og skrifað er undir hann, hver sá maður sè. Sömuleiðis skal leiguliði, ef dómsmálastjórnin vill hafa fram vitnaleiðslu, skoðunargjörð, eða yfirhöfuð að tala höfða mál við dóm í Þingeyjarsýslu, vera skyldur til að hlýða stefnu fyrir þeim dómi, þannig að hún sè birt við námana og má þar stefna með sama fresti og hann væri innansýslumaður.

10.

Kostnaðinn við samning þenna að því leyti, er snertir stimplaðan pappír og þinglýsing, skal leiguliði greiða, og sömuleiðis kostnað þann, sem rís af þeim gjörðum, sem fram fara, er námurnar verða fengnar honum eða hann skilar þeim aptur.

Leigumálinn skal vera tvíritaður, og skal annað exemplarið vera í vörzlum dómsmálastjórnarinnar, en hitt fengið í hendur *A. G. Lock.*

Jeg *Alfred G. Lock* frá Lundúnum geng að þessum samningi með þeim skilmálum, sem nefndir eru að framan.

Við útreikning á verði hins stimplaða pappírs, er gangverðið á pundi sterl. talið 9 rd.

Kaupmannahöfn, 13. dag aprílm. 1872.

Krieger. *Fyrir hönd Alfreds G. Lock.*
A. de C. Crowe.

Vitundarvottar:
Ricard. Poulsen.

1872. 1. ágúst.

74. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um tilkall prestsekkju til hlutdeildar í tekjum af brauði.

Með brèfi, dagsettu 3. júním. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður og þèr, háæruverðugi herra, sent hingað aptur með áliti yðar skjal nokkurt, þar sem sóknarpresturinn að Laufási, Björn prófastur Halldórsson, hefir borið undir úrslit stjórnarráðsins þessar spurningar:

1. hvort ekkja prófasts sira Halldórs Björnssonar að Sauðanesi eigi tillkall til nokkurs hluta af ágóðanum af prestssetrinu á fardagaárinu 1870—71, og ef svo sje, þá hve mikill þessi hluti verði, og

2. eptir hverjum reglum eptirlaunin af ágóðanum af prestssetrinu skuli talin frá fardögum 1871.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, eins og hèr skal sagt:

um 1. Þareð eigi verður álitið, að gjörð sè með hinum almennu ákvörðunum í tilskipun, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi, 15. desbr. 1865, 5. grein, um eptirlaun prestsekkna, nokkur breyting á hinum sèrstaklegu reglum, sem tilskipun 6. janúar 1847, um fardaga presta á Íslandi, 5. grein[1]) hefir inni að halda um það, sem prestsekkjum ber á árinu frá næstu fardögum eptir andlát prestsins til fardaga árið eptir, á ekkja Halldórs prófasts Björnssonar, sem andaðist 13. júní 1869, eigi tilkall til neins hlutar ágóðans af prestssetrinu á fardagaárinu 1870—71.

um 2. Stjórnarráðið verður að vera stiptsyfirvöldunum samdóma í því, að telja eigi eptirlaun prestsekkjunnar frá fardögum 1871 eptir mati því á tekjum kallsins, sem var í gildi við andlát manns hennar, sem er brauðamatsgjörðin frá 1853, þannig að hún fái $^1/_{12}$ af hinum vissu tekjum Sauðaness prestakalls, að með töldum ágóðanum af pretssetrinu, samkvæmt tilskipun 15. desbr. 1865, 5. grein, og á þann hátt, að presturinn í kallinu

---

[1]) Lovsamling for Island, XIII., 571.

greiði henni þann hluta, sem henni ber, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 2. kafla tèðrar greinar. 1872. 1. ágúst.

---

75. Brèf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um tvö ríkis skuldabrèf í vörzlum hins almenna skólasjóðs [1]). 3. ágúst.

Þegar verið var að semja svör til athugasemda þeirra, sem gjörðar höfðu verið við endurskoðun ríkisreikninganna fyrir 1870—71, 8. gr., „tekjur af Færeyjum og Íslandi“, var tekið eptir því, að hinn almenni skólasjóður (ríkisins) hafði í vörzlum sínum tvö ríkisskuldabrèf, annað uppá 500 rd. og hitt uppá 109 rd. 42 sk., sem heyrðu til eigna hins fyrverandi Hóla stiptis, en leigunum hafði árlega verið varið til að borga uppí skyndilán þau, sem veitt voru úr hinum almenna skólasjóði til hinna æðri kennslustofnana á Íslandi á árunum 1844—48. Eins og kirkju og kennslustjórninni mun kunnugt, voru tèð skuldabrèf nokkur hluti af sjóði þeim, sem talinn var tilheyrandi skólanum á Íslandi, og sem samkvæmt konungsúrskurði 2. maí 1845 [2] skyldi ganga til að borga uppí skyndilán, sem veitt voru úr hinum almenna skólasjóði til þess að byggja upp tèðan skóla og koma honum í gang. Í stað þess að selja þessi tvö skuldabrèf til þess að borga uppí skuldina, áleit háskólastjórnin rèttast að láta það bíða, að gjöra nokkra ákvörðun um það, þangað til öll skuldaskipti yrði útkljáð, og jafnframt og skuldabrèfin voru geymd, voru leigurnar af þeim árlega hafðar til þess að borga uppí það, sem eptir stóð af skuld-

---

[1]) Í brèfi 3. octbr. þ. á. lýsti kirkju og kennslustjórnin því yfir, að hún væri samdóma dómsmálastjórninni um þetta mál, og að hún muni gjöra ráðstöfun til, að fè það, sem skuldabrèfin hljóða uppá, verði fengið í hendur dómsmálastjórninni.

[2]) Lovsamling for Ísland, XIII., 241.

1872. 3. ágúst.

inni. Með því nú fjárhagsviðskipti Íslands og Danmerkur eru útkljáð fyrir fullt og allt með lögum 2. janúar 1871, og þá um leið það, sem hinn almenni skólasjóður átti hjá hinum lærða skóla í Reykjavík, sem við lok fjárhagsársins 1870—71 var 21,611 rd. 12 sk., er gefið upp, án þess að það, sem skuldabrèfin hljóða uppá, sè komið uppí skuldina, virðist stjórnarráðinu mjög efasamt, hvort eigi uppgjöf þessi verði talin sem borgun, en ef svo er, hefir skólinn á Íslandi eða nú í hans stað landssjóðurinn, sem öll útgjöld við skólann eru greidd úr, rètt til þess að heimta að skuldabrèfin verði seld fram.

Áður en frekara verður gjört við þetta mál, mælumst vèr til, að kirkju- og kennslustjórnin láti til álit sitt um það.

---

3. ágúst.

76. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skýrslur um holdsveiki.

Sökum þess að það er örðugleikum bundið, að fá skýrslur þær hjá hèraðslæknum um holdsveiki á Íslandi og tölu holdsveikra manna þar, sem með þarf til þess að gjöra ráðstafanir, sem kynni þurfa til að taka, til að sporna við veiki þessari, hefir dómsmálastjórnin eptir undirlagi hins konunglega heilbrigðisráðs borið upp fyrir kirkju- og kennslustjórninni, hvort hún mundi fús til að koma því til leiðar, að prestum á Íslandi verði skipað að senda landlækninum árlega skýrslur um holdsveika menn, sem sè ritaðar á eyðublöð, sem til þess verða samin.

Útaf þessu sendum vèr yður, háæruverðugi herra, nokkur exemplör af eyðublöðum þessum, og mælumst vèr til að þèr útbýtið þeim meðal allra presta á Íslandi, og leggið þeim fyrir, að rita skýrslurnar á eyðublöðin og senda þær árlega landlækni, og skal það gjört í fyrsta skipti 1. janúar n. á.

Skýrsla

um

holdsveika menn í sókn í sýslu í umdæmi Íslands,

fyrir árið 18 .

Heiti sjúklingsins, aldur, hvort giptur eða ógiptur.	Heimili.	Hvort sjúklingurinn hafi holdsveiki eða limafallssýki.	Á hvaða aldursstigi veikin kom fram.	Atvinnuvegur, bústaður, lifnaðarháttur og hagur sjúklingsins að öðru leyti.	Hvort víst sè, að forelldrar eða nánustu skyldmenni hafi haft holdsveiki.

Athugasemd. Menn, sem hafa skyrbjúg skal eigi telja með holdsveikum, og sè nokkur efi á því, skal prestur bera það undir hèraðslækni.

1872. 3. ágúst.

1872. 9. ágúst. **77. Brèf dómsmálastjórnarinnar, til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þóknun fyrir umsjón á gjöldum til umboðskirkna.**

Eptir tilmælum umboðsmanns Kirkjubæjar og Þykkvabæjarklausturs, Jóns dannebrogsmanns Jónssonar, hafið þèr, herra stiptamtmaður í brèfi, dagsettu 22. marzm. þ. á., stungið uppá, að veita megi tèðum umboðsmanni sem reikningshaldara kirkna umboðsins á Prestbakka, Langholti og Þykkvabæ hina sömu þóknun, sem reikningshöldurum þeirra kirkna á Íslandi, sem eigi heyra til ríkissjóðsins, er leyft að taka, samkvæmt reglum (um kirkjureikninga), sem biskupinn yfir Íslandi hefir gefið út 28. febr. 1867, fyrir flutning og verzlun á landaurum þeim, sem greiðast í kirkjugjöld.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það, að stjórnarráðið hefir eigi fundið ástæðu til að veita það, sem sókt er um.

---

9. ágúst. **78. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um nafnbótaskatt amtmanns.**

Í bænarskrá nokkurri, sem hingað hefir borizt beina leið og sem vèr sendum yður eptirrit af, hefir amtmaður Havstein látið í ljósi þá skoðun, að hann sè að rèttu lagi undanþeginn því að gjalda nafnbótaskatt síðan hann fèkk lausn frá amtmannsembættinu 1. nóvbrm. 1870, og hefir hann jafnframt, ef svo færi, að ekki yrði fallizt á þessa skoðun hans, sókt um, að verða laus við að greiða nafnbótaskatt þann, sem heimtaður hefir verið að honum fyrir tímabilið frá 1. nóvbr. 1870 til 31. marz 1871, og svo eptirleiðis.

Útaf þessu mælumst vèr til, að þèr, herra amtmaður, tilkynnið amtmanni Havstein, að með því svo sè álitið, að em-

bættismaður, sem hefir verið leystur frá embætti sínu, haldi þeirri tign, sem hefir verið samfara embætti því, sem hann fyr hefir haft, verði sækjandinn að álítast skyldugur til að greiða nafnbótaskatt, og að undanþága frá þessari skyldu verði eigi veitt, en heimillt er honum samkvæmt tilskipun 17. septbr. 1870 að leggja niður amtmannstignina og með því komast hjá að greiða nafnbótaskatt. 1872. 9. ágúst.

---

79. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um byggingu hegningarhúss í Reykjavík. 14. ágúst.

Dómsmálastjórnin hefir í dag skrifað timburmeistara *Klentz* á þessa leið:

„Eptir að siptamtmaðurinn yfir Íslandi þegar 14. júní þ. á. hafði sent skýrslur hingað um það, að fulltrúi yðar á Íslandi hafði stungið uppá, að byggja eigi útihús það, sem samningurinn, er gjörður var 3. maí þ. á. milli dómsmálastjórnarinnar og yðar um byggingu hegningarhúss o. s. frv. í Reykjavík, gjörir ráð fyrir, og á uppdrættinum, sem fylgdi, var ætlazt til að skyldi vera áfast hegningarhúsinu, en byggja í stað þess heldur kjallara undir nyrðri enda aðalhússins, og hafa fyrir þvottarhús, rulluhús og eldiviðarklefa o. s. frv., — en þar er grundvöllurin svo á sig kominn, að koma má þar fyrir góðum húsakynnum til þessa á hèrumbil 250 ferhyrningsálna flatarúmi —, hafið þèr í bænarskrá, dagsettri 6. f. m., sókt um samþykki stjórnarráðsins til þessarar breytingar á byggingar áætluninni, sem þèr samkvæmt uppdrætti, er fylgir bænarskránni, bjóðist til að gjöra án þess að brugðið sè útaf borguninni, sem samið er um fyrir bygginguna alla, og hefir timburmeistari *Unmack*, sem gengizt hefir undir að vera borgunarmaður og ábyrgjast að það verði gjörst, sem þèr hafið gengizt undir í samningnum, einnig ritað vottorð á bænarskrána, að hann hafi ekki neitt ámóti, að fallizt verði á þessa uppástungu.

1872.
14. ágúst. Útaf þessu gefum vèr yður til kynna, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti samþykkir þessa breytingu á áætluninni um bygginguna, sem samið var um, með því móti, að eigi fyrir þetta verði brugðið útaf því, sem samið var um borgunina".

Um leið og vèr gefum yður, herra stiptamtmaður, þetta til vitundar útaf brèfi yðar 14. júní þ. á., yður til leiðbeiningar, sendum vèr yður eitt exemplar af uppdrætti þeim, sem getið er um að framan.

---

14. ágúst. **80. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skyldu læknis til að taka kennslu í yfirsetufræði.**

Dómsmálastjórnin hefir í dag skrifað hinum setta hèraðslækni í Múlasýslunum og Austur-Skaptafellssýslu á þessa leið:

„Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir sent hingað skjal nokkurt, þar sem þèr getið þess, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafi látið í ljósi útaf fyrirspurn yðar, að það mundi ráðlegast fyrir yður að taka kennslu í yfirsetufræði á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, samkvæmt auglýsing 31. oktbr. 1871[1], ef þèr vilið verða skipaður fyrir fullt og allt í læknisembætti það, sem þèr eruð nú settur í, en amtmaður kvað sèr ekki bært að veita, að þèr haldið launum yðar, ámeðan þèr eruð fjærverandi, og hafið þèr mælzt til þess við stiptamtið, ef þess þykir þurfa, að þèr njótið kennslu í yfirsetufræði, að það leyfi yður eða útvegi yður leyfi til að halda launum í fjærvist yðar með því skilyrði, að þèr berið umhyggju fyrir, að embætti yðar verði tilhlýðilega stjórnað, ámeðan þèr eruð fjærverandi.

Um leið og vèr getum þess, að konungsúrskurðurinn 21. oktbr. f. á. verður að ná til yðar, gefst yður til vitundar, að

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 229.

stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að þèr haldið launum þeim, sem þèr nú hafið sem settur hèraðslæknir, ámeðan þèr kunnið að vera fjærverandi í því skyni, sem fyr var getið, en með því skilyrði, að þèr á eiginn kostnað látið mann, sem hlutaðeigandi amtmaður setur til þess, stjórna embættinu; að öðru leyti er það sjálfsagt, að þó yður sè vilnað í þessu, þá er ekki þarmeð viðurkennt, að þèr sèuð hæfilegur til að fá veitingu fyrir embættinu". 1872. 14. ágúst.

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar útaf brèfi yðar, dagsettu 24. f. m., yður til leiðbeiningar, og skal því við bætt, að vèr sömuleiðis höfum skrifað amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu um þetta.

---

81. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um varnir gegn kvikfjárpest. 14. ágúst.

Sökum þess, að kvikfjárpest er nú á Þýzkalandi, hefir stjórnarráðið fundið ástæðu til fyrst um sinn að banna, að nokkuð verði flutt til Íslands þaðan af nautpeningi, sauðfènaði og geitum, eða neinu hráu af tèðum skepnum, svo sem eru húðir og skinn, hvort sem þau eru þurkuð eða söltuð, horn, klaufir, hófar, ull, hár, óhangið kjöt, mör og fl. Öll önnur tamin dýr, sömuleiðis hey og hálm, sem flyzt til Íslands, skal fara svo með, að taka úr því sóttnæmið, sem í því kann að vera, áður en það verður flutt í land.

Þetta gefum vèr yður (herra stiptamtmaður, herra amtmaður) til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það almenningi, á þann hátt, sem yður finnst bezt henta, og jafnframt og bent skal til auglýsingar þeirrar, sem innanríkisstjórnin hefir látið útganga 9. þ. m. um varnir gegn kvikfjárpest frá Þýzkalandi (Dönsk Lagatíðindi, nr. 106) og auglýsingar þeirrar 7. marz. 1866 frá tèðu stjórnarráði, sem vèr áður höfum

1872. 14. ágúst. sent stiptamtinu[1], mælumst vèr til, að fá álit yðar um, hverjar ráðstafanir muni hagfelldastar, eptir því hvernig til hagar á Íslandi, til þess, að koma í veg fyrir, að kvikfjárpest og yfirhöfuð næmar sóttir meðal taminna dýra komist þangað.

---

14. ágúst. **82. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um bænarskrá um stofnun prentverks í suðurumdæminu.**

Með brèfi, dagsettu 26. f. m., hafa stiptsyfirvöldin sent hingað nákvæmari upplýsingar, sem stjórnarráðið hafði mælzt til í brèfi 18. maí að fá, útaf bænarskrá þeirri, sem fyr hafði borizt hingað, þar sem fyrrum yfirdómari Benedikt Sveinsson sækir um leyfi til að stofna prentsmiðju í suðurumdæmi Íslands, og láta prenta þar hvað eina, sem fyrir fellur.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að eptir innihaldi álitsskjals yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, 13. marz. þ. á., um tèða bænarskrá, og þeim upplýsingum, sem vèr að öðru leyti höfum fengið, finnur stjórnarráðið ekki tilefni til að veita það leyfi, sem sókt er um.

---

[1]) Auglýsingin er prentuð í Stjórnarráðatíðindum Dana (Departements-Tidende) 1866 og hinu danska Lagasafni, en hefir aldrei verið birt á Íslandi.

83. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ráðstafanir til að afstýra hallæri í Vestmannaeyjum.

1872. 14. ágúst.

Með brèfi, dagsettu 11. f. m., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað með áliti hlutaðeiganda sýslumanns bænarskrá, þar sem fátækrastjórnin á Vestmannaeyjum sækir um lán uppá 60 tunnur af korni handa hreppnum, sem borgist aptur með 100 rd. á ári hverju, til þess að afstýra þar hallæri á vetri komanda; hafið þèr jafnframt leidt athygli stjórnarráðsins að því, að hjálp sú af hálfu hins opinbera, sem hinir efnalitlu Vestmannaeyingar efalaust væri þurfandi, mundi koma þeim bezt í hag, ef veitt yrði fè á líkan hátt og gjört hefir verið á reikningsárunum 1870—71 og 1871—72, til þess að girða og rækta tún á tèðum eyjum, og stungið uppá, að veita megi á yfirstandanda reikningsári 500 rd. til þessa, enda þótt fjárveitingin fyrir reikningsárið 1871—72 yrði ekki notuð. Með því þessi ráðstöfun samt sem áður varla mun nægja til þess að afstýra hættu þeirri fyrir hungursneyð, sem yfir vofir, hafið þèr ennfremur farið þess á leit, að veitt verði Vestmannaeyjahrepp lán af hjálparsjóði landssjóðsins uppá allt að 400 rd., með því skilyrði að greiddir verði 4 af hundraði í vöxtu á ári, og lánið verði borgað aptur á þremur árum, þeim sem í hönd fara, að minnsta kosti $^1/_3$ á ári hverju.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið leyfir, að verja megi allt að 500 rd. af því fè, sem tiltekið er í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1872—73, 9. grein, til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum með hinum sömu kjörum og áður, og að veita megi Vestmannaeyjahrepp lán uppá allt að 400 rd. af því fè, sem tiltekið er í 10. grein áætlunarinnar, með þeim skilmálum, sem þèr hafið til greint. Jafnframt og vèr getum þess, að vèr höfum í dag boðið landfógeta, að borga yður þessar tvennar fjárupphæðir, þegar er þèr gjörið tilkall til þeirra, væntum vèr, að fá

1872. 14. ágúst. skýrslu frá yður um þær ráðstafanir, sem gjörðar verða í þessu tilliti.

---

14. ágúst. **84. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leiðarvísi handa póstþjónum á Íslandi.**

Samkvæmt tilskipun um póstmál á Íslandi, 26. febr. þ. á., 17. grein, felur dómsmálastjórnin yður, herra stiptamtmaður, á hendur, að semja og gefa út í tækan tíma leiðarvísa fyrir póstafgreiðslumenn og brèfhirðingarmenn á Íslandi eptir því, sem fyrir er mælt í auglýsing stjórnarráðsins, 3. maí þ. á., og búa til og birta almenningi þær ákvarðanir, sem með þarf, um komutíma og burtfarartíma allra pósta á Íslandi, fyrir árið 1873 og eptirleiðis fyrir hvert ár.

Með því póstmeistarinn í Reykjavík, sem skipaður var 29. f. m., fyrst tekur við embætti sínu 1. apríl n. á., en hin nýja tilhögun á póstmálum, sem sett er með tilskipun 26. febr. þ. á., kemst í gang um sama leyti, verður eigi farið eptir þeim ákvörðunum óbreyttum, sem auglýsing um póstmál á Íslandi, 3. maí þ. á., 3., 4. og 5. grein, samanbr. 1. grein, hefir inni að halda um skipun póstafgreiðslumanna, brèfhirðingarmanna og pósta, í fyrsta skipti að þessir sýslunarmenn verða skipaðir, og hefir stjórnarráðið ákveðið, að stiptamtmaður skuli í fyrsta skipti ráða póstafgreiðslumenn eptir uppástungu hlutaðeiganda amtmanns, en brèfhirðingarmenn og pósta skulu hlutaðeigandi amtmenn ráða, ef póstleiðin að eins nær til eins amts, en stiptamtmaður, ef hún nær til fleiri amta, samkvæmt áliti þeirra amtmanna, sem hlut eiga að máli.

Stjórnarráðið mælist því til, að þèr, herra stiptamtmaður, samkvæmt þessu, og að öðru leyti samkvæmt fyrnefndri auglýsing dómsmálastjórnarinnar, sjáið um í tækan tíma, að ráðnir verði svo margir póstþjónar á Íslandi, sem fyrir er mælt í aug-

lýsingunni, og til þessa berið yður saman við amtmennina yfir vesturumdæminu og norður- og austur-umdæminu, sem vèr höfum skrifað í dag samkvæmt þessu, að því leyti, er snertir þá póstþjóna, sem ráðnir verða í þeim umdæmum. 1872. 14. ágúst.

---

85. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að Reykjavík verði tekin í brunabótafèlag. 15. ágúst.

Útaf bænarskrá þeirri, sem hingað barst með brèfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 18. maí þ. á., frá bæjarstjórninni í Reykjavík, hefir verið lögð fyrir fulltrúa hins almenna brunabótafèlags kaupstaðanna í Danmörku uppástunga um, að Reykjavík verði tekin inn í tèð brunabótafèlag, og hafa fulltrúarnir á fundi sínum í f. m. fyrir sitt leyti samþykkt það með þeim skilyrðum, sem uppástunga sú, sem vèr sendum yður nokkur exemplör af, hefir inni að halda.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það bæjarstjórninni, sendum vèr yður nokkur exemplör af lögum um brunabætur fyrir kaupstaðarhús, 14. maí 1870 og auglýsing dómsmálastjórnarinnar, sem hefir inni að halda ýmsar ákvarðanir um brunabótafèlag kaupstaðanna, 8. apríl þ. á., og mælumst vèr til, að þèr, herra stiptamtmaður, leitið álits bæjarstjórnarinnar um, hvort hún vili að Reykjavíkur kaupstaður verði tekinn inn í tèð brunabótafèlag með þeim skilmálum, sem fyrnefnd uppástunga hefir inni að halda, og sendið það svo hingað með áliti sjálfs yðar, sèrílagi að því leyti, er snertir þær ráðstafanir, sem yður finnst vera þörf á, til að koma þessu máli í lag, ef svo færi að á þyrfti að halda.

1872. 4. septbr. **86. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppgjöf á jarðarafgjaldi.**

Í brèfi, dagsettu 15. f. m., hafið þèr, herra stiptamtmaður, samkvæmt bænarskrá hlutaðeiganda umboðsmanns lagt til, að gefa megi upp leiguliðunum á jörðunni Grímstöðum, sem heyrir undir Þykkvabæjar klausturs góz, Markúsi Jónssyni og ekkjunni Vilborgu Stígsdóttur, tveggja ára afgjald af jörðunni, sem endurgjald fyrir að orðið hafi að flytja húsin á óhulltari stað sökum ágangs af sandfoki.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið leyfir, eptir því sem á stendur, að tèðum leiguliðum verði gefin upp tveggja ára landskuld og leigur, eins og stungið var uppá.

---

6. septbr. **87. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um brot gegn íslenzkum lögum um fiskiveiðar og verzlun.**[1])

Með brèfi 19. maí 1868, sendi utanríkisstjórnin hingað endurrit af brèfi, þarsem frakkneski sendiherrann, sem þá var hèr, sumpart fór fram á, að skipstjóri *Allenou* í *Paimpol*, sem hafði gjört sig sekan gegn íslenzkum lögum um fiskiveiðar og verzlun, sèrílagi með því að bera upp vörur nokkrar á verzlunarstaðnum Grundarfirði í vesturamtinu, mætti vera undanþeginn því, að greiða bæði lestagjald, sem gjalda bar af skipum hans, og sektir þær, sem fyrir er mælt um í lögum 15. april 1854, 9. gr., og að það lagahald, sem lagt hafði verið á vörurnar, sem lagðar voru á land á Grundarfirði, til tryggingar sektum og gjaldi, yrði af numið, sumpart mæltist til, að það verði framvegis leyft frakkneskum

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 611.

fiskiskipum, án þess að borga lestagjald, að leggja upp á Íslandi muni þá, sem þeir þurfa til atvinnu sinnar, með þeim skilyrðum, að eigi verði við höfð ólögleg verzlun. 1872. 6. septbr.

Einsog utanríkisstjórninni mun kunungt hefir verið farið eptir þessari ósk í 4. gr. í tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland, sem kom út 12. febr. þ. á., en á hinn bóginn hefir dómsmálastjórnin ekki fundið nægar ástæðu til að taka til greina það, sem sendiherrann hafði farið fram á viðvíkjandi *Allenou*, og þareð hann eigi síðar borgaði gjaldið og sektirnar, voru vörurnar, sem kyrsettar voru, geymdar. Með því samt sem áður, að amtmaðurinn yfir vesturumdæminu í brèfi 17. nóvbr. f. á. skýrði frá, að vörur þessar, — sem voru nokkuð af salti — hefði rýrnað mjög með því að liggja svona, og mundu rýrna enn meir, ef þær væri látnar liggja lengur geymdar, fannst stjórnarráðinu rèttast, að láta selja vörurnar við opinbert uppboð. Eptir skýrslu amtsins seldist saltið við uppboð það, sem samkvæmt skipun stjórnarráðsins var haldið og fram fór 12. júním. þ. á., fyrir 67 rd. 12 sk., að frá dregnum öllum kostnaði, en það mátti álíta viðunanlega borgun eptir því, hvernig vörurnar voru á sig komnar. Þessi upphæð er þó naumast meira en hèr um bil $^1/_4$ partur af lestagjaldi því, sem greiða átti af skipum þeim sjö, sem í hlut áttu, enn á hinn bóginn samsvarar hún lægstu sektum eptir 9. gr. í lögum 15. april 1854, sem liggja við fyrir afbrot þetta, svo að eins munar 2 rd. 84 sk.; sökum þess hefir stjórnarráðið álitið, að sektirnar megi vera borgaðar með því, sem fèkkst við uppboðið fyrir saltið, og látið greiða fèð til hlutaðeiganda fátækrasjóðs, en að öðru leyti hefir stjórnarárðinu fundizt að sökin mætti falla niður, einkum vegna þess, að svo langur tími er liðinn frá því, að afbrotið var drýgt, og svo af því, að nú gilda önnur lög um þetta, en þá; stjórnarráðið mælist því til, að utanríkissjórnin vili skýra hinum frakkneska sendiherra hèr frá þessum úrskurði dómsmálastjórnarinnar.

1872. 7. septbr. **88. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um aukaútsvar sveitarómaga.**

Í brefi 18. septbr. f. á. hafið þèr, herra amtmaður, lagt það undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, hvort Guðmundur nokkur Guðnason, sem á heima í Strandarhrepp og Borgarfjarðarsýslu í suðurumdæminu, sè skyldur til einsog álitið er í úrskurði stiptamtmannsins 4. janúar s. á., að greiða aukaútsvar þar í hreppnum til fátækra, þótt hann sjálfur fái árlegan fátækra styrk frá framfærsluhrepp sínum, sem er Þverárhlíðarhreppur í Mýrasýslu í vesturumdæminu.

Eptir að vèr höfum gefið stiptamtmanni tækifæri til að segja álit sitt um málið, gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið verður að vera yður samdóma í því, að eigi verði lagt aukaútsvar til fátækra á þá menn, sem sjálfir eru njótandi fátækrastyrks, og verði því ekki jafnað niður á tèðan Guðmund Guðnason nokkru útsvari til Strandarhrepps ámeðan svona stendur á fyrir honum.

---

12. septbr. **89. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um endurgjald fyrir tekjurýrnun við landfógetaembættið.**

Með brèfi, dagsettu 13. dag júním. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá nokkra, þar sem kansellíráð Árni landfógeti Thorsteinsson hefir farið framá, að honum verði veitt árlegt endurgjald eptir meðaltölu þeirra tekja, sem hann hefir haft á fjarhagsárunum 1866—67—1870—71 af því, þegar borgað hefir verið fè í jarðabókarsjóð Íslands til þess það verði borgað aptur úr aðalfèhirzlunni, fyrir rýrnan þá í tekjum andfógetaembættisins, sem orðið hafi vegna þess, að menn svo að segja með öllu sè nú hættir að borga fè til jarðabókarsjóðsins, mót endurgjaldi úr ríkisfèhirzlunni, en senda nú peninga með

póstávísunum. Þessari bænarskrá til stuðnings hefir Árni kansellíráð Thorsteinsson getið þess, að annir hans og peningaábyrgð hafi ekki minnkað að því skapi sem þessar tekjur hans hafi rýrnað, með því dómsmálastjórnin í brèfi, 11. septbr. f. á., hafi lagt honum fyrir, að taka við í jarðabókarsjóðinn afganginum af peningum þeim, sem fyrir hönd aðalpóststjórnarinnar verða heimtir á Íslandi, án þess að honum hafi verið veitt nokkurt endurgjald fyrir fyrirhöfn þá og ábyrgð, sem þessu væri samfara. Um leið og þèr, herra stiptamtmaður, senduð hingað bænarskrána, hafið þèr látið í ljósi þá skoðun, að landfógeti hefði gyldar kröfur til þess að fá endurgoldna tekjurýrnun þá, sem hlotizt hefði af hinu nýja fyrirkomulagi á peningasendingum, en þetta skyldi eigi gjört með því, að veita honum fasta upphæð á hverju ári, heldur á þann veg, að sá 1/4 af hverju hundraði, sem hann hafi haft hingað til fyrir það, þegar menn borguðu fè til jarðabókarsjóðsins, mót endurgjaldi úr aðalfèhirzlunni, skyldi einnig veittur honum af þeim peningum, sem póststjórnin samkvæmt því fyrirkomulagi, sem nú er, borgar til jarðabókarsjóðsins, og hafið þèr borið fyrir, að það væri í rauninni hið sama og áður, þegar peningar voru látnir í jarðabókarsjóðinn, til þess þeir yrði aptur borgaðir úr aðalfèhirzlunni. 1872. 12. septbr.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að það er hvorttveggja, að það getur ekki heimilað landfógetanum heimtingu til endurgjalds, þó það fari minnkandi eða hætti alveg, að menn borgi fè til jarðabókarsjóðsins mót endurgjaldi úr ríkisfèhirzlunni, með því honum er að eins veittur 1/4 af hverju hundraði af þeim peningum, sem í raun og veru eru borgaðir til jarðabókarsjóðsins í þessum tilgangi, þannig að þóknunin fer ávallt beinlínis eptir fyrirhöfninni, enda getur dómsmálastjórnin heldur ekki fallizt á þá skoðun, að það, að póstgjöld verði borguð á tèðan hátt til jarðabókarsjóðsins, sè álitið svo sem peningar væri borgaðir í sjóðinn mót endurgjaldi hèr úr aðalfèhirzlunni eptir því, sem fyrir er mælt í úrskurði 8. maí 1839[1]); því jafnvel þó nokkuð af því, sem

[1]) Lovsamling for Island, XI., 355.

1872. 12. septbr. borgað er af póstgjöldum til jarðabókarsjóðsins, sè látið í hann, til þess það verði borgað út hèr aptur, þá er það, hvernig sem á það mál er litið, borgað sem geymslufè póststjórninni til handa, en eigi jarðabókarsjóðnum, enda verður það aptur endurgoldið af póststjórninni, og ekki úr aðalfèhirzlunni. Það er í rauninni peninga-viðskipti, sem fram fara í þarfir landsstjórnarinnar, til þess að útvega jarðabókarsjóðnum reiðupeninga með hægra móti, í stað þess að senda þá hèðan. Með því, samt sem áður, að þetta fyrirkomulag færir landfógeta á hendur annir og ábyrgð, að því leyti, sem það getur viljað til að peningar verði mistaldir, hefir stjórnarráðinu fundizt það sanngjarnt, að honum verði veitt endurgjald, og virðist hæfilegt, að það sè látið vera einn af hverju þúsundi, með því landfógeti eigi á að taka við peningunum í mörgum stærri eða minni skömtum, sem kvitta skal fyrir sèr í lagi og gefa út ávísun til, eins og þegar fè er borgað til jarðabókarsjóðsins mót endurgjaldi úr aðalfèhirzlunni samkvæmt framannefndum úrskurði, 8. maí 1839. Jafnframt og landfógeta er veitt endurgjald þetta fyrst um sinn, skal því við bætt, að það verður borgað honum fyrir fjárhagsárin 1871—72 og 1872—73 af því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda, þannig að landfógeti má, þegar þessi úrskurður er birtur honum, borga sjálfum sèr og telja með útgjöldum á tèðri gjaldagrein einn af hverju þúsundi af þeim peningum, sem póstafgreiðslumaður aðalpóststjórnarinnar í Reykjavík hefir borgað til jarðabókarsjóðsins á reikningsárinu, sem leið, og á þeim tíma, sem liðinn er til þessa af yfirstandandi reikningsári, og skal hann með póstferðinni aptur hingað senda skýrslu um, hve mikið hann hafi borgað; framvegis og til 31. marz 1873 skal hann í hvert skipti og póststjórnin greiðir fè til jarðabókarsjóðsins sömuleiðis þegar taka gjaldið, sem honum ber, og jafnframt og hann skýrir frá, við hve miklu hann hafi tekið hjá póststjórninni, skal hann og segja til, hversu mikið hann hafi talið og borgað í gjald handa sjálfum sèr. Um það, af hverri gjaldagrein greiða skuli gjald það, sem landfógetanum ber, má búast við nákvæmari skýrslu, þegar að því kemur.

90. Auglýsing, sem hefir inni að halda ákvarðanir um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sèrstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis. (á Íslenzku og Dönsku). 1872. 26. septbr.

Samkvæmt valdi því, sem veitt er fjárhagsstjórninni og dómsmálastjórninni með konungsúrskurði 25. dag. þ. m., eru hèrmeð þessar ákvarðanir settar, til þess að koma í lag sambandinu milli hinna almennu dönsku og hinna sèrstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis.

1. grein.

Orðið „danskt póstumdæmi“ nær yfir hið eiginlega konungsríki Danmörk, svo og Færeyjar, en eigi Grænland og heldur ekki nýlendurnar; orðið „íslenzkt póstumdæmi“ á að eins við Ísland. Póstumdæmið.

2. grein.

Hin danska póststjórn ákveður ferða-áætlun póstgufuskipsins fyrir hvert ár, og tilkynnir hinni íslenzku póststjórn ferða-áætlunina í tækan tíma fyrir nýár. Póstgufuskipsferðirnar.

Hin íslenzka póststjórn skal, ef þess þarf við og skipstjóri krefst þess, láta hinu danska póstgufuskipi í tè alla þá aðstoð, sem það kann að þurfa, þegar svo ber við, til þess að beina fyrir ferðum þess, sèrílagi svo það tefjist ekki um of.

3. grein.

Að því leyti sem flutningsferðum verður á komið milli íslenzkra og norskra eða enskra hafna, mun hin danska póststjórn hlutast til um, að reynt verði til, að nota þessar ferðir, til þess að senda með þeim, að svo miklu leyti sem unnt er, allskonar póstsendingar, þannig að þær verði fluttar gegnum hlutaðeigandi útlönd í lokuðum hirzlum. Póstferðir yfir útlönd.

Kostnaðinn við flutning póstsins á þennan hátt skal hin danska póststjórn greiða, ef farið er í stefnuna frá Danmörk, en hin íslenzka póststjórn, þegar farið er í stefnuna frá Íslandi.

Um burðargjald það, sem greiða skal fyrir sendingar, sem fluttar eru þessa leið, og um reikningsgjörð fyrir því, skal ákveðið nákvæmar í hvert sinn.

1872.

26. septbr.

4. grein.

Notkun skipa einstakra manna

Með gufuskipum eða seglskipum, sem eru í förum á óákveðnum tíma, skal koma þeim brèfsendingum, sem sá, er sendir, sèrstaklega hefir krafizt að verði fluttar með skipinu (skipabrèf).

Borgun þá, sem ákveðin er í lögum 7. janúar 1871, 9. gr., og í tilskipun 26. febrúar 1872, 6. gr., fyrir flutning póstsendinga með skipsferð, sem þannig fellur fyrir, skal hin danska póststjórn greiða, þegar farið er í stefnuna frá Danmörk, en hin íslenzka, þegar farið er í stefnuna frá Íslandi.

5. grein.

Póst-sendingar.

Til sendinga með póstum milli hins danska og hins íslenska póstumdæmis verður viðtaka veitt:

lausum brèfum, sem eru

venjuleg brèf og
ábyrgðarbrèf,
prentað mál,
sýnishorn af varningi og
fyrirmynd við fatasnið,

} allt að 50 kv. að vikt fyrir hverja sendingu

peningabrèfum, allt að 1 þuml. á þykkt,

sendingum, sem mótaðir peningar eru í, allt að 16 pundum að vikt, og bögglum, allt að 5 pundum að vikt. Ef senda á bögglana lengra áleiðis með

póstunum á Íslandi, mega þeir ekki vera lengri en 18 þuml., og á hæð eða breidd ekki framyfir 9 þuml.

Þar að auki má senda á víxl milli póststofanna og póstafgreiðslustaðanna í hinu danska póstumdæmi að öðru leytinu og Reykjavíkur hins vegar póstávísanir, og má hver ávísun vera að upphæð 50 rd.

Samt má senda ávísanir á víxl milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur uppá allt að 100 rd.

6. grein.

Burðareyrir undir venjuleg brèf.

Burðareyrir undir venjuleg brèf milli hins danska og íslenzka póstumdæmis er, þegar höfð eru frímerki:

ef þau vega allt að 3 kv., 8 sk.
— — yfir 3 - - 25 — 16 -
— — — 25 - - 50 — 24 -

Sè eigi höfð frímerki, verður burðareyrir tvöfaldur við það, sem hèr er ákveðið.

Ábyrgðarbrèf skulu vera búin frímerkjum.

7. grein.

Burðareyrir undir prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, sýnishorn af varningi eða fyrirmynd við fatasnið milli hins danska og hins íslenzka póstumdæmis skal vera, ef frímerki eru við höfð, 8 sk. fyrir hverja sendingu, er vegur allt að 25 kv., og 12 sk., ef hún vegur meira, allt að 50 kv. Sé frímerki eigi við höfð við sendingar þessar, eða ef á þær er ritað nokkuð, sem eigi er leyft af hlutaðeigandi póststjórn, eða ef umbúðirnar, sem eiga að vera svo lagaðar, að hægt sè að kanna hvað í þeim er, eru með öðru móti, en hún hefir fyrir lagt, þá fer um borgunina eptir því, sem mælt er fyrir um venjuleg brèf, þegar frímerki eru ekki við höfð. Þessar sendingar má flytja sem ábyrgðar-sendingar.

Burðareyrir undir prentað mál, sýnishorn af varningi og fyrirmynd við fatasnið.

8. grein.

Auk venjulegs burðareyris greiðast ennfremur 8 sk. fyrirfram fyrir að takast á hendur ábyrgð sendinga þeirra, sem getið er í 6. og 7. gr.

Meðmæling.

Glatist ábyrgðar-brèfsending í vörzlum póststjórnarinnar, skal póststjórnin í því umdæmi, þar sem sendingin var látin á póstinn, vera skyld til að greiða þeim, er sendi, 10 rd. í skaðabætur, en jafnframt skal henni áskilinn rèttur til endurgjalds hjá póststjórninni í því umdæmi, þar sem sannast að sendingin hafi glatazt.

Kröfu til skaðabóta verður að gjöra innan eins árs frá þeim degi, er brèfið var látið á póstinn; að öðrum kosti fellur skylda póststjórnanna til að greiða skaðabætur burt. Með því að segja til kröfu sinnar hjá póststjórninni annaðhvort í því umdæmi, þar

1872. 26. septbr.

sem sendingin var látin á póstinn, eða í því umdæmi, sem sendingin átti að fara til, verður komið í veg fyrir að rèttur til skaðabóta fyrnist.

9. grein.

Burðareyrir undir peningabrèf.

Undir peningabrèf milli hins danska og hins íslenzka póstumdæmis skal burðareyrir goldinn eptir vikt, eins og ákveðið er að framan í 6. gr., og að auki 12 sk. í ábyrgðargjald fyrir hvert 100 rd. eða minni upphæð þeirra peninga, er til eru greindir utaná brèfinu.

10. grein.

Burðareyrir undir sendingar, sem mótaðir peningar eru í, og böggla.

Burðareyrir fyrir böggla milli hins danska póstumdæmis og þeirra staða, þar sem skipið kemur við á Íslandi, skal vera 12 sk. aðalburðareyrir undir hvern böggul og 4 sk. í viðbót fyrir hvert pund, sem böggullin vegur. Undir böggla, sem senda á lengra áleiðis með póstum á Íslandi, eða koma lengra að með þeim, skal gjalda að auki 16 sk. fyrir hvert pund. Partur úr pundi telst sem heilt pund.

Ef verð er til greint, skal ennfremur greiða í ábyrgðargjald 12 sk. fyrir hvert 100 rd. eða minni upphæð af verði því, sem tilgreint er.

Undir tilvísunarbrèfið, sem ekki má vega meir en 3 kv. greiðist eigi sèrstök borgun.

11. grein.

Ábyrgð.

Glatist eða skemmist böggulsending, skal hver póststjórn samkvæmt lögum þeim og tilskipunum, sem gilda um það í því umdæmi, hafa ábyrgðina af því, allt til þess staðar, þar sem póstinum er skilað, það er að segja svo langt sem hún á að sjá um flutninginn, og skal það vera ábyrgðarhluti hverrar póststjórnar um sig, ef embættismenn hennar eða aðrir, sem að öðru leyti hafa póststörf á hendi, gjöra sig seka í svikum, yfirsjón eða hirðuleysi.

1872.
26. septbr.

12. grein.

Burðareyrir undir peninga, sem sendir eru með póstávísun milli póststofanna og póstafgreiðslustaðanna í hinu danska póstumdæmi að öðru leytinu og Reykjavíkur hins vegar, er 8 sk. fyrir hverja 15 rd. eða minni upphæð, en samt eigi meir en 32 sk. Burðareyrir undir póstávísanir.

Til ávísananna verða að eins höfð eyðublöð, sem eru prentuð samkvæmt þeirri fyrirmynd, sem báðar póststjórnirnar koma sèr saman um.

13. grein.

Sá, sem sendir ábyrgðar-brèf, peninga-brèf, sendingar, sem mótaðir peningar eru í, og böggla, má senda með miða til kvittunar af hálfu viðtakanda fyrir móttöku sendingarinnar, og heimta, að þessi miði verði sèr sendur aptur. Fyrir hann verður borgað eins og undir venjulegt brèf. Móttökukvittanir.

14. grein.

Þegar borgað er undir sendingar með frímerkjum, má sá, sem sendir, hafa þau póstfrímerki, frímerkja-umslög, brèfspjöld og frímerkja-umbúðir, sem gilda í því umdæmi, sem sendingin fer frá. Póstfrímerki.

Sendingar, sem ekki eru búnar frímerkjum svo nægir, skal álíta svo sem ekkert væri undir þær borgað, en frá borguninni skal dregið verð þeirra frímerkja, sem voru látin á sendinguna.

Ef nokkur neitar að borga eptirá burðargjald, þá verður það skoðað sem hann skorist undan að taka við sendingunni.

Hafi sá, sem sendir, við haft of mörg frímerki, verður eigi krafizt endurgjalds fyrir það, sem um of er.

15. grein.

Burðareyrir og gjöld fyrir allskonar póstsendingar, danskar og íslenzkar, sem fluttar eru milli hinna tveggja póstumdæma falla, án þess að sèrstaklegur viðskipta-reikningur sè gjörður, til Skipting burðargjalds.

1872. 26. septbr.

póststjórnarinnar í því umdæmi, þar sem burðargjaldið er heimtað, að eins með þeim undantekningum, sem nú skal sagt:

a. gjaldinu fyrir póstávísanir skal skipta jafnt milli beggja póststjórna,

b. aukagjald það, sem ákveðið er í 10. grein, undir böggulsendingar, sem fluttar eru landveg með íslenzkum póstum, fellur eingöngu til hinnar íslenzku póststjórnar.

16. grein.

Undanþágur frá burðargjaldi.

Opnar skýrslur, sem eru sendar milli pósthúsanna í hinu danska og hinu íslenzka póstumdæmi, verða fluttar án burðargjalds. Undir allar aðrar brèf-sendingar, hverju nafni sem heita, skal aptur ámóti greiða venjulegt burðargjald.

17. grein.

Aðalviðskiptareikningur.

Aðalreikninginn um viðskipti milli hinnar dönsku og hinnar íslenzku póststjórnar skal gjöra út um í póstreikningsmála-stofunni í Kaupmannahöfn, og senda landshöfðingjanum í Reykjavík.

Borgunina skal greiða eptir árslok hvert ár — en þó má gjöra athugasemdir við reikningana — og skal það, sem borgað er, koma upp í skuldaviðskiptin milli aðalfjárhirzlunnar í Kaupmannahöfn og hins íslenzka landssjóðs.

18. grein.

Afgreiðslureglugjörð.

Aðalpóststjórnin og landshöfðinginn yfir Íslandi skulu semja reglugjörðir, til þess ákvörðunum þeim, sem hèr eru gjörðar verði fram fylgt eins á báðar hliðar.

19. grein.

Notkun póstgufuskipsins af hálfu póststjórnarinnar á Íslandi.

Með póstgufuskipinu má flytja póstsendingar milli staða á Íslandi, og einnig milli þeirra og annara staða, þar sem gufuskipið kemur við, án þess að hin danska póststjórn fái nokkurt endurgjald fyrir þessi afnot skipsins.

20. grein.

Brèfaviðskipti milli

Ákvörðunum þeim, sem gilda í hinu danska póstumdæmi um

1872.
26. septbr.
Íslands og útlanda.

brèfaviðskipti milli Danmerkur og útlanda, skal einnig fylgt með tilliti til brèfa, sem send eru yfir Danmörk milli þessara landa og Íslands; skal borga undir þau burðargjald það, sem greiðist fyrir sendingar milli Danmerkur og Íslands, og að auki þann burðareyri, sem hið framandi land, er í hlut á, á tillkall til, eða annað, sem það hefir lagt út.

Fyrir brèfaviðskipti þessi skal eigi gjöra upp neinn reikning að því leyti, er snertir burðargjaldið milli Danmerkur og Íslands; þarámóti skal hið útlenzka burðargjald eða annað, sem lagt hefir verið út, tekið upp í viðskiptareikninginn með fullri upphæð.

Ef hin íslenzka póststjórn æskir þess, að reglulegum póstgöngum verði komið á beinlínis milli Íslands og einhvers framandi lands, skal hún leita til hinnar dönsku póststjórnar, og mælast til, að reynt sè til, að þessu verði komið til leiðar.

21. grein.

Þessar ákvarðanir öðlast gildi 1. dag janúarm. 1873.

Þetta skal hèrmeð kunngjört til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í fjárstjórninni og dómsmálastjórninni,
26. dag septbrm. 1872.

Fr. Krieger. *C. S. Klein.*

Fr. Reinhardt.

---

91. Samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík. 9. oktbr.

I. Um bæjarstjórn og framkvæmd á bæjarmálefnum.

1. grein.

Í bæjarstjórn eru 9 menn auk bæjarfógeta.

1872. 9. oktbr.

2. grein.

Sèrstökum málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af föstum nefndum: 1. Fjárhagsnefnd, 2. Fátækranefnd, 3. Skólanefnd, 4. Hafnarnefnd, 5. Bygginganefnd og 6. Veganefnd.

Þeir menn, sem kosnir eru í þessar nefndir, fara frá 3. hvert ár að afgengnum vanalegum bæjarfulltrúakosningum, og má þá endurkjósa. Fái þeir kosnu menn forföll að gegna starfa sínum, kýs bæjarstjórnin, ef henni þykir þörf til þess, annan mann, er gegnir starfinu. Bæjarstjórnin getur heimtað sèrhvert mál, er heyrir undir hinar föstu nefndir, til meðferðar og sjálf tekið ákvörðun um það, og er málið þar með gengið undan hinni föstu nefnd.

3. grein.

Í fjárhagsnefndinni er bæjarfógeti formaður og 2 menn úr bæjarstjórninni. Nefndin stendur fyrir öllum fjárhag kaupstaðarins, undirbýr áætlun, annast reikninga, sèr um stjórn fèhirðis á sjóðnum, að hann hegði sèr eptir erindisbrèfi sínu, færi bækur sínar með reglu, að hann byrji og ljúki skattkröfunni á tilteknum tíma, eins og fyrir er skipað. Hún veitir því eptirlit, að tekjurnar komi inn á rèttum tíma og eins og vera ber, og gengið sè eptir óloknum gjöldum, og að fè, sem umfram verður áfallandi útgjöldum, sè sett á vöxtu.

Nefndin skipar fyrir, hvernig reikningsbækur gjaldkerans, eða hinna annara, sem hafa umráð yfir fè bæjarins, skuli vera lagaðar, leiðbeinir þeim, er hlut eiga að máli í því efni, og gætir þess, að hinum settu reglum sè fylgt. Svo ber og nefndinni að hafa eptirlit á öllum fjárbyrgðum hjá gjaldkera og öðrum, er hafa fè bæjarins undir hendi.

Nefndin ritar í ávísunarbók sína það, sem ávísað er, og skulu í bók þessari vera sèr allir aðaldálkar og liðir áætlunarinnar. Á ávísanirnar skal ætíð rita dálka- og liðatal.

Alla reikninga til bæjarsjóðs, sem hinum sèrstöku nefndum eða starfsmönnum bæjarins ekki er falið á hendur af nefndinni að láta greiða, skal senda nefndinni, sem rannsakar þá, sèr um

að þeir sè nægilega vottaðir, hafi áætlunarheimild, eða gilda ákvörðun bæjarstjórnarinnar við að styðjast, og ávísar nefndin þá þar á eptir til greiðslu. 1872. 9. oktbr.

Gjaldkeri má eigi greiða neina upphæð úr bæjarsjóði, nema hún sè ávísuð af öllum nefndarmönnum.

Ef að einhver í nefndinni ekki vill ávísa reikning, á að leggja hann fyrir bæjarstjórnina, og ákvarðar hún, hvort borgun skuli eiga sèr stað eður eigi, og ritar bæjarfógeti þá á ávísunina, ef að greiða skal.

4. grein.

Í fátækranefndinni skal vera bæjarfógeti sem formaður, og þrír bæjarfulltrúar.

Nefnd þessi hefir á hendi alla hina sèrstöku stjórn fátækramálanna, sèr um ómaga, þurfamenn, greptrun þeirra og lögflutning, annast brèfaskriptir í fátækramálum og viðskipti við önnur sveitafèlög, sèr um, að tekjur þær, er fátækrasjóðnum bera, komi inn og sè tilfærðar. Nefndin hagtærir fè því, sem veitt er til fátækra, ákveður meðgjafir og semur um þær og önnur útgjöld fátækrasjóðsins. Í því skyni á nefndin, svo opt sem henni þykir þurfa, að afhenda fjárhagsnefndinni skrá yfir umsamin eða áfallin útgjöld til ávísunar eptir 3. grein.

Nefndin sèr um alla framkvæmd á tilsk. 26. maí 1863, 12. gr., og hefir á hendi alla þá umsjón með húsmennsku og lausamennsku, sem lögin hafa lagt á sveitastjórnirnar.

Nefndin ráðstafar og hagtærir styrk þeim, sem veittur verður börnum fátækra af Thorkillii-sjóði til uppeldis, og semur alla reikninga þá og skýrslur, er þar að lúta.

Við alla meðferð á því fè, er veitt verður úr Thorkilli-sjóði, hefir dómkirkjupresturinn sæti og atkvæði á fundum nefndarinnar, sem og í öllum öðrum málum, er snerta uppeldi og kennslu fátækra barna.

Til aðstoðar nefndinni má bæjarstjórnin kjósa 2 menn sem fátækrastjóra, annan fyrir vesturhluta bæjarins og hinn fyrir austur hlutann, skiptan við Austurvöll. Heraðaskipting þessari

1872. 9. oktbr.

má breyta með ákvörðun bæjarstjórnarinnar. Menn þessir eiga að hafa sèrstaklega umsjón með fátækum í hèraði þeirra, gæta að húshag þeirra, heimilisástæðum, hegðan, hvort kjör þeirra batna eða versn, hvort þeir líða skort á mat, eldivið eða fatnaði o. s. frv., og eiga þeir ætíð að reyna til að útvega sèr svo nákvæmar skýrslur, sem verða má, um innflutning þeirra manna, sem annaðhvort hafa orðið öðrum sveitum að þunga, eða sem að hætt er við, að ekki geti unnið fyrir sèr í kaupstaðnum.

Fátækrastjórarnir koma á fund fátækranefndarinnar svo opt, sem hún æskir þess, og skulu þeir ávallt vera á fundi, þá er ómagar eru upp skrifaðir og rædt um að koma þeim fyrir. Málefnin heyra undir atkvæði fátækranefndarinnar.

5. grein.

Skólanefnd skal sett til þess að hafa umsjón með skólakennslunni og embættisverkum skólans, og eru í henni sóknarpresturinn og tveir menn aðrir, er bæjarstjórnin kýs til þess, af hverjum að minnsta kosti annar skal vera úr flokki bæjarfulltrúa. Stjórn á tekjum og gjöldum skólans hefir bæjarstjórnin sjálf á hendi, og yfir höfuð alla umsjón með skólasjóði og reikningum.

Nefnd þessi annast þau málefni, er lúta að ætlunarverki skólans um kennslu barna, inntöku þeirra, skyldu að ganga í skólann, hver börn skuli njóta kennslu ókeypis, burtför úr skólanum, og hefir eptirlit með uppfræðingu og hegðun barnanna, sem og að skólareglunum sè fylgt, og ber nefndinni að gæta allra þeirra starfa við skólamálefni, sem til eru tekin í reglugjörð 27. okt. 1862, og ekki í tilsk. 20. apr. 1872, 14. gr. beinlínis lögð undir bæjarstjórnina.

6. grein.

Í hafnarnefndinni skal bæjarfógeti vera formaður og 2 menn kosnir af bæjarstjórninni, af hverjum að minnsta kosti annar skal vera úr flokki bæjarfulltrúanna, og skulu þeir í öllu hafa umsjón og stjórn hafnarmálefnanna eptir reglug. dagsettri 15. maí

1856. Gjaldkeri bæjarsjóðs skal einnig vera gjaldkeri hafnar- 1872.
sjóðs. 9. oktbr.

7. grein.

Í bygginganefndinni skal bæjarfógeti vera formaður og kýs bæjarstjórnin 2 menn úr sínum eigin flokki og 2 aðra bæjarbúa til að vera i henni.

Nefnd þessi skal í öllu gæta þess, sem fyrir er mælt í opnu brèfi 29. maí 1839. Þegar útvísanir eiga stað á blettum til yrkingar eða til húsabygginga á þeim stöðum, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til bygginga, svo sem á túnum, sem leigð eru mót afgjaldi, eða útjörðu, sem ekki er beinlínis ætluð til bygginga eða yrkingar, ber nefndinni að leita úrskurðar bæjarstjornarinnar um það, hvort slíkar lóðir skuli afstanda til þeirra afnota, og með hverjum kjörum.

8. grein.

Bæjarstjórnin kýs 3 menn úr sínum eigin flokki, sem eiga að hafa umsjón með vegum og götum bæjarins. Þeir framkvæma allar þær ráðstafanir, sem bæjarstjórnin ákvarðar um vegagjörðir og endurbót vega. Þeim ber og að hafa alla umsjón og framkvæmdir á hendi um snjómokstur, klakahögg, rennumokstur og vatnsból bæjarins, allt eptir því, sem bæjarstjórnin nákvæmar ákveður.

Nefnd þessari ber og að hafa umsjón með allri fasteign bæjarins, að jörðu, túnum, slægjum, mótaki, torfskurði, húsum og öllum áhöldum, þangað til sèrstök nefnd verður sett til þess að gæta þessa.

9. grein.

Með sèrstakri ákvörðun má bæjarstjórnin fela einum eða fleirum úr sínum flokki, eða öðrum bæjarmönnum, sem til þess eru fúsir, að framkvæma einstök bæjarmálefni, er fyrirkoma, en einungis þegar brýn nauðsyn ber til þess, mál, sem heyra undir þær föstu nefndir, sem skipaðar eru í 2. gr., og þá einungis með samþykki þeirrar nefndar, sem hlut á að máli.

1872.
9. oktbr.

10. grein.

Framkvæmd málefna þeirra og ákvarðana bæjarstjórnarinnar, sem ekki er falin öðrum á hendur, annast bæjarfógeti, og ber honum að annast brèfaskriptir bæjarstjórnarinnar og þeirra sèrstöku nefnda, sem hann er formaður í.

II. Um starfa niðurjöfnunarnefndar og innheimtu bæjargjalda.

11. grein.

Í niðurjöfnunarnefnd eru 7 menn. Þeir kjósa sjálfir formann.

12. grein.

Nefndin semur skrá yfir þá, sem eiga að svara bæjargjaldi eptir efnum og ástandi til bæjarsjóðs á næsta ári. Á skrá þessa skal taka ekki einungis þá, sem þegar skráin er samin hafa fast aðsetur í kaupstaðnum, heldur og þá, sem ekki er svo ástatt fyrir, þegar vissa er fyrir því, að þeir í hið minnsta 4 mánuði á næsta ári muni hafa haft aðsetur í kaupstaðnum. Í sèrstökum dálki skal gjöra athugasemd, ef að álitið er, að einhver jafnframt hafi fasta dvöl annarstaðar.

13. grein.

Niðurjöfnun bæjargjalda skal lokið innan útgöngu nóvembermánaðar ár hvert. Nefndinni ber sèrstaklega að gæta þess, hverjar tekjur greiðandinn hafi haft til þess að framfæra sig og sína, vandamenn og aðra, er hann vinnur fyrir, til munaðar eður gróða eptir öllum efnahag hans og atvinnu, eins og hingað til hefir verið. Hún á og sèrstaklega að hafa tillit til þess, ef að tekjurnar ekki hrökkva til, gæta ásigkomulags tekjanna, heimilisástæðna allra og ómagaþunga af vandamönnum.

Til þess að hin áætlaða upphæð gjaldsins eptir efnahag og ástæðum náist og ekki rýrist við lækkun bæjargjalda, burtför eða árangurslaust fjárnám o. s. frv., ber nefndinni ávallt að jafna niður 5—10 meira af hundraði, en til er tekið í áætluninni.

14. grein, 1872.

Bæjarstjórnin hlutast til um að samin sè skrá yfir þau gjöld, 9. oktbr.
er greiða skal af föstum lögákveðnum tekjustofnum, svo sem gjald af timbur- og múrhúsum, tolli af óbyggðri kaupstaðarlóð og tómthúsum, og ber þessi skrá að vera til sýnis ásamt niðurjöfnunarskránni.

15. grein.

Reglur þær, sem áveðnar eru um aðalniðurjöfnun, gilda og auka-niðurjöfnun, sem á að framfara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert.

16. grein.

Öll bæjargjöld, hvort heldur eptir lögákveðnum tekjustofnum, eða efnum og ástandi falla í gjalddaga ár hvert 1. marz og 1. septembermánaðar með helmingi í hvort skipti, og ber bæjargjaldkera þá að heimta þau. Sè þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga ber þau að heimta með lögtaki.

17. grein

Eptir að ársreikningur kaupstaðarins er saminn og enn fremur vottaður af fjárhagsnefndinni og hefir legið til sýnis í hinn lögskipaða tíma, ber hann að senda til endurskoðunar innan 15. maí ár hvert, og á endurskoðuninni að vera lokið 15. júlí, útásetningunum að vera svarað innan 1. ágústmánaðar ár hvert, og reikningurinn með ýtarlegri upplýsingum, andsvörum gjaldkera og áteiknun endurskoðunarmannanna að vera sendur bæjarstjórninni innan 15. ágúst. Á svo bæjarstjórnin að leggja úrskurð á og gjöra út um reikningsins útásetningar innan 30. september til lögskipaðrar afgreiðslu.

III. Um embættis- og starfsmenn kaupstaðarins.

18. grein.

Til aðstoðar bæjarstjórn og sem starfsmenn eru:

a. Bæjargjaldkeri, sem annast allar inn- og útborganir bæjarsjóðsins og semur reikning kaupstaðarins samkvæmt erindisbrèfi því, er bæjarstjórnin gefur honum.

1872. 9. oktbr.

b, Næturverðir, og skal í hið minnsta annar þeirra vera ávallt og þess utan auka næturvarzla á vissum tímum.

Sem laun fyrir starfa sinn nýtur bæjargjaldkerinn árlega úr bæjarsjóði 75 rd., og sem hafnargjaldkeri 25 rd. úr hafnarsjóði.

Hinum öðrum starfsmönnum verður launað eptir ákvörðun í hinni árlegu áætlun.

Hvort menn þessir geti vænt eptirlauna, ákveður bæjarstjórnin í hvert skipti.

19. grein.

Bæjarstjórnin kýs einn mann úr sínum flokki til þriggja ára til að taka þátt í heilbrigðisnefndinni, enn fremur einn mann úr sínum eigin flokki í stjórn fiskimannasjóðsins, samt 2 menn ár hvert, sem athuga reikning sparisjóðsins í Reykjavík, og votta, hvort sjóði þessum sé stjórnað eptir settum skilmálum.

IV. Um ýmisleg kaupstaðarmálefni.

20. grein.

Bæjarstjórnin getur ákvarðað, að gata eða vegur, sem hefir verið fyrir einstaka menn, verði lögð til almennings afnota. Hún gefur götum og vegum nöfn. Ef að með fyrsta skal gjöra við götur eða vegi, ákvarðar hún, hvort og að hve miklu leyti þeir, sem lóð eiga að, skuli taka þátt í þessum kostnaði og hvernig hann skuli greiða, hvort heldur með greiðslu í peningum eða vinnu. Bæjarsjtórninni skal heimilt, ef að slíkum kostnaði skal jafna niður, að veita nokkurn gjaldfrest. Ef að fleiri, sem lóð eiga að, hafa sèrstakan veg, má bæjarstjórnin skipa að veginum sé haldið greiðfærum. Þar sem ræsar eru eða afrennsli, ræður bæjarstjórnin fyrirkomulagi; en bregði út af því og þetta ekki sè sem henni þykir að vera beri, lætur hún því koma í lag á kostnað þess, er á hlut að.

Þegar lóð þarf að afhenda til tryggingar fyrir eldsvoða, til nýrra gatna eða vega, eða til að færa þá út til breikkunar, eða ef ræsa þarf að leggja á lóð annars manns, veitist endurgjald eptir opnu brèfi 29. maí 1839, 3. gr. A. eptir ákvörðun bæjar-

stjórnarinnar með samþykki amtsins eða landshöfðingja. En ef svo er, að bæjarstjórnin sjálf ekki æskir eptir að meta endurgjaldið og það ekki áður er ákveðið með sèrstökum samningi, má bæjarstjórnin ákveða, að endurgjaldið sè metið af tveimur óvilhöllum mönnum, er rètturinn útnefnir til þess, og ef bæjarstjórnin ekki unir mati þeirra eða sá er hlut á að máli, má leggja gjörðina undir yfirmat 4 manna, sem sè tilkvaddir á sama hátt. 1872. 9. oktbr.

Kærur manna yfir ákvörðunum bæjarstjórnarinnar eptir þessari grein liggja undir úrskurð landshöfðingja eptir 1. aprílmánaðar n. á., en amtmanns og hlutaðeigandi stjórnarráðs til þess tíma.

Bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, 23. sept. 1872.

A. Thorsteinson. H. A. Sivertsen. Jón Pètursson.
Einar Þórðarson. O. V. Gíslason. Ó. Finsen.
Jón Árnason.

Samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík af 20. apríl 1872, 31. gr., cfr. 32. staðfestist framanskrifuð samþykkt sem gildandi fyrir Reykjavíkurkaupstað.

Íslands stiptamt, Reykjavík, 9. október 1872.

Hilmar Finsen.

---

92. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um þóknun handa lækni fyrir embættisferð. 9. oktbr.

Útaf bænarskrá nokkurri, sem sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hefir sent stiptsyfirvöldunum á Íslandi og mælt fram með, — en þar hefir settur hèraðslæknir F. Zeuthen sókt um, að sèr verði veitt endurgjald úr hinum íslenzka læknasjóði fyrir embættisferð þá, sem hann hefir farið til Skaptafellssýslu samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 24. janúar f. a.[1]), — hafið þèr herra stiptamtmaður og þèr, háæruverðugi herra, í brèfi, dagsettu 31.

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 131.

1872. 9. oktbr. ágústm. þ. á., stungið uppá, að sækjandanum verði veittir 25 rd. sem endurgjald fyrir ferð hans.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að eptir því sem á stendur leyfir stjórnarráðið, að borga megi hlutaðeiganda þetta skipti einungis, en án þess að gjöra það að reglu eptirleiðis, 25 rd. úr læknasjóðnum, og mun verða gætt að því, að þeim lækni, sem kann að fá veitingu fyrir embættinu, verði veitt embættið með þeirri skyldu, að hann fari ferðir þessar kauplaust. Því skal við bætt, að sækjandanum, sem nú sem stendur er hèr í bænum, er sagt til um þetta.

---

14. oktbr. **93. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um ferða-áætlun póstgufuskipsins árið 1873.**

Með brèfi, dagsettu 4. þ. m., hefir fjárhagsstjórnin sent hingað brèf frá aðalpóststjórninni, þar sem stungið er uppá, að ferða-áætlun póstgufuskipsins íslenzka fyrir yfirstandandi ár skuli og gilda fyrir árið 1873, þannig að skipið fari 7 ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur og leggi af stað svo að segja sömu dagana, sem ákveðnir eru á þessu ári, sigli þrisvar inn á Berufjörð, og komi við við Vestmanneyjar, þegar svo til hagar, að því verði við komið, og hefir fjárhagsstjórnin jafnframt borið þetta undir álit dómsmálastjórnarinnar.

Útaf þessu gefst fjárhagsstjórninni til vitundar, um leið og vèr sendum aptur fylgiskjalið, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti hefir ekki neitt á móti því, að teknar verði til greina uppástungur aðalpóststjórnarinnar.

---

94. Ferða-áætlun póstgufuskipsins 1873[1].

frá Kaupmannahöfn til Íslands.

Burtfarartími frá Kaupmannahöfn.	póstgufuskipið á í fyrsta lagi að leggja frá				Væntanlegur komudagur til Reykjavíkur.
	Leirvík.	Leith. (Granton).	Færeyjum. (Þórshöfn).	Djúpavogi (Berufirði).	
1. marz. kl. 9. f. m.	4. marz. e. m.	. . . .	6. marz. f. m.	. . . .	15. marz.
17. apríl. kl. 9. f. m.	20. apríl. e. m.	. . . .	22. apríl. f. m.	. . . .	1. maí.
28. maí. kl. 9. f. m.	. . . .	31. maí. e. m.	3. júní. f. m.	4. júní. e. m.	9. júní.
7. júlí. kl. 9. f. m.	. . . .	10. júlí. e. m.	13. júli. f. m.	14. júlí. e. m.	19. júlí.
16. ágúst. kl. 9. f. m.	. . . .	19. ágúst. e. m.	22. ágúst. f. m.	24. ágúst. f. m.	28. ágúst.
27. septbr. kl. 9. f. m.	1. oktbr. f. m.	. . . .	2. oktbr. e. m.	. . . .	11. oktbr.
8. nóvbr. kl. 9. f. m.	12. nóvbr. f. m.	. . . .	13. nóvbr. e. m.	. . . .	22. nóvbr.

frá Íslandi til Kaupmannahafnar.

Burtfarartími frá Reykjavík.	póstgufuskipið á í fyrsta lagi að leggja frá				Væntanlegur komudagur til Kaupmannahafnar.
	Djúpavogi (Berufirði).	Færeyjum. (Þórshöfn).	Leith. (Granton).	Leirvík.	
24. marz. kl. 6. f. m.	. . . .	27. marz. f. m.	. . . .	29. marz. f. m.	7. apríl.
7. maí. kl. 6. f. m.	. . . .	10. maí. f. m.	. . . .	12. maí. f. m.	21. maí.
17. júní. kl. 6. f. m.	18. júní[2]. e. m.	20. júni. f. m.	23. júni. f. m.	. . . .	29. júní.
27. júlí. kl. 6. f. m.	28. júli. e. m.	30. júlí. f. m.	2. águst. f. m.	. . . .	8. ágúst.
5. septbr. kl. 6. f. m.	6. septbr. e. m.	8. septbr. e. m.	11. septbr. f. m.	. . . .	17. septbr.
18. oktbr. kl. 8. f. m.	. . . .	21. oktbr. f. m.	. . . .	23. oktbr. f. m.	31. oktbr.
29. nóvbr. kl. 8. f. m.	. . . .	2. desbr. f. m.	5. desbr. f. m.	. . . .	13. desbr.

[1]) Póstafgreiðslumennirnir eru hinir sömu og áður, að því undanteknu, að kaupmaður Weywadt er póstafgreiðslumaður á Djúpavogi.

[2]) Danska frumprentið hefir 18. júlí, sem er prentvilla.

1872. 19. oktbr. **95. Brèf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um vöxtu af tveimur ríkisskuldabrèfum í vörzlum hins almenna skólasjóðs.**

I brèfi, dagsettu 3. þ. m., hefir kirkju- og kennslustjórnin lýst því yfir, að hún væri fús til að láta af hendi úr hinum almenna skólasjóð til hins íslenzka landssjóðs skuldabrèf þau, sem um er rædt í brèfi dómsmálastjórnarinnar, 3. ágúst þ. á., — annað uppá 500 rd. og hitt uppá 109 rd. 42 sk., — og hefir hún jafnframt gefið til kynna, að hún mundi skipa fèhirði háskólans, að framselja innskriptarskírteini það, sem gefið er út fyrir 600 rd. og merkt er með stafnum C. fol. 1211, og borga í peningum 9 rd. 42 sk., þegar sagt yrði til, hver við ætti að taka og kvitta fyrir.

Um leið og vèr útaf þessu gefum kirkju- og kennslustjórninni til vitundar, að vèr munum bjóða fèhirði dómsmálastjórnarinnar, kansellíráði *Petersen*, að taka við og kvitta fyrir hvorttveggja, verðum vèr, ef vextir hafa verið heimtir af tèðu innskriptarskírteini eptir 1. dag aprílm. f. á., að bera það upp fyrir kirkju- og kennslustjórninni, hvort hún eigi finni ástæðu til að láta einnig borga tèðum fèhirði vöxtuna, samkvæmt því, sem hún hefir ákveðið um sjálfa innstæðuna, og búumst vèr við, að fá vitneskju um hvað afráðið verður í þessu tilliti [1].

---

25. oktbr. **96. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um breyting á tilskipun 15. desbr. 1865, 2. grein.**

Samkvæmt tilmælum sýnódusfundar, sem haldinn var í

[1]) Í brèfi 31. oktbr. svaraði kirkju- og kennslustjórnin, að vextir þessir yrði eigi borgaðir, með því þegar væri búið að telja þá með tekjum í reikningi hins almenna skólasjóðs.

Reykjavík í sumar, við stiptsyfirvöldin um, að send yrði bænarskrá til stjórnarráðsins um breytingu á tilsk. 15. desbr. 1865, 2. grein, hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, í brèfi, dagsettu 21. ágústm. þ. á., stungið uppá, að lagt verði fyrir næsta alþingi frumvarp til lagaboðs, sem breyti 2. gr. í tèðri tilskipun annaðhvort á þá leið, að þau prestaköll á Íslandi, sem metin eru fram yfir 1000 rd., að eins verði talin í 1. flokki (aðalbrauð), og veitt af hans hátign konunginum, eða á þá leið, að það verði ákveðið, að nokkur af hinum stærstu brauðum á Íslandi eptir því mati, sem þá gildir í hvert skipti, svo sem sex, átta eða tíu af þeim prestaköllum, sem hæzt eru metin, skuli veitt af konungi. Til samlags við þetta hafið þèr álitið æskilegt, að gjörðar yrði við þetta tækifæri ýmsar breytingar, sem þèr nákvæmar hafið útlistað, á því fyrirkomulagi, sem nú er á veitingu prestakalla á Íslandi, og hafið þèr, ef stjórnarráðið eigi findi ástæðu til að leitast við að breyta þeim reglum, sem nú gilda um þetta efni, með lagaboði á þá leið, sem þèr hafi bent til, eða á líkan hátt, að endingu stungið uppá, að það verði lagt biskupinum á Íslandi fyrir, að senda skýrslu um það með fyrsta pósti, þegar aðalbrauð losnar, svo það verði auglýst, ef þess þykir við þurfa, í stjórnartíðindunum dönsku (*Ministerialtidende*), áður en biskup sendir hingað með áliti sínu bónarbrèfin um brauðið, sem til hans eru komin. 1872. 25. oktbr.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að stjórnarráðinu í öllu falli nú sem stendur finnst eigi vera næg ástæða til, að koma því til leiðar, að breyting verði gjörð á þeim ákvörðunum, sem nú eru í gildi um veitingu prestakalla á Íslandi, en aptur ámóti er það samþykkt, að send sè hingað skýrsla með fyrsta pósti, jafnskjótt og aðalbrauð losnar, og um leið skýrt frá brauðinu o. s. frv.

1872. 25. oktbr. **97. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um að aldursleyfi fyrir prestsefni geti ekki fengizt.**

Með brèfi, dagsettu 4. f. m., hafið þèr, háæruverðugi herra, sent hingað þegnlega bænarskrá, þar sem prestaskólakandídat Jens Pálsson Mathiesen, sækir um leyfi til að láta vígjast til prests, þótt hann ekki sè 25 ára að aldri, og hafið þèr mælt fram með, að það verði veitt, sem sókt er um, eða þá, að sækjandinn, sem sè fæddur 1. apríl 1851, og þannig skorti hèr um bil hálft fjórða ár í lögboðinn 25 ára aldur, í öllu falli megi vígjast til prests, þegar hann sè orðinn 22 ára að aldri.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að aldursleyfi það, sem sókt er um, verður eigi veitt nú sem stendur.

---

30. oktbr. **98. Brèf kirkju og kennslustjórnarinnar til dómsmálastjórnarinnar, um nokkrar útgjaldagreinir á fjárhagsáætlun Íslands.**

Í brèfi 27. febr. þ. á. hefir dómsmálastjórnin leitað álits kirkju- og kennslustjórnarinnar um, að alþingi síðasta hefir í þegnlegri bænarskrá meðal annars stungið uppá, að útgjaldagreinin í áætluninni um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1871—72, 7. gr., D., „önnur útgjöld í þarfir hins lærða skóla“ verði nákvæmlega endurskoðuð.

Eptir að vèr útaf þessu höfum leitað álits stiptsyfirvaldanna á Íslandi, gefst dómsmálastjórninni til vitundar, um leið og vèr sendum aptur fylgiskjölin, að ástæða þykir vera til að færa niður eptirleiðis upphæðina á útgjaldagreininni, 7. gr. D. 3. til 150

---

[1]) Tíðindi frá alþingi 1871, II., 619.

rd. og upphæðina á útgjaldagreininni, 7. gr. D. 6. til 300 rd., og þannig að kostnaðurinn til verðlaunabóka handa skólasveinum (40 rd. á ári) einnig verði eptirleiðis greiddur af þessari upphæð, í stað þess að hann áður hefir verið goldinn af því fé, sem tiltekið er i 7. gr. D. 15, en jafnan hefir verið farið fram yfir þá fjárveiting; að öðru leyti verður kirkju- og kennslustjórnin að álíta, samkvæmt því sem skýrt er frá í álitsskjali stiptsyfirvaldanna, að nú sem stendur verði eigi færðar niður aðrar upphæðir, sem veittar eru í þarfir hins lærða skóla og prestaskólans. 1872. 30. oktbr.

---

99. Leiðarvísir fyrir brèfhirðingarmenn. 31. oktbr.

(á Íslenzku eingöngu).

1. grein.

Brèfhirðingarstaðurinn á — — liggur undir póstafgreiðsluna á — — sem hefir eptirlit með, að brèfhirðingarmaður haldi samning sinn, lætur hann vita af öllum þeim breytingum, sem verða kunna á póstgjaldaskránum, póstgöngunum o. s. frv., og gefur honum allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vegleiðslu.

Brèf brèfhirðingarmanns til póstskrifstofunnar í Reykjavík ganga í gegnum hina yfirboðnu póstafgreiðslu, er sendir þau póstmeistaranum með skýringum sínum.

Verði brèfhirðingarmanni eitthvað á í póstafgreiðslunni til annara póstafgreiðslustaða, skulu þeir láta brèfhirðingarmann vita af því beinlínis.

Ferðaleyfis um stuttan tíma, í mesta lagi 14 daga, leitar brèfhirðingarmaður hjá hlutaðeiganda póstafgreiðslumanni, en ferðaleyfis um lengri tíma hjá póstmeistaranum í Reykjavík; þó getur hann, ef mikið liggur á, farið strax á stað, en þá skal hann skýra póstafgreiðslumanni frá því, og verður hann sjálfsagt að annast um, að áreiðanlegur maður í fjarvist hans gegni þeim póststörfum, er fyrir kunna að falla, upp á ábyrgð hans.

1872.
31. oktbr.

2. grein.

Brèfhirðingarstaðurinn skiptist brèfum, blöðum, peningum og bögglum á við póstafgreiðslumanninn á — — og — —

Til þess að eptirlit verði haft með þessum póstsendingum og burðareyri þeim, er fyrir þær verður krafinn, skal færa póstlista milli brèfhirðingarstaðarins og ofan nefndra póstafgreiðslustaða.

3. grein.

Til flutnings með pósti skal brèfhirðingarmaður taka á móti þessum sendingum:

a. lausum brèfum til Íslands og Danmerkur;
b. peninga upphæðum allt að 150 rd. og þeirri vikt, sem nemi allt að 5 pd., til Íslands og Danmerkur;
c. bögglum allt að 2 pd. til Íslands og Danmerkur;
d. sendingum til útlanda, þegar þær skal senda óborgaðar.

Þó má brèfhirðingarmaður senda þær sendingar borgaðar, sem nefndar eru undir d., þegar hann getur sjálfur metið burðargjaldið fyrir þær, eða hann vill innistanda fyrir borgun þess burðargjalds, sem póstskrifstofan í Reykjavík heimtar með næsta pósti.

Þá hluti, sem bannað er að flytja með pósti (tilsk. um póstmál 4. grein og auglýs. 12. grein), má brèfhirðingarmaður ekki taka til flutnings. Hafi hann samt gjört það, fer eptir auglýs. 12. grein.

Böggla- og peningasendingar geta að eins orðið teknar til flutnings með fyrsta pósti eptir að þær eru afhentar til póstflutnings, að því leyti þeim þá verður komið fyrir (sbr. auglýs. 13. gr., nr. 3). Þegar póstrúm leyfir, má brèfhirðingarmaður taka meiri peninga upphæðir, en um er getið undir b., til flutnings, ef að sá, er sendir, beiðist skriflega, að þær verði sendar frá brèfhirðingarstaðnum, og sjálfur ábyrgist þær á leiðinni þaðan til póstafgreiðslustaðarins.

Brèfhirðingarstaðurinn skal vera opinn til brèfa meðtöku,

þegar brèfhirðingarmaður er heima, frá dagmálum til náttmála, og einkum nokkra stund áður póst skal afgreiða (7. gr.).

4. grein.

Þegar burðareyri skal að fullu borga undir sendingarnar 3. gr. a., b. og c., skal á sendingarnar (hvað böggla snertir, á tilvísunarbrèfið), líma frímerki fyrir þetta verð.

1. á brèf:

a. til annara póststöðva í landinu, þegar þau vega allt að
3 kv. . . . . 4 sk.
yfir 3 allt að 25 kv. . . . . 8 —
— 25 allt að 50 kv. . . . . 12 —

b. til umdæmis brèfhirðingarstaðarins sjálfs (auglýs. 11. gr.) helming þessara gjalda;

c. til Danmerkur gjöldin a. tvöföld.

Þó má senda opnar sendingar með prentuðum blöðum og sýnishornum af varningi, þegar ekkert annað er á þær ritað, en utanáskript, nafn þess er sendir, heimili hans og dagsetning, til annara póststöðva, þegar undir þær er borgaður helmingur áðurnefndra gjalda, þó eigi minna enn 4 sk. (litr. a) og 8 sk. (litr. c).

Ef ritað er á brèfsendingu: „mælt með“, „á hendur falið“ eða „NB“, skal á hana líma 8 sk. frímerki meira en ella.

2. á peningabrèf:

burðareyri eptir vikt, eins og um er getið að ofan nr. 1 a., b. og c, og enn fremur ábyrgðargjald fyrir hvað fyrir sig, 4, 2 og 12 sk. undir hverja 100 rd. eða minna af peningaverði því, er brèfinu fylgir.

3. á tilvísunarbrèf með bögglum:

a. til annara póststöðva í Íslandi 16 sk.
b. til umdæmis brèfhirðingarstaðarins sjálfs. . . . . 8 —
} fyrir hvert pd, er böggull vegur.

c. til Danmerkur, auk brèfburðareyrisins litr. a. 12 sk., aðalburðargjald fyrir hvern böggul, að viðbættum 4 sk. fyrir hvert pd., er böggull vegur.

1872.
31. oktbr.

Partur af pundi reiknast sem heilt pund.

Sè verð tiltekið, skal þaraðauki greiða ábyrgðargjald það, sem um er getið nr. 2.

Fyrir tilvísunarbrèf með böggli er ekkert borgað, en eigi má það vega yfir 3 kv.

4. Þegar sá, er sendir, óskar kvittunar viðtakanda fyrir sendingunni, en það verður að vera ritað á sendinguna eða tilvísunarbrèfið, ber fyrir hana að greiða burðargjald, sem fyrir einfalt brèf.

5. Sè ekki rètt búið um peningabrèf, og sá, er sendir, ekki óskar sjálfur að bæta úr því, borgar hann 3 sk. í peningum, er til falla brèfhirðingarmanni, ef hann getur úr bætt, en ella því pósthúsi, hvert póstur skal ganga.

Úm hversu peningaumslög skal laga og hversu peningar skulu umvafðir, þegar þeir eru lagðir í umslag, skal brèfhirðingarmaður útvega sèr nákvæma upplýsing, og sendi hann frá sèr peningabrèf, sem ekki er í rèttu umslagi, skal hann allskostar skyldur til að svara póstafgreiðslunni nefndum 3 sk. til að bæta úr þessu.

Fyrjr að leggja til lakk, til að forsigla einhverja sendingu, skal sömuleiðis borga 3 sk.

Fyrir hvern bögul, sem ekki fylgir tilvísunarbrèf, eða ekki er merktur eptir reglunum, borgar sá, er sendir, 3 sk. fyrir hvert um sig, þegar hann óskar ekki sjálfur úr að bæta. Bæti brèfhirðingarmaður úr því, til fellur borgunin honum, en annars því pósthúsi, hvert póstur skal ganga.

6. Sendingar með þjónustu-frímerkjum álítast sem óborgaðar, ef ekki er með farið nákvæmlega eptir auglýsing 3. maí 1872.

7. Þessar sendingar má ekki senda, nema alborgaðar: kvittanir fyrir sendingum, ábyrgðarbrèf, sendingar (brèf) til konungs eða ættar hans og til yfirvaldanna, þegar sá, er sendir, ekki hefir ritað á þær: „fyrirskipuð skýrsla“, „heimtað álit“ eða „fyrirskipuð sending“ og nafn sitt undir.

Aðra borgun en þá, sem nefnd er í þessum leiðarvísi, má brèfhirðingarmaður ekki heimta af hlutaðeigendum. 1872. 31. oktbr.

5. grein.

Brèfhirðingarmaður lætur panta hjá sèr þau tímarit (blöð) og tíðindi, sem koma út á Íslandi, heimtar jafnframt og jafnótt borgun fyrir þau, og pantar þau gegnum hlutaðeigandi póstafgreiðslu hjá því pósthúsi, hvaðan auðveldast er að ná þeim (pósthúsinu á þeim stað, sem þau koma út á), og lætur þau úti til áskrifenda. Þegar brèfhirðingarmaður fær reikninga til áskrifenda, skal hann hið fyrsta krefjast borgunar, láta hlutaðeigandi pósthús vita, að hún sè greidd, og svara til hennar. Þegar blöð eru pöntuð á pósthúsinu, skal þá pöntun strax afgreiða. Ef vanta skyldi í meðtekin blöð, skal brèfhirðingarmaður strax með sama pósti tjá það pósthúsinu. Gjöri brèfhirðingarmaður ekki þetta, álítast blöðin hafa verið rètt send.

6. grein.

Öll ábyrgðarbrèf, peningabrèf, böggla og peningaböggla, er senda skal með pósti, skal brèfhirðingarmaður jafnskjótt og hann tekur við, færa inn í meðtökubók þá, sem handa honum verður til þess löggilt.

Strax eptir komu póstsins er brèfum safnað, ásamt öðrum sendingum, þar á meðal þeim, sem á leiðinni eru látin í töskur þá með póstskildi, er póstur hefir meðferðis, og skal þetta ritað á póstlistann (*Kartet*), svo sem hèr segir:

a. almenn brèf, sem fara eiga á næstu póststöðvar, hvert póstur skal ganga. Tölu þessara brèfa skal rita á póstlistann í einu. Burðareyri á þau brèf, sem annaðhvort eru óborguð, eða ekki fullborguð, skal rita á utanáskriptarflöt brèfsins, leggja svo saman og rita samanlagða upphæð ógoldins burðareyris í póstlistann;
b. brèf til útlanda, sem síðar skal gjalda burðareyri af eptir mati pósthússins (3. gr., d.) skal brèfhirðingarmaður rita á póstlistann hvert fyrir sig með nafni og heimili meðtökumanns;

1872. 31. oktbr.

c. peninga- og bögglasendingar skal rita hvað fyrir sig með nafni og heimili meðtökumanns, merki og verði;

d. ábyrgðarbrèf skal einnig rita út af fyrir sig með nafni og heimili meðtökumanns.

Gjöld þau, sem eptir 4. gr. skal greiða póshúsinu, skal færa sèrílagi við hlutaðeigandi sending innan línu.

Kvittanir, blaðapantanir og þesskonar frá brèfhirðingarstaðnum, eins og póst-vísbendingar, skal einnig færa á póstlista.

Þegar búið er að færa allt á póstlistann, undirskrifar brèfhirðingarmaður hann.

Liggi einn eða fleiri brèfkirðingastaðir milli póstafgreiðslu- og brèfhirðingarstaðar, skal semja sèrstaka póstlista yfir það, sem til hvers brèfhirðingarstaðar á að fara.

7. grein.

Þegar póstlistinn er búinn, skal binda öll brèfin saman og fá þau pósti, ásamt póstlistanum, böggla- og peningasendingunum, og eptir að póstur hefur litið eptir að allt sè rètt, skal það látið niður í pósttöskuna. Brèfhirðingarmaður verður, sem mest hann má, að halda sèr heima, þegar von er á pósti, og hið allra fyrsta hjá póstinum að taka við því, sem kemur, og afhenda honum það, sem fara á. Á tímaseðil póstsins skal í hvert skipti ritað, nær hann kemur og fer.

Brèfhirðingarmaður skal ávallt senda póstlista, hvert sem nokkuð er að senda eða ekki.

8. grein.

Komist brèfhirðingarmaður að því, að póstur hafi meðferðis utan tösku brèf, peninga eða böggla, er það skylda hans, að skýra sinni yfirboðnu póstafgreiðslu strax frá því.

Skyldi, mót von, brèfhirðingarmaður eða hans fólk nota póstinn ólöglega, varðar það sekt, eða, ef til vill, afsetningu.

9. grein.

Strax sem póstur er kominn, skal opna pósttöskuna í viðurvist póstsins, og bera saman brèf þau, peninga- og bögglasendingar, sem á póstlistanum standa og saman er bundið eins og

segir í 7. gr. við póstlistann, og telja blöð þau, sem með eru. Sömuleiðis skal opna tösku þá, er póstur ber á sèr, og skal þá afhenda brèf þau, er í henni eru, eða senda þau áfram, eptir umgetnum reglum. Frímerkin á öllum þeim sendingum, sem færðar verða á póstlista til annara brèfhirðingarstaða, skal áður ónýta, annaðhvort með þar til gjörðum stimpli, eða með 2 blekstrikum í kross yfir þau. Á þeim brèfum þar á móti, er ganga skulu til næstu póstafgreiðslu, skal póstafgreiðslumaður ónýta frímerkin. 1872. 31. oktbr.

10. grein.

Öll brèf, blöð, peninga- og bögglasendingar, sem eru 150 rd. virði og lenda eiga í póstumdæmi brèfhirðingarstaðarins, skal senda brèfhirðingamanni til að skila þeim, ef meðtökumenn ekki hafa gjört aðra ráðstöfun.

Þegar sending, er meira verði nemur en 150 rd., liggur hjá póstafgreiðslumanni til afhendingar mót kvittun, skal tilvísunar-brèfið, eða, ef það er ekki til, póst-vísbending frá pósthúsinu senda á brèfhirðingarstaðinn með fyrsta pósti til að afhendast meðtökumanni.

11. grein.

Brèfhirðingarmaður er ekki skyldur til að láta bera meðtökumönnum sendingarnar, en á þó, sem fremst er unnt, fyrir samkomulag við sambúa og nágranna að reyna til að koma þeim til skila hið fyrsta. Þegar tækifæri býðst, á hann að reyna að koma því til leiðar, að nábýlin og næstliggjandi sóknir taki sig saman um upp á sameiginlegan reikning að halda sendimenn til að koma sendingum frá og til brèfhirðingarstaðarins.

Brèfhirðingarmaður skal skýra pósthúsi því, er hann stendur í sambandi við, frá, til hverra bæja, staða o. sv. frv. hann geti komið póstsendingunum.

12. grein.

Fyrir sendingar þær, sem brèfhirðingarmaður skilar meðtökumönnum, skal hann heimta burðargjald það, sem ritað er á brèf eða tilvísunarbrèf í skildingum, og stendur hann pósthúsinu skil

1872. 31. oktbr.

á þessum peningum, nema þegar eins stendur á og sagt er í 14. gr.

Alla póstlista, sem brèfhirðingarstaður meðtekur og hefir meðhöndlað, skal senda með fyrsta pósti til póstafgreiðslunnar á — — — — — — —, og skal í póstlistanum til hennar greina, hvað margir slíkir póstlistar fylgi, og hvað mikill burðareyrir eptir þeim standi í skuld, sem þá verður að gjöra grein fyrir með næsta pósti.

13. grein.

Ábyrgðarbrèf og peninga- og bögglasendingar má brèfhirðingarmaður ekki láta frá sèr nema móti kvittun meðtökumanns sjálfs, eður þess, er hefir í höndum tilhlýðilegt umboð hans. Brèfhirðingarmaður ábyrgist, að undirskriptin á kvittuninni sè rètt. Kvittanirnar, sem brèfhirðingarmaður fær útfylltar frá pósthúsinu jafnhliða sendingunum, skal senda pósthúsinu aptur, þegar afhending hefir átt sèr stað.

14. grein.

Þær póstsendingar, sem brèfhirðingarmaður ekki getur komið til skila, skal hann sem fyrst endursenda pósthúsinu, sem sendi honum þær. Á signetsflöt sendingarinnar eða tilvísunarbrèfsins skal hann rita ástæðuna til þess að hún ekki gat komizt til skila.

15. grein.

Brèfhirðingarmaður verður að sjá fyrir því, að hann ávallt hafi nóg af frímerkjum. Hjá þeirri póstafgreiðslu, sem yfir brèfhirðingarmann er boðin, getur hann móti kvittun fengið frímerki að láni allt að þeirri upphæð, er árslaun hans nema.

16. grein.

Þá upphæð, er brèfhirðingarmaður eptir póstlistanum á að svara, skal hann senda hlutaðeigandi póstafgreiðslu með sama pósti til baka. Burðareyri fyrir þær póstsendingar, sem brèf-

hirðingarmaður ekki getur komið til skila, fráskrifast af póstafgreiðslumanni í póstlistanum, þegar þær verða endursendar. 1872. 31. oktbr.

17. grein.

Brèfhirðingarmaður ábyrgist þau brèf, peninga- og böggla-sendingar, samt blöð, er honum er trúað fyrir. Þetta skal geymt á óhultum stað, og má ekki liggja til sýnis óviðkomandi mönnum, eins og það eigi heldur er leyft, að móttakendur sjálfir leiti upp póstsendingar þær, sem til þeirra eru. Það er bannað brèfhirðingarmanni, að gefa nokkrum óviðkomandi manni vitneskju um, frá hverjum eða til hvers sendingar ganga í gegnum brèfhirðingarstaðinn. Lyklar og eyðublöð, sem brèfhirðingarmanni verða fengin, mega eigi koma í óviðkomandi manna hendur.

18. grein.

Frá því pósthúsi, er brèfhirðingarstaður er lagður undir, meðtekur brèfhirðingarmaður:

a. móttöku- og kvittunarbók;
b. metaskálar með lóðum á danska verzlunarvog frá 5 ort til 1 pd.;
c. eitt exemplar af tilsk. 26. febr. 1872 með þar til heyrandi auglýsingu af 3. maí s. á., og af auglýsingu 26. sept. s. á., er hefir inni að halda ákvarðanir um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sèrstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis. Þessar reglugjörðir skulu liggja almenningi til sýnis, og óskast að brèfhirðingarmaður kynni sèr þær smátt og smátt svo sem unnt er, svo að þær geti verið honum til ítarlegri vegleiðslu.

Nefnd áhöld skal hann ábyrgjast pósthúsinu, og skal þeim skilað aptur ásamt samninginum, þegar brèfhirðingarmaður fer frá starfi sínu.

Enn fremur sendast brèfhirðingarmanni nauðsynlegar byrgðir af eyðublöðum undir póstlista, og viðurkenningar fyrir póstsendingar, er hann tekur við, og skal hann beiðast nýrra eyðublaða hjá póstafgreiðslunni þegar þau þrýtur.

1872.
31. oktbr.

19. grein.

Brèfhirðingarmaður er ekki skyldur til að láta pósti gistingu, góðgjörðir eða heygjöf handa hestum hans í tè, nema fyrir sanngjarna borgun.

Samkvæmt tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febr. 1872. 17. gr. og umboði lögstjórnarinnar af 14. aug. þ. á.

Íslands stiptamt, Reykjavík, 31. oktbr. 1872.

Hilmar Finsen.

---

100. Leiðarvísir fyrir póstafgreiðendur[1]

(á Íslenzku eingöngu).

1. grein.

Póstmeistarinn í Reykjavík er næsti yfirboðari póstafgreiðslunnar, og hefir eptirlit með því, að hún uppfylli þær skyldur, sem á henni hvíla eptir auglýs. 3. maí 1872, og lætur hana vita af öllum þeim breytingum, sem verða kunna á póstgjaldaskránum, póstgöngunum o. s. frv., og gefur henni allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar og vegleiðslu. Póstafgreiðandi er skyldur nær sem heimtað verður, að fram selja bækur sínar o. s. frv. póstmeistara til eptirlits.

Brèf póstafgreiðanda til yfirstjórnar póstmálanna skal senda í gegnum póstskrifstofuna í Reykjavík, er leiðbeinir þeim með skýringum sínum.

Verði póstafgreiðanda eitthvað á í póstafgreiðslunni til annara pósthúsa, skulu þau láta hann vita af því beinlínis.

Um ferðaleyfi fyrir póstafgreiðanda vísast til auglýsingar 3. maí 1872, 3. gr.

---

[1]) Í augl. 3. maí f. á. er haft „póstafgreiðslumenn“.

2. grein. 1872.

Undir póstafgreiðsluna á — — — — — — — — 31. oktbr.
lúta brèfhirðingarstaðirnir á — — — — — — — —
og hefir póstafgreiðandi nauðsynlegt eptirlit með, hvernig brèfhirðingarmenn leysa störf sín af hendi.

3. grein.

Póstafgreiðandi skiptist brèfum, blöðum, peningum og bögglum á við póstskrifstofuna í Reykjavík, póstafgreiðslurnar á sömu póstleið og brèfhirðingarmenn í grendinni o: þá er liggja á milli tveggja póstafgreiðslustaða, er næstir eru hvor öðrum.

Sendingum, er fara eiga á innanlands staði út fyrir póstleiðina, skal beint á þann póststað, sem liggur næst enda hennar.

Póstsendingum þeim, er fara skulu til Danmerkur og útlanda, skal beint til póstskrifstofunnar í Reykjavík, ellegar póstafgreiðslunnar á Berufirði, ef ekki verður notuð sending með skipsferð, eins og ráðgjört er í tilsk. 26. febr. 1872, 6. gr.; en verði skipsferð notuð, skal sendingunum beint á það pósthús, sem skipið fer til.

Til þess að eptirlit verði haft með póstsendingunum og burðareyri þeim, er fyrir þær verður krafinn, skal færa póstlista milli póstafgreiðslunnar og hlutaðeigandi póststaða á sömu póstleið.

Til sèrhverrar póstafgreiðslu, er á póstleiðinni liggur, skal semja sèrstakan póstlista yfir sendingar þær, sem til þeirra verður beint, og til þeirra brèfhirðingarstaða, sem skiptast póstsendingum á við hlutaðeigandi póstafgreiðslu.

4. grein.

Til flutnings með pósti skal póstafgreiðslan taka við:

a. lausum brèfum til Íslands og Danmerkur, svo og til annara pósthúsa í Norðurálfunni, að því leyti burðargjaldaskrár fyrir slík brèf hafa verið tilkynntar póstafgreiðslunni.

1872. 31. oktbr.

b. peningaupphæðum allt að 16 pd. þunga til Íslands og Danmerkur.

c. bögglasendingum til sömu landa allt að 5 pd. þunga.

d. öðrum sendingum til útlanda, en þeim sem innifaldar eru undir a., þegar þær skal senda óborgaðar.

Þó má póstafgreiðsla meðtaka þær sendingar borgaðar, sem nefndar eru undir d., þegar hún getur sjálf metið burðargjaldið fyrir þær eða vill innistanda fyrir borgun þess burðargjalds, sem póstskrifstofan í Reykjavík heimtar með næsta pósti.

Með tilliti til ásigkomulags sendinganna, umbúða, áskriptar og innsiglingar, skal póstafgreiðandi nákvæmlega gæta reglnanna í 13. gr. auglýsingar 3. maí 1872, þar á meðal reglnanna um, að hverju leyti böggla- og peningasendingar geta orðið fluttar með fyrsta pósti eptir að þær eru látnar á pósthúsið.

Hluti, sem bannað er að flytja með pósti (sbr. pósttilskipunina, 4. gr. og auglýsinguna, 12. gr.), má ekki póstafgreiðsla taka til flutnings, en hafi það eigi að síður verið gjört, skal farið eptir auglýsingarinnar 12. gr.

Póstafgreiðandi er eigi skyldur að halda vissan skrifstofutíma, en póstafgreiðslan skal vera aðgengileg til að taka við og láta úti sendingar, þegar póstafgreiðslumaður er viðstaddur, frá dagmálum til náttmála, og einkanlega nokkra stund áður póst skal afgreiða.

5. grein.

Þegar burðareyri skal að fullu borga undir sendingarnar 4. gr. a. b. og c., skal á sendingarnar (hvað böggla snertir á tilvísunarbréfið) líma frímerki fyrir þetta verð:

1. á bréf:

a. til annara pósthúsa í landinu, þegar þau vega allt að 3 kv. . . . . 4 sk.
þegar þau vega yfir 3 allt að 25 kv. . . . 8 —
— — — —25 — - 50 — . . . 12 —

b. til umdæmis póstafgreiðslunnar sjálfrar (án þess að fara

fram hjá brèfhirðingarstað) helming þessara gjalda (sjá augl. 11. gr.);

c. til Danmerkur, gjöldin a. tvöföld;

d til annara póstumdæma í Norðurálfunni, burðargjaldið litr. c. samt auka-burðargjald, eptir því sem nákvæmar er auglýst um hvert póstumdæmi fyrir sig.

Þó má senda opnar sendingar með prentuðum blöðum og sýnishornum af varningi, þegar ekkert er annað á þær ritað en utanáskript, nafn þess er sendir, heimili hans og dagsetning, til annara póststöðva í Íslandi og Danmörku, þegar undir þær er borgaður helmingur áðurnefndra gjalda, þó eigi minna en resp. 4 og 8 sk.

Ef ritað er á sendingu „mælt með“, „á hendur falið“, eða „NB“, skal á hana líma 8 sk. frímerki meir en ella;

2. á peningabrèf:

burðareyrir eptir vikt, eins og um er getið að ofan nr. 1 a, b og c, og enn fremur ábyrgðargjald fyrir hvað fyrir sig, 4, 2 og 12 sk. undir hverja 100 rd. eða minna af peningaverði því, er brèfinu fylgir;

3. á tilvísunarbrèf með bögglum:

a. til annara póststöðva á Íslandi . 16 sk.
b. — umdæmis póstafgreiðslu sjálfrar . . . . . 8 —

} fyrir hvert pd., er böggull vegur.

c. auk burðareyris litr. a 12 sk. aðalburðargjald, að viðbættum 4 sk. af hverju pundi, er böggull vegur fyrir sendingar milli Íslands og Danmerkur.

Partur úr pundi reiknast sem fullt pund.

Sè verð tiltekið, skal þaraðauki greiða ábyrgðargjald það, sem um er getið í nr. 2.

Fyrir tilvísunarbrèf með böggli skal ekkert borga, en eigi má það vega yfir 3 kv.

4. Þegar sá, er sendir, óskar kvittunar viðtakanda fyrir sendingunni, en það verður að vera ritað á sendinguna eður til-

1872. 31. oktbr.

vísunarbrèfið, skal fyrir hana greiða burðargjald, sem fyrir einfalt brèf.

5. Sè ekki rètt búið um peningabrèf, og sá, er sendir, ekki óskar sjálfur að bæta úr því, borgar han 3 sk. í peningum, sem til falla póstafgreiðslunni. Fyrir lakk til að forsigla sending skal líka borga póstafgreiðslunni 3 sk. Fyrir hvern böggul, sem tilvísunarbrèf ekki fylgir eða ekki er merktur eptir reglunum, borgar sá, er sendir 3 sk. fyrir hvert um sig, þegar hann ekki óskar sjálfur úr að bæta.

6. Sendingar með þjónustu-frímerkjum álítast sem óborgaðar, ef ekki er með farið nákvæmlega eptir auglýs. 3. maí 1872.

7. Þessar sendingar má ekki taka til flutnings nema borgaðar: kvittanir fyrir sendingum, ábyrgðarbrèf, sendingar (brèf) til konungs eða ættar hans og til yfirvaldanna, þegar sá, er sendir, ekki hefir ritað á þær: „fyrirskipuð skýrsla“, „heimtað álit“, eða: „fyrirskipuð sending“, og nafn sitt undir.

8. Póstafgreiðandi er skyldur til, þegar krafizt er af þeim er sendir, að telja peningasendingar eptir, eins og segir í póstlilskip. 8. gr., og auglýs. 17. gr., og að gefa viðurkenning fyrir, móti þeirri borgun, sem þar er um getið. Á peningasendingar, sem þannig hafa verið taldar eptir, skal setja póstsignet: á peningabrèf og böggla 2, á peningapoka 1 póstsignet.

Að öðru leyti skal póstafgreiðandi í mati burðareyris undir póstsendingar og í annari meðhöndlun þeirra nákvæmlega fara eptir reglum tilsk. 26. febr. 1872 og auglýsingar 3. maí s. á.

6. grein.

Póstafgreiðslan tekur að sèr að panta blöð þau og tíðindi, er út koma á Íslandi bæði fyrir hlutaðeigandi áskrifendur og fyrir þá brèfhirðingarstaði, er hún skiptist póstsendingum á við, kallar eptir borgun fyrir þau og biður um þau gegnum það pósthús, hvaðan þau fljótast má nálgast (pósthús útkomustaðar þeirra),

samt afhendir þau áskrifendum, eða beinir þeim á hlutaðeigandi brèfhirðingarstað. 1872. 31. oktbr.

Þegar póstafgreiðsla ekki með sama pósti til baka gjörir athugasemd um að í blöð vanti, álítast blöðin rètt send.

7. grein.

Öll ábyrgðarbrèf, peningabrèf, böggla og peningaböggla, er senda skal með pósti, skal póstafgreiðandi jafnskjótt og hann tekur við, færa inn í meðtökubók þá, er til þess verður handa honum löggilt.

Strax sem póstur er kominn og búið er að bera sendingarnar saman við póstlistann, skal safna brèfum og sendingum, eins þeim, sem frá nærliggjandi brèfhirðingarstöðum er beint til póstafgreiðslunnar, sem og þeim, er pósti kunna að hafa verið fengin á leiðinni, og inn færa, eptir að á þau hefir verið settur póststöðvarstimpill á útskriptarflötinn, og búið er tilhlýðilega að ónýta frímerkin á þeim með stimpli þeim, er þar til er ætlaður, á póstlistana, er sèrstaklega skal gefa út til hverra póststöðva, og hvers brèfhirðingarstaðar, sem póstur á leið sinni kemur á, og póstafgreiðslan skiptist póstsendingum á við, eptir að á póstlistana er ritað nafn fráferðar- og tilkomu staðarins og burtfarardagur póstsins, samkvæmt þeirri vísbendingu, er yfirskript póstlistans gefur, og eptir þessum nákvæmari reglum:

a. fyrst er færð tala þeirra brèfa, sem fara til hlutaðeigandi póstafgreiðslu, og þeirra brèfhirðingarstaða, er í sambandi við hana standa, í einu, og í dálkinn „burðareyrir“ allt það burðargjald, sem á þeim hvílir;
b. peninga- og bögglasendingar skal tilfæra hvað fyrir sig með nafni og heimili meðtökumanns, merki og verði;
c. ábyrgðarbrèf skulu einnig rituð hvert fyrir sig með nafni og heimili meðtökumanns;
d. á póstlistann til enda-póststöðva póstleiðarinnar skulu loks rituð þau brèf, er lengra eiga að fara (fram yfir ákvörðun póstlistans) án burðargjaldsákvörðunar, laus brèf með tölu þeirra í einu, ábyrgðarbrèf, peninga- og bögglasendingar með nafni og heimili meðtökumanns.

1872. 31. oktbr.

Kvittanir, blaðapantanir og þess konar frá póstafgreiðslunni samt póstvísbendingar skal rita á sama hátt.

Þegar allt er fært á póstlista, skal leggja saman burðargjald, binda brèfin (laus brèf, peningabrèf og tilvísunarbrèf) saman í knippi í sömu röð, sem þau eru færð á póstlistann, og skal á hverjum póstlista tilgreina hve mörg knippi honum fylgi. Þar næst undirskrifar póstafgreiðandi póstlistann og bindur brèfaknippin saman með reglulegu seglgarni.

Brèfaknippin skal láta í poka merktan með nafni fráferðar- og tilkomustaðarins. Poka þessa skal senda, þó ekkert brèfknippi sè í að láta. Pokana skal því næst láta í póstskrínurnar, og hefir hver póstafgreiðsla lykil að þeim.

Póstlista skal ávallt með senda til hverrar póstafgreiðslu, hvort sem sendingar eru til hennar að flytja eða ekki.

Böggla- og peningasendingar skal, eptir að þær, sem áður segir, eru færðar á póstlistann, leggja niður vottfast í póstskrínurnar, eður að minnsta kosti í viðurvist póstsins, og bera áður saman við póstlistann.

Þá er póstskrínum lokað og þær ásamt viðkomandi póstföskum afhentar pósti, og skal á tímaseðil hans rita komu- og fararstund. Póstafgreiðandi annast, að póstur dveli eigi lengur en nauðsyn krefur.

Á þau brèf, eins tilvísunarbrèf, sem fara skulu óborguð, eða eigi eru fullborguð, svo og á sendingar, er lengra eiga að fara (litr. d) skal póstafgreiðandi, áður þau sè færð á póstlistann, rita með rauðkrít burðargjaldið ofaní utanáskriptina, í skildingum.

Á brèf, sem fylgja peningasendingum, er taldar hafa verið á pósthúsinu, skal ritað á eitthvert horn greinilegt: „talið“. Á efra vinstra horn útskriptarflatar á ábyrgðar brèfum skal rita það nr., sem brèfið hefir fengið í meðtökubókinni og með rauðkrít „NB“.

8. grein.

Jafnskjótt og póstur er kominn og meðtekinn skal hann opna vottfast eða í viðurvist póstsins. Fyrst skal töskurnar opna og

bera innihald þeirra saman við póstlistana frá hlutaðeigandi brèf- 1872.
hirðingarstöðum og síðan annaðhvort afhenda þau eða senda áfram, 31. oktbr.
eptir að hver sending hefir verið nákvæmlega metin.

Þá eru og póstskrínurnar opnaðar, sömuleiðis vottfast, eður í viðurvist póstsins, og brèf þau eður aðrar sendingar, sem fara eiga til póstafgreiðslunnar eða þeirra brèfhirðingarstaða, sem hún stendur í sambandi við, upp tekin og nákvæmlega saman borin við hlutaðeigandi póstlista. Þá skal rannsaka, hvort hvert einstakt brèf eða böggulsending er rètt meðhöndluð, metin og færð á póstlista, sömuleiðis hvort burðargjald er rètt fært og samanlagt. Sèrhverja ónákvæmni, sem við verður vart, við þær komnu sendingar eða póstlistann, skal strax athuga á hlutaðeigandi póstlista, og gjöra því pósthúsi, sem póstlistann hefir samið, vísbendingu um með pósti til baka. Til þvílíkra vísbendinga skal hafa prentuð eyðublöð.

Sè einhver komin sending órètt metin, skal rèttan burðareyri krefja af viðtakanda og gjöra vísbending um til baka. Sè frímerki á hinum komnu sendingum, en eigi nægileg að verði eptir burðargjaldaskránni, án þess þau sè sett til burðargjalds eða á þau ritað: „ónóg borgað“, skal það pósthús, er sendi, svara til burðargjalds eptir vísbending, sem hèr um verður að gefa til baka, og skal þar hjá þann burðareyri, er svara skal, til færa á hlutaðeiganda póstlista.

Þegar búið er að bera sendingarnar saman við póstlistann, skal setja póststöðvastimpilinn á hann að neðan, og á brèf, peningabrèf og tilvísunarbrèf á signetsflötinn.

9. grein.

Öll brèf, blöð og peninga- og bögglasendingar allt að 150 rd. virði, sem fara eiga til brèfhirðingarstaða þeirra, er í sambandi standa við póstafgreiðsluna, skulu látin niður, eptir að með þau hefir verið farið samkvæmt 8. gr., í þá pósttösku, sem þeim er ætluð, í viðurvist póstsins, og hvað þær peningasendingar snertir, sem eru yfir 150 rd., eður þær, sem það er berlega heimtað fyrir af þeim er sendir, sendist brèfhirðingarmanni til-

1872. 31. oktbr.

vísunarbrèfið eða vísbending, sem meðtakandi þá kvittar á, er hann tekur við sendingunni.

10. grein.

Póstafgreiðandi er ekki skyldur til að láta bera komin brèf út meðal viðtakenda, heldur verður að láta viðtakendum kost á að fá sendingarnar afhentar hjá póstafgreiðslunni, enda þótt póstafgreiðandi sè eigi sjálfur við staddur, af þeim er í fjarvist hans frá heimilinu hefir þetta á hendi.

Ábyrgðarbrèf, peningabrèf og böggla má að eins afhenda gegn tilhlýðilegri kvittun. Í því skyni skal þau inn færa í kvittunarbókina, og í hana kvitta fyrir afhendingunni, eða geyma sem fylgiskjöl með henni þær lausu kvittanir, sem kunna að verða gefnar. Póstafgreiðandi ábyrgist, að undirskript kvittana sè rètt.

11. grein.

Nú finnst einhver sending vanta eða vera mjög skemmd, þegar póstur kemur og póstlisti er borinn saman við sendingar, og skal þá gefa pósthúsi því, er sendi, vísbending til baka, og skýra pósthúsinu í Reykjavík frá því, jafnframt og meðtakanda skal gefin vitneskja um það um sama leyti.

Fari sendingar í órètta átt, skal þær sem fyrst senda gjaldfrítt í rètta stefnu, eða þegar viðtökustaður er ókunnur fara með sem sendingar, er eigi verður komið til skila.

12. grein.

Þær póstsendingar, er póstafgreiðandi eigi getur komið til skila (augl. 3. maí 1872, 21. gr.), skal hann hið fyrsta endursenda því pósthúsi, hvaðan þær eru sendar. Á signetsflöt sendingar eða tilvísunarbrèfs skal hann rita ástæðuna, því hún hafi eigi til skila komizt. Þegar slíkar sendingar koma aptur til póstafgreiðslunnar, skal þær afhenda þeim, er sendi, mót burðargjaldi því, er á þeim kann að hvíla. Finnist eigi sá, er sendi, eður skorist hann undan að innleysa sendingu, skal slíkum sendingum beint gegnum póstskrifstofuna í Reykjavík til landshöfð-

ingjans yfir Íslandi, til meðferðar eptir ofannefndri 21. gr. auglýsingarinnar, og skal þá listi fylgja þeim, hvar á þær sè allar ritaðar. 1872. 31. oktbr.

13. grein.

Póstafgreiðandi ábyrgist allar póstsendingar, sem honum verður trúað fyrir. Þær skulu geymdar á óhultum stað, og mega ekki liggja fyrir sjónum óviðkomandi manna, eins og það er eigi heldur leyfilegt, að viðtakandi sjálfur leiti upp sendingar til sín. Það er bannað pósafgreiðanda, að gefa nokkrum óviðkomandi manni vitneskju um til hvers eða frá hverjum póstsendingar koma eða fara gegnum póstafgreiðsluna, nema þetta sè nauðsynlegt til að koma þeim til skila.

Lyklar þeir, stimplar, signet, eyðublöð og önnur áhöld, sem póstafgreiðanda eru fengin, mega eigi koma í hendur óviðkomandi mönnum.

14. grein.

Póstafgreiðandi verður að annast, að hafa ávallt byrgðir af póst-frímerkjum, bæði til að selja út frá póstafgreiðslunni sjálfri og til byrgða fyrir brèfhirðingarstaði þá, sem undir hana eru lagðir.

15. grein.

Með hverjum pósti til Reykjavíkur sendir póstafgreiðandi reikningságrip yfir tekjur og gjöld póstafgreiðslunnar, og þar með peningaleyfar, sem hjá honum kunna að vera. Sem fylgiskjöl leggur hann með því alla þá póstlista, er hann hefir meðtekið og meðhöndlað, síðan hann sendi reikning seinast og tilgreinir tölu þeirra í reikningságripinu.

Komi það fyrir sem undantekning, að póstafgreiðandi þurfi að borga fè (t. d. til aðgjörðar póstáhöldum eður þess konar), skal reikníng yfir slíkt senda gegnum póstskrifstofuna í Reykjavík til landshöfðingja, til að öðlast gjaldskipun hans.

1872.
31. oktbr.

16. grein.

Frá póstskrifstofunni í Reykjavík fær póstafgreiðandi send þessi áhöld.

a. póstskrínur,
b. pósttöskur,
c. brèfadós,
d. brjósttösku með skildi,
e. 1 metavikt með 2 galvaníseruðum 5 punda lóðum, 2 tveggja punda og 1 pundslóði,
f. 1 metaskálar með látúns keðjum og lóðastokk,
g. 1 póstsignet,
h. 1 póststöðva-stimpil með 14 lausum merkjum til að setja inn í hann,
i. 1 ónýtingar-stimpil (til að ónýta frímerki),
k. 1 stimpil áhöld-öll,
l. 1 dall með stimpil-sortu,
m. 1 meðtökubók,
n. 1 kvittunarbók,
o. poka til afnota í töskum og skrínum,
p. 1 pjáturdós til að geyma í frímerki,
q. 1 exemplar af tilsk. 26. febr. 1872 með tilheyrandi auglýsingu 3. maí s. á., samt af auglýsingu 26. sept. s. á. Þessar reglugjörðir skulu liggja til skoðunar almenningi, og er þar hjá gjört ráð fyrir, að póstafgreiðandi kynni sèr efni þeirra sèr til ítarlegri leiðarvísis;
r. exemplör af auglýsingu 3. maí þ. á, til sölu samkvæmt sömu auglýsingar 9. gr.
s. eyðublöð til póstlista,
t. —— — póstvísbendinga (til baka),
u. —— — reikningságripa,
v. —— — viðurkenninga fyrir póstsendingum.

Þegar nefnd eyðublöð m. m. þrýtur, pantar póstafgreiðandi þau gegnum póstskrifstofuna í Reykjavík.

Ofangreind áhöld ábyrgist póstafgreiðandi póstmálefnunum.

17. grein. 1872.

Komist póstafgreiðandi að því, að póstur hafi meðferðis brèf, 31. oktbr.
peninga eða böggla, sem ekki eru rituð á póstlista, er hann skyldur að skýra póstskrifstofunni í Reykjavík frá því. Skyldi, mót von, hann sjálfur eða fólk hans nota póstinn ólöglega, varðar það sektum sem póststjórnin ákveður, og, ef til vill, afsetningu.

18. grein.

Póstafgreiðandi er ekki skyldur til að veita pósti gistingu, góðgjörðir eða heygjöf handa hesti hans, nema móti sanngjarni borgun.

Samkvæmt tilskipun um póstmál á Íslandi 26. febr. 1872 17. gr. og umboði lögstjórnarinnar af 14. ág. þ. á.

Íslands stiptamt, Reykjavík, 31. oktbr. 1872.

Hilmar Finsen.

---

101. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna í Íslandi um styrk til þess að byggja upp hús á prestssetri. 2. nóvbr.

Í brèfi, dagsettu 15. ágústm. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, eptir beiðni Guðmundar prests Bjarnasonar að Melum í Borgarfjarðarsýslu, farið þess á leit, að honum verði veittur 200 rd. styrkur af opinberu fè, til þess að byggja upp aptur húsin á staðnum, sem brunnu í marzmánuði sem leið.

Eptir að vèr höfum skrifazt á við dómsmálastjórnina um þetta, verður yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það og gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að vèr veitum tèðum presti 200 rd. styrk til þessa af fè því, sem á áætluninni um tekjur og útgjöld Íslands á yfirstandandi reikn-

1872. 2. nóvbr. ingsári er ætlað til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, og skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógeta, að borga tèða upphæð af jarðabókarsjóði Íslands, þegar þèr heimtið það.

---

2. nóvbr. **102. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast 28. f. m. að veita prestaskólakandídat Steindóri Jóhannsyni Briem leyfi til að láta vígjast til prests á þessu hausti, þótt hann sè ekki 25 ára að aldri.

Um leið og þetta verður yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, mælist stjórnarráðið til, að þèr fáið Steindóri Jóhannsyni Briem meðfylgjanda leyfisbrèf í hendur.

---

4. nóvbr. **103. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um kostnaðinn við byggingu fangelsis og hegningarhúss í Reykjavík.**

Eptir að þèr, herra stiptamtmaður, höfðuð leitað álits bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, hafið þèr í brèfi, dagsettu 22. ágústm. þ. á., látið í ljósi álit yðar um niðurjöfnun þeirra 22,270 rd., sem samið var um fyrir að byggja hegningarhús og fangelsi í Reykjavík, á dómsmálasjóð Íslands, jafnaðarsjóð suðuramtsins og Reykjavíkur kaupstað; utaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að eins og dómsmálastjórnin eptir því, hvernig ástatt er, eigi mun standa fast á því, að Reykjavíkur kaupstaður leggi til meir til þess hluta af tèðum

22,270 rd., sem lendir á húsakynnum þeim, sem ætluð eru bæjarþingi Reykjavíkur og bæjarstjórninni, en þá 2,500 rd., sem boðnir voru í upphafi, þannig fellst hún einnig á uppástungu yðar um niðurjöfnun þeirra 4,906 rd. 64 sk., sem, samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 18. maí þ. á., lendir á þeim hluta, sem ætlaður er til fangelsis handa Reykjavíkur kaupstað og nokkrum sýslum í suðuramtinu, en eptir því skyldi Reykjavík leggja til 1/3 eða 1,635 rd. 53 sk., en 3,271 rd. 11 sk. greiðast af jafnaðarsjóði suðuramtsins. Samkvæmt þessu verður allri upphæðinni, 22,270 rd., jafnað niður á þessa leið: 1872. 4. nóvbr.

á Reykjavíkur kaupstað. . .	2,500 rd.	» sk.	
	1,635 —	53 —	
			4,135 rd. 53 sk.
á jafnaðarsjóð suðuramtsins			3,271 — 11 —
á dómsmálasjóðinn			14,863 — 32 —
			22,270 rd. » sk.

Að því leyti, er snertir borgun þess, sem samkvæmt þessu er jafnað niður á Reykjavík og jafnaðarsjóð suðuramtsins, og sem þèr, herra stiptamtmaður, hafið stungið uppá að verði útvegað með því að taka lán af hjálparsjóðnum íslenzka með þeim skilmálum, að borgaðir verði 4 af hundraði í vöxtu á ári hverju og 1/15 goldinn árlega uppí innstæðuna á þeim 15 árum, sem í hönd fara, skal því bætt við, að þótt stjórnarráðið eigi sè mótfallið því, að tèð lán verði veitt með þeim skilyrðum, sem nefnd voru, getur það samt ekki álitið það tiltækilegt, að leggja talsverð gjöld á hjálparsjóðinn, með því menn nú sem stendur vita ekki, hvað mikill hjálparsjóðurinn verður, en aptur ámóti hefir stjórnarráðið í hyggju, ef til þess kemur, að taka uppá fjárhagsáætlunina fyrir næsta reikningsár það, sem með þarf til þess að veita Reykjavíkur kaupstað og jafnaðarsjóðnum lánið með fyrnefndum skilmálum.

1872. 5. nóvbr. **104. Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar í dómsmálastjórninni til skrifstofu ríkisþingsins, um „Tíðindi frá ríkisþingi Dana“ handa alþingi og landshöfðingjaembættinu.**

Í brèfi til dómsmálastjórnarinnar hefir stiptamtmaðurinn yfir Íslandi skýrt frá, að hin 3 síðustu ár af „Tíðindum frá ríkisþingi Dana“, sem eru 1869—70, 1870—71 og 1871—72, sè eigi til í bókasafni alþingis, og að bókavörður hafi ekki getað látið aðrar upplýsingar til um það, en að þessi ár hafi ekki verið send bókasafninu; hefir stiptamtmaður því mælzt til þess, að stjórnarráðið gjöri ráðstöfun til að þau árin, sem vanti, verði send, og að bókasafn alþingis framvegis fái Tíðindin. Við sama tækifæri hefir stiptamtmaður borið upp fyrir stjórnarráðinu, hvort eigi sè ástæða til samkvæmt þeirri stöðu, sem þessum embættismanni er ætluð, að koma því til leiðar, að látið verði til ókeypis eitt exemplar af ríkisþingtíðindunum handa skjalasafni landshöfðingjans.

Útaf þessu mælist stjórnardeildin til samkvæmt boði dómsmálaráðherrans, að skrifstofa ríkisþingsins sendi alþingisbókasafninu tèð 3 ár af ríkisþingtíðindunum með því póstskipi, sem fer hèðan 8. þ. m., og stingur stjórnardeildin jafnframt uppá, hvort eigi megi veita landshöfðingja-embættinu, sem stofnað var með konungsúrskurði 29. júní þ. á., ókeypis exemplar af Tíðindunum.

---

5. nóvbr. **105. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um gjald spítalahluta.**

Í brèfi, dagsettu 6. júlí þ. á., hafið þèr herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, skýrt frá, að tekið hafi verið eptir, þegar reikningar þeir voru endurskoðaðir, sem sýslumenn á Íslandi hafa gjört fyrir heimtingu gjalds þess til læknasjóðsins íslenzka, sem fyrir er mælt um í tilsk. 10. ágúst 1868, að gjaldið hafi verið greidt í

nokkrum sýslum lsndsins, og þá einkum í suðuramtinu, af öllu 1872.
því lýsi, sem fengizt hafði ekki að eins af hákarli, heldur einnig 5. nóvbr.
af fiskitegundum þeim, sem nefndar eru í tilskipunarinnar 1. gr. staflið a, en í öðrum sýslum að eins af því lýsi, sem fæst af hákarli, og er í þeim stafliðurinn b. í tèðri grein tilskipunarinnar skilinn á þann hátt, að þar sè einungis átt við hákarlslýsi. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu hefir einkum fylgt fram þessum skilningi, og hefir hann í svari sínu til athugasemda stiptsyfirvaldanna útaf þessu við reikninginn yfir tèð gjald úr Ísafjarðarsýslu og nyrðri hluta Barðastrandarsýslu fyrir árið 1869—70 mælzt til þess, að málið verði lagt undir úrskurð stjórnarráðsins. Um leið og þèr látið eptir ósk þessari, hafið þèr reyndar verið á móti þeim skilningi lagastaðsins, að gjaldið að eins verði heimtað af hákarlslýsi, með því beinlínis sè sagt svo fyrir í tilskip. 1868, að gjaldið skuli greidt, „af hverri lýsistunnu, sem aflast“, án þess að nokkur undantekning sè gjörð, en af ýmsum ástæðum, sem þèr nákvæmar útlistið, finnst yður samt sem áður, að þèr verðið að mælast til, að yður verði veittur myndugleiki til að úrskurða fyrstu athugagrein við tèðan reikning og líkar spurningar, sem enn kunna að koma fram um rèttan skilning á tilsk. 10. águst 1868, 1. gr., staflið b., á þá leið, að láta það eptir kringumstæðum sitja við þá gjaldheimtingu, sem fram hafi farið, þegar svo standi á, að augljóst sè, að gjaldendur hafi eigi vitað betur, og að læknasjóðurinn hljóti ekki verulegan skaða af því.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtið það begar svo þer undir, að dómsmálastjórnin verður að vera yður samdóma í því, að tilskipun 1868 sè rett skilin á þá leið, að greiða skyldi gjaldið af öllu lýsi eða með öðrum orðum af allri bræddri lifur, en — eins og hlutaðeigandi sýslumaður virðist að byggja á — eigi af þeirri lifur, sem ekki er brædd, en höfð til neyzlu ásamt með fiskinum, og að vèr eigi þykjumst hafa heimild til, þótt tilsk. um spítalagjald af sjávarafla, 12. febrúar þ. á. segi öðru vísi fyrir í þessu tilliti, að gefa úrskurð um gjaldskyldu manna eptir hinni tilskipuninni, sem ekki að eins

1872. 5. nóvbr. yrði að álíta gagnstæða lagaboðinu, en sem einnig mundi gjöra mönnum ójafnt undir höfði og halla á rètt annara gjaldenda.

Þótt stjórnarráðið þanning hafi látið í ljósi álit sitt um skilning þessa máls eptir lögum, látum vèr samt ekki hjá líða, að leiða athygli yðar að því, að það muni vera hagfelldast, að sýna ekki of mikla eptirgangssemi í því, að heimta það gjald, sem ógoldið er.

---

6. nóvbr. **106. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um hafnar-reglugjörð fyrir Reykjavík.**

Með brèfi, dagsettu 23. septbrm. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað álit frá hafnarnefndinni og bæjarstjórninni í Reykjavík um frumvarp til hafnar-reglugjörðar fyrir tèðan kaupstað, sem fylgdi brèfi stjórnarráðsins 18. júní þ. á., og er í því áliti stungið upp á, að ákvörðunin í frumvarpinu I., 3. tölulið, 2. og 3. atriði, um gjald af opnum bátum og flutningsbátum falli burt, að ákvörðunin í sama tölulið, 1. atriði, sè bundin við að þiljubátarnir sè að rúmmáli 10 tons, og að bætt verði við á eptir orðunum í IV.: „Öll skip, er ríkið á, sem hafa hermerki og veifu“ „og sem eigi eru höfð til flutningsferða“; útaf þessu hafið þèr, herra stiptamtmaður, lagt til, að fyrsta breytingin verði tekin til greina, sumpart vegna þess, að opnir bátar að eins endrum og sinnum sè hafðir til vöruflutnings milli bæjarins og annara verzlunarstaða, og sumpart sökum þess, að gjald það, sem stungið er uppá í frumvarpinu svo sem af $^1/_2$ ton, sè svo lítið, að það, eins og hafnarnefndin hafi getið, hrökkvi ekki til þess kostnaðar, sem mundi verða samfara heimtingu gjaldsins, enda vili það sjaldan til, að flutningsbátar sè hafðir til þess að afferma eða hlaða skip, sem eigi þegar sè búið að greiða gjald af samkvæmt reglugjörðinni. Aptur ámóti hafið þèr, herra stiptamtmaður, ráðið frá því, að láta gjaldið af þiljubátum vera komið

undir því, að þeir sè að rummáli 10 tons, með því engin ástæða virðist vera til þess, og eruð þèr ennfremur á móti því, að því verði bætt við, að skip, sem ríkið á, og sem hafa herflagg og veifu, sè ekki höfð til flutningsferða, eigi þau að komast hjá gjaldinu, því þetta breytingar-atkvæði sè sprottið af miskilningi og ótta fyrir því, að póstgufuskipið skyldi njóta hags af því, sem fyrir er mælt í IV., þegar svo er, sem nú, að ríkið á það, og skipstjórnarmaður er úr sjóliðinu. 1872. 6. nóvbr.

Með því stjórnarráðið í þessu tilliti verður að fallast á athugasemdir yðar, höfum vèr í dag lagt samþykki vort á hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkur kaupstað, sem alveg er samhljóða frumvarpi því, sem fylgdi með brèfi dómsmálastjórnarinnar 18. júní þ. á., að því undanteknu, að I., 3. töluliður, 2. og 3. atriði er fellt úr. Jafnframt og vèr sendum tèð frumvarp, mælumst vèr til, að þèr, herra stiptamtmaður, sjáið um, að það komi út á sama hátt og hafnartaxtarnir áður fyrir Reykjavíkur kaupstað.

(Fylgiskjal)

Hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkur kaupstað.

I. Hafnartollur:

1. Fyrir öll skip, sem metin eru til rúmmáls, hvort heldur þau eru fermd varningi, tóm, eða hafa seglfestu, gjaldist eptir fullu rúmmáli þeirra eptir tons bæði við innsigling og útsigling, þannig:

a. fyrir öll innanbæjarskip, sem þeir menn eiga, samkvæmt tilhlýðilegum heimildarbrèfum, sem eru búsettir í Reykjavík og eigi jafnframt hafa heimili annarstaðar, skal gjalda $1^1/_2$ sk.

b. en fyrir utanbæjarskip, innlend eða útlend, skal greiða $2^1/_2$ sk.,

2. Ef skip er annaðhvort fermt eða affermt á höfninni, skal auk þess gjalds, sem getið er í 1. tölulið, hvort heldur sem

1872. 6. nóvbr.

eru innanbæjarskip, innlend eða útlend, ennfremur gjalda eptir fullu rúmmáli þess, fyrir hvern ton $5^1/_2$ sk.

Ef sama skip á einu ári siglir optar inn á höfnina, skal að eins greiða gjöld þau, sem nefnd eru í 1. og 2. tölulið, að fullu í fyrsta skipti á því ári, en hin skiptin skal að eins borga $^3/_4$ af gjöldum þessum.

3. Fyrir innanbæjar þiljubáta, sem eigi eru metnir til rúmmáls, skal greiða gjald það, sem talið er í 1. tölulið, sem fjögra tons skip væri, en eigi utanbæjarmenn, þá skal gjalda sem fyrir 8 tons.

4. Liggi skip á höfninni lengur en 6 vikur, þegar með taldir eru bæði komudagur og burtfarardagur, og eigi utanbæjarmenn eða útlendingar, og eigi það sèr stað einhvern tíma frá 15. degi marzm. til 14. dags desbrm., og sè hvor þessara daga með talinn, gjaldist $^1/_{84}$ af gjaldi því, sem talið er í 1. tölulið, fyrir hvern þann dag, er skipið liggur lengur en 6 vikur; ef skip liggur lengur á höfninni en 6 vikur einhverntíma frá 15. degi desbrm. til 14. dags marzm., að báðum dögum meðtöldum, skal ekkert greiða fyrir það. Ef skip leggur til hafnar fyrir 14. desbrm. og heldur fyrst á burtu eptir 14. dag marzm., skal leggja saman þá daga, er það var fyrir 14. dag desbr. og eptir 14. dag marzm., og skal eptir þeim talið, hvort skipið hafi verið lengur en 6 vikur á höfninni.

Alla þá tolla, sem nefndir eru í 1. tölulið, skal greiða, þegar skipin kasta akkerum fyrir innan eyjar þær, sem um höfnina lykja.

Gjöldin skal og greiða fyrir skip, er leita hafnar sökum andviðra, storma eða því um líks.

II. Fyrir vitaljósker þau, sem sett eru við innsiglinguna á höfnina, skal sá, sem heimtar, að kveikt sè á þeim, borga fyrir 14 fyrstu næturnar, sem logar á ljóskerunum, fyrir hverja nótt 64 sk.

fyrir næstu 14 næturnar . . . . . 48 —

þar á eptir fyrir hverja nótt . . . . . 32 —

Þessa borgun skal greiða, hvort sem það skip, sem beðið er um að kveikt verði fyrir, kemur til hafnarinnar eða ekki. Eigi verður kveikt á ljóskerunum, nema hafnarnefndin verði beðin þess.

III. Auk þeirra gjalda, sem talin eru, skal ennfremur greiða:

1. strandtoll, ef skip er lagt upp í fjöruna, til að hreinsa það eða endurbæta, hvort heldur eru innanbæjarskip eða utanbæjarskip, innlend skip eða útlend, um hvern dag, fyrir hvern ton 1 sk.;

2. seglfestugjald, ef seglfesta er flutt í skip eða úr skipi á lóð bæjarins, hvort heldur eru innanbæjar skip eða utanbæjar skip, innlend eða útlend, eptir fullu rúmmáli skipsins, fyrir hvern ton 1 sk.

IV. Öll skip, sem ríkið á, og sem hafa herflagg og veifu, eru undanþegin hafnargjöldum; sama er og um útlend herskip, þegar þau eru eins útbúin.

Undanþegin hafnargjöldum eru öll skip danskra þegna, þau sem eru á fiskiveiðum við strendur Íslands, ef ekki er fluttur neinn farmur úr þeim eða í þau, annar en sá, sem snertir afla þeirra eður fiskiveiðar.

Nú hefir skip beðið skemmdir á sjó og leitar til hafnar fyrir þær sakir, þá er það undanþegið hafnargjöldum, ef það flytur að eins í burtu allan þann farm, sem það kom með, hvort sem farmurinn hefir verið úr því fluttur eða hefir verið á skipinu.

V. Dufl það, sem lagt er á höfnina, má nota til þess að festa skip við án annars endurgjalds en þeirra gjalda, sem nefnd eru í I. kafla að framan.

Ef fleiri skip vilja samstundis leggjast við duflið, skal hafnarnefndin skera úr, hvert skipið eigi að komast að. Liggi skip meir en viku við duflið, má hafnarnefndin leyfa öðru skipi að komast að, ef henni finnst ástæða til þess. Skip, sem eru minn að rúmmáli en 40 tons, mega ekki liggja við duflið, ef stærri skip vilja liggja við það.

VI. Seglfestu má ekki taka á lóð bæjarins nema þar, sem lögreglustjórinn vísar til. Seglfestu má eigi kasta út á höfninni.

1872. 6. nóvbr. Þessi reglugjörð öðlast gildi 1. jan. 1873, og skal innan ársloka 1877 endurskoðuð.

---

6. nóvbr. **107. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um byggingu fangelsa þar í umdæminu.**

Í brèfi, dagsettu 11. júním. 1870, hafið þèr, herra amtmaður, eptir undirlagi stjórnarráðsins látið uppi álit yðar um stærð og fyrirkomulag þeirra tveggja fangelsa, sem á að byggja í vesturumdæminu; eptir að vèr þarnæst útaf þessu brèfi yðar höfðum leitað álits stiptamtmannsins yfir Íslandi, og ráðgazt við forstjóra fangelsisstjórnarinnar, hefir timburmeistari *Klentz*, sem tókst á hendur að byggja hegningarhúsið í Reykjavík, eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar samið tvær áætlanir, sem fylgja með brèfi þessu, um byggingu fangelsis á borð við þau, sem hèr er verið að ræða um, og um kostnaðinn við það, og þykist hann geta byggt hvort fangelsi fyrir 3805 rd. 64 sk. eptir áætlun þeirri, sem merkt er A, og fyrir 3819 rd. 26 sk. eptir þeirri áætlun, sem merkt er með stafnum B; skuli í hvoru fangelsi vera 4 klefar, af sömu stærð og klefarnir í hegningarhúsinu, varðstofa handa þeim manni, sem fyrir hönd sýslumanns á að hafa beinlínis umsjón með föngunum, rúm til eldiviðar og áhalda, og þar að auki fangagarðar með kömrum. Þótt stjórnarráðið fyrir sitt leyti sè helzt á því, að kjósa áætlun þá, sem merkt er A, vegna þess að fangelsisklefarnir eptir henni liggja að öllu leyti sèr, — en það þykir þeim mun fremur áríðandi sökum þess, að búast má við, að umsjónin verði eigi svo tryggjandi, sem æskilegt væri í sjálfu sèr —, er það samt í nokkrum efa um, hvort byggingarlag það, sem stungið er uppá, sè hagfellt eptir loptslagi á Íslandi — en samkvæmt því verða þrír veggir á klefunum útveggir — og hvort komizt verði að öllu leyti hjá annmörkum þeim, sem búast má við í þessu tilliti, með því, að veggirnir verði hafðir tvöfaldir, og látið á milli papp, eins og timburmeistari *Klentz*

hefir stungið uppá og álítur fullkomlega tryggjandi, en það er sjálfsagt, að setja ofn í hvern klefa. 1872. 6. nóvbr.

Að því leyti, er snertir kostnaðinn við byggingu fangelsanna, skal þess getið, að stjórnarráðið hefir í hyggju, þegar fjárhagsáætlun Íslands verður gjörð, að útvega jafnaðarsjóði amtsins að láni úr landssjóðnum fé það, sem með þarf, með þeim skilmálum, að borgaðir verði 4 af hundraði í vöxtu á ári hverju og $^1/_{15}$ uppí innstæðuna á þeim 15 árum, sem þá fara í hönd, en áður en ályktun verður gjörð um þetta efni, mælumst vèr til, að þèr segið álit yðar bæði um áætlanirnar um fangelsin og um það, hvort þèr með vissu álítið, eptir að þèr hafið borið yður saman um það við menn, sem vit hafa á því, að íslenzkir handiðnamenn að öllu leyti sè vel færir um að byggja fangelsin, og hvort spara megi fé með því, svo nokkru muni.

Fylgiskjölin mælumst vèr til að fá aptur með svari yðru.

---

108. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu, um byggingu fangelsa þar í umdæminu. 6. nóvbr.

Eptir að dómsmálastjórnin hafði gefið stiptamtmanninum yfir Íslandi tækifæri til að kynna sèr álit það, sem amtið hafði látið uppi um stærð og fyrirkomulag þeirra fangelsa, sem byggja á í norður- og austur- umdæminu, hefir verið ályktað, að láta byggja þar þau 3 fangelsi, sem nefnd eru í tilskip. 4. marz 1871, og hafa 4 fangaklefa í hverju, og var jafnframt ráðgazt um þetta við forstjóra fangelsisstjórnarinnar. Eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar hefir síðan timburmeistari *Klentz*, sem tókst á hendur á byggja hegningarhúsið í Reykjavík, samið tvær áætlanir — — —. (Brèf þetta er að öðru leyti samhljóða brèfinu á undan).

1872. 7. nóvbr.

109. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli.

Með brèfi, dagsettu 4. septbrm. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem kaupmaður C. D. Túlinius á Eskifirði, sem nú hefir silfurbergsnámið í Helgustaðafjalli að leigu, sækir um, að fá þann 1/4 hluta námsins, sem er þjóðeign, enn á leigu um 5 ár, eða þá fyrir 1 ár frá 1. janúar 1873, fyrir hið sama afgjald, sem hann nú greiðir, og sem er 100 rd. á ári, og hafið þèr samkvæmt skýrslu frá hlutaðeiganda umboðsmanni um, að Túlinius að hans áliti hafi farið tilhlýðilega með námann, stungið uppá, að það verði veitt, sem sókt er um, jafnframt og þèr getið þess, að það muni örðugt, að leggja Túlinius fyrir fast ákveðnar reglur um afnot hinna 3/4 af námanum, sem hann hafi leigt til ársloka 1877, enda sè tryggingin í því tilliti helzt í því fólgin, að hann sè í tengdum við eigandann að þessum 3/4 pörtum, Þórarinn prest Erlendsson.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að með því háskólakennari *Johnstrup*, sem eins og yður mun kunnugt rannsakaði námann í fyrra, hefir látið þá skoðun í ljósi, eins og sjá má af meðfylgjanda endurriti af skýrslu hans, að það muni leiða af aðferð þeirri, sem nú sè við höfð við afnot námans, að hann eyðileggist, og að nauðsýn beri því til, að banna eigandanum að 3/4 pörtunum að láta brjóta úr námanum um nokkurn tíma, verður stjórnarráðið að álíta það ótiltækilegt, að endurnýja leigumálann við Túlinius, sem er á enda 31. desbr. þ. á. Með því nú kynni að vera ástæða til að búast við því, að Túlinius, sem á ný hefir leigt 3/4 partana af námanum um 5 ár, þykist hafa rètt til að nota námann, þótt honum sè neitað um að fá til leigu þann hlutann, sem er þjóðeign, og þótt sameignin við Þórarinn prest Erlendsson sè að óskiptu, og því þess eðlis, að hvorugur hafi nokkurn tiltekinn part af námanum, þar sem annar eigandinn má brjóta úr honum silfurberg að hinum fornspurðum, og halda því einn, mælumst vèr til, að þèr látið leggja

rèttarbann á, að Þórarinn prestur Erlendsson og kaupmaður Túlinius noti námið með nokkru móti, þangað til búið er að koma sèr saman um reglulega aðferð við afnot námans. Jafnframt þessu mælumst vèr til, að þèr leitið til samninga við Þórarinn prest Erlendsson um rekstur námans eptirleiðis, samkvæmt þeim aðalatriðum, sem háskólakennari *Johnstrup* hefir bent á, og að þèr við tækifæri reynið til að fá vitneskju um, hvort Þórarinn prestur Erlendsson sè fús til þess að bregða sameigninni og með hvaða skilmálum. 1872. 7. nóvbr.

Um leið og vèr að endingu mælumst til, að þèr bjóðið hlutaðeiganda sýslumanni að hafa umsjón með, að enginn brjóti úr námanum með ólöglegu móti, hvorki innlendir nè útlendir menn, og gjörið ráðstafanir til að láta hylja námann með möl, eins og háskólakennari *Johnstrup* hefir sagt fyrir, búumst vèr við að fá skýrslu frá yður um ráðstafanir þær, sem þèr gjörið í þessu skyni.

---

110. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um heimtingu brennivínsgjalds. 7. nóvbr.

Útaf því að sýslumaðurinn í Árnessýslu, Þorsteinn kansellíráð Jóhnsen hefir mælzt til, að fyrrum sýslumaður Þórður Guðmundsson, sem býr nálægt Eyrarbakka verzlunarstað, — en sýslumaður sjálfur hefir heimili sitt nokkurra stunda ferð þaðan — verði settur af amtinu til þess að hafa umsjón fyrir hönd sýslumanns með heimtingu gjalds þess á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, sem fyrir er mælt um í tilsk. 26. febr. þ. á., og að veita megi honum í líkingu við það, sem ákveðið er í opnu brèfi 28. desbr. 1836, helminginn af innheimtulaunum þeim, sem í tilsk. 26. febr. þ. á. eru lögð til sýslumanns, án þess þó að dregið verði nokkuð af sýslumanni í innheimtulaunum þeim, sem honum eru ætluð og sem eru 2 % af gjaldinu, sem heimt er

1872. 7. nóvbr. saman, hafið þèr, herra stiptamtmaður, í brèfi 13. septbr. þ. á. borið undir úrskurð stjórnarráðsins:

1) hvort fela megi, þegar svo standi á, að lögreglustjórinn búi ekki á verzlunarstaðnum eða í grennd við hann, áreiðanlegum og óvilhöllum manni þar, sem hlutaðeigandi amtmaður skipar til þess, á hendur, að heimta tèð gjald saman, í líkingu við það, sem fyrir er mælt í opnu brèfi 28. desbr. 1836, 9. gr., um tilsjón með skipaskjölum, eða þá:

2) hvort lögreglustjóri hafi heimild til að veita manni, sem amtið hefir sett til þess að rita á skipaskjöl, umboð til að framkvæma störf þau, sem eru samfara heimtingu gjaldsins, á sína ábyrgð.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að það verður að vera komið undir hlutaðeiganda lögreglustjóra sjálfum, að sjá um, að maður, sem hann hefir gefið umboð til þess, í forföllum hans geti heimtað saman gjaldið á hans ábyrgð og hans kostnað, og framkvæmt störf þau, sem þessu eru samfara, og að ekkert er því til fyrirstöðu, að þetta umboð sè með nefndum skilyrðum veitt þeim manni, sem amtið hefir sett, samkvæmt opnu brèfi 28. desbr. 1836, til þess að rita á skipaskjölin[1].

---

7. nóvbr. **111. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um ríkisskuldabrèf.**

Eptir að hingað hafði borizt álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 29. apríl f. á., um að löggilda á Íslandi ráðstafanir þær, sem gjörðar hafa verið á seinni árum fyrir hina hluta ríkisins, til þess að koma í lag ríkisskuldunum innanlands, sendi dómsmálastjórnin fjárhagsstjórninni bæði þetta álitskjal yðar

---

[1]) Sama dag var brèf þetta tilkynnt hinum amtmönnunum.

og álit frá hinum amtmönnunum á Íslandi um málið, jafnframt og vèr gátum þess, hvað örðugt það væri, að gjöra þessar ráðstafanir fyrir Ísland, nema fela mætti á hendur einhverju yfirvaldi þar, og þá sèrílagi landfógetanum, vald til að rita ríkisskuldabrèf í viðaukadeild við innskriptarbók fjárhagsstjórnarinnar. Í svari sínu lýsti fjárhagsstjórnin því yfir, að hún væri fús til að veita Íslendingum ýms hagræði með tilliti til að rita ríkisskuldabrèf í innskriptarbók fjárhagsstjórnarinnar og hafa skipti á þeim, en ekki þóttist hún geta gengið að því, að fela nokkru yfirvaldi þar í landi á hendur, að rita ríkisskuldabrèf í viðaukadeild við innskriptarbókina, en þareð dómsmálastjórnin framvegis varð að álíta, að nema það sè gjört væri eigi æskilegt, að þær ráðstafanir, sem á seinni tímum hafa gjörðar verið til þess að koma í lag ríkisskuldunum innanlands, yrði innleiddar á Íslandi með lögum, hefir fjárhagsstjórnin sleppt þeirri fyrirætlun, að koma þessu til leiðar. Jafnframt þessu hefir tèð stjórnarráð samt sem áður, til þess menn af sjálfsdáðum yrði fúsari til að hagnýta þessar ráðstafanir viðvíkjandi ríkisskuldunum, veitt Íslendingum ýms hagræði í þessu efni, sem í raun og veru eru hin sömu, sem hefði orðið samfara því, ef fyrnefnt fyrirkomulag á ríkisskuldunum hefði orðið innleidt með lögum og mönnum gjört að skyldu, að fara eptir því. Fjárhagsstjórnin hefir þannig leyft, að vextirnir af innskriptarskýrteinum, sem Íslendingar kunna að heimta fyrir ríkisskuldabrèf, sem eigi verður sagt upp, verði borgaðir mönnum við jarðabókarsjóð Íslands, ef þeir gefa sig undir það, sem fyrir mælt er um tèð ríkisskuldabrèf í auglýsing fjárhagsstjórnarinnar 20. septbr. 1859, án þess þeir sýni innskriptarskýrteinin, að svo miklu leyti sem þau eru eign opinberra stofnana eða sjóða (merkt einkunnarstafnum C), eða eru látin til fyrir skuldabrèf, sem sett eru að veði til tryggingar opinberum gjaldheimtum (merkt einkunnarstafnum E), en eigi einstakir menn innskriptarskýrteinin (merkt einkunnarstöfunum D og F), verður að leggja þau fram við jarðabókarsjóðinn, til þess ritað verði á þau, að vextirnir sè borgaðir, nema því að eins, að eitthvert yfirvald hafi vottað, að borgun vaxtanna sè rituð á skýr-

1872. 7. nóvbr.

1872. 7. nóvbr.

teinin í viðurvist þess. Samfara þessu hefir fjárhagsstjórnin látið í ljósi, að landfógeti verði vandlega að hafa gætur á, að þeir, sem að rèttu eiga í hlut, kvitti fyrir vöxtu af allskonar innskriptarskýrteinum, og að það sè þeir, sem fjárhagsstjórninni er skýrt frá að eigi að taka við vöxtunum, og má ekki útaf þessu bregða, jafnvel þótt sannað verði fyrir landfógeta, að breyting hafi orðið á viðvíkjandi umráðunum yfir innskriptarskýrteinunum; en þá skal vísa þeim, sem í hlut eigi, til fjárhagsstjórnarinnar, og skulu þeir, ef innskriptarskýrteinin eru orðin eign annars manns, senda þau fjárhagsstjórninni með nægum skilríkjum, og ef þau verða afsöluð öðrum, senda með tilhlýðilega staðfest umboð fyrir þann, sem rita skal undir í innskriptarbókina hjá fjárhagsstjórninni fyrir þeirra hönd.

Ennfremur hefir fjárhagsstjórnin látið það eptir, að senda megi fjárhagsstjórninni gömul ríkisskuldabrèf eða rentuklippingaskuldabrèf, til þess þau verði rituð í innskriptarbók, og gömul ríkisskuldabrèf án rentuklippinga, til þess skipti verði höfð á þeim, með því móti að þeim verði skilað til landfógetans, þannig, að kostnaðurinn við flutning á þeim milli jarðarbókarsjóðsins og fjárhagsstjórnarinnar greiðist af ríkissjóðnum, og að hann hafi ábyrgðina. Aptur á móti hefir landfógeti engin afskipti af því, þegar menn vilja taka fè út úr innskriptarbókinni, með því eigendurnir sjálfir eða umboðsmenn þeirra með tilhlýðilega heimild verða að koma til fjárhagsstjórnarinnar, til þess að skrifa undir eins og með þarf í innskriptarbókina, og skulu þeir hafa með sèr þau rentuklippinga-skuldabrèf, sem þeir vilja fá útborguð. Hið sama er og, ef innskriptarskýrteini eru sett að veði eða leyst úr veði; en ef á að öðru leyti að senda þau fjárhagsstjórninni, til þess að ritað verði á þau vottorð ríkisskulda-forstjórans, og þeim svo skilað aptur, eða þau eru send fjárhagsstjórninni, til þess að höfð verði skipti á þeim fyrir ný innskriptarskýrteini, má gjöra það eins og sagt var á kostnað ríkissjóðsins, með því að senda þau landfógeta áleiðis til fjárhagsstjórnarinnar. Um þá aðferð, sem við höfð verður, þegar landfógeti tekur við skýrteinunum eða hann skilar þeim aptur, hefir fjárhagsstjórnin þar að auki látið í ljósi, að fara megi eins að og sagt er fyrir í brèfi

dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1870[1], um móttöku rentuklippinga-skuldabrèfa, til þess að fá nýja rentuklippinga, og um það hvernig þeim verði skilað aptur. 1872. 7. nóvbr.

Um leið og þetta verður yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það landfógeta, og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, skal þess getið, að fjárhagsstjórnin hefir í hyggju að útbýta meðal þeirra manna á Íslandi, sem í höndum hafa skuldabrèf með rentuklippingum, sem eigi verður sagt upp, um leið og vextir verða borgaðir úr jarðabókarsjóðnum 11. júní 1873, áskorun, sem prentuð er bæði á Íslenzku og Dönsku, til þeirra, sem í hlut eiga, að þeir sjálfkrafa sendi til fjárhagsstjórnarinnar skuldabrèf sin, til þess þau verði rituð í innskriptarbók, eða skipti höfð á þeim fyrir rentuklippinga-skuldabrèf. Eptir beiðni tèðs stjórnarráðs skorum vèr á yður, að þèr vilið sjá um, að upphæðir þeirra konunglegu skuldabrèfa, sem tilheyra sjóðum þeim og stofnunum, sem standa undir yðar stjórn, verði tekin upp í innskriptarbækur fjárhagsstjórnarinnar, og að þèr vilið styðja að því, að hið sama smátt og smátt verði gjört, að því leyti er snertir stofnanir í yðar umdæmi, sem eigi beinlínis standa undir yðar stjórn.

---

112. Reglugjörð um framkvæmdir á auglýsingunni af 26. septbr. 1872 um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sèrstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis, útgefin af aðalpóststjórninni í Kaupmannahöfn og stiptamtmanninum yfir Íslandi, samkvæmt auglýsingarinnar 18. grein, þann 6. og 24. nóvbr. 1872. 24. nóvbr.

1. grein.

Meðal íslenzkra og danskra pósthúsa skal skiptast bæði brèfa- og sendinga-skrám á, nefnilega:

---

[1]) Tíð. um stjórnarmálefni Íslands, III., 94.

1872. 24. nóvbr.

milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur
— ——— — Vestmannaeyja
— ——— — Djúpavogs

að því leyti gufuskipið kemur við á seinastnefndum stað.

Enn fremur skal brèfaskrám skiptast á milli þeirra staða, sem prívat skip sigla á milli, þegar brèf verða með þeim send.

2. grein.

Þeir, er senda póstsendingar, geta heimtað að hleypiseðill verði út gefinn uppá þær sendingar, sem ábyrgð er á, þegar grunur er um, að þær hafi ekki komizt til skila.

Sá er hleypiseðil heimtar, svarar burðargjaldi sem fyrir einfalt brèf.

Komi það upp, að yfirsjón hjá póstafgreiðslunni hafi gefið tilefni til að hleypiseðill var heimtaður, skal burðargjaldi skilað aptur. Endursending hleypiseðla er ávallt frígeng sem póstmálefni.

3. grein.

Þegar senda verður brèf á eptir meðtökumanni, af því hann hefir skipt um verustað, skulu þessar reglur gilda:

a. ef brèf er sent á eptir meðtökumanni í það póstumdæmi, sem brèfið átti að lenda í, leggst ekki frekara burðargjald á það fyrir eptirsendingu þess;
b. eigi skal heldur frekara burðargjald krafið fyrir eptirsendingu frá einu póstumdæmi til hins;
c. útlent burðargjald leggst á brèf fyrir eptirsendingu.

4 grein.

Órètt afgreidd brèf skal, þegar því verður við komið, tafarlaust afgreiða til hins rètta ákvörðunarstaðar, hvar þá verður að heimta það burðargjald, sem út hefði komið með rèttri afgreiðslu.

5. grein.

Brèfasendingar, sem á ákvörðunarstaðnum af einhverri

ástæðu hafa ekki getað komizt til skila, skal endursenda frá báðum hliðum, þegar álíta má að þeim verði ekki komið til skila. 1872. 24. nóvbr.

Ástæðuna fyrir þessu skal rita á brèfið.

Sè innsigli skaddað, þarf ekki að taka við endursendu brèfi, nema svo sè, að það hafi órèttilega verið afhent manni með sama nafni og brotið upp af honum.

Þegar á póstsendingum stendur: „*poste restante*“, skal þær ekki endursenda fyrri enn að 3 mánuðum liðnum frá því þær komu.

Þegar brèf, sem ekki hafa komizt til skila, verða endursend, fellur ekkert burðargjald á þau. Hafi þau verið gjörð frígeng þar, sem þau voru send af stað, verður ekkert fyrir að borga. En hafi þau verið send af stað óborguð, kostar endursendingin það burðargjald, sem á þeim stóð við áframsendingu þeirra.

6. grein.

Brèf þau, sem látin eru í brèfadósir skipanna, eru háð því burðargjaldi, sem ákveðið er í auglýsingunni (26. septbr. 1872).

Frímerki þau, sem límd eru á þvílík brèf, hvort heldur dönsk eða íslenzk, skal ónýta á pósthúsinu þar, sem skip kemur, og reikna, þá er meta skal burðargjald fyrir brèfin.

7. grein.

Þær sèrstaklegu ákvarðanir um afhendingu brèfa, sem fara eiga gegnum hið danska póstumdæmi samkvæmt 20. gr. auglýsingarinnar, finnast í meðfylgjandi töflu.

8. grein.

Póstávísunum milli hins danska og íslenzka póstumdæmis, skal skiptast á einungis milli brèfpóst-skrifstofunnar í Kaupmannahöfn og póstskrifstofunnar í Reykjavík á þann hátt, er hèr segir:

1872. 24. nóvbr.

Nefndar póstskrifstofur gefa út uppteiknanir eptir meðfylgjandi sýnishorni, og setja á þær framhaldandi nr. að ofan.

Póstávísanirnar skal rita á eyðublöð eptir meðfylgjandi sýnishorni, leggja þær ásamt uppteiknuninni yfir þær í böggli meðal brèfa þeirra, er póstlistanum fylgja og mælt er með. Þarnæst verða þær borgaðar út á ákvörðunarstaðnum.

9. grein.

Bögglasendingar, sem annaðhvort endursendast af því þær gátu ekki komizt til skila, eða sendast á eptir meðtökumanni, af því hann hefir breytt verustað sínum, skal fara með og meta eins og látnar hefði verið á póstinn að nýju á þeim stað, hvaðan þær sendast tilbaka eða áfram.

Áður en sending fer tilbaka sem óafgreidd til fráfararstaðarins, skal pósthúsið á tilkomustaðnum gefa út tilkynningu um, að hún hafi ekki til skila komizt, til þess pósthúss, hvaðan sending kom, og lýsa henni nákvæmlega og þeim er sendi, ef nafn hans eða stimpill stendur á tilvísunarbrèfinu. Pósthúsið á fráfararstaðnum skal þarnæst strax spyrjast fyrir hjá þeim, er sendi, hvort hana skuli endursenda, eða hversu með hana skuli fara. Sömu aðferð skal við hafa um „*poste restante*"-sendingar, þegar þær eru ekki sóktar.

Pósthúsinu á tilkomustaðnum ber að gæta þess, að reynt verði til að selja þær sendingar á rèttum tíma, sem hætt er við skemmdum.

Hrökkvi ekki andvirði sendinganna fyrir áföllnum kostnaði, hleypur það, sem á brestur, uppá hlutaðeigandi póstsjóð.

Ef óskað er að koma sendingu frá Íslandi gegnum Danmörku til annara landa fullborgaðri, og pósthúsið á fráfararstaðnum ekki veit burðargjaldið til ákvörðunarstaðarins, skal sendingunni fylgja frígengis-skýrteini, hvarí sá, er sendir, skuldbindur sig til að borga fullt burðargjald. A þetta frígengisskýrteini verður þá burðargjaldið ritað á böggla- póstskrifstofunni í Kaupmannahöfn, frígengis-skýrteinið sent til baka, og burðar-

gjaldið lagt á póstskrifstofuna í Reykjavík. Af frígengis-skýr- 1872.
teininu borgast ekkert burðargjald. 24. nóvbr.

10. grein.

Á utanáskriptarflöt allra brèfa og tilvísunarbrèfa frá báðum póstumdæmunum skal setja stimpil fráfararstaðarins og dagsetningu.

Á brèf, sem ekki eru fullborguð, skal setja stimpilinn: „ónóg borgað".

Sendingar, sem með er mælt, fá stimpilinn: „mælt með".

Sendingar, sem fara frá Íslandi gegnum Danmörk til annara landa og fullborgaðar eru, fá stimpilinn: „*franco*".

11. grein.

Til brèfaskráa skal hafa meðfylgjandi sýnishorn.

Brèfaskrár skal rita eins og skipting þeirra sýnir.

Nú er óborgað burðargjald á brèfum, sem koma gegnum Danmörku frá öðrum löndum, og skal þá útlent burðargjald og hið dansk-íslenzka burðargjald, sem hið íslenzka pósthús á að krefja, setja með stórum greinilegum rauðkrítar-tölustöfum á útskriptarflöt brèfsins í einni upphæð.

Á sama hátt skal burðargjaldið tilgreina á óborguðum brèfum, sem fara milli Danmerkur og Íslands.

Hin útlenda og sameiginlega dansk-íslenzka borgun fyrir borguð brèf frá Íslandi til útlanda, er fara gegnum Danmörku, skal rituð með litlum rauðum tölustöfum á neðra vinstra hornið á utanáskriptarfleti brèfsins í einni upphæð.

Óborguð brèf til útlanda og borguð brèf frá útlöndum fá enga áteiknun um burðargjald eða borgun.

Burðargjald það, sem, ef til vill, fellur á eptirsend brèf, eða einnig, ef til vill, á sendingar, sem senda skal til baka, af því þeim hefir eigi orðið komið til skila, skal rita með stórum greinilegum rauðkrítar-tölustöfum þvers um á utanáskriptarflöt brèfsins.

Öll brèf, sem yfirstíga einfalda vikt, skal póstskrifstofa sú,

1872. 24. nóvbr.

er þau sendir, merkja í efra vinstra horni utanáskriptar-flatarins með blárri tölu, er sýni, hversu margfalt burðargjald skal fyrir þau krefja, þegar þau verða afhent.

Sendingar, sem með er mælt, skal færa með nafni og ákvörðunarstað á brèfaskrána.

Hafi sá, er brèf sendir, heimtað meðtöku-skýrteini frá meðtökumanni, skal þess geta með athugasemdinni: „*Recepisse*“.

Brèfaskrár sendast að eins í einu lagi.

Sè ekkert að senda, skal auð brèfaskrá þó látin fara.

Af því, sem í dálkana er fært, skal taka afskript.

Tölur þær, sem færðar eru í dálkana, skal færa á burtsendingar registur eptir meðfylgjandi sýnishorni.

Þegar brèf skal pakka saman, skal þeim þannig skipað í flokka:

a. brèf, sem með er mælt, póstávísanir, hleypiseðlar, póstmálefni;
b. dansk-íslenzk brèf;
c. umfarandi brèf;
d. krossbönd og sýnishorn af vörum;
e. órètt afgreidd, eptirsend, tilbakasend brèf.

Það, sem nefnt er undir a, skal vefja í umbúðapappír, forsigla og skrifa útaná: „mælt með“.

Hin önnur brèf er nægilegt að binda saman í böggla.

Alla bögglana skal láta í brèfapoka, sem merktur er nöfnum fráfarar- og tilkomustaðarins, og skal hann síðan innsigla með póstinnsiglinu.

12. grein.

Undir bögglapósts-brèfaskrárnar skal við hafa bögglapóststbrèfaskrár þær, er meðfylgjandi sýnishorn gefur.

Allt það, er bögglapósti kemur við, skal á brèfaskrá færa hvað fyrir sig með útanáskript, fráfarar- og tilkomustað, tegund, merki og vikt. Sè sending peningavirði, skal verðsins einnig getið. Prentuðu dálkana á sýnishorninu skal fylla út samkvæmt yfirskript þeirra.

1872. 24. nóvbr.

Burðargjaldið skal rita á peningabrèfin eða á tilvísunarbrèf þau, er sendingarnar fylgja, eins og gjört er við brèfapóstinn.

Peninga- og tilvísunarbrèfin skal binda ásamt brèfaskránni í einn böggul, er ásamt minni peningasendingum og öðrum smábögglum skal láta annaðhvort í böggla-póstpoka með 2 póstinnsiglum fyrir, eða í læsta kistu, sem þar að auki fær hengilás fyrir sig. Umbúðir bögglanna skulu merktar nöfnum fráfarar og ákvörðunarstaðarins. Sè enga böggla að senda, skal þó auða brèfaskrá út gefa.

Bögglapóstlistarnir skulu, eins og brèfapóstlistarnir, vera að eins í einu lagi (*in simplo*). Afskript af þeim skal þó haldið til baka.

Tölur póstlistanna skal taka upp í burtsendingarregistur eptir meðfylgjandi sýnishorni.

13. grein.

Yfir brèfapoka, kistur, lausa böggla, peninga og peninga virði, sem sent er með póstgufuskipinu, skal gefa út stykkjaseðil í tvennu lagi til sèrhvers af ákvörðunarstöðum skipsins, eptir með fylgjandi sýnishorni, og skal annar seðillinn fylgja skipinu, en hinum skila kvittuðum aptur. Afhendingin fer fram eptir stykkjaseðlunum þannig, að sá, er á móti tekur, gætir að, hvort það, er hann tekur við, sè í góðu standi, sèrstaklega að innsiglin á pokunum sè ósköddud, og skal þarnæst kvitta á stykkjaseðilinn. Þegar afhending þannig hefir átt sèr stað, er ábyrgðin komin yfir á meðtakanda. Á sama hátt á afhending stað í gagnstæða stefnu frá skipinu til þess, er við pósti tekur fyrir hönd póstmálanna.

Í Reykjavík skal skipið fyrst um sinn annast flutning póstsins til pósthússins og frá því.

Vanti sending, eða sè hún skemmd, verður það strax að sanna, ef á þarf að halda með bóklegri rannsókn, og skal því pósthúsi, er sendi, í apturleið póstsins gjört aðvart um það fyrir

1872. 24. nóvbr.

póstvísbendingu undir „meðmælum“, og þarhjá senda hina bóklegu rannsókn í afskript, hafi hún átt sèr stað.

Bögglapóst-pokann og böggul meðmælabrèfanna skal opna með vitnum og innihaldið eins sanna ef kostur er á.

Sè þessara reglna ekki gætt, verður, unz annað sannast, álitið, að hið meðtakandi pósthús hafi tekið við öllum sendingunum í góðu standi.

14. grein.

Breytingar þær í brèfaskránni, sem, ef til vill, verða gjörðar við rannsókn póstsendinganna, skulu gjörðar með bláu eða rauðu bleki á þann hátt, að það, sem áður var ritað, samt verði lesið. Við breytinguna skal stuttlega geta ástæðunnar til hennar.

Þarnæst skal ávallt, þegar breyting hefir verið gjörð, senda póstvísbending undir meðmælum eptir meðfylgjandi sýnishorni til baka með næsta pósti á það pósthús, sem gaf út póstlistann. Þegar stærri afbrigði koma fyrir, skal sá póstþjónn, er kallaður var sem vitni að rannsókninni, einnig undirskrifa póstvísbendinguna. Pósthús það, er hana fær til baka, gjörir þá — ef það viðurkennir aðfinninguna — nauðsynlega breytingu í burtsendingar-registrinu, setur á póstvísbendinguna: „viðurkennd“ með dagsetningu og undirskript og endursendir hana pósthúsi því, er sendi hana út. Hin viðurkennda póstvísbending verður síðan fylgiskjal með hlutaðeigandi póstlista.

15. grein.

Brèfaskrár, póstávísana-uppteiknanir og bögglapóstlistann frá Danmörku, sendir hið íslenzka pósthús, ef kostur er á, með sama pósti til baka til endurskoðunar-skrifstofunnar undir aðalúrskurðarvaldi reikninga póstmálefnanna í Kaupmannahöfn, er eptir þeim semur nauðsynlegan afreikning yfir kröfur þær, er önnur lönd hafa uppá burðargjald, helminginn af borguninni fyrir póstávísanir og hið íslenzka auka-burðargjald af bögglum, og verður afreikningur þessi með tilhlýðilegum fylgiskjölum þarnæst, ef kostur

er á, með næsta pósti sendur landshöfðingjanum til rann- 1872.
sóknar. 24. nóvbr.

Það, sem milli kann að bera, kemur til leiðréttingar í næsta afreikningi.

16. grein.

Reglugjörð þessi kemur í gildi og verður í gildi um sama tíma sem ákvarðanir auglýsingarinnar 26. septbr. 1872.

Rètta þýðing staðfestir

Hilmar Finsen.

---

113. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um uppgjöf á jarðarafgjaldi. 26. nóvbr.

Í brèfi, dagsettu 13. águstm. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, samkvæmt bænarskrá hlutaðeiganda umboðsmanns lagt til, að gefa megi upp landsetanum á $^1/_8$ parti af jörðunni Grímstöðum, sem heyrir undir Þykkvabæjar klausturs góz, Friðfinni Sigurðssyni, jarðarafgjaldið frá fardögum 1872 til fardaga 1874, þar með talin leiga til Mikjálsmessu s. á, sem endurgjald fyrir það, að hann hafi orðið að flytja húsin á óhultari stað sökum áfalla af sandfoki.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að gefa megi tèðum landseta upp tveggja ára landskuld og leigu, eins og stungið var uppá.

1872. 1. desbr.

114. Auglýsing frá stiptamtmanninum yfir Íslandi, viðvíkjandi póstmálum.

1. Tilskip. 26. febr. 1872 um póstmálefni á Íslandi kemur í lagagildi með póstum þeim, er fara frá Reykjavík í marzmánuði 1873, þannig, að ákvarðanir auglýsingarinnar 3. maí 1872 verða frá þessum tíma við hafðar við allar póstsendingar bæði í landinu sjálfu, sem við þær sendingar, er fara milli Íslands og Danmerkur eða útlanda.

2. Frá greindum tíma skal allar póstsendingar, er borga skal undir, gjöra frígengar með íslenzkum póstfrímerkjum, sem fást munu keypt á póstskrifstofunni í Reykjavík, og öllum póstafgreiðslustöðum, sem nefndir eru í augl. 3. maí þ. á., sem og í minni deildum á hverjum þar nefndum brèfhirðingarstað.

Með póstunum til Reykjavíkur í næstkomandi marzmánuði skal leyft að greiða burðargjald með álímdum íslenzkum frímerkjum, og er það ráðlegast einkum með tilliti til þeirra sendinga, er áfram skulu halda með póstgufuskipinu frá Reykjavík.

3. Um brèfburðargjald fyrir póstsendingar í landinu sjálfu vísast til póst-tilskipunarinnar af 26. febr. 1872, 8. gr., og auglýsingarinnar af 3. maí s. á.

4. Brèfburðargjald fyrir póstsendingar milli hins íslenzka og danska póstumdæmis er samkvæmt augl. 26. septbr. þ. á., sem hèr segir:

a. Fyrir almenn brèf, sem fyrirfram eru borguð:
þegar þau vega allt að 3 kvint . . . . . 8 sk.
— — — yfir 3 allt að 25 kv. . 16 —
— — — — 25 — — 50 kv. . 24 —
Brèf, sem mælt er með, skal borga fyrirfram.

b. fyrir prentuð rit bundin í kross eður einbundin, sýnishorn af vörum eður eptirsnið, sem fyrirfram eru borguð og vega allt að 25 kvint, 8 sk., en sè viktin þar yfir, allt að 50 kv., þá 12 sk.

Sè sendingar þær, sem nefndar eru undir a. og b., ekki borgaðar fyrirfram, er burðargjald tvöfalt við það, sem nú var sagt.

c. Sè mælt með nefndum sendingum a og b, skal enn fremur borga fyrirfram 8 sk. fyrir hverja sendingu, auk hins almenna burðargjalds.

d. Fyrir peningabrèf skal borga, auk þess litr. a eptir viktinni ákveðna burðargjalds, enn fremur ábyrgðargjald 12 sk. af hverjum 100 rd. eða minna af því verði, sem á brèfinu er tiltekið.

e. fyrir böggla er aðalburðargjaldið 12 sk. fyrir hvern böggul, að við bættum 4 sk. fyrir hvert pund, er böggull vegur; skuli böggul þaraðauki flytja með innanlands-póstum, 16 sk. fyrir hvert pund.

Fyrir tiltekið verð á böggli skal enn fremur greiða ábyrgðargjald sem eptir litr. d. Fyrir tilvísunarbrèfið, sem ekki má vega yfir 3 kvint, skal ekkert borga sèrílagi.

f. Póstávísunum má skiptast á milli póstskrifstofunnar í Reykjavík á aðra hlið og pósthúsanna í Danmörk á hina. Burðargjald fyrir þær er 8 sk. fyrir hverja 15 rd. eða minna, en þó ekki yfir 32 sk.

5. Um burðargjald fyrir sendingar milli hins íslenzka póstumdæmis og útlanda verða upplýsingar optastnær að fá hjá öllum póstafgreiðendum í landinu.

6. Dönsk eða útlend póstfrímerki verða ekki notuð til borgunar burðargjaldi undir brèf, sem komið er á póstana í Íslandi, heldur verður til þess að hafa íslenzk frímerki, er nú sem stendur eru gefin út uppá 2, 4, 8 og 16 sk. (2, 4, 8 og 16 rd. fyrir 100 frímerki).

7. Brèf til konungsins og konungsættarinnar skal jafnan senda borguð, og sömuleiðis allar sendingar til yfirvaldanna, nema sá, er sendir, hafi ritað á útskriptarflöt brèfsins (sè það böggull, þá á tilvísunarbrèfið) vottun með eiginhandar nafni sínu um að sendingin snerti „skipaða skýrslu“, eða „heimtað álit“, eða sè „skipuð sending“.

8. Um pöntun gegnum póstafgreiðslurnar á tíðindum þeim og tímaritum, er út koma hèr á landi, mun nákvæmari auglýsing verða gefin út.

1872.
1. desbr.

9. Auglýsingin um póstmálefni á Íslandi af 3. maí 1872 verður að fá til kaups fyrir 8 sk. á pósthúsinu í Reykjavík og hjá öllum póstafgreiðendum í landinu. Á sömu stöðvum og öllum brèfhirðingarstöðum munu einnig liggja til eptirlits, auk þessarar auglýsingar, tilskipun 26. febrúar þ. á. og auglýsing 26. septbr. þ. á., innihaldandi ákvarðanir um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sèrstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis.

10. Í staðinn fyrir póstafgreiðslu þá, sem eptir augl. 3. maí þ. á. var tilætluð á Kirkjubæjarklaustri, er þvílík póstafgreiðsla fyrst um sinn stofnuð á Prestsbakka. Aðrar í auglýsingunni nefndar póstafgreiðslur og brèfhirðingarstaðir eru óbreyttir.

11. Fyrir árið 1873 eru tilteknir þessir ferðadagar fyrir póstana frá endastöðvum aðalpóstleiðanna:

	Póstleið I. Reykjavík, Stykkishólmur, Ísafjörður.				Póstleið II. a, Reykjavík, Akureyri.		Póstleið II. b, Akureyri, Djúpivogur.		Póstleið III. Reykjavík, Prestsbakki, Djúpivogur.			
	frá Reykjavík	frá Stykkishólmi	frá Ísafirði	frá Stykkishólmi	frá Reykjavík	frá Akureyri	frá Akureyri	frá Djúpavogi	frá Reykjavík	frá Prestsbakka	frá Djúpavogi	frá Prestsbakka
I.	25. marz	4. apr.	14. apr.	29. apr.	26. marz	21. apr.	10. apr.	30. apr.	27. marz	9. apr.	22. apr.	1. maí
II.	8. maí	15. maí	24. maí	10. júní	9. maí	5. júní	23. maí	10. júní	10. maí	19. maí	2. júní	11. júní
III.	18. júní	25. júní	4. júlí	20. júlí	19. júní	14. júlí	1. júlí	19. júlí	20. júní	29. júní	12. júlí	21. júlí
IV.	28. júlí	4. ág.	13. ág.	30. ág.	29. júlí	25. ág.	10. ág.	28. ág.	30. júlí	9. ág.	20. ág.	28. ág.
V.	6. sept.	13. sept.	23. sept.	10. okt.	8. sept.	4. okt.	21. sept.	7. okt.	9. sept.	18. sept.	2. okt.	10. okt.
VI.	19. okt.	26. okt.	6. nóv.	20. nóv.	20. okt.	10. nóv.	6. nóv.	22. nóv.	21. okt.	29. okt.	10. nóv.	19. nóv.
VII.	1. des.	12. febr.	23. febr.	14. marz	2. des.	7. marz	18. des.	12. jan.	13. des.	19. des.	5. jan.	16. jan.

1872.
1. desbr. Frá endastöðvum póstleiðarinnar leggur póstur af stað snemma morguns hinn ákveðna ferðadag, og brèfa meðtaka hættir kl. 8 kvöldinu fyrir. Komudagur pósts til og ferðadagur hans frá millistöðvunum verður ekki nákvæmlega tiltekinn. Þeir fyrstu ferðadagar frá millistöðvunum, sem til eru teknir í hinni nákvæmu ferðaáætlun, eiga einungis að gefa í skyn, að póstarnir megi þar ekki lengur dvelja, en þörf gjörist til að afgreiða þá áleiðis og að kynna almenningi þann tíma, er með vissu verður tekið við póstsendingum á millistöðvunum með hverjum pósti.

Aukapóstarnir fara optastnær daginn eptir að aðalpósturinn frá Reykjavík kemur á þann stað, hvaðan aukapóstur skal hefja ferð sína, og koma aptur til baka eptir sólarhrings dvöl á endastað leiðar sinnar, þó svo að þeir ávallt skuli ná aðalpósti á aptur-leið hans um hlutaðeigandi póststöðvar.

Að öðru leyti vísast til hinnar nákvæmu ferða-áætlunar póstanna, sem verða mun til eptirlits og leiðbeiningar á öllum póststöðum í landinu, og þar að auki verða látin til útbýtingar hjá amtmönnunum.

Íslands stiptamt Reykjavík, 1. desbr. 1872.

Hilmar Finsen.

---

5. desbr. **115. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sölu tómthúss á Vestmannaeyjum.**

Með brèfi, dagsettu 5. oktbr. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem tómthúsmaður Guðmundur Árnason á Ömpuhjalli á Vestmannaeyjum sækir um, að hann fái til eignar ný hús, sem hann hefir byggt upp á lóð nokkurri, sem er þjóðeign, með þeim skilyrðum, að hann borgi til umboðssjóðsins 28 rd., sem hús þau, er fylgdu lóðinni og sem honum voru fengin við úttektina, eru virt samkvæmt skoðunargjörð, sem framfór 17. marz 1870, og að hann greiði eins og hingað til 32

fiska, eptir verðlaginu á hörðum fiski, í lóðargjald fyrir tèð hús á ári hverju. 1872. 5. desbr.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það sækjandanum, að stjórnarráðið eptir kringumstæðunum leyfir, að bæði hin nýju hús og sjálf lóðin með tilheyrandi garðstæði verði eign hans, með þeim skilyrðum, að hann greiði á ári hverju til umboðssjóðsins 32 fiska afgjald, sem hvíli á eigninni og verði þinglýst sem veð, og að hann borgi til tèðs sjóðs 28 rd. fyrir gömlu húsin.

---

116. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sekt fyrir afbrot gegn sóttvarnarlögum. 10. desbr.

Í brèfi, dagsettu 24. septbr. þ. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, borið undir úrskurð stjórnarráðsins fyrirspurn frá bæjarfógetanum í Reykjavík um, hvort sóttvarnarhaldsnefndin þar megi verja sekt nokkurri uppá 15 rd., sem skipstjóri A. B. Lassen frá Kaupmannahöfn hefir goldið til sóttvarnarhaldsstjórnarinnar, samkvæmt úrskurði stiptamtsins 23. febr. þ. á. fyrir afbrot, er hann hafði gjört sig sekan að í Reykjavík gegn tilsk. 8. febr. 1805[1], — en fyrnefndur bæjarfógeti hefir tekið við sektinni —, til þess að borga kostnað þann, sem hefir hlotizt af ráðstöfunum þeim, sem gjörðar hafa verið á þessu ári til sóttvarnarhalds, eða þá að öðrum kosti, í hvern sjóð greiða skuli tèða upphæð, og hafið þèr jafnframt stungið uppá, hvort greiða skuli upphæðina í landssjóðinn, eða ávísa hana sóttvarnarhaldsnefndinni til þess, sem sagt var.

Út af þessu verður yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það bæjarfógeta, að með því

---

[1]) Lovsamling for Island, VI., 691.

1872. 10. desbr. ákveðið er með konungs úrskurði 6 júní 1851[1], að útgjöld þau, sem þurfi til sóttvarnarhalda, skuli greidd úr jafnaðarsjóði hlutaðeiganda amts, verður og að álíta, að sektir fyrir afbrot gegn sóttvarnarlögum skuli renna í téða sjóði, og skal því greiða fyrnefnda 15 rd. samkvæmt þessu til jafnaðarsjóðs suðuramtsins.

---

17. desbr. **116. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu, um verzlun við Sigríðarstaða-ós í Húnavatnssýslu.**

Eptir að hingað hafði borizt brèf yðar, herra amtmaður, dagsett 14. októbr. þ. á., ásamt með tilheyrandi fylgiskjölum, höfum vèr í dag skrifað hinum íslenzku kaupmönnum F. Hillebrandt og F. Gudmann á þessa leið:

„Í skjali nokkru, dagsettu 30. októbr. f. á., hafið þèr skýrt frá, að skonnortuskipið Erlen frá Norvegi, sem skipstjórnarmaður Andreassen ræður fyrir, og sem verzlunarfèlag nokkurt í Björgvin á eða hefir haft til leigu, — en verzlunarfèlag þetta hefir eigi fastan verzlunarstað á Íslandi — hafi í fyrra sumar siglt upp á Sigríðarstaða-ós í Húnavatnssýslu, og hafi þá á téðu skipi verið keyptar innlendar og seldar útlendar vörur; hafið þèr út af þessu jafnframt farið þess á leit, að hlutaðeiganda lögreglustjóra verði boðið, að sjá um, að verzlunarlögunum verði fram fylgt.

Eptir að vèr höfum látið halda lögregluþróf í málinu, gefum vèr yður til vitundar, að með því það er komið fram við þófið, að hið íslenzka verzlunarfèlag við Húnaflóa, sem á verzlunarstað á Borðeyri, hafi haft til leigu téð skip frá Norvegi, og að verzlunin með farm skipsins hafi fram farið fyrir reikning nefnds fèlags, án þess það sè sannað, að brotið hafi verið í nokkru gegn hinum íslenzku verzlunarlögum (sbr. opið brèf 19. maí 1854)[2], hefir

---

[1]) Lovsamling for Ísland, XV., 109, sbr. 148.

[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 7.

stjórnarráðið eigi fundið ástæðu til að halda lengra út í þetta mál". 1872. 17. desbr.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss að tilkynna yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar.

---

118. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um sending tíðinda frá ríkisþingi Dana. 17. desbr.

Eptir að vèr samkvæmt beiðni yðar, herra stiptamtmaður, með brèfi 24. septbr. höfðum hlutazt til um, að send voru með síðustu póstskipsferð á þessu ári til bókasafns alþingis þau þrjú ár af tíðindum frá ríkisþingi Dana, sem vantaði, og stungið uppá, að veitt yrði landshöfðingja-embættinu ókeypis exemplar af tèðum tíðindum, hefir skrifstofa ríkisþingsins skýrt stjórnarráðinu frá, að forsetar þingdeildanna hafi samþykkt uppástungu þessa, þannig að skjalasafn tèðs embættis fær ókeypis exemplar af tíðindunum frá ríkisþingi þessa árs og eptirleiðis.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss að tilkynna yður, yður til leiðbeiningar.

---

119. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um fiskiveiðar Englendinga við Ísland. 18. desbr.

Dómsmálastjórnin sendir yður, herra stiptamtmaður (herra amtmaður), með brèfi þessu ágrip af skýrslu frá foringjanum á herskipinu *Valorous*, sem enska stjórnin sendi í sumar til Færeyja og Íslands, til þess að hafa gætur á enskum fiskimönnum þar,

1872. 18. desbr. og hefir utanríkisstjórnin sent hana dómsmálastjórninni, sem hefir látið leggja hana út á Dönsku[1].

---

[1]) Skýrslan er svo látandi, að því leyti er snertir Ísland:

Kapt. Thrupp, skipstjóri á enska herskipinu „Valorous", sem skipað var að rannsaka, hvort enskir fiskimenn hefði í frammi yfirgang þar sem þeir kæmi við Ísland og Færeyjar, eins og kvartað hefir verið undan, og senda skýrslu um það, átti fund við stiptamtmann Hilmar Finsen, og reyndi til að komast að raun um, hvað satt væri í þessu, með því að ganga á fiskiskipin og leggja spurningar fyrir skipshafnirnar.

Stiptamtmaður sagði svo frá, að eigi væri kvartað undan enskum fiskimönnum, og hefði það heldur ekki verið gjört um mjög langan tíma.

Með því Kapt. Thrupp hafði ekki fengið neinar skýrslur um fiskiveiðar Englendinga við Norðurland og Austurland á þessu ári, réði hann af að sigla til Akureyrar; honum hafði einnig verið skýrt frá, að ensk skip kæmi sjaldan inn á Faxaflóa og Breiðafjörð, og til Reykjavíkur; væri afli mestur á þessum fjörðum á vorin fyrir miðjan maim.

Fyrir amtmanninum fyrir norðan hafði svo árum skipti ekki verið kært yfir enskum fiskimönnum; væri þeir ekki vanir að koma á Akureyri, en væri opt á Skagafirði og Siglufirði. Sýslumaður skýrði að eins frá einni kæru yfir enskum fiskimönnum; var því máli svo háttað, að ensk skip nokkur komu á Siglufjörð og lögðust við akkeri; seldu Englendingar landsmönnum þar hval, er þeir höfðu náð; lofuðu þeir að borga akkerisgjald (á líklega að vera lestagjald), en svikust um það; Kapt. Thrupp gat samt ekki gjört neitt við þetta, sökum þess að menn vissu ekki nöfn skipanna eða númer

Á Húsavík var kapt. Thrupp sagt frá, að þar væri eigi kvartað undan yfirgangi af enskum fiskimönnum, og hefði fáir komið á Húsavík, þótt þeir aflaði skammt þaðan.

Embætta veitingar, nafnbætur o. s. frv. árið 1872.

Vatnsfjörður í Ísafjarðarsýslu veittur prófasti, sóknarpresti að Reykholti, Þórarni Kristjánssyni. 21. maí.

Suðurmúlasýsla veitt Cand. juris Jóni A. Johnsen. 29. júní.

Vestmannaeyjasýsla veitt Cand. juris Michael Marius Ludovico Aagaard. s. d.

Sören Hilmar Steindór Finsen, stiptamtmaður, skipaður landshöfðingi yfir Íslandi. s. d.

Bergur Thorberg, amtmaður, skipaður amtmaður yfir suður- og vesturumdæmi Íslands. s. d.

Hítardalur veittur kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík Jónasi Guðmundssyni. 3. júlí.

Forstöðumaður prestaskólans á Íslandi, lector theologiæ Sigurður Melsteð, sæmdur riddarakrossi dannebrogsorðunnar. 18. sept.

Fimleikakennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, L. Steenberg, sæmdur heiðursmerki dannebrogsmanna. s. d.

Cand. juris Jón Johnsen skipaður skrifari hjá landshöfðingjanum yfir Íslandi. 20. nóvbr.

1873.

1873. 4. janúar. **1. Reikningsyfirlit yfir tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmán. 1871 til 31. marzmán. 1872.** (á Íslenzku og Dönsku).

Christian hinn Níundi, o. s. frv.

Vora sèrlegu hylli!

Vèr veitum þèr hèrmeð allramildilegast vald til, ásamt með konungsbrèfi þessu, að láta kunngjöra almenningi reikningsyfirlit það, sem hèrmeð fylgir, yfir tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmán. 1871 til 31. marzmán. 1872, sem gjört er í dómsmálastjórn Vorri, og sem Vèr allramildilegast höfum staðfest.

Eptir þessu átt þú þèr þegnlega að hegða.

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuhöll, 4. dag janúarmánaðar 1873.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

C. S. Klein.

Til
dómsmálaráðherra Vors.

1873.
4. janúar.

Tekjur.	Fjárhags-áætlunin.	Borgað í jarðabókar-sjóðinn.	Borgað í aðalféhirzl-una.	Borgað alls.
2. grein.	rd. sk.	rd. sk.	rd. sk.	rd. sk.
1. Erfðafjárskattur og gjald af fasteignar-sölum	1,580. »	555. 39	» »	555. 39
2. gjöld fyrir leyfisbréf og veitingabréf	400. »	682. 64	». »	682. 64
3. nafnbótaskattur	250. »	155. 83	». »	155. 83
4. tekjur af lénssýslum	2,560. »	826. 33	480. »	1,306. 33
5. lögþingisskrifara laun	32. 6	7. 57	1. 66	9. 27
6. tekjur af umboðs-sýslugjöldum	970. »	100. »	» »	100. »
7. konúngstíundir	3,550. »	296. 76	873. 46	1,170. 26
8. lögmannstollur	356. »	104. 52	» »	104. 52
9. gjöld af verzlun á Íslandi	11,600. »	6,798. 24	7,268. 26	14,066. 50
gjöld af póstgufu-skipinu	994. »	» »	994. »	994. »
10. tekjur af konungs-jörðum	12,080. »	3,631. 79	3,438. 25	7,070. 8
11. gjald uppí andvirði seldra jarða o. fl.	305. »	175. 58	» »	175. 58
12. leigugjöld	103. »	103. »	» »	103. »
13. afgjald af jörðunni Belgsholti o. fl.	74. »	64. 76	» »	64. 76
14. óvissar tekjur (hér eru taldar með sekti eptir hinum almennu hegningarlögum)	1,500. »	296. 89	11. 80	308. 73
3. grein.				
1. Gjöld uppí alþingis kostnað	5,500. »	2,704. 45	682. 93	3,387. 42
2. önnur endurgjöld	1,972. 15	2,284. 45	106. »	2,390. 45
4. gr.				
Tillag úr ríkissjóðnum	19,006. »	» »	19,006. »	19,006. »
	92,832. 21	18,788. 52	62,862. 48	81,651. 4
Óborgaðar tekjur				15,402. 12
Tekjur alls				97,053. 16

1873. 4. janúar.

Útgjöld.

	Fjárhags-áætlunin.		Borgað úr jarðabókar-sjóðnum.		Borgað úr aðalfèhirzl-unni.		Útborgað alls.	
6. grein.	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.	rd.	sk.
Útgjöld, er snerta dómsmálastjórnina:								
A. 1. laun embættismanna	23,181.	64	17,549.	15	5,589.	83	23,139.	2
2. viðbót, talin samkvæmt lögum 26 marz 1870, 9. gr.	2,884.	»	2,249.	86	593.	80	2,843.	70
B. skrifstofufé o. s. frv	3,800.	»	3,512.	48	287.	48	3,800.	»
C. önnur útgjöld.....	3,629.	32	1,986.	»	677.	8	2,663.	8
7. grein.								
Útgjöld, er snerta kirkju- og kennslustjórnina:								
A. 1. laun embættismanna	13,500.	»	13,500.	»	»	»	13,500.	»
2. viðbót, talin eptir lögum 26. marz 1870, 9 gr.....	1,900.	»	1,900.	»	»	»	1,900.	»
B. fyrir umsjón (við skólann) og aðstoðarfé o. fl.....	1,260.	»	1,260.	»	»	»	1,260.	»
C. önnur útgjöld í þarfir andlegu stéttarinnar	1,918.	72	1,908.	64	»	»	1,908.	64
D. önnur útgjöld í þarfir hins lærða skóla.....	8,384.	»	7,884.	71	320	80	8,205.	55
8. grein.								
Eptirlaun.....	11,000.	»	7,311.	11	3,439.	78	10,750.	89
9. grein.								
Til kostnaðar við alþing	12,000.	»	11,303.	27	600.	»	11,903.	27
10. grein.								
Til þess að stofna hjálparsjóð	5,000.	»	550.	»	»	»	550.	»
11. grein.								
Til ýmislegra óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma.....	4,374.	45	1,767.	88	2,430.	60	4,198.	52
	92,832.	21	72,683.	26	13,939.	53	86,622.	79
Skuld til hjálparsjóðsins.	»	»	»	»	»	»	4,450.	»
Útgjöld alls.....	»	»	»	»	»	»	91,072.	79

Athugasemd.			1873.
Í jarðabókarsjóðnum 31. marz 1871		18,016 30	4. janúar.
Tekjur við jarðabókarsjóðinn samkvæmt fjárhagsáætlun		18,788. 52	
Tekjur við jarðabókarsjóðinn, sem eigi eru á fjárhagsáætlun og á að borga út aptur		82,512. 79	
		119,317. 65.	
Útgjöld við jarðabókarsjóðinn samkvæmt fjárhagsáætlun	72,683. 26		
Útgjöld við jarðabókarsjóðinn, sem eigi eru á fjárhagsáætlun og sem verða endurgoldin aptur	21,640. 28		
		94,323. 52	
Í jarðabókarsjóðnum 31. marz 1872		24,994. 13[1]	

2. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um uppreist á æru. 11. janúar.

Eptir að vèr með brèfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 9. oktbrm. f. á., höfðum fengið ítarlegri skýrslur um bænarskrá nokkra, þar sem Jón bóndi Pètursson á Grindum sækir um uppreist æru sinnar, hefir dómsmálastjórnin borið málið upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknazt 18. f. m. allramildilegast, að veita tèðum Jóni Pèturssyni uppreist á æru, eins og hann hafði sókt um.

Þetta gefum vèr yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það hlutaðeiganda, og mælumst vèr til, að þèr fáið honum leyfisbrèf það, sem með fylgir.

---

[1]) Athugasemdirnar við þetta „reikningsyfirlit", sem eru einungis á Dönsku, eru íslenzkaðar í Skýrslum um landshagi á Íslandi V., 527—549, og þar við tengdar nokkrar skýringar (sst. bls. 550-552).

1873. 14. janúar. **3. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um lausn frá nafnbót.**

Með þessu brèfi gefst yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að dómsmálastjórnin hefir 30. f. m. sent hans hátign konunginum þegnlega skýrslu um, að fyrrum amtmaður yfir norður- og austurumdæmi Íslands J. P. Havstein hafi sagt af sèr amtmanns nafnbót þeirri, sem honum bar, og fellur skylda hans til að greiða nafnbótarskatt burtu frá desbrm. sem leið, samkvæmt tilskipun 17. septbr. 1870, 3. gr.

---

31. janúar. **4. Auglýsing fjárhagsstjórnarinnar, um skipti á innlendum ríkisskuldabrèfum, sem eigi verður sagt upp, og vextir eru borgaðir af við jarðabókarsjóð Íslands, fyrir rentuklippinga-skuldabrèf, og um að þau verði tekin upp í innskriptarbókina, og fl.** (á Íslenzku og Dönsku).

Með því fjárhagsstjórnin verður að æskja þess, að innlend ríkisskuldabrèf, sem eigi verður sagt upp frá eigandans hálfu, og vextir eru borgaðir af við jarðabókarsjóð Íslands, og rentuklippingar ekki fylgja, verði felld úr gildi að svo miklu leyti sem unnt er, skorar hún á eigendurna, að senda þau til jarðabókarsjóðsins áleiðis hingað, til þess að höfð verði skipti á þeim fyrir rentuklippinga-skuldabrèf, sem ávallt hljóða uppá handhafann, eða þau verði tekin upp í innskriptarbók þá, sem til þess er ætluð í ríkisskulda-skrifstofunni í Kaupmannahöfn.

Skipti verða að eins höfð á ríkisskuldabrèfunum, eða þau tekin upp í innskriptarbók, svo heilum hundrað ríkisdölum skiptir. Minni skuldabrèf eða það, sem er fram yfir heil hundruð, verður borgað eptir gangverði því, sem á skuldabrèfin er sett á kaupmannahöllinni hèr þann dag, sem þeim er hingað skilað.

Hin gömlu skuldabrèf, sem látin eru af hendi samkvæmt

þessari áskorun, verða send frá jarðabókarsjóðnum til fjárhagsstjórnarinnar á kostnað ríkissjóðsins. Ef ekkert er því til fyrirstöðu, að skipti verða höfð á skuldabrèfunum eða þau tekin upp í innskriptarbók eða borguð út, verða hin nýju skuldabrèf eða innskriptarskýrteini, sem gefin eru út á Dönsku, send hèðan til jarðabókarsjóðsins á sama hátt, til þess þau verði þar afhend hlutaðeigendum, eða ráðstafanir gjörðar til þess að borga úr sama sjóði það, sem gefið hefir verið fyrir skuldabrèfin í peningum. 1873. 31. janúar.

Þau ríkisskuldabrèf, sem á að hafa skipti á eða sem á að borga út að öllu eða nokkru leyti, verða að hljóða uppá handhafa eða vera afsöluð honum með rèttu móti, og verður heimild þess, sem afsalar, að fylgja, þegar hennar þarf við. Að öðru leyti verður það að vera komið undir hverjum einum sjálfum, að bæta á eiginn kostnað úr misferlum þeim á heimildum sínum, sem koma fram við rannsóknina í fjárhagsstjórninni, og sem hún mun skýra þeim frá, er sendi.

Með tilliti til afnota innskriptarbókarinnar skal leiða athygli manna að því, sem hèr er sagt:

Frá því, hver eigandinn sè, skal vera skýrt nákvæmlega og út í æsar. Sè hann eigi sjálfur fjárins ráðandi, verður að bæta því við, hver hafi umráðin yfir því og hver hafi yfirumsjónina. Sèrhver eigandi getur að eins látið rita nafn sitt á einn stað í innskriptarbókinni og að eins átt eitt innskriptarskýrteini, sem hvorki má afsala nè selja. Æski eigandinn að auka upphæð þá, sem tekin er upp í innskriptarbókina, getur hann sent jarðabókarsjóðnum áleiðis hingað innskriptarskýrteini sitt ásamt þeim skuldabrèfum, sem bætzt hafa við. Á sama hátt getur hann sent það hingað með þeim skilríkjum, sem með þarf, þegar rikisskuldaforstjórinn á að rita á það vottorð um breytingu, sem orðið hefir á umráðunum yfir því, án þess það sè orðið eign annars manns, t. a. m. ef fjárhaldsmaður fær það eigandanum í hendur, vegna þess hann er orðinn myndugur, eða þegar gefa á út nýtt innskriptarskýrteini sökum þess að annar maður verður eigandi að því, án þess að afsal eigi sèr stað, t. a. m. ef kona á skýr-

1873. 31. janúar. teinið og hún giptist, ekkja tekur við óskiptu búi, eða einarfi við dánarbúi, eða að endingu þegar mælzt er til þess í afsalsbrèfi, sem hlutaðeigandi skjalaritari hefir staðfest, að upphæð, sem rituð er í innskriptarbók, verði flutt yfir á annan nafngreindan eiganda í innskriptarbókinni. Æski nokkur aptur á móti að taka upphæð út úr innskriptarbókinni, — en hún fæst að eins í rentuklippinga-skuldabrèfum, sem eigi verður sagt upp, og sem ávallt hljóða uppá handhafann — verður hann að láta mann skila innskriptarskýrteini sínu til ríkisskulda-skrifstofunnar í Kaupmannahöfn, og skal hann hafa gefið þessum manni tilhlýðilega staðfest umboð til þess að skrifa undir eins og með þarf í þessu skyni í sjálfa innskriptarbókina og taka við hinum nýju rentuklippinga-skuldabrèfum í ríkisskulda-skrifstofunni og kvitta fyrir þau. Fyrir hvert skuldabrèf skal borga 48 sk., en nýtt innskriptarskýrteini fæst ókeypis. Jarðabókarsjóðurinn má ekki, hvernig sem á stendur, borga vexti af innskriptarskýrteinunum á annan hátt, en fjárhagsstjórnin hefir fyrir lagt samkvæmt innskriptarbókinni. Af innskriptarskýrteinum þeim, sem gefin eru út fyrir fè opinberra stofnana eða sjóða og sem eru merkt með stafnum C., verða vextirnir borgaðir út án þess að innskriptarskýrteinin sè sýnd gegn kvittun þess manns, sem stjórn stofnunarinnar hefir skýrt fjárhagsstjórninni frá að hafi heimild til þess að taka við vöxtunum. Af innskriptarskýrteinum einstakra manna, sem merkt eru með stafnum D., verða vextirnir borgaðir gegn kvittun þess, sem ráð hefir yfir fènu, nema hann hafi beðið um, að þeir verði borgaðir öðrum, og verður að leggja þesskonar innskriptarskýrteini fram í hvert skipti við jarðabókarsjóðinn, til þess að borgun vaxtanna verði rituð á þau, eða vottorð verður að fylgja með kvittuninni frá einhverju yfirvaldi um, að annaðhvort hafi yfirvaldið sjálft ritað borgun vaxtanna á innskriptarskýrteinið um leið og vottorðið var gefið, eða að það hafi verið gjört í viðurvist yfirvaldsins.

Í fyrstu stjórnardeild fjárhagsstjórnarinnar, 31. dag janúarm. 1873.

Levy.

J. A. Hasselberg.

5. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um laun hins setta skólameistara. 1873. 31. janúar.

Í brèfi 6. nóvbr. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, skýrt frá, að skólameistari við hinn lærða skóla í Reykjavík Jens Sigurðsson sè andaður, og hafið þèr jafnframt leitað samþykkis stjórnarráðsins til þess, að þèr 4. s. m. hafið sett yfirkennara Jón Þorkelsson til að standa fyrir skólameistara-embættinu jafnframt því, að hann sè yfirkennari við skólann eins og áður, og ávísað honum eptir 6 vikur liðnar frá því, er hann var settur skólameistari, helming skólameistaralauna eða 66 rd. 64 sk. á mánuði. Þèr hafið einnig borið upp þá spurningu, hvort hann ennfremur hefði tilkall til helmings launaviðbótar þeirrar, sem samkvæmt lögum 26. marzm. 1870 er lögð til skólameistara embættisins, sem er 9 rd. á mánuði, og yrði það alls á mánuði 75 rd. 64 sk.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á framkvæmdir yðar í þessu máli, og skal þess jafnframt getið, að yfirkennari Jón Þorkelsson skuli sem settur skólameistari hafa í laun 75 rd. 64 sk. alls á mánuði frá þeim degi, er hann var settur, ef hann er í þeirri stöðu framyfir 6 vikur (sbr. lög 26. marz 1870, 6. gr.).

---

6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til aðalpóststjórnarinnar, um póstafgreiðslustað í Skaptafellssýslu. 8. febrúar.

Með þessu brèfi gefst aðalpóststjórninni til vitundar, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir skýrt svo frá, að hann samkvæmt því valdi, sem stjórnarráðið hefir veitt honum, hafi gjört þá breytingu á auglýsingu um póstmál á Íslandi, 3. maí f. á., að póstafgreiðslustaðurinn í Skaptafellssýslu, sem samkvæmt tèðri

1873. 8. febrúar. auglýsing skyldi vera á Kirkjubæjarklaustri, er nú settur á Prestbakka.

---

13. febrúar. 7. **Reglugjörð, sem hefir inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Til þess að koma á betra skipulagi um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Árið frá nýjári til nýjárs er reikningsár fyrir gjaldheimtur þær til landssjóðsins, sem sýslumönnum og bæjarfógetum og umboðsmönnum hins konunglega jarðagóz er trúað fyrir.

Breytingin frá reikningsári því, sem nú er, til þess það verði talið frá nýjári til nýjárs, verður á þann hátt, að hinn fyrsti reikningur, sem gjöra skal til 31. desbr., nær yfir tímabilið frá 1. apríl til 31. desbr. 1873.

2. grein.

Reikningana skal gjöra innan loka febrúarmán. þess árs, sem í hönd fer, og senda þá í tvennu lagi ásamt með tilheyrandi fylgiskjölum hlutaðeiganda amtmanni áleiðis til landshöfðingja með fyrstu póstferð þar á eptir. Í sama mund skal senda landfógetanum á Íslandi endurrit af reikningunum án fylgiskjala.

3. grein.

Reikningshaldararnir skulu heimta saman gjöld þau, sem þeim er trúað fyrir, er þau koma í gjalddaga, og, ef þess þarf við, gjöra ráðstafanir til að þau verði tekin lögtaki svo fljótt sem verða má, samkvæmt lögum þeim, sem um það gilda.

4. grein.

Gjöldin skal borga í jarðabókarsjóð Íslands eða aðalfèhirzluna jafnóðum og þau verða heimt saman, og skal venjulega senda þau með fyrstu póstferð, sem fellur fyrir eptir að þau eru greidd reikningshaldaranum.

Borgunin til aðalfèhirzlunnar má fram fara með ávísun, sem stýluð er þannig, að dómsmálastjórnin geti ráðstafað henni, og skal ávísunin hljóða uppá verzlunarhús í Kaupmannahöfn, sem almennt er álitið áreiðanlegt. Verði ekki gengizt undir að borga ávísunina þá er hún er sýnd, eða ef hún verður ekki borguð út í hönd á gjalddegi, skal reikningshaldarinn greiða upphæðina í jarðabókarsjóð Íslands með fyrsta pósti eptir að honum var skýrt frá þessu.

5. grein.

Sèrhverri þeirri upphæð, sem borguð er í jarðabókarsjóðinn eða í aðalfèhirzluna, skal fylgja brèf, annaðhvort til landfógetans á Íslandi eða dómsmálastjórnarinnar, og skal í brèfinu telja upp og skýra frá, hverjar tekjugreinir í hlutaðeiganda reikningi sè ætlazt til að verði borgaðar með þeirri upphæð, sem send er. Um leið skal senda hlutaðeiganda amtmanni áleiðis til landshöfðingja skýrslu um borgunina.

6. grein.

Sè reikningshaldarinn ekki búinn að borga allar þær tekjur, sem taldar eru í reikningnum, skal fortakslaust standa skil á því, sem þannig stendur eptir, um leið og reikningurinn er sendur, nema því að eins að heimild sè til þess að telja upphæðina með útgjöldum sem útistandandi skuld um stundar sakir eða fyrir fullt og allt; um borgun þessa skal senda skýrslu á sama hátt, og getið er að framan.

7. grein.

Landshöfðinginn skal samkvæmt erindisbrèfi því, sem gefið er út fyrir hann, hafa gætur á, að reikningshaldararnir uppfylli skyldur sínar með tilliti til þess að borga inn gjöldin og gjöra reikningana í tækan tíma, og skal hann gjöra ráðstafanir þær, sem með þarf til þessa.

1873.
13. febrúar.

8. grein.

Ef reikningshaldari gjörir ekki reikning í tækan tíma, eða hann stendur í skuld eptir reikningi þeim, sem fram er kominn, má hann ekki halda áfram að heimta saman opinber gjöld, fyr en hann hefir gjört tilhlýðilegan reikning eða borgað skuld sína.

Þegar þannig er ástatt, skal landshöfðingi annaðhvort víkja hlutaðeiganda frá embætti hans eða sýslu um stundar sakir, eða, ef það kann að þykja hagfelldara í einstöku tilfelli, setja annan mann, til þess fyrst um sinn á kostnað reikningshaldarans, að heimta saman gjöld þau, sem greiða ber á næsta eindaga, t. a. m. skatta og gjöld á næsta manntalsþingi, landskuld á næstu fardögum og fl.

9. grein.

Eptir að landfógetinn á Íslandi hefir tekið við endurritum þeim af reikningunum, sem getið er um í 2. grein, skal hann rannsaka, hvort upphæðir þær, sem tilgreint er í reikningunum að sè borgaðar í jarðabókarsjóðinn, sè í raun og veru komnar í sjóðinn, og, ef með þarf, senda landshöfðingja skýrslu um það, sem hann hefir komizt að að á vanti í þessu tilliti.

10. grein.

Umboðsmenn hins konunglega jarðagóz skulu nákvæmlega hegða sèr eptir hinum sèrstaklegu erindisbrèfum, sem þeim eru fengin, er þeir taka við umboðunum, að því leyti, er snertir umboðsstjórn og heimting þeirra gjalda, sem þeim er trúað fyrir, og skil á þeim, bókfærslu og fl.

11. grein.

Yfir tekjur af lestagjöldum samkvæmt lögum 15. apríl 1854 og af gjöldum þeim, sem fyrir er mælt um í tilskipun 26. febrúar 1872 um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, skal reikningshaldarinn halda gjaldabók, sem hlutaðeigandi amtmaður löggildir, og skal með fyrstu póstferð á hverju hálfu missiri senda amtmanni áleiðis til landshöfðingja endurrit af henni, sem hefir inni að halda nákvæma skýrslu um gjöld þau, sektir og fl., sem heimt er saman á þeim ársfjórðungi, sem liðinn er.

1873. 13. febrúar.

Endurritið skal þar að auki hafa inni að halda nákvæmar upplýsingar um borgun gjaldsins til landssjóðsins, og um, hvað mikið sè í sjóði á hverjum tíma hjá reikningshaldaranum, en það skal ávallt látið vera sèr og eigi saman við fè, sem hann sjálfur á, eða er í vörzlum hans, hvort sem einstakir menn eiga það eða hið opinbera.

12. grein.

Sýslumennirnir og bæjarfógetarnir skulu halda nákvæmar aðalreikningsbækur og gjaldabækur, sem hlutaðeigandi amtmaður löggildir; skulu þær vera lagaðar eptir fyrirmyndum þeim, sem festar eru við reglugjörð þessa, og skal í þær rita allt það, sem borgað er til þeirra sem skiptaráðanda, uppboðshaldara og yfirfjárráðanda. Þær skulu hafa inni að halda nákvæmar upplýsingar um, hvað er í sjóði á hverjum tíma af þessum fjármunum hjá hlutaðeiganda embættismanni.

Af gjaldabókinni skal við lok hvers missiris (30. júní og 31. desbr.) senda hlutaðeiganda amtmanni áleiðis til landshöfðingja fullkomna útskript fyrir það missiri, sem liðið er.

Hlutaðeigandi embættismenn skulu gæta þess, að einnig fè því, sem hèr ræðir um, sè að öllu leyti haldið útaf fyrir sig og eigi saman við það fè, sem þeir sjálfir eiga, eða er í vörzlum þeirra, hvort sem einstakir menn eiga það eða hið opinbera.

13. grein.

Landshöfðinginn og amtmennirnir skulu á umsjónarferðum sínum nákvæmlega rannsaka bækur þær, sem nefndar eru í 11. og 12. grein, og skulu þeir þá einnig láta sýna sèr fè það, sem á að vera í sjóði hjá embættismanninum samkvæmt því, sem gjaldabækurnar segja til.

Verði það uppskátt við slíka rannsókn, að nokkur embættismaður hafi sem skiptaráðandi talsverða peninga í sjóði, skal landshöfðingi eða hlutaðeigandi amtmaður eptir því, sem á stendur, gjöra ráðstafanir til þess, að fè þetta verði ávaxtað á þann hátt, sem hagfelldastur er eptir kringumstæðunum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

1873.
13. febrúar.

Fyrirmynd

fyrir

aðalreikningsbók yfir gjaldheimtur þær, sem sýslumanninum í N. N. sýslu er trúað fyrir sem skiptaráðanda, uppboðshaldara, yfirfjárráðanda, o. s. frv.

Dánarbúið eptir N. N. á N. N.

Tekjur.

Hvenær fallið til.	Hver tekjugrein fyrir sig.	það, sem á að borga. rd.	s.	Nær borgað.	Upphæðin. rd.	s.
1874.				1874.		
febr. 5.	Fundið í peningum, þegar búið var skrifað upp...	24	13	febrúar 5.	24	13
— —	Skuldakröfur búsins, sem sagt var til, þegar það var skrifað upp:					
	a) hjá A. á N., samkvæmt skuldabréfi, 11. júní 1868	100	»	júní 11.	100	»
	b) hjá B. á O., samkvæmt veðskuldabréfi, 11. júní 1872	150	»	— 11.	150	»
	c) hjá C., án skuldabréfs	20	»	april 15.	20	»
marz 12.	Uppboðsverð fyrir lausafé búsins	430	28	júní 16.	430	28
apríl 13.	Fyrir jörðina N. í P., sem búið á	500	»	— 11. veðskuldabréf, gefið s. d. fyrir 400 rd.	100	»
júní 11.	Vextir af skuldabréfinu, *a*., frá 11. júní 1873, 3 af hundraði.....	3	»	júní 11.	3	»
— —	Vextir af veðskuldabréfinu, *b*., frá 11. júní 1873, 3 af hundraði	4	48	— —	4	48
	Tekjur alls...	....	..	.....	831	89

Útgjöld. 1873. 13. febrúar.

Dagur.	Fylgiskjal nr.	Hver útgjaldagrein fyrir sig.	Upphæð. rd.	s.
1874.				
febrúar 5.	Uppskriptarbókin 5. bls.	Borgað fyrir fram uppí greptunarkostnað.....	10	»
maí 14.	Fylgiskjal nr. 1.	Hjúakaup.....	24	»
— 24.	— nr. 2.	Skattar og gjöld, borguð á manntalsþingi	17	57
júní 16.	— nr. 3.	Uppboðskostnaður eptir reikningi innköllunarmanns	35	24
— 25.	Skiptabókin, 13. bls.	Eptirstöðvar af greptrunarkostnaði.....	15	36
— —	— —	Skiptagjöld	25	16
— —	— —	½ af hundraði í erfðafjárskatt.....	5	43
	sbr. fylgiskjal nr. 4.	Skuld búsins til C., samkvæmt skuldabréfi, 13. águst 1870.....	25	»
— —	Skiptabókin, 13. bls.	Lagt út til erfingjanna í peningum:		
		a) til sonarins *D*.....	157	75
		b) - — *E*.....	157	75
		c) - dótturinnar *F*.....	358	51
		Í veðskuldabréfinu 11. júní 1874 með tilheyrandi vöxtum, 3 af hundraði,		
		a) til sonarins *D*..... 200 rd. 72 sk.		
		b) til sonarins *E*..... 200 — 72 -		
		Útgjöld alls...	831	89

1873.
13. febrúar.

Athugasemdir við fyrirmynd þessa.

1) Sérhvert dánarbú eða hvert annað bú, sem skiptarétturinn tekur til meðferðar, skal rita á sérstakt blað í þessari aðalreikningsbók, og eins allt geymslufé, þarmeð talið fé ómyndugra, sem annaðhvort um stundar sakir er látið vera í vörzlum yfirfjárráðanda við lok skiptanna, eða af öðrum ástæðum er fengið sýslumanni til geymslu, og sömuleiðis öll uppboð, er eigi snerta bú, og þar sem hann er innköllunarmaður.

2) Tekjurnar skal rita í aðalreikningsbókina jafnskjótt og reikningshaldaranum verður kunnugt um þær; þannig skal innfæra þann dag, er búið var skrifað upp, þau skuldabréf og aðrar skuldakröfur, sem þá er sagt til, o. s. frv. Aptur á móti er það vitaskuld, að þá fyrst skal rita tekjurnar í hinn annan dálkinn, þegar þær eru goldnar, t. a. m. þegar skuldakröfur búsins eru borgaðar, eða þegar innköllunarmaður við uppboðið greiðir skiptaráðanda það fé, sem fékkst við uppboðið.

3) Á það blað í aðalreikningsbókinni, þar sem uppboð er fært inn, skal þegar rita það, sem goldið er í reiðupeningum við sjálft uppboðið, og hvað eina, sem verður borgað, skal jafnóðum færa inn. Á gjalddegi skal leggja við í aðalreikningsbókina, þar sem uppboðið stendur, skrá yfir það, sem enn er óborgað af uppboðspeningum.

4) Fyrir innan strikið bæði tekjumegin og útgjaldamegin skal rita tekjur þær og útgjöld, sem eigi eru greidd í reiðupeningum, t. a. m. þegar nokkuð af kaupverði fyrir fasteign er borgað með því að gefa út skuldabréf, og skuldabréfið við féskipti verður lagt út til erfingja eða til þeirra, sem eiga skuld hja búinu, — þegar kröfur búsins og skuldir eru látnar ganga upp, hvað á móti öðru, o. s. frv.

1873.
13. febrúar.

Fyrirmynd

fyrir

gjaldabók yfir gjaldheimtur þær, sem sýslumanninum í N. N. sýslu er trúað fyrir sem skiptaráðanda, uppboðshaldara, yfirfjárráðanda, o. s. frv.

Dagur.	Hver tekjugrein fyrir sig.	Smbr. aðalreikningsbókina, blað.	Upphæðin. rd.	s.
1874.				
janúar 1.	Í sjóði	.....	95	66
febrúar 1.	Það, sem fékkst við uppboðið á lausafé í danarbúinu eptir N. N.	4.	67	82
marz 6.	Það, sem fékkst við uppboðið á lausafé í dánarbúinu eptir O. O.	6.	190	»
april 15.	Borguð skuld C.'s til dánarbúsins eptir O. á N.	1.	20	»
— 20.	Borguð skuld G.'s til dánarbúsins eptir P. á R.	3.	36	80
júní 11.	Borguð skuld A.'s til dánarbúsins eptir N. N., samkvæmt skuldabréfi uppá 100 rd., með vöxtum frá 11. júní f. á.	1.	103	»
— —	Borguð skuld B.'s til danarbúsins eptir N. N. samkvæmt veðskuldabréfi uppá 150 rd. með eins árs vöxtum	—	154	48
— —	Borgað af S. uppí kaupverðið fyrir jörðuna N. í P.	—	100	»
— 16.	Það, sem fékkst við uppboðið á lausafé í dánarbúinu eptir N. N.	—	430	28
	Tekjur alls frá 1. janúar til 30. júni	.....	1198	16
	Útgjöldin dregin frá	.....	882	17
	Í sjóði 1. júlí 1874	.....	315	95

1873.
13. febrúar.

Dagur.	Hver útgjaldagrein fyrir sig.	Smbr. aðalreikningsbókina, blað	Upphæðin. rd.	s.
1874.				
mai 14.	Útborgað hjúakaup í dánarbúinu eptir N. N.	1.	24	»
— 16.	Útborgað hjúakaup í dánarbúinu eptir O. O.	3.	15	24
— 24.	Skattur og gjöld á manntalsþingi í dánarbúinu eptir O. í N.	1.	17	57
— —	Skattur og gjöld á manntalsþingi, í dánarbúinu eptir O. á O.	4.	19	83
— 27.	Skattur og gjöld á manntalsþingi, í dánarbúinu eptir P. á R.	3.	25	13
júní 16.	Uppboðskostnaður í dánarbúinu eptir N. N.	1.	35	24
— 25.	Greptrunarkostnaður — — — —	—	15	36
— —	Skiptakostnaður — — — —	—	25	16
— —	½ af hundraði í erfðafjárgjald — — —	—	5	43
— —	Til lúkningar skulda — — — —	—	25	»
— —	Til erfingja — — — —	—	674	9
	Útgjöld alls frá 1. janúar til 30. júní		882	17

Athugasemd við fyrirmynd þessa.

Gjaldabókina skal gjöra upp og telja allt saman fyrir hvert missiri, 30. júní og 31. desbr., og skal þar á eptir rita það, sem er í sjóði, sem fyrstu tekjugrein fyrir næsta missiri, annaðhvort 1. júlí eða 1. janúar.

8. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

1873. 18. febrúar.

Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt álit yðar, herra amtmaður, með brèfi 31. oktbr. f. á., um skjal nokkurt, þar sem hreppstjórinn í Broddaneshrepp í Strandasýslu, Jón Magnússon, áfrýjar til dómsmálastjórnarinnar úrskurði amtsins 28. septbr. 1871[1], sem ákveður, að Bergur Sakaríasson með hyski sínu sè

[1]) Eptir að hreppstjórinn í Kirkjubólshrepp hafði áfrýjað til amtsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dagsettum 6. febrúarm. þ. á., er ákveður, að Bergur Sakaríasson á Hlíð í Kollafirði sè með konu sinni og börnum sveitlægur í Kirkjubólshrepp, skoraði amtið á yður að skýra nákvæmar frá, hvort Bergur þessi Sakaríasson nokkurn tíma hefði leitað eða notið sveitarstyrks fyrir sig og hyski sitt, og hafið þèr í þóknanlegu brèfi, dagsettu 13. júlím. þ. á. skýrt svo frá, að nefndur Bergur að vísu aldrei hingað til hafi notið eður leitað fjárstyrks af sveit, en barizt með tilstyrk ættingja og vina fyrir fjölskyldu sinni, en aptur á móti hafi hann verið í vandræðum með að útvega hæli fyrir sig og sína, og hafi í því skyni optar en einusinni leitað hreppstjórans í Broddaneshrepp, þar sem hann hafði álitið sig eiga framfærslusveit, eins og líka bæði hann sjálfur og hreppstjórinn í greindum hreppi hafa farið fram á, að sveitarrèttur hans væri ákveðinn.

Jafnvel þó Bergur Sakaríasson eptir þessu eigi hafi leitað sveitarstyrks, verður amtið samt sem áður, þareð hann eigi hefir komizt af án þess að leita fátækrastjórnarinnar aðstoðar sökum vandræða, er leiddu af fátækt hans, að vera yður samdóma í því, að ástæða sè til að ákveða um,hvar hann eigi rètt til sveitarframfærslu.

En þegar um það er að ræða, hvar Bergur Sakaríasson eigi sveitarframfærslu, þa ber þess fyrst að geta, að það má álítast víst, eins og það er ómótmælt, að hann sè fæddur í Kirkjubólshrepp, sem þessvegna er fæðingarhreppur hans, og þegar það því næst kemur til álita, hvort hann hafi í nokkrum öðrum hreppi áunnið sèr rètt til sveitarframfærslu með dvöl sinni um lögákveðinn tíma, þá getur eptir hinum framkomnu upplýsingum ekki orðið spursmál um neinn annan hrepp en Broddaneshrepp.

Í því tilliti er það upplýst, að hann, eptir að hann var kominn til lögaldurs án þess að þiggja sveitarstyrk, hefir dvalið í nefndum hreppi 10 ár, nefnilega frá því um vorið 1855, að hann kom

1873. 13. febrúar. sveitlægur í Broddaneshrepp, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að úrskurður amtsins í þessu máli verður að standa óraskaður.

---

að Einfætingsgili og til þess sumarið 1865 að hann fór burt frá Ljúfustöðum, og amtið getur ekki betur séð en að þessi 10 ára dvöl sè að öllu leyti þess eðlis, að hún eigi að helga honum þar rètt til sveitarframfærslu fyrir sig og sína. Að vísu er það upplýst, að kona Bergs og börn hans vorið 1864, meðan hans sjálfur um tíma var fjærverandi frá heimili sínu, voru flutt til Kirkjubólshrepps eptir ráðstöfun hreppstjórans í Broddaneshrepp; en eins og Bergur Sakaríasson, undir eins og hann kom heim, útvegaði hæli handa sèr og sínum í Broddaneshrepp, þannig má það og álítast víst, að þessi burtflutningur konu hans og barna, sem jafnvel sýnist að hafa verið gjörður nokkuð ófyrirsynju, að minnsta kosti hafi framfarið án nokkurrar tilhlutunar frá hans hálfu, og þó þannig kona hans og börn ætti dvöl nokkurn tíma um vorið 1864 í Kirkjubólshrepp, og þó þetta kunni að hafa verið með frjálsum vilja konunnar, þá er eptir því, sem fram er komið, engin ástæða til að halda, að Bergur hafi fyrir sig og sína viljað sleppa, eður í raun og veru fyrir sjálfan sig nokkurn tíma sleppt, heimili í Broddaneshrepp á þeim tíma, sem hèr er um að ræða, en það er heimili eður verustaður hans, sem verður að ráða því, hvort hann með dvöl sinni geti áunnið sèr rètt til sveitarframfærslu fyrir sig og sína, og skal eg í sambandi við þetta geta þess, að það er með öllu þýðingarlaust, þó Guðmundur Sakaríasson og hreppstjórinn í Kirkjubólshrepp hafi, eins og frá er skýrt, lýst yfir, að Bergur ekki með veru sinni tíunda árið í Broddaneshrepp skyldi vera þar sveitlægur, þareð þeir enga heimild höfðu til að gjöra breytingu á þeim almennu reglum um að ávinna sèr rètt til sveitarframfærslu.

Eptir framanskrifuðu úrskurðar amtið því hèrmeð, að Bergur Sakaríasson hafi fyrir sig og hyski sitt öðlazt rètt til sveitarframfærslu í Broddaneshrepp, og skora eg þènustusamlega á yður, herra sýslumaður, að kunngjöra hlutaðeigandi hreppstjórum þenna úrskurð amtsins.

---

9. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um undanþágu undan lestagjaldi af hvalveiðaskipum.

1873. 18. febrúar.

Eptir að dómsmálastjórnin í brèfi til amtmannsins yfir norður- og austurumdæmi Íslands, dagsettu 8. desbrm. 1871, auk annars hafði úrskurðað, að eigi skyldi höfða mál á móti hollenzkum hvalveiðamanni, að nafni *Bottemann*, fyrir brot gegn hinum íslenzku verzlunarlögum, með því skilyrði, að hann borgaði lestagjald af skipi því, sem í hlut átti, hefir tèður embættismaður sent hingað ávísun til þess að greiða þetta gjald, og í meðfylgjanda brèfi með fylgiskjölum látið í ljósi, að það væri mjög æskilegt, ef skipstjórnarmanni *Bottemann* yrði fyrst um sinn veitt undanþága undan gjaldi af skipum þeim, sem hann hefir til veiði sinnar, til þess að hvetja hann til þess að halda áfram hvalveiðum við landið, sem að miklu leyti er landsmönnum í hag.

Reyndar getur það ekki komið til tals, að láta nokkrum einstökum manni eptir slíka undanþágu, en stjórnarráðið hefir íhugað, hvort eigi mætti gjöra almennar ráðstafanir til þess að ráða bót á því, að það fæli hvalveiðamenn frá að sigla upp á Íslandi og selja þar kjöt af hvölum þeim, sem þeir hafa flegið spikið af, að verzlunarlögunum er framfylgt gegn þeim, en efnalitlir menn á Íslandi geta með því móti aflað sèr góðrar fæðu fyrir lítið verð. Þessum ráðstöfunum verður nú eigi komið við nema með nýju lagaboði, og áður en lengra er haldið út í málið mælumst vèr til, að þèr, herra stiptamtmaður, látið uppi álit yðar um, hvort ástæða sè til að láta semja frumvarp, sem verði lagt fyrir alþingi á sumri komanda, um að skip, sem flutt er á hvalkjöt til Íslands, til þess það verði selt þar, skuli undanþegin lestagjaldi.

1873. 26. febrúar. **10. Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar til 31. desembermánaðar 1873, staðfest af konungi 26. dag febrúarmánaðar 1873** (á Íslenzku og Dönsku).

Christian hinn Níundi, o. s. frv.

Vora sèrlegu hylli!

Vèr veitum þèr hèrmeð allramildilegast vald til, ásamt með konungsbrèfi þessu, að láta kunngjöra almenningi áætlun þá, sem hèrmeð fylgir, um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmán. til 31. desembermán. 1873, sem gjörð er í dómsmálastjórn Vorri, og sem Vèr allramildilegast höfum staðfest.

Eptir þessu átt þú þèr þegnlega að hegða.

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuhöll, 26. dag febrúarmánaðar 1873.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

C. S. Klein.

Til
dómsmálaráðgjafa Vors.

Áætlun

um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu fra 1. aprílmánaðar til 31. desembermánaðar 1873.

Fyrsti kapítuli.

Tekjur.

Á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar til 31. desembermánaðar 1873 er ætlazt til að tekjur Íslands sè 85,943 rd. 6 sk., en þetta fè fæst með því móti, sem skýrt er frá í 2. til 4. gr.

2. grein. 1873.

Þær tekjur, sem hèr skulu taldar, er ætlað að nemi 26. febrúar.
42,220 rd. 6 sk.:

		rd.	sk.
1.	erfðafjárskattur og gjald af fasteignarsölum . .	1,180.	
2.	gjöld fyrir leyfisbrèf og veitingabrèf	300.	
3.	nafnbótaskattur	135.	
4.	tekjur af lènssýslum	2,660.	
5.	lögþingisskrifara laun	32.	6
6.	tekjur af umboðssýslugjöldum	936.	
7.	konungstíundir	3,400.	
8.	lögmannstollur	340.	
9.	gjöld af verzlun á Íslandi . . . . . 8,800 rd.		
	gjöld af póstgufuskipinu . . . . . 852 —		
		9,652.	
10.	gjald á brenniviní o. fl. . . . . 10,000 rd.		
	að frá dregnum inheimtulaunum, 2 af hundraði . . . . . 200 —		
		9,800.	
11.	tekjur af konungsjörðum . . . . . 17,060 rd.		
	að frá dregnum:		
	umboðslaunum, prestsmötu, alþingistolli, o. fl. . . . . 4,660 —		
		12,400.	
12.	gjald uppí andvirði seldra jarða og fasteigna, og vextir af ógoldnu andvirði, sem hinar seldu eignir enn eru að veði fyrir:		
	a. vextir . . . . . 175 —		
	b. borgun uppí andvirðið . . . . . 60 —		
		235.	
13.	leigugjöld:		
	a. af Lundey . . . . . 83 rd.		
	b. af brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu . . . . . 270 —		
		353.	
14.	afgjald af jörðunum Belgsholti og Belgholtskoti o. fl.	74.	
	yfir um . . .	41,497.	6

1873. 26. febrúar.

		rd.	sk
	handan að . . .	41,497.	6
15.	óvissar tekjur (hèr eru taldar með sektir samkvæmt hinum almennu hegningarlögum 25. júní 1869)	500.	
16.	leigur af hjálparsjóðnum	223.	
	samtals . . .	42,220.	6

3. grein.

Gjöld uppí lán og skyndilán verða talin uppá 7,075 rd.:

1.	uppí alþingiskostnað		6,200.
2.	önnur endurgjöld:		
a.	uppí skyndilán útaf fjárkláðanum á Íslandi	375 rd.	
b.	— lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvalla klausturs	220 —	
c.	— lán til þess að afstýra hallæri í suður- og vesturumdæmi Íslands	280 —	
			875.
	samtals . . .		7,075.

4. grein.

Tillag úr ríkissjóðnum samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. jan. 1871 verður talið 36,648 rd.:

hið fasta tillag		22,500.
aukatillag		15,000.
		37,500.
samkvæmt 6. grein laganna verður dregið frá		852.
samtals . . .		36,648.

Annar kapítuli.

Útgjöld.

5. grein.

A reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar til 31. desembermánaðar 1873 er ætlað á, að útgjöld Íslands verði alls 85,943 rd. 6 sk. samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem skýrt er frá í 6—11 gr.

6. grein. 1873.

Utgjöld, er snerta dómsmálastjórnina, eru talin að nemi 26. febrúar.
37,560 rd. 95 sk.

A. 1.	Laun embættismanna	19,582 rd. 8 sk.	
2.	viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870, 9. gr. . .	1,874 — 32 -	
			21,456. 40
B.	Skrifstofufé, o. s. frv.		3,275.
C.	Tillag til póststjórnarinnar á Íslandi		1,142. 55
D.	Önnur útgjöld:		
1.	þóknun handa tveimur settum málafærslumönnum við landsyfirrèttinn. . . .	375 rd.	
2.	styrkur í notum spítalans, sem var fyrrum á Gufunesi	72 —	
3.	— til garðaræktar, o.s.frv.	300 —	
4.	— til útbýtingar á læknismeðölum handa fátæklingum	300 —	
5.	— handa hinu íslenzka bókmentafèlagi, til þess að gefa út skýrslur um landshagi á Íslandi	300 —	
6.	styrkur til þess að gefa út lagasafn fyrir Ísland	933 — 32sk	
7.	lán handa Reykjavíkur kaupstað og jafnaðarsjóð suðuramtsins, til þess að greiða þann hluta af kostnaðinum, sem fellur á kaupstaðinn og jafnaðarsjóðinn, við byggingu hegningarhúss í Reykjavík og fangelsis þess, sem því er sameinað	7,406 — 64	
8.	styrkur handa amtmanni Bergi Thorberg, til þess að borga		
	yfir um . . .	9,687.	25,873. 95

1873.		rd.	rd.	sk.
26. febrúar.	handan að . . .	9,687 —	25,873.	95
	með kostnaðinn við flutning hans frá Stykkishólmi til Reykjavíkur, til þess að taka við amtmannsembættinu yfir suður- og vesturumdæminu	2,000 —		
			11,687.	
	samtals . . .		37,560.	95

7. grein.

Útgjöld, er snerta kirkju- og kennslustjórnina, eru talin 21,134 rd. 56 sk.:

		rd.	sk.
A. 1.	Laun embættismanna	10,204 rd.	16 sk.
2.	viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870, 9. gr. . .	1,383 —	64 -
			11,587. 80
B. 1.	Fyrir umsjón (við skólann)	225 rd.	
2.	aðstoðarfé	600 —	
3.	viðbót eptir kornverði	120 —	
			945.
C.	Önnur útgjöld:		
I.	Í þarfir andlegu stéttarinnar:		
1.	til fátækustu brauða. . . .	318 rd.	72 sk.
2.	— nokkurra brauða í fyrverandi Hóla stipti. . .	300 —	
3.	— prestsekkna og barna .	400 —	
4.	styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum	500 —	
5.	skrifstofufé handa biskupi .	300 —	
			1,818. 72
	yfir um . . .		14,351. 56

		rd.	sk.	1873.
	handan að . . .	14,351.	56	26. febrúar.
II.	Í þarfir prestaskólans og hins lærða skóla:			
	til prestaskólans:			
1.	fyrir húsrúm til prestaskólans	250 rd.		
2.	húsaleiga handa 18 lærisveinum, 40 rd. handa hverjum	720	—	
3.	til bókakaupa	112	— 48 s.	
4.	— tímakennslu	75	—	
5.	— ýmislegra útgjalda. . .	75	—	
	til hins lærða skóla:			
6.	til bókakaupa	225	—	
7.	— eldiviðar og ljósa . . .	562	— 48	—
8.	— skólahússins utanstokks og innan	525	—	
9.	— tímakennslu	397	— 48	—
10.	ölmusur	3,000	—	
11.	fyrir að semja reikninga — skólans	75	—	
12.	— skrifstörf og útreikninga	75	—	
13.	— prestsverk	18	—	
14.	þóknun handa lækni. . . .	22	— 48	—
15.	ýmisleg útgjöld	450	—	
			6,583.	
III.	Til forngripasafnsins í Reykjavík		200.	
	samtals . . .		21,134.	56

8. grein.

Eptirlaun eru talin 8,500 rd.

9. grein.

Til kostnaðar við alþing eru ætlaðir 12,000 rd.

10. grein.

Til ýmislegra óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, eru ætlaðir 3,000 rd.

1873.

11. grein.

26. febrúar. Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 3,747 rd. 47 sk., skal leggja til hjálparsjóðsins.[1]

---

27. febrúar. **11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um tíundagjörð[2].**

Um leið og vèr sendum yður, herra stiptamtmaður, nokkur exemplör af reglugjörð, 13. þ. m., sem hefir inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi, skal þess getið, að það hefir þótt ísjárvert, að taka í reglugjörðina ákvörðun þá, sem amtmaðurinn yfir vesturumdæminu hafði stungið uppá, og þèr fallizt á í brèfi yðar 26. júní f. á., að sýslumenn skuli á manntalsþingum láta að minnsta kosti einn skattmann vinna eið að því, að tíundagjörð hans sè rètt, en að öðru leyti hefir stjórnarráðinu fundizt það henta, að brýnt sè fyrir sýslumönnum, að hafa vandlega gætur á, hvort tíundagjörðir manna sè rèttar, og höfða málsókn, ef grunur verður um tíundasvik, og mælist stjórnarráðið til, að þèr segið tèðum embættismönnum fyrir um þetta, um leið og þèr útbýtið meðal þeirra reglugjörðinni.

---

27. febrúar. **12. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast 24. þ. m. að veita prestaskólakandídat Páli Ólafssyni leyfi til að láta vígjast til prests, jafnskjótt og hann sè orðinn 23 ára að aldri.

---

[1]) Þær „skýrandi athugasemdir", sem fylgja áætlun þessari, voru prentaðar einungis á Dönsku, en eru íslenzkaðar í Skýrslum um landshagi á Íslandi V, 500—521, og þar við bætt nokkrum skýringum (sst. bls. 521—524).

[2]) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað á sömu leið.

Um leið og þetta verður yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, mælist stjórnarráðið til, að þèr fáið fyrnefndum Páli Ólafssyni meðfylgjanda leyfisbrèf. 1873. 27. febrúar.

13. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu frá I. apríl til 31. desbr. 1873. 28. febrúar.

Með þessu brèfi sendum vèr yður, herra stiptamtmaður, nokkur exemplör af Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, sem staðfest er með konungsúrskurði 26. þ. m.; að því leyti, sem snertir útborgun launa embættismanna og annara gjalda, sem tilfærð eru á meðfylgjandi próförk af athugasemdum þeim við tèða fjárhagsáætlun, sem verða prentaðar í stjórnartíðindunum dönsku (*Ministerialtidenden*), bendum vèr til þess, sem fyrir er sagt í brèfi dómsmálastjórnarinnar 20. febr. 1866, sbr. brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar 15. apríl 1851, og brèf dómsmálastjórnarinnar 4. marz 1871.

Um leið og vèr mælumst til þess, að þèr tilkynnið hlutaðeigendum það, sem með þarf, samkvæmt þessu, skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum um þetta efni, og sömuleiðis gefið hinum amtmönnunum á Íslandi vísbending, þeim sjálfum og þeim embættismönnum, sem eru í þeirra umdæmum, til leiðbeiningar.

Til samlags við þetta verðum vèr að því leyti, er snertir lán þau, sem tilfærð eru á áætluninni, 6. gr. D. nr. 7, handa Reykjavíkur kaupstað og jafnaðarsjóði suðuramtsins til þess að borga þann part, sem á þeim lendir, af kostnaðinum við byggingu fangelsis og hegningarhúss í Reykjavík, — en þau eru 4,135 rd. 53 sk. og 3,271 rd. 11 sk. (alls 7406 rd. 64 sk.) —, að mælast til, að þèr annist um, að goldnir verði samkvæmt skilmálum í vöxtu 4 af hundraði af tèðum lánum og $^1/_{15}$ partur á

1873. 28. febrúar. ári uppí innstæðuna, frá 11. júní þ. á., og skal jafnframt þess getið, að með því búið er að borga þeim manni, sem tekizt hafði byggingu hegningarhússins á hendur, allt kaupið, sem var 22,570 rd., og þetta er goldið fyrirfram úr landssjóðnum, þá kemur ekki til tals, að borga út lánin til kaupstaðarins eða jafnaðarsjóðsins, en upphæðirnar verða taldar með tekjum landssjóðsins í reikningsbókum stjórnarráðsins.

Að endingu mælumst vèr jafnframt til, að þèr samkvæmt brèfi stjórnarráðsins 18. maí f. á.[1] sjáið um, að öll skuldabrèf dómsmálasjóðs Íslands uppá einstaka menn verði afsöluð landssjóðnum svo fljótt sem verða má, ef eigi þegar er búið að því, og væntum vèr að fá skýrslu um það frá yður.

---

28. febrúar. **14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1. apríl til 31. desbr. 1873.**

(Fyrsti kaflinn er samhljóða upphafinu næst á undan).

Um leið og vèr bætum því við, að þeim yfirvöldum á Íslandi, sem í hlut eiga, hefir verið gefin vísbending um þetta, mælumst vèr sèrstaklega til, að þèr borgið úr jarðabókarsjóðnum og telið með útgjöldum í reikningi tèðs sjóðs sumpart þá 2000 rd., sem til færðir eru í áætluninni, 6. gr. D., 8, handa amtmanni Bergi Thorberg, þegar hann gjörir tilkall til þeirra, sumpart til stiptsyfirvaldanna þá 200 rd., sem í 7. gr. C. III. eru veittir til styrks handa forngripasafninu í Reykjavík.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 437.

15. Brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873. 1873. 28. febrúar.

(Fyrsti kaflinn er samhljóða brèfunum næstu á undan).

Um leið og vèr mælumst til þess, að þèr, herra stiptamtmaður, og þèr, háæruverðugi herra, tilkynnið hlutaðeigendum það, sem með þarf, samkvæmt þessu, leiðum vèr sèrílagi athygli yðar að því, að þar sem áður voru ætlaðir 200 rd. til bókakaupa við prestaskólann og 500 rd. til bókakaupa við hinn lærða skóla, þá er nú í áætluninni, 7. gr. C. II., 3. og 6. að eins veittir $^3/_4$ af 150 rd. handa prestaskólanum, og af 300 rd. handa skólanum, og hefir kirkju- og kennslustjórnarráðgjafinn ákveðið, að kostnaðurinn til verðlaunabóka skuli þar að auki greiddur af síðar nefndri upphæð, í stað þess að taka hann af því fè, sem ætlað er til ýmislegra útgjalda við hinn lærða skóla, eins og áður hefir verið gjört; aptur á móti er það, sem ætlað er til ljósa og eldiviðar (í 7. tölulið), fært upp frá 700 rd. til 750 rd., og hèr taldir til $^3/_4$ partar af þeirri upphæð, sem er 562 rd. 48 sk. Til forngripasafnsins eru veittir 200 rd., sem má verja eptir ákvörðun stiptsyfirvaldanna, og hefir landfógetanum í dag verið boðið, að borga fè þetta úr jarðabókarsjóðnum, þegar þèr gjörið tilkall til þess, og er honum einnig að öðru leyti sagt fyrir um þessi atriði.

Að endingu skal þess getið, að fyrnefndur ráðgjafi hefir ekki fundið ástæður til, að veita umsjónarmanni skólans það embætti fyrir fullt og allt, eins og sókt var um.

---

16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um tíundagjald af Möðrudal.[1] 28. febrúar.

Eptir að stjórnarráðið með brèfi yðar 23. ágúst f. á. hafði

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 220.

1873. 28. febrúar. fengið ýms skjöl og skilríki til skýringar bænarskrá nokkurri, þar sem Sigurður bóndi Jónsson á Möðrudal í Jökulsdalshrepp í Norðurmúlasýslu sækir um, að verða undanþeginn því, að greiða konungstíund af tèðri jörð, með tilheyrandi hjáleigum, og um að sèr verði borgað aptur það tíundagjald, sem hann þykist hafa goldið um of, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að eptirleiðis verði hvorki heimtuð konungstíund af jörðunni eða hjáleigunum, og skuli borga sækjandanum aptur það gjald, sem greidt sè í fardögum 1871 og 1872, að svo miklu leyti sem það sè komið í landssjóðinn, en sjötta part þann, sem hlutaðeigandi sýslumaður hefir tekið í innheimtulaun, skal hann borga aptur sækjandanum. Því skal við bætt, að málið að því leyti, sem það nær til þess, hvort það tíundagjald verði borgað aptur, sem greidt er fyrir árin þar á undan, er sent fjárhagsstjórninni til úrskurðar, með því það gjald er runnið í ríkissjóðinn.

---

28. febrúar. **17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um þriggja skildinga frímerki.**

Samkvæmt uppástungu þeirri, sem komin er beina leið til stjórnarráðsins frá Óla Finsen, sem 29. júlí f. á. var skipaður póstmeistari í Reykjavík, hefir dómsmálastjórnin hlutazt til um, að gefin eru út þriggja skildinga frímerki með gráum lit, auk þeirra, sem getið er í 15. gr. í auglýsingu um póstmál 3. maí f. á.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það á þann hátt, sem bezt þykir henta, skal því við bætt, að Óli póstmeistari Finsen mun fá yður í hendur 250 arkir af fyrnefndum frímerkjum, þá er hann kemur til Íslands með póstgufuskipinu, sem leggur hèðan á morgun, og væntum vèr að fá kvittun yðar fyrir frímerkjum þessum.

---

18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til aðalverzlunarfulltrúa Hans A. Clausens, um heimtingu brennivínsgjalds.

1873. 15. marz.

Í bænarskrá til stjórnarráðsins, 14. maí f. á., hafið þèr, ásamt fleiri öðrum íslenzkum kaupmönnum, farið þess á leit, að gjörð verði leiðrètting á ýmsum annmörkum og ófullkomlegleikum, sem þèr ætlið að sè á tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, sem kom út 26. febr. f. á., með því móti, að annaðhvort verði gefinn út leiðarvísir, sem kenni mönnum að hegða sèr eptir fyrnefndu lagaboði, eða látinn koma út viðbætir við það, þar sem svo verði sagt fyrir:

1) að gjaldið að eins skuli greidt af svo miklu, sem í raun og veru sè flutt í landið;

2) að það skuli hverjum farmseiganda eða þeim, sem við vörum tekur, heimilt, þegar hann vill láta afferma skipið, er vörurnar eru komnar, svo fljótt sem verða má, og ef hann ekki vill greiða gjald af svo miklu, sem í skipið er látið, að heimta, að hlutaðeigandi lögreglustjóri, eða þá á þeim höfnum, þar sem enginn lögreglustjóri er, einn eða tveir menn, sem hann hefir sett til þess, hafi gætur á, hvað mikið verði flutt í land við afferming skipsins, og skuli þetta gjört án kostnaðar fyrir eigandann eða þann, sem veitir vörunum móttöku;

3) að hlutaðeigandi lögreglustjóri megi heimta veð til tryggingar því, að gjaldið verði greidt, þangað til affermingu er lokið og upphæð gjaldsins verður tiltekin nákvæmlega;

4) að það gjald eða veð, sem þegar er greidt þess vegna, verði borgað aptur, þegar skip brotnar á meðan verið er að afferma það, eða á leiðinni frá þeirri höfn, þar sem gjaldið er borgað eða veð sett því til tryggingar, til þess staðar, þar sem á að afferma það, að því gjaldi frá teknu, sem greiða á af því, sem flutt var úr skipinu, áður en það brotnaði, og skuli þar að auki sèrstaklega heimta gjald fyrir þær vörur, sem bjargað var frá skipbrotinu;

5) að sú ábyrgð, sem tèð tilskipun leggur skipstjórnarmanni

1873. 15. marz.

á herðar, verði látin lenda á eiganda farmsins eða þeim, sem við vörunum tekur;

6) að sérhver lögreglustjóri sè skyldur til að setja annan mann í fjærvist sinni til þess að heimta saman og kvitta fyrir gjöldin á meðan, svo skipið tefist eigi, og

7) að sett verði hlutfall, er breytt verði eptir vikt á víni og áfengum drykkjum, sem flytjast til landsins á tunnum, og miðað við mál, og svo ákveðið, hvað mikið fari fyrir sjálfum ílátunum.

Stjórnarráðið verður fyrst að geta þess, að því hefði þókt það betur tilfallið, að þeir kaupmenn hefði komið fram með efasemdir sínar, þá er frumvarpið með tilheyrandi ástæðum var birt í stjórnartíðindunum dönsku (*Ministerialtidende*), en beðið til þess tèð tilskipun kom út; en nú er það vitaskuld, að það þykir ógjörandi, að breyta tilskipuninni, sem orðin er að ákveðnum lögum, á meðan reynslan eigi hefir sýnt hvort næg ástæða sè til þess. Stjórnarráðið hefir nú leitað álits stiptamtmannsins yfir Íslandi um bænarskrána, og fengið nákvæmari skýrslur um það atriði, sem getið er í 7. tölulið, bæði frá hinum dönsku verzlunarfulltrúum í útlöndum og frá aðalskattastjórninni, og skal yður hèrmeð til vitundar gefið það, sem hèr segir, um hvert atriði útaf fyrir sig.

Um 1—4. Það leiðir af því, hvernig tekið er til orða í 2. gr. tilskipunarinnar, og svo af því, að eigi hefir orðið sett neitt tollgæzluvald á Íslandi, að minnsta kosti nú sem stendur, að álitið verði að vörur þær, sem hèr er verið að ræða um, sè fluttar í land jafnskjótt og hlutaðeigandi lögreglustjóri hefir rannsakað skipaskjölin, og þarmeð vöruskrána eða tollskrána, og ritað á þau vottorð sitt, án þess að nokkuð tillit verði tekið til þess, hvort vörurnar síðar verða fluttar í land eða ekki, eða með öðrum orðum til affermingarinnar. En samt sem áður, ef hlutaðeigandi skipstjórnarmaður getur sannað fyrir lögreglustjóra, þá er skipkasjölin eru honum sýnd, að nokkuð vanti af vörum þeim, sem á tollskránni eða vöruskránni standa, hvort sem það kemur til af því, að skipinu hefir hlekkzt eitthvað á á leiðinni, eða af öðrum orsökum, t. a. m. rýrnun eða leka, verður eigi heimtað gjald af því, sem þannig á vantar, og sem eptir grund-

vallarreglum tilskipunarinnar eigi verður skoðað sem flutt í land. Aptur á móti er samkvæmt því, sem fyrir er sagt að framan, engin heimild fyrir að greidt verði aptur það gjald, sem búið er að borga, sökum einhverra misferla, sem vart verður við þegar verið er að afferma skipið. Að eins þegar mjög sérstaklega stendur á, t. a. m. ef skip brotnar eða verður fyrir miklu slysi, og það vill til eptir að skipaskjölin voru sýnd lögreglustjóra, getur það komið til tals, að gjald það, sem búið er að borga, verði goldið aptur annaðhvort allt eða að nokkru leyti, en þá verður í hvert skipti að senda sérstaka bænarskrá um það með nægum skilríkjum til dómsmálastjórnarinnar. 1873. 15. marz.

Um 5. Í 2. gr. tilskipunarinnar er sérhverjum skipstjórnarmanni lagt fyrir að gefa skriflegt vottorð uppá sína æru og trú um það, að ekki sé í skipinu aðrar eða fleiri af hinum nefndu vörum, sem gjalda þarf af, en þær, sem eru ritaðar á vöruskrána eða hina dönsku tollskrá, en það þókti nauðsynlegt að skipa svo fyrir, til þess að bæta nokkuð úr því, sem eptirlitinu er ábóta vant í nokkru. Með þessu virðist skipstjórnarmanni eigi vera neinn vandi búinn fram yfir það, sem af honum verður heimtað með sanngirni, og eins og þeir kaupmenn hafa drepið á í bænarskránni, getur hann firrt sig öllum vítum af þessu með því, að láta þann, sem hefir leigt skipið undir varninginn, fá sér í hendur skuldbindingar-skýrteini það, sem nægir í þessu tilliti. Sá, sem hefir skip til leigu, eða skipstjórnarmaður, geta neitað að taka við þeim vörubögglum, sem eigi eru ritaðir á vöruskrána, nema sá, sem sendi, láti til allar þær skýrslur, sem með þarf, um hvað í þeim sé, og sömuleiðis má heimta skýrslur þær, sem getið er um í 2. gr. 3. lið, af þeim, sem við vörunum tekur, þegar skipstjórnarmaður lýsir því yfir, að hann þori eigi að ábyrgjast innihald vörubögglanna.

Um 6. Um þetta atriði skal vísað til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar, 7. nóvbr. f. á., sem er prentaður í stjórnartíðindunum dönsku (*Ministerialtidenden*) fyrir 1872, A., nr. 67., bls. 264.[1]

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 533.

1873. 15. marz. Um 7. Um þetta atriði skal vísað til meðfylgjanda umburðarbrèfs, sem í dag er skrifað öllum lögreglustjórum á Íslandi.

Að svo miklu leyti sem kaupmenn hafa æskt eptir því, að það mætti vera komið undir hverjum einum sjálfum, hvort hann borgaði gjald það, sem ákveðið er í tilskipuninni, í Kaupmannahöfn eða á Íslandi, gefum vèr yður til kynna, að stjórnarráðið á eigi hægt með að veita slíkt leyfi, þareð það kæmi í bága við fyrirskipanir í 2. og 10. grein tilskipunarinnar, enda mundi það fyrirkomulag miklum örðugleikum bundið.

---

15. marz. **19. Umburðarbrèf dómsmálastjórnarinnar til allra lögreglustjóra á Íslandi, um heimtingu brennivínsgjalds.**

Til leiðbeiningar við útreikning gjalds þess, sem með tilsk. handa Íslandi 26. febr. f. á. er lagt á brennivín og aðra áfenga drykki, skal þess getið, sem hèr segir:

1. Á dönskum vöruskrám, sem fylgja þeim vörum, sem flytjast til Íslands, er tilfært mál á víni og áfengum drykkjum, því þetta er ávallt gjört, þegar átt er við vín á flöskum og aðra áfenga drykki, en með tilliti til víns á tunnum og öðrum ílátum en flöskum, sem á hinn bóginn er tiltekið í vikt, er sèrstaklega skipað svo fyrir, að tollstjórnin skuli á vöruskránni handa skipum, sem afgreiðast til Íslandsferðar, breyta viktinni í mál. Að svo miklu leyti sem málið eigi verður fundið með hinni svo nefndu rúðumæling, og sè ekki reynsla fyrir einhverju hlutfalli, sem farið verði eptir við breytingu viktar í mál á einhverri vörutegund, verður breytingin gjörð eptir hlutfalli, sem byggt er á vikt hinna ýmsu víntegunda að meðaltölu, og hefir það reynzt svo, að einn *viertel* eða 8 pottar vegi 15,4 pd.; er því 1 pottur hèrumbil jafn 1,9 pd. Tollgæzluvaldið danska skal hafa gætur á, að allar vörur sem flytjast til Íslands af þeirri tegund, sem hèr er umtalsmál, sè

ritaðar á tollskrá skipsins, og skal sèrílagi skýrt frá, hvað mikið sè sagt ætlað handa skipverjum sjálfum, og skal jafnframt vottorð gefið um að málið sè rètt.

2. Sè við höfð útlend vikt í vöruskrám þeim, sem samdar eru í útlöndum samkvæmt lögum 15. apríl 1854 handa verzlunarskipum, sem sigla til Íslands, skal þeirri vikt breytt í dönsk pund, eptir því hlutfalli, að

1 norskt pd.	sè talið jafnt	0,9962	dönsku pd.
1 sænskt skálpd.	— — —	0,8500	— —
1 enskt pd.	— — —	0,9072	— —
1 frakkneskt kílogram	— — —	2,0000	— —
1 þjóðverskt pd. (tollpd)	— — —	1,0000	— —

3. Þegar tèðar vörur eru fluttar til landsins eptir vikt, skal ílátið ákveðið þannig, að það sè:

fyrir vín á tunnum . . . . . 15 %
— — — krukkum . . . . . 30 %
— spiritus á tunn., þegar viktin er 500 pd. með ílátinu, eða meira 15%
— spiritus á tunnum, þegar viktin er undir 500 pd. 18 %

4. Hin almennu útlendu mál verða gjörð að dönsku máli á þessa leið:

1 *viertel* er jafn	8,000	dönskum	pottum
1 frakkneskt *litre* — —	1,0351	—	—
1 ensk *gallon* — —	4,7028	—	—
1 norskur pottur — —	3,9989	—	—
1 sænsk kanna — —	2,7090	—	—
1 spánskur litro — —	1,0361	—	—

5. Af dönskum tunnu-ílátum er

1 ánker	39 pottar
1 uxahöfuð	234 —
1 *tierce*	156 —
1 áma	160 —
1 pípa (= 3 ámur)	480 —
1 fat (= 3 uxahöfuð)	936 —

Tunnan er misstór eptir því, sem á henni er. Öltunna, sem einnig er höfð undir áfenga drykki, er 136 pottar, en íslenzk lýsis- og brennivínstunna er að eins 120, 121 eða 122 pottar.

1873. 15. marz. Ef tunnan er löggilt, er pottatalið markað á tunnunni. Þessi mál, sem nú voru nefnd, eru reyndar venjuleg, en eru samt ekki svo áreiðanleg, að farið verði eptir þeim við útreikning gjaldsins, með því sömu nöfnin eru höfð að handa hófi um ílát, sem eigi að öllu leyti eru jafnstór; tunnan ein er áreiðanlegt mál, ef hún er löggilt.

Hið sama er um útlend tunnu-ílát. Einn *barrique* er frakkneskt mál, sem er

í Bordeaux	236,00	danskir	pottar
í Bayonne	255,37	—	—
í Cette eru pípur uppá 70 *viertel* . .	560,00	—	—
í — — — — 65 — . .	520,00	—	—
í — — — — 60 — . .	480,00	—	—
í Madrid er pípan	455,50	—	—
í Malaga	586,00	—	—
á Madeira	431,00	—	—
í Portúgal	520,00	—	—.

20. marz. **20. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um gufuskipsferðir m. m.**

Sjóliðsstjórnin hefir í brèfi 14. þ. m. skýrt frá, að skonnortuskipið Fylla eigi að fara ferð til Íslands og Færeyja undir stjórn *P. F. Gjödesens* kapteins í öndverðum næsta mánuði, og spurt að, hvort dómsmálastjórnin æski, að skipstjóra verði sagt fyrir sèrstaklega í einhverju efni.

Jafnframt og vísað skal í þessu efni til þess, sem sagt er í brèfum dómsmálastjórnarinnar 10. febrúar og 25. marz 1871 að því leyti, er snertir Færeyjar, og til brèfs dómsmálastjórnarinnar 26. marz f. á.[1] að því leyti, er Ísland snertir, — en samkvæmt því verður nú frá þessu ári að framfylgja einbeittara en áður

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 326.

tilskipun 12. febrúar f. á., um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl., — verðum vèr að æskja þess, að athygli skipstjóra verði leidt að því, að hann samkvæmt erindisbrèfi landshöfðingjans yfir Íslandi, 29. júní f. á., 10. gr., verði að leita til tèðs embættismanns, ef það kemur fyrir að útlendir fiskimenn gjöri sig seka í afbrotum gegn fyr nefndri tilskipun. 1873. 20. marz.

Eins og sjóliðsstjórninni mun kunnugt, hefir alþingi nokkrum sinnum farið þess á leit, að stofnaðar yrði gufuskipsferðir kringum strendur Íslands, en þessu hefir eigi hingað til orðið komið við, sökum kostnaðarins, sem því yrði samfara. Reyndar hefir það verið nokkur bót í máli, að gufuskip frá Noregi hefir á fyrirfarandi tveimur árum verið í förum til Íslands og siglt milli nokkurra hafna þar, en með því gufuskipsferðir þessar nú eru á enda, munu menn finna enn meira til þess en áður, að eigi gengur neitt gufuskip milli verzlunarstaðanna á Íslandi. Af þessari sök álítur dómsmálastjórnin það mjög æskilegt, að skonnortuskipið Fylla einhvern tíma í sumar gæti farið eina eða tvær ferðir frá Reykjavík til hinna helztu hafna á Íslandi, og þá sèrílagi til Stykkishólms, Ísafjarðar, Akureyrar, Seyðisfjarðar og Berufjarðar, og skyldi menn þá geta komið með skipinu brèfum og litlum bögglum. Landshöfðingi skyldi sjá um, að ferðir þessar yrði birtar almenningi fyrirfram, og væri bezt, að þeim yrði komið í samband við ferðir póstgufuskipsins Díönu.

Dómsmálastjórnin mælist að endingu til, að sjóliðsstjórnin tilkynni sèr það, ef hún getur orðið við ósk þessari, til þess landshöfðingja verði sagt fyrir það, sem með þarf í þessu efni.

---

21. Auglýsing frá stiptamtmanninum yfir Íslandi, um póstmálefni. 22. marz.

1. Auk hinna almennu íslenzku póstfrímerkja, sem getið er um í auglýsingu 3. maí f. á., eru nú kominn út grá frímerki fyrir 3 sk. (fyrir 3 rd. 100), og eru þau viðhöfð eptir sömu reglum sem hin frímerkin.
2. Ferða-áætlun suðuramtspóstsins er fyrir yfirstandandi ár breytt þannig:

	Pósturinn fer frá Prestsbakka	Pósturinn má ekki fara frá				
		Mýrum fyr en	Felli fyr en	Skógum fyr en	Velli fyr en	Hraungerði fyr en
I.	12. apríl	12. apríl	13. apríl	14. apríl	15. apríl	16. apríl
II.	20. maí	20. maí	21. maí	22. maí	23. maí	24. maí
III.	1. júlí	1. júlí	2. júlí	3. júlí	4. júlí	5. júlí
IV.	10. ágúst	10. ágúst	11. ágúst	12. ágúst	13. ágúst	14. ágúst
V.	19. septbr.	19. septbr.	20. septbr.	21. septbr.	22. septbr.	23. septbr.
VI.	1. nóvbr.	1. nóvbr.	2. nóvbr.	3. nóvbr.	4. nóvbr.	5. nóvbr.
VII.	16. jan. 1874	17. jan.	18. jan.	18. jan.	19. jan.	20. jan.

Þeir aðrir póstfarardagar, sem ákveðnir eru í auglýsingu stiptamtsins af 1. desbr. f. á., eru óbreyttir.

3. Í stað þrèfhirðingarstaðarins á Sandfelli er annar fyrst um sinn stofnaður á Hofi í Öræfum.

Íslands stiptamt Reykjavík, 22. marz 1873.

Hilmar Finsen.

22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um heimtingu brennivínsgjalds.

1873. 25. marz.

Eptir að hingað hafði borizt álitsskjal yðar, herra stiptamtmaður, 29. júní f. á., um bænarskrá, þar sem íslenzkir kaupmenn nokkrir hèr í borginni höfðu farið þess á leit, að gjörð yrði leiðrètting á ýmsum annmörkum og ófullkomlegleikum, sem þeim þókti vera á tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 26. febr. f. á., og sem þeir nákvæmar höfðu skýrt frá, hefir stjórnarráðið skrifazt á um málið bæði við utanríkisstjórnina og við aðalskattastjórnina, og þar eptir skrifað sækendunum 15. dag þ. m. á þá leið, sem þèr munuð sjá af fylgiskjalinu, sem er prentað eptir stjórnartíðindunnm dönsku fyrir yfirstandandi ár; höfum vèr jafnframt sent sèrhverjum lögreglustjóra á Íslandi beina leið sumpart eitt exemplar af fyrnefndu prentuðu fylgiskjali, sumpart umburðarbrèf til leiðbeiningar við útreikning fyrnefnds gjalds, — en af því látum vèr með þessu brèfi fylgja nokkur exemplör, — sumpart bók *R. W. Bauers „De vigtigste Landes og Stæders Maal, Vægt og Mönt“*, og er meðfylgjanda exemplar af bókinni ætlað landshöfðingjaembættinu.

Um leið og þetta gefst yður til vitundar, mælumst vèr til, að þèr segið lögreglustjórunum í suðurumdæminu fyrir, að fara eptir því, sem sagt er í svari stjórnarráðsins til kaupmannanna, og vísið þeim til þess, sem sagt er í bók *Bauers*, ef umburðarbrèfið, sem þeim var sent, eigi hefir inni að halda næga tilsögn við gjaldheimtuna.[1]

---

23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um dýralækni í suðuramtinu.[2]

15. apríl.

Í brèfi, dagsettu 27. f. m., hafið þèr, herra landshöfðingi,

---

[1]) Sama dag var hinum amtmönnunum skrifað samhljóða brèf.

[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands III., 170, 334.

1873. 15. apríl. sem stiptamtmaður yfir Íslandi, tekið það fram, að þèr yrðuð að álíta það æskilegt, að hafa, eins og á fyrirfarandi árum, dýralækni í suðurumdæminu, — en þar verður eigi sagt, að fjárkláðinn sè enn með öllu upprættur, þótt hann gjöri lítið vart við sig og að eins stingi sèr niður á einstöku stað — og hafið þèr, með því jafnaðarsjóður suðuramtsins eigi fremur nú en áður geti staðizt kostnaðinn við þetta án tillags úr landssjóðnum, stungið uppá, eptir að þèr hafið borið yður saman við amtmann Berg Thorberg, sem 1. þ. m. hefir tekið við suðuramtinu, að veittir verði jafnaðarsjóði suðuramtsins 200 rd. til styrks af því fè, sem ákveðið er til óvissra útgjalda fyrir Ísland á reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, til launa handa dýralækni frá 1. maí til 31. desbr.

Út af þessu gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, og segið landfógeta fyrir eins og með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

---

16. apríl. **24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um póstsendingar með herskipinu Fylla.**

Til samlags við brèf dómsmálastjórnarinnar 2. þ. m. gefst yður til vitundar, að sjóliðsstjórnin hefir svarað brèfi dómsmálastjórnarinnar 20. f. m., sem vèr sendum yður endurrit af, á þá leið, að skipstjóranum á skonnortuskipinu Fylla sè sagt svo fyrir, að hann skuli á meðan hann sè við Ísland, þá er hann komi við land, birta það fyrirfram, að svo miklu leyti því verður við komið, hvenær hann fari frá einum stað til annars, svo menn geti komið póstsendingum með skipinu, ef menn æskja þess.

---

25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aðgjörð á landshöfðingjahúsinu í Reykjavík. 1873. 16. apríl.

Í brèfi, dagsettu 24. f. m., hafið þèr, herra landshöfðingi, skýrt svo frá, að ýmsir annmarkar sè á stiptamtmannshúsinu í Reykjavík, sem nú er lagt til landshöfðingja-embættisins. Hafið þèr í þessu tilefni tekið það fram, að skrifstofan, sem nú sem stendur að eins er eitt herbergi, nægi ekki handa landshöfðingja-embættinu, en til þess þurfi minnst tvö herbergi, annað handa skrifaranum og hitt handa hinum, sem við skrifstofuna eru. Þèr álítið, að ráða megi bót á þessu með því, að skipta herberginu í tvennt, og ætlið þèr á, að kostnaðurinn við það og til tveggja ofna muni verða hèrumbil 150 rd., jafnframt og þèr stingið uppá, að ofninn, sem nú er í herberginu og sem eigi verður hafður til skrifstofunnar, verði settur upp annarstaðar í húsinu. Þvínæst álítið þèr nauðsynlegt, að hálft annað stafgólf í hliðarhúsinu, sem er byggt við aðalbygginguna, verði rifið, til þess að fá afrennsli vatns úr garðinum, og mun kostnaðurinn við þessa breytingu og það, sem stendur í sambandi við hana, verða hèrumbil 200 rd. Að endingu getið þèr þess, að þakrennurnar á húsinu sè í svo vondu standi, að þar verði að útvega nýjar í staðinn, og að hliðið sè svo gengið af sèr, að viðgjörðar þurfi, og muni kostnaðurinn til þakrennanna verða 100 til 120 rd., en til aðgjörðarinnar á hliðinu 40 rd. Með því aðgjörðir þessar eigi snerta minniháttar viðhald á húsinu innanstokks, hafið þèr farið þess á leit, að veittir verði í þessu skyni allt að því 500 rd. af því fè, sem á reikningsárinu frá 1. janúar til 31. desbr. 1873 er ætlað til óvissra útgjalda fyrir Ísland, og að yður verði fengið vald til, að láta þessar aðgjörðir fram fara á yfirstandandi ári á þann hátt, sem hagfelldastur er og mestur sparnaður að, og eptir því, sem þèr hafið bent til í brèfi yðar.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið eptir því, sem fram er komið, þykist geta samþykkt, að greiða megi kostnað þenna úr landssjóðnum, og hefir

1873. 16. apríl. því í dag skrifað landfógetanum, að borga allt að því 500 rd. úr jarðabókarsjóðnum í þessu skyni, þegar þèr gjörið tilkall til þess. Um það, hvernig fè þessu hefir verið varið, mælumst vèr til að fá reikning með tilheyrandi skilríkjum, þegar að því kemur.

16. apríl **26. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um yfirrèttarhúsið í Reykjavík.**

Í brèfi, dagsettu 27. febrúarm. þ. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, stungið uppá:

að landssjóðurinn kaupi hið svo nefnda yfirrèttarhús í Reykjavík, sem er eign dómsmálasjóðsins íslenzka, fyrir kaupverð, eptir mati óvilhallra manna, eða með þeim skilmála, að hann endurgjaldi dómsmálasjóðnum kostnaðinn við að koma fyrir húsakynnum í hegningarhúsinu, þar sem landsyfirrèttur eptirleiðis skal haldinn;

að téðu húsi samkvæmt áætlun og meðfylgjanda uppdrætti á kostnað landssjóðsins verði komið svo fyrir, að það sumpart verði haft til prestaskólans, sem missir það húsnæði 1. oktbr. þ. á., sem hann hingað til hefir haft, og sumpart annaðhvort til sjómannaskóla þess, sem er í ráði að koma á stofn, eða til læknis-kennslu þeirrar, sem stofnuð er í Reykjavík, ef herbergi þau í sjúkrahúsinu, sem nú eru höfð til þeirrar kennslu, verða ætluð til einhvers annars;

að framkvæmdum þeim, er snerta prestaskólann, verði lokið í sumar, svo allt sè tilbúið handa honum 1. oktbr. þ. á.;

að landshöfðingjanum verði veitt vald til, að halda undirboðsþing, eða, ef það eigi tekst, að gjöra samninga samkvæmt fyrnefndri áætlun og uppdrætti, til þess ráðstafanir þær verði framkvæmdar, sem með þarf útaf þessu.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að stjórnarráðið fellst á uppástungur yðar með svofelldu móti:

að landssjóðurinn kaupi fyrnefnt yfirrèttarhús fyrir verð eptir mati óvilhallra manna, og skuli það koma uppí það fè, sem úr

landssjóðnum er greidt fyrir hönd dómsmálasjóðsins til byggingar hegningarhússins, og 1873. 16. apríl.

að fè það, sem með þarf til þess að koma fyrir húsakynnum handa prestaskólanum, verði borgað af þeirri upphæð, sem í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. apríl til 31. desbr. 1873, 10. gr., er ætluð til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, og veitist yður vald til að láta borga yður fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands; samt má það eigi með nokkru móti fara fram úr þeim 677 rd., sem tilteknir eru í áætlun yðar um kostnaðinn við þetta, heldur er búizt við, að hann verði eigi meiri, en 625 rd., eins og þèr hafið gjört ráð fyrir í brèfi yðar.

Jafnframt og vèr búumst við að fá skýrslu um ráðstafanir yðar í þessu tilliti, þegar að því kemur, og reikning með tilheyrandi skilríkjum yfir kostnaðinn, verðum vèr að því leyti, sem þèr að endingu hafið stungið uppá, að landshöfðingja veitist vald til að fá fimleikakennara Steenberg til þess að vera sendiboði við landsyfirrèttinn og takast á hendur umsjón um húsakynni prestaskólans, gegn því, að honum sè veittur ókeypis bústaður í fyrnefndu yfirrèttarhúsi og 50 rd. í árlegt kaup, — en af því skuli 30 rd. greiddir af dómsmálasjóðnum, en hinir 20 rd. af því fè, sem ætlað er handa prestaskólanum til eldiviðar og ljósa — að mælast til þess, áður en nokkuð er veitt árlega úr dómsmálasjóðnum, að fá skýrslu yðar um, hvort tèður sjóður hafi nokkrar fastar tekjur nú, eptir að skuldabrèf hans samkvæmt boðum dómsmálastjórnarinnar eru afsöluð landssjóðnum, og legorðssektir eigi framar falla til hans, en því skal við bætt, að mál þetta er sent kirkju- og kennslustjórninni, að því leyti, sem þetta atriði einnig snertir hana.

---

27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um þjónustufrímerki. 16. apríl.

Útaf uppástungu yðar, herra landshöfðingi, í brèfi 22. f. m.

1873. 16. apríl. um, að gefin verði út íslenzk þjónustufrímerki uppá 16 sk., gefum vèr yður til kynna, að stjórnarráðið eptir kriugumstæðunum og sèrílagi af því, að það er eigi hægt að finna hæfilegan lit fyrir tèð frímerki, sem bæri nóg á, eigi hefir fundið ástæðu til að láta gefa út slík frímerki nú sem stendur.

---

16. apríl. **28. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um sveitastjórn.**

Í brèfi, dagsettu 8. nóvbrm. f. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, stungið uppá, að dómsmálastjórnin samkvæmt 61. gr. í tilskipun um sveitastjórn á Íslandi, 4. maí 1872, ákveði, hvenær tèð tilskipun skuli öðlast fullt gildi, og hafið þèr í því tilliti álitið, að þetta yrði að gjöra með tilskipun, sem skyldi birta á manntalsþingum.

Í sambandi við þetta hafið þèr stungið uppá ýmsum ráðstöfunum til þess að tilskipunin, ef hægt væri, að minnsta kosti að nokkru leyti gæti öðlazt gildi þegar á þessu ári.

Útaf þessu getum vèr þess: að stjórnarráðið hefir byggt á því, þegar tilskipunin kom út, að það gæti ekki komið til tals, að hún öðlaðist fullt gildi fyr en á árinu 1875, og að 61. grein er orðuð eins og hún er einmitt af þessari ástæðu, og svo af því, að það þókti eiga miður vel við að taka beinlínis til nefnt ár, sem væri svo langt að bíða, að stjórnarráðið fyrir sitt leyti hefir eigi getað annað en efazt mjög um, hvort hinar ýmsu uppástungur í fyrnefndu brèfi yðar til þess að flýta fyrir því, að tilskipunin öðlaðist gildi, væri lögmætar, og að eigi þykir næg ástæða til, að láta koma út sèrstaka tilskipun, sem verði birt á mantalsþingum um, að tilskipunin um sveitastjórn skuli öðlast gildi samkvæmt 61. gr.; en að öðru leyti mælumst vèr til þess, herra landshöfðingi, að þèr gjörið þær ráðstafanir til þess tilskipunin öðlist gildi, þegar búið er að birta hana á manntalsþingum, að kosningar til hreppsnefndanna geti fram farið á hreppskilaþingum

vorið 1874, til sýslunefndanna á manntalsþingum s. á. og til amtsráðanna á fundi sýslunefndanna, er þær eru kosnar, sömuleiðis einhverntíma á árinu 1874, eða í öllu falli á öndverðu árinu 1875, en þar á eptir skulu tèðar sveitastjórnar-nefndir á þessu ári taka til starfa, eptir því, sem segir fyrir í tilskipuninni. Eins og búið er, eptir því, sem þèr hafið skýrt frá, að sjá um, að það verði ákveðið samkvæmt 2. grein tilskipunarinnar, hve margir hrepps-nefndarmenn skuli vera í hverjum einstökum hreppi, þannig verður og í þessu tilliti einkum að gjöra ráðstafanir í tækan tíma til þess að setja kjörstjórnir, semja kjörskrár o. s. frv., samkvæmt 6., 7. og 29. grein, og að búa til fyrirmyndir til bráðabirgða fyrir áætlanir um tekjur og útgjöld hreppanna og sýslnanna samkvæmt 19. og 40. grein. 1873. 16. apríl.

Þar sem þèr í fyrnefndu brèfi yðar hafið látið í ljósi, að hreppstjórarnir geti eigi jafnað niður útsvarinu til fátækra á haustinu 1874 samkvæmt reglugjörð 8. janúar 1834, sem nú er í gildi, þegar búið sè að kjósa hreppsnefndirnar á vorinu 1874, — en samkvæmt 14. grein tilskipunarinnar skulu þær takast á hendur stjórn fátækramála hreppanna —, og að því verði þörf á, að gjöra ákvörðun um þetta um stundar sakir, leiðum vèr eigi hjá oss að geta þess, að ákvarðanirnar í 14. grein tilskipunarinnar að áliti stjórnarráðsins eigi eru því til fyrirstöðu, að útsvarinu til fátækra á haustinu 1874 verði jafnað niður á sama hátt og áður, og þá að hreppstjórarnir gjöri það, en það kemur einnig bezt heim við hinar aðrar ákvarðanir í tilskipuninni, með því hreppsnefndin að eins getur jafnað niður þeim gjöldum, sem eru tiltekin í áætlun þeirri, sem hún hefir samið, en sú áætlun er eptir því, sem sagt er að framan, eigi til að haustinu 1874, samanbr. 19. grein tilskipunarinnar, og skal því við bætt, að reikningur sá, sem getið er um í 20. grein, af þessari sök eigi verður gjörður fyr en í fardögum 1875.

Þar sem þèr að endingu hafið stungið uppá, að útgjöld sýslnanna fyrst um sinn verði greidd af jafnaðarsjóðum amtanna, unz sýslunefndirnar geti jafnað niður þeim gjöldum, sem þörf er á, getur stjórnarráðið eigi sèð, að nokkur heimild sè til þess, en aptur á móti má vel verja það, að veita sýslunum lán

1873. 16. apríl. af jafnaðarsjóðunum, ef þess verður þörf, en það mun varla koma fyrir, með því ætla má, að sýslunefndirnar þegar í stað geti jafnað niður þeim gjöldum, sem þörf er á.

---

6. maí. **29. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um ferðastyrk handa Óla póstmeistara Finsen.**

Eptir að þèr, herra landshöfðingi, með brèfi 22. marz þ. á. hafið mælt með bænarskrá nokkurri til stjórnarráðsins, þar sem póstmeistarinn í Reykjavík, Óli Finsen, sækir um styrk til kostnaðarins við dvöl hans í Danmörku, til þess að kynna sèr störf póstembættismanna, samkvæmt því, sem honum var gjört að skyldu þá er hann var skipaður póstmeistari, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið hefir veitt póstmeistara Óla Finsen 100 rd. til þess að greiða fyrnefndan kostnað, auk 50 rd. þóknunar, sem honum er veitt með öðru brèfi dómsmálastjórnarinnar í dag, og sendum vèr yður póstávísun til beggja upphæða, til þess þèr fáið þær þeim í hendur, sem í hlut á.

Fyrir móttöku fjárins væntum vèr að fá kvittun yðar.

---

6. maí. **30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um þóknun handa Óla póstmeistara Finsen.**

Í brèfi, dagsettu 22. marzm. þ. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þèr hafið sett Óla Finsen, sem skipaður er póstmeistari frá 1. aprílm. þ. á., til þess að standa á eigin ábyrgð fyrir afgreiðslu póstsendinga þeirra, sem komu til Reykjavíkur með póstgufuskipinu í marzm., og þeirra innanlands

pósta, sem fóru þaðan 25., 26. og 27. s. m., og hafið þèr mælzt til þess, að póstmeistaranum verði veitt þóknun fyrir starfa þenna, sem samsvari mánaðarlaunum hans. 1873. 6. maí.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið í þessu skyni hefir veitt Óla póstmeistara Finsen 50 rd. þóknun, og sendum vèr yður póstávísun til fjár þessa, til þess þèr fáið það honum í hendur.

Fyrir móttöku fjárins væntum vèr að fá kvittun yðar.

---

31. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um leyfi skipslæknis til þess að fara með lækningar. 13. maí.

Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæmi Íslands hefir sent hingað tvær bænarskrár, þar sem fyrrum skipslæknir *A. Tegner* sumpart sækir um leyfi til að fara með lækningar á Íslandi, sumpart fer þess á leit, að hann megi verða aðnjótandi þeirra rèttinda, sem fyrirheitin eru í auglýsingu um ýmsar ráðstafanir viðvíkjandi læknaskipuninni á Íslandi 31. maí 1867, nr. 1, eða til vara: að sèr verði veittur opinber styrkur á annan hátt, til þess að halda áfram þeim lækningum, sem hann hefir haft um hönd um nokkurn tíma á Vopnafirði í Norðurmúlasýslu; hefir amtmaður, samkvæmt meðmælingum frá sýslumanninum í tèðri sýslu og frá tveimur öðrum vel metnum mönnum þar, mælt fram með, að sækjandanum verði veitt lækningaleyfi, og jafnmikill styrkur af opinberu fè, einsog stjórnarráðið tvisvar sinnum áður hefir veitt honum fyrir lækningar hans á Íslandi.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á útaf þessu við hið konunglega heilbrigðisráð og frá því fengið álit landlæknisins á Íslandi, jústizráðs Jóns Hjaltalíns, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir þeim skýrslum, sem nú hafa fengizt, þykist geta veitt sækjandan-

1873. 13. maí. um leyfi til að fara með lækningar á Íslandi, en það, sem hann að öðru leyti hefir sókt um, verður ekki veitt, nema hann taki læknispróf það, sem haldið er á Íslandi.

---

15. maí. **32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um tíundagjald af Möðrudal.**[1]

Útaf bænarskrá nokkurri, sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæmi Íslands hafði sent dómsmálastjórninni, og þar sem Sigurður bóndi Jónsson í Möðrudal í Jökulsdalshrepp hefir sókt um að verða undanþeginn að greiða konungstíund af tèðri jörð með tilheyrandi hjáleigum, og að sèr verði borgað aptur það tíundagjald, sem hann þykist hafa greidt um of, með því jörðin hafi fyrrum verið stólsjörð frá Skálholti, og það hafi verið tekið fram með berum orðum í uppboðsskilmálunum, þegar seldar voru stólsjarðirnar frá Skálholti og Hólum, að þær framvegis skyldi njóta hins sama tíundafrelsis eins og áður, meðan þær heyrðu undir stólsgózið, úrskurðaði dómsmálastjórnin í brèfi til fyrnefnds amtmanns, dagsettu 28. febrm. þ. á., að eptirleiðis skyldi hvorki heimta konungstíund af jörðunni nè hjáleigunum, og að tíundagjald, sem goldið væri í fardögum 1871 og 1872, skyldi borgað aptur, ef það væri komið í landssjóðinn, og sá sjötti partur, sem sýslumaður hafi tekið í innheimtulaun, skyldi greiddur aptur sækjandanum, en því var bætt við, að málið, að því leyti er snerti þau tíundagjöld, sem greidd væri á fyrri árum, væri sent fjárhagsstjórninni til úrskurðar, með því þau gjöld væri borguð til ríkissjóðsins.

Eptir að fjárhagsstjórnin nú hefir látið í ljósi, að hún sjái sèr eigi fært að koma því til leiðar, að tíundagjöld þau, sem greidd eru fyrir tímann fyrir árið 1871, verði goldin sækjandanum aptur, mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, annist um, að hlutaðeiganda verði birtur þessi úrskurður fjárhagsstjórnarinnar.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 220 og 585.

33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um verðlaun fyrir björgun manna úr lífsháska. 1873. 15. maí.

Amtmaðurinn, sem þá var yfir vesturumdæminu, hefir sent hingað útskript af prófi, sem haldið var 8. febrúarm. f. á. við lögreglurètt Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um atvik þau, sem urðu við það, að Magnús bóndi Sigurðsson á Ósi, sem nú er hreppstjóri, og hásetar hans, þeir Stefán Jónsson frá Narfeyri, Ketill Jónsson frá Höfða og Vernharður Björnsson frá Setbergi, björguðu þremur af fimm mönnum, sem hvolfði undir á Álptafirði, og hefir amtmaður stungið uppá, að fyrnefndum mönnum verði veitt hæfileg verðlaun í peningum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr birtið það og gjörið ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið samkvæmt því, sem fram er komið, hefir veitt fyrnefndum hreppstjóra til verðlauna 8 rd., og hverjum af hásetunum 4 rd., og mun fè þetta verða goldið úr jarðabókarsjóðnum, þegar annaðhvort þèr eða amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæmi Íslands gjörið tilkall til þess, en vèr höfum í dag skrifað landfógeta það, sem með þarf í þessu tilliti.

---

34. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um hlunnindi fyrir sparisjóðinn í Reykjavík. 20. maí.

Með brèfi, dagsettu 13. nóvbrm. f. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem stjórn sparisjóðs nokkurs, sem stofnaður er í Reykjavík, sækir um, að samþykkt tèðs sjóðs verði staðfest af konungi, og að sjóðnum verði veitt ýms önnur hlunnindi, og hafið þèr jafnframt farið þess á leit, að konungsstaðfesting þessi verði fengin, og að lagt verði um leið fyrir alþingi frumvarp til tilskipunar, er gefi stjórninni vald til að

1873. 20. maí. veita sèrhverjum íslenzkum sparisjóð þau rèttindi, að eigi verði kyrsett það fè, sem látið er í sjóðinn eða hald á það lagt, og leyfi til að gjöra ómerkar viðskiptabækur, sem glatazt hafa, og til að taka móti fè ómyndugra til þess það verði ávaxtað, og taka í leigu allt að því 6 af hundraði fyrir lán gegn veði i fasteignum, og hafið þèr þar að auki með tilliti til þessa atriðis borið upp, hvort eigi væri betra, að láta sèrstakt lagaboð ganga út um það, að allur leiguburður af lánum gegn veði í fasteignum skuli vera frjáls.

Útaf þessu hefir stjórnarráðið látið semja frumvarp, sem verður lagt fyrir alþingi, sem í hönd fer, til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, og munuð þèr sjá af tèðu frumvarpi, að þar sem það hefir þótt óþarft, að fá lagaheimild fyrir því, að veita sparisjóðum undanþágu undan löghaldi eða kyrsetning, með því þetta fæst með leyfisbrèfi samkvæmt konungsúrskurði 23. desbr. 1864, I., 3. gr., þá hefir stjórnin á hinn bóginn álitið, að það að eins yrði leyft, að koma fyrir fè ómyndugra og opinberra stofnana hjá sparisjóðum um stundar sakir, og sömuleiðis hefir stjórnin heldur ekki fundið næga ástæðu til, nú sem stendur, að gjöra ráðstafanir til þess, að gjöra með öllu leiguburð þann frjálsan, sem ákveðinn er í tilskipun 27. maí 1859[1] fyrir lán gegn veði í fasteignum, heldur að eins til þess að veita íslenzkum sparisjóðum slík hlunnindi.

Til samlags við það, sem sagt er að framan, skal yður jafnframt til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það stjórn sparisjóðsins í Reykjavík, að stjórnarráðinu finnst það óþarft, að samþykkt sparisjóðsins verði staðfest, en ekkert mun vera því til fyrirstöðu ef um það verður sókt, að tèðum sjóð verði veitt leyfisbrèf samkvæmt konungsúrskurði 23. desbr. 1864, er veiti undanþágu undan kyrsetning og löghaldi á því fè, sem í sjóðinn er látið, og heimild til að selja við uppboð veð í lausafè án dóms og laga.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 263

35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans á Íslandi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörku á árunum 1871 og 1872. 1873. 20. maí.

Um leið og vèr vísum til lagatíðindanna dönsku fyrir 1871 og 1872 og mælumst til, að þèr, herra landshöfðingi, sem konungsfulltrúi á alþingi berið upp fyrir þinginu, að íhuga, hvort við eigi að löggilda á Íslandi nokkurt af hinum almennu lagaboðum, sem út komin eru á tèðum árum fyrir Danmörk, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórninni finnst ekki fyrir sitt leyti vera ástæða til. að leggja neitt af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvarp, samkvæmt konungsúrskurði 4. janúar 1861.

---

36. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands. 20. maí.

Það skal hèrmeð tilkynnt Deild hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt fèlaginu 150 rd. styrk til þess að gefa út »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands,« og að í dag hefir verið hlutazt til um, að fè þetta verði greidt fèhirði deildarinnar, Oddgeiri Stephensen, stjórnardeildarforstjóra, úr aðalfèhirzlu ríkisins.

---

37. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1871. (á Íslenzku og Dönsku). 23. maí.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

1873. 23. maí. Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1871, höfum Vèr séð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitazt við, að efla Vort gagn og hag landsins. Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúa alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess hið nefnda ár, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vèr nú skýra hèr í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir af ráðið verið.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi.

Þá er Vèr ályktuðum, eptir að lögin 2. janúar 1871 voru út komin, að láta leggja fyrir alþingi nýtt frumvarp til stjórnarskrár fyrir Ísland, þá var það í þeirri von og í því trausti, að alþingi af sinni hálfu mundi, svo sem þurfti, styrkja viðleitni Vora til þess, að leiða stjórnarskipunarmál Íslands til farsællegra endalykta. Von þessi hefir samt brugðizt, þar sem meiri hlutinn á alþingi hefir fastlega sett sig ámóti því fyrirkomulagi á nokkrum mikils varðandi atriðum stjórnarskipunarmálsins, sem frumvarpið fór fram á. Þetta á sèr einkum stað um ákvarðanir þær, sem snerta tilhögun á hinni æðstu stjórn landsins og ábyrgð þá, sem þarmeð er samfara, er meiri hlutinn, 15 atkvæði ámóti 9, hefir lýst því yfir, að þar sem í frumvarpinu er svo ákveðið, að hlutaðeigandi ráðgjafi skyldi hafa á hendi hið æðsta framkvæmdarvald yfir öllum sèrstaklegum málefnum Íslands, og þar að auki hafa ábyrgð á því, að stjórnarskipunarlögunum væri fylgt, en hið æðsta vald í landinu sjálfu skyldi á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar, þá væri fyrirkomulag þetta tryggingarlaust og óhagkvæmt, en að nauðsynlegt sè, að hin æðsta stjórn landsins og öll stjórnar ábyrgðin sè falin á hendur stjórnarvaldi, sem hafi aðsetur í landinu sjálfu. Tèður meiri hluti hefir því gjört þá aðaluppástungu, að skipaður verði landsstjóri, sem skuli hafa á hendi hið æðsta vald yfir öllum málefnum landsins með fullri ábyrgð fyrir alþingi, og erindisreki eða umboðsmaður í Kaupmannahöfn, sem á ábyrgð landsstjórans og í hans umboði flyti þau mál fyrir konung, sem liggja undir staðfestingu og úrskurð hans, en stungið uppá því til

vara að skipaður verði jarl, ábyrgðarlaus fyrir alþingi, sem hafi umboð konungsins til að ráða, ef ekki öllum, þá samt flestum þeim málum til lykta, sem þurfa konunglegrar staðfestingar, og jafnframt einn eða fleiri stjórnarherrar, með ábyrgð fyrir alþingi. 1873. 23 maí.

Fyrirkomulag þetta, sem þannig var stungið uppá, en sem minni hlutinn fastlega hefir ráðið frá í ágreiningsatkvæði því, sem hann hefir sent hingað samkvæmt 61. gr. alþingis-tilskipunarinnar, þar sem hann í hinum verulegustu atriðum er mótfallinn skilningi meira hlutans á stjórnarskipunarmálum Íslands, gæti með engu móti samrýmzt stjórnarskipun þeirri, sem nú er á ríkinu, og stöðu Íslands að lögum sem óaðskiljanlegs hluta Danaveldis. Því ef hin æðsta stjórn landsins yrði eingöngu falin á hendur stjórnarvaldi í landinu sjálfu, sem skyldi standa jafnsíðis stjórn hinna parta ríkisins og vera henni og ríkisráðinu óháð, og eptir aðaluppástungunni að eins standa í sambandi við konung fyrir milligöngu umboðsmanns eða erindisreka, sem væri ábyrgðarlaus, þar sem þau mál, sem nú þyrftu konunglegs samþykkis, eptir hinni uppástungunni jafnvel yrðu venjulega úrskurðuð á Íslandi, þá mundi af þessari tilhögun leiða, að Ísland í raun og veru yrði fullkomlega aðskilið frá ríkisheildinni.

Það liggur í augum uppi, að slíkar kröfur með engu móti verða teknar til greina, og er það svo opt áður, sèr í lagi er hin ýmsu stjórnarskipunar-frumvörp hafa verið lögð fyrir alþingi, sýnt og sannað, að Oss hlýtur að vera raun að því, eptir að þetta svo skýlauslega hefir verið tekið fram af stjórn Vorri og fulltrúa Vorum á alþingi, að slíkar uppástungur hafi getað komið fram frá meiri hluta þingsins, sem auðsjáanlega eru sprottnar af röngu áliti á hinni sönnu stöðu Íslands í ríkinu. Þessi ranga skoðun hefir aptur berlega látið sig í ljósi á ákvörðun þeirri í 2. gr. í frumvarpinu frá alþingi, er fer fram á, að um sameiginleg mál milli Danmerkur og Íslands og um takmörkin milli þeirra og hinna sèrstaklegu íslenzku mála skuli ekkert geta orðið ákveðið, sem sè skuldbindandi fyrir Ísland eða leggi byrðar á það, nema alþingi samþykki. Með þessu er gjörð sú heimildarlausa krafa, að alþing, þó verkahringur þess sè takmarkaður og hljóti ætíð að vera takmarkaður við hin sèrstaklegu málefni

1873. 23. maí.

Íslands, skuli fá hluttöku í meðferð hinna svo nefndu sameiginlegu mála, sem eingöngu heyra og verða að heyra undir hið almenna fulltrúa-þing fyrir ríkið í heild þess, eða með öðrum orðum undir ríkisþingið.

En eins og hin umræddu stjórnarskipunar-frumvörp, sem hafa verið lögð fyrir alþingi á ýmsum tímum, mega vera þinginu órækur vottur þess, að það hafi verið Vor einlægi og alvarlegi tilgangur, að gefa Íslandi stjórnarskipun, sem veiti landsmönnum hið sama frelsi og hin sömu rèttindi, sem þegnum vorum í konungsríkinu, þannig munum Vèr framvegis vera reiðubúnir til, að verða við óskum þeim, sem, þegar málið verður íhugað með meiri rósemi, kunna að koma fram frá Íslands hálfu um, að komið verði á slíkri stjórnarskipun, sem sè byggð á þeim grundvelli, er geti samrýmzt ríkisstjórnar-tilhögun þeirri, sem nú er, og hinni óaðskiljanlegu heild ríkisins.

Í sambandi við það, sem getið er að framan, hefir meiri hluti alþingis í nefndu áliti sínu lýst því yfir, að alþingi eigi geti viðurkennt, að lög 2. janúar 1871 sè bindandi fyrir Ísland, eins og þau nú liggja fyrir, að það reyndar fyrir hönd Íslands taki ámóti tillagi því úr ríkissjóðnum danska, sem ákveðið er í tèðum lögum, en geti þar ámóti ekki viðurkennt, að öll skuldaskipti milli Íslands og ríkissjóðsins sè þarmeð á enda kljáð, og að þingið, jafnframt og það þannig geymir Íslandi rètt þess óskertan um fyrgreind atriði, ráði til, að um þau verði leitað eptir nauðsynlegan undirbúning samkomulags við Íslendinga á sèrstöku þingi á Íslandi, er hafi fullt samþykktaratkvæði fyrir þjóðarinnar hönd. þessu til stuðnings er sèr í lagi skírskotað til heityrðis þess í konungsbrèfi 23. septbr. 1848, að eigi skyldi neitt endanlega af ráðið um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, fyr en búið væri að láta Íslendinga sjálfa segja álit sitt um það á þingi sèr í landinu sjálfu, og til konunglegrar auglýsingar til alþingis 19. maí 1849 og konunglegrar auglýsingar til Íslendinga 12. maí 1852.

Þessar yfirlýsingar alþingis hafa eigi síður fallið Oss illa í geð. Eins og þýðing tèðra heityrða konungs hefir optsinnis áður verið rækilega og nákvæmlega útlistuð, sèr í lagi í ástæð-

unum fyrir frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi 1867, til stjórnarskipunarlaga, og í ástæðunum fyrir frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi 1869, til laga, er nákvæmar ákveða um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, þannig virðist því fremur óþarft, að útlista það nákvæmar, sem þýðing þeirrar setningar, sem skírskotað er til, er í sjálfu sèr svo ljós, að það getur eigi verið nein ástæða til að efast um, að þar að eins sè átt við hlutdeild til ráðaneytis frá hálfu Islendinga, en eigi við samþykktaratkvæði; það væri öldungis víst ámóti almennu máli, að leggja slíka þýðing í orðatiltækið »að segja álit sitt um«, og þetta sèst enn fremur skýlaust af hinni fyrnefndu konunglegu auglýsingu 12. maí 1852, þar sem einmitt er gefið tilkynna, að það sè í ráði, að leggja stjórnarskipunnarlög fyr alþingi. Og þar eð nú frumvarp það, sem lögin 2. janúar 1871 eru byggð á, hefir verið lagt fyrir alþingi til álita, og því þannig hefir verið gefinn kostur á, að eiga þann þátt í tilbúningi laganna, sem því ber að lögum, eru mótmæli þingsins gegn því, að lög þau, sem hið almenna fulltrúa-þing ríkisins í þeim málum, er sameiginleg eru fyrir konungsríkið og Ísland, sem er ríkisþingið, hefir samþykkt, og sem Vèr höfum staðfest með allrahæstu samþykki Voru, sè einnig bindandi fyrir Ísland, bæði heimildarlaus og lítt samboðin þeirri lotningu, sem ber að sýna lögum þeim, sem hið lögmæta löggjafarvald hefir gefið út. 1873. 23. maí.

Þar sem meiri hluti þingsins að öðru leyti hefir látið í ljósi, að innihald laganna 2. janúar 1871 sè talsvert frábrugðið innihaldi frumvarps þess, sem lagt var fyrir þingið 1869, og að frumvarp það, sem lagt var fyrir ríkisþingið, þess vegna í raun og veru megi heita alveg nýtt, skal geta þess, að grundvallaratriðin og aðalákvarðanirnar í lögunum eru að öllu leyti samkvæmar frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi 1869, en að breytingar þær, sem gjörðar voru á því, er það var lagt fyrir ríkisþingið, eru einmitt sprottnar af umræðum þeim, sem fram höfðu farið um það á alþingi, og eru yfirhöfuð og í því, sem verulegt er, ívilnanir við Ísland, og skal í því tilliti sèr í lagi vísað til 1., 2. og 5. greinar laganna. Að því leyti, er sèr í lagi snertir það, sem meiri hlutinn hefir látið í ljósi, að

1873. 23. maí. hann álíti sumar af ákvörðunum laganna óhentugar og óaðgengilegar fyrir Íslendinga, og að þetta einkum eigi sèr stað um það, sem fyrir er mælt í lögunum um upphæð tillagsins og um það, að öll skuldaskipti Íslands og ríkissjóðsins skuli á enda kljáð með þeirri tilhögun, sem þar er sett, þá eru þessar ákvarðanir — að því einu undan teknu, að grein sú, sem við er átt, eptir tilmælum, sem komu fram á alþingi, er orðuð á þá leið, að öll tvímæli um, að tillagið sè statt og stöðugt, eru með því tekin af — með öllu samhljóða frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi 1869. Í þessu tilliti má það nægja að vísa til þess, sem ítarlega er skýrt frá um þetta atriði í ástæðunum fyrir tèðu frumvarpi, og sèr í lagi um það, að enginn vegur var til að koma frekari kröfum fram gagnvart fjárveitingarvaldi konungsríkisins. Eptir því horfi, sem málið var komið í, og af því að alþingi á ýmsum tímum hafði farið því fastlega fram, að gjörður væri aðskilnaður á fjárhagssambandi Íslands við konungsríkið, er það var álitið sem nauðsynlegt skilyrði fyrir framförum landsins, urðum Vjer að álíta það harla áríðandi, að mál þetta yrði ráðið af á sem beztan hátt fyrir Ísland, og eptir að tekizt hafði að koma þessu til leiðar með lögum 2. janúar 1871, er málið þarmeð alveg á enda kljáð, svo því hvorki á að raska nè verður raskað.

Að því, er að öðru leyti snertir þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi, skal þess getið, sem hèr segir:

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vèr höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1. Tilskipun 27. janúar 1872, um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og justizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti, Benedikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti;

2. Tilskipun 12. febrúar 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl.;

3. Tilskipun fyrir Ísland sama dag, um síldar- og upsaveiði með nót;

4. Tilskipun handa Íslandi sama dag, um spítalagjald af sjávarafla;

5. Tilskipun sama dag, um stofnun búnaðarskóla á Íslandi;

6. Tilskipun 26. febrúar 1872, um póstmál á Íslandi;

7. Tilskipun handa Íslandi sama dag, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum;

8. Tilskipun handa Íslandi sama dag, um kennslu heyrnar- og málleysingja o. fl.;

9. Tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík;

10. Tilskipun 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega íhugaðar athugasemdir þær, sem alþingi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu og ýmislegt verið nákvæmar ákveðið. Að því leyti, sem meiri hluti alþingis aptur ámóti hefir farið fram á, að tilskipunin, sem nefnd er sem hin 7., um gjald á brennivíni o. s. frv. yrði ekki látin öðlast gildi, fyr en komin er út stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, skal þess getið, að eigi hefir verið fundin ástæða til eptir því, hvernig meiri hluti alþingis tók íslenzka stjórnarskipunarmálinu, að skjóta því á frest til þess tíma, sem í öllu falli eigi með neinni vissu verður ákveðinn, að láta tèð lagaboð koma út, er alþingi sjálft hafði viðurkennt nytsemi þess.

Með því ýmsar þær breytingar, sem alþingi hefir stungið uppá við frumvarpið, sem lagt var fyrir til tilskipunar handa Íslandi um friðun á laxi, eigi verða álitnar vel til fallnar, og málið yfirhöfuð naumast virðist svo gaumgæfilega íhugað, sem skyldi, hefir Oss þótt ísjárvert, að láta koma út um það endanleg lög, en aptur ámóti verður nú lagt fyrir þingið til álita endurskoðað frumvarp um fyrirkomulag þessa máls.

Eptir að rannsókn sú á brennisteinsnámunum í Þingeyjarsýslu, sem getið er um í allramildilegustu auglýsingu Vorri 22. maí 1871, hefir fram farið, höfum Vèr með allrahæstum úrskurði 9. marz f. á. falið dómsmálastjórn Vorri á hendur, að leigja A. G. Lock frá Lundúnum tèða náma fyrir 50 ár og með þeim skil-

1873. 23. maí.

málum, sem nákvæmar er skýrt frá í leigusamningi þeim, sem gjörður var 13. apríl s. á. milli tèðs stjórnarráðs og A. G. Locks.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, sem komið hafa frá alþingi.

1. Eptir að alþingi hafði sett nefnd, til þess að yfirfara fjárhagsáætlun Íslands, hefir það í þegnlegri bænarskrá farið fram á:

a. að reikningshalli sá Íslandi í óhag, sem fólginn virðist vera í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands fyrir 1871—72, I., 4. gr. (sbr. I., 2. gr. 9.), verði lagaður;

b. að tekjurnar af póstgöngunum og af dómsmálasjóðnum eptirleiðis verði tilteknar í tekjudálkinum;

c. að eigi sè talin nein útgjöld til þess að stofna hjálparsjóð (10. gr. fjárhagsáætlunarinnar), en að styrktarsjóður sá, sem Ísland þegar á, verði hafður sem hjálparsjóður fyrir landið;

d. að útgjaldagrein í II., 7. gr., D., »önnur útgjöld í þarfir hins lærða skóla« verði endurskoðuð, og

e. að skipuð verði nefnd manna, jafnmörgum Dönum og Íslendingum, til að rannsaka alla viðskiptareikninga Danmerkur og Íslands, og að þessir reikningar síðan verði lagðir fyrir alþingi til yfirskoðunar.

Útaf þessu gefum Vèr alþingi tilkynna, að öll mál, sem snerta fjárhagsáætlun og fjárhaginn að lögum (sbr. alþingistilskipunina 8. marz 1843, 1 gr. og tilsk. 28. maí 1831, 4. gr.) liggja alveg fyrir utan verksvið alþingis, og að Vèr að því leyti, er sèrstaklega snertir fjárhagsáætlun Íslands, sèr í lagi eptir því, sem alþing 1857 hefir látið í ljósi um þetta mál, eigi höfum fundið ástæðu til, að leggja áætlunina fyrir þingið til álita, en aptur ámóti er ekki neitt því til fyrirstöðu, að hæfilegt tillit sè tekið til þess, ef alþingi annaðhvort kann að æskja nákvæmari skýrslu um einstakar greinir í hinni íslenzku fjárhagsáætlun, eða bera fram uppástungur um betra fyrirkomulag á reikningum eða því

um líkt. Samkvæmt þessu skal um fyrnefndar tillögur alþingis geta þess, sem hèr segir: 1873. 23. maí.

Um a. Það, sem hèr er talið með útgjöldum, er beinlínis í samhljóðun við lög 2. janúar 1871 6. gr., 2. lið, og getur því ekki orðið umtals mál að laga það.

Um b. Með því póstmálin verða skoðuð sem stofnun, sem á að koma í það horf, að þau borgi sig sjálf, verður það mest samkvæmt grundvallarreglunum, að telja að eins til það, sem skjóta þarf til, það er að segja, að tiltaka tillag landssjóðsins í útgjaldadálki fjárhagsáætlunarinnar, á meðan útgjöldin eru meiri en tekjurnar. Að því leyti, er snertir dómsmálasjóðinn, skyldi samkvæmt tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi og fl., 4. marz 1871 4. gr. greiða kostnaðinn við byggingu hegningarhússins í Reykjavík úr tèðum sjóð, og hefir því orðið að verja fè því, sem sjóðurinn átti, til þess að greiða nefnd útgjöld.

Um c. Mótmæli þau, sem alþingi hefir hreyft gegn því, að stofnaður sè hjálparsjóður fyrir Ísland, virðast eigi að vera sèrlega mikilvæg, og skal í því tilliti geta þess, að það eigi hefir verið tilgangurinn, að sleppa eða fresta framkvæmdum á ráðstöfunum þeim, sem miða til gagns Íslands, til þess að stofna hjálparsjóð af því, sem sparast með þessu móti, heldur hefir sjóðurinn verið stofnaður, til þess að fè það, sem afgangs kynni að verða á einstökum reikningsárum, yrði ávaxtað landssjóðnum í hag, þangað til á því þyrfti að halda einmitt við framkvæmdir á slíkum ráðstöfunum. Að því leyti, er þar að auki snertir hinn íslenzka styrktarsjóð, þá hefir eins og alþingi mun kunnugt, verið varið miklu fè úr sjóðnum eptir meðmæling þingsins til lána, til þess að afstýra hungursneyð á Íslandi, og getur því eigi orðið umtalsmál, að gjöra ákvörðun um hvernig sjóðnum verði varið framvegis, fyr en tèð lán eru borguð.

Um d. Eptir að útaf þessu hefir verið leitað álits stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, hefir stjórninni virzt, að ástæða gæti verið til að færa niður eptirleiðis hinar tvær útgjaldagreinir »til bókakaupa við prestaskólann« og »til bókakaupa við hinn lærða skóla«, svo að, í stað þess, að áður hafa verið veittir til þessa

1873.
23. maí.

200 rd. og 500 rd., verði það nú látið vera 150 rd. og 300 rd.; aptur ámóti hefir eigi orðið álitið, samkvæmt því, sem stiptsyfirvöldin hafa skýrt frá í áliti sínu, að færðar yrðu niður nú sem stendur neinar af hinum öðrum upphæðum, sem hingað til hafa verið tilteknar í þessum kafla fjárhagsáætlunarinnar.

Um e. Um þetta atriði virðist nægja að vísa til þess, sem getið er að framan um það, að öll skuldaskipti milli Danmerkur og Íslands sè með lögum 2. janúar 1871 á enda kljáð.

2. Í þegnlegri bænarskrá hefir alþingi beiðzt þess, að engin sala nè skipti á neinum opinberum eignum megi fram fara, nema með ráði og samþykki alþingis.

En þar sem alþingi með þessu fengi það vald, sem því, eins og getið er að framan, eigi ber eptir hinum gildandi stjórnarskipunarlögum, er tèð bænarskrá eigi þess eðlis að hún verði tekin til greina, en samt er eigi með þessu loku fyrir það skotið, að álits alþingis geti orðið og verði leitað um, að selja opinberar eignir á Íslandi, ef sèrstök ástæða virðist til þess.

3. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um hækkun eptirlauna fyrverandi amtmanns J. P. Havsteins, skal þess getið, að þó fallast megi á þá skoðun alþingis, að ákvörðunin í 4. gr. laganna 19. janúar 1863 sè fremur óeðlileg, og að það ætti vel við, að ákvörðun þessari, sem hefir það alveg sèrstaka einkenni, að hún er sett um stundar sakir, yrði breytt, ef gjörð yrði almenn tilhögun á þeim málum, sem snerta laun og eptirlaun íslenzkra embættismanna, hefir samt eigi fundizt ástæða til, að því leyti, er snertir fyrverandi amtmann Havstein, að gjöra sèrstakar ráðstafanir til þess að hækka lögleg eptirlaun hans, þegar tillit er tekið til þeirra kringumstæða og atvika, er honum var vikið frá embætti fyrir.

4. Eptir skýrslum þeim, sem fengizt hafa viðvíkjandi þegnlegri bænarskrá alþingis um, að höfnin við Stapa í Snæfellsnessýslu verði löggilt til uppsiglingar fyrir verzlunarskip, og einkanlega vegna þess, hvernig ástatt er í sveitinni þar í kring, hefir eigi þótt nægilegt tilefni til að taka tèða bænarskrá til greina.

5. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis viðvíkjandi styrk til kennslu í sjómannafræði á Íslandi, verður lagt fyrir alþingi, sem nú fer í hönd, frumvarp til tilskipunar um stofnun sjómannaskóla á Íslandi. 1873. 23. maí.

6. Að því leyti, er snertir styrk þann til forngripasafnsins í Reykjavík, sem alþingi hefir beðið um, skal vísað til áætlunar um tekjur og útgjöld Íslands fyrir 1873, 7. gr., C., III., sem Vèr allramildilegast höfum staðfest, og má þar sjá, að tilteknir eru á nefndri áætlun 200 rd. til tèðs augnamiðs.

7. Þegnlegri bænarskrá alþingis um stofnun lagaskóla á Íslandi m. m. hefir ekki orðið veitt áheyrsla, og skal í því tilliti vísað til þess, sem fulltrúi Vor samkvæmt konunglegri auglýsing 22. maí 1871 hefir skýrt alþingi frá á fundinum s. á. viðvíkjandi bænarskrá frá þinginu 1869, um hið sama.

Að því, er að endingu snertir mál það, sem rædt er um í konunglegri auglýsing 22. maí 1871, II., 12., að koma á gufuskipsferðum kringum strendur Íslands, skal þess getið, að nefnd sú, sem sett var til þess að búa þetta mál undir, reyndar fyrir löngu hefir lokið starfa þeim, sem henni var falinn á hendur, en hvorki með því, sem komið er frá nefndinni, nè með öðru móti hefir fengizt nein sú undirstaða, til þess að koma máli þessu fyrir á haganlegan hátt, að nokkur uppástunga um það hafi orðið lögð fyrir alþingi.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vèr sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

---

38. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk til þess að íslenzka og prenta tiltekna guðfræðisbók. 23. maí.

Í brèfi, dagsettu 12. f. m., hafið þèr, herra landshöfðingi,

1873. 23. maí. skýrt frá, að þèr samkvæmt tilmælum stiptsyfirvaldanna uppá væntanlegt samþykki stjórnarráðsins hafið látið greiða úr jarðabókarsjóðnum styrk þann, sem cand. theologiæ Eiríki Briem var veitt loforð fyrir með brèfi kirkju- og kennslustjórnarinnar 8. febrúar 1870[1] fyrir útleggingu á riti eptir *Dr. F. G. Lisco*, sem heitir *den kristelig apostoliske Troesbekjendelse*, og er skólameistari við hinn lærða skóla, Jens Sigurðsson, hafði látið sèr lynda, hvernig frá útleggingunni var gengið, — en hún er 16 arkir að stærð, og styrkurinn 12 rd. fyrir hverja örk — hafið þèr nú mælzt til, að stjórnarráðið samþykki, að upphæðin öll, sem er 192 rd., verði greidd af því fè, sem á þessu reikningsári er ætlað til óvissra útgjalda.

Útaf þessu skal yður tilkynnt, að stjórnarráðið fellst á ráðstafanir yðar í þessu máli.

---

23. maí. **39. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um skemmdir á eggvarpi í Grundarfirði[2].**

Eptir að það var orðið uppvíst við próf, sem haldið var við lögreglurètt Snæfellsness og Hnappadalssýslu, að fimm skipverjar af skipinu *Marie Desirée S. B. Nr. 28* frá *Porteux*, sem skipstjórnarmaður *Giquel* rèði fyrir, hafi einusinni sumarið 1870 gengið á land í Melrakkaey í Grundarfirði, sem heyrir Setbergs prestakalli til, skemmt það æðarvarpið og rænt úr því, mæltist dómsmálastjórnin til við utanríkisstjórnina, að hún vildi leitast til um, að spillvirkjar þessir yrði dregnir fyrir dóm úti á Frakklandi og þeim hegnt fyrir verkið. Frá tèðu stjórnarráði höfum vèr nú fengið brèf, sem hinn frakkneski utanríkisstjórnar-ráðherra hefir skrifað hinum konunglega sendiherra í Paris, og fylgir með því útskript af brèfaskriptum yfirvalda á Frakklandi og rann-

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 5.
[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 253.

sóknum þeirra um þetta mál. Af útskript þessari sèst, að frakkneska stjórnin álítur, að nægar skýrslur sè eigi komnar fram til þess að draga nokkurn fyrir dóm, og ber því upp fyrir dönsku stjórninni, hvort hún vili leitast við að láta skýra málið betur. 1873. 23. maí.

Jafnframt og vèr sendum yður, herra landshöfðingi, útskript af fyrnefndu prófi, sem haldið var við lögreglurètt Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, ásamt með skjölum þeim, sem komu frá utanríkisstjórninni og sem eru 16 alls, mælumst vèr til, að þèr berið yður saman við amtmanninn yfir suður- og vesturumdæminu og íhugið, hvort nokkur von sè um, að útvegaðar verði nægar skýrslur um mál þetta með því að halda nýtt próf, að fengizt geti lagasönnur fyrir því, hvort skipverjar af fyrnefndu skipi, og þá hverir af þeim hafi brotið gegn íslenzkum veiðilögum, eigi að eins í það skipti, sem hèr er um að ræða, heldur einnig við önnur tækifæri, og ef svo er, mælumst vèr til, að þèr látið taka nýtt próf, og segið álit yðar um mál þetta, um leið og þèr sendið hingað aptur meðfylgjandi útskript og skjöl frá Frakklandi.

---

40. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um giptingarleyfi fyrir prest. 27. maí.

Eptir að hingað hafði borizt bænarskrá, sem biskupinn yfir Íslandi hafði sent til stjórnarráðsins, hefir hans hátign konungsinum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar þóknazt, 21. þ. m. allramildilegast að leyfa, að sóknarpresturinn að Völlum í Eyjafjarðar sýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, Páll Jónsson, megi ganga að eiga Önnu Sigríði Jónsdóttur, enda þótt hún hafi ratað í einfalda legorðssök.

Um leið og vèr sendum yður meðfylgjanda leyfisbrèf, sem gefið er út um þetta, mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, sjáið um, að það verði fengið í hendur Páli presti Jónssyni

1873. 27. maí. fyrir lögboðið gjald, sem er 16 rd. 80 sk., en það verður að telja til í reikningum hlutaðeiganda amtmanns á venjulegan hátt.

---

27. maí. **41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um brúargjörð yfir Þjórsá og Ölfusá.**

Með brèfi, 8. oktbr. f. á., senduð þèr herra landshöfðingi, sem þá voruð stiptamtmaður yfir Íslandi, bænarskrá frá fundi nokkrum, er haldinn var í fyrra í Rangárvallasýslu, um að fá opinberan styrk, til þess að láta reyndan mann rannsaka, hvort hægt væri eptir því, hvernig þar hagar til, að leggja brýr yfir Þjórsá og Ölfusá, og ef svo væri, að búa til uppdrætti og áætlun um kostnaðinn við brúargjörð þessa, og hafið þèr stungið uppá, að stjórnarráðið hlutist til um, að sendur verði í þessu skyni verksmiður til Íslands, sem einnig ef því verður við komið rannsaki, hvort hægt sè að gjöra höfn við *Portland* (Dyrhólma)[1] í Skaptafellssýslu, og að kostnaðurinn við þetta framyfir þá 110 rd., sem skotið var saman á fyrnefndum fundi, verði greiddur úr landssjóðnum, eða ef þetta eigi að öllu leyti fæst hjá landssjóðnum, að veita megi 100 rd. tillag úr vegasjóði suðuramtsins til rannsókna um brúargjörðina, og 100 rd. úr jafnaðarsjóðnum til þess að rannsaka, hvort höfninni verði komið upp.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að stjórnarráðið mun veita það fè, sem á vantar, af landssjóðnum, með því skilyrði, að sækendur og fyrnefndir sjóðir greiði þá 310 rd., sem getið er um að framan, og höfum vèr þar að auki hlutazt til um, að *cand. polytechnices Windfeldt-Hansen* fari hèðan til Íslands með póstgufuskipinu í næstkom-

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 220.

anda júlím., til þess að gjöra þær rannsóknir, sem ætlazt er til. 1873.
Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir veitt kand. Windfeldt- 27. maí.
Hansen 5 rd. í fæðispeninga um hvern dag, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað og kostnað til þeirra, er hann þarf sèr til aðstoðar við rannsóknina, og 400 rd. þóknun, fyrir uppdrætti og áætlanir, sem hann kann að búa til.

---

42. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um ferðir jarðyrkjumanns á Íslandi. 27. maí.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við amtmennina á Íslandi og hið konunglega landbústjórnarfèlag útaf bænarskrá nokkurri, þar sem Sveinn jarðyrkjumaður Sveinsson, sem hefir gengið í jarðyrkjuskóla í Noregi, sækir um styrk til þess að ferðast um Ísland og útbreiða þar þekkingu á arðsamari jarðarrækt, en hingað til hefir verið höfð um hönd, er bæði dómsmálastjórnin og tèð landbústjórnarfèlag fúst til þess að styðja þetta fyrirtæki fyrst um sinn á þessu ári, með því svo sýnist, sem landsmenn hafi hug á að hagnýta sèr leiðbeining jarðyrkjumanns, sem ferðist um landið með styrk af opinberu fè. Í þessu skyni höfum vèr hlutazt til um, að fyrnefndur Sveinn Sveinsson leggi af stað til Íslands frá Björgvin beina leið við lok þessa mánaðar eða í öndverðum næsta mánuði, til þess að ferðast um landið eptir því, sem þèr, herra landshöfðingi, er hann mun leita til, nákvæmar segið fyrir um, og leiðbeina þar bændum, sem vilja nota hans aðstoð, og eru fúsir til að láta honum til ókeypis húsnæði, fæði og fararbeina. Fyrir starf þetta skal veita Sveini Sveinssyni 300 rd. fyrir þetta ár, en af því fè er búizt við að 100 rd. verði borgaðir af bústjórnarfèlagi suðuramtsins og búnaðarsjóðum hinna amtanna, að tiltölu við þann tíma, sem hann hefir dvöl í hverju amti, en landssjóðurinn og hið konunglega landbústjórnar-

1873. 27. maí. félag mun greiða sína 100 rd. hvor, og veitum vèr yður hèrmeð myndugleika til að taka þessa 200 rd. úr jarðabókarsjóði Íslands.

---

27. maí. **43. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um húsakaup á klausturjörðu.**

Í brèfi til dómsmálastjórnarinnar hefir amtmaðurinn í norður- og austurumdæmi Íslands skýrt svo frá, að hin nauðsynlegustu húsakynni á jörðunni Lækjardal, sem heyrir undir Múnkaþverárklausturs góz, sem sè baðstofan eldhúsið, búrið, dyrin og göngin, sè eigi eign umboðsins, heldur leiguliða þess, sem síðast sat á jörðunni, og hefir amtmaður stungið uppá, að umboðssjóðurinn eptir boði leiguliðans, sem frá fer, kaupi tèð húsakynni fyrir 100 rd., en þá skuli jarðarafgjaldið eptirleiðis hækkað frá 25 til 50 álna á ári, og hefir leiguliðinn, sem tekur við jörðunni, gengið að því.

Utaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að ef sannað verður með löglegri skoðunargjörð, að fyrnefnd húsakynni sè að minnsta kosti 100 rd. virði, má verja þessari upphæð af umboðssjóðnum til þess að kaupa þau, en þá skal afgjaldið af jörðunni hækkað, svo það eptirleiðis sè 50 álnir.

---

27. maí. **44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um málafærslulaun við yfirrèttinn.**

Í þremur opinberum málum, sem dæmd eru við hinn konunglega íslenzka landsyfirrètt, útaf afbrotum gegn tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi, 26. maí 1863, hefir tèður rèttur, sem dæmdi ómerka dóma undirrèttarins og vísaði þeim

heim aptur til nýrrar og löglegri meðferðar, eigi dæmt þeim málafærslumönnum við rèttinn, Jóni Guðmundssyni og Páli Melsted, sem eptir skipun sóktu málin, nein málafærslulaun. Með því nú þessi mál eigi aptur koma til yfirrèttarins, sökum þess að vesturamtið hefir úrskurðað um tvö þeirra eptir tilmælum hinna ákærðu, en þriðja málinu, sem aptur er dæmt við undirrèttinn, verður eigi áfrýjað að nýju, hafa fyrnefndir málafærslumenn sókt um, að hvorjum þeirra verði borgað úr jafnaðarsjóðnum fyrir málfærslu í tveimur málunum jafnmikið og venjuleg málafærslulaun eru í opinberum málum, sem eru 5 rd., og málafærslumanni Jóni Guðmundssyni ennfremur 5 rd. fyrir þriðja málið, en organleikari Pètur Guðjohnsen, sem skipaður var sakar verjandi, hefir ennþá ekki krafizt launa. Þareð amtmaður álítur, að sèr sè eigi bært að greiða tèð málafærslulaun uppá sitt eindæmi, hefir hann samkvæmt kansellíbrèfi 2. apríl 1836 í brèfi til dómsmálastjórnarinnar, dagsettu 8. febrúarm. þ. á., stungið uppá, að málafærslulaun þau, sem málafærslumennirnir Jón Guðmundsson og Páll Melsted hafa gjört tilkall til fyrir tèð mál, verði borguð þeim úr jafnaðarsjóði amtsins, og að organleikara Pètri Guðjohnsen verði veitt hinn sömu málafærslulaun fyrir það mál, sem hann var skipaður í, ef hann krefst þess. 1873. 27. maí.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það amtmanninum yfir suður- og vesturumdæmi Íslands, að dómsmálastjórnin fellst á uppástungu þessa.

45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um afgjald af klausturjörðunni Vatnsenda. 27. maí.

Í brèfi 5. desbr. f. á. hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæmi Íslands mælzt til að stjórnarráðið samþykki, að hann samkvæmt tillögum hlutaðeiganda umboðsmanns hefir leyft, að landsetinn, sem nú er á jörðunni Vatnsenda undir Múnkaþverárklausturs gózi, Einar Erlendsson, framvegis í næstu 5 ár megi

1873. 27. maí. sitja á jörðunni fyrir það afgjald, sem ákveðið var með úrskurði dómsmálastjórnarinnar 14. janúar 1867, en þá var það fært niður frá 180 til 120 álna fyrir 5 ár frá fardögum 1866, sökum þess að jörðin hafði orðið fyrir skemmdum af skriðum og vatnsflóði; samt skuli tilraun gjörð til þess, að fá aptur hið sama afgjaldið, sem það var upphaflega, ef jörðin losnar innan fyrnefndra 5 ára.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að eptir málavöxtum má það standa, sem gjört er í þessu máli.

---

27. maí. **46. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um jarðabætur á klausturjörðu.**

Í brèfi, dagsettu 4. desbrm. f. á., hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu stungið uppá, að leiguliðanum á jörðunni Miðhúsum, sem heyrir undir þingeyraklausturs góz, Helga Helgasyni, verði veitt 50 rd. verðlaun fyrir talsverðar jarðabætur, sem hann hefir gjört á tèðri jörðu, en sem jafnframt hafa verið undirrót til þess, að hann hefir komizt í 70 rd. 80 sk. skuld við umboðið fyrir ógoldið afgjald, og skuli 25 rd. greiddir af búnaðarsjóði norður- og austuramtsins og jafnmikið af umboðssjóðnum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, samt þannig, að fyrnefndir 50 rd. komi upp í fyrnefnda afgjaldsskuld til umboðssjóðsins.

---

47. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnar háskólans, um styrk til kennslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi.** 1873. 28. maí.

Kirkju- og kennslustjórnin hefir tilkynnt dómsmálastjórninni, að fjárhagsstjórn háskólans sè falið á hendur, að út borga af því fè, sem tilfært er á útgjaldagrein Kommunitetsins 1. e. fyrir fjárhagsárið 1872-73 og veitt með fjáraukalögunum 17. þ. m. fyrir tèð fjárhagsár, 570 rd., sumsè 450 rd. til þriggja læknisfræðinga á Íslandi, sem hafa notið kennslu í yfirsetufræði á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, og 120 rd. til tveggja íslenzkra læknisfræðinga sem styrk, til þess þeir gæti gengið á spítala hèr, með því skilyrði, að þeir legði fram nægan vitnisburð um, að þeir hafi notið þessarar kennslu.

Útaf þessu sendum vèr tèða vitnisburði og mælumst til, að fjárhagsstjórn háskólans vili greiða fyrnefnda 570 rd. til aðalfèhirzlunnar, þar sem tekið mun verða við fènu eptir tilhlutun dómsmálastjórnarinnar, og það talið með tekjum Íslands.

Fyrnefnda vitnisburði búumst vèr við að fá aptur.

---

48. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald handa embættismönnum fyrir kostnað við póstsendingar.** 17. júní.

Í brèfi, dagsettu 24. apríl þ. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, með því eigi sè tiltekin á áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1 aprílm. til 31. desbrm. 1873 nein sèrstök upphæð, til þess að greiða íslenzkum embættismönnum endurgjald fyrir kostnað þann, sem leiðir af því, að tekið er af að flytja nokkuð kauplaust með póstum, borið upp þá fyrirspurn: hvort ætlazt sè til, að endurgjald þetta skuli goldið af því fè,

1873. 17. júní. sem í 10. gr. áætlunarinnar er tiltekið til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma.

Útaf þessum gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að greiða megi tèð útgjöld af fyrnefndu fè á yfirstandanda reikningsári, og felum vèr yður því hèrmeð á hendur vald til, að láta borga hlutaðeigandi embættismönnum upphæðir þær, sem þeir kunna að eiga tilkall til útaf þessu, úr jarðabókarsjóðnum, og mælumst vèr til að fá innan loka reikningsársins yfirlitsskýrslu um, hversu miklu fè hafi verið varið til þessa.

---

27. júní. **49. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk til kennslu ómála barna**[1].

Útaf uppástungu nokkurri, sem þèr, herra landshöfðingi, sem stiptamtmaður yfir Íslandi hafið gjört ásamt biskupinum í brèfi 6. marz þ. á., um, að veita megi Páli presti Pálssyni á Prestbakka hinn sama styrk og á reikningsárinu, sem leið, til heyrnar- og málleysingja kennslu þeirrar, sem hann hefir stofnað á Íslandi, hefir kirkju- og kennslustjórnin skrifazt á við dómsmálastjórnina, og þar eptir veitt sækjandanum fyrir reikningsárið frá 1. aprílm. til 31. desbrm. 1873 15 rd. styrk fyrir hvern heyrnar- og málleysingja, sem hann hefir til kennslu, en eigi handa fleirum en 10, og má taka styrk þennan af því fè, sem tilfært er í 10. grein í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á fyrnefndu reikningsári. Þessi styrkur er eins og áður bundinn við það skilyrði, að Páll prestur Pálsson skuldbindi sig til, að kenna uppa eiginn kostnað hæfum manni aðferð við kennslu heyrnar- og málleysingja, svo framarlega sem stiptsyfirvöldin kynni að leggja honum það fyrir og þegar að því kemur.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 322.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, hlutist til um, að tèður styrkur verði borgaður úr jarðabókarsjóðnum, þegar stiptsyfirvöldin gjöra tilkall til hans. 1873. 27. júní.

---

50. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um upphafsorðin á veitingarbrèfum presta. 28. júní.

Í brèfi 16. apríl þ. á. til dómsmálastjórnarinnar hafið þèr, herra landshöfðingi, lagt til, að upphafsorðunum á veitingarbrèfum presta, sem ákveðin eru með konungsúrskurði 14. maí 1850 og sem eru: „Stiptamtmaðurinn og biskupinn yfir Íslandi gjöra kunnugt", verði breytt eptir því fyrirkomulagi, sem komið er á með konungsúrskurði 29. júní f. á.[1], ef eigi fyndist ástæða til að gjöra amtmanninn yfir suður- og vesturumdæminu að stiptamtmanni. Dómsmálastjórnin hefir nú sent kirkju og kennslustjórninni málið til úrskurðar um þetta atriði, eptir að bæði stjórnarráðin höfðu skrifazt á um það áundan, og eigi hafði þókt ástæða til að skipa stiptamtmann; mælumst vèr nú til að þèr, herra landshöfðingi, hlutist til um, að upphafið á fyrnefndum veitingarbrèfum eptirleiðis verði haft á þessa leið: „Stiptsyfirvöldin yfir Íslandi gjöra kunnugt".

---

51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fè það, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland. 30. júní.

Í brèfi, dagsettu 18. aprílm. þ. á., hafið þèr, herra lands-

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 458.

1873. 30. júní. höfðingi, látið uppi álit yðar um það, sem gjört er ráð fyrir í 17. gr. í erindisbréfi fyrir landshöfðingjann 29. júní f. á., að skipta því fé, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland, sem uppá kunna að koma, milli hlutaðeigandi stjórnarráða öðrum megin og landshöfðingjans hinum megin. Eptir að skrifazt hefir verið á við kirkju- og kennslustjórnina um þetta, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að dómsmálastjórnin hèrmeð felur yður á hendur frá næsta reikningsári og svo fyrst um sinn umráðin yfir helmingnum af fyrnefndu fé, þannig að útgjöld þau, sem hingað til hafa verið greidd af þessari upphæð, og sem eptir eðli sínu verða greidd á Íslandi, verði tekin af því, sem þèr hafið til umráða t. a. m. styrktarfè bæði til bókmentalegra og verklegra þarfa (hèrmeð talið hið venjulega tillag til hins íslenzka biflíufèlags, til kennslu ómála barna á Íslandi og fl.), — en þegar það kemur til tals, að veita slíkan styrk, verður sèr í lagi að taka tillit til þess, hvort ætla megi, að hann efli almenna mentun í landinu, og styði að framförum í handiðnum og búnaði og því um líku —, tillag til þess að afstýra neyð, þegar sèrstaklega stendur á, og það verður álitið, að landssjóðurinn eigi hlut að máli — útgjöld við embættisferðir landshöfðingjans, biskupsins og amtmanna á Íslandi, sem eigi verða talin með eiginlegum ferðakostnaði, — en að því leyti, er amtmennina snertir, má samt eigi fara útyfir það, sem ákveðið er í konungsúrskurði 16. maí 1829[1]. Að öðru leyti er hlutaðeigandi stjórnarráðum áskilinn rèttur til í einstöku tilfellum að koma sèr saman við yður, herra landshöfðingi, um, að verja megi fè af þeim helmingi af fyrnefndri upphæð, sem yður eru fengin umráð yfir, til þeirra útgjalda fyrir Ísland, sem falla til annarstaðar en í landinu sjálfu, og á hinn bóginn er það vitaskuld, að taka má til þess hluta, sem áskilinn er stjórnarráðunum, í einstöku tilfellum, ef málavextir eru til þess og nóg fè er fyrir höndum, þegar kemur til útgjalda á Íslandi sjálfu.

---

[1]) Lovsamling for Island, IX., 406.

Að endingu mælumst vèr til, að þer, herra landshöfðingi, birtið þetta almenningi á Íslandi á þann hátt, sem bezt þykir henta. 1873. 30. júní.

52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um undirskriptir stiptsyfirvaldanna. 30. júní.

Í brèfi, dagsettu 18. sprílm. þ. á., hafið, þèr, herra landshöfðingi skýrt frá, útaf fyrirspurn frá amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu og biskupinum, sem nú eru stiptsyfirvöld yfir Íslandi: hvor þeirra skuli skrifa fyr undir brèf þau, sem þeir útgefa í sameiningu sem stiptsyfirvöld, að þèr hafið til bráðabirgða gefið þann úrskurð, að það stiptsyfirvaldið, sem er veraldlegur embættismaður, skuli eins og hingað til skrifa fyr undir; hafið þèr jafnframt stungið uppá, að amtmaður Bergur Thorberg fái stiptamtmannsnafnbót, jafnframt því að hann sè amtmaður yfir suður- og vesturumdæminu, og ef stjórnarráðinu kynni að þykja það ísjárvert, hafið þèr til vara lagt til, að fallizt verði á úrskurð þann, sem þèr hafið gefið til bráðabirgða um þetta mál.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir skrifazt á útaf þessu við kirkju- og kennslustjórnina, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðinu hefir eigi fundizt það rètt, að koma því til leiðar, að skipaður verði stiptamtmaður, með því landshöfðinginn að áliti stjórnarráðsins verði einnig í tign að standa yfir öllum öðrum íslenzkum embættismönnum, en úrskurð þann, sem þèr hafið lagt á málið til bráðabirgða, fellst stjórnarráðið á, þar sem fyrirkomulagið er svo í öðrum pörtum ríkisins, og skal því hinn veraldlegi embættismaður, sem er stiptsyfirvald, einnig eptirleiðis skrifa fyrst undir embættisbrèf o. s frv., sem út ganga frá stiptsyfirvöldunum.

1873.
3. júlí. **53. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.**

Með brèfi 17. apríl þ. á. hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá með fylgiskjölum, þar sem kaupmaður O. P. Möller í Reykjavík hefir sókt um, að fá borgaða aptur 12 rd. 16 sk, sem hann þykist hafa greidt um of í toll af vínföngum nokkrum, sem hann átti og fluttust til Reykjavíkur með skipinu *Nancy*, en þegar þau voru flutt í land, var tekið eptir að 146 potta vantaði uppá það, sem tilfært var í tollskránni; hafið þèr jafnframt bæði stungið uppá, að það verði veitt, sem sókt er um, og að settar verði almennar reglur, sem þèr skýrið nákvæmar frá, um að lögreglustjórar skuli sjálfir úrskurða slík mál.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr auglýsið það, að það, sem Möller kaupmaður hefir sókt um, verður eigi veitt, samkvæmt úrskurði dómsmálastjórnarinnar, 15. marz þ. á., sem birtur var yður sem þáveranda stiptamtmanni 25. s. m., og að stjórnarráðið hefir ekki fundið ástæðu til, að breyta þeim reglum, sem þar eru settar.

---

3. júlí. **54. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fangelsi á Vestmannaeyjum.**

Eptir að dómsmálastjórnin í brèfi, dagsettu 6. nóvbrm. f. á., hafði gjört ýmsar athugasemdir við áætlun nokkra, sem komin var frá stiptamtinu, um að koma upp fangelsi á Vestmannaeyjum, með því að kaupa nokkurn part af þinghúsinu þar og búa til úr honum fangelsi, hefir stiptamtið með brèfi 31. marz þ. á. sent tvær nýjar áætlanir, sem sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hefir útvegað, frá íslenzkum húsasmið Sveini nokkrum Sveinssyni; fer önnur áætlunin fram á eins og hin, sem getið er að framan, að koma fangelsinu fyrir í fyrnefndum parti þinghússins,

en þær breytingar eru gjörðar, að komizt er hjá helztu göllunum, sem áður voru, og er ætlazt til að kostnaðurinn verði 498 rd.; í hinni áætluninni er gjört ráð fyrir að byggja upp nýtt hús fyrir 637 rd. 32 sk. Um áætlanir þessar er þess getið í fyrnefndu brèfi stiptamtsins, að hús það, sem yrði byggt fyrir síðar nefnda upphæð, mundi verða mjög ótraust, en hús úr plönkum mundi að öllum líkindum verða tvöfalt dýrara, og er því ráðið til, að farið verði eptir fyrri áætluninni. 1873 3. júlí.

Með því stjórnarráðið eptir málavöxtum verður að álíta, að ástæða sè til að fallast á þá áætlun, þar sem gjört er ráð fyrir að koma fangelsinu fyrir í þinghúsinu, eins og hún nú er gjörð, veitum vèr yður, herra landshöfðingi, vald til að kaupa fyrir hönd jafnaðarsjóðsins þann part af þinghúsinu, sem þörf er á, fyrir kaupverð eptir mati óvilhallra manna, en þó má eigi gefa meira en 100 rd. fyrir þann part, sem í upphafi var gjört ráð fyrir að kaupa, og sem var $6^1/_2$ alin á lengd og $6^1/_2$ alin á breidd, og að tiltölu meira, eptir því sem þarf að kaupa stærri part af húsinu eptir hinni nýju áætlun; jafnframt þessu veitum vèr yður myndugleika til, að fela fyrnefndum Sveini Sveinssyni fangelsisgjörðina á hendur fyrir tiltekið verð, eptir áætlun þeirri og uppdrætti, sem vèr sendum yður aptur með brèfi þessu, og skal þess getið, að það fè, sem með þarf til þessa og til byggingar fangelsa annarstaðar en í Reykjavik, mun verða tekið til í næstu fjárhagsáætlun, og talið sem lán úr landssjóðnum handa þeim jafnaðarsjóðum, sem í hlut eiga

---

55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um embættisstjórn í forföllum hans. 4. júlí.

Í brèfi, dagsettu 31. maí þ. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þèr samkvæmt tilskipun 27. septbr. 1799, 10. gr. hafið orðið að höfða þrjú mál ámóti Jóni Ólafssyni, útgefanda blaðsins „Göngu Hrólfs", sem kemur út í Reykjavík,

1873. 4. júlí. fyrir meiðyrði gegn yður í 10. og 11. og 12. númeri tèðs blaðs, sem út komu 26. apríl og 29. maí þ. á., og jafnframt hafið þèr borið upp fyrir stjórnarráðinu, hvort sakargiptir þær, sem yður þannig eru bornar, sè þess eðlis, að yður leyfist ekki að sitja í embætti yðar, þangað til búið sè að dæma í fyrnefndum málum. Með því að háyfirdómarinn í hinum íslenzka landsyfirrètti, Þórður Jónasson, er orðinn viðriðinn eitt málið sökum þess, sem stóð í 12. númeri blaðsins, á þann hátt, að það geti viljað til, að því verði mótmælt, að hann siti í rèttinum þegar það mál verður dæmt, hafið þèr, ef svo kynni að fara, að slík mótmæli kæmi fram og háyfirdómarinn viki úr sæti, og þar að auki kynni að álíta sig óhæfan til að setja dómara í sinn stað fyrir hönd landshöfðingjans, samkvæmt erindisbrèfi fyrir landshöfðingjann 29. júní f. á., 29. gr., ennfremur stungið uppá, hvort ástæða sè til að skipa fyrir um, hver gegna skuli landshöfðingjaembættinu, ef bæði landshöfðinginn og háyfirdómarinn sè forfallaðir við einstakt tækifæri.

Um leið og vèr getum þess, að dómsmálastjórnin eigi getur fundið neina ástæðu af fyrnefndum sakargiptum við yður, herra landshöfðingi, til þess að bera það upp fyrir hans hátign konunginum, að þèr skulið leggja niður embættisverk yðar, þangað til búið sè að dæma í fyrnefndum málum, gefst yður til kynna, að það skal hèrmeð ákveðið samkvæmt fyrnefndri grein í erindisbrèfi fyrir landshöfðingjann 29. júní f. á., að amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæmi Íslands skipi dómara í landsyfirrèttinn, ef til þess kemur, sem getið er um að framan.

---

5. júlí. **56. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um læknakennslu og læknaskipun.**

Með brèfi, dagsettu 14. nóvbrm. f. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, sem stiptamtmaður yfir Íslandi sent hingað uppástungu

frá landlækninum jústizráði Jóni Hjaltalin, um að auka við læknakennslu þá, sem stofnuð er í Reykjavík. Í uppástungu þessari er þess getið, að þörf sè á læknum á Íslandi, og fer hún fram á, að stofnaður verði reglulegur læknaskóli á borð við prestaskólann í Reykjavík, þar sem læknaefnin skuli ganga 4 ár, og skuli landlæknirinn vera forstöðumaður skólans og hafa sèr til aðstoðar tvo fasta kennara, sem að auki sè hèraðslæknar í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu; að læknar, sem útskrifist frá þessum skóla með 1. eða 2. vitnisburði, skuli hafa leyfi til að gegna læknisstörfum á Íslandi, en verði að hafa notið kennslu á fæðingarstofnuninni og spítölunum í Kaupmannahöfn um eitt missiri, til þess að geta orðið hèraðslæknar, og að jafnað verði niður árlegu gjaldi, sem nákvæmar verði tiltekið, á alla þá, sem hafa grasnyt, til þess að standast kostnaðarauka þann, sem af þessu leiðir; útaf þessu hafið þèr farið fram á, að varla sè ástæða til að auka við læknisskennsluna á Íslandi, sem að yðar áliti innan skamms mun hafa lokið ætlunarverki sínu, með því nógu margir læknar munu verða til að fám árum liðnum, til þess að læknisembætti þau, sem laun eru lögð til af opinberu fè, sè fullskipuð, en af því mun leiða, að það að öllum jafnaði sè svo, að enginn framar sæki tèða læknakennslu; en til þess að ráða bót á þeim læknaskorti, sem nú er, hafið þèr stungið uppá, að leitazt verði við, að fjölga þeim læknum, sem fá laun af allsherjar fè, og sem nú eru 11, til þess þeir verði alls 20, og að settur verði einn læknir í hverja sýslu, að tveimur hinum stærstu undanteknum, þar sem skyldi vera tveir í hvorri; skyldi allir þessir læknar, að landlækninum undanteknum, hafa sömu kjör, þannig að konungur skipi þá í embætti og að laun þeirra sè í upphafi 500 rd., og 100 rd. viðbót þriðja hvert ár, til þess launin eru orðin 1000 rd. Ennfremur hafið þèr stungið uppá því, að veita megi landlækninum 300 til 500 rd. árlega af læknasjóðnum, á meðan hann stendur fyrir fyrnefndri læknakennslu, til þess hann geti tekið sèr aðstoðarmann, sem gæti læknisstarfa hans, en hann sjálfur geti varið kröptum sínum til að kenna og stjórna landlæknisembættinu.

1873. 5. júlí.

1873. 5. júlí. Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á útaf þessu við hið konunglega heilbrigðisráð, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þèr notið það sem konúngsfulltrúi á alþingi, ef því máli verður hreyft nú á þingi, að þarsem eigi verður við því búizt, að danskir læknar, svo sem nægi, sæki til Íslands, eða að nógu margir Íslendingar leiti til háskólans í Kaupmannahöfn, til þess að stunda þar læknisfræði, og með því nokkur ár munu gánga til þess, að 20 læknar, sem gjört er ráð fyrir, verði til, og til þess nógu margir sè til vara, ef læknar falla frá, — en hingað til hefir einn á ári að meðaltali tekið próf í læknisfræði í Reykjavík —, verður stjórnarráðið að vera heilbrigðisráðinu samdóma í því, að eigi verði skilmálalaust byggt á því, að lækniskennslan íslenzka að nokkrum árum liðnum verði óþörf. Samt sem áður verða menn að játa, að svo geti að borizt, að eigi þurfi á læknakennslu þessari að halda að nokkrum árum liðnum, og því verður, hvernig svo sem ástatt er, ekki neitað, að það undir sèrstökum kringumstæðum geti orðið ógjörandi, að halda henni við, svo gagn sè að, og stjórnarráðið getur því heldur ekki álitið það ráðlegt, að leitast við að breyta henni nú á þá leið, að stofnaður verði fastur læknaskóli, sem sè sniðinn eptir prestaskólanum. Á hinn bóginn þykir vera ástæða til, að láta kennsluna vera með því sniði, sem nú er, og gjöra það, sem menn geta, til þess kennslan verði svo fullkomin sem unnt er, og stjórnarráðið hefir því í hyggju, jafnframt og það áskilur sèr, að segja síðar meir, eptir því hvernig þá kann að standa á, öðruvísi fyrir um þetta mál, að útvega konungsúrskurð fyrir, að veita megi landlækni jústizráði Jóni Hjaltalín 400 rd. á ári af læknasjóðnum ámeðan hann stendur fyrir tèðri kennslu, til þess hann geti launað aðstoðarmanni, sem takist á hendur læknisstörf hans, svo hann sjálfur geti gefið sig sem mest við kennslunni og sjálfu landlæknisembættinu, og fyrir því, að það verði gjört að skilyrði fyrir, að íslenzk læknaefni eptirleiðis geti orðið hèraðslæknar eða sem praktíserandi læknar fengið styrk þann úr læknasjóðnum, sem getið er um í konungsúrskurði 10. maí 1867, og heimild til þess að hafa um hönd lækningar, svo sem þar er fyrir mælt, að þeir skuli, auk þess að hafa notið

kennslu á hinni konunglegu fæðingarstofnun, samkvæmt konungs- 1873.
úrskurði 21. oktbrm. 1871[2], sanna, að þeir hafi gengið á einn 5. júlí.
eða fleiri spítala í Kaupmannahöfn að minnsta kosti um eitt missiri, — en þá fellur það burt sem stungið var uppá, að lengja kennslutímann í Reykjavík um eitt ár —, og að veita megi sérhverjum íslenzkum læknisfræðingi, sem samkvæmt þessu leitar til spítalanna í Kaupmannahöfn, styrk, sem nákvæmar verður ákveðinn, til þess að standast kostnað þann, sem af þessu leiðir, og skal greiða styrk þenna úr læknasjóðnum íslenzka, ef hann eigi verður goldinn með öðru móti. Að því leyti, er snertir læknaskipunina, þykir stjórnarráðinu það réttast, að fjölga læknum þeim, sem getið er um í konungsúrskurði 10. maí 1867[1], smásaman, eptir því sem þörf er á og efni eru til, til þess þeir verði 13, og verður stjórnarráðið þar að auki að álíta það æskilegt, að læknaskipun á Íslandi, eptir því sem fram líða stundir, komist í lag á þann hátt, að skipting sú á héraðslæknastörfum, sem getið er um í úrskurði 10. maí 1867, 1., verði veruleg skipting, og að hlutaðeigandi læknar verði skipaðir héraðslæknar í hin nýju læknishéruð og þeim veitt nokkuð meiri laun en tillag það, sem getið er um í fyrnefndum úrskurði, en samt skulu launin fyrst um sinn jafnaðarlega vera minni en laun þeirra héraðslækna, er nú eru.

Áður en lengra er haldið út í þetta mál, mælumst vér til, að þér, herra landshöfðingi, segið álit yðar bæði um, hvort læknasjóðurinn sè fær um að greiða kostnað þann, sem leiðir af þessu, auk þeirra útgjalda, sem þegar nú hvíla á honum, eða sem innan skamms má búast við að lendi á honum, og hve mikinn styrk skuli veita íslenzkum læknaefnum, til þess að ganga á spítalana í Kaupmannahöfn, en um þetta atriði skal þess að öðru leyti getið, að stjórnarráðið hefir hugsað sèr að 150 rd. handa hverjum væri hæfilegt, auk þeirra 300 rd., sem veittir eru til ferðakostnaðar og til þess að njóta kennslu á fæðingarstofnuninni.

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III, 229.
[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II, 432.

1873. 5. júlí. Að því leyti, sem jústizráð Jón Hjaltalín hafði stungið uppá, að heilbrigðisráðið skyldi taka til hin skriflegu verkefni við prófið í læknisfræði á Íslandi, skal því að endingu við bætt, að tèð ráð hefir látið í ljósi, að það gæti eigi fallizt á uppástungu þessa, með því það þekkti of lítið til hinna einstöku atriða við kennsluna, til þess að geta gefið verkefni, sem væri við hæfi lærisveina, enda hefði ráðið ekki þá leiðbeining, að það gæti dæmt um úrlausnirnar.

---

5. júlí. **57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk til verkfæra handa jarðyrkjumanni.**

Skjalavörður Jón Sigurðsson hefir fengið stjórnarráðinu bænarskrá, stýlaða til hins konunglega danska landbústjórnarfèlags, þar sem jarðyrkjumaður Sveinn Sveinsson, sem eins og yður, herra landshöfðingi, mun kunnugt, hefir fengið styrk af allsherjar fè, til þess að ferðast um Ísland og leiðbeina mönnum þar í jarðyrkju, sækir um 182 rd. 40 sk. styrk til þess að kaupa fyrir ýms áhöld, sem hann þarf á að halda í fyrnefndri stöðu sinni, og hefir stjórnarráðið síðan sent fèlaginu bænarskrána, og mælt fram með henni. Fèlagið hefir nú tilkynnt stjórnarráðinu, að það geti eigi veitt það, sem sókt er um, en lagt til, að stjórnarráðið veiti nokkurn styrk til þessa, með því það sè mjög æskilegt, að Sveinn Sveinsson fái að minnsta kosti nokkur af verkfærum þeim, sem hann hefir beðið um.

Jafnframt og vèr sendum yður afskript af brèfi landbústjórnarfèlagsins, til þess þèr birtið það Sveini Sveinssyni, skal því við bætt, að stjórnarráðið mun vera tilleiðanlegt til að veita honum 50—60 rd. styrk, til þess að útvega sèr hin nauðsynlegustu áhöld, þegar hann segir til, hver þau sè og til verðs á þeim.

---

58. Brèf dómsmalastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um silfurbergsnám í Helgustaðafjalli.

1873. 5. júlí.

Yður mun kunnugt um, herra landshöfðingi, að sá 1/4 hluti af silfurbergsnáminum í Helgustaðafjalli í Snðurmúlasýslu, sem er þjóðeign, nú um nokkur ár hefir verið seldur á leigu kaupmanni C. D. Túlinius á Eskifirði, og að stjórnarráðið fèkk kennara í steinafræði við Kaupmannahafnar háskóla *F. Johnstrup*, ámeðan leigusamningurinn enn var í gildi, til þess að ferðast til Íslands og auk annars rannsaka námið. Með því háskólakennari *Johnstrup* í skýrslu sinni um ferð þessa var með öllu mótfallinn því, að náminn yrði notaður viðstöðulaust, synjaði stjórnarráðið í fyrra hanst Túliníus kaupmanni þess, er hann sókti um, að fá leigusamninginn um þann hluta námsins, sem er þjóðeign, — en leigumálinn var á enda 31. desbrm. f. á. —, endurnýjaðan fyrir 5 ár, eða að minnsta kosti fyrir eitt ár fyrir sama afgjald og áður, sem var 100 rd. á ári Með því ástæða var til að búast við, að Túliníus, sem hefir að leigu um 5 ára tíma 3/4 parta námsins, þá sem tengdafaðir hans, þórarinn prestur Erlendsson á, mundi þykjast hafa rètt til að nota náminn, þótt sameign hins opinbera við eigandann að hinum 3/4 pörtunum væri að óskiptu, skipaði stjórnarráðið amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu með brèfi 7. nóvbr. f. á.[1], að láta leggja rèttarbann á, að þórarinn prestur Erlendsson og kaupmaður Túliníus notuðu námið með nokkru móti, þangað til búið væri að koma sèr saman um aðra aðferð við afnot námsins, og mæltist stjórnarráðið jafnframt til, að amtmaður legði hlutaðeiganda sýslumanni fyrir, að hafa umsjón með, að enginn bryti úr náminum með ólöglegu móti, hvorki innlendir nè útlendir, og láta hylja náminn fyrst um sinn með möl.

Jafnframt þessu mæltumst vèr til, að amtmaður leitaði til samninga við þórarinn prest Erlendsson um rekstur námsins eptirleiðis, og lètum í ljósi þá ósk, að hann við tækifæri

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III, 532.

1873. 5. júli. reyndi til, að fá vitneskju um, hvort presturinn væri fús á að bregða sameigninni og með hvaða skilmálum.

Frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu höfum vèr eigi fengið neina skýrslu um þetta, en kaupmaður Túliníus hefir, þá er hann dvaldi hèr í borginni í maím. sem leið, sent stjórnarráðinu meðfylgjandi bænarskrá, þar sem hann, án þess að öðru leyti að leggja fram umboð eigandans, hefir sókt um, að samið verði við sig um að bregða sameigninni að náminum; með bænarskránni hefir hann jafnframt sent afskript af því, sem hann hefir látið bóka í dómsbókina, þá er honum var birt nefnt rèttarbann frá hálfu stjórnarráðsins, og hefir hann þá lýst yfir, að hann fyrst um sinn eigi á þessu ári muni brjóta úr náminum, gegn því að kostnaðurinn við tilhlýðilega gæzlu á honum lendi á hinu opinbera, að hann heimti 300 rd. skaðabætur fyrir hvert ár, er líði þangað til málinu sè komið í lag, og að eigandinn að hinum $^3/_4$ pörtunum muni vera fús til að selja sinn part af jörðunni Helgustöðum með því, sem henni fylgir af silfurbergsnáminum, fyrir 12,000 rd., en hann samt vili heldur, að öll eignin verði boðin upp við uppboð, heldur en kaupa fjórða partinn í kyrþey, án uppboðs. Eptir að stjórnarráðið útaf bænarskrá þessari hafði leitað álits háskólakennara *Johnstrups* um málið, hefir hann í meðfylgjanda álitsskjali látið í ljósi, að eptir því sem honum sýnist, geti það að eins komið til tals, annaðhvort að selja þann part námsins, sem er þjóðeign, eða láta hann til leigu fyrir nokkurra ára tíma og fyrir hærra afgjald en áður, og gegn tilbærilegu veði, eða að eigendurnir í sameiningu brjóti úr náminum, en láti nokkur ár líða ámilli í hvert skipti, og hefir honum fundizt það fyrirkomulag helzt aðgengilegt.

Um leið og vèr tilkynnum yður, herra landshöfðingi, það, sem hèr er sagt að framan, mælumst vèr til, að þèr semið við Þórarinn prest Erlendsson um þetta, og ef svo ber undir gjörið samning við hann um að vinna náminn í sameiningu, með því fyrirkomulagi, sem háskólakennari *Johnstrup* ítarlegar hefir skýrt frá. Skyldi Þórarinn prestur Erlendsson samt sem áður eigi vera fús til þessa, felum vèr yður ennfremur á hendur vald til að selja

þeim, sem hingað til hefir haft náminn, þann hluta, sem landssjóðurinn á, á leigu annaðhvort í 25 ár fyrir 200 rd. afgjald á ári, eða í 10 ár fyrir 500 rd. árlegt afgjald, og þannig að leiguliðinn gefi tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að afgjaldið verði goldið allan leigutímann. Ef hvorugum þessum kosti verður tekið, verðum vèr því næst að mælast til, að þèr komist eptir, hvort Þórarinn prófastur Erlendsson sè fús til að kaupa af stjórninni fjórða part þann, sem er þjóðeign, og ef hann hafnar þessu boði, eða vill eigi bjóða að minnsta kosti 4000 rd. fyrir partinn, með hæfilegri viðbót fyrir jörðina, sem námurinn heyrir til, ef þess verður æskt, að hún einnig verði seld, hvort hann þá vili samþykkja, að gjörð sè tilraun til að selja náminn allan á opinberu uppboði, sem sè haldið í kaupmannahöllinni í Kaupmannahöfn, eptir að búið er að birta það í Lundúnum, Paris, Berlín og Hamborg, þannig, að stjórnarráðið fái heimild til að samþykkja hæsta boð, ef það að minnsta kosti nemi 16,000 rd., ef svo ber undir, með hæfilegum viðauka fyrir hina jarðareignina. Að endingu skal þess getið, að ef svo fer, að Þórarinn prestur Erlendsson gengur að öðru hvorju af þeim boðum, sem síðast voru nefnd, — en þá kemur til, að landssjóðurinn seli sinn part af náminum —, hefir stjórnarráðið í hyggju, að leggja málið, að því leyti er söluna snertir, fyrir næsta alþingi til álita, áður en fullnaðar ályktun verður gjörð. 1873. 5. júlí.

Með skýrslu yðar um, hvernig samningarnir hafi farið, búumst vèr við að þèr sendið aptur hingað álitsskjal *Johnstrups* háskólakennara.

59. Brèf domsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aðgjörð á Vestmannaeyjakirkju. 5. júlí.

Eins og yður mun kunnugt, herra landshöfðingi, átti timburmeistari *Klentz* ekki hægt með í fyrra sumar að byrja á að-

1873. 5. júlí. gjörðinni á Vestmannaeyja kirkju, og með því nú heldur ekki kemur að því, að hann taki að sèr fangelsisgjörðina á tèðum eyjum, eins og þèr munuð sjá af öðru brèfi dómsmálastjórnarinnar, dagsettu 3. þ. m., — en það er í ráði, að fela húsasmið Sveini Sveinssyni það verk á hendur —, hefir stjórnarráðinu fundizt það rèttast, að hætta við þá fyrirætlun, að láta *Klentz* takast á hendur aðgjörðina á kirkjunni, heldur leitast einnig við að fela Sveini Sveinssyni aðgjörðina, ef þèr álítið hann hæfan til þess.

Ef svo fer, mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, gjörið samning við hann um, að hann taki að sèr tèð verk allt fyrir ákveðið kaup eptir samningi á næsta ári, samkvæmt eptirriti því af áætlun og lýsingu *Klentz's* sem fylgði með brèfi stjórnarráðsins til stiptamtmannsins yfir Íslandi, 25. maí f. á., og má kaupið ekki fara fram úr 1,100 rd. Til leiðbeiningar við aðgjörðina sendum vèr með þessu brèfi fyrirmynd, sem þakið verði sniðið eptir, og ágrip af brèfi til dómsmálastjórnarinnar frá *Klentz*, dagsettu 24. ágúst 1871. Jafnframt og vèr bætum því við, að fè það, sem með þarf, auk þeirra 300 rd., sem kirkjan hefir til, mun verða tekið í fjárhagsáætlunina fyrir næsta reikningsár, mælumst vèr til, að fá skýrslu um ráðstafanir yðar í þessu tilliti.

8. júlí. **60. Brèf dómsmálastjórnarinnar til etazráðs og aðalverzlunarfulltrúa, Hans A. Clausens, um heimtingu brennivínsgjalds.**

Eptir að stjórnarráðið í brèfi 15. marz þ. á. hafði svarað bænarskrá nokkurri, þar sem þèr, herra etazráð, og nokkrir aðrir íslenzkir kaupmenn sóktu um, að ýmsir annmarkar, sem þóktu vera á tilskipun handa Íslandi um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, yrði leiðrèttir, hafið þèr á ný sent stjórnarráðinu bænarskrá, dagsetta 30. aprílm. þ. á. og mælzt til,

1) að þeim lögreglustjórum á Íslandi, sem eigi hafa aðsetur á verzlunarstöðunum, verði lagt fyrir, að veita mönnum, búsettum þar, umboð sitt til að gegna öllum störfum, er snerta afgreiðslu skipa, og heimtingu fyrnefnds gjalds; 1873. 8. júlí.

2) að tèðum embættismönnum eða umboðsmönnum þeirra verði sömuleiðis skipað, að vera við affermingu skipa, sem fluttir eru á til landsins áfengir drykkir, svo komizt verði að raun um, hve mikið sè að flutt í raun og veru, og gjaldið talið samkvæmt því, og

3) að þeim, sem flytja til landsins áfenga drykki, leyfist að greiða gjaldið með ávísunum, sem gefnar sè út samkvæmt staðfestum heimildarbrèfum frá vel metnum bönkum, t. a. m. frá privatbánkanum í Kaupmannahöfn, eða Kaupmannahafnar-verzlunarbánka, eða láta upphæð þess veðs, er þeir kynni að selja stjórnarráðinu í hendur, og væri fólgið í móttökuskýrteinum frá þjóðarbánkanum, ganga uppí gjaldið.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið það, sem hèr segir:

Um 1. Dómsmálastjórnin getur ekki álitið, að nauðsyn sè til að skipa frekara fyrir um þetta. Samkvæmt opnu brèfi 28. desbr. 1836, innihaldandi nákvæmari ákvarðanir með tilliti til tilskipana um þá íslenzku kauphöndlun og skipaferðir, 9. grein, má ganga að því vísu, að þegar svo standi á, að sýslumaðurinn eigi ekki sjálfur heima á verzlunarstaðnum, eða í grennd við hann, þá sè annar maður þar við, sem hafi umboð sýslumanns til þess að sjá um afgreiðslu skipa, og samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 7. nóvbr. f. á.[1] er, einsog yður mun kunnugt, ekkert því til fyrirstöðu, að sýslumaður í forföllum sínum — en hèr í þessu máli er eigi átt við annað, en að hann af einhverri orsök geti ekki verið viðstaddur —, gefi þessum manni umboð til að sjá um, að gjaldið á áfengum drykkjum verði heimtað saman. Það virðist ekki vera neitt efunarmál, að allir lögreglustjórarnir komi heimtingu gjaldsins fyrir á þessa leið, og verður því ekki sèð, að skip nokkurt tefist vegna gjalds

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 220.

1873. 8. júlí. þess, sem hèr er verið að ræða um, fram yfir þann tíma, sem í sjálfu sèr þurfti með, áður en tilsk. 26. febr. f. á. kom út, til afgreiðslu skipsins. Skyldi samt sem áður verða kvartað undan þessu og rök tilfærð, er það vitaskuld, að leiðrètting verði gjörð á því.

Um 2. Fyrir því að skipa lögreglustjórum, að framkvæma störf þau, sem hèr er verið að ræða um, án nokkurs endurgjalds, er engin lagaheimild, og venjulega mundu tèðir embættismenn eða umboðsmenn þeirra eigi geta sjálfir verið viðstaddir við affermingu allra skipa, sem koma að, með því fleiri skip sigla opt upp á sömu höfn í einu, og það getur komið fyrir, að nokkrir dagar gangi til þess að afferma hvert þeirra. Þessvegna yrði að hafa við sèrstaklega umsjón, eða með öðrum orðum að setja tollgæzluvald; í rauninni væri það mjög æskilegt, ef það yrði gjört, en ef ætti að koma því á fót á öllum verzlunarstöðum, mundi það verða samfara svo miklum kostnaði, að landssjóður Íslands gæti eigi staðizt hann, að minnsta kosti nú sem stendur. Þegar verið var að semja tilskipunina 26. febr. 1872, var það einmitt vegna þess, að tollgæzluvald eigi er til á Íslandi og ekki fè fyrir höndum til þess að koma því á, að heimting gjaldsins var bundin við afgreiðslu skipsins en eigi við afferminguna, en skyldi nú þegar gjöra breytingu á þessu, gæti það ekki með neinu móti orðið öðruvísi, en að kostnaðurinn við tollgæzluvaldið yrði að lenda á þeim, sem flytja vörurnar til landsins.

Um 3. Þar sem þèr hafið sókt um, að greiða megi gjaldið í Kaupmannahöfn, og þá byggt á því, að eins og nú sè ástatt komi það einnig jafnaðarlega fyrir, að sendir sè reiðupeningar frá jarðabókarsjóðnum hingað, þá skjátlast yður í þessu, með því nú langtum sjaldnar mun koma til tals, en áður, samkvæmt því fyrirkomulagi, sem nú er, eptir að lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871 öðluðust gildi, að reiðupeningar hrúgist svo saman í jarðabókarsjóði Íslands, að nauðsyn beri til að senda þá hingað, en stjórnarráðið hefir einmitt tekið nokkuð tillit til þess, að tilskip. 26. febr. 1872 gæfi vonir um, að meira yrði til þar af reiðupeningum, en áður. Ef það nú leyfðist, að borga gjaldið, eins og þèr stingið uppá, væri þessar

1873. 8. júlí.

vonir eigi að eins farnar, heldur gæti að því komið, að nauðsyn yrði á, eins og optar hefir viljað til áður, að senda reiðupeninga til jarðabókarsjóðsins, en því er samfara kostnaður til flutnings- og ábyrgðargjalds. Við þetta bætist, að allt það fyrirkomulag, sem stungið er uppá, virðist eigi vera svo mjög áríðandi fyrir kaupmannastèttina. Eptir skýrslum þeim, sem stjórnarráðið hefir, um aðflutning áfengra drykkja til Íslands, eru á árunum 1866-69 að meðaltölu fluttir til landsins á ári 436,434 pottar, og yrði því gjaldið af því, sem að fluttist, milli 30,000 og 40,000 rd. á ári. Sè nú tillit tekið til þess, að aðflutningur áfengra drykkja að öllum líkindum fari mjög minnkandi, eptir að tilskipunin 26. febr. 1872 hefir öðlazt gildi, og jafnvel ef til vill verði helmingi minni en áður, verður eigi ætlazt á hærra gjald en 20,000 eða 25,000 rd. á ári. En þegar þessari upphæð er jafnað niður á föstu kaupmennina á Íslandi, sem hèrumbil eru 60, auk lausakaupmanna, og jafnvel þótt byggt sè á því, að helmingur gjaldsins lendi á 5 eða 6 af þeim, sem hafa mesta verzlun, virðist að eins geta orðið umtalsmál um fremur lítil útlát í reiðupeningum, sem eigi munu vera svo mjög þungbær fyrir þá, sem í hlut eiga, en þetta sèst enn betur á því, að nokkrir kaupmenn hingað til annaðhvort alls ekki eða þá mjög sjaldan hafa notað sèr það, að þeim er leyft að greiða lestagjald í Kaupmannahöfn í stað þess að borga það á Íslandi.

Um uppástungu yðar um sjálfa borgun gjaldsins, skal þess því næst getið, að þótt fjárhagsstjórnin fengist til þess, að taka við gjaldinu, þá væri samt ekki hægt að borga gjaldið til aðalfèhirzlu ríkisins af þeirri sök, að upphæð þess yrði eigi tiltekin með vissu, fyr en skipið væri komið til Íslands, þar sem það gæti tekið vörur á leiðinni þangað með því að sigla upp á aðrar hafnir, auk þess sem yrði að greiða 2 af hundraði til lögreglustjóranna. Aptur ámóti mundi síður nokkuð vera því til fyrirstöðu, að borgun gjaldsins yrði komið fyrir á þann hátt, að hlutaðeigandi banki gæfi út skuldbindingarbrèf til dómsmálastjórnarinnar, þar sem hann gengist undir fyrir tiltekið tímabil, að minnsta kosti fyrir eitt ár í einu, og fyrir tiltekna upphæð, að

1873. 8. júlí. borga víxlbrèf eða ávísanir, sem yrði borgaðar jafnskjótt og þær væri sýndar fram, og sem sá kaupmaður, er kynni að vilja greiða gjaldið á þennan hátt, eða verzlunarstjóri hans á Íslandi gæfi út uppí gjaldið; að dómsmálastjórnin síðan tilkynnti hlutaðeigandi lögreglustjórum á Íslandi, að þeir mætti taka við ávísunum þessum sem borgun fyrir þann hluta gjaldsins, sem fèlli til landssjóðsins, en þeir 2 af hundraði, er þeim sjálfum bæri, skyldi greiðast í peningum; og að þeir kaupmenn, sem hefði verzlunarstaði á ýmsum stöðum á Íslandi, skyldi segja dómsmálastjórninni til, hve mikið yrði borgað á hverjum stað af því, sem skuldbindingarbrèf bánkans hljóðaði uppá.

Þótt nú þetta fyrirkomulag yrði samfara allmikilli fyrirhöfn fyrir stjórnina, og mundi, eins og sagt er, hafa í för með sèr kostnað til flutnings- og ábyrgðargjalds, þegar það kæmi fyrir, að senda þyrfti peninga til jarðabókarsjóðsins, er stjórnarráðið samt eigi ótilleiðanlegt til að leitast við, að koma þessu fyrirkomulagi á, eptir að vèr höfum fengið álit yðar um það, og sèrílagi að því leyti, hvort þèr eruð fúsir til að greiða hæfilegt gjald að tiltölu uppí kostnað þann, sem getið er um að leiða mundi af flutningsgjaldi, stimpilgjaldi, o. s. frv.

---

25. júlí. **61. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um gjald af útlendum fiskiskipum.**

Í brèfi, dagsettu 8. f. m., hafið þèr, herra landshöfðingi, útaf fyrirspurn frá foringjanum fyrir hinum frakknesku herskipum, er hafa stöðvar við Ísland, hvort gjald það, sem ákveðið er í tilsk. um fiskiveiðar útlendra við Ísland, 12. febrúar 1872., 3. grein, skuli greidt einu sinni eða optar á sama fiskitíma, skýrt frá, að þèr hafið svarað honum á þá leið, að samkvæmt tilskipuninni verði að greiða gjald það, sem fyrirskipað er af útlendum fiskiskipum, sem leita hafnar í neyð sinni, í hvert skipti, sem á að sýna hlutaðeigandi yfirvaldi skjöl skipsins, en að tilskipunin

eigi með berum orðum hafi skorið úr þeirri spurningu, hvort greiða skuli gjaldið einusinni eða í hvert skipti, ef skip fleirum sinnum leitar hafnar í neyð sinni á sömu fiskiferðinni á hinum sama stað eða í sama lögsagnarumdæmi, en að þér efist ekki um, að gjaldið að eins verði heimtað einusinni. Með því þér samt sem áður hafið gefið loforð um, að leita úrskurðar stjórnarinnar um þetta atriði, og það er æskilegt, að hinum sömu reglum sè fylgt hvervetna í þessu tilliti, hafið þér farið þess á leit, að sagt verði fyrir um heimtingu tèðs gjalds, jafnframt og þèr getið þess, að yður virðist það venjulega nægja, að hlutaðeigandi lögreglustjóri skoði skjöl skipsins, og riti vottorð sitt á þau, þegar það í fyrsta skipti leiti hafnar í neyð sinni. 1873. 25. júlí.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að það er hvorttveggja, að orðin í tilskipuninni 12. febrúar 1872, 3. gr., eflaust heimila hlutaðeiganda lögreglustjóra, að heimta tèð gjald í hvert skipti, sem hann skoðar skjöl þeirra skipa, sem þar er getið um, og ritar á þau, enda verður eigi álitið, að eptirlit að eins sè nauðsynlegt í fyrsta skipti, er skip siglir uppá einhverja höfn, og að megi sleppa því, ef skipið aptur leitar hafnar í neyð sinni á sama stað í sömu ferðinni. Í þessu tilliti skal þess getið, að tilgangurinn með fyrnefndu eptirliti eigi að eins er sá, að lögreglustjórarnir geti komið við umsjón með því, að verzlunar- og skattgjaldalögunum sè fylgt, heldur er eptirlit þetta einnig nauðsynlegt af öðrum ástæðum, serílagi til þess, að það verði sannað, að skipið hafi leitað hafnar í neyð sinni, — þar sem það að öðrum kosti að öllum jafnaði eigi hefir rètt til þess, að koma við land — og til þess að rannsaka heilbrigðisástandið á skipinu. Af þessu leiðir því, að lögreglustjórarnir ekki að eins hafa heimild til, heldur eru jafnvel skyldugir til, að hafa tèð eptirlit í hvert skipti, er skipið leitar hafnar, án tillits til, hvort það hafi áður verið á sömu höfn, eður ekki, og verður eigi, eins og þèr, herra landshöfðingi álítið, borið fyrir hinu gagnstæða það, sem sagt er fyrir í lögunum 15. apríl 1854, 8. grein, með því þessi ákvörð-

1873. 25. júlí. un er byggð á því, að skipið að eins færi hafna ámilli, og yfirgefi því ekki landið, heldur haldi áfram sömu ferðinni, en útlend fiskiskip koma aptur á móti í hvert skipti að utan, og kunna jafnvel á meðan þau voru í burtu að hafa komið við í útlöndum, eða haft mök við önnur skip, þar sem menn hafa verið veikir o. s. frv.

Samkvæmt því, sem sagt er, verður stjórnarráðið að álíta, að greiða skuli gjald það, sem fyrirskipað er í 3. gr. tilskipunarinnar í hvert skipti, sem umsjón sú, sem getið er um í greininni, fer fram, an tillits til þess, hvort skip það, sem á hlut að máli, í sömu ferðinni sigli einu sinni eða optar uppá sömu höfnina eða aðra höfn í hinu sama lögsagnarumdæmi.

---

1. ágúst. **62. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um kennslu í yfirsetufræði.**

Með því það optar hefir komið fyrir, að íslenzkir læknisfræðingar, sem koma hingað til Kaupmannahafnar, til þess að njóta kennslu á hinni konunglegu fæðingarstofnun, eins og fyrirskipað er, eigi þegar í stað hafa getað komizt að á stofnuninni, höfum vèr spurt kirkju- og kennslustjórnina að, á hverjum tíma tèðum læknisfræðingum henti bezt að fara hingað, og hefir tèð stjórnarráð skýrt frá, að yfirkennarinn í yfirsetufræðinni við fyrnefnda stofnun hafi lagt til, að 1. dagur septbrm. hvers árs væri sá tími, er helzt yrði búizt við, að íslenzkir læknisfræðingar gæti komizt að til kennslu á fæðingarstofnuninni.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss, að tilkynna yður, herra landshöfðingi, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það.

---

63. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um gjald af brennivíni.

1873. 4. ágúst.

Með brèfi 20. maí þ. á. hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá með fylgiskjölum, þar sem kaupmaður S. Richter á Stykkishólmi sækir um undanþágu undan gjaldi því, sem ákveðið er í tilsk. 26. febrúar f. á., af 125 pottum af áfengum drykkjum, sem lekið hafa úr ýmsum tunnum, sem fluttust til hans frá Kaupmannahöfn með jagtinni *Alexander*.

Með því nú málavextir sýna, að þótt sækjandanum væri skýrt frá leka þeim, sem orðið hafði, þá hafi hann samt látið færa í land tunnurnar án þess þær væri rannsakaðar, í stað þess að skora á lögreglustjóra, að láta rannsaka þær þegar í stað, um leið og skjöl skipsins voru sýnd, og að rannsóknin þá hafi farið fram, er tunnurnur höfðu legið nokkurn tíma í geymsluhúsi, svo eigi varð sèð, hvort lekinn hafi ekki að nokkru leyti komið upp, eptir að búið var að sýna skjöl skipsins og rita á þau, gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að dómsmálastjórnin samkvæmt reglum þeim, sem getið er um í brèfi 15. marz þ. á., hefir eigi fundið næga ástæðu til að veita það, sem sókt er um.

Í tilefni af þessu máli leiðum vèr að öðru leyti eigi hjá oss, að geta þess, að skilyrðin fyrir því, að undanþága sú undan gjaldinu, sem getið er um í fyrnefndu brèfi 15. marz, fáist, eru eigi að eins, að hlutaðeigandi skipstjóri eða sá, sem við farminum tekur, þegar í stað, þá er skjöl skipsins eru sýnd fram og ritað á þau, segi lögreglustjóra til, að nokkuð af vörum þeim, sem tilfærðar eru á tollskránni, annaðhvort vanti alveg (t. a. m. ef eitthvað hefir brotnað eða farið í sjóinn) eða hafi minnkað (við rýrnun eða leka), heldur ennfremur, að sá, sem á hlut að máli, um leið heimti, að lögreglustjóri hafi við rannsókn, — en það skal vera hans ábyrgðarhluti, ef hann eigi þegar í stað verður við slíkri áskorun —, og að eigi verði fært neitt upp úr skipinu, fyr en rannsóknin hefir fram farið, nema því að eins að lögreglustjóri hafi gjört þá ráðstöfun, að sú umsjón verði höfð með af-

1873. 4. ágúst. fermingu skipsins, sem með þarf, til þess að sanna, að eigi hafi verið breytt um þær vörur, sem sagðar eru skemmdar, o. s. frv.

Skyldi það koma fyrir, að nokkur tími líði frá því rannsóknin var heimtuð, þangað til henni er komið fram, eða lögreglustjóri gjöri aðrar ráðstafanir, án þess að hlutaðeiganda skipstjóra eða farmseiganda verði kennt um það, og sá, sem í hlut á, þykist ekki geta frestað að færa á land hinar vörurnar, sem eru í skipinu, skal það, hvernig sem á stendur, vera skilyrði fyrir því, að hann geti búizt við að fá fyrnefnda lækkun á gjaldinu, að það verði sannað á annan hátt, sem eptir málavöxtum þykir nægja, að þeir annmarkar, sem sagt er til, hafi verið á, þegar byrjað var á affermingunni.

---

7. ágúst. **64. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um staðfesting á brauðaveitingum stiptsyfirvaldanna.**

Í brèfi, dagsettu 14. maím. þ. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, spurt að, hvort ákvörðun sú í erindisbrèfi landshöfðingjans yfir Íslandi, 29. júlí f. á., 20. gr., að staðfesting sú á brauðaveitingum stiptsyfirvaldanna á Íslandi, sem hingað til hefir verið áskilin konungi, skuli falin á hendur landshöfðingja, sè svo að skilja, að hann í sínu nafni gefi tèða staðfestingu, eða fyrir hönd konungs og í hans nafni, og ef staðfestingin verði gefin í nafni landshöfðingjans, hvort þá greiða skuli gjald eins og áður var gjört.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að þèr, herra landshöfðingi, skuluð í yðar eigin nafni gefa tèða staðfesting, og verður eigi greidt neitt gjald fyrir.

---

65. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um tekjur prestsekkju. 1873. 7. ágúst.

Eptir að stjórnarráðinu hefir borizt álit yðar, herra landshöfðingi, með brèfi 7. júní þ. á. um bænarskrá nokkra, þar sem sóknarpresturinn til Presthóla, Stefán Jónsson, áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, dagsettum 19. marzm. 1868, sem ákveður, að ekkja síra Jóns heitins Jónssonar að Grenjaðarstað skuli æfilangt hafa tilkall til 1/8 parts af afgjaldinu af 2/3 pörtum í jörðinni Sigríðarstöðum svo sem nokkurs hluta af eptirlaunum hennar, enda þótt fyrnefndur jarðarpartur samkvæmt konungsúrskurði 15. febrúar 1867 sè tekinn frá Grenjaðarstaðar-kalli og lagður til Presthóla, — gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið reyndar er helzt á því, að vera yður samdóma um, að Presthóla kall skuli greiða ekkju síra Jóns heitins Jónssonar að Grenjaðarstað þann 1/8 part af ágóðanum af fyrnefndum 2/3 pörtum í jörðinni Sigríðarstöðum, sem hún á tilkall til, en á hinn bóginn kemur þetta eptir eðli sínu undir úrskurð dómstólanna.

---

66. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjaldi. 8. ágúst.

Samkvæmt uppástungu frá umboðsmanni Kirkjubæjar- og Þykkvabæjar klausturs góz, Jóni dannebrogsmanni Jónssyni, hafið þèr, herra landshöfðingi, í brèfi 4. júní þetta ár lagt til, að landsetunum á jörðunum Eystri Dalbæ og Uppsölum, sem heyra undir Kirkjubæjar klausturs góz, og á Fagurhlíð, sem er jörð undir Þykkvabæjar klaustur, verði veitt sú lækkun í jarðarafgjaldinu um 3 ár, frá fardögum 1873 til fardaga 1876, sem hèr skal getið, sökum þess að jarðir þessar samkvæmt skoðunargjörð hlutaðeiganda hrepp-

1873. 8. ágúst. stjóra hafa orðið fyrir tjóni af sandfoki:

1. Sigurði Sigurðssyni á Eystri Dalbæ . . . 20 ál.
2. Jóni Jónssyni á Uppsölum . . . . . 8 —
3. Ólafi Ólafssyni í Fagurhlíð . . . . . 16 —

er hver alin af öðrum helmingnum eins og sjálf landskuldin talin 8 sk. virði, en af hinum er hvert álnarvirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir atvikum veitir það, sem sókt er um.

---

8. ágúst. **67. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fangavörð við hegningarhúsið í Reykjavík.**

Í brèfi, dagsettu 12. f. m., hafið þèr, herra landshöfðingi, látið í ljósi, að þèr vœrið samdóma stjórnarráðinu um, að sami maðurinn skyldi vera fangavörður, verkstjóri og ráðsmaður við hegningarhúsið á Íslandi, og skýrt frá, að það muni nauðsynlegt, að fá til þessa áreiðanlegan mann, sem sè Íslendingur, og skuli honum gjört að skyldu, áður en hann taki við, að takast á hendur á komanda vetri undirumsjónarmanns þjónustu í einhverju hegningarhúsi í Danmörku, til þess að kynna sèr störf þau, sem hann eigi að taka að sèr, og skuli honum endurgoldinn ferðakostnaðurinn fram og aptur.

Um leið og þèr þar að auki hafið mælt með því, að hegningarhúsið sjálft skuli bera kostnaðinn við ráðsmennskuna, hafið þèr að endingu stungið uppá, hvernig þá skuli haga launum umsjónarmannsins.

Eptir að stjórnarráðinu hafði borizt þetta álit yðar, mæltumst vèr til, að fá álit fangelsisskrifstofunnar um málið, og er í því áliti sömuleiðis sú skoðun látin í ljósi, að það sè hagfellt, að

sami maðurinn sè fangavörður, verkstjóri og ráðsmaður, vegna þess hvernig tilhagar á Íslandi, en aptur á móti þykir eigi ráðlegt, að hið opinbera greiði kostnaðinn við ráðsmennskuna einsog þèr hafið stungið uppá, eða verkstjórnina, með því það mundi örðugt, að fá til þessa hæfilegan mann, sem um leið væri fær um að halda reikninga á þá leið, að hægt væri að hafa umsjón þá, er með þarf. Þessari umsjón yrði að því leyti, er verkstjórnina snertir, að vera komið fyrir á þá leið, að sjá mætti hvenær sem vera skyldi: a. hve miklar eptirstöðvar væri til af ýmsum verkefnum; b. hvað verið væri að vinna, og c. hvað væri tilbúið, og ennfremur hvað hver fangi hefði unnið og ætti óeytt, en að því leyti, er ráðsmennskuna snerti, yrði eptirlitinu að vera svo háttað, að hæglega mætti sjá, hvað til á að vera af hverju fyrir sig; skyldi þar hver hlutur ritaður sèr í bók, og öðrum megin talið upp það, sem keypt væri að, og hinum megin það, sem eytt væri samkvæmt reglugjörðinni og tölu fanganna. Það þykir ennfremur vera efunarmál, hvort bæjarfógetinn í Reykjavík þá ætti hægt með að koma þessari umsjón við, sem yrði mjög umsvifasöm, með því hann yrði jafnaðarlega að vera viðstaddur í fangelsinu, sumpart til þess að gefa föngunum kost á að segja til, ef þeir kynni að hafa eitthvað að kvarta yfir, sumpart til þess að hafa umsjón með bókfærslunni, og ennfremur yrði hann að hafa eptirlit með kaupum, þegar útvega skyldi bæði verkefni og búföng. Fangelsisskrifstofan hefir því stungið uppá, að einn maður takist á hendur verkstjórn og ráðsmennsku fyrir ákveðið kaup, — en það hefir að því leyti, er verkstjórn snertir, reynzt hèr í Danmörku arðsamast —, og skyldi þessar sýslanir, ef hægt væri, fengnar í hendur fangaverðinum, með því móti, að arðurinn af vinnunni skyldi vera nokkur hluti launa hans, eða þá einhverjum öðrum, á þann hátt, að þeir að því leyti, er vinnuna snertir, skyldu borga ákveðna upphæð fyrir hvern fanga, eða fyrir það, sem unnið væri, eptir máli og vikt, og að því leyti, er ráðsmennsku snertir, þá fyrir hvern fanga daglega borgun. Þar að auki var það álitið svo sem sjálfsagt, að stjórn hegningarhússins skyldi hafa heimild til, að banna alla þá vinnu, sem hlotizt gæti af hætta fyrir reglu í hegningarhúsinu, hvort sem verkstjórn yrði

1873. 8. ágúst.

1873. 8. ágúst. falin á hendur fangaverðinum eða öðrum, en að því leyti, sem þèr, herra landshöfðingi, höfðuð mælt ámóti því, að fela fangaverðinum á hendur að sjá fyrir viðurværi handa föngunum, þar sem hann eigi mundi geta keypt mikinn forða að í einu, sem því mundi verða honum dýrari, og jafnframt lakari, er þess getið, að síður mun á þessum annmarka bera, ef kaupin yrði gjörð fyrir hönd hegningarhússins sjálfs, og svo þau föng, sem keypt væri, yrði fengin fangaverðinum í hendur sem borgun fyrirfram, og skyldi hann svo gjöra reikning við og við. Að endingu hefir fangelsisskrifstofan látið í ljósi, að ekkert mundi vera því til fyrirstöðu, að fangavörður sá, sem skipaður yrði, kæmist að á hegningarhúsi hèr, til þess að kynna sèr störf þau, sem yrði stöðu hans samfara, og er álitið, að hegningarhúsið í Vèbjörgum sè bezt til fallið, með því þar eru bæði fangar, sem sitja saman, og fangar, sem eru í kompum sèr, og vinnan þar að nokkru leyti er tóvinna. Þareð umsjónarmennirnir í Vèbjörgum fá eigi viðurværi í hegningarhúsinu, yrði sá, sem í hlut á, sjálfur að sjá fyrir því, en það mun kosta 1 rd. á dag; aptur á móti má við því búast, þótt eigi verði sagt með vissu, að honum verði útvegaður bústaður í hegningarhúsinu, en það kemur eigi til tals, að honum verði veitt laun.

Af þeim ástæðum, sem fangelsisskrifstofan hefir borið upp, verður stjórnarráðið að álíta það síður hagfellt, að verkstjórn og ráðsmennska gangi á kostnað af opinberu fè, en það þykir eiga betur við, að hvorttveggja sè falið fangaverðinum á hendur, þannig, að ágóðinn gangi upp í laun hans eða yrði talinn með þeim. Áður en fullnaðar ákvörðun verður gjörð um þetta, mælumst vèr samt til, að þèr, herra landshöfðingi, látið til enn álit yðar, og skal því bætt við, að sá, sem skipaður verður fangavörður, má búast við að fá 200 rd. styrk til kostnaðar við ferðina hingað og 4 mánaða veru við hegningarhúsið í Vèbjörgum í fyrnefndu skyni.

68. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um tollskrá með skipi.

1873. 9. ágúst.

Útaf því, að sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hefir gjört þá athugasemd, þá er hann gaf út affermingarskýrteini handa galeasskipinu „*de tre Venner*“, sem skipstjóri „*H. F. Olsen*“ ræður fyrir, að tollskrá sú, er skipið hafði meðferðis, hafi verið ónákvæm, með því 4 tunnu-ílát með 8 mælistiga brennivíni, sem tilfærðar voru á henni, eigi voru í skipinu, og voru heldur eigi nefndar í vöruskrá kaupmannsins eða farmskrá skipstjórans, en í skipinu fundust 3 ánker eða 103½ pottur af brennivíni handa skipverjum sjálfum, sem eigi var getið um í tollskránni, gefum vèr til yðar til vitundar samkvæmt beiðni frá úrskurðarstjórninni í málum um óbeinlínis skattgjöld, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það fyrnefndum sýslumanni, að brennivínsbruggari *Olsen* hefir sagt svo til, að með skipinu ætti að fara 4 tunnuílát eða ánker með 142 pottum brennivíns, án þess að því væri bætt við, að það væri ætlað skipverjum sjálfum, og væri eitt ánkerið drukkið á leiðinni, en 3 væri eptir með 103½ potti.

---

69. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um jarðaskipti á kirkjujörð og bændaeign.

11. ágúst.

Eptir að hingað hafði borizt brèf yðar, herra landshöfðingi, 9. júní þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 1. þ. m. allramildilegast að fallast á, að skipta megi tveimur kirkjujörðum, sem heyra undir Rafnseyrar prestakall í Ísafjarðarsýslu í vesturumdæminu, Bolungarvík í Grunnavíkurhrepp og Horn í Slèttuhrepp, fyrir jörðina Kleyfar í Súðavíkurhrepp í tèðri sýslu, sem er eign Ásgeirs bónda Magnússonar; þó skal viðreki og

1873. 11. ágúst. hvalreki á kirkjujörðunum eptir sem áður áskilinn Rafnseyrar kirkju.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það og gjörið þær ráðstafanir, er með þarf.

---

13. ágúst. **70. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lækkun á afgjaldi af klausturjörðum í Skaptafellssýslu.**

Í brèfi, dagsettu 17. maím. þ. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, skýrt frá, að amtmaðurinn í suðurumdæmi Íslands hafi útaf brèfi frá umboðsmanni Kirkjubæjar- og Þykkvabæjar klausturs mælt með, að lækkun sú á jarðarafgjaldi, sem samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 13. oktbr. 1870[1] var veitt leiguliðunum á jörðunni Slýjum, Einari Ólafssyni og Sveini Sveinssyni, megi gilda enn fyrir 3 ár, sökum þess að tèð jörð eyðist árlega af sandfoki, en lækkun þessi var 25 áln. fyrir hvorn þeirra um sig; jafnframt og þèr getið þess, að tèð uppgjöf eptir verðlagsskrá yfirstandanda árs nemur alls 8 rd. 50 sk. eða 4 rd. 25 sk. fyrir hvorn leiguliðann um sig, hafið þèr lagt til, að veita megi afgjalds lækkun þessa frá fardögum 1873 til fardaga 1876, og hafið þèr um leið farið þess á leit, að yður verði veitt vald til að úrskurða um slík mál eptirleiðis, án þess þau sè borin undir stjórnarráðið.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að með því eigi liggur fyrir nein skoðunargjörð um ástand jarðarinnar, heldur að eins skýrsla hlutaðeiganda umboðsmanns um, að jörðinni fari nokkuð aptur sökum áfalla af sandfoki, hefir stjórnarráðinu fundizt ísjárvert að veita það, sem sókt er um, en aptur ámóti gefum vèr yður, herra landshöfðingi, vald til að veita tèðum

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III, 103.

1873.
13. ágúst.

leiguliðum fyrnefnda afgjaldslækkun um 3 ár, ef það verður sannað, að jörðin í raun réttri sé svo skemmd, að lækkunin sé sanngjörn, og að afgjaldið þá verði álitið hæfilegt og svo mikið, að eigi verði við því búizt, að nokkur annar leiguliði mundi vilja gjalda meira; en ef nokkur uppgjöf samkvæmt þessu verður veitt, mælumst vèr til að fá skýrslu yðar um það, bæði vegna annars og svo vegna þess, að reikningastjórnardeildinni verði skýrt frá því. Í sambandi við þetta verðum vèr samt sem áður að geta þess, að stjórnarráðið hefir furðað sig á því, að þesskáttar bænarskrár, sem fyrir nokkrum árum komu að eins mjög sjaldan fram, eru nú orðnar nokkuð tíðar og koma þvínær ávallt frá sama umboðinu. Það er nú reyndar satt, að landslaginu er svo háttað í Skaptafellssýslu, að jarðir þar geta orðið fyrir miklum skemmdum og þá sèrílagi af sandfoki, en þetta er samt ekki öðruvísi nú en áður hefir verið, og er því eigi ólíklegt, að leiguliðar síður kosti kapps um að bæta aptur þann skaða, sem orðið hefir, með því þeir á seinni tímum hafa átt svo hægt með að fá linun í afgjaldinu; þetta er þeim mun sennilegra af því, að þeir venjulega sækja um, að sú afgjaldslækkun, sem veitt er fyrir nokkur ár, megi haldast, en það er einmitt tilgangurinn, þegar gefið er nokkuð eptir af afgjaldinu, að jörðin þá verði endurbætt og ræktuð, svo hún verði jafngóð aptur. Þar sem með svofelldu móti getur verið nokkur efi á, hvort það sè nauðsynlegt eða jafnvel hagfellt, að veita afgjaldslækkun, að minnsta kosti svo opt sem gjört hefir verið í seinni tíð, verður stjórnarráðið að álíta það hagfellt, að gjörð verði rannsókn í þessu tilliti, og mælumst vèr því til, að þèr, herra landshöfðingi, leggið amtmanninum yfir suðurumdæminu fyrir, að hann sjálfur líti eptir fyrnefndu klausturgózi yfirhöfuð og sèrílagi eptir þeim jörðum, sem sagt er að svo hafi skemmzt af sandfoki eða öðrum náttúruviðburðum, að færð hafa verið niður afgjöldin; skal hann gjöra skýrslu um þetta og lýsing á ástandi jarðanna, og jafnframt ef svo ber undir gjöra uppástungu um ráðstafanir til þess að bæta þær. Þegar tèð skýrsla er komin hingað ásamt með áliti því, sem þèr þykist hafa ástæðu til að bera upp um málið, skal það

1873. 13. ágúst. nákvæmar yfirvegað, hvort og að hve miklu leyti það verði gjört, að láta eptir ósk yðar um, að fá almenna heimild til að úrskurða um fyrnefndar bænarskrár um afgjaldslækkun, einkanlega án þess að gjöra breytingu á erindisbréfinu, sem er svo nýlega gefið út, og þá á atriði, sem ekki er mjög áríðandi.

---

13. ágúst. **71. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um byggingu fangelsa í norður- og austurumdæminu og vesturumdæminu.**

Eptir að þèr, herra landshöfðingi, sem þáverandi stiptamtmaður, í brèfi 5. júlí f. á. höfðuð látið uppi álit yðar um fyrirkomulag og stærð þeirra fangelsa, sem byggja skal í vesturumdæminu og norður- og austurumdæminu, hefir timburmeistari *Klentz* eptir áskorun dómsmálastjórnarinnar, sem hefir borið sig saman við forstjóra fangelsisstjórnarinnar, búið til tvær áætlanir, sem fylgja með brèfi þessu, um byggingu fangelsishúsa á borð við þau, sem þegar voru nefnd, og um kostnaðinn við þau, o.s. frv.; þykist hann geta byggt annað fangelsið, eptir áætlun þeirri, sem merkt er A., fyrir 3,805 rd. 64 sk., og hitt fyrir 3,819 rd. 26 sk. eptir áætlun þeirri, sem táknuð er með stafnum B.; skuli í hvorju fangelsi vera 4 klefar sömu stærðar og klefarnir í hegningarhúsinu í Reykjavík, varðstofa handa þeim manni, sem fyrir hönd sýslumanns, þegar svo ber undir, á að hafa sjálfa umsjónina með föngunum, rúm til eldiviðar og áhalda, og þar að auki fangagarðar með kömrum. Um áætlanir þessar leitaði stjórnarráðið álita hlutaðeigandi amtmanna[1], en kaus heldur fyrir sitt leyti áætlun þá, sem merkt er A., með því fangelsisklefarnir samkvæmt henni liggja að öllu leyti sèr, — en það þykir þeim

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 530.

mun fremur áríðandi, sem búast má við, að umsjónin verði eigi svo tryggjandi, sem æskilegt væri í sjálfu sèr; samt var stjórnarráðið í nokkrum efa um, hvort byggingarlag það, sem stungið var uppá, væri hagfellt eptir loptslagi á Íslandi — en samkvæmt því yrði þrír veggir á klefunum útveggir — og hvort komizt yrði að öllu leyti hjá annmörkum þeim, sem búast má við í þessu tilliti, með því, að veggirnir yrði hafðir tvöfaldir og látið papp ámilli, eins og timburmeistari *Klentz* hafði stungið uppá og álitið fullkomlega tryggjandi, en það væri sjálfsagt, að í hvern klefa skyldi settur ofn. Að endingu spurði stjórnarráðið hlutaðeigandi amtmenn að, hvort þeir væri vissir um, að íslenzkir handiðnamenn að öllu leyti væri vel færir um að byggja fangelsin, og hvort spara mætti með því fè, svo nokkru munaði. 1873. 13. ágúst.

Amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu, Kristján Christjansson, hefir síðan, eins og þèr munuð sjá af meðfylgjanda brèfi með fylgiskjölum, ráðið frá, að fangelsin í þessu umdæmi verði byggð eptir þeim uppdrætti eptir *Klentz*, sem markaður er með stafnum A., með því eigi mundi verða komizt hjá annmarka þeim, sem getið er um að framan, með því fyrirkomulagi, sem stungið er uppá, og svo vegna þess, að hætt væri við, að fangelsisgarðarnir mundu fyllast af snjó, en í hlákum gæti húsin af því orðið fyrir skemmdum. Jafnframt er hann á því, að íslenzkir handiðnamenn byggi fangelsin, og mun það falla landsmönnum bezt í geð; að því leyti, er snertir fangelsið á Akureyri, — en það er í ráði, að byggja við það þinghús handa bænum, og er bæjarstjórnin fús til að skjóta til þess 500 rd. —, hefir amtmaður sent uppdrátt eptir timburmeistara Jón Stefánsson af fangelsi með súðlopti handa þinghúsinu, og er sú bygging í öllu verulegu sniðin eptir þeim uppdrætti eptir *Klentz*, sem markaður er með stafnum B., en þó er stungið uppá því, að veggirnir verði hafðir úr bindingi af múr og timbri, í stað þess að byggja húsið allt úr timbri, með því þá yrði hægara að koma við aðgjörðum, sem optsinnis er þörf á, loptslagsins vegna, og hefir Jón Stefánsson boðizt til að byggja fangelsið fyrir 4,197 rd.

1873. 13. ágúst. 62 sk. Með því samt sem áður ýmsir annmarkar voru á uppdrættinum, — einkanlega sá, að stiginn upp á loptið liggur upp í þingstofuna, og að eigi er neitt forherbergi á loptinu, leitaði amtmaður Kristján Christjansson álits umboðsmanns og snikkarameistara Þorsteins Daníelssonar um húsabyggingu þessa, og hefir hann boðizt til að byggja fangelsi, sem ekki hafi fyrnefnda annmarka, fyrir 4,050 rd ; er það að öðru leyti samkvæmt uppdrætti Jóns Stefánssonar, og er samt sá munur á, að húsið verði allt tvíloptað, í stað þess að hafa súðlopt, sem örðugt er að gjöra svo, að fullkomlega þètt sè, og yrði byggingin þá rammbyggilegri; ennfremur hefir Þorsteinn Daníelsson stungið uppá, að á þakið verði lögð borð, í stað þess að þekja með þakpappi. Amtmaðurinn stingur síðan uppá, að Þorsteini Daníelssyni verði falið á hendur að byggja fangelsið á Akureyri samkvæmt uppástungu þeirri, sem hann hefir gjört. Að því leyti, er snertir hin fangelsin í norður- og austurumdæminu (í Húsavík og á Eskifirði) er stungið uppá, að frestað verði að byggja þau, þangað til reynzt hefir, hvernig gengur að koma upp fangelsinu á Akureyri.

Amtmaðurinn yfir vesturumdæminu alítur aptur ámóti, eins og þèr munuð sjá af meðfylgjanda brèfi, að byggingarlagið eptir hinum uppdrættinum, sem stjórnarráðið hefir mælt fram með, sè hagfellt, og heldur hann ekki, að veðrátta verði því til fyrirstöðu í nokkru tilliti; þar að auki ræður hann frá, að láta íslenzka handiðnamenn byggja húsin.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, herra landshöfðingi, mælumst vèr til, að þèr annist um, að snikkarameistara Þorsteini Daníelssyni verði boðið að byggja fangelsi og þinghús á Akureyri að sumri fyrir ákveðið kaup, sem samkvæmt brèfi hans til norður- og austuramtsins 27. janúar þ. á. er talið 4,050 rd., og þareð Þorsteinn Daníelsson eigi hefir sent uppdrátt með uppástungu sinni, látum vèr með þessu brèfi voru fylgja uppdrátt af byggingunni, sem timburmeistari *Klentz* hefir gjört eptir áætlun Þorsteins Daníelssonar, en eptir því verður byggingin höfð á þá leið, að fangelsisstofurnar, eins og gjört er á uppdrætti *Klentz's*, verða hafðar á loptinu, í stað þess að hafa þær niðri. En að

því leyti, sem áætlun *Klentz's* er frábrugðin uppástungu Þorsteins Daníelssonar í því, að ætlazt er til, að þakið verði helluþak, en eigi borð, og að hafður verði milli þiljanna múr úr steini og kalki, en eigi torf, verðum vèr að láta þær breytingar koma til nákvæmari yfirvegunar og úrskurðar, eptir að þèr hafið borið yður saman um það við reynda menn á Íslandi, með því dómsmálastjórnin eigi getur dæmt um, hvort þessar breytingar sè að öllu leyti betri, og hvort hægt sè að koma þeim við, og þá, hvernig svo sem á stendur, án mjög mikils kostnaðar. Ef breytingar þessar þykja samt æskilegar, og Þorsteinn Daníelsson þá kann að heimta meira fyrir að koma upp húsinu, en hann hefir boðizt til að byggja fyrir áður, felum vèr yður vald til þess að ganga að því, þótt hann heimti eitt eða tvö hundruð dali meira. Ef Þorsteinn Daníelsson eigi vill taka að sèr þetta verk með þeim skilyrðum, sem drepið er á, skal bjóða mönnum til að takast á hendur að byggja fangelsið samkvæmt því, sem sagt er að framan, fyrir ákveðið kaup, og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki boð, sem fram kann að koma. Að því, er snertir hin fangelsin í norður- og austurumdæminu, látum vèr það koma undir nákvæmari yfirvegun yðar, hvort ætlazt megi til, að íslenzkir handiðnamenn eins vel geti byggt hús þessi bæði fyrir norðan og austan og á vesturlandi, og ef þèr álítið að svo sè, mælumst vèr til að þèr látið bjóða mönnum á Íslandi til, að takast á hendur að byggja hús þessi að sumri, en það skal komið undir ákvörðun stjórnarráðsins, hvort þeim boðum, sem fram kunna að koma, verður tekið. Fangelsin fyrir norðan og austan skulu byggð samkvæmt þeim uppdrætti *Klentz's* sem táknaður er með stafnum B., en það þykir samt rèttast, að fangelsin verði byggð upp úr bindingi af timbri og tigulsteini, á sama hátt sem fangelsið á Akureyri, og hafður einn garður, eins- og gjört er á uppdrætti *Klentz's* af tèðu fangelsi, en það verðum vèr að láta koma undir úrskurð yðar, hvort breytingar þær við fangelsið á Akureyri, sem stungið er uppá, skuli teknar til greina við byggingu hinna tveggja fangelsanna í norður- og austurumdæminu. Fangelsin í vesturumdæminu skal byggja eptir

1873. 13. ágúst.

1873. 13. ágúst. byggingarlagi því, sem stjórnarráðinu fèll betur í geð, eptir uppdrættinum A.; samt verðum vèr, að láta það vera komið undir yður, að ákveða, er þèr hafið borið yður saman um það við reynda menn, úr hverju þakið skuli vera, og hvort húsið skuli byggt úr timbri einu, eða úr bindingi af múr og timbri, og þá hvað láta skuli milli þiljanna. Yfirhöfuð verðið þèr að gæta þess, bæði þá er Þorsteini Daníelssyni verður boðið, að taka að sèr byggingu fangelsisins á Akureyri, og eins þegar hinar fangelsisbyggingarnar verða boðnar upp, að setja nákvæmari skilyrði að því leyti, er snertir tímann, er byggingin eigi að vera búin, og tiltaka bætur ef það dregst, og ennfremur gjöra ákvörðun um borgun kaupsins, en stjórnarráðið mun eigi verða því mótfallið, að það greiðist smásaman eptir því sem lokið verður af við bygginguna; samt skal að minnsta kosti halda eptir helmingnum af kaupinu, þangað til verkið er af hendi leyst og tekið gilt eptir skoðun; enn fremur verðið þèr að heimta veð til tryggingar því, að verkið verði af hendi leyst sem vera ber, og vísum vèr yður í því tilliti til samnings þess, sem gjörður var við timburmeistara *Klentz* um byggingu hegningarhússins í Reykjavík, og sem vèr sendum stiptamtmanninum yfir Íslandi eptirrit af með brèfi, dagsettu 18. maí f. á.; þar að auki verður að segja þeim, sem í hlut eiga, til um það, að með því þeir hafi tekizt á hendur verkið fyrir ákveðið kaup, verði þeir sjálfir að sjá um og ábyrgjast eigi að eins, að það verði tilbærilega af hendi leyst, heldur einnig að efnið verði útvegað og flutt að. Að endingu mælumst vèr til, að þèr sjáið um, að flýtt verði svo fyrir þessu máli, að stjórnarráðið geti með síðasta skipi í haust, ef unnt er, fengið vitneskju um, hvernig farið hefir, eða þá með fyrsta skipi á næsta ári.

72. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk til þess að gefa út lestrarbók handa alþýðu.

1873. 14. ágúst.

Í brèfi, dagsettu 31. maí þ. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem prófastur Þórarinn Böðvarsson hefir sókt um, að kostnaðurinn við prentun og útgáfu lestrarbókar fyrir alþýðu, sem hann hafi tekið saman, megi greiðast úr landssjóðnum, gegn því, að höfundurinn sleppi tilkalli til ritlauna og að allur ágóðinn við sölu bókarinnar falli til alþýðuskóla nokkurs á Íslandi, sem hann hefir í hyggju að koma upp; hafið þèr nú, eptir að þèr hafið fengið álit stiptsyfirvaldanna, stungið uppá, að veita megi sækjandanum af því fè, sem á yfirstandandi og næstu reikningsárum sè ætlað til óvissra útgjalda Íslands, 25 rd. styrk fyrir hverja örk tèðrar lestrarbókar, með því skilyrði, að söluverð bókarinnar verði ekki meira en 1 rd. 32 sk., og að skýrsla verði, þegar að því kemur, send stiptsyfirvöldunum um, hvernig ágóðanum, að frádregnum kostnaði, sè varið; mætti bókin eigi vera stærri en 40 arkir, og skyldi mega greiða sækjandanum styrkinn, þegar öll bókin væri komin út, eða ef hún kæmi út í tveimur eða þremur bindum, þá fyrir hvert bindi eptir arkatali.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, að það getur ekki komið til tals, að veita nokkurn styrk til þessa á yfirstandandi ári, með því búið er að mestu leyti að verja því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda, en það látum vèr vera undir yður komið, að ákveða, hvort veita megi sækjandanum styrk til útgáfu bókarinnar af því fè, sem yður verða fengin ráðin yfir á næsta ári og framvegis, og þá með hvaða skilyrðum; mun stjórnarráðið taka þátt í kostnaðinum, ef á þarf að halda, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru með brèfi dómsmálastjórnarinnar 30. júní þ. á, en samt er byggt á því, að styrkurinn alls verði ekki meiri en 500 rd. Fylgiskjölin sendum vèr yður aptur.

1873. 15. ágúst. **73. Brèf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um skuldir sýslumanns.**

Eptir að vèr samkvæmt tilmælum fjárhagstjórnarinnar höfðum boðið amtmanninum yfir vesturumdæminu, að sæta lagi, og selja jörðina Ingunnarstaði, sem ríkissjóðurinn hafði tekið fyrir skuldir Gunnlögs Blöndals, fyrrum sýslumanns í Barðastrandarsýslu, ef svo stæði á, að það yrði gjört skaðlaust, hefir tèður amtmaður skýrt frá, að sèr hafi tekizt að selja tèða jörð fyrir 400 rd, sem sè borgaðir í jarðabókarsjóðinn.

Um leið og vèr tilkynnum fjárhagsstjórninni þetta, sendum vèr endurrit af afsalsbrèfi því, sem út er gefið í þessu tilefni með danskri útleggingu, og kvittun landfógetans fyrir því, að upphæðin sè borguð til jarðabókarsjóðsins.

---

28. ágúst. **74. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjaldi.**

Með brèfi 17. apríl þ. á. hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað skoðunargjörð viðvíkjandi tjóni því, sem jörðin Varmá, sem heyrir undir umboð Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefir orðið fyrir sökum áfalla af sandfoki og aurskriðum, og stungið uppá samkvæmt bænarskrá, er hlutaðeigandi sýslumaður hefir mælt með, að leiguliðunum á tèðri jörð, Jóni Árnasyni og Halldóri Halldórssyni verði gefnir upp 10 rd. hvorjum af landskuldinni til fardaga 1873.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið eptir því, sem á stendur, fellst á uppástungu yðar.

---

75. Konungleg Auglýsing um það, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs. 1873. 1. septbr.

(á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: þareð Vèr höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vèr, samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, að ríkisstjórn í fjærvist Vorri sè falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum vèr hèrmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign, krónprinz Christian Frederik Vilhelm Carl, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni, frá 2. þ. m. þangað til Vèr komum heim aptur.

---

76. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um læknaskipun syðra. 1. septbr.

Útaf uppástungu yðar, herra landshöfðingi, í brèfi, dagsettu 22. júlím. þ. á, gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess birtið það,

að landlæknir jústizráð Jón Hjaltalín skuli fyrst um sinn undanþeginn hèraðslæknastörfum í hèraði því, sem sameinað er landlæknisembættinu,

að Jónas læknir Jónasson skuli, á meðan landlæknirinn, sem nú er, sè undanþeginn hèraðslæknastörfum, fyrir laun þau, sem honum voru veitt samkvæmt konungs úrskurði 3. ágúst 1868 sem settum hèraðslækni í nokkrum hluta af hèraði því, sem landlæknirinn var skipaður í, settur sem hèraðslæknir í Reykjavíkurkaupstað og í Seltjarnarness- og Álptanesshreppum í Gullbringu sýslu, auk þess sem hann áður var settur hèraðs-

1873. 1. septbr. læknir í Kjósarsýslu, en aptur á móti skuli hann undanþeginn hèraðslæknastörfum í Gullbringusýslu að öðru leyti (á Suðurnesjum) og

að veita megi frá 1. juli þ. á. kandídat í læknisfræði Þórði Gudmundsen, sem seztur er að sem praktíserandi læknir í Njarðvíkum í Gullbríngu sýslu, styrk þann úr læknasjóðnum íslenzka, sem mælt er fyrir um í konungsúrskurði 10. maí 1867, með því móti að hann verði settur hèraðslæknir á Suðurnesjum.

Skal allt, sem nú var getið, undir því komið, að þeir jústizráð Jón Hjaltalín og Jónas læknir Jónasson komi sèr saman um fyrirkomulag þetta, og væntum vèr, að fá skýrslu yðar um það.

---

10. septbr. **77. Auglýsing um að halda skuli opinbera guðsþjónustugjörð á Íslandi í minningu þess, að landið hefir verið byggt í þúsund ár.** (á Íslenzku og Dönsku).

Samkvæmt uppástungu kirkju og kennslustjórnarinnar hefir Hans Hátign konungurinn 8. þ. m. allramildilegast fallizt á, að haldin verði opinber guðsþjónustugjörð á öllu Íslandi árið 1874 í minningu þess, að Ísland þá hefir verið byggt í þúsund ár, að guðsþjónustugjörð þessi skuli fram fara í öllum aðalkirkjum landsins í lok júlí mánaðar eða í byrjun ágúst mánaðar á þeim sunnudegi, sem biskupinn yfir Íslandi nákvæmar tiltekur, en í aukakirkjunum næsta sunnudag eða næstu sunnudaga eptir, og að biskupnum sè falið á hendur að ákveða texta þann, sem leggja skuli útaf við tèða guðsþjónustugjörð, og að gjöra þær ráðstafanir, sem að öðru leyti með þarf í tilefni af þessu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Kirkju- og kennslustjórnin, 10. dag september 1873.

C. Hall.

Fr. Reinhardt.

---

78. **Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.** 1873. 10. septbr.

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir Hans Hátign konunginum þóknazt allramildilegast 8. þ. m. að veita prestaskólakandídat Oddgeiri Gudmundsen leyfi til að láta vígjast til prests, þótt hann ekki sè 25 ára að aldri.

Um leið og þetta verður yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þèr kunngjörið það, mælist stjórnarráðið til, að þèr sjáið um, að meðfylgjandi leyfisbrèf verði fengið fyrnefndum Oddgeiri Gudmundsen í hendur.

---

79. **Konungleg Auglýsing um að konungur sè kominn heim aptur.** (á Íslenzku og Dönsku). 24. septbr.

Vèr Christian hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr erum aptur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vèr hèr með Vorum kæru og trúu þegnum, að Vèr höfum sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vèr með Vorri konunglegu auglýsingu 1. þ. m., samkvæmt 1. grein í lögum, 11. febr. 1871, höfðum falið á hendur í fjærvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign, krónprinzi Christian Frederik Vilhelm Carl.

1873. 25. septbr.

80. Auglýsing, er birtir á Íslandi peningalög, 23. maí 1873. (á Íslenzku og Dönsku.).

Hans hátign konungurinn hefir 23. maí 1873 staðfest svolátandi

Peningalög:

Vèr Christian hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

I.

1. grein.

Eptirleiðis skal gull vera undirstaðan undir peningareikningi Danmerkur, en jafnframt skal hafa silfur og lakari málm til smápeninga.

2. grein.

Tveir aðalpeningar skulu slegnir, og skulu af öðrum þeirra 248 ganga á eitt kílogram eða tvö pund af skíru gulli, en af hinum 124 á eitt kílogram eða tvö pund af skíru gulli.

Tíundi partur af hinum fyr nefnda peningi eða tuttugasti partur af hinum síðar nefnda skal vera reikningseining og nefnast króna. Krónan skiptist í 100 aura.

3. grein.

Gullpeningarnir verða slegnir úr peningagulli, sem er samsteypa af 90 pörtum af skíru gulli og 10 pörtum af eiri.

Fyrir því skal sá gullpeningur, sem gildir 10 krónur, vega 4,4803 gram, og sá, sem gildir 20 krónur, 8,9606 gram.

Þvermál tíukrónapeningsins skal vera 18 millimeter (eitt millimeter er sem næst jafnt 0,00319 af dönsku feti), og þvermál tuttugukrónapeningsins 23 millimeter.

4. grein.

Smápeningarnir verða slegnir sumpart úr silfri, sem er

blandað eiri eptir því þungahlutfalli, sem leiðir af því, sem ákveð- 1873.
ið er fyrir neðan (í 5. grein) um vikt og efnisgæði hvers pen- 25. septbr.
ings útaf fyrir sig, sumpart úr kopar[1], sem er steyptur úr 95 pörtum af eiri, 4 pörtum af tini og 1 parti af sínki.

5. grein.

Af silfurpeningum má slá þá, sem hèr eru taldir, en þeir skulu að stærð, vikt og gæðum vera eins og hèr segir:

	Þvermál.	Vikt alls.	Það, sem er í peningnum af skíru silfri.
	millimeter	gram	gram
a. peningur, sem er jafngildi 2 króna.....	31	15	12
b. — — - — 1 krónu.....	25	7,5	6
c. — — - — 50 aura.....	22	5	3
d. — — - — 40 aura.....	20	4	2,4
e. — — - — 25 aura.....	17	2,42	1,452
f. — — - — 10 aura.....	15	1,45	0,58

6. grein.

Af koparpeningum[2] má slá þá, sem hèr eru taldir, en þeir skulu að stærð og vikt vera eins og hèr segir:

	Þvermál	Úr einu kílogrammi af kopar verða slegnir.
	millimeter	peningar
a. peningur, sem er jafngildi 5 aura....	27	125
b. — — - — 2 aura....	21	250
c. — — - — 1 eyris...	16	500

7. grein.

Þarsem því eigi verður komið við, að vikt og efnisgæði

[1]) bronze.

[2]) bronzepeningum.

1873. 25 septbr.

hvers penings útaf fyrir sig sè fullkomlega nákvæm, má ekki skakka um rètta vikt og efnisgæði meira en hèr segir:

	að því leyti, er snertir vikt,		að því leyti, er snertir efnisgæði,
	þegar einn peningur er prófaður;	þegar peningar eru prófaðir í kilogramtali;	af vikt hvers einstaks penings;
fyrir tuttugukrónapening.....	0,0015	»	0,0015 af skíru gulli
— tíukrónapening.....	0,002	»	
— tveggjakrónapening.....	0,003	»	0,003 af skíru silfri
— krónu.....	0,005	»	
— fimmtíuaurapening.....	»	0,006	
— fjörutíuaurapening.....	»		
— tuttuguogfimmaurapening	»	0,010	
— tíuaurapening.....	»	0,015	

Þegar slegnir eru peningar úr gulli, verður samt þess að gæta, að viktar-skakkinn fyrir hver 10 kílogrömm eða 20 pund af peningagulli sè eigi meiri en 5 grömm.

8. grein.

Á öllum peningunum skal vera framstandandi rönd. Gullpeningarnir og silfurpeningarnir, að undanteknum tuttuguogfimmaura- og tíuaurapeningnum, skulu vera með rákum á röndinni, en á tuttuguogfimmaura- og tíuaurapeningnum og koparpeningunum[1] skal röndin vera slètt. Áskriptin skal greinilega segja til um, hve margar krónur eða hve marga aura peningurinn hafi inni að halda eða gildi. Þar að auki skal hver peningur bera það með sèr, að hann sè mótaður fyrir Danmörk, í hverri peningasmiðju, og á hverju ári hann sè gjörður.

Að öðru leyti ákveður konungur mót og áskript peninganna.

9. grein.

Peningar þeir, sem slegnir eru eptir því, sem sagt er fyrir að framan, skulu með þeim takmörkunum, sem settar eru í 10.

[1]) bronzepeningum.

gr., vera gjaldgengir eptir því verði, sem á þeim stendur, bæði í gjöldum til ríkissjóðsins og manna ámilli, ef eigi hafa þeir orðið fyrir skemmdum af vondri eða ólöglegri meðferð. 1873. 25. septbr.

10. grein.

Af smápeningum skal enginn vera skyldur til að taka við sem borgun í einu meira en 20 krónum í einnarkrónu- og tveggjakrónapeningum, 5 krónum í smærri silfurpeningum og 1 krónu í koparpeningum[1].

Samt skal, þegar greiddir eru skattar og gjöld til ríkis eða til sveitar, taka hvað mikið sem vera skal í einnar- og tveggjakrónapeningum.

Þegar gullpeningar af sliti hafa mist meira en $^1/_2$ af hundraði af vikt þeirri, sem þeir áttu að hafa samkvæmt 3. gr., eru þeir eigi framar gjaldgengir manna ámilli, en halda gildi sínu fyrir það verð, sem á þeim stendur, í gjöldum til ríkissjóðsins, sænskir eða norskir (sbr. 24. gr.) gullpeningar þó því að eins, að þeir eigi af sliti hafi mist meira en 2 af hundraði af vikt sinni.

Ríkissjóðurinn tekur þá eigi smápeninga sem gilda borgun, þegar þeir eru svo máðir, að eigi verður séð með vissu, hvert ríki hafi látið móta þá, en í viðskiptum milli allra annara ganga þeir úr gildi jafnskjótt og mótið er orðið ógreinilegt af sliti.

Peninga, sem eigi framar eru gildir í gjöldum til hvers sem vera skal, má aðalfèhirzla ríkisins eigi aptur setja í gang. Heldur ekki má hún aptur gefa út silfurpeninga, sem vantar á 4 af hundraði eða meira í rètta vikt. Amtsgjaldstofurnar, þjóðbánkinn og aukadeildir hans skulu skyldar til að halda aptur og senda til aðalfèhirzlunnar hina máðu peninga, sem hèr er verið að ræða um, bæði aðalpeninga og smápeninga, og skal það falið ríkisstjórninni á hendur að koma því til leiðar með samningum, að hið sama ennfremur verði gjört öðrum einstakra manna bönkum eða stofnunum að skyldu, þegar það kann að þykja hagfellt.

Ríkisstjórnin gjörir ráðstafanir til, að lóð, sem segja til um rètta vikt, og önnur, sem segja til um viktarskakkann á gull-

[1]) bronzepeningum.

1873. 25. septbr.

peningunum, verði með tilsjón hins opinbera, löggilt, stimpluð og fáist til kaups fyrir ákveðið verð.

Fjárhagsráðgjafinn hefir vald til að veita endurgjald fyrir peninga, sem hafa orðið fyrir skemmdum af vondri eða ólöglegri meðferð, og fyrir falspeninga, þegar ástæða er til að halda, að sá, sem peningana hefir í höndum, hafi verið grandlaus og ekki sýnt neina óvarkárni, þá er hann tók við hinum skemmdu eðu fölsuðu peningum.

11. grein.

Sèrhverjum skal gefinn kostur á, ef því verður við komið, í öllum kaupstöðum, bæði að fá skipti á hverri upphæð sem vera skal af þeim peningum, sem samkvæmt 10. gr. að eins eru gildir í gjöldum til ríkissjóðsins, fyrir jafnmikið af gjaldgengum peningum sömu tegundar, og að fá aðalpeninga fyrir hvað mikið sem vera skal af smápeningum, ef þeirri upphæð verður skipt með 10 krónum.

12. grein.

Ríkisstjórnin annast beinlínis um alla peningagjörð, og má eigi hafa einstaka menn til þess, eða fela einstökum mönnum það á hendur með því að selja það á leigu eða á annan hátt.

Sèrhverjum skal gefinn kostur á að fá aðalpeninga mótaða fyrir gull, sem hann leggur til, gegn því að gjalda $^1/_4$ af hundraði af verði þeirra peninga, sem mótaðir verða, fyrir að fá slegna tuttugukrónapeninga, eg $^1/_3$ af hundraði fyrir að fá slegna tíukrónapeninga. Að öðru leyti skal eigi greidt neitt sláttugjald.

Ríkisstjórnin ákveður nákvæmar, hve mikið það gull megi vera, sem lagt er til, gæði þess og aðra eiginlegleika.

Smápeningar verða að eins slegnir fyrir hönd ríkissjóðsins.

13. grein.

Reikningseining sú, sem hèr er lögákveðin, skal við höfð í öllum reikningum og afgreiðslum ríkisins, þjóðbánkans og sveitafèlaganna, þar sem miðað er við innlenda peninga. Hið sama

er skylda sèrhverrar stofnunar eða fèlags, sem hefir veitingar- 1873.
brèf stjórnarinnar, eða samkvæmt lögum eða leyfisbrèfi er að- 25. septbr.
njótandi ívilnunar á stimpilgjaldi. Brot gegn þessu boði varða 10—200 króna sektum til ríkissjóðsins. Málsókn verður að eins höfðuð eptir beiðni hlutaðeiganda stjórnarvalds, og skal þá með málið farið sem opinbert lögreglumál.

14. grein.

Á meðan samningur sá, sem gjörður kann að verða við konunginn í Svíaríki og Norvegi, samkvæmt 24. gr. þessara laga, er í gildi, skal um peninga þá, sem slegnir eru í Svíaríki eða Norvegi samkvæmt samningnum, farið eptir því, sem ákveðið er í 9—11 gr. í þessum lögum, og eptir því, sem fyrir mælt er í 11. gr., ennfremur í 2 ár eptir að samningurinn er úr gildi genginn. Á meðan fyrnefndur samningur er í gildi, skulu þar að auki hegningar þær, sem ákveðnar eru í 264. og 266 gr. í hinum almennu borgaralegu hegningarlögum, 10. febrúar 1866[1] fyrir afbrot þau, sem fyrir er mælt um í tèðum greinum með tilliti til eptirmyndunar og falss danskra peninga, einnig liggja við, þegar slík afbrot eru drýgð með tilliti til hinna sænsku eða norsku (sbr. 24. gr.) peninga, sem heimilaðir eru með tèðum samningi.

II.

15. grein.

Ríkisstjórninni er veitt vald til að byrja þegar í stað á að slá peninga eptir því, sem sagt er að framan, og taka til af peningategundum þeim, sem taldar eru upp í 2., 5. og 6. gr. þær, sem hagfelldast kann að þykja að hafa á reiðum höndum.

16. grein.

Konungur ákveður, frá hvaða tíma gullpeningar þeir, sem

[1]) Sbr. hinar samsvarandi 266. og 268. gr. í Almennum hegningarlögum handa Íslandi 25. júní 1869.

1873. 25. septbr.

slegnir eru samkvæmt því, sem sagt er að framan, verði hafðir sem gjaldgengir peningar. Verði þetta fyr en hin nýja reikningseining er í gildi leidd (17. gr.), skal tíukrónapeningurinn á því millibili, sem verður með þessu móti, í öllum gjöldum tekinn sem 5 ríkisdalir ríkismyntar, og tuttugukrónapeningurinn sem 10 ríkisdalir ríkismyntar.

17. grein.

Sömuleiðis ákveður konungur, frá hvaða tíma hin nýja reikningseining ásamt skipting hennar skuli leidd í gildi; samt getur þetta eigi orðið fyr en gullpeningar samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 16. gr., eru orðnir gjaldgengir, og eigi seinna en 1. janúar 1875.

Frá þeim tíma, sem konungur þannig ákveður, verður hin nýja reikningseining við höfð samkvæmt 13. gr.

Frá sama tíma má eigi slá ríkismynt framar.

18. grein.

Allar skuldbindingar til gjalda í innlendum peningum, sem gengizt er undir eptir þann tíma, sem getið er um í 17. gr., skal miða við hina nýju peninga, og frá sama tíma skal öllum gjöldum (opinberum eða einstakra manna), sem ákveðin eru í nú gildandi ríkismynt, breytt á þann hátt, að þau greiðist í hinum nýju peningum þannig:

að fyrir hvern ríkisdal borgist	.	.	2	krónur	
- — hverja 48 skildinga —	.	.	1	króna	
- — — 24 — —	.	.			50 aurar
- — — 12 — —	.	.			25 — ,

og fyrir minni upphæðir en 12 sk. tvöfalt af aurum við það, sem borga átti í skildingum.

Sè borgun þannig ákveðin, að gjald það, sem greiða á í einu lagi af því kröfunni er svo varið, fæst með því að margfalda upphæð í nú gildandi ríkismynt eða með því að leggja saman fleiri slíkar upphæðir, skal aðalupphæð gjaldsins reiknuð út eptir hinum fyrri peningareikningi, áður en því verður breytt í hina nýju peninga samkvæmt reglunni að framan.

19. grein. 1873.

Ríkisstjórnin og sveitastjórnirnar skulu að öðru leyti sjá svo 25. septbr.
um, að allir taxtar og aðrar þesskonar gjaldákvarðanir, sem þær hafa sett í nú gildandi ríkismynt, sè lagaðar eptir hinum nýju peningum til þess tíma, er hin nýja reikningseining hefir öðlazt gildi.

20. grein.

Frá þeim tíma, sem getið er um í 17. grein, og þangað til hin nú gildandi ríkismynt er úr gildi gengin (22. gr.), skulu bæði hinir fyrri aðalpeningar og smápeningar, sem slegnir eru eptir ríkismyntarundirstöðunni, og innlendir peningar, sem mótaðir eru samkvæmt þessum lögum, og sænskir og norskir peningar, sem gjörðir eru samkvæmt peningasamningnum, 18. desbr. 1872, ganga samsíða sem gjaldgengir peningar eptir peningalögunum, þannig að

1 tvídalur eða spesía ríkismyntar	gildi .	4 krónur
1 ríkisdalur	— .	2 —
1/2 —	— .	1 krónu
1 sextánskildingur eða mark ríkismyntar	— .	33 aura
3 mörk í sextánskildingum eða smærri ríkismynt	— .	100 —
24 skildingar ríkismyntar	— .	50 —
12 — —	— .	25 —
1 ferskildingur	— .	8 —
1 skildingur	— .	2 —
1 hálfskildingur	— .	1 eyri.

Samt verður að gæta þess, sem fyrir mælt er í auglýsingu, 18. desbr. 1841, um, við hve miklu menn eru skyldir til að taka í einu af þeim smápeningum, sem nú eru í gildi, og þess, sem sagt er í 10. gr. í þessum lögum um það, hve mikið mönnum er skylt að taka í einu af hinum nýju smápeningum.

21. grein.

Á hinu sama tímabili skulu seðlar þeir, sem þjóðbánkinn

1873. 25. septbr. hefir gefið út áður en hin nýja reikningseining er leidd í gildi, og sem miðaðir eru við ríkismynt, þangað til þeir eru kallaðir inn á löglegan hátt, gangá samsíða seðlum, sem miðaðir eru við krónur, þannig að hver ríkisdalur ríkismyntar sè talinn jafngildi tveggja króna.

22. grein.

Jafnskjótt og peningagjörð eptir þessum lögum er komin svo langt á leið, að ríkisstjórninni finnst það tiltækilegt, ákveður konungur með minnst 6 mánaða fyrirvara þann tíma eða þau tímabil, er hin nú gildandi ríkismynt eigi framar skuli vera gjaldgeng. Þetta skal samt að því leyti, er snertir aðalpeninga þá, sem nú gilda (spesíur, dali og hálfa dali), vera gjört innan árs loka 1878, og að því leyti, er smápeninga snertir, innan árs loka 1881.

23. grein.

Frá því að ríkismyntarpeningar eru úr gildi gengnir samkvæmt 22. gr., skal ríkissjóðurinn taka við þeim og innleysa þá um svo langan tíma, sem stjórnin nákvæmar ákveður, fyrir peninga eptir þessum lögum, samkvæmt því hlutfalli, sem sett er í 20. gr. hèr að framan.

24. grein.

Konungi veitist vald til að gjöra samning við konunginn í Svíaríki og Norvegi um það, að peningasamningur sá, sem gjörður var 18. desbr. f. á. í Stokkhólmi, verði fyrst um sinn að eins látinn ná til Danmerkur og Svíaríkis, en konunginum í Svíaríki og Norvegi skal þó heimilt að ganga einnig að samningnum fyrir hönd Norvegs með þeim breytingum, sem kunna að virðast hagfelldar, á millibilsfrestum þeim, sem ákveðnir eru í samningnum.

25. grein.

Það, sem fyrir mælt er í greininni á undan um vald það,

sem veitt er konungi, öðlast þegar í stað gildi; að öðru leyti öðlast lög þessi gildi á þann hátt, sem þau nákvæmar ákveða, um leið og auglýsing gengur út um það að samningur, sem gjörður er við Svíaríki samkvæmt 24. gr., sè staðfestur. Þegar Norvegur kann að ganga að samningnum, verður það birt með tilskipun. 1873. 25. septbr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið á Amalíuhöll, 23. dag maím. 1873.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Fr. Krieger.

Þetta skal hèrmeð kunngjört öllum þeim, sem hlut eiga að máli, að því við bættu, að stjórnarráðið hefir 26. júní þ. á. gefið út auglýsingu um, að samningur, sem gjörður var 27. maí þ. á. við Svíaríki samkvæmt 24. gr. í peningalögunum, er staðfestur 21. júní s. á.

Í fjárhagsstjórninni, 25. dag septbrm. 1873.

Fr. Krieger.

Lange.

81. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um breytingar á auglýsing 3. maí 1872, um póstmál á Íslandi. 26. septbr.

Um leið og þèr, herra landshöfðingi, með brèfi hafið sent hingað skýrslur þær, sem með þurfa, um kostnað þann við póststjórn á Íslandi, sem búast má við á árinu 1874, hafið þèr eptir undirlagi póstmeistarans í Reykjavík af tilgreindum ástæðum stungið uppá nokkrum breytingum á því, sem fyrir er mælt í auglýsing um póstmál á Íslandi 3. maí f. á, 2. 7. og 8. gr., um stofnun póstafgreiðslustaða og brèfhirðingarstaða þar

1873. 26. septbr. og laun hlutaðeigandi póstþjóna, og eru breytingar þessar þær, sem hèr skulu taldar:

1. að stofnaður verði nýr brèfhirðingarstaður í Borgarfjarðarsýslu, milli Saurbæjar og Hjarðarholts, á Hesti, og skuli laun brèfhirðingarmannsins vera 7 rd. 48 sk.

2. að brèfhirðingarstaðirnir í Hvammi (í Mýrasýslu), á Þóroddstöðum, Hjaltabakka, Höskldstöðum, Viðvík, Hjaltastöðum, Hálsi (í Fnjóskadal) og Hjarðarholti (í Dalasýslu) skuli lagðir niður.

3. að stofnaður verði póstafgreiðslustaður á Hraungerði í Árnessýslu í stað þess sem þar var áður brèfhirðingarstaður, og skuli árleg laun póstafgreiðslumannsins vera 15 rd.;

4. að laun póstafgreiðslumanna á þeim stöðum, sem nú skulu taldir, verði hækkuð, eins og hèr segir:

a. í Stykkishólmi frá 35 rd. til 40 rd.
b. á Akureyri — 35 — — 40 —
c. á Miklabæ — 15 — — 20 —
d. í Hjarðarholti — 15 — — 25 —

5. að póstafgreiðslustaðurinn á Velli verði fluttur þaðan til Breiðabólstaðar í Fljótshlíð, og póstafgreiðslustaðurinn á Grenjaðarstað til Helgastaða, og

6. að nýr brèfhirðingarstaður verði stofnaður á Hvoli í Saurbæjarhrepp í Dalasýslu, í stað þess sem áður var brèfhirðingarstaður í Hjarðarholti í tèðri sýslu, með 7 rd. 48 sk. launum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungur yðar, og mælumst vèr til, að þèr annist um, að þetta verði birt almenningi á Íslandi.

---

21. oktbr. **82. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um yfirgang frakkneskra fiskimanna.**

Af meðfylgjandi tveimur brèfum með fylgiskjölum frá lands-

höfðingjanum yfir Íslandi mun útanríkisstjórnin sjá, að 45 frakkn- 1873.
esk fiskiskip, sem tilgreind eru á skrá þeirri, sem fylgir með, 21. oktbr.
hafi á tímabilinu frá 25. apríl til 17 júlí þ. á. siglt uppá ýmsa firði í Suðurmúlasýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, án þess greidt hafi verið gjald það til lögreglustjórans, sem fyrir er mælt um í tilsk. um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl., 12. febr. 1872, 3. gr. fyrir að skoða og rita á skjöl skipanna, en skipverjar hafa borið fyrir, að þeir væri félausir, og á einu skipinu hafa þeir af þessari ástæðu hliðrað sèr hjá að borga íslenzkum bónda 127 fránka fyrir aðgjörð á stýrinu; meðfylgjandi skjöl sýna enn fremur, að danska herskipið Fylla hitti frakknesku fiskiskipin *Emilie*, *Euterpe* og *Camille* fyrir utan Hèðinsfjörð á Norðurlandi, og benti allt til þess, að skipverjar hefði í frammi ólöglega fiskiveiði, enda gekkst einn skipstjórinn við að svo væri.

Einsog sjá má hafa þeir, skipstjórnarmaðurinn á Fylla og foringinn fyrir hinum frakknesku herskipum, sem hafa stöðvar við Ísland, skrifazt á um hvorttveggja málið, og hefir frakkneski herskipaforinginn sent skýrslu um þau bæði stjórninni á Frakklandi, en lýst því jafnframt yfir, að hann gæti ekki gjört neitt við hina ólöglegu veiði, sem fram hafði farið.

Samkvæmt beiðni landshöfðingjans mælumst vèr því til, að utanríkisstjórnin leiti upplýsinga um framkvæmdir frakknesku sjóliðsstjórnarinnar útaf fyrra atriðinu, og gjöri ráðstafanir til, að fyrnefnd gjöld verði greidd; þar að auki mælumst vèr til, að utanríkisstjórnin láti í tè aðstoð sína til þess, að þeir skipstjórarnir *Clacysen* og skipstjórinn *Messer*, sem hafa brotið gegn 1. gr. í fyrnefndri tilskipun, verði dæmdir í sektir eptir uppástungu skipstjórnarmannsins á Fylla, þeir *Clacysen* í 100 fránka sekt hvor, og *Messer* í 75 fránka sekt.

1873. 25. oktbr. **83. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lóð yfirréttarhússins.**

Með brèfi, dagsettu 15. ágústm. þ. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað tvær bænarskrár, þar sem Árni kansellíráð Thorsteinson og ljósmyndasmiður Sigfús Eymundarson, sem búa næstir hinu svonefnda yfirréttarhúsi, í Reykjavík, hafa sókt um, að fá til kaups tvo tiltekna parta af lóð þeirri, sem tilheyrir yfirréttarhúsinu, annan uppá 251 3/4 ferhyrningsáln. og hinn 201 1/4 ferhyrningsáln. að stærð; hafið þèr lagt til, að selja megi téða lóðarparta, sem eigi virðast vera svo áríðandi fyrir yfirréttarhúsið, fyrir kaupverð eptir mati óvilhallra manna, en sem þó eigi sè minna en 8 sk. fyrir hverja ferhyrningsalin, og skuli kaupendur gefa út skuldbindingar, sem verði þinglýstar, til þess þær framvegis hvíli á eignum þeirra, um, að þeir innan tiltekins hæfilegs frests seti upp af nýju haldgóðan skíðgarð eða rimagarð rètt fyrir innan takmörk þau, sem nú verða milli eignanna, svo garðurinn standi að öllu leyti á lóð þeirra; skuli garðurinn vera að minnsta kosti 2 álna hár, og eigi kaupendur að halda honum framvegis við í góðu standi; þar að auki skuli þeir taka að sèr, að greiða að tiltölu nokkuð af lóðargjaldi því, sem hvílir á eigninni, og megi þeir ekki byggja á lóðarpörtunum, svo skemmra verði til þeirra húsa, sem nú standa á lóð yfirréttarhússins, en 10 álnir, eins og fyrir er mælt í opnu brèfi 29. maí 1839, 3. gr. B.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið hefir ekki neitt ámóti því, að þessi sala fari fram með þeim skilyrðum, sem getið var.

---

25. oktbr. **84. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.**

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnar-

innar hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast 16. þ. m. að veita prestaskólakandídat Birni Þorlákssyni leyfi til að láta vígjast til prests, þegar hann sè orðinn 23 ára að aldri. 1873. 25. oktbr.

Um leið og þetta verður yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, mælist stjórnarráðið til, að þèr sjáið um, að meðfylgjandi leyfisbrèf verði fengið fyrnefndum Birni Þorlákssyni í hendur.

---

85. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um prestsvígslu skólalærisveins. 25. oktbr.

Útaf bænarskrá nokkurri, þar sem fyrrum lærisveinn við hinn lærða skóla í Reykjavík, Jón Bjarnason frá Straumfirði, sem hefir gengið undir fyrra hluta burtfararprófs við nefndan skóla, á ný hefir sókt um, að hann megi vígjast til prests, og sækja um eitthvert hinna lökustu brauða á Íslandi, þótt hann eigi hafi gengið undir eða treysti sèr til að ganga undir próf þau, sem að lögum eru skilyrði fyrir því, sem hann hefir sókt um, hafið þèr, herra landshöfðingi, um leið og þèr vísið til þess, sem þèr sem stiptamtmaður áður hafið látið í ljósi um líka bænarskrá frá hinum sama, í brèfi, dagsettu 27. dag ágústm. þ. á., lagt til, að leyfi það, sam sókt er um, verði útvegað, en samt með því skilyrði, að sækjandi gangi undir og standist próf í prestlegri guðfræði, sem biskupinn segir fyrir um og heldur, áður en honum verði leyft að vígjast til prests.

Útaf þess gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið, eins og þegar hefir verið sagt í brèfi 24. júní 1871[1], verður að álíta það mjög ísjárvert, að láta nokkurn fá embætti í andlegri stètt, sem ekki hefir fullnægt þeim

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 191.

1873. 25. oktbr. hægu skilyrðum, að svo má kalla, er útheimtast til mentunar og lærdóms íslenzkra presta. Eins og getið er í fyrnefndu brèfi má þetta að áliti stjórnarráðsins ekki eiga sèr stað, nema standi mjög sèrstaklega á; en það er hvorttveggja, að málavextir hèr eru ekki svo, og að það sèrílagi ekki getur verið bót í máli, að mörg af hinum lakari brauðum nú standa óveitt, sökum þess að engir eru til að sækja um þau, og að eigi verður tekið tillit til þeirra atriða, sem snerta þann sjálfan, sem í hlut á, svosem að hann sè efnalítill og þíumlíkt, enda verður að gá að því, að ef veitt væri undanþága frá hinum almennu skilyrðum fyrir því, að fá brauð á Íslandi, þá mundi það svo mjög rýra þýðingu prestaskólans.

Samkvæmt þessu verður stjórnarráðið framvegis að álíta það ísjárvert, að útvega sækjandanum leyfi það, sem nú var æskt.

---

25. oktbr. **86. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um skipti á kirkjueign og bændaeign.**

Eptir að hingað hafði borizt brèf yðar, herra landshöfðingi, 24. ágúst þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar, þóknazt 16. þ. m. allramildilegast að fallast á, að ítak nokkurt á hinum svonefndu Hólsfjöllum, sem nefnist Norðurmelur, og sem er eign Skinnastaða prestakalls í Þingeyjarsýslu í norður og austurumdæmi Íslands, megi fara í jarðaskipti fyrir 3 hundruð í jörðinni Leifstöðum í Axarfirði, sem Kristján hreppstjóri Jóhannsson á Hólsseli er eigandi að, og þau hús, sem fylgja tèðum jarðarparti, en samt skal tekið svo til orða í brèfi því, sem út mun verða gefið af hálfu prestakallsins um landaskipti þessi, að tèð presta-

kall, sem eigi hefir heimildar-skjöl til fyrnefnds ítaks, eigi taki að sèr ábyrgð nokkra, ef að því kemur að heimildin verði rengd. 1873. 25. oktbr.

Þetta gefum vèr yður, herra landshöfðingi til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það.

---

87. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um uppgjöf á brennivínsgjaldi. 30. oktbr.

Útaf bænarskrá nokkurri, þar sem skipstjóri *P. C. Herold* sækir um, að sèr verði goldnir aptur 12 rd. 40 sk., er hann sem skipstjóri á jagtinni *Haabet* frá *Rönne* hafi borgað í júní f. á. á Vopnafirði í norður- og austurumdæmi Íslands, sem gjald af 120 pottum af brennivíni, 20 pottum af rauðavíni og 6 heilum og 6 hálfum flöskum af víni, — en drykkjarföng þessi voru ætluð handa skipverjum sjálfum, en þess eigi getið á tollskránni —, hefir dómsmálastjórnin í dag veitt það, sem sókt var um, og gjört ráðstöfun til, að tèð upphæð verði borguð hlutaðeiganda af aðalfèhirzlunni hèr í borginni og talin með útgjöldum jarðabókarsjóðsins.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, hèrmeð til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það sýslumanni Böving og skýrið honum frá, að honum beri eigi innheimtulaun þau af fyrnefndum 12 rd. 40 sk., sem ákveðin eru í 10. gr. í tilsk. 26. febr. f. á.; því skal og við bætt og stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum, að telja þetta fè með tekjum aðalfèhirzlunnar í reikningum jarðabókarsjóðsins.

1873. 31. oktbr. **88. Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á árinu frá 1. janúarmánaðar til 31. desembermánaðar 1874,** staðfest af konungi 31. dag októbermánaðar 1873. (á Íslenzku og Dönsku).

Christian hinn Níundi, o. s. frv.

Vora sèrlegu hylli!

Vèr veitum þèr hèrmeð allramildilegast vald til, ásamt með konungsbrèfi þessu, að láta kunngjöra almenningi áætlun þá, sem hèrmeð fylgir, um tekjur og útgjöld Íslands á árinu frá 1. janúarmánaðar til 31. desembermánaðar 1874, sem gjörð er í dómsmálastjórn Vorri, og sem Vèr allramildilegast höfum staðfest.

Eptir þessu átt þú þèr þegnlega að hegða.

Felandi þig guði!

Ritað á höll Vorri Bernstorff, 31. dag októbermánaðar 1873.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

C. S. Klein.

Til

dómsmálaráðgjafa Vors.

Áætlun

um

tekjur og útgjöld Íslands á árinu 1874.

Fyrsti kapítuli.

Tekjur.

1. grein.

Á árinu 1874 er ætlazt til að tekjur Íslands sè 106,393 rd. 6 sk., en þetta fè fæst með því móti, sem skýrt er frá í 2. til 4. gr.

2. grein.

Þær tekjur, sem hèr skulu taldar, er ætlað að nemi 52,129 rd. 6 sk.:

			rd.	sk.	1873. 31. oktbr.
1.	erfðafjárskattur og gjald af fasteignasölum . .		1,570.		
2.	gjöld fyrir leyfisbrèf og veitingabrèf		400.		
3.	nafnbótaskattur		180.		
4.	tekjur af lènssýslum		2,660.		
5.	lögþingisskrifara laun		32.	6	
6.	tekjur af umboðssýslugjöldum		936.		
7.	konungstíundir		3,400.		
8.	lögmannstollur og fl.		476.		
9.	gjöld af verzlun á Íslandi. . . .	11,700 rd.			
	gjöld af póstgufuskipinu	994 —			
			12,694.		
10.	gjald á brennivíni, o. fl.	15,000 rd.			
	að frá dregnum innheimtulaunum, 2 af hundraði.	300 —			
			14,700.		
11.	tekjur af konungsjörðum.	17,060 —			
	að frá dregnum: umboðslaunum, prestmötu, alþingistolli o. fl.	4,660 —			
			12,400.		
12.	gjald uppí andvirði seldra jarða og fasteigna, og vextir af ógoldnu andvirði, sem hinar seldu eignir enn eru að veði fyrir:				
	a. vextir	175 rd.			
	b. borgun uppí andvirðið	60 —			
			235.		
13.	leigugjöld:				
	a. af Lundey	83 rd.			
	b. af brennisteinsnámunum í þingeyjarsýslu	585 —			
			668.		
14.	afgjald af jörðunum Belgsholti og Belgsholtskoti o. fl.		74.		
15.	tekjur, er snerta hjálparsjóðinn		1,204.		
16.	óvissar tekjur (hèr eru taldar með sektir sam-				
	yfir um . . .		51,629.	6	

1873.		rd.	sk.
31. oktbr.	handan að . . .	51,629.	6
	kvæmt hinum almennu hegningarlögum, 25. júní 1869)	500.	
	samtals . . .	52,129.	6

3. grein.

Gjöld uppí lán og skyldilán verða talin uppá 5,258 rd.:

		rd.	sk.
1. uppí alþingiskostnað		4,000.	
2. önnur endurgjöld:			
a. uppí skyndilán útaf fjárkláðanum á Íslandi	500 rd.		
b. uppí lán til þess að byggja upp aptur kirkju Möðruvalla klausturs	220 —		
c. uppí lán til þess að afstýra hallæri í suður- og vesturumdæmi Íslands . .	430 —		
d. uppí lán til þess að byggja kirkju á Eyri	108 —		
		1,258.	
	samtals . . .	5,258.	

4. grein.

Tillag úr ríkissjóðnum samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan. 1871, verður talið 49,006 rd.:

	rd.	sk.
hið fasta tillag	30,000.	
aukatillag	20,000.	
	50,000.	
samkvæmt 6. grein laganna verður dregið frá . . .	994.	
samtals . . .	49,006.	

Annar kapítuli.

1873. 31. oktbr.

Útgjöld.

5. grein.

Á árinu 1874 er ætlað á, að útgjöld Íslands verði alls 106,393 rd. 6 sk. samkvæmt þeim gjalda greinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 6.—10. gr.

6. grein.

Útgjöld, eru snerta dómsmálastjórnina, eru talin að nemi 40,111 rd 64 sk.

		rd.	sk.
A. 1. Laun embættismanna . . .	26,148 rd. 32 sk.		
2. viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm .1870 9. gr.	2,534 —		
		28,682.	32
B. Skrifstofufé o. s. frv.		5,000.	
C. Tillag til póststjórnarinnar á Íslandi		2,640.	
D. Önnur útgjöld:			
1. þóknun handa tveimur settum málafærslumönnum við landsyfirréttinn.	500 rd.		
2. þóknun handa fyrsta yfirdómara í landsyfirréttinum fyrir að leggja út dómsgjörðir . .	250 —		
3. styrkur í notum spítalans, sem var fyrrum á Gufunesi . . .	96 —		
4. styrkur til garðaræktar o. s. frv.	300 —		
5. — til útbýtingar á læknismeðölum handa fátæklingum	400 —		
6. styrkur handa hinu íslenzka bókmentafélagi, til þess að gefa út skýrslur um landshagi á Íslandi.	400 —		
yfir um . . .	1,946 rd.	36,322.	32

1873.			rd.	sk.
31. oktbr.	handan að . . .	1,946 rd.	36,322.	32
	7. styrkur til þess að gefa út lagasafn fyrir Ísland	933 — 32 sk.		
	8. til aðgjörðar á Vestmannaeyja kirkju	800 —		
	9. til viðhalds á yfirréttarstofunni, áhalda og fl.	110 —		
			3,789.	32
		samtals . . .	40,111	64.

7. grein.

Útgjöld, er snerta kirkju- og kennslustjórnina, eru talin 27,090 rd. 72 sk.:

			rd.	sk.
A. 1.	Laun embættismanna	13,700 rd.		
2.	viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marzm. 1870, 9. gr.	1,858 —		
			15,558.	
B. 1.	fyrir umsjón við hinn lærða skóla.	300 rd.		
2.	aðstoðarfé	800 —		
3.	viðbót eptir kornverði	160 —		
			1,260.	
C.	Önnur útgjöld:			
I.	Í þarfir andlegu stéttarinnar:			
1.	til fátækustu brauða. . . .	318 rd. 72 sk.		
2.	— nokkurra brauða í fyrveranda Hóla stipti . .	300 —		
3.	— prestsekkna og barna .	400 —		
4.	styrkur handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum	500 —		
5.	skrifstofufé handa biskupi	400 —		
			1,918.	72
		yfir um . . .	18,736.	72

		rd. sk.	1873. 31. oktbr.
handan að . . .		18,736. 72	
II. Í þarfir prestaskólans og hins lærða skóla:			
til prestaskólans:			
1. húsaleiga handa 18 lærisveinum við prestaskólann, 40 rd. handa hverjum	720 rd.		
2. til bókakaupa	150 —		
3. — tímakennslu	100 —		
4. — eldiviðar og ljósa og fl.	100 —		
5. ýmisleg útgjöld	100 —		
til hins lærða skóla:			
6. til bókakaupa	300 —		
7. — eldiviðar og ljósa	800 —		
8. — skólahússins utanstokks og innan	700 —		
9. — tímakennslu	530 —		
10. ölmusur	4,000 —		
11. fyrir að semja reikninga skólans .	100 —		
12. — skrifstörf og útreikninga . . .	100 —		
13. — prestsverk	24 —		
14. — þóknun handa lækni	30 —		
15. ýmisleg útgjöld	600 —		
		8,354.	
samtals . . .		27,090. 72	

8. grein.

Eptirlaun eru talin 11,000 rd.

9. grein.

Til ýmislegra óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, eru ætlaðir 4,000 rd.

10. grein.

Afganginn, sem fyrst um sinn er ætlaður að verði 24,190 rd. 62 sk., skal leggja til hjálparsjóðsins.

1873. 31. oktbr. Af honum verður veitt lán handa jafnaðarsjóðum amtanna, til þess að byggja þar fangelsi.

---

6. nóvbr. **89. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um að vatnsveitingamaður verði sendur til suðuramtsins.**[1]

Útaf bænarskrá nokkurri, sem hlutaðeigandi amtmaður hefir mælt fram með, og þar sem bústjórnarfèlag suðuramtsins hefir farið þess á leit, að hlutazt verði til um, að fèlagið geti á sumri komanda gefið þeim bændum, sem kunna að æskja þess, kost á, að fá leiðbeining og hjálp til vatnsveitinga, og að gjörðar verði í þessu skyni ráðstafanir til, að fá reyndan vatnsveitingamann frá Danmörku til þess að standa fyrir vatnsveitingum á engi og af í tèðu amti, þar sem fèlagið tiltekur, hafið þèr herra landshöfðingi, í brèfi 2. septbr. þ. á, lýst því yfir, að þèr værið fús til að verja 125—150 rd. af því fè, sem yður er fengið til umráða, til þess að styrkja fyrnefnt fyrirtæki, með því skilyrði, að hið konunglega danska landbústjórnarfèlag væri fáanlegt til að leggja jafnmikinn styrk til, og hafið þèr mælzt til, að dómsmálastjórnin vildi fara fram á þetta við nefnt fèlag.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir skrifazt á útaf þessu við hið konunglega landbústjórnarfèlag, hefir fèlagið látið í ljósi, að það væri fúst á, að leggja nokkuð fram til að efla vatnsveitingar á Íslandi á líkan hátt og áður, og veita allt að því 125 rd. fyrir það ár, sem í hönd fer, til þess að fá danskan vatnsveitingamann til þess að standa fyrir vatnsveitingum á engi og af í suðuramtinu og ferðast þar um eptir því, sem bústjórnarfèlag amtsins segir honum fyrir, en það verður að heimta af bændum þeim, sem vilja nota aðstoð vatnsveitingamannsins, að þeir láti

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II, 616.

honum í tè næga vinnukrapta, til þess að koma störfum þeim af á hæfilega stuttum tíma, sem hann tekst á hendur samkvæmt beiðni þeirra. Landbústjórnarfèlagið mun einnig fúst á, að skjóta til helmingnum af kostnaðinum við að útvega verkfæri þau, sem tèður vatnsveitingamaður þarf að hafa, með því skilyrði, að bústjórnarfèlag suðuramtsins leggi til jafnmikið, en verkfærin skulu þá vera eign tèðs fèlags. Landbústjórnarfèlagið hefir getið þess, að það mundi örðugleikum bundið, að fá til reyndan mann, sem væri hæfur til þessa starfs og væri fús til þess að takast það á hendur, en hefir lofað, að leitast fyrir, — en það er vitaskuld, að allt er undir því komið, hvort fèlagið veiti styrkinn, að þvílíkur maður fáist —, og skýra dómsmálastjórninni frá, hvort það hafi tekizt. 1873. 6 nóvbr.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það.

---

90. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um skatt í Þingeyjarsýslu. 6. nóvbr.

Eptir að hingað hefir borizt álitsskjal yðar, herra landshöfðingi, dagsett 31. ágústm., um skjal nokkurt, sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir sent hingað, og þar sem sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu Lárus Sveinbjörnsson, hefir borið upp þær fyrirspurnir:

1. hvort lög þau, sem nú gilda, heimti, að bóndi skuli eiga eitt heilt hundrað til tíundar fram yfir manntal, til þess hann verði settur í skatt, eða hvort $^1/_2$ hundrað eða jafnvel $^1/_3$ partur af hundraði nægi í þessu tilliti, og

2. ef heilt hundrað útheimtist, hvort þá samt skuli samkvæmt venju heimta skatt í tèðri sýslu af hverjum bónda, sem á $^1/_2$ hundrað til tíundar fram yfir manntal — gefum vèr yður til vitundar yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að

1873. 6. nóvbr. dómsmálastjórnin er yður og amtmanninum samdóma í því, að fyrirspurnum þessum skuli svarað á þá leið:

1. að enginn sè skyldur til að greiða skatt, nema hann eigi til tíundar 1 hundrað fyrir hvert skylduhjú sitt, og svo eitt (heilt) hundrað umfram, og

2. að álíta megi, að þessi regla gildi einnig í Þingeyjarsýslu.

---

7. nóvbr. **91. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á árinu 1874 og dómsmálasjóðinn.**

Með þessu brèfi sendum vèr yður herra landshöfðingi, nokkur exemplör af áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á árinu 1874, sem staðfest er með konungsúrskurði 31. f. m.; að því leyti, er snertir útborganir launa o. s. frv., sem tilfærð eru í meðfylgjandi exemplörum af athugasemdum þeim við tèða áætlun, sem prentaðar verða í stjórnartíðindunum dönsku, bendum vèr til þess, sem fyrir er sagt í brèfi dómsmálastjórnarinnar 20. febr. 1866, sbr. brèf hinnar íslenzku stjórnardeildar 15. apríl 1851, og 4. marz 1871.

Til samlags við þetta getum vèr þess, að hans hátign konunginum hefir þóknazt sama dag að fallast á, að dómsmálasjóðurinn ekki framvegis skuli vera sjóður útaf fyrir sig, en að tekjur hans skuli renna inn í landssjóð, og skal í því tilliti vísað til fyrnefndra athugasemda við 2. gr., 15., sbr. 8. og 6. gr., 2. og 9. Útaf þessu mælumst vèr því til, að þèr, herra landshöfðingi, afsalið landssjóðnum öll þau skuldabrèf, sem einstakir menn hafa gefið út til dómsmálasjóðsins, og enn eru eptir, og sendið hingað útlögð endurrit af öllum skuldabrèfum, sem dómsmálasjóðurinn hefir áður átt, og einstakir menn hafa gefið út, og enn fremur reikning með tilheyrandi skilríkjum um efnahag dómsmálasjóðsins við árslok 1873, en það, sem samkvæmt

reikningnum þá er í sjóði, skal borgað í jarðabókarsjóðinn og talið með tekjum hjálparsjóðsins (2. gr. 15.) 1873. 7. nóvbr.

Að því leyti, er snertir hina nýju útgjaldagrein í 6. gr. B., endurgjald til embættismanna útaf því, að aftekið er að flytja póstsendingar kauplaust, uppá 600 rd.[1], væntum vèr að fá skýrslu við lok ársins um, hve miklu fè sè varið í þessu tilliti, og sömuleiðis mælumst vèr til, að því leyti, er snertir þá 800 rd., sem samkvæmt 6. gr. D. 8 eru ætlaðir til aðgjörðar á Vestmannaeyja kirkju, að þèr sendið reikning, þegar að því kemur, um kostnaðinn og skoðunargjörð yfir kirkjuna.

Ef nokkuð verður borgað úr landssjóðnum á árinu 1874 samkvæmt 10. gr. í áætluninni til byggingar fangelsis á Vestmannaeyjum, mælumst vèr til, að þèr annist um, að borgaðir verði 4 af hundraði í vöxtu á ári af upphæðinni, sem er lán handa jafnaðarsjóði suðuramtsins, og $^1/_{15}$ á ári uppí innstæðuna í þau 15 ár, sem þá fara í hönd, og þegar búið er að koma upp fangelsinu, væntum vèr að fá reikning um kostnaðinn og skoðunargjörð yfir bygginguna.

Af brèfi yðar, dagsettu 1. maí þ. á., má sjá, að borgaðir hafi verið hingað til 62 rd. á ári úr dómsmálasjóðnum til launa handa lögregluþjóni í Reykjavík. Með því nú stjórnarráðinu er eigi kunnugt um, hver heimild hafi verið til þess að veita þetta fè, mælumst vèr til að fá nákvæmari skýrslu um þetta atriði og þarmeð álit yðar um, hvort greiða megi tèða upphæð úr landssjóðnum, eptir að búið er að steypa dómsmálasjóðnum saman við landssjóðinn, og skal að öðru leyti vísað til athugasemdanna við 6. gr. í niðurlaginu.

Að endingu getum vèr þess, að landfógetanum á Íslandi er skipað að borga út upphæðir þær, sem tilfærðar eru í áætluninni.

---

[1]) Þessi upphæð er talin með því, sem ætlað er til skrifstofufjár.

1873. 7. nóvbr. **92. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á árinu 1874 og um skólaskýrslur.**

Útaf uppástungu þeirri um fjárhag hins lærða skóla og prestaskólans á árinu 1874, sem barst hingað með brèfi yðar 26. ágúst þ. á., gefst yður til vitundar, eptir að áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á fyrnefndu ári er staðfest með konungsúrskurði 31. f. m., yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið hefir ekki fundið ástæðu til, að koma því til leiðar, að öðrum kennara við prestaskólann verði veitt 400 rd. launaviðbót, eins og stungið er uppá, eða setja umsjónarmann við tèðan skóla, með því veitt er fè til þess að hafa við umsjón með skólahúsinu, og varð heldur ekki tekin til greina bænarskrá frá umsjónarmanninum við hinn lærða skóla um launaviðbót.

Útaf uppástungu þeirri frá hinum setta skólameistara við hinn lærða skóla, sem þèr hafið mælt fram með, að skólaskýrslur að eins verði gefnar út á Íslenzku, í stað að þær áður hafa komið út á Íslenzku með útleggingu á Dönsku, skal því við bætt, að stjórnarráðið, eptir að það hefir leitað álits kennslustjórans við hina lærðu skóla, hefir ekki neitt á móti því, að skólaskýrslurnar eptirleiðis eingöngu verði prentaðar á Íslenzku.

---

8. nóvbr. **93. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um skil fyrir sýslugjöldum.**

Þótt svo sè fyrir mælt í reglugjörð, sem hefir inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi 13. febr. 1873, 3. gr., sbr. brèf innanríkisstjórnarinnar 13. janúar 1854[1] og brèf dómsmálastjórnar-

[1]) Lovsamling for Island, XV., 558.

innar 5. júlí 1861[1], að sèrhverri þeirri upphæð, sem borguð er í jarðabókarsjóðinn eða í aðalfèhirzluna, skuli fylgja brèf, og skuli í því telja upp og skýra frá, hverjar tekjugreinir í hlutaðeiganda reikningi sè ætlazt til að verði borgaðar með þeirri upphæð, sem send er, kemur það opt fyrir, að sýslumenn senda hingað ávísanir til þess að borga sýslutekjur, án þess að gæta þessarar ákvörðunar; stjórnarráðið mælist því til, að þèr, herra landshöfðingi, alvarlega brýnið fyrir sýslumönnum, að hlýða þessu boði, og gefa þeim til kynna, að sektir liggi við ef brotið sè gegn því. 1873. 8. nóvbr.

Til samlags við þetta mælumst vèr til, að öllum gjaldheimtumönnum verði lagt fyrir, að fylgja nákvæmlega reglunum í brèfum stjórnarráðsins 13. apríl 1864 og 5. maí 1866[2], sbr. fyrnefnda reglugjörð, 4. gr. 2. málsgrein, um það, hvernig þær ávísanir skuli lagaðar, sem sendar eru hingað til lukningar opinberra gjalda, og skal þeim tilkynnt, að stjórnarráðið eptirleiðis taki ekki ámóti ávísunum, sem eigi sè komið fyrir samkvæmt fyrnefndum ákvörðunum.

---

94. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um hald á skipi. 19. desbr.

Með brèfi, dagsettu 16. oktbrm. þ. á. hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað álit frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu og sýslumanninum í Húnavatnssýslu um kæruskjal nokkurt, þar sem skipstjórnarmaður *S. J. Nielsen* frá Kaupmannahöfn hefir skýrt svo frá, að haustið 1872 hafi þræta orðið milli sín og formanns Helga Helgasonar, og hafi hann hrundið honum, svo hann fèll; ber hann sig nú upp undan því, að Arni hreppstjóri Jónsson á Þverá hafi útaf þessu bannað sèr,

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, I., 492.
[2]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 31 og 337.

1873. 19. desbr. að sigla burt — en hann hafði skip sitt ferðbúið á höfninni við Hólanes —, nema hann borgaði sekt fyrir ofbeldi það, er hann hefði haft í frammi við Helga Helgason. En sýslumaður hefir nú látið þá skoðun í ljósi, að þarsem téður skipstjórnarmaður *S. J. Nielsen* við fyrnefnt tækifæri hafði gjört sig sekan í lögreglubroti, er hann var dæmdur í 2 rd. sekt fyrir við lögreglurètt Húnavatnssýslu 4. nóvbr. f. á., fari það fjarri því, að hreppstjóranum hafi yfirsèzt í nokkru, þá er hann bannaði skipstjóra að sigla burt, nema hann annað tveggja þegar í stað lèti koma bætur fyrir, eða fengi svaramann til tryggingar því, að sekt sú, er hann yrði dæmdur í, yrði goldin, heldur hafi hann sýnt af sèr varúð þá og rögg, sem í þessu tilliti samkvæmt lögum er fyrirskipuð í kansellíbrèfi 22. marz. 1845[1]. Samkvæmt þessu hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu, og þèr, herra landshöfðingi, álitið, að kæran væri ástæðulaus.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að með því byggja verður á því, að málið milli skipstjóra *Nielsens* og Helga Helgasonar sè svo sem einka mál, þarsem *Nielsen* var dæmdur í sekt samkvæmt 202. gr. í hegningarlögunum, þá verður eigi álitið, að lög leyfi, og þá sèrílagi ekki kansellíbrèf 22. marz 1845, að leggja bann á að skipið sigldi burt, en téður hreppstjóri hefði, hvernig sem ástatt hefði verið, ekki haft heimild til þess, ef hann ekki hefir haft umboð, samkvæmt opnu brèfi 28. desbr. 1836, til þess að rita á skipaskjölin, en frá því er eigi skýrt í þessu máli.

---

29. desbr. **95. Auglýsing fyrir Ísland um mótið á tíu- og tuttugukrónapeningum þeim, sem slegnir verða úr gulli samkvæmt peningalögunum 23. maí þ. á., og um að peningar þessir verði hafðir sem gjaldgengir peningar.** (á Íslenzku og Dönsku).

Með allrahæstum úrskurði 21. júlí þ. á. hefir hans hátign

[1]) Lovsamling for Island XIII, 215.

konunginum þóknazt allramildilegast að ákveða, að tíu- og tuttugu-krónapeningar samkvæmt peningalögunum 23. maí þ. á. skuli slegnir með móti því, sem hèr segir: á aðhverfuna skal setja brjóstmynd hans hátignar konungsins, og umhverfis með letri: »Christian IX, Konge af Danmark«, og neðan undir myndina sem peningamerki hjarta, ár það, er peningurinn er mótaður, og upphafsstafina á nafni peningasmiðju-forstjórans, en á fráhverfuna konu mynd, er situr milli höfrungs, er táknar sjófarir, og kornbinda, er tákna akuryrkju, og styður hún vinstri handlegg og hönd við ríkismerkið danska, en í hægri hendi heldur hún veldissprotanum, og fyrir ofan skal standa »10 Kroner« eða »20 Kroner«, og hefir hans hátign sömuleiðis samkvæmt 16. gr. í peningalögunum þóknazt 12. þ. m. allramildilegast að ákvarða, að hafa megi fyrnefnda gullpeninga sem gjaldgenga peninga frá 1. janúar 1874. 1873. 29. desbr.

Þetta skal hèrmeð gefið almenningi til vitundar.

Í fjárhagsstjórninni, 29. dag desemberm. 1873.

Fr. Krieger.

F. Westergaard,
Ass.

96. Ferða-áætlun póstgufuskipsins 1874.

Frá Kaupmannahöfn til Íslands.						Frá Íslandi til Kaupmannahafnar.					
Burtfarartími frá Kaupmannahöfn.	póstgufuskipið á í fyrsta lagi að leggja frá				Venjulegur komudagur til Reykjavíkur.	Burtfarartími frá Reykjavík.	póstgufuskipið á í fyrsta lagi að leggja frá				Venjulegur komudagur til Kaupmannahafnar.
	Leirvík.	Leith. (Granton).	Færeyjum. (Þórshöfn).	Djúpavogi (Berufirði).			Djúpavogi (Berufirði).	Færeyjum. (Þórshöfn).	Leith. (Granton).	Leirvík.	
1. marz. kl. 9. f. m.	4. marz. e. m.	. . . .	6. marz. f. m.	. . . .	15. marz.	24. marz. kl. 6. f. m.	. . . .	27. marz. f. m.	. . . .	29. marz. f. m.	7. apríl.
17. apríl. kl. 9. f. m.	20. apríl. e. m.	. . . .	22. apríl. f. m.	. . . .	1. maí.	7. maí. kl. 6. f. m.	. . . .	10. maí. f. m.	. . . .	12. maí. f. m.	21. maí.
28. maí. kl. 9. f. m.	. . . .	31. maí. e. m.	3. júní. f. m.	4. júní. e. m.	9. júní.	17. júní. kl. 6. f. m.	18. júní. e. m.	20. júní. f. m.	23. júní. f. m.	. . . .	29. júní.
7. júlí. kl. 9. f. m.	. . . .	10. júlí. e. m.	13. júlí. f. m.	14. júlí. e. m.	19. júlí.	27. júlí. kl. 6. f. m.	28. júlí. e. m.	30. júlí. f. m.	2. águst. f. m.	. . . .	8. ágúst.
16. ágúst. kl. 9. f. m.	. . . .	19. ágúst. e. m.	22. ágúst. f. m.	24. ágúst. f. m.	28. ágúst.	5. septbr. kl. 6. f. m.	6. septbr. e. m.	8. septbr. e. m.	11. septbr. f. m.	. . . .	17. septbr.
27. septbr. kl. 9. f. m	1. oktbr. e. m.	. . . .	2. oktbr. e. m.	. . . .	11. oktbr.	18. oktbr. kl. 8. f. m.	. . . .	21. oktbr. f. m.	. . . .	23. oktbr. f. m.	31. oktbr.
8. nóvbr. kl. 9. f. m.	12. nóvbr. e. m.	. . . .	13. nóvbr. e. m.	. . . .	22. nóvbr.	29. nóvbr. kl. 8. f. m.	. . . .	2. desbr. f. m.	5. desbr. f. m.	. . . .	13. desbr.

Embætta veitingar, nafnbætur o. s. frv. árið 1873.

Guðmundur Brynjólfsson, fyrrum hreppstjóri og sáttasemjari, á Mýrum í Ísafjarðarsýslu, sæmdur heiðursmerki dannebrogsmanna. 29. jan.

Sjálfseignarbóndi Kristján Guðbrandsson á Gunnarstöðum í Dalasýslu, sæmdur heiðurspeningnum „ærulaun iðni og hygginda". s. d.

Staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna handa síra Jóni Austmann fyrir Saurbæjar, Hóla og Miklagarðs prestakalli í Eyjafjarðarsýslu. 15. maí.

Staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna handa síra Jörgen Kröyer fyrir Möðruvalla klaustri í Eyjafjarðarsýslu. s. d.

Staðfest veitingarbrèf stiptsyfirvaldanna handa síra Sigfúsi Jónssyni fyrir Undirfelli í Húnavatnssýslu. s. d.

Sören Hilmar Steindór Finsen, landshöfðingi yfir Íslandi, skipaður konungsfulltrúi á alþingi 1873. 17. maí.

Arnarbæli í Árnessýslu veitt síra Páli Mathiesen. 21. maí.

Hreppstjóri Jón Jónsson á Loptstöðum í Árnessýslu sæmdur heiðurspeningnum fyrir björgun manna úr lífsháska. 7. júní.

Stokkseyri og Kaldaðarnes í Árnessýslu veitt síra Gísla Thorarensen. 17. septbr.

1874.

1874. 5. janúar. **1. Stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni Íslands.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að frumvörp til fyrirkomulags á stjórnarmálefnum Íslands fleirum sinnum höfðu verið lögð fyrir hið íslenzka alþingi án þess, að þingið hafði viljað aðhyllast þau, hefir alþingi, sem haldið var á árinu, sem leið, sumpart í þegnlegri bænarskrá, sumpart í þegnlegu ávarpi, er laut að hinu sama, látið í ljósi þá ósk, að Vèr vildum gefa Íslandi stjórnarbót að því leyti, er snertir hin sèrstaklegu málefni þess, sèr í lagi á þá leið, að hún gæti öðlazt gildi á þessu ári, sem minnisvert er fyrir Ísland.

Með því Vèr höfum fundið ástæðu til, að verða við beiðni þeirri, sem þannig er fram komin frá Voru kæra og trúa alþingi, höfum Vèr allramildilegast ályktað með því að leggja til grundvallar frumvörp þau til stjórnarskipunarlaga, sem áður hafa verið lögð fyrir alþingi, og einkanlega taka tillit til atriða þeirra, er tekin voru fram í fyr nefndri bænarskrá þingsins, að gefa eptirfylgjandi

Stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni Íslands.

I.

1. grein.

Í öllum þeim málefnum, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 3. gr. varða Ísland sèrstaklega, hefir landið löggjöf sína og stjórn útaf fyrir

sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi, og dómsvaldið hjá dómendunum. 1874. 5. janúar.

Samkvæmt 2. gr. í tèðum lögum tekur Ísland aptur á móti engan þátt í löggjafarvaldinu að því leyti, er snertir hin almennu málefni ríkisins, á meðan það ekki hefir fulltrúa á ríkisþinginu, en á hinn bóginn verður þess heldur ekki krafizt á meðan, að Ísland leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins.

2. grein.

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum hinum sèrstaklegu málefnum Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur ráðgjafann fyrir Ísland framkvæma það.

Hið æðsta vald á Íslandi innan lands skal á ábyrgð ráðgjafans fengið í hendur landshöfðingja, sem konungur skipar, og hefir aðsetur sitt á Íslandi. Konungur ákvarðar verksvið landshöfðingja.

3. grein.

Ráðgjafinn hefir ábyrgð á því, að stjórnarskránni sè fylgt. Alþingi kemur fyrir sitt leyti ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum eptir þeim reglum, sem nákvæmar verður skipað fyrir um með lögum.

Finni alþingi ástæðu til að bera sig upp undan því, hvernig landshöfðingi beitir valdi því, sem honum er á hendur falið, ákvarðar konungur, er alþingi fer þess á leit, í hverju einstöku tilfelli, hvort og hvernig ábyrgð skuli komið fram á hendur honum.

4. grein.

Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði. Engan má skipa embættismann á Íslandi, nema hann hafi hin almennu rèttindi innborinna manna og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í hinum gild-

1874. 5. janúar.

andi ákvörðunum um kunnáttu í máli landsins. Sérhver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það. Eptirlaun embættismanna skulu ákveðin samkvæmt eptirlaunalögunum.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einkis í af embættistekjum, og að þeim sè gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vili heldur embættaskiptin eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða.

Með lagaboði má undan skilja ýmsa embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 44. grein.

5. grein.

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis konungs má þingið eigi eiga setu lengur en 6 vikur. Breyta má þessu með lögum.

6. grein.

Konungur getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

7. grein.

Konungur getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykkist það, og ekki nema einu sinni á ári.

8. grein.

Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður tveir mánuðir sè liðnir frá því það var leyst upp, og alþingi stefnt saman næsta ár eptir að það var leyst upp.

9. grein.

Konungur getur látið leggja fyrir alþingi uppástungur til laga og ályktana.

10. grein. 1874.

Samþykkis konungs þarf til þess, að nokkur ályktun alþingis 5. janúar.
geti fengið lagagildi. Konungur annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefir fallizt á, á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður.

11. grein.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabirgðalög milli alþinga; eigi mega slík lög samt koma í bága við stjórnarskrána, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eptir.

12. grein.

Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum.

13. grein.

Konungur veitir sumpart beinlínis sumpart með því, að fela það hlutaðeigandi stjórnarvöldum á hendur, leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa eptir reglum þeim, sem farið hefir verið eptir hingað til.

II.

14. grein.

Á alþingi eiga sæti 30 þjóðkjörnir alþingismenn og 6 alþingismenn, sem konungur kveður til þingsetu. Tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna má breyta með lögum. Bæði kosningar hinna þjóðkjörnu alþingismanna og umboð þeirra, sem kvaddir eru til þingsetu af konungi, gilda venjulega fyrir 6 ára tímabil, og umboð þeirra, sem konungur kveður til, eins fyrir það, þótt þingið kynni að verða leyst upp. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru eða kvaddir til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal samt að eins kjósa eða kveðja til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

1874.
5. janúar.

15. grein.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri deildinni sitja 12 þingmenn, í neðri deildinni 24. Þó má breyta tölum þessum með lögum.

16. grein.

Hinir konungkjörnu alþingismenn eiga allir sæti í efri þingdeildinni. Hina þingmennina í efri deildinni kýs alþingi í heild sinni með óbundnum kosningum úr flokki hinna þjóðkjörnu alþingismanna fyrir allan kjörtímann, í fyrsta sinn, er það kemur saman eptir að nýjar kosningar hafa farið fram. Verði, meðan á kjörtímanum stendur, nokkurt sæti laust í efri þingdeildinni, sem þjóðkjörnir alþingismenn sitja í, þá ganga báðar þingdeildirnar, þegar búið er að kjósa nýjan alþingismann, saman til þess að velja mann í hið lausa sæti meðal þjóðkjörnu þingmannanna fyrir þann kjörtíma, sem eptir er.

17. grein.

Kosningarrètt til alþingis hafa:

a) allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stètta; þó skulu þeir, sem með sèrstaklegri ákvörðun kynni að vera undanskildir einhverju þegnskyldugjaldi, ekki fyrir það missa kosningarrètt sinn;
b) kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 8 krónur (4 rd.) á ári;
c) þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 12 krónur (6 rd.) á ári;
d) embættismenn, hvort heldur þeir hafa konunglegt veitingarbrèf eða þeir eru skipaðir af því yfirvaldi, sem konungur hefir veitt heimild til þessa;
e) þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sè þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrètt, nema hann sè orðinn fullra 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram, hafi

óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sè fjár síns ráðandi og honum sè ekki lagt af sveit eða, hafi hann þáð sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum hafi verið gefinn hann upp. 1874. 5. janúar.

18. grein.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefir kosningarrètt samkvæmt því, sem nú var sagt, ef að hann

1) ekki er þegn annars ríkis eða að öðru leyti er í þjónustu þess;
2) hefir að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi; og
3) sè orðinn fullra 30 ára að aldri þegar kosningin fer fram.

Kjósa má samt þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir verið þar skemur en eitt ár.

Hinar nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

III.

19. grein.

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

20. grein.

Samkomustaður alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. Þegar sèrstaklega er á statt, getur konungur skipað fyrir um, að alþingi skuli koma saman á öðrum stað á Íslandi.

21. grein.

Hvor alþingisdeildin um sig á rètt á að stinga uppá lagaboðum og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávörp.

1874.
5. janúar.

22. grein.

Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett nefndir af þingmönnum til þess, meðan þingið stendur yfir, að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rètt á að heimta skýrslur, munnlegar og brèflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

23. grein.

Engan skatt má á leggja, nè breyta, nè af taka nema með lagaboði; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi Ísland, nè selja eða með öðru móti láta af hendi neina af jarðareignum landsins, nema slíkt sè með lagaboði ákveðið.

24. grein.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sè til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

25. grein.

Fyrir hvert reglulegt alþingi, undireins og það er saman komið, skal leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Ísland fyrir tveggja ára fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið, sem samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, 5. gr., sbr. 6. gr., er greidt úr hinum almenna ríkissjóði til hinna sèrstaklegu gjalda Íslands, þó þannig að greiða skuli fyrir fram af tillagi þessu útgjöldin til hinnar æðstu innlendu stjórnar Íslands, og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi, eins og þau verða ákveðin af konunginum.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildum ákvörðunum, skulu, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, bæði í frumvarpinu til fjárlaganna og í þeim sjálfum færð til með þeim upphæðum, sem einusinni eru ákveðnar, nema krafizt sè sèrstaklega viðbótar fyrir hið einstaka fjárhagstímabil eða hún veitt.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

26. grein. 1874.

Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sè þar allar taldar og að ekkert hafi verið út goldið án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum ársreikningum fyrir hvert tveggja ára fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði. 5. janúar.

27. grein.

Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar fyr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeildinni um sig.

28. grein.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarihvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til fyrri þingdeildarinnar. Verði hèr aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið að nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, að tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deildinni um sig sè á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku máls-atriði, en til þess að lagafrumvarp, að undan skildum frumvörpum til fjárlaga og fjáraukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sè með frumvarpinu.

29. grein.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sè löglega kosnir.

1874.
5. janúar.

30. grein.

Sérhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undir eins og búið er að viðurkenna, að kosning hans sè gild.

31. grein.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir landssjóðinn að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin álítur nægja.

32. grein.

Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nè heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sè staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir talað á þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi.

33. grein.

Komist sá, sem löglega er kosinn, í einhverjar þær kringumstæður, sem svipta kjörgengi, missir hann rètt þann, sem kosningunni fylgir.

34. grein.

Landshöfðingjanum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og á hann rètt á að taka þátt í umræðunum eins opt og hann vill, en gæta verður hann þingskapa.

Stjórnin getur einnig veitt öðrum manni umboð til að vera á þingi við hlið landshöfðingja og að láta því í tè skýrslur þær, sem virðast nauðsynlegar. Í forföllum landshöfðingja má veita öðrum umboð til þess að semja við þingið.

Atkvæðisrètt hefir landshöfðinginn eða sá, sem kemur í hans stað, því að eins, að þeir sè jafnframt alþingismenn. 1874. 5. janúar.

35. grein.

Hvor þingdeildin um sig og eins hið sameinaða alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

36. grein.

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sè á fundi og greiði þar atkvæði.

37. grein.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp í þeirri þingdeildinni, sem hann á sæti í, sèrhvert opinbert málefni, ef hún leyfir það, og beiðast þar um skýrslu.

38. grein.

Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sèr til flutnings.

39. grein.

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landshöfðingjans eða ráðgjafans.

40. grein.

Fundir beggja þingdeildanna og hins sameinaða alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði. Þó getur hlutaðeigandi forseti eða svo margir þingmenn, sem tiltekið er í þingsköpunum, krafizt að öllum utanþingsmönnum sè vísað burt, og skal þá þing það, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða á heimulegum fundi.

41. grein.

Þingsköpin handa hinu sameinaða alþingi og báðum deildum þess skulu sett með lagaboði.

1874.
5. janúar.

IV.

42. grein.

Skipun dómsvaldsins verður ei ákveðin nema með lagaboði.

43. grein.

Dómendur eiga rètt á að skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sèr hjá að hlýða yfirvaldsboðinu í bráð með því að skjóta málinu til dóms.

44. grein.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðs-störf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

45. grein.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda.

46. grein.

Landsmenn eiga rètt á að stofna fèlög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins, þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og alls herjar reglu.

47. grein.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rèttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nè heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fèlagsskyldu.

VI. 1874.

48. grein. 5. janúar.

Sèrhver sá, sem tekinn er fastur, skal leiddur fyrir dómara svo fljótt sem auðið er. Megi þá eigi jafnskjótt láta hann lausan aptur, ber dómaranum svo fljótt sem verður, og í seinasta lagi áður en 3 dagar sè liðnir frá því, að sá, sem tekinn er fastur, var leiddur fyrir dómara, að leggja á úrskurð, er byggður sè á tilgreindum ástæðum, um hvort hann skuli settur í varðhald, og megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði þeim, sem dómarinn kveður upp, má sá, sem í hlut á, þegar skjóta sèr í lagi til æðra dóms.

Engan mann má setja í gæzluvarðhald fyrir yfirsjón, er að eins varðar fèsekt eða einföldu fangelsi.

49. grein.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit, nè kyrrsetja brèf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eptir dómsúrskurði, ef lögin ekki gjöra sèrlega undantekning.

50. grein.

Eignarrètturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefi; þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir.

51. grein.

Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrètti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal af taka með lagaboði.

52. grein.

Sá, sem ekki getur sèð fyrir sèr og sínum, og sè hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rètt á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera skyldum þeim, er lögin áskilja.

1874.
5. janúar.

53. grein.

Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eður sè börnin munaðarlaus og öreigar, er það skylda hins opinbera að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

54. grein.

Hver maður á rètt á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei innleiða.

55. grein.

Rètt eiga menn á að stofna fèlög í sèrhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert fèlag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fèlög um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn fèlaginu, til þess það verði leyst upp.

56. grein.

Rètt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

57. grein.

Sèrhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lagaboði.

58. grein.

Rètti sveitarfèlaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skal skipað með lagaboði.

59. grein.

Skattgjaldamálum skal koma fyrir með lagaboði.

60. grein. 1874.

Öll sèrstakleg rèttindi, er lögin hafa bundið við aðal, nafnbætur og tign, skulu vera af tekin. 5. janúar.

VII.

61. grein.

Uppástungur, hvort heldur er til breytinga eður viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái uppástungan um breytingu á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal leysa alþingi upp þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi ályktunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá hefir hún gildi sem stjórnarlög.

62. grein.

Stjórnarskrá þessi öðlast gildi 1. dag ágústm. 1874, jafnhliða hinum nákvæmari reglum til bráðabirgða, sem leiðir af þeim ákvörðunum um stundarsakir, sem hèr koma á eptir.

Ákvarðanir um stundarsakir.

1.

Þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skulu kosningarlögin 6. janúar 1857, smbr. tilskipun 8. marz 1843, framvegis gilda um kosningarnar til alþingis að öðru leyti en því, sem leiðir af 14., 17. og 18. grein í lögum þessum.

Þeirri tölu hinna þjóðkjörnu alþingismanna, sem ákvörðuð er í hinni fyrstu greininni, skal, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lögum, skipt þannig niður, að þær sýslur, er nú skal greina: 1) Gullbringu og Kjósar, 2) Árnes, 3) Rangárvalla, 4) Skaptafells, 5) Ísafjarðar ásamt Ísafjarðar kaupstað, 6) Húnavatns, 7) Skagafjarðar, 8) Eyjafjarðar ásamt Akureyrar kaupstað, 9) Þingeyjar, 10) Norðurmúla og 11) Suðurmúla sýslur kjósa 2

1874. 5. janúar. alþingismenn hver, en hinar aðrar sýslur í Íslandi og Reykjavíkur kaupstaður kjósa 1 alþingismann hver.

2.

Þangað til lög þau, sem getið er í 3. grein, koma út, skal hæsti rèttur ríkisins dæma mál þau, er alþingi höfðar á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland fyrir afbrigði gegn stjórnarskránni eptir þeim málsfærslu-reglum, sem gilda við tèðan rètt.

3.

Þangað til að þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja deilda þess verða ákveðin með lagaboði, áskilur konungur sèr að ákveða þingsköpin til bráðabirgða.

4.

Konungur gjörir ráðstafanir þær, sem með þarf, til þess að stjórnarskránni verði komið fullkomlega í verk einhvern tíma á árinu 1875. Áætlun um tekjur og gjöld Íslands á árinu 1875 staðfestir konungur samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hefir fylgt verið.

---

5. janúar. **2. Tilskipun um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefir.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefir, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Landshöfðinginn yfir Íslandi getur ákveðið hegningu fyrir minni háttar yfirsjónir, sem fangar þeir, er dæmdir eru í hegn-

ingarhúsið í Reykjavík, verða sekir í, ef hann álítur, að þær verði afplánaðar með einhverri af refsingum þeim, sem hèr skulu taldar: 1874. 5. janúar.

a. harðari hegningarvinnu um allt að 8 vikna tíma;

b. líkamlegri refsingu, allt að 27 höggum með hnúta-kaðli, kaðal-enda, eða reyrpriki, þá er karlmenn eiga í hlut, sem eru eldri en 18 ára; allt að 18 höggum með reyrpriki, sè þeir frá 15 til 18 ára að aldri, en ef börn eiga í hlut, sem ekki eru eldri en 15 vetra, með allt að 18 vandar höggum;

c. hegningu við vatn og brauð, allt að þrisvar sinnum 5 dögum, sem skal út tekin í kompu sèr, en þess skal samt gætt, sem fyrir er mælt í hinum almennu hegningarlögum fyrir Ísland 25. júní 1869, 23. grein;

d. fangelsi sèr í kompu, allt að 6 mánuðum, eptir því, sem atvik eru til, annaðhvort án þess að þeim seka leyfist, að hafa það, sem hann hefir unnið sèr inn með aukavinnu, til þess að fá sèr aðra eða meiri fæðu, en ákveðin er, eða án þess hann sè látinn vinna, en samt má ekki beita síðarnefndri hegning lengur í senn en í mesta lagi 4 vikur, og skal líða ámilli minnst 1 vika.

2. grein.

Líkamlegri refsingu má eigi beita, fyr en búið er að leita álits læknisins um, hvort fanginn geti þolað hana, og skal hún ávallt framkvæmd í viðurvist bæjarfógetans í Reykjavík, en ekki í augsýn hinum föngunum, nema landshöfðingi hafi beinlínis ákveðið það.

Sèrhver sá fangi, sem út tekur slíka refsingu, skal þegar á eptir settur í kompu einn sèr til næsta dags. Það er að öðru leyti vitaskuld, að líkamlegum refsingum verði venjulega ekki beitt, nema það hafi sýnt sig, að vægari aðferð, t. a. m. ofanígjöf eða fangelsi í kompu sèr um tíma, hafi verið árangurslaus.

3. grein.

Álíti landshöfðinginn, að afbrotið sè svo saknæmt, að það

1874. 5. janúar.

eigi verði afplánað með nokkurri af þeim refsingum, sem nefndar eru í 1. gr., skal málið ganga til dóms og laga eptir þeim reglum, sem um sakamál gilda, og skal þeim einnig fylgt, ef dómum, sem falla í þessum málum, verður skotið til æðra rèttar.

4. grein.

Bæjarfógetinn í Reykjavík hefir vald til, samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í 2. gr., að hegna föngunum fyrir yfirsjónir, er lúta að óreglu, með allt að 9 höggum með reyrpriki eða vendi, eða með fangelsi í kompu sèr allt að 2 sólarhringum; samt má eigi beita hýðingu með reyrpriki við kvennmenn, sem eru í fangelsi.

5 grein.

Sèrhverja hegning, sem samkvæmt þessari tilskipun er beitt við einhvern fanga, skal færa inn í hegningarbók, sem landshöfðingi löggildir, og skal þar jafnframt skýrt frá afbrotinu.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu[1].

Áður en farið yrði að nota hegningarhús það, sem byggt er á Íslandi, þurfti meðal annars að gjöra ákvörðun um hegningarvald það, sem veita skal stjórn hegningarhússins; dómsmálastjórnin lèt því semja frumvarp til tilskipunar um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefir, og var síðan frumvarp þetta, sem að mestu leyti var sniðið eptir lögum þeim, sem í þessu tilliti gilda fyrir Danmörk, 3. desember 1850, lagt fyrir alþingi 1873. Þingið ræddi síðan frumvarpið á lögskipaðan hátt og lèt uppi álit sitt um það eins og hèr skal sagt.

Þingið komst á þá niðurstöðu, að frumvarpið í öllum aðalatriðum sínum væri næsta óaðgengilegt og óhaganlegt fyrir Ísland, og rèði frá, að það yrði látið ná lagagildi, án þess þó að gjöra ákveðnar uppástungur um breytingar á því, þar sem þingið eigi þóttist geta gjört sèr von um, að tillit mundi verða tekið til

[1]) Tíðindi frá alþingi, 1873, I., 17, 238, 253—259; II., 74—77, 180—181, 184—185 og 253—255.

verulegra breytinga frá sinni hálfu. Samt sem áður tók þingið fram í álitsskjali sínu helztu annmarkana, sem þóttu vera á frumvarpinu, og skal hèr með fám orðum skýrt frá þeim. 1874. 5. janúar.

Þingið áleit í fyrsta máta, að orðin, »minniháttar yfirsjónir« í 1. gr., sem, samkvæmt athugasemdunum við frumvarpið, yfirgrípa ekki að eins óhlýðni við yfirboðara, heldur einnig önnur brot gegn góðri röð og reglu í hegningarhúsinu, t. a. m. ofbeldi, svik, stuld á verkefni og áhöldum, sem hegning einnig liggur við eptir hinum almennu hegningarlögum handa Íslandi 25. júní 1869, væri of óákveðin, og væri því svo sljólega tekið fram sambandið milli frumvarpsins og hinna almennu hegningarlaga, að frumvarpið í reyndinni yrði að leiða til gjörræðis. Í annan stað virtist þinginu hegning sú, sem ákveðin er í frumvarpinu, hærri, en nauðsynlega leiddi af grundvallarreglum hinna almennu hegningarlaga, með því frumvarpið gæti ekki álitizt að hafa fyrir augum eiginleg svik og þjófnað, nema á mjög lágu stigi. Í þriðja lagi fannst þinginu, að hegningaraðferðin með hnútakaðli og kaðalenda, væri með öllu ótiltækileg, og mundi mjög særa tilfinningu manna á Íslandi, og í fjórða lagi, að það væri mjög óráðlegt, að leggja jafnumfangsmikið og jafnóákveðið hegningarvald, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir, í hendur landshöfðingja, og láta hina brotlegu þannig á svo háu stigi fara á mis við rèttlætistrygging þá, sem rannsókn og úrskurður dómstólanna gæfi.

Í álitsskjali sínu hefir konungsfulltrúi mótmælt þessum athugasemdum alþingis, og tekið fram, að hvorki væri hætt við því, að orðin »minniháttar yfirsjónir« yrði misskilin, nè við því, að frumvarpið í reyndinni mundi leiða til gjörræðis. Að því leyti, er snerti hegningaraðferðina, gat hann þess, að nú um svo langan tíma hefði verið beitt vandarhagga hýðingu á Íslandi, og það bæði við karlmenn og kvennmenn. Þar sem þingið hafði tekið fram, að það væri óráðlegt, að fá landshöfðingja í hendur svo umfangsmikið hegningarvald, sem frumvarpið gjörði ráð fyrir, tók konungsfulltrúi fram, að það þætti óhætt annarstaðar, að veita hegningarhúsforstjórum það vald, sem hèr væri að ræða um.

Með því nú er búið að byggja hegningarhúsið í Reykjavík, og ætla má á, að fara megi að nota það í síðasta lagi fyrst á

1874. 5. janúar. árinu 1875, — en nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að hegningarhúsið verði notað, er það, að tilskipun um hegningarvald fyrir stjórn hegningarhússins komist í gildi áður —, varð dómsmálastjórnin að leggja það til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það nú þegar yrði óbreytt gjört að lögum, svo lagaboðið gæti komizt heim til Íslands með fyrstu póstskipsferð 1874 og yrði birt á manntalsþingum.

---

5. janúar. **3. Tilskipun um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

Landshöfðinginn yfir Íslandi skal hafa vald til fyrir nákvæmar ákveðið tímabil og með þeim skilyrðum viðvíkjandi reikningsskilum o. fl., sem þörf kann á að þykja, að veita sparisjóðum, sem eru eða kunna að verða stofnaðir þar, og sem svo er komið fyrir, að álíta megi, að næg trygging sè fyrir því, að þeir sè fullveðja, hlunnindi þau, sem hèr skulu talin, annaðhvort öll eða nokkur af þeim:

1) að stjórn sjóðsins geti, ef viðskiptabók, sem látin er af hendi fyrir fè, sem sett er í sjóðinn, glatast, með auglýsingu, sem prentuð sè þrisvar sinnum samfleytt í þeim tíðindum, sem birta skal í opinberar auglýsingar á Íslandi, innkallað með 6 mánaða fresti hvern þann, sem í höndum kann að hafa viðskiptabókina, og ef enginn hefir sagt til sín, áður tèður frestur er liðinn, borgað þeim hlutareiganda, sem viðskiptabókina hefir fengið, upphæðina, án þess að nokkur annar, sem viðskiptabókin kann að vera afsöluð, þar fyrir geti búið kröfu á hendur tèðum sjóð;

2) að láta megi um stundar sakir fé ómyndugra og opinberra stofnana í sparisjóðinn, til þess það verði ávaxtað þar, þangað til því verður komið á leigu gegn veði í fasteignum eða á annan lögmætan hátt, og 1874. 5. janúar.

3) að sparisjóðurinn geti áskilið sèr hærri leigu en 4 af hundraði fyrir lán gegn veði í fasteignum.

Í hvert skipti, sem landshöfðinginn samkvæmt þessu veitir íslenzkum sparisjóðum tèð hlunnindi, skal hann senda dómsmálastjórninni skýrslu um það.

Eptir þessu eiga hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu.[1]

Útaf bænarskrá nokkurri, þar sem stjórn sparisjóðsins, sem stofnaður er í Reykjavík, sókti um, að honum yrði veitt ýms hlunnindi, var það íhugað, hvað gjöra mætti yfirhöfuð frá hálfu stjórnarinnar, til þess að styðja eigi að eins sparisjóð þenna, heldur hvern annan sparisjóð, sem stofnaður kynni að verða á Íslandi; stjórnarráðið getur nú, samkvæmt konungsúrskurði 23. desbr. 1864 I., 3. gr. með veitingarbrèfum í nafni konungs leyft nær sem vera skal, bæði að upphæðir þær, sem lagðar eru í sjóðinn, eigi verði kyrsettar eða hald á þær lagt, og að sjóðurinn megi án dóms og laga láta selja við uppboð veð í lausafé, en á hinn bóginn þurfti að fá sèrstaka lagaheimild til þess, að íslenzkir sparisjóðir gæti fengið ýms önnur hlunnindi, og var því samið frumvarp til tilskipunar um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, sem var lagt fyrir alþingi 1873. Alþing ræddi síðan frumvarpið á lögskipaðan hátt og lèt uppi álit sitt um það, eins og hèr skal sagt.

Þingið fèllst á frumvarpið eins og það var lagt fyrir, og

---

[1]) Tíðindi frá alþingi 1873, I., 17, 223—238, 239—253; II., 85—87, 178—180, 182—184 og 245—246.

1874. 5. janúar.

lagði til, að það yrði gjört að lögum með þeim breytingum, að 3. liður yrði felldur úr, og eins ákvörðunin í niðurlaginu um, að landshöfðingi skuli í hvert skipti, er hann veiti íslenzkum sparisjóðum þau hlunnindi, sem talin eru í frumvarpinu, senda dómsmálastjórninni skýrslu um það. Að því leyti, er snerti 3. lið frumvarpsins, þá virtist þinginu eigi næg ástæða til að gjöra sparisjóðum hægra fyrir með að koma fé sínu á hærri leigu gegn veði í fasteignum en opinberum sjóðum landsins, og kom sú skoðun fram undir umræðunum, að æskilegt væri, að allir þessir sjóðir og einnig sparisjóðirnir yrði sem fyrst hluttakandi í þeim hlunnindum, sem 3. tölulíður gjörði ráð fyrir, og það allir jafnsnemma. Það vildi líka svo vel til, að sparisjóðnum í Reykjavík ekki að eins væri enginn bagi að þeim drætti, sem þar með yrði á að öðlast hin umgetnu hlunnindi, heldur væri hann ennþá ekki svo þroskaður, að hann gæti nú þegar notað hlunnindi þessi, þar sem hann eigi að svo komnu máli gæti fullnægt þeim kröfum, sem til hans væri gjörðar um lán gegn áreiðanlegri ábyrgð og lausafjárveði. Af þessum ástæðum og með þeirri von, að stjórnin sæi svo fyrir áð einnig aðrir sjóðir, en sparisjóðir, yrði aðnjótandi hinna sömu hlunninda, felldi þingið 3. lið frumvarpsins. Að því leyti, er snerti niðurlagið, fannst þinginu með öllu óþarft, að skylda landshöfðingjann að skýra dómsmálastjórninni frá, í hvert skipti og hann veitti íslenzkum sparisjóðum þau hlunnindi, sem frumvarpið ræddi um, og rèði þingið því til, að sleppa þessari ákvörðun.

Um hina fyrri uppástungu alþingis hefir konungsfulltrúi látið þá skoðun í ljósi, að gefa mætti út tilskipun, er veitti opinberum stofnunum og sjóðum rètt þann, sem ætlaður er sparisjóðum í 3. lið frumvarpsins, og skyldi þá þessi tilskipun koma út um leið og frumvarpið yrði gjört að lögum; þar sem þingið hefir lýst því yfir, að það væri æskilegt, að hin umgetnu hlunnindi einnig yrði veitt opinberum stofnunum og sjóðum, virtist konungsfulltrúa það óþarft, að leggja frumvarp til tilskipunar um slík hlunnindi fyrir opinbera sjóði fyrir alþingi. En þó að þessu eigi yrði komið við, áleit konungsfulltrúi, að frumvarpið samt skyldi haldast óbreytt, með því sá eini sparisjóður, sem nú er

búið að stofna, mundi hafa mikið gagn af þeim hlunnindum, sem hèr er verið að ræða um, og mundi hann þá, ef þessi hlunnindi fengist, geta hækkað vöxtu af því fè, sem lagt er í hann, frá $3^1/_4$ % til $3^1/_2$ %. 1874. 5. janúar.

Þarsem nú alþingi eigi hafði borið upp neina uppástungu um, að slík tilskipun, er veitti opinberum sjóðum og stofnunum þau hlunnindi, sem getið er um í 3. lið frumvarpsins, kæmi út, heldur að eins látið í ljósi þá von, að stjórnin sæi svo um, að einnig aðrir sjóðir, en sparisjóðir, yrði aðnjótandi þessara hlunninda, fannst stjórnarráðinu það gagnstætt því, sem segir í 4. gr. í tilsk. 28. maí 1831, að láta slíka tilskipun koma út án þess að frumvarp til hennar áður væri lagt fyrir alþingi, enda væri þessi aðferð með öllu ósamkvæm þeirri reglu, sem áður hefir verið fylgt, og bæri álitsskjal alþingis með sèr, að alþingi alls ekki hafi búizt við, að tilskipun, er veitti opinberum sjóðum hin umgetnu hlunnindi, kæmi út um leið og frumvarpið yrði gjört að lögum. Það atriði, sem hèr kemur til yfirvegunar, er þá, hvort nú skyldi fresta að veita sparisjóðunum hlunnindi þessi, þangað til opinberir sjóðir gæti orðið þeirra aðnjótandi. Að áliti stjórnarráðsins verður að gæta þess, að það er öðru máli að gegna um sparisjóði, en um opinbera sjóði og stofnanir, með því sparisjóðirnir ávallt verða að hafa peninga til fyrir höndum, til þess þeir geti fengið lán, sem æskja þess, en þetta verður eigi heimtað af opinberum sjóðum, enda er það í sjálfu sèr mjög efasamt, hvort það sè rètt, að veita opinberum sjóðum, t. a. m. jafnaðarsjóðum amtanna og hjálparsjóðnum, sem beinlínis liggur undir umsjón stjórnarinnar, heimild til þess að taka hærri vöxtu af lánum, en lög leyfa einstökum mönnum. Með svofelldu móti virðist ekki vera næg ástæða til að fresta því, að veita sparisjóðum hin umgetnu hlunnindi, og það því síður, sem þau eru mikilsvarðandi fyrir þá; stjórnarráðið varð því að álíta, að eigi væri ástæða til að taka þessa uppástungu alþingis til greina, og hið sama var og um hina uppástunguna, að fella úr niðurlagið á frumvarpinu; um þá uppástungu gat konungsfulltrúi þess, að hún væri sprottin af þeirri ósk, sem alþing við umræðurnar um stjórnarbótarmálið áður hafði látið í ljósi, að hin æðsta

1874. 5. janúar. stjórn landsins skyldi vera í landinu sjálfu, en þarsem þetta eigi hafði getað fengizt og alþingi sjálft, í bænarskrá sinni um stjórnarbót á Íslandi, til vara hafði farið ofan af því, væri uppástungan eigi svo þýðingarmikil, og var stjórnarráðið samdóma konungsfulltrúa í þessu.

Samkvæmt þessu lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum óbreytt.

---

22. janúar. **4. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um breytingar á Auglýsing um póstmál 3. maí 1872.**

Í brèfi, dagsettu 18. nóvbrm. f. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þèr eptir tilmælum póstmeistarans í Reykjavík hafið af þeim ástæðum, sem þèr nákvæmar takið fram, leyft, að brèfhirðingarstaðurinn á Stafafelli verði lagður niður frá 1. þ. m., og nýr brèfhirðingarstaður stofnaður á Hofi í Álptafirði í Austur-Skaptafellssýslu með 10 rd. launum á ári, og hafið þèr farið þess á leit, að stjórnarráðið samþykki þessa ráðstöfun, og samkvæmt tilgreindum ástæðum stungið uppá, að gjörðar verði eptirfylgjandi breytingar á því, sem fyrir er mælt í Auglýsing um póstmál 3. maí 1872, 2., 7. og 8. gr. um stofnun póstafgreiðslustaða og brèfhirðingarstaða á Íslandi og laun hlutaðeigandi embættisþjóna.

1. að laun póstafgreiðslumannsins á Prestbakka verði hækkuð frá 15 rd. til 25 rd., og

2. að stofnaður verði póstafgreiðslustaður í Bjarnanesi, í stað þess, að þar hefir verið brèfhirðingarstaður, og skuli launin vera 15 rd. á ári, allt talið frá 1. þ. m.

Útaf þessu gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið fellst á breytingar þessar, og mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, sjáið um, að þær verði birtar almenningi á Íslandi.

---

5. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um verkfæri handa jarðyrkjumanni.

1874. 23. janúar.

Eptir að stjórnarráðið hafði gefið til kynna í brèfi til yðar, herra landshöfðingi, dagsettu 5. júlím. f. á., að það mundi vera tilleiðanlegt til, að veita jarðyrkjumanni Sveini Sveinssyni 50 til 60 rd. styrk til þess að útvega þau áhöld, sem mest er þörf á við atvinnu hans, ef hann vildi skýra stjórnarráðinu frá, hver þau áhöld væri, og segja til verðs á þeim, hefir tèður Sveinn Sveinsson í meðfylgjandi bænarskrá, sem barst stjórnarráðinu beina leið með því póstskipi, sem síðast kom frá Íslandi, sókt um styrk til þess að kaupa verkfæri til landamælinga og hallamælinga fyrir 25 rd., og jarðarnafar, sem hann samt eigi getur sagt til verðs á.

Þareð tèð bænarskrá ekki barst stjórnarráðinu fyr en við lok reikningsársins, sem liðið er, og eptir að búið var að verja öllu því fè, sem ætlað var til óvissra útgjalda á því reikningsári, sèr stjórnarráðið sèr eigi fært, að veita hinn umgetna styrk af þessari útgjaldagrein fyrir árið, sem leið, og verðum vèr því að láta það vera komið undir yður, herra landshöfðingi, hvort yður þykir ástæða til að veita jarðyrkjumanni Sveini Sveinssyni styrk þann, sem hann hefir sókt um, af því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma, fyrir yfirstandandi reikningsár, og sem yður eru veitt umráðin yfir.

---

6. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um málsókn útaf meiðyrðum við íslenzkan embættismann.

27. janúar.

Útaf því, að hinn danski aðalverzlunarfulltrúi í *Leith* hefir farið þess á leit við utanríkisstjórnina, að honum yrði veitt heimild til að höfða mál gegn þeim manni, sem hafði á leigu gufuskipið *Qveen*, er á heima í *Aberdeen*, útaf meiðandi sakargiptum við einhvern embættismann á Borðeyri, í kvittun, er hann

1874. 27. janúar. gaf út fyrir borgun undir poka með póstsendingum frá Reykjavík til Akureyrar, hefir utanríkisstjórnin í brèfi 18. f. m. borið upp fyrir dómsmálastjórninni, hvort nauðsyn sè á að veita aðalverzlunarfulltrúanum tèða heimild, og jafnframt mælzt til að fá vísbending um, hver bera skyldi kostnaðinn við rekstur málsins, ef til kæmi.

Útaf þessu gefum vèr utanríkisstjórninni til vitundar, að eigi virðist ástæða til að höfða mál útaf þessu af stjórnarinnar hálfu.

---

4. febrúar. **7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um bænarskrá um uppreist á æru.**

Með brèfi, dagsettu 24. nóvbrm. f. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þarsem Gissur bóndi Sigurðsson á Smyrlabjörgum í Skaptafellssýslu, sem við aukarètt tèðrar sýslu 29. apríl 1849 var dæmdur í tvisvar sinnum 27 vandarhagga refsingu fyrir þjófnað, sækir um uppreist æru sinnar, og fylgdi þeirri bænarskrá samkvæmt tilskipun fyrir Ísland um uppreist á æru, og fl., 12. marz 1870, vottorð frá tveimur mönnum um ólastanlega hegðun hans og álitsskjal hlutaðeiganda sýslumanns.

En með því eigi er sannað, að vottorðið um hegðun sækjandans sè áreiðanlegt, og sýslumaður þar að auki ekki með ákveðnum orðum hefir látið álit sitt í ljósi um háttalag hans, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að það er hvorttveggja, að nákvæmari skilríki verða að koma fyrir því, að þeir menn, sem gefið hafa vottorð um ólastanlega hegðun sækjandans, hafi verið honum gagnkunnugir, og sè áreiðanlegir menn, áður en það verður borið upp fyrir konungi, að sá, sem í hlut á, verði aðnjótandi þeirrar náðar, sem hann sækir um, enda verður hlutaðeigandi sýslumaður, eptir að hann, ef á þarf að halda, hefir haldið rannsókn, að skýra nákvæmar og ítarlegar frá breytni hlutaðeiganda, og skal í því tilliti geta þess, að það eigi nægir,

að hann eigi hafi gjörzt sekur í lagabroti, heldur verður hann að hafa hegðað sèr svo, að hann sè maklegur þeirrar náðar, sem hann sækir um. 1874. 4. febrúar.

Skjöl þau, sem fylgdu með bænarskránni, sendum vèr aptur með brèfi þessu.

---

8. **Konungleg Auglýsing til Íslendínga um það, að út sè komin stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni Íslands.** (á Íslenzku og Dönsku). 14. febrúar.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Alþingi, sem saman kom árið sem leið, hefir í þegnlegu ávarpi til Vor farið þess á leit, að Vèr — samkvæmt því, sem einnig er látið í ljósi í bænarskrá frá hinu sama alþingi — vildum gjöra yfirstandandi ár enn þá atkvæðismeira fyrir Íslendinga með því að gefa Íslandi stjórnarbót, er veitti alþingi fullt löggjafarvald og fjárforræði, og sem að öðru leyti væri svo frjálsleg, sem framast væri unnt.

Vèr höfum síðan á ný látið sem nákvæmlegast íhuga stjórnarskipunarmál Íslands, og er árangurinn af því orðinn sá, að Vèr einn af hinum fyrstu dögum ársins með Voru konunglega nafni höfum löghelgað stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni Íslands, sem að mestu leyti er byggð á frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga, sem lagt var fyrir alþingi árið 1871, en þó hefir sèrstaklega verið tekið tillit til þeirra atriða, sem tekin voru fram í fyr nefndri bænarskrá alþingis.

Jafnframt og Vèr birtum þetta Vorum trúu og kæru þegnum á Íslandi, finnum Vèr hvöt til þess að lýsa yfir allrahæstu ánægju Vorri með, að hið íslenzka stjórnarskipunarverk, sem svo lengi hefir verið starfað að, þannig er nú alveg til lykta leidt, og sömuleiðis viðurkenning Vorri og þakklæti fyrir traust það, sem fulltrúar landsins hafa auðsýnt Oss með því að fela það fyrirhyggju Vorri á þann hátt, sem sagt var, að koma fullnaðarskipun á um þetta mikilvæga málefni.

1874.
14. febrúar.

Það er von Vor, að Vorir trúu Íslendingar taki ámóti gjöf þeirri, sem Vèr þannig af frjálsu fullveldi höfum veitt Íslandi, með hinu sama hugarfari, er hún er sprottin af, og að það verði viðurkennt eigi að eins, að þá er stjórnarskráin var samin hafi verið tekið svo sem unnt var tillit til þeirra óska, sem fram eru komnar frá Íslands hálfu, að svo miklu leyti, sem þær gátu samrímzt við það, að þeirri stjórnarskipun ríkisins, sem nú á sèr stað, yrði haldið óbreyttri, og þá nauðsyn, sem á því er, að lög þau, sem hèr ræðir um, komi fram í því formi, sem samsvari eðli þeirra sem endilegra stjórnarskipunarlaga, heldur einnig, að Vorum kæru þegnum á Íslandi sè með stjórnarskránni yfirhöfuð veitt svo mikið frelsi og þjóðleg rèttindi, að skilyrðunum fyrir öflugum og heillaríkum framförum landsins bæði í andlegum og líkamlegum efnum sè með því fullnægt.

En eigi sáðkorn það, sem falið er í stjórnarbótinni, að geta borið ávöxtu, þarf til þess, að lýður og stjórn leggist á eitt um að vinna að því í eindrægni, sem er sameiginlegt mark og mið hvorutveggju, sem er framfarir og hagsæld landsins, og treystum Vèr því staðfastlega, að Vorir trúu Íslendingar með því að neyta hyggilega frelsis þess, sem þeim er veitt, vili styðja viðleitni Vora, til þess að þessu augnamiði verði náð.

Einkar geðfellt hefir það þar að auki verið Oss, að framkvæmd þessarar mikilvægu gjörðar samkvæmt ósk alþingis hefir getað átt sèr stað einmitt á því ári, er þess verður minnzt, að 1000 ár eru liðin síðan Ísland fyrst byggðist, og að þá hafi byrjað þjóðarlíf, sem einkum með því að halda við máli forfeðranna og færa í sögur afreksverk þeirra, hefir verið svo mikilsvert fyrir öll Norðurlönd.

Um leið og Vèr í tilefni af hátíð þeirri, sem í hönd fer, sendum öllum Vorum trúu og kæru þegnum á Íslandi kveðju Vora og Vorar beztu heilla- og hamingjuóskir landinu til handa um ókominn tíma, sameinum Vèr því vonina um, að sá tími muni koma, að umskipti þau á stjórnarhögum Íslands, sem nú standa til, verði einnig talin í sögunni sem atkvæðamikill og happasæll viðburður fyrir Ísland.

9. Tilskipun um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkur kaupstað og fl. (á Íslenzku og Dönsku).

1874. 14. febrúar.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um ábyrgð fyrir eldsvoða á Reykjavíkur kaupstað og fl., og eptir að lög, sem út komin eru í dag, hafa veitt hinu almenna brunabótafèlagi kaupstaðanna heimild til að taka hús í fyrnefndum kaupstað í tèð brunabótafèlag frá 1. oktbrm. 1874, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Frá 1. oktbrm. 1874 skal öllum húsum í Reykjavík, hvort sem þau eru eign hins opinbera eða einstakra manna — hinum svonefndu bæjum (húsum úr grjóti og torfi) þó því að eins, að eigendurnir æski þess —, haldið í ábyrgð, með fullu verði þeirra eptir virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða samkvæmt því, sem fyrir er mælt hèr á eptir, þannig að húsin að því leyti, er snertir $^2/_3$ af ábyrgðarverði þeirra, verði tekin í hið almenna brunabótafèlag kaupstaðarhúsa í Danmörku, en Reykjavíkur kaupstaður sjálfur taki að sèr ábyrgðina fyrir $^1/_3$ af ábyrgðarverðinu, bæði þegar skaðinn er gjörsamlegur og þegar hann að eins snertir nokkurn hluta eignarinnar.

2. grein.

Frá sama tíma skulu eigendur húsa þeirra, sem tekin eru í ábyrgð, jafnt og aðrir hluttakendur í tèðu brunabótafèlagi, einn fyrir alla og allir fyrir einn takast á hendur skuldbindingar þær, sem hvíla á fèlaginu, að tiltölu við upphæðir þær, sem ábyrgð er fengin fyrir hjá því.

3. grein.

Að svo miklu leyti, sem húsin í Reykjavík samkvæmt því, sem ákveðið er að framan, verða tekin upp í hið almenna brunabótafèlag kaupstaðarhúsa, skulu allar ákvarðanir um ábyrgð fyrir eldsvoða, sem nú eru í gildi eða síðar kunna að verða settar

1874. 14. febrúar.

viðvíkjandi hinum dönsku kaupstöðum, einnig gilda um Reykjavík, þó þannig:

a. að skylda sú, er samkvæmt því, sem sagt er að framan, og ákvörðunum þeim, er nú gilda um hina dönsku kaupstaði, hvílir á húseigendunum, að halda húsum sínum í ábyrgð með fullu verði, haldist við, á meðan bærinn stendur í sambandi við brunabótafélagið;

b. að greiddir verði auk hins venjulega brunabótagjalds, sem nú er eða síðar kann að verða sett, í viðbót 29 aurar (14 sk.) af hverjum 200 krónum (100 rd.) fyrir hús með þaki úr trè, eða öðru efni jafneldfimu, og 16 aurar (8 sk.) af hverjum 200 krónum (100 rd.) fyrir önnur hús;

c. að greiða skuli tillag það til umboðssjóðsins, sem fyrir er mælt um í auglýsing 9. apríl 1872, IV., 4. gr., með 12 aurum (6 sk.) af hverjum 200 krónum (100 rd.) af ábyrgðarverðinu;

d. að stjórn brunabótafélagsins hafi heimild til, að láta halda 5. hvert ár á kostnað húseigendanna almenna skoðunargjörð yfir öllum þeim húsum, sem eru í ábyrgð félagsins, eptir hinum almennu reglum um virðingargjörðir, og láta virða upp aptur þau hús, sem menn álíta að hafi lækkað í verði, til þess fært verði niður brunabótaverð þeirra. Fyrir að halda skoðunargjörðina og virða húsin að nýju skal borga brunamála-forstjóranum 3 krónur 33 aura (1 rd. 64 sk.) á dag og virðingarmönnunum, hverjum fyrir sig, 2 krónur (1 rd.) á dag, en auka-ábyrgðargjald það, sem fyrir er mælt um í auglýsing 9. apríl 1872, IV., 8. gr., fellur burt;

e. að bærinn eigi taki þátt í kosningu fulltrúa nè hafi fulltrúa sèr í félaginu, en bæjarstjórnin skuli hafa á hendi störf þau, er bæinn snerta, sem fulltrúarnir í hinum dönsku kaupstöðum gæta.

Reglur þær, sem settar eru viðvíkjandi hinum dönsku kaupstöðum um það, að gjöra upp skaðabætur, og um það hvernig þeim skuli verja, skulu gilda fyrir Reykjavík fyrir allt ábyrgðarverð þeirra húsa, sem í hlut eiga.

1874.
14. febrúar.

4. grein.

Áður en húsin eru tekin í brunabótafèlagið samkvæmt 1. gr., skal dómsmálastjórnin sjá um, að haldin verði eptir hinum almennu reglum (sbr. 3. gr.) virðingargjörð á öllum þeim húsum, sem í hlut eiga. Kostnaðinn við gjörðir þessar, — en fyrir þær skal borga brunamála-forstjóranum 6 krónur (3 rd.) á dag, en virðingarmönnunum, hverjum fyrir sig, 4 krónur (2 rd.) á dag —, skulu húseigendurnir greiða að tiltölu við ábyrgðarverðið, en aptur á móti skal eigi greiða neitt auka-ábyrgðargjald samkvæmt auglýsing 9. apríl 1872, IV., 8. gr.

5. grein.

Bæjarstjórnin skal hafa eptirlit með virðingargjörðum þeim, sem haldnar verða til þess að taka hús í ábyrgð; sèrílagi skal bæjarstjórnin, þegar húsin eru virt í fyrsta skipti samkvæmt 4. gr., láta uppi álit sitt um verð það, sem sett er á hverja einstaka eign, og verður eigi nokkurt hús tekið í ábyrgð fyrir meira, en bæjarstjórnin álítur hæfilegt.

6. grein.

Brunabótagjaldið bæði til hins almenna brunabótafèlags kaupstaðarhúsa í Danmörku og til Reykjavíkur kaupstaðar fyrir þann hluta ábyrgðarinnar, sem hann tekst á hendur, — að með töldu aukagjaldi því, sem greiða ber, þegar ábyrgð er fengin annarstaðar fyrir þeirri ábyrgð, sem bærinn tekur að sèr —, hvílir á eignum þeim, sem undir ábyrgðinni eru, og gengur fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem hvíla á húsunum, hvort sem þeim er þinglýst eða ekki, og má heimta gjaldið, ef það eigi er greidt á rèttum tíma, eptir reglum þeim, sem gilda um lögtak á konunglegum sköttum.

7. grein.

Á meðan sambandið við hið almenna brunabótafèlag kaupstaðarhúsa helzt, má eigi gjöra neina breytingu á ákvörðunum þeim, sem gilda um húsabyggingar í Reykjavíkur kaupstað samkvæmt opnu brèfi 29. maí 1839, sèrílagi að því, er snertir milli-

1874. 14. febrúar.

bilið milli húsanna, nema samið sè um það við fulltrúa brunabótafèlagsins.

8. grein.

Á öll hús í kaupstaðnum, sem eiga að vera í ábyrgð, og sem verða byggð af nýju eða byggð upp aptur, eptir að þau hafa verið rifin eða hafa brunnið, skal leggja eldtraust þak; samt skal landshöfðingi hafa vald til í stöku tilfellum, að leyfa undanþágu frá boði þessu, að því leyti, er snertir útihús og önnur þesshättar hús, ef lagt er pappþak á húsið, og að því leyti, er snertir önnur hús, fyrir ákveðinn árafjölda, samt ekki fram yfir 2 ár, eða 5 ár, ef eigandinn er efnalaus; í báðum tillfellum skal setja tilhlýðilegt veð til tryggingar því, að það verði gjört, sem undir er gengizt.

9. grein.

Það er skylda kaupstaðarins að hafa til allt, sem með þarf til að slökkva húsbruna, og viðhalda því í góðu lagi. Allir bæjarbúar, sem til þess verða álitnir hæfir, skulu vera skyldir til að mæta tvisvar á ári eptir boði bæjarfógetans, til þess að æfa sig í að fara með sprauturnar og önnur slökkvitól. Þegar eldsvoði kemur upp, skulu allir verkfærir karlmenn í bænum vera skyldir til að koma til brunans, og gjöra allt það, sem þeim verður skipað af þeim, er ræður fyrir því hvað gjöra skuli til þess að slökkva eldinn, eða aðstoðarmanni hans. Bæjarstjórnin skal semja og leggja undir samþykki landshöfðingja reglugjörð um það, er snertir húsbruna í Reykjavík.

10. grein.

Fulltrúum brunabótafèlagsins skal áskilinn rèttur til að breyta með samþykki dómsmálastjórnarinnar því, sem fyrir er mælt í 3. gr. b., c. og e., þegar 10 ár eru liðin.

11. grein.

Dómsmálastjórnin gjörir hinar nákvæmari ákvarðanir, til þess að setja skipun þessa í verk.

12. grein. 1874.

Ef Reykjavíkur kaupstaður gengur úr brunabótafèlaginu, — 14. febrúar.
en það verður, þegar það, sem fyrir er mælt að framan, annaðhvort að öllu eða að nokkru leyti verður úr gildi numið —, hafa húseigendurnir ekkert tilkall til viðlagasjóðs eða umboðssjóðs brunabótafèlagsins.

13. grein.

Hinar nákvæmari reglur bæði um það, hvað mikið brunabótagjald það skuli vera, sem greiða á fyrir þann hluta ábyrgðarinnar, sem Reykjavíkur kaupstaður tekst á hendur, — hèrmeð talið aukagjald, þegar ábyrgð er fengin annarstaðar fyrir þeirri ábyrgð, sem bærinn tekur að sèr —, og um fyrirkomulagið á viðskiptum húseigendanna og kaupstaðarins að því leyti, er snertir skuldbinding þá, sem hann hefir tekizt á hendur, skulu settar með reglugjörð, sem bæjarstjórnin býr til og landshöfðingi staðfestir.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu.[1]

Eptir að því máli optar hafði verið hreyft, að taka Reykjavík í eitthvert hinna dönsku brunabótafèlaga, var lagt fyrir alþingi 1863 frumvarp um, að hús í tèðum kaupstað skyldu tekin í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða með fullu virðingarverði, og er alþingi með einstökum breytingum, sem minna kvað að, hafði fallizt á frumvarp þetta, var þess farið á leit hjá löggjafarvaldi Danmerkur að fá heimild handa brunabótafèlagi kaupstaðanna til þess að taka Reykjavíkurkaupstað í fèlagið. Málið varð torsótt á ríkisþinginu, með því það þókti ísjárvert, að leggja brunabótafèlagi kaupstaðanna, sem yrði að skoða sem einstakra manna fèlag, frekari ábyrgð á herðar, á meðan svo

[1]) Tíðindi frá alþingi 1873 I., 15, 279—283, 297—298 og 370; II., 60—73, 205—208, 222 og 240—41.

1874. 14. febrúar.

stæði á, að þeir, sem hlut ætti í því, eigi með einhverju móti hefði fulltrúa í stjórn félagsins, og fulltrúum eigi hefði verið gefinn kostur á, að láta álit sitt í ljósi, og sökum þess varð það ofan á, að fresta málinu, þangað útkljáð væri um, hvort félagið skyldi hafa fulltrúa í stjórninni. Þegar búið var að gjöra út um þetta með lögum 14. maí 1870, var málið tekið fyrir aptur, og eptir að fulltrúarnir höfðu gengið að því, að Reykjavík yrði tekin í félagið, með því móti, að Reykjavíkur-kaupstaður skyldi sjálfur taka að sèr $^1/_3$ af ábyrgðinni, þannig að einungis fengist ábyrgð fyrir húsunum hjá brunabótafélagi kaupstaðanna fyrir $^2/_3$ af virðingarupphæðinni, — en hitt skyldi greiðast af sjóði kaupstaðarins, ef eldsvoði kæmi upp —, var það afráðið að semja frumvarp til tilskipunar um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað, sem svo var lagt fyrir alþingi 1873.

Þingið ræddi síðan frumvarpið á lögskipaðan hátt og lèt uppi álit sitt um það eins og hèr skal frá skýrt.

Þingið fèllst á frumvarpið í heild sinni og tók að eins fram nokkur atriði í því, sem það óskaði fyrir hönd Reykjavíkur að hagkvæmari væri, svo sem t. a. m. í fyrsta lagi þá ákvörðun í 1. grein, að brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða taki að sèr að eins ábyrgð fyrir $^2/_3$ af verði húsanna, en kaupstaðurinn sjálfur taki að sèr ábyrgðina fyrir $^1/_3$, með því að bærinn gæti þetta ekki af eiginn rammleik, heldur neyddist til að fá þá ábyrgð hjá einhverju útlendu fèlagi; í öðru lagi það, að brunabótagjaldið sjálft og sömuleiðis gjaldið til umboðssjóðsins væri talsvert hærra en í hinum dönsku kaupstöðum, og svo þá ákvörðun, að fulltrúum fèlagsins væri áskilinn rèttur til, að breyta brunabótagjaldinu og tillaginu til umboðssjóðsins. En viðvíkjandi þessu síðasta atriði treysti þingið því, að stjórnin sæi um, að gjaldið yrði eigi ósanngjarnt eða hækkað að óþörfu, með því að slíkt gæti valdið því, að Reykjavíkurbúar sæi sig neydda til, að segja skilið við brunabótafèlagið, og væri þá óvíst, að þeir gæti fengið ábyrgð annarstaðar fyrir húsum sínum.

Þrátt fyrir þessi atriði, sem þinginu virtust miður hagkvæm, varð þingið þó að játa, að kostir þeir, sem Reykjavíkurbúum væri settir, eigi væri nein frágangssök, þegar um eins áríðandi mál-

efni væri að ræða fyrir bæinn sem þetta, og lagði þingið því til, að frumvarpið yrði löggilt sem allrafyrst. 1874 14. febrúar.

Síðan bar dómsmálastjórnin frumvarpið upp fyrir konungi, og lagði til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að það yrði gjört að lögum; en sama dag sem frumvarpið kom út sem lagaboð, staðfesti konungur lög, sem ríkisþingið hafði samþykkt, um heimild fyrir brunabótafélag kaupstaðanna að taka Reykjavík í félagið.[1]

---

10. Brèf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um yfirgang enskra fiskimanna. 19. febrúar.

Um leið og vèr sendum utanríkisstjórninni útskript af dómabók Suðurmúlasýslu viðvíkjandi prófi, sem haldið hefir verið útaf brotum, sem drýgð eru gegn tilskipun 12. febrúar 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl., mælumst vèr til, þótt eigi sè fullkomlega sannað með fyrnefndu prófi, að það sè enskir fiskimenn, sem hafa gjört sig seka í afbrotum þessum, að utanríkisstjórnin annist um, að ensku stjórninni verði skýrt frá kærum þeim, sem fram eru komnar, og að skorað verði á hana, að brýna fyrir enskum sjómönnum að gæta þess, sem fyrir mælt er í tèðri tilskipun, með því það virðist efalaust, samkvæmt því sem vitnin hafa borið um byggingarlagið á skipunum og sniðið á seglunum o. s. frv., að enskir fiskimenn hafi hèr átt hlut að máli.

---

[1]) Lög þessi, sem að eins eru út komin á Dönsku, eru svo hljóðandi:

Lög
um
heimild fyrir hið almenna brunabótafèlag kaupstaðanna til að taka hús í Reykjavíkur kaupstað í fèlagið.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vèr staðfest þau með samþykki Voru:

Hinu almenna brunabótafèlagi kaupstaðanna veitist hèrmeð heimild til að taka hús í kaupstaðnum Reykjavík á Íslandi í tèð fèlag.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

1874. 19. febrúar. **11. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um yfirgang enskra fiskimanna.**

Útaf því, að kvartað er yfir, að enskir fiskimenn hafi brotið gegn tilskipun 12. febrúar 1872, um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl., í Suðurmúla sýslu í norður og austurumdæmi Íslands, hefir landshöfðinginn leidt athygli stjórnarráðsins að því, að það væri æskilegt, að hið danska herskip, sem hefir stöðvar við Ísland, sè látið dvelja um nokkra hríð í Austfjörðum einhvern tíma í ágústm. hvers árs, til þess að hafa gætur á fyrnefndum enskum fiskimönnum, og með því dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti verður að álíta, að með þessu móti verði helzt komið í veg fyrir slíkan yfirgang, verðum vèr mjög að mæla með því, að sjóliðsstjórnin gjöri þessa ráðstöfun, og skal þess jafnframt getið, að það mun nægja, til þess að ná tilganginum, að herskipið taki stöðvar við Austfjörðu 2 eða 3 vikur í ágúst og septbrm., áður en það fer burt frá Íslandi.

Um það, sem afráðið verður útaf þessu, mælumst vèr til að fá skýrslu.[1]

---

26. febrúar. **12. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um að bæjarfógetaembættið í Reykjavík skuli sameinað við Gullbringu- og Kjósarsýslu.**

Eptir að hingað hafði borizt brèf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 8. dag desemberm. f. á., hefir hans hátign konunginum,

---

[1]) Í brèfi 24. febrúar svaraði sjóliðsstjórnin þessu á þá leið, að hún væri fús til þess að verða við áskorun dómsmálastjórnarinnar, að svo miklu leyti, sem unnt væri, með því ferð skipsins væri bundin við 5½ mánuð, en það færi hèðan í öndverðum apríl, og yrði því að hverfa frá Íslandi við lok ágústm., til þess að komast heim í tækan tíma; vegna þessa gæti viðstaða skipsins við Austfjörðu að eins átt sèr stað í ágúst, en eigi í septbr.

samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 1874.
31. f. m. allramildilegast að fallast á: 26. febrúar.

að landfógetaembættið á Íslandi og bæjarfógetaembættið í Reykjavík, sem nú eru sameinuð, skuli að skilin frá 1. júlím. þ. á., og tèð bæjarfógetaembætti frá sama tíma sameinað við Gullbringu- og Kjósarsýslu í suðurumdæminu;

að leggja skuli til landfógetaembættisins í árleg laun upphaflega 1600 rd., sem vaxa um 200 rd., fyrir hver 5 ár í embættinu, unz þau eru orðin 2400 rd., í húsaleigustyrk 150 rd. og 500 rd. til skrifstofukostnaðar, auk afnota Orfiriseyjar, og þess gjalds, sem greiðist fyrir að taka við fé í jarðabókarsjóðinn, til þess það verði goldið aptur úr aðalfèhirzlunni, — en það skal vera 1 af hverju þúsundi;

að veita skuli hinu sameinaða sýslumanns- og bæjarfógetaembætti 300 rd. tillag af landssjóðnum, auk þeirra tekja, sem hingað til hafa verið samfara hvoru embættinu útaf fyrir sig, og sem eigi hafa verið goldnar úr landssjóðnum;

að aldursrèttindi Árna kansellíráðs Thorsteinsonar að því leyti, er snertir launaviðbót þá eptir aldri, sem getið var um að framan, skuli talin frá því að honum var veitt það embætti, sem hann nú hefir, og

að það verði tekið fram, er bæjarfógetaembættinu og sýslunni er slegið upp, að sá, sem í hlut á, verði að gangast undir allar þær breytingar, sem kunna að verða gjörðar á embættinu sjálfu, launa gjaldinu og tekjunum.

Auk þessa hefir hans hátign konungurinn allramildilegast samþykkt, að greiða megi úr landssjóðnum gjaldauka þann, sem leiðir af þessu á tímabilinu frá 1. júlí til 31. desbrm. þ. á., og sem er 274 rd. 48 sk.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, til vitundar, eður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, og vísum vèr til stjórnartíðindanna dönsku (*Ministerialtidende*), þar sem auglýst er, að sýslan og bæjarfógetaembættið sè laust.

1874. 27. febrúar. **13. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aðgjörð á landshöfðingjahúsinu.**

Með brèfi, dagsettu 5. desbrm. f. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað reikning yfir kostnaðinn við aðgjörð þá á landshöfðingjahúsinu, sem fram fór á árinu sem leið, og hafið þèr stungið uppá, að greiða megi það fè, sem varið hefir verið til þessa fram yfir það, sem ætlazt var á, og sem er 127 rd. 28 sk., af þeirri upphæð, sem ætluð var til óvissra útgjalda á reikningsárinu, sem leið; jafnframt getið þèr þess, að eigi sè enn lokið við aðgjörðina á hliðinu, en til þess voru ætlaðir 40 rd.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið leyfir, að taka megi fyrnefndar upphæðir, sem samtals eru 167 rd. 28 sk. af því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda á yfirstandandi reikningsári, og sem yður eru fengin ráðin yfir, með því jarðabókarsjóðs-reikningurinn er miðaður við 31. desbrm. f. á., og verður því eigi þessi kostnaður greiddur af þeirri upphæð, sem ætlað var til óvissra útgjalda á reikningsárinu, sem liðið er, enda er þegar búið að verja öllu því fè.

---

27. febrúar. **14. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjöldum.**

Með brèfi, dagsettu 29. nóvbrm. f. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað skoðunargjörð yfir jarðirnar Eystri-Lynga, Fagradal, Nýjabæ og Efri-Steinsmýri, sem heyra undir Kirkjubæjar og Þykkvabæjar-klausturs góz, og hafið þèr mælt fram með því, samkvæmt uppástungu hlutaðeiganda umboðsmanns, að landsetum á þessum jörðum verði veitt sú lækkun á afgjaldinu af jörðunum, sem hèr skal getið:

1. Landsetanum á Eystri-Lyngum, Ólafi Sveinssyni, veitist enn fremur um þrjú hin næstu ár sú linun, sem honum var veitt

með brèfi stjórnarráðsins 28. nóvbr. 1871[1] fyrir 2 ár um 20 álnir af landskuldinni, sökum þess að jörðunni fer hnignandi ár frá ári bæði að slægjum og beitilandi til, vegna áfalla af sandfoki og vatnagangi. 1874. 27. febrúar.

2. Landsetanum í Fagradal (sem eigi er nefndur til nafns) gefist upp hálf landskuldin til 1874, eða 20 álnir, þannig, að hver alin af öðrum helmingnum sè talin 8 sk. virði, en af hinum helmingnum hvert álnarvirði eptir meðalverði allra meðalverða, sökum þess að hann hefir varið 30 dagsverkum til þess að ryðja burt skriðu, er hlaupið hafði í túnið;

3. Landsetanum á Nýjabæ, Sverri Magnússyni, veitist ennfremur um þrjú hin næstu ár linun sú, sem veitt var með brèfi stjórnarráðsins 28. nóvbr. 1871 fyrir 2 ár, um 20 álnir á ári hverju, þannig, að hver alin af öðrum helmingnum sè talin 8 sk. virði, en af hinum hvert álnarvirði talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg.

4. Landsetunum á Efri-Steinsmýri, Eyjólfi Pálssyni, Páli Þórhallasyni, Birni Hávarðssyni, og Hjörleifi Ásmundarsyni, veitist hverjum um sig 10 álna lækkun í jarðarafgjaldinu um 3 hin næstu ár; skal lækkun þessi talin á sama hátt og landskuldin, að því leyti er snertir Eyjólf Pálsson, og hver alin af öðrum helmingnum talin 8 sk. virði, en af hinum helmingnum hvert álnarvirði eptir meðalverði verðlagsskrárinnar á ull, smjöri og tólg, en linun sú, sem veitt er hinum, er á þá leið, að hver alin af öðrum helmingnum sè talin 8 sk. virði, en af hinum helmingnum hvert álnarvirði eptir meðalverði allra meðalverða.

Útaf þessu gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið leyfir eptir málavöxtum, að tèðum leiguliðum verði veitt sú linun á jarðarafgjaldi þeirra, sem stungið er uppá.

---

[1] Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II, 616.

1874. 27. febrúar. **15. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um borgun kornláns.**

Eptir að hingað hafði borizt brèf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 25. nóvbrm. f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 24. þ. m. allramildilegast að fallast á, að veita megi nokkrum hreppum í vesturumdæmi Íslands, sem eru Ytri-Neshreppur, Innri-Neshreppur, Eyrarsveit og Breiðuvíkurhreppur, undanþágu undan því, að borga nokkuð upp í kornlán það, sem þeim var veitt árið 1860 úr hinum íslenzka styrktarsjóði, um 2 ár frá 1. janúar 1874, en þá skal greiða 4 af hundraði í leigu.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það.

---

27. febrúar. **16. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um sending gullpeninga til Íslands.**

Samkvæmt tilmælum fjárhagsstjórnarinnar mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, hlutist til um, að landfógetinn á Íslandi taki í jarðabókarsjóðinn fyrir hönd aðalfèhirzlunnar 10000 rd. í gullpeningum, sem sendir verða til Íslands með póstskipinu Díönu, sem nú á að leggja af stað; er helmingurinn í tuttugukróna-peningum, en hinn helmingurinn í tíukróna-peningum.

---

27. febrúar. **17. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um skýrslur frá embættismönnum.**

Með brèfi þessu sendum vèr yður, herra landshöfðingi, tvö brèf, annað frá bæjarfógetanum í Reykjavík og hitt frá sýslumanninum í Norðurmúlasýslu, og skýrslur, sem brèfunum fylgdu,

um ástandið í Reykjavíkur kaupstað frá 1. janúar til 31. ágúst f. á. og í Norðurmúlasýslu um tímabilið frá 1. janúar til 15 septbr. f. á., en þesskonar skýrslur skal senda til yðar beina leið, samkvæmt erindisbréfi fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi, 29. júní 1872, 13. gr. 1874. 27. febrúar.

---

18. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um verzlun á Vestdalseyri. 27. febrúar.

Eptir að hingað hafði borizt brèf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 17. nóvbrm. f. á., og bænarskrá frá hinu íslenzka verzlunarfèlagi, sem nefnist Gránufèlag, hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 26. þ. m. allramildilegast, að fallast á, að leyfa megi tèðu fèlagi að reka fasta verzlun í verzlunarhúsum sínum á Vestdalseyri í Norðurmúlasýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, um 3 ár frá byrjun yfirstandandi árs.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, og skal því við bætt, að úrskurður þessi er birtur forstöðumanni fèlagsins, sem um þessar mundir hefir dvöl hèr í bænum.

---

19. Tilskipun um að ákvarðanir þær um stundar sakir, sem almenn hegningarlög handa Íslandi, 25. júní 1869, 307 gr., hafa inni að halda, skuli falla úr gildi að nokkru leyti. (á Íslenzku og Dönsku). 28. febrúar.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að búið er að koma upp hegningarhúsi fyrir Ísland í Reykjavík, sem sameinað er fangelsi fyrir Reykjavíkurbæ og hinar aðrar þinghár í suðurumdæmi Íslands, að Vestmannaeyjum undanteknum, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið,

1874. 28. febrúar. samkvæmt almennum hegningarlögum handa Íslandi, 25. júní 1869, 307. gr.

Frá 15. degi ágústm. þ. á. skal öll hegningarvinna, sem menn eru dæmdir í samkvæmt almennum hegningarlögum handa Íslandi, 25. júní 1869, úttekin í hegningarhúsinu í Reykjavík.

Frá sama tíma skal beita þeim ákvörðunum í tèðum hegningarlögum, sem ákveða fangelsishegningar (einfalt fangelsi, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og fangelsi við vatn og brauð), og sömuleiðis þeim ákvörðunum, sem 31. grein í sömu lögum, 2. og 3. kafli, hefir inni að halda um afplánun sekta, að því leyti, sem snertir allar þinghár í suðurumdæmi Íslands, að Vestmannaeyjum undanteknum, og skal hegningin í þessum tilfellum úttekin í fangelsi því, sem búið er að koma upp í Reykjavík.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

28. febrúar. **20. Tilskipun um hvernig úttekin skuli hegningarvinna í hegningarhúsinu í Reykjavík.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að ákveðið er með konunglegri tilskipun, sem dagsett er í dag, að hegningarhús það, sem búið er að koma upp á Íslandi, skuli verða notað frá 15. ágústm. þ. á., hefir Oss þóknazt, að setja eptirfylgjandi almennar reglur um hvernig hegningarvinna skuli úttekin í tèðu hegningarhúsi.

I.

Hegningarvinna í sameining.

1. grein.

Hegningarvinnu, sem skal úttekin á þá leið, að þeir, sem í hlut eiga, vinna saman, hvort sem hegningin er typtunarhúsvinna eða betrunarhúshegning, er með samþykki landshöfðingjans verður úttekin með vinnu á samvinnustofu annaðhvort að öllu eða að

nokkru leyti, skal beita samkvæmt þeim reglum, sem hèr eru settar um það. 1874, 28. febrúar.

A. Typtunarhúsvinnan.

2. grein.

Hegningarvinnan skal úttekin með samvinnu á daginn, eptir reglum þeim, sem nákvæmar verður skýrt frá hèr á eptir. Á nóttunni skulu fangarnir venjulega vera í kompum sèr.

3. grein.

Dagskipun og vinnutími fanganna er eins og hèr segir:

Fótaferðatíminn er kl. $4^3/_4$ á morgnana frá 1. maí til 30. septbr., og á hinum tíma ársins kl. $5^3/_4$. Hálfri stundu síðar skal tekið til vinnu, og henni haldið áfram til kl. 8 á kvöldin; þó skal gjöra hlè á vinnunni þá gengið er til máltíða á tilteknum tímum, og skal morgunverður haldinn frá kl. $7^3/_4$ til kl. $8^1/_4$ fyrir miðjan dag, miðdegisverður frá kl. 12 til 1, og kvöldverður frá kl. 5 til $5^1/_2$ eptir miðjan dag, og auk þess verður hlè á vinnu, á meðan fangarnir hafa útgönguleyfi, og þeir eru til kennslu. Á kvöldin eru fangarnir undanþegnir vinnu, frá kl. 8 til kl. $8^1/_2$, og ganga þeir þá til hvílu.

Á öllum sunnudögum og helgidögum eru fangarnir undanþegnir vinnu allan daginn, og frá kl. 5 eptir miðjan dag á fæðingardegi konungs, á aðfangadegi jóla, og daginn fyrir páska, hvítasunnu, nýjársdag og kongsbænadag. Ennfremur skal hætt við vinnu hvern laugardag kl. 5 eptir miðjan dag, en tíminn til kl. 8 skal notaður til hreinsunarverka, og til þess að líta eptir vinnu-áhöldum og skila óhreinum nærfötum og taka aptur við hreinum. Einu sinni á dag skal föngum þeim, sem eru á samvinnustofunum, leyft að vera undir berum himni hálfa stundu, en föngunum í kompunum tvisvar á dag jafnlangan tíma (sbr. 12. gr. í þessari tilskipun). Fangarnir úr kompunum mega koma út allir í senn, nema þeir sè settir í kompu sèr í hegningarskyni, en þá skal einnig við útgöngu skilja þá að.

Fangarnir skulu ávallt látnir starfa eitthvað á vinnutímanum.

1874. 28. febrúar. Endrarnær skal, ef ekkert er því til fyrirstöðu að öðru leyti, föngunum leyft að hafa um hönd hina daglegu vinnu sína. Til þess að hvetja fangana til iðni, skal veita þeim vinnulaun, ef þeir ljúka við þá skylduvinnu, sem þeim er sett fyrir, og má hafa helminginn af því til þess að útvega þeim meiri eða betri fæðu, en hinn helminginn skal leggja upp; en samt má leyfa fanganum að taka af því til þess að hjálpa konu og börnum, með því skilyrði, að ávallt verði haldið eptir að minnsta kosti 10 rd. Sè fanga hegnt með því að taka af honum vinnu, skal ávallt setja hann í kompu sèr.

4. grein.

Landshöfðingi skal gjöra ráðstöfun til, að haldin sè guðsþjónusta fyrir fangana, og til þess, að þeim föngum verði veitt kennsla, sem kunna að vera hæfir til þess. Sèrhver fangi skal hafa hina almennu sálmabók og nýja testamentið.

5. grein.

Ef fangi verði veikur, skal fara með hann eptir því, sem læknirinn segir fyrir. Sè fanginn eigi fær um að vinna, skal leggja hann á sjúkrakompuna. Verði fangi geðveikur og lagður á sjúkrahús eða hjúkrunarhús fyrir geðveika, skal vera hans þar talin með hegníngartímanum.

6. grein.

Ef fangi verði fenginn í hendur rèttarins þjónum útaf rèttarrannsókn á einhverju máli, skal landshöfðingi í hverju einstöku tilfelli úrskurða, þá er fanginn er aptur settur í hegningarhúsið, hvort vera hans í varðhaldsfangelsinu skuli talin með hegningartímanum eða ekki. Kostnaðurinn við flutning fangans frá hegningarhúsinu og þangað aptur lendir ekki á hegningarhúsinu.

7. grein.

Ef fangi strýkur úr hegningarhúsinu, verður sá tími, er líður þangað til hann er settur inn aptur, eigi í neinu tilfelli talinn með hegningartímanum.

8. grein. 1874.

Í sèrhverri fangastofu skal vera slegið upp einu exemplari 28. febrúar.
af reglum þeim, sem settar eru föngunum um að viðhalda góðri röð og reglu, og af reglugjörðunum um fæðslu þeirra og vinnuskipun. Eigi má meina föngunum að koma á tal við stjórn hegningarhússins.

9. grein.

Eigi mega fangarnir skrifast á við ættingja sína eða menn, sem ekki eru viðriðnir hegningarhúsinu, eða þeir heimsækja fangana, nema með leyfi lögreglustjórans í hverju einstöku tilfelli. Eigi má senda af stað neitt brèf eða fá það fanganum, nema stjórn hegningarhússins hafi áður lesið það. Fangarnir geta skorazt undan að tala við þá menn, sem ekki eru viðriðnir hegningarhúsinu.

10. grein.

Með brot, sem framin eru gegn góðri röð og reglu í hegningarhúsinu, skal farið samkvæmt tilskipun 5. janúar 1874. Það er vitaskuld, að stjórnin geti skyldað hvern fanga til að bæta allan þann skaða, sem hann af ásettu ráði eða af gáleysi veldur hegningarhúsinu, af því, sem hann hefir unnið sèr inn með aukavinnu.

11. grein.

Hegningarvinnan skal úttekin samkvæmt hinni áfram líðandi hegningarreglu á þrem stigum, sem eru:

I. undirbúningsstigið,
II. þvingunarstigið,
III. yfirferðarstigið.

Við þetta bætist eptir því, sem á stendur, sem fjórða stig takmörkuð og skilyrðum bundin uppgjöf á hegningu.

Að öðru leyti skal öll hegðun fangans gjörð að álitum á þeim tímum, sem hèr á eptir verður nákvæmar ákveðið um, og skal gefa honum fyrir siðferði hans og iðni við vinnu sína einhverja af þessum fjórum einkunnum: »mæta vel«, »vel«,

1874. 28. febrúar. »laklega« og »illa«, og gildir hver þessara einkunna um sig 3, 2, 1 og ÷ 3 tröppur.

12. grein.

I. Undirbúningsstigið.

A þessu stigi skal fanginn vera ákveðinn tíma, sem er 3 mánuðir, og skal hann sitja í kompu sèr, sbr. samt það, sem fyrir er mælt í niðurlagi greinarinnar.

Þegar komið er með fangann í hegningarhúsið, skal setja hann í viðtökukompuna, og situr hann þar 3 daga. Á meðan hann er þar skal baða hann, færa hann í fangabúninginn, og taka frá honum allt, sem hann hefir meðferðis; skal læknirinn skoða hann, og skal á fangaskrána rita allt, sem sagt verður um undanfarna æfi hans og heilbrigðisástand, og skal nákvæmlega færa til bókar það, sem hann hefir haft með sèr af peningum, fatnaði o. s. frv.

Vinna fangans á þessu stigi skal vera í því fólgin, að tægja upp kaðla, eða einhver önnur þess háttar handvinna, sem sè hæg og einföld, og skal eigi sett fyrir nein skylduvinna, en vinnulaun verða heldur ekki veitt. Fanginn getur ekki skorazt undan að vera við guðsþjónustugjörðina. Auk sálmabókarinnar og nýja testamentisins verða fanganum að eins fengnar guðsorðabækur úr bókasafninu eptir því, sem presturinn tekur til. Meðan fanginn er úti, skal hann sífellt vera á hreyfingu, og er það bannað að gjöra nokkurn hávaða eða jafnvel hafa samræður við aðra, og skal þessa einnig gætt, þegar farið er með fangann ofan í garðinn og þaðan aptur. Eigi má taka fanga úr kompunni, til þess að fara með hann á annan stað en ofan í garðinn eða til guðsþjónustu, nema lögreglustjóri beinlínis leyfi það.

Við lok hvers mánaðar, eptir að fanginn var settur í hegningarhúsið, skal gefa honum tvær einkunnir, aðra fyrir hegðun hans yfirhöfuð og hina fyrir iðni hans við vinnuna. Eins og vikið er á að framan, er ákveðið, að hann skuli vera á þessu stigi, í 3 mánuði, án tillits til þess, hvernig hann hegðar sèr, en einkunnin fyrir hegðun hans ræður, í hvern flokk hins næsta stigs hann skuli settur. Hafi hann sumsè náð 12 tröppum (að

meðaltali einkunninni »vel«), skal hann þegar fluttur í annan flokk þvingunarstigsins; en að öðrum kosti verður hann að byrja á neðsta flokki þvingunarstigsins. Fyrir þann tíma, sem fanginn hefir legið á sjúkrastofunni, skal að eins gefa honum eina einkunn, þ. e. fyrir hegðun hans, og verður í þessu tilfelli einkunnin látin gilda tvöfalt. 1874. 28. febrúar.

A meðan fanginn er á þessu stigi, er það skylda bæði lögreglustjórans og prestsins að vitja hans optlega, sèrílagi til þess að skýra honum fullkomlega frá grundvallarreglu þeirri, sem farið er eptir, og sýna honum fram á, að það sè komið undir honum sjálfum, hvernig kjör hans verði í hegningarhúsinu.

Ef læknirinn álítur það óumflýjanlega nauðsynlegt, má þegar setja fangann á samverustofuna með leyfi lögreglustjórans.

13. grein.

II. Þvingunarstigið.

Þetta stig skiptist aptur í 3 flokka, 1., 2. og 3. flokk. Fangarnir skulu vera við vinnu á vinnustofum fyrir lokuðum dyrum. Til þess að komast upp í efri flokk, skal fanginn hafa fengið ákveðinn tröppu-fjölda, og er þar að auki ákveðið, hvað langan tíma fanginn í minnsta lagi skuli vera í hverjum flokki — og getur hann eigi stytt þennan tíma —, eins og eptirfylgjandi yfirlit nákvæmar sýnir:

Hegningartíminn, sem fanginn er dæmdur í.	Undirbúningsstigið.	Þvingunarstigið.			Yfirferðarstigið.	Hin ófullkomna hegningar-uppgjöf.
		1. fl.	2. fl.	3. fl.		
2 ár.	3 mánuðir.	»	15 mánuðir.	6 mánuðir.	» mánuðir.	» mánuðir.
3 —	3 —	»	15 —	18 —	» —	» —
4 —	3 —	»	15 —	30 —	» —	» —
5 —	3 —	»	15 —	36 —	6 —	» —
6 —	3 —	»	15 —	36 —	18 —	» —
7 —	3 —	»	15 —	36 —	18 —	12 —
8 —	3 —	»	15 —	40 —	22 —	16 —
10 —	3 —	»	15 —	54 —	24 —	24 —
12 —	3 —	»	15 —	60 —	30 —	36 —
16 —	3 —	»	15 —	78 —	32 —	64 —

Nái fanginn samt sem áður fleirum tröppum, en þörf er á til þess að verða fluttur upp, áður sá tími er liðinn, sem hann samkvæmt yfirlitinu að minnsta kosti átti að vera í einhverjum flokki, skulu þær tröppur, sem umfram eru, taldar honum í hag í næsta flokki. 1874. 28. febrúar.

Sè fangi með fleiri dómum dæmdur í hegningar, sem skulu útteknar samfleytt hver á eptir annari, skulu hegningar þessar lagðar saman, ef sá, sem í hlut á, er dæmdur í þær áður en hann kom í hegningarhúsið, og þær samtals ná ekki framyfir 16 ár, og skal þá með hegninguna saman lagða fara eptir yfirlitinu að framan. En ef sá, sem í hlut á, er þegar byrjaður að úttaka hegningu á þeim tíma, er hann verður dæmdur í aðra hegningu, eða nemi hinar samanlögðu hegningar meira en 16 árum, eða skuli hlutaðeigandi úttaka æfilanga hegningarvinnu, ákveður landshöfðingi í hverju einstöku tilfelli, að hve miklu leyti og eptir hverjum nákvæmari reglum fanginn verði fluttur upp frá einu stigi til annars og úr einum flokki í annan.

Gefa skal tvær einkunnir, aðra fyrir hegðun og hina fyrir iðni við vinnuna. Fanginn getur eigi skorazt undan, að vera við guðsþjónustugjörðina. Verði fangi veikur, skal að eins gefa honum eina einkunn (sumsè fyrir hegðun), sem skal látin gilda tvöfallt. Til brèfaskripta skal útvega sèrstakt leyfi hjá lögreglustjóranum.

Fyrir vonda hegðun skal lögreglustjóri hafa vald til sumpart að setja fangann niður í annan flokk, allt niður í hinn neðsta, sumpart, án þess að flytja hann niður í annan flokk, að taka af honum aukavinnulaun þau, og önnur hlunnindi, sem hann eptir því, hvað lengi hann hefir verið í þeim flokki, sem í hlut á, og hegðun sinni þar, samkvæmt eptirfylgjandi reglum, kann að hafa aflað sèr. Þegar fangi þannig verður fluttur niður eða sviptur hlunnindum, missir hann þær tröppur, sem hann hefir umfram. Verði fanginn fluttur frá 3. flokki niður í 1. flokk, eða frá hinu efra stigi í 2. eða 3. flokki annaðhvort niður í 1. eða 2. flokk, skal lögreglustjóri þar að auki ákveða, hvort hlutaðeigandi skuli aptur ganga gegnum þann flokk eða það stig,

1874. 28. febrúar.

sem ámilli liggur, eða hvort hann verði fluttur upp aptur beinlínis í þann flokk eða á það stig í þeim flokki, sem hann var fluttur niður úr. Sá fangi, sem þannig er hegnt með því að færa hann niður eða svipta hann hlunnindum, getur eigi orðið fluttur upp eða öðlazt hlunnindi þau, sem hann áður hafði aflað sèr, nema því að eins, að hann á einum mánuði hafi fengið einkunnina »mæta vel«, eða á tveimur mánuðum samfleyttum samtals einkunnina »vel«.

Að öðru leyti skal gæta eptirfylgjandi nákvæmari reglna um hvern flokkinn fyrir sig:

Fyrsti flokkur.

Þessi flokkur er í rauninni að eins ætlaður til hegningar, sumsè fyrir þá, sem vegna vondrar hegðunar annaðhvort samkvæmt 12. gr. eru fluttir þangað frá undirbúningsstiginu, eða verða fluttir niður í hann úr efri flokkunum. Reglugjörðin er hin sama og á undirbúningsstiginu. Vinnunni skal þannig háttað, að sett verði fyrir daglegt skylduverk, sem verði rannsakað hvert kvöld þegar vinnutíminn er á enda. Fyrir aukavinnu verður eigi veitt neitt endurgjald. Til þess að geta komizt upp í 2. flokk, skal sá fangi, sem kemur frá undirbúningsstiginu, hafa náð 12 tröppum; samt má fanginn hvernig sem á stendur eigi vera þar skemur en 3 mánuði.

Annar flokkur.

Hin sama reglugjörð gildir fyrir þennan flokk, sem fyrir 1. flokk. Samt skal veita fanganum ef hann lýkur við skylduvinnu þá, sem honum er sett fyrir, 4 aura (2 sk.) á dag fyrir það; má hafa helminginn af því til þess að kaupa þá fæðu fyrir, sem lögreglustjóri nákvæmar leyfir, svo og munn- og neftóbak. Þegar liðnir eru að minnsta kosti 6 mánuðir, og fanginn að meðaltali hefir hlotið einkunnina »vel«, geta vinnulaunin aukizt til 6 aura (3 sk.) á dag. Þegar fanginn er búinn að vera að minnsta kosti 15 mánuði í þessum flokki, og ef hann hefir hlotið að meðaltali sömu einkunn og nú var getið, getur hann komizt upp í 3. flokk.

Þriði flokkur.

Reglugjörðin er hèr hin sama og í 2. flokki með þeim

breytingum, sem hèr skulu taldar: vinnulaunin fyrir skylduvinnu, sem af hendi er leyst, og sem að eins er litið eptir á hverri viku, er 8 aurar (4 sk.) á dag, og má verja helmingnum af því á sama hátt, sem í 2. flokki. Hvað lengi fanginn að minnsta kosti skuli vera í þessum flokki, er komið undir því, hvað langur hegningartíminn er, eins og yfirlitið að framan sýnir. En þegar hálfur sá tími er liðinn, er fanginn á að vera í þessum flokki og hann að meðaltali hefir hlotið einkunnina »vel«, má smásaman láta honum ennfremur eptir, að brugðið sè útaf reglugjörðinni í þeim atriðum, sem nú skal telja: á sunnudögum og helgidögum má leyfa fanganum að vera lengur, en venjulegt er, í garðinum, ef veður er til þess; ef kringumstæðurnar leyfa það, skal reyndar setja honum fyrir skylduvinnu, en verði því ekki komið við, er það eigi bannað, að hann fáist við önnur störf; vinnulaunin eru ekki, eins og fyr, ákveðin, en greiðast á hverri viku eptir máli og vikt á aukavinnu þeirri, sem skilað er, og ef því eigi verður komið við að setja fanganum fyrir skylduvinnu, skal veita honum allt að því 16 aura (8 sk.) þóknun á dag, eptir því hvað iðinn hann hefir verið. Helmingnum af vinnulaununum má verja á sama hátt, sem nú var sagt, og til þess að kaupa almanak. Fanganum verða að eins gefnar einkunnir fyrir 3 mánuði í einu um hegðun hans og iðni við vinnuna, og getur hann eigi komizt upp á yfirferðarstigið, nema hann síðasta árið hafi náð svo mörgum tröppum, að hann að meðaltali hafi hlotið minnst »vel« fyrir hegðun sína. 1874. 28. febrúar.

14. grein.

III. Yfirferðarstigið.

Í stað þess, að fangarnir höfðu sèrstakan búning, á meðan þeir voru á hinum stigunum, skal þeim nú leyft að hafa búning, sem nálægist meira búningi þeim, er frjáls verkmaður er vanur að ganga í.

Fangarnir skulu eigi vinna fyrir lokuðum dyrum, og skal þeim, að svo miklu leyti sem unnt er, fengin sú iðja, er sè sem líkust þeirri, er þeir ætla að hafa sèr til atvinnu eptirleiðis. Þeim skal veittur nákvæmar ákveðinn partur af ágóðanum af

1871. 28. febrúar.

vinnunni, að tiltölu við það, sem frjálsir verkmenn fá, og mega þeir verja helmingnum af því eigi að eins til þess að útvega sèr meiri fæðu, heldur einnig til að fá sèr nytsama hluti, þó með sèrstaklegu leyfi lögreglustjórans. Vinnutíminn er að eins til kl. 7 á kvöldin.

Fangarnir eru ekki skyldir til að vera við guðsþjónustugjörðina.

Föngunum skal gefinn kostur á að fá bækur úr bókasafninu.

Eigi skal gefa fanganum sèrstaka einkunn fyrir hegðun hans, en stjórn hegningarhússins skal engu að síður hafa gætur á því, hvernig hann notar hið meira frelsi, sem honum er veitt. Það skal þannig bókað, ef hann fær ofanígjöf, og einnig, hver sök hafi verið til þess. Á mánaðar-fundum þeim, sem embættismenn stofnunarinnar hafa með sèr, skal þriðja hvern mánuð sèrstaklega ræða um fangann, og skal þá um leið bóka það, sem tekið hefir verið eptir viðvíkjandi hegðun hans. Gjöri hann sig sekan í broti, sem varðar hegningu, eða ef hann yfirhöfuð hefir hegðað sèr svo, að menn verða að hafa vantraust á honum, skal hann, hvernig sem á stendur, fluttur aptur niður á þvingunarstigið, og getur hann ekki komizt aptur uppá yfirferðarstigið nema með sèrstöku leyfi landshöfðingjans.

15. grein.

Með þeim skilyrðum, sem hèr skal getið, má stjórn hegningarhússins bera það upp fyrir stjórnarráðinu fyrir Ísland, að fanga verði veitt sú uppgjöf á hegningu með tilteknum skilyrðum og nákvæmari takmörkum, sem skýrt er í næstu grein:

a. ef fanginn er búinn að vera á yfirferðarstiginu samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 14. gr.;

b. ef stjórnin yfirhöfuð hefir von um, að sá, sem í hlut á, eptir öllu ráðlagi hans, eptirleiðis muni hegða sèr ráðvandlega;

c. ef búið er að útvega fanganum sómasamlega atvinnu eða stöðu í mannfèlaginu.

16. grein.

Hin ófullkomna uppgjöf á hegningu.

Þegar fangi er náðaður með ákveðnum skilyrðum, samkvæmt

uppástungu þeirri, sem getið er um í 15. gr., skal láta hann lausan úr hegningarhúsinu, og eptir nákvæmari ráðstöfun landshöfðingjans fá hann í hendur lögreglustjórninni á þeim stað, þar sem búið er á undan að útvega honum atvinnu, og skal hann þar settur undir sèrstaklega umsjón lögregluvaldsins, og má hann því eigi fara burtu úr hreppnum án leyfis hreppstjórans nè úr lögsagnarumdæminu án leyfis lögreglustjórans. Þegar hann er látinn laus skal stjórn hegningarhússins heimilt að láta hann fá allt að $^2/_3$ af því, sem hann hefir unnið sèr inn með aukavinnu og sparað, og skal hún senda hlutaðeigandi lögreglustjórn skriflega skýrslu um fatnað þann og aðra muni, sem hann hefir með sèr þá er hann er látinn laus, um helztu atriði í lífi hans (personalia), lýsing á útliti hans og skýrslu um það, hvernig hegðun hans og heilbrigðisástand hefir verið í hegningarhúsinu. Þar að auki skal sá hluti, er honum er veittur, af því, sem hann hefir unnið sèr inn með aukavinnu, sendur hlutaðeigandi lögreglustjórn, sem sjálf fær fanganum það í hendur annaðhvort allt saman eða svo mikið af því, sem henta þykir, eptir því, hvernig á stendur. 1874. 28. febrúar.

Stjórnin skal brýna fyrir honum skilyrðin fyrir því, að hann sè náðaður, og fá honum í hendur lausnarbrèf, þar sem talin eru upp þessi skilyrði, sem eru: að hann sè iðjusamur, ráðvandur og reglusamur; að hann nákvæmlega breyti eptir því, sem lögreglustjórnin kynni að leggja honum fyrir, og að hann að öðrum kosti án frekara dóms verði aptur settur í hegningarhúsið, til þess að úttaka það, sem eptir er af hegningu þeirri, sem hann var dæmdur í.

Fullkomið frelsi fær því fanginn ekki, fyr en sá hegningartími er liðinn, sem hann er dæmdur í, eða hann verður náðaður til fulls, ef hann hefir verið dæmdur í æfilanga hegningarvinnu. Til þess tíma er sá, sem látinn er laus með ákveðnum skilyrðum, eigi kominn undan umsjón hegningarhússins, enda þótt hún sè fjarlægari, og verður hann því heldur ekki dreginn út á fangaskránni, en í hana verða ritaðar skýrslur þær, sem hlutaðeigandi lögreglustjórn venjulega þriðja hvern mánuð skal senda stjórn hegningarhússins. Verði honum leyft að flytja

1874. 28. febrúar.

sig úr hreppnum, skal hreppstjórinn þegar í stað skýra lögreglustjóra frá því og hreppstjóranum í þeim hrepp, sem hann flytur í. Fái hann leyfi til að flytja sig úr lögsagnarumdæminu, skal lögreglustjórinn tilkynna það lögreglustjóranum í því lögsagnarumdæmi, þar sem hann sezt að, svo að, þá er hann kemur í lögsagnarumdæmið, hlutaðeiganda hreppstjóra verði ef á þarf að halda sagt fyrir um, hvað gjöra skuli. Þegar svo á stendur, skal sömuleiðis þegar í stað senda hegníngarhúsinu skýrslu um flutninginn.

Sá, sem látinn er laus með ákveðnum skilyrðum, hefir alls enga kröfu til framfærslu af hálfu hegningarhússins, en verður að öllu leyti sjálfur að sjá fyrir sèr. Á hinn bóginn er hann heldur ekki framar háður ákvörðunum þeim, sem gilda um hegningarhúsið, heldur að eins hinum almennu borgaralegu lögum og þeim skilyrðum, sem sett voru fyrir hinni ófullkomnu hegningaruppgjöf. Brjóti hann gegn því, sem lögreglustjórn sú, er hefir umsjón yfir honum, kann að leggja honum fyrir sèrstaklega, eða ef hegðun hans yfirhöfuð er á þá leið, að hann eigi uppfylli hina fyrstu ákvörðun í lausnarbrèfi því, sem getið er um að framan, að hann sè iðjusamur, ráðvandur og reglusamur, skal lögreglustjórnin tilkynna stjórn hegningarhússins það, og má þá eptir uppástungu hennar við landshöfðingja og samkvæmt úrskurði hans setja hann aptur í hegningarhúsið, til þess hann úttaki þar það, sem eptir er af hegningartíma þeim, sem honum var gefinn upp með ákveðnum skilyrðum. Um þetta skal senda skýrslu til stjórnarráðsins. Gjöri hann sig sekan í hegningarverðu athæfi, skal hann, ef það eigi varðar hegningarvinnu, fyrst úttaka refsinguna fyrir það, og skal viðstöðulaust þar á eptir setja hann í hegningarhúsið, en ef hegningarvinna liggur við, skal hann fyrst úttaka það, sem eptir var af hegningunni, sem hann fyrst var dæmdur í, áður en hann er látinn sæta hinni síðari hegningu.

Þegar búið er að ná hinu fullkomna frelsi, skal borga út það, sem eptir var haldið af því, sem fanginn hafði unnið sèr inn með aukavinnu, og ef sá, sem í hlut á, deyr innan þess tíma, skal það fengið í hendur hlutaðeiganda skiptarètti, svo það verði talið með tekjum í búinu eptir hann.

17. grein.

1874. 28. febrúar.

Allir embættis- og sýslunarmenn við hegningarhúsið skulu að minnsta kosti einu sinni á viku vitja allra fanganna, og rita upp það, sem þeim þykir athugavert um siðferði og iðni hvers fanga. Einu sinni á mánuði skulu embættis- og sýslunarmenn þessir eiga fund með sèr, og skal þá hver af þeim skýra frá athugasemdum þeim, sem hann hefir ritað hjá sèr um hegðun hvers fanga útaf fyrir sig frá síðasta fundi. Umræðurnar, sem lögreglustjóri bókar, skulu vera til þess, að mönnum verði sem kunnugast um hvern einstakan fanga, allt frá því að hann kom inn í hegningarhúsið til þess tíma, er hann er látinn laus, og er því hver fundarmaður skyldur að styðja að því sem hann framast má. Skyldi nokkur geta látið í tè upplýsingar, sem eru sèrstaklega áríðandi, er það vitaskuld, að hann þegar skýri lögreglustjóranum frá þeim Einkunnirnar um iðni og hegðun hvers fanga verða ákveðnar eptir þessu af öllum fundarmönnum, og ritaðar í gjörðabókina. Ef atkvæði eru jöfn, skal atkvæði lögreglustjóra ráða. Sèrhver fundarmaður getur heimtað, að ágreiningsatkvæði hans verði bókað, og skal gjörðabókin sýnd landshöfðingja.

Lögreglustjóri skal halda bók, sem nafn hvers fanga er ritað í á sèrstöku blaði, og skal hann færa til í bókina allt, sem snertir fangann, til þess menn þar ávallt geti fengið ljósa hugmynd um allt líferni fangans í hegningarhúsinu.

B. Betrunarhúsvinna í sameining.

18. grein.

Um þá betrunarhúsfanga, sem eptir ákvörðun landshöfðingjans skulu úttaka hegninguna annaðhvort að öllu leyti eða að nokkru leyti með vinnu á samverustofu, gilda reglur þær, sem settar eru að framan, en samt með þeim breytingum og nákvæmari ákvörðunum, sem hèr segir:

1. Þann tíma, sem fangarnir eiga að minnsta kosti að vera í hverjum flokki, skal stytta samkvæmt eptirfylgjanda yfirliti:

Hegningartíminn, sem fanginn er dæmdur í.	Undirbúningsstigið.	Þvingunarstigið.			Yfirferðarstigið.	Hin ófullkomna hegningar-uppgjöf.
		1. fl.	2. fl.	3. fl.		
2/3 árs.	3 mánuðir.	»	5 mánuðir.	» mánuðir.	» mánuðir.	»
1 ár.	3 —	»	7 —	2 —	» —	»
1 1/2 —	3 —	»	7 —	8 —	» —	»
2 —	3 —	»	7 —	14 —	» —	»
3 —	3 —	»	7 —	20 —	6 —	»
4 —	3 —	»	9 —	24 —	12 —	»
5 —	3 —	»	9 —	30 —	18 —	»
6 ár eða þar fram-yfir.	3 —	»	9 —	36 —	Það, sem eptir er af hegningar-tímanum.	»

Í 2. flokki þvingunarstigsins má, eptir að liðnir eru minnst 3 mánuðir, auka vinnulaunin til 6 aura (3 sk.) á dag. 1874. 28. febrúar.

2. Þegar betrunarhúsfangi, sem hefir úttekið nokkuð af hegningunni í kompu sèr, er fluttur yfir í samvinnu, ákvarðar landshöfðinginn, í hvern flokk samvinnufanganna hann skuli settur.

3. Þegar betrunarhúsfangi að eins um stund hefir verið fluttur yfir í samvinnu, skal lögreglustjóri, er hlutaðeigandi læknir álítur, að ekkert sè því til fyrirstöðu, að fanginn aptur geti úttekið hegninguna í kompu sèr, senda skýrslu um það til landshöfðingja. Verði hann þá settur í kompu sèr, skal stytta hegningartímann samkvæmt 14. gr. í hegningarlögunum.

19. grein.

Betrunarhúsfangar, sem látnir eru í hegningarhúsið, skulu, jafnskjótt og tekið er við þeim, rannsakaðir nákvæmlega af lögreglustjóranum og lækninum, til þess það verði ákveðið, hvort sá, sem í hlut á, verði látinn úttaka hegninguna í kompu sèr án þess mein verði af. Skal síðan bera málið undir landshöfðingja, og þangað til úrskurður hans er fenginn, skal sá, sem í hlut á, sitja í kompunni, þar sem hann er, nema lögreglustjóri eptir raun þeirri, sem orðið hefir við rannsóknina, álíti að óumflýjanleg nauðsyn sè til, að setja hlutaðeiganda þegar í stað til samvinnu með öðrum.

II.

Hegningarvinna í kompu sèr.

20. grein.

Hegningarvinnu, sem úttaka skal í kompu sèr, skal sömuleiðis fylgt fram eptir hinni áfram líðandi hegningarreglu, að því leyti sem hegningartíminn skiptist í 4 stig, sem eru:

1. stig, og eru reglurnar um skylduvinnu, vinnulaun og verutíma þar hinar sömu, sem settar eru að framan um undirbúningsstigið með tilliti til hegningarvinnu í sameining.

1874. 28. febrúar.

2. stig, með ákveðinni skylduvinnu og vinnukaupi, 4 aurum (2 sk.) á dag fyrir hvern verkdag; skal fanginn vera á því stigi að minnsta kosti eitt missiri.

3. — með ákveðinni skylduvinnu og vinnukaupi, 6 aurum (3 sk.) á dag fyrir hvern verkdag; veran á því stigi er að minnsta kosti 1 ár.

4. — með ákveðinni skylduvinnu og vinnukaupi, 8 aurum (4 sk.) á dag fyrir hvern verkdag.

Að öðru leyti gilda reglur þær, sem settar eru að framan um hegningarvinnu í sameining, með þeim breytingum, sem með þarf.

21. grein.

Ráðgjafinn fyrir Ísland skal hafa heimild til að veita þær tilhliðranir frá því, sem fyrir er mælt í tilskipun þessari, sem eptir því, hvernig á stendur, kunna að virðast æskilegar, og eigi koma í bága við grundvallarreglur hennar.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

28. febrúar.

7. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um hegningarhúsið í Reykjavík.

Með tilskipun, sem út kom í dag um, að ákvarðanir þær um stundar sakir, sem almenn hegningarlög handa Íslandi, 25. júní 1869 307. gr., hafa inni að halda, skuli falla úr gildi að nokkru leyti, er ákveðið, að fara skuli að nota hegningarhúsið í Reykjavík og fangelsið, sem því er sameinað, 15. ágúst þ. á.

Um leið og vèr sendum yður, herra landshöfðingi, nokkur exemplör af fyrnefndri tilskipun, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, það sem hèr segir.

Um það, hvernig hegningarvinnan skuli út tekin í hegningarhúsinu í Reykjavík, hefir stjórnarráðið borið sig saman við fangelsisskrifstofuna, og verður að aðhyllast þá skoðun, að hinni áfram-

líðandi hegningaraðferð, sem ákveðin er í tilskipun þeirri, sem gildir fyrir Danmörk, um hvernig út tekin skuli hegningarvinna í sameining, 13. febrúar 1873, verði komið við með fullkomnara móti í tèðu hegningarhúsi, en þèr, herra landshöfðingi, hafið stungið uppá í brèfi 8. ágúst f. á., þannig að fanginn, á meðan hann er á undirbúningsstiginu, skuli sitja í kompu sèr, að fangarnir skuli á þvingunarstiginu vinna fyrir lokuðum dyrum og að verutíminn á því stigi skuli ákveðinn eptir því, sem fyrir er mælt í 14. gr. fyrnefndrar tilskipunar, að því leyti er snertir typtunarhúsfanga, og samkvæmt 20. gr., að því leyti, er snertir betrunarhúsfanga, að þá fyrst megi hafa fangana til innivinnu, er þeir eru komnir á yfirferðarstigið, og að veita megi ófullkomna uppgjöf á hegningu með tilteknum skilyrðum, en án þessa er sú hegningaraðferð, sem hèr er verið að ræða um, ófullkomin, og verður eigi með gildum rökum haft neitt á móti því, að veita ófullkomna hegningaruppgjöf á Íslandi, þar sem hún helzt er í því fólgin, að setja þann, sem í hlut á, undir sèrstaka umsjón lögreglustjórnarinnar, en það á sèr stað á Íslandi samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tilskipun 24. janúar 1838, 5. gr. Samkvæmt þessu, jafnframt og byggt er að öðru leyti á áliti yðar í fyrnefndu brèfi, hefir verið samið í stjórnarráðinu frumvarp til tilskipunar um, hvernig úttekin skuli hegningarvinna í hegningarhúsinu í Reykjavík, sem konungur allramildilegast hefir staðfest í dag, og sendum vèr yður nokkur exemplör af tilskipuninni. 1874. 28. febrúar.

Frumvarpi því til reglugjörðar fyrir hegningarhúsið, sem þèr hafið sent hingað, verður því að breyta samkvæmt reglunum í tilskipun þeirri, sem nú var getið, og skal í því tilliti sèrílagi leiða athygli yðar að því, að stjórnarráðið hefir eigi þókzt geta leyft yfirhöfuð, að þeir fangar, sem komnir eru í hina æðri flokka þvingunarstigsins, fái til láns aðrar bækur en þær, sem allir fangarnir og jafnvel þeir, sem eru í hinum lægstu flokkum stigsins, mega lesa, með því engin trygging er fyrir því, að hver fanginn láni eigi öðrum bækurnar. Þar á eptir verðið þèr að semja reglugjörðina og láta slá henni upp í sèrhverri fangastofu, ásamt með

1874. 28. febrúar. dagskrá fyrir fangana í hegningarhúsinu, og matarreglugjörð, sem vèr mælumst til að þèr semið samkvæmt frumvörpum þeim, sem þèr hafið sent hingað, og ennfremur vinnureglugjörð (um skylduvinnu fanganna, og fl.), sem þèr sömuleiðis takið saman, eptir að þèr samkvæmt brèfi yðar 6. desbr. f. á. hafið borið yður saman við verkstjóra þann, sem þèr hafið skipað fyrir hegningarhúsið.

Stjórnarráðið hefir eigi getað fundið neitt að frumvarpi því til reglugjörðar um búning fanganna, sem þèr hafið sent hingað, og má því hafa hana samhljóða frumvarpinu.

Að því leyti, er snertir vinnu fanganna í hegningarhúsinu, látum vèr það vera komið undir yður, að ákveða það, sem með þarf í því tilliti, samkvæmt því, sem þèr hafið drepið á í brèfi 8. águst f. á., en samt verður að gæta þess, að vinnan sè eigi skaðnæm fyrir heilsu fanganna, og skal að því leyti er snertir tóvinnu, sem þèr hafið stungið uppá, hafa gætur á, að ullin sè þvegin, að eigi þurfi til vinnunnar verkfæra, sem fangarnir gæti gjört óskunda með, að vinnan að minnsta kosti á hinum síðari stigum hegningarinnar sè svo sem unnt er löguð samkvæmt því, sem fanginn ætlar að hafa sèr til atvinnu, þegar búið er að láta hann lausan, að vinnan, þegar þessa er gætt, verði svo arðsöm fyrir hegningarhúsið, sem unnt er, og verður þá í því tilliti að fara eptir því, hvernig verðlag er á hverjum tíma, og færa sèr í nyt sèrstaka hæfilegleika fanganna, og að það, sem unnið er, sè útgengilegt fyrir sanngjarnt verð.

Að því, er snertir verkstjórn og ráðsmennsku í hegningarhúsinu, er stjórnarráðið samkvæmt því, sem þèr skýrið frá í brèfi 9. oktbr. f. á., ekki mótfallið því, að hvorttveggja fyrst um sinn fari fram fyrir hönd þess opinbera, og mælumst vèr því til, að þèr þegar að því kemur sjáið bæði um, að fengin verði til verkefni og matvæli, og fl., með því að láta bæjarfógetann, eins og þèr hafið stungið uppá, halda undirboð, þannig að þèr samþykkið boð þau, sem gjörð verða, ef því verður komið við, og að það, sem unnið er, verði selt svo, að landssjóðurinn hafi sem mestan hag á því.

1874. 28. febrúar.

Eins og kostnaðurinn, sem gengur til viðurværis handa þeim föngum, sem settir verða í fangelsi það, sem sameinað er við hegningarhúsið, einnig samkvæmt uppástungu yðar skal goldinn úr landssjóðnum gegn endurgjaldi af hálfu hlutaðeigandi sveitarfèlaga, sem skal vera 24 sk. daglega fyrir hvern fanga, sem hefir venjulegt fangaviðurværi, og 12 sk. fyrir hvern fanga, sem er í fangelsi við vatn og brauð, þannig mun og nauðsyn verða á, að vinna þessara fanga, ef þeir heimta, að þeim sè fengin nokkur, fari fram fyrir hönd landssjóðsins, til þess hjá því verði komizt að halda sèrstaka reikninga, og skuluð þèr ákveða nákvæmar, hvað borga skuli þeim, sem í hlut eiga, fyrir það, sem þeir vinna.

Að því leyti, er snertir fyrirkomulag á fangaskrám, og reikningshald og bækur, sem til þess þarf, hefir stjórnarráðið eigi neitt ámóti uppástungu þeirri, sem þèr hafið sent hingað með brèfi 8. ágúst f. á., og sendum vèr yður nú eptir ósk yðar exemplar af eyðublaði, sem haft er í hegningarhúsum í Danmörku, til þess að rita á skýrslur um vinnu fanganna.

Fyrir hreinlætis sakir álítur stjórnarráðið nauðsynlegt, að útvegað verði laugarker, og er ekkert því til fyrirstöðu, að umsjónarmanninum sè falið á hendur eptir uppástungu yðar að sjá um, að klæðum og rúmfötum fanganna sè haldið hreinum, en samt á þann hátt, að hann samkvæmt því, sem fyrir mælt er í fyrnefndri tilskipun um hvernig úttekin skuli hegningarvinna í hegningarhúsinu í Reykjavík, 13. gr., ekki megi hafa sèr til aðstoðar við þetta hegningarhússfanga, sem eru á þvingunarstiginu, en til þessa má hann hafa fanga, sem annaðhvort eru komnir yfir það stig, eða varðhaldsfanga, ef lögreglustjórinn leyfir það, og þeir eru fúsir til þess, og eigi fyr en búið er að ljúka við prófið yfir þeim.

Með því fangarnir eiga að vinna eða geta heimtað, að þeim sè fengin vinna, verður að hafa ljós í kompunum.

Forstjórinn fyrir fangelsis-skrifstofunni hefir boðizt til að útvega þau áhöld, sem hèr skal telja:

2 vefstaði,

1874.
28. febrúar.

4 rokka,
4 hesputrè,
prjóna, stagnálar og saumnálar, sópa til gólfaþvottar og til þess að sópa garðinn,
lèrept í lök á 36 rúm,
36 ábreiður,
14 kamba og
60 þurkur.

Að því, er snertir önnur áhöld, verðum vèr að fela yður á hendur að sjá um, að þau verði útveguð, og þarsem þèr sèrstaklega hafið stungið uppá, að hèr yrði gjörðar ráðstafanir til, að setja salerni í kompurnar, skal þess getið, að fangelsisskrifstofan hefir álitið, að hafa skyldi koppa í kompunum og svefnstofunum, sem væri í trèkössum með lokum yfir, er fèlli fast að, en þá mætti að líkindum fá á Íslandi, ef hèðan yrði sent sýnishorn með hinum áhöldunum, sem fangelsisskrifstofan hefir boðizt til að útvega. Að öðru leyti skal þess getið, að þar sem föngunum er leyft að koma út í garðinn á tilteknum tímum, samkvæmt fyrnefndri tilskipun, er ætlazt til að koppar þessir verði notaðir sem minnst.

Stjórnarráðið veitir yður heimild til, að láta borga yður það fè, sem gengur til þess að útvega áhöld til hegningarhússins, úr jarðabókarsjóði Íslands.

Þar sem þörf er á að útvega hringingartól handa hegningarhúsinu, höfum vèr leitað til timburmeistara *Klentz*, og munum vèr síðar skýra yður frá, hvað um það verður.

Stjórnarráðið hefir að eins fundið það að athuga við frumvarp það til reglugjörðar fyrir umsjónarmanninn, sem þèr hafið sent hingað, að það verði tekið skýlausara fram í 13. gr., að hann skuli vera optar við á samverustofunum, og þá sèrílagi, ef unnt er, að hann skuli vera á víxl á karlmanna- og kvennavinnustofunum, alltaf á meðan fangarnir matast og hafa hvíld, og með þessari breytingu mælumst vèr til að þèr semið tèða reglugjörð.

Að því leyti, er snertir laun umsjónarmannsins, felst

stjórnarráðið á þá uppástungu yðar, að þau sè látin vera 400 rd. á ári, og þar að auki skal honum veittur matur handa þremur mönnum daglega, og eldiviður ókeypis; hafið þèr talið, að þetta nemi alls hèr um bil 530 rd., og skulu $^{9}/_{12}$ af því greiddir úr landssjóðnum, $^{2}/_{12}$ úr jafnaðarsjóði suðuramtsins og $^{1}/_{12}$ af Reykjavíkur kaupstað. 1874. 28. febrúar.

Vegna þess að dómkirkjupresturinn bæði heldur guðsþjónustugjörð í hegningarhúsinu, og tekur að sèr, ef til þess kemur, kennslu þeirra hegningarhúsfanga, sem til þess kynni að vera fallnir, er stjórnarráðið eigi mótfallið því, að þóknunin handa prestinum fyrir þetta sè látin vera 50 rd.

Að því, er snertir kostnað þann, sem hlýzt af því, sem sagt er að framan, hefir hans hátign konungurinn með úrskurði í dag fallizt á, að borga megi hèrumbil 3142 rd. 48 sk. úr landssjóðnum, þannig að upphæðum þeim, sem tilfærðar eru í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands, sem staðfest er 31. oktbr. f. á., 6. gr., verði breytt samkvæmt þessu, og er þá byggt á því, að borgaðir verði í laun handa umsjónarmanninum frá 15. ágúst til 31. desbrm. þ. á. 112 rd. 48 sk, og sem þóknun handa dómkirkjuprestinum á sama tíma 18 rd. 24 sk., en til þess að kaupa áhöld og verkefni, matvæli og eldivið o. fl., eru ætlaðir hèrumbil 3000 rd.

Að því leyti, er að endingu snertir reglugjörð fyrir varðhaldsfangana og hina fangana í fangelsi því, sem sameinað er hegningarhúsinu, mælumst vèr til, að þèr semið reglugjörð þessa samkvæmt frumvarpi því, sem þèr hafið sent hingað, og skal að eins geta þess, að það þykir hagfellt, að í 7. gr. verði, eins og fyrir er mælt í reglugjörð 7. maí 1846, E, 8. gr. í niðurlaginu, sett ákvörðun um, að eigi skuli meina þeim föngum, sem til þess hafa næg efni, að fá umsjónarmanninn til að sjá um, að halda hreinum fangastofum þeim, þar sem þeir sitja, og áhöldum þeirra fyrir sanngjarna þóknun, eptir því, sem lögreglustjórinn ákveður, og má eigi hvernig sem á stendur fara fram úr því.

1874. 28. febrúar. **22. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk handa jarðyrkjumanni.**

Í brèfi, dagsettu 2. dag desbrm. f. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, farið fram á, að stjórnarráðið hlutist til um, að hið konunglega landbústjórnarfèlag veiti nú, einsog á árinu sem leið, 100 rd. styrk til launa handa jarðyrkjumanni Sveini Sveinssyni, fyrir að ferðast um Ísland og segja mönnum þar til í jarðyrkju.

Eptir að vèr höfum skrifazt á útaf þessu við hið konunglega danska landbústjórnarfèlag, gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að tèð fèlag hefir enn fyrir þetta ár ályktað að veita 100 rd. styrk til þess, sem getið var, og veitum vèr yður vald til, að láta borga yður fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands, svo sem útgjald fyrir hönd aðalfèhirzlunnar hèr í borginni.

Jafnframt þessu leiðum vèr eigi hjá oss, í tilefni af brèfi yðar, dagsettu 4. desbrm. f. á., að gefa yður til vitundar, að fèlagið hefir tilkynnt stjórnarráðinu, að enn hafi eigi heppnazt að fá mann, sem væri fallinn til þess hann yrði sendur til Íslands, til þess að standa fyrir vatnsveitingum í suðurumdæminu, en öll von væri ekki úti um að það mætti takast.

---

28. febrúar. **23. Brèf dómsmálastjórnarinnar til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.**

Það skal hèrmeð tilkynnt Deild hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt felaginu 150 rd. styrk til að gefa út »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands« og að í dag hefir verið hlutazt til um, að fè þetta verði greidt fèhirði

fèlagsins Oddgeiri Stephensen, stjórnardeildar forstjóra, úr aðal- 1874.
fèhirzlu ríkisins. Því skal við bætt, að fèlagið má búast við að 28. febrúar.
fá ennfremur styrk til þessa fyrir yfirstandandi ár, sem samsvari tímanum til 31. júlí, að því leyti, sem tekið verður jafnmikið í tíðindin og áður.

---

24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um yfirgang útlendra. 28. febrúar.

Með brèfi 31. oktbr. f. á. hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað útskript af dómabók Suðurmúlasýslu, um próf nokkurt viðvíkjandi því, að brotið hafði verið gegn tilskipun 12. febrúar 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl.; útaf þessu hefir dómsmálastjórnin skrifað utanríkisstjórninni og mælzt til, að hún hlutaðist til um, að kærur þessar yrði bornar upp fyrir ensku stjórninni, og jafnframt farið fram á við sjóliðsstjórnina, að danska herskipið við Ísland mætti taka stöðvar við Austfirði svo sem 2 eða 3 vikur í ágústm. og septbrm., áður enn það sigldi burt frá Íslandi, og höfum vèr nú fengið svar sjóliðsstjórnarinnar í brèfi, sem vèr nú sendum yður eptirrit af.[1]

Þetta skal yður hèrmeð til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það.

---

25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk til þess að gefa út stjórnarbrèf. 28. febrúar.

Með brèfi, dagsettu 9. oktbrm. f. á., hafið þèr, herra lands-

[1]) Sjá neðanmálsgreinina við 11. brèfið hèr að framan.

1874. 28. febrúar. höfðingi sent hingað bænarskrá, þar sem útgefendur blaðsins Víkverja, sem kemur út í Reykjavík, hafa sókt um, að þeim gefist kostur á að gefa út á prenti stjórnarskjöl þau, er til þessa hafa verið tekin í »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands«, sem Deild hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn hefir gefið út, og að þeim verði veittur 150 rd. styrkur til þessa, eða 20 rd. fyrir hverja prentaða örk; hafið þèr mælt fram með, að það verði veitt, sem sókt er um, með þeim skilmálum, er þèr takið nákvæmar til.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, ef svo ber undir, að með því stjórnarráðið hefir í hyggju, að fá því til leiðar komið, að út gefin verði stjórnartíðindi fyrir Ísland, með því skipulagi, sem yður nákvæmar mun verða skýrt frá, frá þeim tíma, er stjórnarskipunin um hin sèrstaklegu málefni Íslands öðlast gildi og stjórnarráð fyrir Ísland tekur til starfa sinna, sem verður 1. ágústm. þ. á., hefir það eigi þókzt geta veitt það, sem sókt er um, en verður að láta það koma undir yðar vald, að auglýsa til þess tíma á þann hátt, sem hagfelldastur þykir, úrskurði þá, sem þèr gefið út, og önnur umboðsleg stjórnarboð og yfirvalds-ráðstafanir, sem varðar almenning, á þann hátt, að kostnaðurinn við það greiðist af því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda, og sem yður eru fengin umráðin yfir.

---

27. marz. **26. Brèf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um tilsjón með fiskiveiðum útlendra við Ísland.**

Sjóliðsstjórnin hefir í brèfi 20. þ. m. skýrt frá, að skonnortuskipið Fylla eigi að fara ferð til Íslands og Færeyja, undir stjórn *P. H. Braëms* kapteins, í öndverðum næsta mánuði, og spurt að, hvort dómsmálastjórnin æski, að skipstjóra verði sagt fyrir sèrstaklega í einhverju efni.

Útaf þessu gefum vèr sjóliðsstjórninni til vitundar, að vèr byggjum á því, að skipstjóra yfirhöfuð verði sagt fyrir á sama hátt og í fyrra um tilsjón með fiskiveiðum við Ísland, og að honum verði boðið að fara eptir því, sem sagt er frá í skýrslu sendiherrans í Lundúnum, herforingja *Bülows*, til utanríkisstjórnarinnar, dagsettri 4. nóvbrm. f. á., sem hún, að því er dómsmálastjórninni er kunnugt, hefir sent sjóliðsstjórninni,[1] og að skipstjóra ennfremur verði lagt fyrir að koma við á Austfjörðum samkvæmt loforði í brèfi sjóliðsstjórnarinnar 24. f. m., en að öðru leyti finnum vèr eigi ástæðu til að fara fram á, að skipstjóra verði sagt sèrstaklega fyrir að því leyti, er snertir þessa ferð. 1874. 27. marz.

---

27. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um yfirgang enskra fiskimanna. 9. apríl.

Eptir að vèr, eins og getið er í brèfi dómsmálastjórnarinnar 28. febr. þ. á., útaf prófi, sem haldið hafði verið við lögreglurètt Suðurmúlasýslu um brot gegn tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland, og fl., 12. febrúar 1872, höfðum skrifað utanríkisstjórninni og mælzt til þess, að hún vildi hlutast til um, að skorað yrði á ensku stjórnina, að brýna fyrir sjómönnum af Englandi, að hlýða því, sem fyrir skipað er í tèðri tilskipun, hefir utanríkisstjórnin skýrt frá, að hún þegar í oktbr. f. á. eptir að skonnortuskipið Fylla var komið heim aptur úr ferð sinni og skipstjórinn hafði látið fram skýrslu sína, þar sem hann lætur í ljósi, að það sè æskilegt, að enskt herskip verði látið hafa stöðvar við Ísland, eptir beiðni sjóliðsstjórnarinnar hafi skrifað hinum konunglega sendiherra í Lundúnum og borið sig upp við ensku stjórnina undan yfirgangi enskra fiskimanna við Ísland, en að hann hafi aptur skýrt svo frá, að það mundi með öllu árangurslaust að leita á ný til ensku stjórnarinnar í því

[1]) Um skýrslu þessa er getið í næsta brèfi á eptir.

1874. 9. apríl.

efni, nema menn hefði til svo örugg og einhlít skilríki, að á þeim mætti byggja málsókn á Englandi, og færa stjórninni þar heim sanninn um, að þær skýrslur væri rangar, sem hún sjálf hefði útvegað sèr — en samkvæmt þeim væri hèr um fremur lítilsvert málefni að ræða.

Samkvæmt þessari skýrslu áleit utanríkisstjórnin það árangurslaust, að gjöra nokkuð við fyrnefnt próf, og það því síður, sem eigi væri neinar skýrslur til um heiti og heimili þeirra skipa, sem kvartað hefði verið undan að hefði haft í frammi ólöglega fiskiveiði, enda væri eigi full vissa fyrir því, að þau væri ensk. Aptur á móti hefir utanríkisstjórnin stungið uppá því við sjóliðsstjórnina og dómsmálastjórnina, að skipstjóranum á herskipi því, sem hefir stöðvar við Ísland, og hlutaðeigandi yfirvöldum þar yrði sagt fyrir, að útvega og láta uppi allar þær skýrslur, sem geta studt að því, að skýra og sanna kærur þær, sem sífellt koma fram, og leiða rök að því, að rannsóknir Englendinga sè óáreiðanlegar, svo sem skýrslur um, hve mörg fiskiskip frá Englandi að meðaltölu komi til Austfjarða í júlí og ágúst, og að svo miklu leyti sem unnt er, um merki skipanna (sem enskir fiskimenn, sem stunda fiskiveiði við lönd, sem lúta undir Danaveldi, eigi að hafa), og svo nákvæmar upplýsingar um yfirgang þann, sem þeir sýna af sèr, að hann verði sannaður, og þeir, sem í hlut eiga, dregnir fyrir dóm á Englandi, nema því að eins að það takist landsmönnum sjálfum með tilstilli yfirvaldsins og herskipsins danska að koma í veg fyrir yfirgang þeirra og hegna þeim, sem brotið hafa gegn lögum.

Um leið og vèr gefum yður, herra landshöfðingi, þetta til vitundar, mælumst vèr til, að þèr segið hlutaðeigandi yfirvöldum á Íslandi fyrir samkvæmt uppástungu utanríkisstjórnarinnar og sendið hingað skýrslur þær, sem fengizt geta í þessu tilliti.

28. **Reikningsyfirlit yfir tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. 1872 til 31. marzm. 1873.** (á Íslenzku og Dönsku). 1874. 10. apríl.

Christian hinn Níundi, o. s. frv.

Vora sèrlegu hylli!

Vèr veitum þèr hèrmeð allramildilegast vald til, ásamt með konungsbrèfi þessu, að láta kunngjöra almenningi reikningsyfirlit það, sem hèrmeð fylgir, yfir tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. 1872 til 31. marzm. 1873, sem gjört er í dómsmálastjórn Vorri og sem Vèr allramildilegast höfum staðfest.

Eptir þessu átt þú þèr þegnlega að hegða.

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuborg, 10. dag aprílm. 1874.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

C. S. Klein.

Til

dómsmálaráðgjafa Vors.

1874. 10. apríl.

Tekjur.	Fjárhagsáætlunin.	Það, sem borgað er.	Óborgað.	Borgað alls.
2. grein.	rd. sk.	rd. sk.	rd. sk.	rd. sk.
1. Erfðafjárskattur og gjald af fasteignarsölum	1,680. »	680. 50	604. 25½	1,284. 75½
2. gjöld fyrir leyfisbréf og veitingabréf	400. »	533. 48	» »	533. 48
3. nafnbótaskattur	250. »	159. 28	32. 48	191. 76
4. tekjur af lènssýslum	2,660. »	1,900. »	740. »	2,640. »
5. lögþingisskrifara laun	32. 6	23. 60	10. 12	33. 72
6. tekjur af umboðssýslugjöldum	911. »	136. 6	1,599. 25	1,735. 31
7. konungstíundir	3,500. »	2,290. 72	1,201. 66½	3,492. 42½
8. lögmannstollur	330. »	194. 3	146. 1½	340. 4½
9. gjöld af verzlun á Islandi	11,560. »	18,264. 54	301. 9	18,565. 63
gjöld af póstgufuskipinu	994. »	994. »	» »	994. »
10. gjald á brennivíni o. fl.	5,000. »	1,766. 33	766. 91	2,533 28
11. tekjur af konungsjörðum	12,680. »	9,508. 38	3,917. 35	13,425. 73
12. gjald uppí andvirði seldra jarða o. fl.	245. »	175. 58	» »	175. 58
13. leigugjöld	183. »	633. »	» »	633. »
14. afgjald af jörðunni Belgsholti o. fl.	74. »	59. 11	» »	59. 11
15. óvissar tekjur (hèr eru taldar með sektir eptir hinum almennu hegningarlögum)	1,500. »	407. 26	37. 28	444. 54
16. vextir af hjálparsjóðnum	100. »	34. »	» »	34. »
3. grein.				
1. Gjöld uppí alþingiskostnað	6,200. »	4,369. 63	1,990. 87	6,360. 54
2. önnur endurgjöld	2,007. 15	1,635. 8	» »	1,635. 8
4. gr. Tillag úr ríkissjóðnum	49,006. »	49,006. »	» »	49,006. »
	99,312. 21	92,770. 78	11,347. 44½	104,118. 26½

Athugasemd. Af því, sem borgað er í raun og veru, 92,770 rd. 78 sk., eru 71,891 rd. 88 sk. greiddir í aðalfèhirzluna, en 20,878 rd. 86 sk. í jarðabókarsjóðinn.

1874.
10. apríl.

Útgjöld.	Fjárhags-áætlunin.	Óborgað.
6. grein.	rd. sk.	rd. sk.
Útgjöld, er snerta dómsmálastjórnina:		
A. 1. laun embættismanna:		
a) samkvæmt áætluninni fyrir reikningsárið 1871—72 23,323 rd. 32 sk.		
b) samkvæmt áætluninni fyrir reikningsárið 1871—72. 3 - » -		
23,326 rd. 32 sk.		
2. viðbót, talin samkvæmt lögum 26. marz 1870, 9. gr. . . . . 2,893 - 32 -		
	26,219. 64	26,212. 31
B. skrifstofufé o. s. frv.	3,800. »	3,800. »
C. önnur útgjöld;		
a) samkvæmt áætluninni fyrir reikningsárið 1872—73 . 3,829 rd. 32 sk.		
b) samkvæmt áætluninni fyrir reikningsárið 1871—72 . 32 - 88 -		
	3,862. 24	2,774. 88
7. grein.		
Útgjöld, er snerta kirkju- og kennslustjórnina:		
A. 1. laun embættismanna. . . . . 13,950 rd.		
2. viðbót, talin eptir lögum 26. marz 1870, 9. gr. . . . . 1,900 -		
	15,850. »	15,126. 74
B. fyrir umsjón (við skólann) og aðstoðarfé o. fl.	1,260. »	1,260. »
C. önnur útgjöld í þarfir andlegu stèttarinnar	1,918. 72	1,887. 68
D. önnur útgjöld í þarfir hinna lærðu skóla.	9,239. »	9,213. 4
8. grein.		
Eptirlaun	11,000. »	10419. 92
9. grein.		
Til ýmislegra óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma	6,000. »	5,957. 94
Til kostnaðar við alþing 1871 samkvæmt áætlun fyrir reikningsárið 1871—72 . .	» »	653. 69
10. grein.		
Það, sem umfram er	20,198. 45	26,811. 82½
	99,348. 15	104,118. 26½

1. Athugasemd. Í jarðabókarsjóðnum 31. marz 1872 24,994 rd. 13 sk.

Tekjur við jarðabókarsjóðinn samkvæmt fjárhagsáætlun . . . . . 20,878 — 86 -

Óborguð gjöld til jarðabókarsjóðsins fyrir árið 1871—72 . . . . . 4,751 — » -

Tekjur við jarðabókarsjóðinn, sem eigi eru á fjárhagsáætlun og á að borga út aptur . . 112,464 — 17 -

163,088 rd. 20 sk.

1874.			
	fluttir . . .		163,088rd. 20sk.
10. apríl.	Útgjöld við jarðabókarsjóðinn samkvæmt fjárhagsáætlun	60,837 rd. 10 sk.	
	Útgjöld við jarðabókarsjóðinn, sem eigi eru á fjárhagsáætlun og sem verða endurgoldin aptur.	28,265 — 45 -	
			89,102 rd. 55 sk.
	Í jarðabókarsjóðnum 31. marz 1873		73,985 rd. 61 sk.

2. Athugasemd. Af útgjöldum samkvæmt fjárhagsáætlun, sem eru alls 77,306 rd. 40 sk., eru 16,469 rd. 30 sk. borgaðir úr aðalfèhirzlunni, en fyrnefnd upphæð, 60,837 rd. 10 sk., er borguð úr jarðabókarsjóðnum.

---

11. apríl. **29. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um að vatnsveitingamaður verði sendur til suðuramtsins.**

Eptir að vèr samkvæmt brèfi yðar, herra landshöfðingi, dagsettu 4. desbrm. f. á., höfðum beðið hið konunglega danska landbústjórnarfèlag um, að útvega vatnsveitingamann, til þess að standa fyrir vatnsveitingum á engi og af, og öðrum þvílíkum störfum í suðuramtinu í sumar, hefir tèð fèlag látið í ljósi, að það hafi fengið vatnsveitingamann *P. M. Madsen* til þess að fara til Íslands með annari ferð póstgufuskipsins, sem nú er fyrir höndum, til þess að standa fyrir vatnsveitingum hjá þeim bændum í suðuramtinu, sem kynni að óska aðstoðar hans í þessu tilliti, og vera við heyskap, ef menn æskja þess, og svo halda áfram vatnsveitingum þeim, sem byrjað hefir verið á; skuli honum fyrir þetta veitt 50 rd. laun á mánuði frá því hann fari af stað og þangað til hann komi heim aptur, — en uppí launin hefir fèlagið borgað honum 60 rd.; ennfremur skal hann hafa ferðakostnað endurgoldinn bæði fram og aptur, og viðurværi á ferðinni ókeypis, og kauplaust húsnæði og fæði, þar sem hann er við vinnu, og skal honum látinn til nægur vinnuafli. Hann flytur með sèr nokkur verkfæri, sem keypt eru hèr.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, herra landshöfðingi, skal því við bætt, að hið konunglega landbústjórnarfèlag hefir

vísað tèðum vatnsveitingamanni til yðar, er hann kæmi til Íslands, til þess þèr segið honum nákvæmar til um, hvert hann ætti að fara; jafnframt getum vèr og þess, að dómsmálastjórnin hefir látið borga honum 36 rd. til ferðarinnar til Reykjavíkur, og mælumst til, að þèr hlutist til um, að 50 rd. laun þau á mánuði, sem honum eru veitt, verði goldin honum við lok hvers mánaðar, og að þèr sendið hingað, þegar að því kemur, skýrslu um, hvað mikið sè þannig greidt alls, svo gjörðar verði ráðstafanir til, að sá hluti launanna, sem hið konunglega landbústjórnarfèlag hefir heitið að leggja til, verði endurgoldinn af tèðu fèlagi. Sömuleiðis mælumst vèr til, að þèr sjáið um, að bústjórnarfèlag suðuramtsins endurgjaldi landssjóðnum þá 36 rd., sem borgaðir voru hèr, með því að greiða þessa upphæð í jarðabókarsjóðinn. 1874. 11. apríl.

---

30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til etatzráðs Hans A. Clausens, um gjald á brennivíni. 21. apríl.

Útaf bænarskrá nokkurri 28. f. m., þar sem þèr, herra etazráð, ásamt með fleirum öðrum íslenzkum kaupmönnum, sækið um, að borga megi aðflutningsgjald það, sem lagt er á brennivín og aðra áfenga drykki með tilskipun fyrir Ísland 12. febrúar 1872, með þriggja mánaða ávísunum, sem borgist á Íslandi, og styðist við heimildarbrèf frá vel metnum bönkum hèr, gefum vèr yður til vitundar, að dómsmálastjórnin er fús til þess að verða við ósk þessari með því móti, að yður leyfist, með ábyrgð einhvers áreiðanlegs banka hèr í borginni, að greiða tèð gjald með þriggja mánaða víxlbrèfum, sem fulltrúar yðar á verzlunarstöðunum gefi út uppá sjálfa sig, en víxlbrèfið má ekki hljóða uppá meira fè, en hlutaðeigandi banki ábyrgist, og skal tiltekið í víxlbrèfinu, að upphæðin greiðist á Íslandi; ennfremur er það vitaskuld, að greiða skuli afnáms rentu sem samsvari 4 af hundraði á ári, og ef hlutaðeigandi kaupmaður hefir verzlunarstaði í ýmsum lögsagnarumdæmum á Íslandi, skal skýra dómsmálastjórninni skýlaust frá, uppá hve mikið

1874. 21. apríl. fé gefin verði út víxlbréf í hverju umdæmi, svo hlutaðeigandi lögreglustjóra verði sagt fyrir það, sem með þarf, í þessu tilliti.

---

15. maí. **31. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald fyrir embættisferð læknis.**

Útaf bænarskrá nokkurri, sem hlutaðeigandi amtmaður og sýslumaður hafa mælt fram með, þar sem hèraðslæknir F. Zeuthen sækir um, að sèr verði veitt endurgjald af læknasjóðnum íslenzka fyrir embættisferð, er hann fór sem settur hèraðslæknir í fyrra sumar til Skaptafellssýslu, samkvæmt brèfi dómsmálastjórnarinnar 24. janúar 1871[1], hafið þèr herra landshöfðingi, í brèfi 10. febrúar þ. á. stungið uppá, að veita megi sækjandanum, sem hefir haft talsverðan kostnað við ferð þessa, 25 rd. endurgjald af tèðum sjóði.

Útaf þessu gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að dómsmálastjórnin eptir því hvernig ástatt er, leyfir, að greiða megi hlutaðeiganda 25 rd. úr læknasjóðnum eins og þèr hafið stungið uppá.

---

19. maí. **32. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um breytingar á Auglýsing um póstmál 3. maí 1872.**

Í brèfi, dagsettu 31. dag janúarm., hafið þèr, herra landshöfðingi, skýrt frá, að sökum þess, að reikningar póstafgreiðslumanna fyrir sjöundu og að nokkru leyti fyrir sjöttu póstferð á árinu 1873 eigi hefði verið komnir innan loka janúarm., og að ekki væri von á þeim fyrir marzm., og svo af því, að eigi yrði búizt við aðalviðskiptareikningnum við póststjórnina dönsku fyrir árið, sem leið, fyr en í marzm., hefðið þèr eptir tilmælum póst-

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 131.

meistarans veitt honum frest til 31. marzm. þ. á. með að gjöra reikning þann um hin íslenzku póstmál fyrir árið, sem leið, sem hann samkvæmt auglýsing um póstmál 3. maí 1872, 1. gr. hefði átt að hafa til innan 31. janúar þ. á. Jafnframt og þér nú mælist til, að stjórnarráðið samþykki þetta, getið þér þess, að það muni ganga svo hvert ár, að hvorki reikningarnir fyrir sjöundu póstferðina nè aðalviðskiptareikningurinn póststjórnarinnar dönsku verði kominn fyr enn í marzm., og stingið þér því uppá, að annaðhvort verði gjörð breyting á því, sem ákveðið er í 1. gr. í tèðri auglýsing um, hvenær póstreikningurinn skuli vera saminn og sendur til landshöfðingja, á þá leið, að svo verði skipað fyrir, að reikningurinn skuli vera tilbúinn innan marzm. loka á hverju ári, eða að svo verði beinlínis sagt fyrir, að ársreikningurinn um póstmálin að eins skuli ná til þeirra tekja og gjalda, sem póststofan í Reykjavík í raun og veru hefir heimt saman eða greidt af hendi fyrir lok reikningsársins. 1874. 19. maí.

Útaf þessu gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að dómsmálastjórnin leyfir, að tèður reikningur verði eptirleiðis saminn og sendur landshöfðingja innan marzm. loka á hverju ári, og að stjórnarráðið samþykkir ráðstöfun þá, sem þèr hafið gjört í þessu efni fyrir yfirstandandi ár.

---

33. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um kaleik og patínu handa dómkirkjunni í Reykjavík. 19. maí.

Með brèfi, dagsettu 14. dag marzm., hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þarsem biskupinn yfir Íslandi sækir um, að kaupa megi handa Reykjavíkur dómkirkju gyltan og smeltan kaleik úr silfri og silfurpatínu, sem hin fyrri dómkirkja í Skálholti eigi; þessir munir segir hann sè alldýrmætir, sökum þess að þeir sè mjög fornir og ágætlega smíðaðir, og hafi eigendur kirkjunnar í Skálholti boðið dómkirkjunni þá fyrir

1874. 19. maí. silfurverðið, sem í þeim er, og gegn því að fá endurgoldin smíðalaun fyrir nýjan kaleik og patínu handa Skálholtskirkju, en það verður alls 103 rd.; hafið þèr nú jafnframt og þèr getið þess, að kaleikurinn þurfi aðgjörðar við, er muni kosta 8 rd., stungið uppá, að fyrnefndir munir verði keyptir handa dómkirkjunni fyrir fè, af tekjum kirkjunnar á yfirstandanda ári.

Útaf þessu gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

---

20. maí. **34. Opið brèf um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara.** (á Íslenzku og Dönsku).

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Að Vèr samkvæmt hinni 4. ákvörðun um stundarsakir í stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni Íslands, 5. janúar þ. á., höfum ákveðið, að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara á hausti komanda.

Fyrir því bjóðum Vèr hèrmeð og skipum allramildilegast fyrir, að á nefndum tíma skuli haldnar almennar kosningar til alþingis samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 1. ákvörðun um stundarsakir í tèðri stjórnarskrá.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

---

20. maí. **35. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um brúargjörð yfir Ölfusá og Þjórsá.**

Eptir að verksmiður *Windfeldt-Hansen*, sem eptir tilhlutun stjórnarráðsins var sendur í fyrra[1] til Íslands, til þess að rann-

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 620.

saka, hvort hægt væri að gjöra höfn við *Portland* (Dyrhólma) og leggja brýr yfir Þjórsá og Ölfusá, hefir sent stjórnarráðinu skýrslu um rannsóknir þær, sem hann hafði gjört í þessu skyni, sendum vèr nú yður, herra landshöfðingi, téða skýrslu ásamt með tilheyranda uppdrætti og áætlun um kostnaðinn við brúargjörð þessa. 1874. 20. maí.

Eins og sjá má af skýrslunni getur það ekki komið til tals, eptir því hvernig til hagar þar á staðnum, að gjöra höfn við *Portland*. Aptur á móti er ekki neitt því til fyrirstöðu, að því leyti er landslag snertir, að leggja þessar brýr, sem nefndar voru, ef unnt væri að fá til það fè, sem til þess þyrfti. Það verður samt sem áður að vera komið undir þeim mönnum sjálfum, sem búa í þeim sveitum, er í hlut eiga, að yfirvega þetta nákvæmar eptir þeim bendingum, sem skýrslan hefir inni að halda, og svo, ef til þess kemur, að gjöra þær uppástungur, sem með þarf, — en þeir höfðu mælzt til, að fá áætlun um kostnaðinn við brúargjörðina, fyr en nokkuð yrði endilega afráðið um hana; því skal samt við bætt, að svo framarlega sem það reynist, að menn þar í sveitunum yfirhöfuð hafi nokkurn huga á, að koma þessu máli fram og leggja það í sölurnar, sem með þarf, þá muni stjórnin fús til að styðja fyrirtækið eptir megni. Um það, sem frekara verður gjört við málið, væntum vèr skýrslu yðar, þegar að því kemur.

---

36. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald handa prófasti, samkvæmt tilsk. 24. júlí 1789. 22. maí.

Með brèfi, dagsettu 21. dag nóvbrm. f. á., sem stílað var til dómsmálastjórnarinnar, er aptur sendi það hingað, hafið þèr, herra landshöfðingi, sent stjórninni bænarskrá með áliti biskupsins yfir Íslandi, þar sem prófasturinn í Barðastrandarsýslu, Ólafur E. Johnsen, sækir um, að sèr verði veitt af því fè, sem ætlað er til óvissra útgjalda á yfirstandandi reikningsári, sanngjarnt

1874. 22. maí. endurgjald fyrir kostnað þann, sem hann hafi haft við úttekt nokkra, sem fram fór í fyrra sumar, samkvæmt tilskipun 24. júlí 1789, á staðnum og kirkjunni í Selárdal; hafið þèr skotið þessu undir úrskurð stjórnarráðsins, og með því það er yðar álit, að endurgjald það, sem ákveðið er handa próföstum í þessum tilfellum, með 6. gr. í tèðri tilskipun fyrir kostnað þeirra, sè eigi, að minnsta kosti nú sem stendur, með nokkru móti samsvarandi kostnaðinum, ef úttekt skal framfara í fjarlægum sóknum, hafið þèr jafnframt stungið uppá, að lagt verði frumvarp fyrir næsta alþingi til tilskipunar um breytingu á nefndri grein, annaðhvort á þá leið, að prófastar fái endurgoldinn kostnað þann, sem í raun og veru hafi hlotizt af ferðum þeirra í þessum erindum, eptir sanngjörnum reikningi í líkingu við það, sem ákveðið er í aukatekjureglugjörð, 10. septbr. 1830, 16. gr., eða þannig, að ákveðið verði tiltekið endurgjald fyrir hvern dag, sem þeir eru á ferðinni fram og aptur. Ennfremur hafið þèr stungið uppá, hvort eigi væri ástæða til, að hækka um leið endurgjald það, sem í tèðri grein er veitt skoðunarmönnunum, og sem er 12 sk. á dag, svo það verði 1 rd. handa hverjum, en þetta eru venjuleg daglaun á Íslandi til sveita.

Útaf þessu gefur stjórnarráðið yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að það hefir enga heimild til að láta greiða Ólafi prófasti Johnsen endurgjald það, sem hann hefir sókt um, úr landssjóðnum, en með því vèr verðum að vera yðar, herra landshöfðingi, samdóma um, að ástæða sè til að segja öðruvísi fyrir um gjaldið bæði til prófasta og skoðunarmanna á þá leið, sem þèr hafið stungið uppá, og þá sèrílagi að því leyti, er prófastana snertir, þannig að þeim verði veittir hæfilegir fæðispeningar fyrir hvern dag, sem þeir eru á leiðinni fram og aptur, mælumst vèr til, að þèr, eptir að hafa fengið nákvæmara álit biskups um málið, semið frumvarp og sendið það hingað; en jafnframt skal þess getið, að það getur ekki með nokkru móti komið til tals að veita próföstum borgun af opinberu fè fyrir gjörðir þær, sem nefndar eru í niðurlaginu á brèfi biskups.

37. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald handa settum yfirdómurum.

1874. 26. maí.

Í brèfi 11. febrúar þ. á. hafið þèr, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þèr 29. ágúst f. á. hafið skipað amtmann Berg Thorberg, kansellíráð Árna Thorsteinson og skrifara Jón Jónsson í hinn konunglega íslenzka landsyfirrètt, til þess að dæma í tveimur málum, sem fyrrum yfirdómari Benedikt Sveinsson hafði áfrýjað til yfirrèttarins, og sem háyfirdómari Þórður Jónassen og yfirdómari Magnús Stephensen höfðu höfðað gegn honum við undirrèttinn útaf meiðyrðum í prentuðu riti, en allir dómendur í yfirrèttinum höfðu í ágústm. f. á. vikið úr sæti í þeim málum. Yfirrèttarstefnur Benedikts Sveinssonar í báðum málunum áttu að koma í dóm 8. septbr. næstkomanda, en áfrýjandinn kom ekki; voru þá bæði málin tekin til dóms og þeim vísað frá 22. s. m. En með því Benedikt Sveinsson þegar áður hafði mælzt til, að ný yfirrèttarstefna yrði útgefin, höfðuð þèr ákveðið 12. s. m., að dómendur þeir, sem þèr höfðuð skipað í yfirrèttinn um stundar sakir, skyldi dæma í öllum þeim málum, sem kæmi til landsyfirrèttarins útaf málaskotum í fyrnefndum meiðyrða málum, og samkvæmt þessu dæmdi hinn setti yfirrèttur 17. nóvbr. í báðum málunum, sem á ný var áfrýjað til yfirrèttarins. Dómararnir, sem settir voru, mæltust síðan til, að þeim yrði goldin þóknun sú, sem ákveðið er í konungsúrskurði 25. septbr. 1816, og væri 10 rd. fyrir hvert þeirra fjögra mála, sem dæmt hafði verið í, með því eigi væri gjörður neinn munur á því í úrskurðinum, hvort mál væri dæmt að formi til eða efni.

Þèr voruð samt á því, að það væri nokkuð efasamt, hvort þeim að rèttu lagi yrði veitt þóknun fyrir fleiri mál, en tvö, þareð eigi mætti beita úrskurðinum 1816, sem er sèrstakleg ákvörðun, fram úr því, sem nauðsyn er til í hverju einstöku tilfelli samkvæmt eðli málsins, en hèr virtist eigi vera nauðsyn á að veita þóknun fyrir fjögur mál, með því yfirrètturinn í rauninni eigi hefði meðhöndlað fleiri eða önnur mál en tvo undirrèttardóma, sem skotið hafði verið til yfirrèttar, enda hefði afgreiðsla þessara mála eigi

1874. 26. maí. verið erfið, og hefði hvorttveggja málið bæði að málafærslu til og dómi verið alveg samkynja. Þèr hafið því að eins ávísað hverjum af hinum settu dómendum 20 rd. fyrir tvö mál, og að öðru leyti eptir tilmælum þeirra skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort þeir ætti tilkall til meira, en jafnframt hafið þèr borið upp, hvort eigi væri ástæða til að fara þess á leit, að ákvörðunin í úrskurðinum frá 1816 verði úr gildi numin.

Útaf þessu gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið getur eigi sèð betur, en að hèr sè í raun og veru um fjögur mál að ræða, en þar fyrir finnst eigi vera ástæða til að gjöra nokkra breytingu á úrskurði þeim, sem þèr, herra landshöfðingi, hafið lagt á málið, með því úrskurðurinn frá 1816 eigi veitir þeim, sem settir eru, nokkurn rètt til þess að fá þóknun fyrir hvert mál, heldur að eins *felur* stiptamtmanni vald til að veita þeim slíka þóknun.

Þegar úrskurðurinn er skilinn á þessa leið, finnst stjórnarráðinu eigi heldur vera næg ástæða til, að fara þess á leit, að hann verði úr gildi tekinn, og það því síður, sem þegar litið er til þess atviks, sem gjörði, að þessi úrskurður kom út, verður að beita honum, ef aðrir verða settir en embættismenn.

---

26. maí. **38. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um ávörp til konungs.**[1]

Með brèfum, dagsettum 2. og 6. þ. m., hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað tvö þegnleg þakkarávörp til hans hátignar konungsins í tilefni af stjórnarskránni um hin sèrstaklegu málefni Íslands 5. janúar þ. á.; var annað þeirra frá alþingismönnum þeim, sem búsettir eru í Reykjavík og þar í grennd, og frá embættismönnum og borgurum í nefndum bæ, en hitt frá íbúum suðurhluta Gullbringusýslu, og hefir mèr veizt sú sæmd, að færa

[1]) Þetta brèf er prentað á Íslenzku í Þjóðólfi, 26. Árg., 33. blað, en er þar nokkuð öðruvísi en hèr.

hans hátign konunginum þessi ávörp og lesa þau fyrir honum, 1874.
16. dag þ. m. 26. maí.

Hans hátign konunginum þóknaðist allramildilegast að bjóða mèr, að fela yður, herra landshöfðingi, á hendur, að færa þeim mönnum, er ritað höfðu nöfn sín undir ávörpin, það svar, að eins og það hefði verið honum geðfelt og gleðilegt að heyra fram fluttar þær hollustu tilfinningar, sem ávörp þessi votta um, eins treysti hann því fastlega, að stjórnarbót sú, er hann í fullu trausti til hins staðfasta frjálslyndis sinna kæru Íslendinga, hefir veitt Íslandi, muni einmitt vegna þessara tilfinninga, er hann reiði sig á að sè almennar á landinu, verða því til blessunar og efla farsæld þess um ókominn tíma.

Hans hátign konungurinn bætti því við, að eins og það sèrílagi hefði verið sèr kært, að geta tengt þá hina nýju stjórnarskrá við þúsund ára hátíð Íslands, eins væri það ósk hans og von — svo framarlega sem aðrar stjórnar-annir verði því ekki til fyrirstöðu — að koma til Íslands á sumri þessu, til þess að taka sjálfur þátt í fögnuði þjóðarinnar yfir minningu hins umliðna og vonum hins ókomna tíma.

---

39. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um byggingu fangelsa. 26. maí.

Til samlags við brèf dómsmálastjórnarinnar 16. f. m. gefum vèr yður til vitundar, að dómsmálastjórnin hefir gjört samning þann, sem vèr nú sendum yður endurrit af, við timburmeistara *Klentz* um byggingu fangelsis og þinghúss og ráðstofu á Akureyri og fjögra fangelsa á þessum stöðum: Húsavík, Eskifirði, Stykkishólmi og Ísafirði, og að *Klentz* samkvæmt þessu ætti jafnskjótt og unnt er að senda skip til tèðra hafna með efni í byggingar þessar; hefir stjórnarráðið jafnframt þessu sent amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu og sýslumönnum í þeim sýslum, þar sem byggja skal þessi fjögur fangelsi, er síðast var getið, beina leið endurrit af samningi þeim, sem gjörður er, með

1874. 26. maí. tilheyrandi fylgiskjölum og uppdrætti, og höfum vjer lagt tèðum embættismönnum fyrir, að vísa erfiðismönnum *Klentz's* á byggingarstæði, og svo þegar til þess komi gæta þess, að þeir byggi húsin samkvæmt samningnum og skili þeim af sèr í tilbærilegu standi.

---

27. maí. **40. Brèf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aldursleyfi fyrir prestsefni.**

Samkvæmt þegnlegum tillögum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknazt 26. þ. m. að veita stúdentum á prestaskólanum Jóni Halldórssyni og Steingrími Jónssyni leyfi til að láta vígjast til prests, jafnskjótt og þeir í águstm. þ. á. hafi tekið burtfararpróf við tèðan skóla, þótt þeir eigi þá sè 25 ára að aldri.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, skal því við bætt, að leyfisbrèfin verða send með næstu póstskipsferð.

---

27. maí. **41. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um aðgjörð á dómkirkjunni í Reykjavík.**

Í brèfi, dagsettu 15. dag nóvbrm. f. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, leidt athygli dómsmálastjórnarinnar að því, að dómkirkjan í Reykjavík sè mjög af sèr gengin, og stungið uppá, að stjórnarráðið leiti álits reyndra manna um, hvernig hagfelldast væri að koma við aðgjörð á kirkjunni og hvort þá mætti stækka hana.

Eptir að stjórnarráðið hafði leitað álita timburmeistara *Klentz's* um þetta efni, hefir hann látið í ljósi, að hann geti eigi gjört nokkra uppástungu í þessu tilliti eða áætlun um kostnað-

inn, nema því að eins að kirkjan sjálf sè skoðuð, og hefir hann boðizt til að láta einhvern af erfiðismönnum þeim, sem hann ætli að senda til Íslands á þessu ári til þess að byggja þar fangelsi samkvæmt samningi þeim, sem gjörður er við stjórnarráðið, fara til Reykjavíkur með póstgufuskipinu, sem sigli hèðan á morgun, til þess að skoða kirkjuna og láta uppi skoðunargjörð, er byggð sè á rannsókn þessari, en úr Reykjavík skyldi hann svo halda til Akureyrar eða Stykkishólms. 1874. 27. maí.

Með því stjórnarráðið hefir tekið við boði þessu, mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, sjáið um, að þeim, sem í hlut á, tafarlaust verði gefinn kostur á að skoða dómkirkjuna, svo skoðunargjörðinni að svo miklu leyti, sem unnt er, verði lokið áður en póstgufuskipið leggur aptur af stað frá Reykjavík í þessari ferð sinni.

---

42. Auglýsing fyrir Ísland um, frá hvaða tíma hin nýja reikningseining, eptir peningalögunum 23. maí 1873, skuli í gildi leidd. 6. júní.

Samkvæmt peningalögunum 23. maí 1873, 17. gr. hefir hans hátign konunginum þóknazt með allrahæstum úrskurði 20. f. m. allramildilegast að ákvarða, að hin nýja reikningseining, sem ákveðin er með tèðum lögum, ásamt skipting hennar skuli í gildi leidd frá 1. janúar 1875.

Þetta skal hèrmeð gefið almenningi til vitundar.

Í fjárhagsstjórninni, 6. dag júním. 1874.

Fr. Krieger.

F. Vestergaard,
asst.

1874. 6. júní.

43. Auglýsing fyrir Island, um mótið á eins eyris-, tveggja-, fimm-, tíu- og tuttuguogfimmaura-peningum þeim, sem slegnir verða samkvæmt peningalögunum 23. maí f. á.

Með allrahæstum úrskurðum 26. nóvbr. f. á., 27. janúar, 26. febrúar og 22. maí þ. á., hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast að ákveða, að smápeningar þeir, sem hèr verða taldir, skuli samkvæmt peningalögunum 23. maí f. á. slegnir með móti því, sem hèr segir:

Eins eyris-, tveggja- og fimmaura-peningar úr kopar:

Á aðhverfuna skal setja fangamark hans hátignar konungsins með kórónu yfir, og neðan undir það peningamerkið, ár það, er peningurinn er mótaður, og upphafsstafina á nafni peningasmiðju-forstjórans, og á fráhverfuna verð peningsins — »1 Öre«, »2 Öre«, »5 Öre« — og umhverfis höfrung, er táknar sjófarir, og kornax á strái, er táknar akuryrkju.

Tíu- og tuttuguogfimmaura-peningar úr silfri:

Á aðhverfuna skal setja brjóstmynd hans hátignar konungsins og umhverfis áskriptina »Christian IX, Konge af Danmark«, og neðan undir myndina peningamerkið, ár það, er peningurinn er mótaður og upphafsstafina á nafni peningasmiðjuforstjórans, og á fráhverfuna: í miðjuna þá tölu, er segir til verðs á peningnum — annaðhvort »10 Öre« eða »25 Öre«, þannig að orðið »Öre« standi fyrir neðan töluna —, til hliðanna höfrung og kornax á strái og fyrir ofan stjörnu.

Þetta skal hèrmeð gefið almenningi til vitundar.

Í fjárhagsstjórninni, 6. dag júním. 1874.

Fr. Krieger.

F. Vestergaard,
Asst.

44. Brèf dómsmálastjórnarinnar til reikningastjórnardeildarinnar, um lækkun á jarðarafgjaldi. 1874. 8. júní.

Eptir að stjórnarráðið samkvæmt uppástungu landshöfðingjans um, að linun sú í landskuldagreiðslu, sem veitt var landsetunum á jörðunni Slýjum, sem heyrir undir Kirkjubæjar klausturs góz, Einari Ólafssyni og Sveini Sveinssyni, með brèfi stjórnarráðsins 13. oktbr. 1870[1], um 3 ár til fardaga 1873, alls 50 álnir, megi haldast við til fardaga 1876, reiknuð eins og hingað til, þannig að hver alin í öðrum helmingnum verði metin á 8 sk., en hinn helmingurinn eptir meðalverði allra meðalverða samkvæmt verðlagsskránni, — hafði veitt honum vald til, að veita fyrnefndum landsetum lækkun þessa á jarðarafgjaldinu um 3 ár, ef það yrði sannað með skoðunargjörð, að lækkunin væri sanngjörn og afgjaldið, sem eptir stæði, hæfilegt, — hefir landshöfðinginn skýrt stjórnarráðinu frá, að hann hafi látið skoðunargjörð framfara og samkvæmt því valdi, sem stjórnarráðið hafði veitt honum til þess, veitt landsetunum á tèðri jörðu, Einari Ólafssyni og Sveini Sveinssyni, linun þá í landskuldagreiðslu þeirra af jörðunni Slýjum, sem getið var, 25 álnir hvorum þeirra, um 3 ár frá fardögum 1873 til fardaga 1876.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss að tilkynna reikningastjórnardeildinni.

---

45. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um þóknun fyrir jarðabætur á klausturjörðu. 15. júní.

Með brèfi, dagsettu 15. dag aprílm. þ. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað skjal nokkurt, þar sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæmi Íslands skýrir frá, að hann hafi veitt leiguliðanum á jörðunni Reykjum, sem heyrir undir Reyni-

---

[1]) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 103.

1874. staðar klausturs góz, Þorleifi hreppstjóra Jónssyni, 40 rd. verð-
15. júní. laun af því fé, sem ætlað er til garðaræktar í norður- og austur-umdæminu, fyrir talsverðar jarðabætur á téðri jörð, og stingur uppá, að gefa megi fyrnefndum leiguliða til frekari verðlauna fyrir þetta upp jafnmikið af jarðarafgjaldinu á fardagaárinu 1874—75, sem er 220 áln. eptir meðalverði verðlagsskrárinnar; hafið þér mælt fram með, að það verði samþykkt, sem stungið er uppá.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið leyfir eptir því, sem ástatt er, að hlutaðeiganda verði gefinn upp helmingurinn af jarðarafgjaldinu fyrir fardagaárið 1874—75 í því skyni, sem getið var.

---

29. júní **46. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um Vesturheimsfara.**

Með brèfi, dagsettu 4. dag maím. þ. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað fyrirspurn frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu, hvort menn, sem hafa flutt sig af Íslandi og farið til Bandafylkjanna í Vesturheimi eða til Kanada, og þar verða hjálpar þurfandi, geti búizt við, að þeim veitist nokkur styrkur, og hvort þess þá verði krafizt, að framfærsluhreppar Vesturheimsfaranna á Íslandi endurgjaldi styrkinn, eða hvort þeir verði fluttir heim aptur í þær sveitir, þar sem þeir áður áttu rètt til framfærslu; hafið þjer farið fram á, að dómsmálastjórnin finni ástæðu til að svara uppá þessar greinir, sem spurt er að, og jafnframt vakið máls á því, hvort það verði álitið hagfellt, að skipa fyrir á Íslandi með lögum um tilsjón af hendi yfirvaldanna með flutningum manna til annara landa, eins og t. a. m. gjört er í Danmörku, en þèr eruð helzt á því, að þess sè eigi þörf.

Útaf fyrirspurn þessari hefir dómsmálastjórnin skrifað utanríkisstjórninni og spurt að, hvort hún gæti látið til skýrslur um

þetta efni, en að því leyti, er snertir það atriði, sem þèr hafið hreyft, skal þess getið, að með því það hefir farið mjög í vöxt á Íslandi, að menn fýsast til að flytja sig þaðan til annara landa, — en þess er nú auk annars ljós vottur bænarskrá nokkur til dómsmálastjórnarinnar frá erindsreka eins flutningafèlagsins, þar sem skýrt er frá, að hèr um bil 500 manns ætli í n. m. að fara frá Akureyri til Nýju Brunsvíkur með flutningaskipi, sem komi frá Norvegi — finnst stjórnarráðinu ástæða til, að setja lög til tryggingar því, að farið sè vel með farmenn á flutningaskipum, eins og gjört er í konungsríkinu, og mælumst vèr því til, að þèr íhugið málið, og ef til þess kemur skýrið stjórnarráðinu frá uppástungum yðar um þær breytingar, sem mætti gjöra á þeim ákvörðunum, sem gilda í þessu efni í Danmörku, ef þær þykja fallnar til að verða leiddar í lög á Íslandi. 1874. 29. júní.

---

47. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um lækkun á jarðarafgjaldi. 2. júlí.

Með brèfi, dagsettu 15. dag aprílm. þ. á., hafið þèr, herra landshöfðingi sent hingað bænarskrá, þarsem amtmaðurinn yfir norður og austurumdæminu, Kristján Christjansson, fer þess á leit, að stjórnarráðið samþykki, að hann 9. marz 1872 hafi byggt manni nokkrum jörðina Stóru-Tjarnir, sem heyrir undir norðurhluta Múnkaþverár klausturgóz, og sem hefir orðið fyrir áföllum af fjallaskriðum og skemmzt við það, frá fardögum 1872 til fardaga 1874 fyrir 60 álna landskuld og 60 álnir í leigu, hvorttveggja talið eptir meðalverði verðlagsskrárinnar, og stingur uppá, að byggja megi tèða jörð frá fardögum 1874 fyrst um sinn fyrir sama afgjald, þó þannig, að landskuldin verði hækkuð um 10 álnir á ári, þegar einu af kúgildum þeim, sem fylgja jörðinni með samþykki hlutaðeiganda landseta, verði komið á einhverja aðra jörð, sem heyrir undir fyrnefnt umboð; hafið þèr nú, herra landshöfðingi, skotið þessu máli undir úrskurð stjórnarráðsins.

1874. 2. júlí. Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið samþykkir þessa ráðstöfun og leyfir, að jörðin verði byggð fyrst um sinn með þeim kjörum, sem nú var sagt.

2. júlí. **48. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald fyrir skaða af jarðskjálfta.**

Með brèfi, dagsettu 15. dag aprílm. þ. á., hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu stingur uppá, að veita megi landsetanum á jörðunni Keflavík, sem heyrir undir Möðruvalla klausturs góz, Halldóri Sveinssyni, og landsetanum á Granastöðum, sem er ein af Norðursýslu jörðunum, Guðjóni Halldórssyni, endurgjald fyrir skaða þann, sem húsin á tèðum jörðum urðu fyrir við jarðskjálfta í apríl 1872, og sem samkvæmt þeim skoðunargjörðum, sem hingað eru sendar, er virtur 47 rd. og 65 rd., og skyldi þetta endurgjald að minnsta kosti samsvara helmingnum af því, sem skaðinn er virtur til og fyr var nefnt. Þèr hafið nú mælt með þessari uppástungu amtmanns á þá leið, að báðum landsetunum verði gefið svo mikið eptir af landskuldargjaldi þeirra, sem samsvari helmingnum af skaðanum, 23 rd. 48 sk. öðrum þeirra og hinum 32 rd. 48 sk.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar.

2. júlí. **49. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um kúgildi á klausturjörðum.**

Með brèfi, dagsettu 16. dag aprílm., hafið þèr, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá, þar sem amtmaðurinn yfir norður-

og austurumdæmi Íslands stingur uppá, að setja megi 3 kúgildi á jörðina Hjaltastaði, sem heyrir undir Reynistaðar klausturs góz, og fella jafnmörg kúgildi úr á 5 öðrum jörðum undir sama umboði; í tilefni af þessu hafið þèr stungið uppá, að kúgildin verði keypt að, með því fè það, sem til kaupanna gengur, gefi hèr um bil 10 af hundraði í leigum; aptur á hinn bóginn álítið þèr, að eigi skuli neitt ákveðið um það, hvort fella skuli burt kúgildin á hinum jörðunum, fyr en sá byggingartími, sem nú er, sè úti, en með því það virðist óhentugt, að skipta kúgildum í minni parta en hálft kúgildi, hafið þèr samt lagt til, að taka megi tvær ær af jörðunni Kjartanstaðakoti og eina af þröm, en með því móti verður eptir eitt kúgildi á annari jörðunni en $1^1/_2$ á hinni. 1874. 2. júlí.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið fellst á, að keypt verði 3 kúgildi handa Hjaltastöðum fyrir fè úr umboðssjóðnum, og skal því við bætt, að vèr erum yður reyndar samdóma í því, að eigi skuli skipta kúgildum í minni parta en $^1/_2$ kúgildi, en samt þykir bezt við eiga að gjöra enga breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú er, fyr en jarðirnar losna.

---

50. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrktarsjóð Jóhannesar Kristjánssonar. 3. júlí.

Í brèfi 15. apríl þ. á. hafið þèr, herra landshöfðingi, stungið uppá, að fengin verði konungleg staðfesting á stofnunarbrèfi óðalsbónda Jóhannesar heitins Kristjánssonar, dagsettu 7. febrúar 1869, viðvíkjandi »styrktarsjóði Jóhannesar Kristjánssonar handa fátækum námfúsum bændaefnum í Helgastaða-, Húsavíkur- og Ljósavatns hreppum.«

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr kunngjörið það, að dómsmálastjórnin hefir gefið út

1874. 3. júlí. staðfesting í nafni konungs á skrá þessari, og sendum vèr yður til frekari ráðstöfunar staðfestingarskjalið.

Fylgiskjal.[1]

Í skiptaráðstöfun minni, dagsettri 3. oktbrm. 1865, sem samþykkt er og undirskrifuð af erfingjum mínum, hef jeg ráðstafað 500 rd. af verði jarðarinnar Laxamýrar, sem innistendur hjá syni mínum, Sigurjóni bónda á Laxamýri, þannig, að þeim verði að mèr látnum varið til mentunarstyrks einkum í búnaði og jarðyrkju, handa námfúsum, en fátækum bændaefnum í þeim þremur hreppum, hvar jeg hef alið allan aldur minn, nefnilega Helgastaða-, Húsavíkur- og Ljósavatnshreppum. Þarsem drottni hefir nú þóknazt að treina líf mitt fram á þennan dag, hef jeg við nákvæmari yfirvegun fundið nauðsynlegt, að gjöra ítarlegri ráðstöfun um fyrirkomulag og stjórn þessarar litlu stofnunar eptir minn dag, og verður það, sem eptir fylgir.

1.

Sjóður þessi skal nefnast: Styrktarsjóður Jóhannesar Kristjánssonar handa fátækum námfúsum bændaefnum í Helgastaða- Húsavíkur- og Ljósavatnshreppum.

2.

Að mèr fráföllnum setist innstæðan á vöxtu gegn óbundnu og áreiðanlegu fasteignarveði og ávaxtist þartil sjóðurinn er orðinn 1000 rd. Má eigi taka til vaxtanna, fyrri en sjóðurinn hefir náð þeirri upphæð, sem nú var sagt.

3.

Þá er sjóðurinn hefir náð tèðri upphæð, sem mèr telst til að verði að 18—20 árum liðnum, frá andláti mínu, ef vel er

---

[1]) Frumritið er á Íslenzku.

áhaldið, þá skal fara að verja leigunum til að styrkja einn eða fleiri námfúsa unga menn af bændastètt, til að afla sèr nauðsynlegrar kunnáttu í búnaði og jarðarrækt. Styrkurinn veitist einungis mönnum í þeim 3 hreppum, sem að framan voru nefndir, og skulu niðjar mínir hafa forgöngurètt, ef til eru og verðugir finnast til að njóta styrksins. 1874. 3. júlí.

4.

Verði búnaðarskóla eða þessleiðis mentastofnun komið á fót hèr í sýslu, skal sjóðurinn leggjast til tèðrar stofnunar, henni til styrktar og viðgangs. Þó skal sjóðurinn jafnan vera sèrstök stiptun með sèrskildum reikningum og ágóðanum eða afgiftinni jafnan vera varið á þann hátt, sem ákveðið er í 3. gr.

5.

Sem stjórnendur og umsjónarmenn sjóðsins tilnefni jeg sýslumanninn og hèraðsprófastinn samt alþingismanninn fyrir syðra kjördæmi sýslunnar, hverir sem eru eða verða kunna.[1] Þessir menn hafa á hendi umsjón og ábyrgð sjóðsins, undir yfirumsjón amtmannsins í norður- og austurumdæminu, hverjum þeir senda árlega skilagrein um efnahag og meðferð sjóðsins. En þá er úthluta skal styrk þeim, sem að framan er getið, kveðja stjórnendurnir sjer til ráðaneytis hreppstjórana í þeim 3 hreppum, sem áður eru nefndir.

Þessa mína síðustu ráðstöfun undirskrifa eg og innsigla í viðurvist tveggja vitundar votta.

Krossi, þann 7. febrúarm. 1869.

Jóhannes Kristjánsson.

(handsalað)

L. S.

Vitundar vottar:

Jón Sigurðsson.

E. Halldórsson.

---

[1]) Í staðfestingarskjalinu er ákveðið, að það skuli vera komið undir alþingismanninum sjálfum, hvort hann vili taka þátt í stjórn sjóðsins. Að öðru leyti er þar engin breyting gjörð á stofnunarskránni.

1874. 3. júlí. **51. Brèf dómsmálastjórnarinnar til innanríkisstjórnarinnar, um breyting á gjöldum í auglýsing 26. septbr. 1872.**

Útaf brèfi innanríkisstjórnarinnar, dagsettu 26. f. m., þarsem stungið er uppá, að gjöldum þeim, sem getið er um í auglýsing 26. septbr. 1872, sem hefir inni að halda ákvarðanir um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sèrstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis, verði breytt í krónumynt á þann hátt, sem nákvæmar er tiltekið, samkvæmt peningalögunum, 23. maí 1873, gefum vèr til kynna, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti fellst á það, sem stungið er uppá.[1]

---

4. júlí. **52. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um verzlunarskýrslur frá sýslumönnum.**

Um leið og vèr sendum yður skýrslur nokkrar frá Böving sýslumanni um aðfluttar- og útfluttar vörur að því leyti, er

---

[1]) Uppástunga innanríkisstjórnarinnar fer fram á, að
breytt verði í 5 gr. 50 rd. í 100 krónur,
— — - — 100 — - 200 —
— — - 6. gr. 8 sk. - 16 aura,
— — - — 16 — - 33 —
— — - — 24 — - 50 —
— — - 7. gr. 8 — - 16 —
— — - — 12 — - 25 —
— — - 8. gr. 8 — - 16 —
— — - — 10 rd. - 20 krónur,
— — - 9. gr. 12 sk. - 25 aura,
— — - — 100 rd. - 200 krónur.
— — - 10. gr. 12 sk. - 25 —
— — - — 4 — - 8 —
— — - — 16 — - 33 —
— — - — 100 rd. - 200 krónur,
— — - 12. gr. 8 sk. - 16 aura,
— — - — 15 rd. - 30 krónur,
— — - — 32 sk. - 66 aura.

snertir Norðurmúlasýslu, á árinu 1873, og skýrslur um verðlag á vörum á sama ári, mælumst vèr til, að þèr leiðið athygli tèðs embættismanns að því, að senda skuli yður beina leið þesskonar skýrslur samkvæmt 13. gr. í erindisbrèfi fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi, 29. júní 1872. 1874. 4. júlí.

53. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um húsaleigastyrk handa amtmanninum í norður- og austurumdæminu. 6. júlí.

Eptir að hingað hefir borizt brèf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 4. maím. þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 4. þ. m. allramildilegast að veita amtmanni yfir norður- og austurumdæmi Íslands, Kristjáni Christjanssyni 200 rd. húsaleigustyrk á yfirstandanda reikningsári.

Þetta gefum vèr yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það og gjörið ráðstafanir til, að fè þetta verði goldið amtmanninum.

54. Auglýsing um að stofnað skuli stjórnarráð fyrir Ísland og hvernig skipta skuli niður störfum þeim, sem hin íslenzka stjórnardeild, er hingað til hefir verið, hefir haft á hendi.[1] 14. júlí.

Með allrahæstum úrskurði, dagsettum í dag, hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast at skipa svo fyrir:

1) að stofna skuli frá 1. ágúst þ. á. sèrstakt stjórnarráð

[1]) Þessi auglýsing er prentuð á Íslenzku og Dönsku í »Stjórnartíðindunum fyrir Ísland, 1874, A., Nr. 1.«

1874. 14. júlí. fyrir Ísland, samkvæmt stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 2. og 62. gr.;

2) að öll þau mál viðvíkjandi Íslandi, sem hingað til hafa verið afgreidd í hinni íslenzku stjórnardeild, er heyrir undir dómsmálastjórnina og að því leyti, er snertir kirkju- og skólamál, undir kirkju- og kennslustjórnina, skuli frá 1. ágúst þ. á. lögð undir stjórnarráðið fyrir Ísland, þannig að öll sèrstakleg íslenzk málefni verði eptirleiðis afgreidd í þessu stjórnarráði, að undantekinni endurskoðun íslenzkra reikninga, sem 1. reikningastjórnardeild fjárhagsstjórnarinnar skal hafa á hendi fyrst um sinn eins og hingað til;

3) að færeysku málin, sem hingað til hafa verið afgreidd í hinni íslenzku stjórnardeild, skuli lögð undir 2. stjórnardeild dómsmálastjórnarinnar, að undanteknum færeyskum kirkju- og skólamálum, sem skulu lögð undir kirkju- og kennslustjórnina.

Í fyrirsæti ráðgjafanna, 14. dag júlím. 1874.

L. Gr. Holstein.

J. Holten.

---

17. júlí. **55. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um stjórnartíðindi fyrir Ísland.**[1]

Eptir að hingað hafði borizt brèf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 4. maí þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 13. þ. m. allramildilegast að fallast á, að útgefin verði frá 1. ágúst þ. á. stjórnartíðindi fyrir Ísland, og að greiða megi útgjöld þau, sem með þarf til þessa á yfirstandandi ári og sem muni nema hèr um bil 240 rd., úr hinum ízlenzka landssjóð, þannig að upphæðum þeim, sem tilfærðar eru í 6. gr. í áætlun um tekjur og

---

[1]) Þetta brèf er prentuð á Íslenzku í »Stjórnartíðindum fyrir Ísland«, 1874, B., bls. 1., og er þar orðað nokkuð öðruvísi, en hèr.

útgjöld Íslands, sem er staðfest af konungi 31. oktbr. f. á., verði breytt samkvæmt þessu. 1874. 17. júlí.

Um leið og stjórnarráðið tilkynnir yður konungsúrskurð þenna, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið þær ráðstafanir, sem ennfremur er þörf á, skal þess getið, sem hèr segir:

Eins og drepið er á í brèfi stjórnarráðsins, dagsettu 16. marzm. þ. á., á að gefa út tíðindi þessi í tveimur deildum, A. og B., og skal hèr sèð um, að hin fyrri deildin verði gefin út í sambandi við lagatíðindin (*Lovtidende*) og verður hún eins úr garði gjörð og þau, þannig að íslenzki textinn verður prentaður jafnhliða hinum danska texta; en þèr, herra landshöfðingi, skuluð annast um, að deildin B. verði gefin út; í þá deild skal eptir því, sem þèr nákvæmar ákveðið, auk konungsúrskurða og úrskurða stjórnarráðanna þess efnis, sem hingað til hefir verið látið í báðar deildir stjórnartíðindanna (*Ministerialtidende*) og »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands«, sem hið íslenzka bókmentafèlag hingað til hefir gefið út, einnig taka þá úrskurði stjórnarinnar í landinu sjálfu, er kynnu að varða almenning og ennfremur ýmsar skýrslur, er hagfellt þykir að birta á þenna hátt, og þá þar með hin fyrirskipuðu ágrip af reikningum opinberra stofnana, sveitafèlaga og þess háttar stofnana, verðlagsskrár og fl., en útaf tillögum yðar í fyrnefndu brèfi yðar skal þess getið, að eigi skal neitt gjald heimtað fyrir að taka skýrslur í stjórnartíðindin. Að endingu skal í þessa deild taka skýrslur um landshagi á Íslandi, hèr um bil á sama hátt, og gjört var í stjórnartíðindunum (*Ministerialtidende*) sbr. *Ministerialtidenden*, 1871. B., bls. 723 o. s. frv. Svo er til ætlað, að deildin B., að með töldum landshagsskýrslum þeim, er nú var getið, verði hèr um bil 15 arkir á ári.

Með því báðar deildirnar eiga að vera ein heild, verður, eins og drepið er á í fyrnefndu brèfi stjórnarráðsins, að gefa út deildina B. í sama broti, með sömu rèttritun og svo framarlega sem unnt er, á sama pappír, sem deildina A., sem, eins og getið var, verður eins úr garði gjörð og lagatíðindin (*Lovtidende*), en til deildarinnar B. má ef vill að öllu eða nokkru leyti nota

1874. 17. júlí. smærra letur og verður yfirhöfuð að við hafa meira sparnað við prentun þeirrar deildar.

Tíðindin öll skulu kauplaust send öllum yfirvöldum, landsyfirréttinum, landfógetanum, landlækninum, sýslumönnum, sveitastjórnum, embættismönnum andlegrar stéttar og umboðsmönnum þjóðjarða á Íslandi. Að öðru leyti geta menn pantað tíðindin fyrir það kaupverð, sem þér hafið stungið uppá, sem er 80 sk. (1 krónu 66 aurar) um árið, en fyrir þetta ár frá 1. ágúst til 31. desbr. 40 sk.

Eins og þér, herra landshöfðingi, hafið gjört ráð fyrir, skal þar að auki hafa deildina A. til þess að þinglýsa þeim lagaboðum, sem hún hefir inni að halda. Exemplör þau af deildinni A., sem með þarf til þessa, — en ætlazt er til að til útbýtingar kauplaust gangi hér um bil 425, til áskrifanda hér um bil 200 og til þinglýsingar hér um bil 175 exemplör — verða send yður héðan til frekari ráðstöfunar, og mælumst vér til, að þér sendið stjórnarráðinu nokkur exemplör af deildinni B.

Fyrir ritstjórn á deildinni B. megið þér greiða hlutaðeiganda 10 rd. fyrir örkina, allt að 150 rd. á ári, og 50 rd. árlega í þóknun fyrir útbýtingu og fyrir fjárheimtu og reikningastörf við báðar deildirnar; þar að auki megið þér verja allt að 150 rd. á ári til ritlauna fyrir landshagsskýrslur þær, sem getið var að framan, og má borga öll þessi útgjöld og kostnaðinn að öðru leyti við prentun og til pappírs, og við að senda tíðindin með póstum, — en stjórnarráðið hefir talið útgjöld þessi samkvæmt áætlun yðar í fyrnefndu bréfi yðar — úr jarðabókarsjóði Íslands, að frá dregnu gjaldi áskrifanda, þannig að upphæðin fyrir yfirstandandi ár samkvæmt fyrnefndum konúngsúrskurði verði talin til útgjalda samkvæmt 6. gr. áætlunarinnar.

---

18. júlí. **56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrktarsjóð Örum og Wulffs.**

Um leið og vér skýrum yður, herra landshöfðingi, frá, að

stjórnarráðið hefir í nafni konungs útgefið staðfesting á gjafa- 1874.
brèfi verzlunarfèlagsins *Örums og Wulffs*[1] hèr í borginni, — en 18. júlí.
með því hefir tèð verzlunarfèlag í tilefni af þúsund ára hátíð Íslands gefið 1500 rd. í konunglegum skuldabrèfum, sem hljóða uppá 4 rd. leigu af hundraði á ári, til þess að stofna sjóð fyrir Suður-Þingeyjarsýslu og Múlasýslurnar báðar, sem nefnist *styrktarsjóður Örums og Wulffs* — sendum vèr yður staðfestingarskjalið, og skal því við bætt, að skuldabrèfin munu seinna verða send.

Fylgiskjal.[2]

Í minning þúsund ára hátíðar Íslands gefum vèr hèrmeð 1500 rd. í konunglegum skuldabrèfum, sem hljóða uppá 4 af hundraði í leigu á ári, til þess að stofnaður verði sjóður handa Suður-Þingeyjarsýslu, og Múlasýslunum báðum í norður- og austurumdæmi Íslands, en í þeim sýslum höfum vèr haft atvinnu vora um langan aldur. Um stjórn sjóðsins og hvernig honum skuli verja, setjum vèr þær reglur, sem hèr koma.

1. gr.

Sjóðurinn skal nefnast „*Styrktarsjóður Örums og Wulffs*“

2. gr.

Innstæðan skal ávallt standa ósnert. Vöxtuna skal fyrst um sinn geyma, þangað til stofnaður er landbúnaðarskóli í norður- og austurumdæmi Íslands, og skal fyrir vaxtafè það, sem sparazt hefir, kaupa konungleg skuldabrèf, sem leggist til innstæðunnar. Þegar búið er að koma slíkum skóla á fót, skal verja leigunum af sjóðnum til þess að styrkja ungan námfúsan mann af bændastètt úr fyrnefndum sýslum, — og þá ef unnt er sinn í hvert

[1]) Stórkaupmaður Jens Hemmert er nú eigandi þessarar verzlunar og stendur fyrir henni.

[2]) Frumritið er á Dönsku. — Á Íslenzku prentað í Stjórnartíðindum fyrir Ísland 1875. B., bls. 24—25.

1874. 18. júlí. skipti úr hverri sýslunni, — sem hefir löngun til að ganga á landbúnaðarskóla, en vantar efni til þess.

3. gr.

Fyrst um sinn stjórnar amtmaðurinn yfir norður og austurumdæminu og verzlunarstjóri vor á Húsavík sjóðnum, en þegar búið er að stofna fyrnefndan landbúnaðarskóla, skal leggja sjóðinn undir stjórn skólans.

4. gr.

Sé skólinn eigi stofnaður, þá er innstæðan ásamt með leigunum er orðin 2000 rd., skal verja leigunum til ferðastyrks handa ungum manni, eins og áður var sagt, sem æskir að afla sèr þekkingar erlendis á landbúnaði og jarðarrækt, og verður hann, til þess að fá styrkinn, að leita til þeirra manna, sem fyrst var getið í 3. gr., er þeir skulu útbýta gjöfinni; vitnisburðar hèraðsprófastsins um, að sá, sem sækir um styrkinn, sè hans maklegur, þarf með. Jafnskjótt og búið er að stofna skólann í norður- og austurumdæmi Íslands, fellur þessi ákvörðun úr gildi, og skal þá farið eptir því, sem sagt er í 2. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega senda reikning til landshöfðingjans yfir Íslandi um efnahag sjóðsins og hvernig honum hefir verið varið.

Kaupmannahöfn, 17. júlí 1874.

Örum og Wulff.

---

24. júlí. **57. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um Vesturheimsfara.**

Til samlags við brèf dómsmálastjórnarinnar 29. f. m. gefum vèr yður, herra landshöfðingi, til vitundar, að utanríkisstjórnin hefir svarað fyrirspurn þeirri, sem borin var upp fyrir henni, um það, hvort menn, sem hafa flutt sig af Íslandi og farið til

Bandafylkjanna í Vesturheimi eða til Kanada, og þar verða hjálpar þurfandi, geti búizt við, að þeim veitist nokkur styrkur, og hvort þess þá verði krafizt, að framfærsluhreppar Vesturheimsfaranna á Íslandi endurgjaldi styrkinn, eða hvort þeir verði fluttir heim aptur, — á þá leið, að hún, jafnframt og byggt sè á því, að fyrirspurnin, sem borin er upp, eigi að eins við þann styrk, sem yfirvöld eða opinberar stofnanir í Bandafylkjunum í Vesturheimi og Kanada kynni að veita dönskum þegnum, eigi ekki hægt með, að gefa skýrslu um, hvernig þessu sè háttað í Norðurameríku, og að það muni bundið miklum örðugleikum, að útvega nákvæmar skýrslur um ákvarðanir þær, sem settar sè um þetta með lögum eða af yfirvaldinu, og sem án efa sè með ýmsu móti í hverju fylki. Utanríkisstjórnin getur því eigi svarað öðru uppá það, sem spurt er að, en því, að það sè álitið regla allra siðaðra þjóða ámilli, að þegar þegnar einhvers ríkis verði hjálpar þurfandi á meðan þeir dveli í öðru landi, þá sè þeim veittur styrkur fyrst um sinn af því ríki, þarsem þeir eru, og að eigi sè heimtað, að kostnaður sá, sem hlýzt af þessari framfærslu um stundar sakir, lækningum og aðhjúkrun, verði endurgoldinn af því ríki, þarsem þeir, er styrkinn hafa fengið, eiga heima. Að því leyti, er snertir endurgjald kostnaðarins við að senda þurfamenn heim aptur, þá verður venjulega farið með þann kostnað á sama hátt og framfærslu-útgjöld, með því hlutaðeiganda útlent ríki að öllum jafnaði borgar sjálft kostnaðinn. Hèr verður samt að geta þess, að ef það kemur til tals að senda heim danskan mann úr einhverju landi, sem er mjög fjarlægt Danaveldi, þá er það eigi víst, að stjórnin í því landi sè fús til að greiða kostnaðinn við að senda þann, sem í hlut á, alla leið til takmarka Danaríkis, eða til næstu hafnar, með því það hefir komið fyrir, að hið útlenda ríki í þessum tilfellum hefir þótzt laust allra mála að því leyti, er snertir flutning á þurfamönnum úr Danmörku, upp frá því, að búið var að koma þeim til verzlunarfulltrúa Danmerkur í einhverri höfn í hinu útlenda ríki. 1874. 24. júlí.

Embætta veitingar, nafnbætur o. s. frv. frá 1. jan. til 31. júlí 1874.

5. janúar. Oddgeir Stephensen, stjórnardeildarforstjóri, sæmdur kommandörkrossi dannebrogsorðunnar, af 2. stigi.

s. d. Sören Hilmar Steindór Finsen, landshöfðingi yfir Íslandi, sæmdur kommandörkrossi dannebrogsorðunnar, af 2. stigi.

10. febrúar. Steingrímur Thorsteinson, cand. philol., skipaður fastur kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík.

12. febrúar. Jón Þorkelsson, yfirkennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, skipaður skólameistari.

14. febrúar. Þorgrímur Ásmundsson Johnsen, héraðslæknir í eystra læknisumdæmi suðuramtsins, skipaður héraðslæknir í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu.

s. d. Fritz Vilhelm Zeuthen, settur héraðslæknir, skipaður fastur héraðslæknir í eystra læknisumdæmi norður- og austuramtsins.

s. d. Glaumbær í Skagafjarðarsýslu veittur prófasti síra Jóni Hallssyni að Miklabæ í Blönduhlíð.

s. d. Lauritz Eðvarð Sveinbjörnsson, sýslumaður í Þingeyjarsýslu, skipaður bæjarfógeti í Reykjavík og sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

26. maí. Holt undir Eyjafjöllum í Rangárvallasýslu veitt síra Sveinbirni Guðmundssyni presti í Kross Þingum.

s. d. Kolfreyjustaður í Suðurmúlasýslu, veittur síra Stefáni Jónssyni að Presthólum.

s. d. Halldór K. Friðriksson, kennari við hinn lærða skóla í Reykjavík, skipaður yfirkennari.

9. júlí. Tómas Hallgrímsson, cand. med. & chir., skipaður héraðslæknir í hinu eystra læknisumdæmi suðuramtsins.

YFIRLIT EFNISINS.

Akureyri.
Alþingi.
Amtmenn sjá Embættismenn.
Bólusetning, Bólusótt.
Brauð, smbr. Prestar, Kirkjur.
Bækur og dagblöð.
Bænarskrár.
Dómar, dómsmál.
Dýralækningar.
Embætti, embættismenn, laun embættismanna, m. m.
Eptirlaun.
Fangelsi sjá Hegningarhús.
Fátækramálefni sjá Sveitamálefni.
Fiskiveiðar, smbr. Veiði.
Fjárhagsmálefni, smbr. Reikningar.
Fjársýki, fjárkláði.
Forngripasafn.
Fólkstala.
Gjafir, smbr. Stofnanir og sjóðir.
Gripasýningar
Gufuskipsferðir, smbr. Póstgöngur.
Hallæri, smbr. Lán, Skuldir.
Hegning sjá Sakamál.
Hegningarhús.
Hèraðslæknir sjá Læknaskipun.
Herskip, sjá Skip, Verzlun.
Heræfingar.
Hjúskapur.
Ísafjörður.
Jafnaðarsjóðir.
Jarðamat.
Jarðarafgjöld, smbr. Þjóðjarðir.
Jarðyrkja, sjá Landbúnaður.
Kaupskapur, sjá Verzlun.
Kaupstaðir, sjá Akureyri, Ísafjörður, Reykjavík, Verzlun.
Kennsla, sjá Skólar.
Kirkjur, Kirknaeignir, smbr. Brauð, Prestar.
Konungur, konungsættin m. m.
Lagaskóli, lögfræðingaskóli, sjá Skólar.
Lán, smbr. Skuldir, Hallæri.
Landbúnaður.
Landlæknir, sjá Læknaskipun.
Landsyfirrèttur, sjá Dómar.
Lausn frá nafnbótum.
Ljósmyndir.
Lyfsölumenn, sjá Læknaskipun.
Læknaskipun, læknasjóður, lækningar, smbr. Sóttvarnir, Spítalar.
Löggilding danskra lagaboða.
Málaflutningsmenn, sjá Dómar.
Mállausir og heyrnarlausir.
Námar.
Peningar.
Póstgöngur og póstferðir.
Prentsmiðjur.
Prestar, prestastètt, smbr. Brauð, Kirkjur.
Prestaskóli, sjá Skólar.
Reikningar.
Reki.
Reykjavík.
Ríkisskuldabrèf, sjá Skuldir.
Sakamál, hegning.
Sjómannaskólar, sjá Skólar.
Skattar og álögur, smbr. Tíund, Verzlun.
Skip, skipbrot, skipsbrotsmenn, smbr. Verzlun.

Skólar, kennsla, skólavísindi.
Skotmannafèlög, sjá Heræfingar.
Skuldir, skuldabrèf, ríkisskuldabrèf, smbr. Lán.
Sóttir, sóttvarnir, smbr. Læknaskipun, Fjársýki.
Sparisjóðir.
Spítalar, spítalasjóðir, sjá Læknaskipun.
Stjórnarskipun, stjórnarbót.
Stofnanir og sjóðir, smbr. Gjafir, Læknaskipun.
Styrktarfè.
Sveitastjórn, sveitamálefni.
Tíund, smbr. Skattar.
Trúarbrögð.
Umboðsmenn, sjá Þjóðjarðir.
Uppreist á æru.
Útlendir menn, Útlönd, smbr. Fiskiveiðar, Trúarbrögð, Æðarvarp.
Vegir, vegabætur.
Veiði, smbr. Fiskiveiðar.
Verðlagsskrár.
Verðlaun, smbr. Landbúnaður.
Verzlun.
Vesturheimsfarar.
Yfirsetukonur, sjá Læknaskipun.
Þing, Þingahöld.
Þjóðjarðir, Þjóðeignir, smbr. Jarðarafgjöld.
Þúsund ára hátíð.
Æðarvarp, smbr. Útlendir menn.

Skammstafanir:

B. = Biskupinn yfir Íslandi.
Br. = Brèf
D. = Dómsmálastjórnin.
K. = Kirkju- og kennslustjórnin.
L. = Landshöfðinginn yfir Íslandi.
N. A. = Amtmaðurinn yfir norður og austurumdæminu.
St. = Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi.
Std. = Hin íslenzka stjórnardeild.
Stv. = Stiptsyfirvöldin á Íslandi.
V. = Amtmaðurinn yfir vesturumdæminu.

Akureyri.

1870. 30. júní. 55. Br. D. til N. A., um afstöðu milli húsa á Akureyri.

Alþingi.

1871. 1. marz. 14. Br. D. til St., um alþingistoll af lóðargjaldi af verzlunarhúsum, selveiði og rekafjörum.
22. maí. 33. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869.
24. maí. 35. Br. D. til konungsfulltrúa, um þegnlegt ávarp frá alþingi 1869.
1872. 12. febr. 10. Br. D. til St, um endurgjald alþingiskostnaðar.
1873. 23. maí. 37. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungnm á fundinum 1871.

1874. 20. maí. 34. Opið brèf, um að almennar kosningar til alþingis skuli fram fara.

Amtmenn sjá Embættismenn.

Bólusetning, Bólusótt.

1872. 15. apríl. 49. Br. D. til amtmanna á Íslandi, um bólusótt.

Brauð, smbr. Prestar, Kirkjur.

1870. 8. febr. 7. Br. K. til Stv., um kvörtun prests yfir veitingu á brauði.
8. júli. 61. Auglýsing um endurskoðað brauðamat á Íslandi.
1871. 3. júlí. 64. Br. K. til Stv., um samlagning brauða í Dalaprófastsdæmi.
4. júlí. 65. Br. K. til Stv., um sameining Saurbæjar í Eyjafirði við Miklagarð og Hóla.
1872. 28. febr. 27. Br. K. til B., um tekjur af brauði.
27. júní. 70. Br. K. til Stv., um samlagning sókna í Þingeyjarsýslu.
1. ágúst. 74. Br. K. til Stv., um tilkall prestsekkju til hlutdeildar í tekjum af brauði.
25. oktbr 96. Br. K. til Stv., um breyting á tilskipun 15. desbr. 1865. 2. gr.
1873. 28. júní. 50. Br. K. til L., um upphafsorðin á veitingarbrèfum presta.
7. ágúst. 64. Br. K. til L., um staðfesting á brauðaveitingum stiptsyfirvaldanna.

Bækur og dagblöð.

1870. 8. febr. 8. Br. K. til Stv., um styrk til að íslenzka og prenta tiltekna guðfræðisbók
25. oktbr. 95. Br. K. til Stv., um þóknun handa bókaverði við söfn hins lærða skóla og prestaskólans í Reykjavík.
1871. 17. janúar. 3. Br. K. til B., um kennslubók í söngfræði.
17. janúar. 4. Br. D. til St., um sending hinna dönsku Lagatíðinda og Stjórnartíðinda.
4. marz. 18. Br. D. til Stv., um sending hinna dönsku Lagatíðinda og Stjórnartíðinda til ýmsra embættismanna.
2. maí. 30. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.
10. júní. 41. Br. D. til V., um nýja útgáfu á kennslubók Levys í yfirsetufræði.
1. septbr. 80. Br. D. til Stv., um sending á fornbrèfasafni Norðmanna (diplomatarium Norvegicum).
1872. 28. maí. 64. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í

Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

1872. 5. nóvbr. 104. Br. Std. til skrifstofu ríkisþingsins, um Tíðindi frá ríkisþingi Dana handa alþingi og landshöfðingjaembættinu.

17. desbr. 118. Br. D. til St. um sending Tíðinda frá ríkisþingi Dana.

1873. 20. maí. 36. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn um styrk til þess að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

23. maí. 38. Br. K. til L., um styrk til þess að íslenzka og prenta tiltekna guðfræðisbók.

14. ágúst. 72. Br. K. til L., um styrk til þess að gefa út lestrarbók handa alþýðu

1874. 28. febr. 23. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

28. febr. 25. Br. D. til L., um styrk til að gefa út stjórnarbrèf.

17. júlí. 55. Br. D. til L., um stjórnartíðindi fyrir Ísland.

Bænarskrár.

1870. 12. marz. 27. Opið brèf handa Íslandi, um að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitskjölin um málið.

Dómar, dómsmál.

1870. 23. júní. 52. Br. K. til Stv., um málskot til hæstarèttar um hvalflutninga.

30. júní. 58. Br. D. til St., um laun handa málafærslumönnum við landsyfirèttinn.

7. nóvbr. 103. Br. D. til St., um laun málafærslumanna við landsyfirrèttinn.

1871. 15. apríl. 27. Br. D. til N. A., um málaskot í sakamálum til æðra rèttar.

9. ágúst. 76. Br. D. til N. A., um gjafsókn í máli handa umboðsmanni.

1873. 27. maí. 44. Br. D. til L., um málafærslulaun við yfirrèttinn.

Dýralækningar.

1870. 14. marz. 28. Br. D. til dýralæknis Snorra Jónssonar, um ferðakostnað handa honum til heimfarar.

14. marz. 29. Br. D. til St., um dýralækni.

7. nóvbr. 104. Br. D. til St., um laun handa dýralækni í suðurumdæminu.

1871. 15. apríl. 29. Br. D. til St., um dýralækni í suðuramtinu.

1872. 15. apríl. 44. Br. D. til St., um dýralækni í suðuramtinu.

1873. 15. apríl. 23. Br. D. til L., um dýralækni í suðuramtinu.

Embætti, Embættismenn, Laun embættismanna o. fl.

1870. 19. júlí. 73. Br. D. til fjárhagsstjórnarinnar, um skiptingu á sýslum í vesturamtinu.
7. nóvbr. 101. Br. D. til St., um launalög embættismanna.
4. marz. 21. Br. D. til K., um sýsluskiptingar.
1871. 11. ágúst. 81. Br. K. til St., um gjöld fyrir veitingarbréf fyrir embætti.
21. septbr. 88. Br. D. til N. A., um gjald amtmanns til jafnaðarsjóðsins.
18. oktbr. 90. Br. D. til St., um sameining Borgarfjarðarsýslu við Mýrasýslu.
1872. 28. febr. 28. Br. D. til stiptamtmanns Hilmars Finsens, um það, að hann takist ferð á hendur til Kaupmannahafnar.
28. febr. 28. Br. K. til Stv., um launaviðbót handa fyrsta kennara við prestaskólann, Helga Hálfdánarsyni.
29. júní. 71. Erindisbréf fyrir landshöfðingjann yfir Íslandi.
12. septbr. 89. Br. D. til St., um endurgjald fyrir tekjurýrnun við landfógetaembættið.
1873. 17. júní. 48. Br D. til L., um endurgjald handa embættismönnum fyrir kostnað við póstsendingar.
30. júní. 52. Br. D. til L., um undirskriptir stiptsyfirvaldanna.
4. júlí. 55. Br. D. til L., um embættisstjórn í forföllum hans.
1874. 27. janúar. 6. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um málsókn útaf meiðyrðum við íslenzkan embættismann.
26. febr. 12. Br. D. til L., um að bæjarfógetaembættið í Reykjavík skuli sameinað við Gullbringu og Kjósar sýslu.
27. febr. 17. Br. D. til L., um skýrslur frá embættismönnum.
26. maí. 37. Br. D. til L., um endurgjald handa settum yfirdómurum.
4. júlí. 52. Br. D. til L., um verzlunarskýrslur frá sýslumönnum.
6. júlí 53. Br. D. til L., um húsaleigustyrk handa amtmanninum í norður- og austurumdæminu.

Eptirlaun.

1871. 1. apríl. 25. Tilskipun til bráðabirgða um eptirlaun handa öðrum dómara og justizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti.
1872. 27. janúar. 6. Tilskipun um eptirlaun handa öðrum yfirdómara og justizsekretera í hinum konunglega íslenzka landsyfirrètti Benidikt Sveinssyni, sem hefir verið vikið frá embætti.
1873. 23. maí. 37. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1871, II., 3.

Fangelsi sjá Hegningarhús.

Fátækramálefni sjá Sveitamálefni.

Fiskiveiðar smbr. Veiðar, Utlendir menn.

1871. 22. maí. 33. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869. II, 2, 13.
1872. 19. janúar. 4. Br. D. til V., um brot gegn íslenzkum lögum um verzlun og fiskiveiðar.
12. febr. 13. Tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl.
12. febr. 14. Tilskipun fyrir Ísland um síldar- og upsaveiði með nót.
26. marz. 36. Br. D. til sjóliðsstjórnarinnar um fiskiveiðar útlendra við Ísland.
18. desbr. 119. Br. D. til St., um fiskiveiðar Englendinga við Ísland.
1873. 23. maí. 37. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1871. I.

Fjárhagsmálefni, smbr. Reikningar.

1870. 20. marz. 30. Lög um fjárveiting til bráðabirgða á fjárhagsárinu 1870—71.
30. apríl. 35. Br. D. til St., um fjárveiting til bráðabirgða fyrir fjárhagsárið 1870—71.
2. júní. 43. Br. D. til St. og amtmannanna á Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhagsárið 1870—71.
30. júní. 56. Br. D. til St., um fjárveiting til póstferða.
1871. 4. marz. 19. Br. D. til St., um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1871—72.
4. marz. 20. Br. D. til landfógetans á Íslandi um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1871—72.
4. marz. 21. Auglýsing, sem hefir inni að halda áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmánaðar til 31. desembermánaðar 1872.
1872. 26. febr. 24. Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. 1872. til 31. marzm. 1873.
29. febr. 31. Br. D. til St., um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1872—73.
29. febr. 32. Br. D. til landfógetans á Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1872—73.
30. oktbr. 98. Br. K. til D., um nokkrar útgjaldagreinir á fjárhagsáætlun Íslands.
1873. 4. janúar. 1. Reikningsyfirlit yfir tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. 1871 til 31. marzm. 1872.
26. febr. 10. Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. til 31. desemberm. 1873.
28. febr. 13. Br. D. til St., um fjárhagsáætlun Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. til 31. desbrm. 1873.

1873. 28. febr. 14. Br. D. til landfógetans á Íslandi, um fjárhagsáætlun Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. til 31. desbrm. 1873.
28. febr. 15. Br. D. til St., um fjárhagsáætlun Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. til 31. desbrm. 1873.
23. maí. 37. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1871. I., II., 1.
30. júní. 51. Br. D. til L., um fé það, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland.
31. oktbr. 88. Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á árinu frá 1. janúarm. til 31. desbrm. 1874.
7. nóvbr. 91. Br. D. til L., um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á árinu 1874 og dómsmálasjóðinn.
7. nóvbr. 92. Br. K. til L., um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á árinu 1874 og skólaskýrslur.

Fjársýki, fjárkláði.

1871. 4. marz. 24. Tilskipun, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. janúar 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.
14. ágúst. 81. Br. D. til St. og amtmanna á Íslandi, um varnir gegn kvikfjárpest.

Forngripasafn.

1871. 22. maí. 33. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869, II., 6.
1873. 23. maí. 37. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1871, II., 6.

Fólkstala.

1870. 9. júlí. 72. Br. Std. til allra prófasta á Íslandi, um almenna fólkstölu.

Gjafir, smbr. Stofnanir og sjóðir.

1871. 26. júní. 50. Br. K. til Stv., um bókagjöf eptir síra Þorgeir Guðmundsson til stiptsbókasafnsins á Íslandi.

Gripasýningar.

1871. 6. nóvbr. 100. Br. D. til St., um hluttekning Íslands í gripasýningunni í Kaupmannahöfn 1872.
1872. 13. apríl. 40. Br. D til St., um styrk til að ferðast til sýningarinnar í Kaupmannahöfn.

Gufuskipsferðir, smbr. Póstgöngur og Póstferðir.

1871. 12. apríl. 26. Umboðsbréf fyrir Vilhjálm L. Finsen, assessor í hæzta rètti, O. M. Lütken, herskipsstjóra, H. G. Petersen, postumsjónarmann fyrir eyjastiptin, Jón Sigurðsson, alþingismann og C. P. A. Kock, stórkaupmann, til að ganga í nefnd að rannsaka, hvort koma megi á reglulegum gufuskipsferðum kringum Ísland.

22. maí. 33. Konungleg Auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869, II., 12.

1873. 20. marz. 20. Br. D. til sjóliðsstjórnarinnar, um gufuskipsferðir m. m.

23. maí. 37. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1871, II., 7.

Hallæri, smbr. Lán, Skuldir.

1870. 21. febr. 16. Br. D. til N. A., um útgjöld til kornkaupa handa fátæklingum.

9. júlí. 67. Br. D. til N. A., um hallæri í nokkrum hreppum í Þingeyjarsýslu.

28. septbr. 85. Br. D. til N. A., um ótta fyrir hallæri í nokkrum austursveitum.

1871. 22. maí. 33. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869, II., 8.

1872. 14. ágúst. 83. Br. D. til St., um ráðstafanir til að afstýra hallæri í Vestmannaeyjum.

Hegning sjá Sakamál.

Hegningarhús.

1871. 4. marz. 23. Tilskipun um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi, m. fl.

24. maí. 36. Br. D. til St., um lóð handa hegningarhúsinu í Reykjavík.

1872. 15. apríl. 45. Br. D. til St., um bygging hegníngarhúss í Reykjavík.

18. maí. 55. Br. D. til St., um byggingu hegningarhúss í Reykjavík.

14. ágúst. 79. Br. D. til St., um byggingu hegningarhúss í Reykjavík.

4. nóvbr. 103. Br. D. til St., um kostnaðinn við byggingu fangelsis og hegningarhúss í Reykjavík.

6. nóvbr. 107. Br. D. til V., um byggingu fangelsa þar í umdæminu.

6. nóvbr. 108. Br. D. til N. A., um byggingu fangelsa þar í umdæminu.

1873. 3. júlí. 54. Br. D. til L., um fangelsi í Vestmannaeyjum.

1873. 8. ágúst. 37. Br. D. til L., um fangavörð við hegningarhúsið í Reykjavík.
13. ágúst. 71. Br. D. til L., um byggingu fangelsa í norður- og austurumdæminu og vesturumdæminu.
1874. 5. janúar. 2. Tilskipun um hegningarvald það, sem stjórn hegningarhússins á Íslandi hefir.
28. febr. 20. Tilskipun um hvernig úttekin skuli hegningarvinna í Reykjavík.
28. febr. 21. Br. D. til L., um hegningarhúsið í Reykjavík.
26. maí. 39. Br. D. til L., um byggingu fangelsa.

Hèraðslæknar sjá **Læknaskipun.**

Herskip sjá **Skip, Verzlun.**

Heræfingar.

1870. 31. maí. 39. Br. D. til St., um styrk handa skotmannafèlaginu í Reykjavík til byssukaupa.

Hjúskapur.

1870. 16. febr. 10. Br. K. til B., um hjónavígslu af uppgjafapresti.
8. marz. 24. Br. D. til V., um máls rannsókn útaf svaramennsku við hjónaband.
1873. 27. maí. 40. Br. K. til L., um giptingarleyfi fyrir prest.

Ísafjörður.

1871. 19. janúar. 40. Br. K. til St., um sölu á prestssetrinu Eyri við Skutulsfjörð.

Jafnaðarsjóðir.

1871. 21. septbr. 88. Br. D. til N. A., um gjald amtmanns til jafnaðarsjóðsins.
1872. 4. maí. 49. Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi.

Jarðamat.

1870. 30. júní. 54. Br. D. til N. A., um breyting á dýrleika tveggja jarða.

Jarðarafgjöld, smbr. **Þjóðjarðir.**

1870. 9. júlí. 70. Br. D. til St., um lækkun á afgjaldi af nokkrum jörðum Kirkjubæjarklausturs.
9. júlí. 71. Br. D. til St., um linun í eptirgjaldi af klausturjörðunni Klauf.

1870. 13. oktbr. 91. Br. D. til St., um linun í jarðarafgjaldi.
21. oktbr. 92. Br. D. til St., um lækkun á jarðarafgjaldi.
1871. 24. janúar. 8. Br. D. til St., um lækkun á afgjaldi á nokkrum jörðum Kirkjubæjar klausturs.
30. júní. 61. Br. D. til St., um lækkun á jarðarafgjaldi.
10 ágúst. 79. Br. D. til V., um lækkun á jarðarafgjöldum.
31. oktbr. 93. Br. D. til St., um klausturgóz í Vestur-Skaptafellssýslu.
28. nóvbr. 103. Br. D. til St., um lækkun á jarðarafgjaldi.
1872. 4. septbr. 86. Br. D. til St., um uppgjöf á jarðarafgjaldi.
26. nóvbr. 113. Br. D. til St., um uppgjöf á jarðarafgjaldi.
1873. 27. maí. 45. Br. D. til L., um afgjald af klausturjörðunni Vatnsenda.
8. ágúst. 66. Br. D. til L., um lækkun á jarðarafgjaldi.
13. ágúst. 70. Br. D. til L., um lækkun á afgjaldi af klausturjörðum í Skaptafells sýslu.
28. ágúst. 74. Br. D. til L., um lækkun á jarðarafgjöldum.
1874. 27. febr. 14. Br. til L., um lækkun á jarðarafgjöldum.
8. júní. 44. Br. D. til L., um lækkun á jarðarafgjaldi.
2. júlí. 47. Br. D. til L., um um lækkun á jarðarafgjaldi.

Jarðyrkja sjá **Landbúnaður.**

Kaupskapur sjá **Verzlun.**

Kaupstaðir sjá **Akureyri, Isafjörður, Reykjavík, Verzlan.**

Kennsla sjá **Skólar.**

Kirkjur, Kirknaeignir, smbr. **Brauð, Prestar.**

1870. 22. apríl. 32. Br. D. til V., um tilkall Þingeyra kirkju til hluta af hvölum nokkrum.
8. ágúst. 77. Br. K. til Stv., um jarðaskipti á kirkjujörð og bændaeign.
18. ágúst. 80. Br. D. til N. A., um aðgjörð á Múnkaþverár kirkju.
1871. 19. janúar. 5. Br. K. til Stv., um sölu á prestssetrinu Eyri við Skutulsfjörð.
28. júní. 58. Br. D. til N. A., um aðgjörð á Flateyjarkirkju.
1872. 22. júní. 69. Br. K. til Stv., um sölu á Haukstöðum, eign Hofskirkju í Vopnafirði.
1873. 5. júlí. 59. Br. D. til L., um aðgjörð á Vestmannaeyjakirkju.
11. ágúst. 69. Br. K. til L., um jarðaskipti á kirkjueign og bændaeign.
25. oktbr. 85. Br. K. til L., um skipti á kirkjueign og bændaeign.
1874. 19. maí. 33. Br. D. til L., um kaleik og patínu handa dómkirkjunni í Reykjavík.
27. maí. 41. Br. D. til L., um aðgjörð á dómkirkjunni í Reykjavík.

Konungur, Konungsættin m. m.

1872. 27. janúar. 7. Auglýsing, er birtir á Íslandi lög, 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, og konunglega Auglýsing, 18. nóvbr. 1871, um það, að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfanum í fjærvist konungs.
25. maí. 63. Konungleg auglýsing um að konungur sè kominn heim aptur.
1873. 1. septbr. 75. Konungleg Auglýsing um það, að ríkissjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs.
27. septbr. 79. Konungleg Auglýsing um að konungur sè kominn heim aptur.
1874. 26. maí. 38. Br. D. til L., um ávörp til konungs.

Lagaskóli, Lögfræðingaskóli sjá Skólar.

Lán, smbr. Skuldir, Hallæri.

1870. 21. júní. 49. Br. D. til N. A., um endurgjald kornláns.
1871. 2. maí. 31. Br. D. til St., um lán til að ljúka við aðgjörð á skólavörðunni í Reykjavík.
27. júní. 55. Br. D. til N. A., um kornlán handa tveimur hreppum í Þingeyjarsýslu.
28. júní. 57. Br. D. til St., um lán til vegabóta úr hjálparsjóði.
18. oktbr. 89. Br. D. til N. A., um borgun kornláns handa Eyjafjarðarsýslu og Skagafjarðarsýslu.
1872. 14. febr. 16. Br. D. til St., um borgun kornláns.
4. maí. 48. Br. D. til St., um lán til vegabóta úr hjálparsjóði.
1874. 27. febr. 15. Br. D. til L., um borgun kornláns.

Landbúnaður.

1870. 26. febr. 19. Br. D. til St., um að verja öðruvísi fè því, sem hefir verið haft til frævakaupa, til útbýtingar á Íslandi.
3. júní. 44. Br. D. til St., um styrk til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.
23. júlí. 74. Br. D. til V., um að vatnsveitingamaður verði sendur til vesturamtsins.
7. nóvbr. 102. Br. D. til St., um útbýting á garðfræi í suðuramtinu.
7. nóvbr. 106. Br. D. til St., um nefnd í landbúnaðarmálinu.
1871. 31. janúar. 10. Br. D. til St., um styrk til að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.
20. febr. 12. Br. D. til St., um vatnsveitingar og engjarækt í suðurumdæminu.
1. marz. 15. Br. D. til fjárhagsstjórnarinnar, um styrk handa jarðyrkjumanni.
1. marz. 16. Br. D. til St., um styrk til að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.

1871. 22. maí. 33. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869, II, 3.
27. júní. 56. Br. D. til N. A., um þóknun fyrir jarðabætur á Möðruvöllum.
28. nóvbr. 102. Br. D. til St., um þóknun fyrir jarðabætur á klausturjörðu.
1872. 12. febr. 12. Tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi.
21. febr. 19. Auglýsing um heimtingu á gjaldi því, sem fyrir er mælt um í tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi.
1873. 27. maí. 42. Br. D. til L., um ferðir jarðyrkjumanns á Íslandi.
5. júlí. 57. Br. D. til L., um styrk til verkfæra handa jarðyrkjumanni.
6. nóvbr. 89. Br. D. til L., um að vatnsveitingamaður verði sendur til suðuramtsins.
1874. 23. janúar. 5. Br. D. til L., um verkfæri handa jarðyrkjumanni.
28. febr. 27. Br D. til L., um styrk handa jarðyrkjumanni.
11. apríl. 29. Br. D. til L., um að vatnsveitingamaður verði sendur til suðuramtsins.

Landlæknir sjá **Læknaskipun.**

Landsyfirrèttur sjá **Dómar.**

Lausn frá nafnbótum.

1871. 27. maí. 40. Br. D. til St., um lausn frá nafnbótum.
1873. 14. janúar. 3. Br. D. til N. A., um lausn frá nafnbót.

Ljósmyndir.

1870. 10. febr. 9. Auglýsing fyrir Ísland um tilkynning um einkarètt til að eptirmynda ljósmyndir

Lyfsölumenn sjá **Læknaskipun.**

Læknaskipun, læknasjóður, lækningar, smbr. Sóttvarnir, Spítalar.

1870. 8. febr. 6. Br. D. til St., um bænarskrá lyfsalans í Reykjavík, um flutning á lyfjum kauplaust með póstskipinu.
21. febr. 15. Br. D. til St., um gjaldið til læknasjóðsins.
5. marz. 23. Auglýsing um, hvenær opið hrèf handa Íslandi, 11. desbr. 1869, um aðra skiptingu á lyfjavoginni skuli öðlast gildi, og um, að hin nýja lyfjaskrá skuli leidd inn á Íslandi.
28. apríl. 34. Br. D. til St., um gjald spítalahluta.
30. apríl. 36. Br. D. til St., um hina nýju lyfjavog og lyfjaskrá.

1870. 28. maí. 37. Br. D. til St., um skyldu læknis á Vestmannaeyjum til að kaupa lyf sín í lyfjabúðinni í Reykjavík.
9. júlí. 64. Br. D. til V., um kennslu á yfirsetukvennaskólanum.
8. ágúst. 78. Br. D. til St., um að fá lík til skurðar við læknakennsluna í Reykjavík.
28. septbr. 86. Br. D. til St. og amtmannanna á Íslandi, um lyfjaskrána 1869.
12. oktbr. 89. Br. D. til Stv., um styrk handa lækni í Barðastrandarsýslu og Stranda sýslu.
12. oktbr. 90. Br. D. til V. A., um læknisþjónustu í Barðastranda- og Stranda sýslu.
5. nóvbr. 100. Br. D. til St., um ráð til að bæta kjör yfirsetukvenna.
1871. 5. janúar. 2. Br. D. til V., um verkfæri handa lækni í Stranda- og Barðastrandarsýslu.
24. janúar. 6. Br. D. til St., um skyldu hèraðslækna til að ferðast um Skaptafellssýslu.
27. júní. Br. D. til St. og amtmannanna á Íslandi, um viðbæti við lyfjaskrána 1869.
29. júlí. 73. Br. D. til St., um verkfæri handa lækni.
31. oktbr. 94. Auglýsing um kennslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi.
3. nóvbr. 96. Br. D. til K., um hið sama efni.
5. desbr. 104. Br. D. til St., um leyfi fyrir prest til að fara með lækningar.
1872. 13. janúar. 3. Br. D. til St., um styrk úr læknasjóðnum handa sjúkrahúsinu í Reykjavík.
3. ágúst. 76. Br. K. til B., um skýrslur um holdsveiki.
14. ágúst. 80. Br. D. til St., um skyldu læknis til að taka kennslu í yfirsetufræði.
9. oktbr. 92. Br. D. til Stv., um þóknun handa lækni fyrir embættisferð.
1873. 13. maí. 31. Br. D. til L., um leyfi skipslæknis til þess að fara með lækningar.
28. maí. 47. Br. D. til fjárhagsstjórnarinnar, um styrk til kennslu í yfitsetufræði handa þeim læknaefnum, sem hafa tekið próf á Íslandi.
5. júlí. 56. Br. D. til L., um kennslu í yfirsetufræði.
1. septbr. 76. Br. D. til L., um læknaskipun syðra.
1874. 15. maí. 31. Br. D. til L., um endurgjald fyrir embættisferð læknis.

Löggilding danskra lagaboða.

1871. 24. maí. 37. Br. D. til konungsfulltrúa á alþingi, um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörk á árunum 1869—1870.
1873. 20. maí. 35. Br. D. til L., um löggilding almennra lagaboða á Íslandi, sem út komu í Danmörk á árunum 1871—1872.

Málaflutningsmenn sjá Dómar.

Mállausir og heyrnarlausir.

1870. 28. febr. 20. Br. K. til St., um styrk til að kenna mállausum og heyrnarlausum börnum.

1871. 22. maí. 33. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869, II. 4.

25. maí. 39. Br. K. til amtmannanna á Íslandi, um kostnað við kennslu ómála barna.

26. júní. 51. Br. K. til N. A., um kostnað við ómála flutning til Íslands.

31. júlí. 71. Br. Std. til N. A., um kennslu ómála stúlku.

1872. 26. febr. 21. Tilskipun handa Íslandi, um kennslu heyrnar- og málleysingja o. fl.

29. febr. 30. Br. K. til Stv., um styrk til kennslu ómála barna.

1873. 27. júní. 49. Br. K. til L., um styrk til kennslu ómála barna.

Námar.

1871. 23. maí. 34. Br. D. til allra embættismanna á Íslandi, um ferð Johnstrups háskólakennara til að rannsaka brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu.

9. ágúst. 77. Br. D. til N. A., um silfurbergsnám í Helgastaðafjalli.

Peningar.

1871. 30. júní. Br. D. til St., um peningasending til jarðabókarsjóðsins.

1873. 25. septbr. 80. Auglýsing, er birtir á Íslandi peningalög, 23. maí 1873.

29. desbr. 95. Auglýsing fyrir Ísland, um mótið á tíu- og tuttugukrónapeningum þeim, sem slegnir verða úr gulli samkvæmt peningalögunum 23. maí þ. á., og um að peningar þessir verði hafðir sem gjaldgengir peningar.

1874. 27. febr. 16. Br. D. til L., um sending gullpeninga til Íslands.

6. júní Auglýsing fyrir Ísland, um frá hvaða tíma hin nýja reikningseining skuli í gildi leidd.

6. júní. 48. Auglýsing fyrir Ísland, um mótið á eins eyris, tveggja, fimm-, tíu- og tuttugu og fimmaurapeningum þeim, sem slegnir verða samkvæmt peningalögunum 23. maí f. á.

Póstgöngur og póstferðir.

1870. 18. febr. 11. Auglýsing aðalpóststjórnarinnar, um ýmislegt, er snertir póstferðir milli Danmerkur og Íslands.

21. febr. 12. Ágrip úr umburðarbréfi aðalpóststjórans í Kaupmannahöfn til póstumsjónarmanna og allra póstafgreiðslumanna og póstskrifstofanna, um fyrirkomulagið á póstsendingum milli Danmerkur og Íslands.

1870. 21. febr. 13. Ferða-áætlun fyrir póstgufuskipið 1870.
4. apríl. 31. Auglýsing fjárhagsstjórnarinnar um peningasendingar milli Danmerkur og Íslands.
26. apríl. 33. Br. D. til St., um peningasendingar milli Danmerkur og Íslands,
17. júní. 47. Br. D. til N. A., um þóknun handa póstafgreiðslumanni í Norðurmúlasýslu.
21. júní. 50. Br. D. til N. A., um póstferðir þar í umdæminu.
30. júní. 56. Br. D. til St., um fjárveiting til póstferða.
9. júlí. 65. Br. D. til N. A., um póstferð frá Akureyri til Reykjavíkur í ágústmánuði.
3. nóvbr. 98. Br. D. til fjárstjórnarinnar, um ferða-áætlun póstgufuskipsins 1871.
3. nóvbr. 99. Ferðaáætlun póstgufuskipsins 1871.
1871. 31. ágúst. 82. Br. D. til fjárhagsstjórnarinnar, um ferðir póstgufuskipsins.
28. desbr. 107. Ferðaáætlun póstgufuskipsins 1872.
1872. 12. febr. 11. Br. D. til St., um póstskipsferðir til Vestmannaeyja.
26. febr. 23. Tilskipun um póstmál á Íslandi.
3. maí. 47. Auglýsing um póstmál á Íslandi.
14. ágúst. 84. Br. D. til St., um leiðarvísi handa póstþjónum á Íslandi.
26. septbr. 90. Auglýsing, sem hefir inni að halda ákvarðanir um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sèrstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis.
14. oktbr. 93. Br. D. til fjárhagsstjórnarinnar, um ferða-áætlun póstgufuskipsins árið 1873.
14. oktbr. 94. Ferða-áætlun póstgufuskipsins 1873.
31. oktbr. 99. Leiðarvísir fyrir brèfhirðingarmenn.
31. oktbr. 100. Leiðarvísir fyrir póstafgreiðendur.
24. nóvbr. 112. Reglugjörð um framkvæmdir á auglýsingunni af 26. septbr. 1872, um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sèrstaklegu íslenzku póstmála innbyrðis, útgefin af aðalpóststjórninni í Kaupmannahöfn og stiptamtmanninum yfir Íslandi, samkvæmt auglýsingarinnar 18. grein, þann 6. og 24. nóvbr. 1872.
1. desbr. 114. Auglýsing frá stiptamtmanninum yfir Íslandi viðvíkjandi póstmálum.
1873. 8. febr. 6. Br. D. til aðalpóststjórnarinnar, um póstafgreiðslustað í Skaptafellssýslu.
28. febr. Br. D. til St., um þriggja skildinga frímerki.
22. marz. Auglýsing frá St., um póstmálefni.
16. apríl. 24. Br. D. til L., um póstsendingar með herskipinu Fylla.
16. apríl. 24. Br. D. til L., um þjónustufrímerki.
6. maí. 30. Br. D. til L., um þóknun handa Óla póstmeistara Finsen.
26. septbr. 81. Br. D. til L., um breytingar á Auglýsing 3. ma 1872 um póstmál.
29. desbr. 96. Ferða-áætlun póstgufuskipsins 1874.

1874. 22. janúar. 4. Br. D. til L., um breytingar á Auglýsing um póstmál 3. maí 1872.
19. maí. 32. Br. D. til L., um breytingar á Auglýsing um póstmál 3. maí 1872.
3. júlí. 51. Br. D. til L., um breyting á gjöldum í Auglýsing 26. septbr. 1872.

Prentsmiðjur.

1872. 14. ágúst. 82. Br. D. til Stv., um stofnun prentverks í suðuramtinu.

Prestar, prestastètt, smbr. Brauð, Kirkjur.

1870. 8. febr. 7. Br. K. til Stv., um kvörtun prests yfir veitingu á brauði.
16. febr. 10. Br. K. til B., um hjónavígslu af uppgjafapresti.
21. febr. 18. Br. K. til B., um nýja presta handbók.
31. maí. 41. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.
28. júní. 53. Br. K. til B., um aldursleyfi fyrir prestsefni.
30. júní. 57. Br. K. til Stv., um leyfi til að mega veita nafngreindum stúdenti brauð.
6. júlí. 61. Br. K. til B., um skipting á árgjöldum og leigum af vaxtarsjóði milli uppgjafapresta og prestsekkna.
22. nóvbr. 108. Br. D. til St., um borgun á tillagi til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.
1871. 24. júní. 49. Br. K. til Stv., um prestsvígslu skólalærisveins.
27. júní. 52. Br. K. til B., um uppgjöf á staðfestingargjaldi veitingarbrèfs fyrir prestakalli.
23. oktbr. 92. Br. K. til N. A., um uppreist fyrir prestsekkju.
1872. 29. febr. 33. Br. D. til V., um skyldu presta til að leggja til vegavinnu.
24. maí. 59. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum.
25. maí. 61. Br. K. til B., um prestsvígslu stúdents.
21. júní. 68. Br. K. til Stv., um jarðnæði handa presti.
25. oktbr. 97. Br. K. til B., um að aldursleyfi fyrir prestsefni geti ekki fengizt.
2. nóvbr. 102. Br. K. til B., um aldursleyfi fyrir prestsefni.
1873. 27. febr. 12. Br. K. til B., um aldursleyfi fyrir prestsefni.
7. ágúst. 65. Br. K. til L., um tekjur prestsekkju.
10. septbr. 84. Br. K. til L., um aldursleyfi fyrir prestsefni.
25. oktbr. 85. Br. K. til L., um prestsvígslu skólalærisveins.
1874. 22. maí. 36. Br. K. til L., um endurgjald handa prófasti, samkvæmt tilsk. 24. júlí 1789.
27. maí. Br. K. til L., um aldursleyfi fyrir prestsefni.

Prestaskóli sjá **Skólar.**

Reikningar.

1870. 23. júní. 51. Br. D. til N. A., um reikninga sýslumanns útaf skipastrandi.
7. nóvbr. 105. Br. D. til Stv., um reikninga stiptsprentsmiðjunnar
1871. 14. septbr. 85. Br. D., til landfógetans á Íslandi, um reikninga frá landfógeta.
1872. 13. apríl. 39. Umburðarbrèf D. til allra amtmanna og lögreglustjóra á Íslandi, um reikningsskil fyrir gjaldi á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.
15. apríl. 43. Br. D. til St. og amtmannanna á Íslandi, um reikningsskil fyrir gjaldi á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.
1873. 4. janúar. 1. Reikningsyfirlit yfir tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. 1871 til 31. marzm. 1872.
13. febr. 7. Reglugjörð, sem hefir inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi.
8. nóvbr. 93. Br. D. til L., um skil fyrir sýslugjöldum.
1874. 10. apríl. 28. Reikningsyfirlit yfir tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. til 31. marzm. 1873.

Reki.

1874. 22. apríl. 32. Br. D. til V., um tilkall þingeyra kirkju til hlutar af hvölum nokkrum.

Reykjavík

1872. 20. apríl. 46. Tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík.
9. oktbr. 91. Samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík.
6. nóvbr. 106. Br. D. til St., um hafnarreglugjörð fyrir Reykjavík.
1874. 14. febr. 9. Tilskipun um ábyrgð fyrir eldsvoða í Reykjavíkur kaupstað og fl.

Ríkisskuldabrèf sjá **Skuldir.**

Sakamál, hegning.

1870. 21. septbr. 84. Br. D. til N. A., um lögsókn fyrir að hýsa katólskan prest.
22. nóvbr. Br. D. til N. A., um borgun fyrir flutning á betrunarhússfanga.
1872. 27. janúar. 8. Br. D. til fangelsisstjórnarinnar um lausn betrunarhússfanga.
1873. 28. febr. 19. Tilskipun um ákvarðanir þær um stundarsakir, sem almenn hegningarlög handa Íslandi, 25. júní 1869, 307. gr., hafa inni að halda, skuli falla úr gildi að nokkru leyti.

1873. 28. febr. 20. Tilskipun um hvernig úttekin skuli hegningarvinna í hegningarhúsinu í Reykjavík.

Sjómannaskólar sjá Skólar.

Skattar og álögur, smbr. Tíund og Verzlun.

1870. 28. septbr. 88. Br. D. til V., um afgjald af nokkrum sýslum.
1871. 27. janúar. 9. Br. D. til N. A., um vegagjald.
1. marz. 14. Br. D. til St., um alþingistoll af lóðargjaldi af verzlunarhúsum, selveiði og rekafjörum.
28. júní. 59. Br. D. til N., um tíundargjörð í þingeyjarsýslu.
1872. 26. febr. 22. Tilskipun handa Íslandi, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.
21. marz. 34. Br. D. til fjárstjórnarinnar um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.
4. maí. 51. Br. D. til St. og amtmannanna á Íslandi, um gjald á brennivíni.
23. maí. 56. Br. K. til B., um nafnbótaskatt.
9. ágúst. 78. Br. D. til N. A., um nafnbótaskatt amtmanns.
7. nóvbr. 110. Br. D. til St., um heimtingu brennivínsgjalds.
1873. 15. marz. 18. Br. D. til aðalverzlunarfulltrúa Hans A. Clausens, um heimtingu brennivínsgjalds.
15. marz. 19. Umburðarbrèf til allra lögreglustjóra á Íslandi, um heimtingu brennivínsgjalds.
25. marz. 22. Br. D. til St., um heimtingu brennivínsgjalds.
3. júlí. Br. D. til St., um gjald á brennivíni og áfengum drykkjum.
8. júlí. 60. Br. D. til etazráðs og aðalverzlunarfultrúa Hans A. Clausens, um heimtingu brennivínsgjalds.
4. ágúst. 63. Br. D. til L., um gjald af brennivíni.
9. ágúst. 68. Br. D. til L., um tollskrá með skipi.
30. oktbr. 87. Br. D. til L., um uppgjöf á brennivínsgjaldi.
6. nóvbr. 90. Br. D. til L., um skatt í þingeyjarsýslu.
1874. 21. apríl. 30. Br. D. til etatzráðs Hans A. Clausens, um gjald á brennivíni.

Skip, skipbrot, skipbrotsmenn, smbr. Verzlun.

1870. 18. janúar. 2. Br. D. til N. A., um aðkaupsgjald á skipi.
31. maí. 38. Br. D. til St., um flutning á skipbrotsmönnum.
31. maí. 40. Br. D. til aðalskattastjórnarinnar, um breytingu á skipsnafni.
1. júní. 42. Br. D. til St., um mælingar og skrásetningar skipa.
3. júní. 45. Br. D. til St., um skrásetning skipa.
23. júní. 51. Br. D. til N. A., um reikninga sýslumanns útaf skipastrandi.
1871. 24. janúar. 7. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um skipstrand og gripdeildir enskra sjómanna.

1871. 4. marz 17. Br. D. til St., um skrásetning skips.
17. júní. 46. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um bjarglaun fyrir strandað skip.
23. júní. 47. Br. D. til sjóliðsstjórnarinnar, um höfn við Dyrhólma (Portland).
14. septbr. 84. Br. D. til St., um ráðstafanir útaf skipaströndum við Ísland, þegar útlendir eiga í hlut.
20. oktbr. 91. Br. D. til St., um hafnargjald af póstgufuskipinu.
13. desbr. 105. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um sending herskips til Íslands frá Englandi.
28. desbr. 106. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um hið sama efni.
1872. 3. janúar. 1. Br. D. til N. A., um bjarglaun fyrir strandað skip.
12. janúar. 2. Br. D. til St., um skrásetning og mælingar skipa.
4. maí. 50. Br. D. til St., um vörðu á Skaganum við innsiglinguna á Faxaflóa.
25. maí. 62. Br. D. til V., um andvirði fyrir strandað skip.
4. júní. 65. Br. D. til St. og amtmannanna á Íslandi, um sending herskips til Íslands frá Englandi.
19. desbr. 94. Br. D. til L., um hald á skipi.

Skólar, kennsla, skólavísindi.

1870. 21. júní 48. Br. K. til St., um burtfararpróf skólasveina í Reykjavík, sem segja sig úr skóla.
1. nóvbr. 96. Br. K. til Stv., um þóknun handa prófdómendum við burtfararpróf í hinum lærða skóla í Reykjavík.
1871. 22. maí. 33. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869, II. 7.
4. júlí. 66. Br. D. til Stv., um próf í forspjallsvísindum fyrir þá, sem stunda læknisfræði í Reykjavík.
11. ágúst. 80. Br. K. til Stv., um raka í bókhlöðu hins lærða skóla í Reykjavík.
6. nóvbr. 98. Br. K. til St. og B., um húsleigustyrk handa stúdentum á prestaskólanum.
6. nóvbr. 99. Br. K. til Stv., um inntöku í hinn lærða skóla í Reykjavík.
1872. 26. febr. 20. Br. K. til St. og B., um breytingu á reglugjörð prestaskólans.
28. febr. 28. Br. K. til Stv., um launaviðbót handa fyrsta kennara við prestaskólann, Helga Hálfdánarsyni.
28. febr. 29. Br. K. til St. og B., um húsleigustyrk handa stúdentum á prestaskólanum.
12. apríl. 38. Br. K. til Stv., um hitavèl í bókhlöðu hins lærða skóla í Reykjavík.
1. júlí. 72. Br. K. til Stv., um burtfararpróf við prestaskólann eptir eins árs undirbúning.
1873. 5. janúar. 5. Br. D. til Stv., um laun hins setta skólameistara.

1873. 23. maí. 37. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1871, II., 5 og 7.
7. nóvbr. 92. Br. K. til L., um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á árinu 1874 og um skólaskýrslur.

Skotmannafèlög sjá **Heræfingar.**

Skuldir, skuldabrèf, ríkisskuldabrèf, smbr. **Lán.**

1870. 9. júlí. 66. Br. D. til N. A., um skuldir andaðs umboðsmanns til ríkissjóðsins.
18. ágúst. 81. Br. D. til St., um nýja rentuklippinga við ríkisskuldabrèf.
1871. 12. maí. 32. Br. D. til St., um nýju rentuklippinga við ríkisskuldabrèf.
16. júní. 44. Br. D. til N. A., um skuldir umboðsmanns Sveins Þórarinssonar.
3. ágúst. 75. Br. D. til K., um tvö ríkisskuldabrèf í vörzlum hins almenna skólasjóðs.
19. oktbr. 95. Br. D. til K., um vöxtu af tveimur ríkisskuldabrèfum í vörzlum hins almenna skólasjóðs.
7. nóvbr. 111. Br. D. til St., um ríkisskuldabrèf.
1873. 31. janúar. 4. Auglýsing fjárhagsstjórnarinnar, um skipti á innlendum ríkisskuldabrèfum, sem eigi verður sagt upp, og vextir eru borgaðir af við jarðabókarsjóð Íslands, fyrir rentuklippingaskuldabrèf, og um að þau verði tekin upp í innskriptarbókina og fl.
15. ágúst. 73. Br. D. til fjárhagsstjórnarinnar, um skuldir sýslumanns.

Sóttir, sóttvarnir, smbr. **Læknaskipun, Fjársýki.**

1870. 7. janúar. 1. Br. D. til N. A., um mótvarnir gegn franzós.
1872. 10. desbr. 116. Br. D. til St., um sekt fyrir afbrot gegn sóttvarnarlögum.

Sparisjóðir.

1873. 20. maí. 34. Br. D. til L., um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði í Reykjavík.
1874. 5. janúar. 3. Tilskipun, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi.

Spítalar, spítalasjóðir, smbr. **Læknaskipun.**

1870. 21. febr. 15. Br. D. til St., um gjaldið til Læknasjóðsins.
1871. 15. apríl. 28. Br. D. til Stv., um gjald spítalahluta.
22. maí. 33. Konungleg auglýsing til alþingis um árangur af þegn-

legum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869, II. 1.

1872. 5. nóvbr. 105. Br. D. til Stv., um gjald spítalahluta.

Stjórnarskipun, stjórnarbót.

1871. 2. janúar. 1. Lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu.

22. maí. 33. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum, 1869, I.

1873. 23. maí. 37. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1871, I.

1874. 5. janúar. 1. Stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni Íslands.

14. febr. 8. Konungleg Auglýsing til Íslendinga, um það, að út sè komin stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni Íslands.

26. maí. 38. Br. D. til L., um ávörp til konungs.

14. júlí. 54. Auglýsing um að stofnað skuli stjórnarráð fyrir Ísland og hvernig skipta skuli niður störfum þeim, sem hin íslenzka stjórnardeild, er hingað til hefir verið, hefir haft á hendi.

Styrktarfè.

1870. 2. febr. 3. Br. D. til amtmannsins í Rípa amti, um styrk handa jarðyrkjumanni.

8. febr. 8. Br. K. til Stv., um styrk til að íslenzka og prenta tiltekna guðfræðisbók.

26. febr. 19. Br. D. til Stv., um að verja öðruvísi fè því, sem hefir verið haft til frævakaupa til útbýtingar á Íslandi.

5. marz. 22. Br. K. til St., um styrk til forngripasafnsins í Reykjavík.

9. marz. 25. Br. D. til St., um árpening handa dannebrogsmanni.

31. maí. 41. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi.

3. júní. 44. Br. D. til St., um styrk til þess að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.

9. júlí. 69. Br. K. til Stv., um styrk handa stiptsbókasafninu.

12. septbr. 83. Br. D. til N. A., um árpening handa dannebrogsmanni.

1871. 17. janúar. 3. Br. K. til St. og B., um kennslubók í söngfræði.

31. janúar. 10. Br. D. til St., um styrk til að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.

1. marz. 15. Br. D. til fjárhagsstjórnarinnar, um styrk handa jarðyrkjumanni.

4. marz. 16. Br. D. til St., um styrk til að girða og rækta tún á Vestmannaeyjum.

2. maí. 30. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í

Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

1871. 25. maí. 38. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum á Íslandi.

27. júní. 53. Br. K. til Stv., um styrk handa íslenzkri prestsekkju, sem býr í Kaupmannahöfn.

19. júlí. 70. Br. D. til fjárhagsstjórnarinnar, um styrk til að læra ostatilbúning.

1872. 27. febr. 25. Br. D. til hins konunglega landbústjórnarfèlags, um styrk handa íslenzkum jarðyrkjumanni.

13. apríl. 40. Br. D. til St., um styrk til að ferðast til sýningarinnar í Kaupmannahöfn.

24. maí. 59. Br. K. til B., um styrk handa uppgjafaprestum og prestaekkjum.

28. maí. 64. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

15. júní. 67. Br. D. til N. A., um styrk til þess að bæta smjör- og ostatilbúning á Íslandi.

2. nóvbr. 101. Br. K. til Stv., um styrk til þess að byggja hús á prestssetri.

1873. 6. maí. 29. Br. D. til L., um ferðastyrk handa Óla póstmeistara Finsen.

20. maí. 36. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

23. maí. 38. Br. K. til L., um styrk til þess að íslenzka og prenta tiltekna guðfræðisbók.

14. ágúst. 72. Br. K. til L., um styrk til þess að gefa út lestrarbók handa alþýðu.

1874. 28. febr. 22. Br. D. til L., um styrk handa jarðyrkjumanni.

28. febr. 23. Br. D. til Deildar hins íslenzka bókmentafèlags í Kaupmannahöfn, um styrk til að gefa út Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands.

28. febr. 25. Br. D. til L., um styrk til að gefa út stjórnarbrèf.

Stofnanir og sjóðir, smbr. Gjafir, Læknaskipun.

1874. 3. júlí. 50. Br. D. til L., um styrktarsjóð Jóhannesar Kristjánssonar.

18. júlí. 57. Br. D. til L., um styrktarsjóð Örum og Wulffs.

Sveitastjórn, sveitamálefni.

1870. 24. febr. 16. Br. D. til N. A., um skyldu manns til að framfæra dóttur óskilgetinnar dóttur sinnar.

25. oktbr. 94. Br. D. til V., um flutning á fátæklingi.

1. nóvbr. 97. Br. D. til V., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Jóns Jónssonar á Saxhóli).
1871. 15. júní. 42. Br. D. til N. A., um kostnað við aðhjúkrun betrunarhússfanga á spítala í Kaupmannahöfn.
30. júní. 60. Br. D. til N. A., um sveitastyrk handa oskilgetnu barni.
10. júlí. 67. Br. D. til N. A., um réttindi handiðnamanns til húsmennsku.
14. júlí. 68. Br. D. til N. A., um framfærslu sveitarómaga (Þorsteins Þórðarsonar).
14. júlí 69. Br. D. til N. A., um framfærslu sveitarómaga (Benidikts Jónassonar).
1872. 4. maí. 49. Tilskipun um sveitastjórn á Íslandi.
23. maí. 57. Br. D. til N. A., um kostnað við aðhjúkrun á betrúnarhússfanga á spítala í Kaupmannahöfn.
24. maí. 58. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Sigfúsar Hannessonar).
25. maí. 60. Br. D. til N. A., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Jósefínu Guðrúnar Kristjánsdóttur).
7. septbr. 88. Br. D. til V., um aukaútsvar sveitarómaga.
1873. 18. febr. 8. Br. D. til V., um framfærsluhrepp sveitarómaga (Bergs Sakkaríassonar).
16. apríl. 28. Br. D. til L., um sveitastjórn.

Tíund, smbr. Skattar.

1870. 21. febr. 14. Br. D. til A., um fátækra tíund af kongsjörðum á Vestmannaeyjum.
1871. 28. júní. 59. Br. D. til N. A., um tíundagjöld af Möðrudal.
1872. 7. júní. 66. Br. D. til N. A., um tíundargjald af Eiríkstöðum.
1873. 27. febr. 11. Br. D. til St., um tíundagjörð.
28. febr. 16. Br. D. til N. A., um tíundagjald af Möðrudal.
15. maí. 32. Br. D. til L., um tíundagjald af Möðrudal.

Trúarbrögð.

1870. 21. septbr. 84. Br. D. til N. A., um lögsókn fyrir að hýsa katólskan prest.

Uppreist á æru.

1870. 12. marz. 26. Tilskipun fyrir Ísland um uppreist á æru og fl.
1873. 11. janúar. 2. Br. D. til N. A., um uppreist á æru.
1874. 4. febr. 7. Br. D. til L., um bænarskrá um uppreist á æru.

Útlendir menn, Útlönd, smbr. Fiskiveiðar, Trúarbrögð, Æðarvarp.

1870. 8. febr. 5. Br. D. til St., um yfirgang frakkneskra fiskimanna.
5. ágúst. 76. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um að lögleiða á Íslandi auglýsing um aðferð á ófriðartímum.

1870. 19. ágúst. 82. Auglýsing til Íslands, víðvíkjandi því, að tilskipun 4. maí 1803 um það, hvernig verzlunarmenn og farmenn eigi að haga sèr, þegar ofriður er milli útlendra sjóvelda, skuli á ný hafa lagagildi.
21. oktbr. 93. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um óspektir enskra fiskimanna.
1871. 24. janúar. 7. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um skipstrand og gripdeildir enskra fiskimanna.
31. janúar. 11. Br. D. til N. A., um verzlun við frakkneska fiskimenn.
14. septbr. 84. Br. D. til Stv., um ráðstafanir útaf skipaströndum við Ísland, þegar útlendir eiga í hlut.
3. nóvbr. 97. Br. D. til N. A., um gripdeildir enskra fiskimanna.
1872. 22. janúar. 5. Br. D. til St. og amtmannanna á Íslandi, um ráðstafanir til að varna óspektum enskra fiskimanna.
12. febr. 13. Tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl.
26. marz. 36. Br. D. til sjóliðsstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra við Ísland.
18. desbr. 119. Br. D. til St., um fiskiveiðar Englendinga við Ísland.
1873. 25. júlí. 61. Br. D. til L., um gjald af útlendum fiskiskipum.
21. oktbr. 82. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um yfirgang frakkneskra fiskimanna.
1874. 19. febr. 10. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um yfirgang enskra fiskimanna.
19. febr. 11. Br. D. til sjóliðsstjórnarinnar, um yfirgang enskra fiskimanna.
28. febr. 24. Br. D. til L., um yfirgang útlendra.
27. marz. 26. Br. D. til sjóliðsstjórnarinnar, um tilsjón með fiskiveiðum útlendra við Ísland.
9. apríl. 27. Br. D. til L., um yfirgang enskra fiskimanna.

Vegir, Vegabætur.

1870. 2. ágúst. 79. Br. D. til N. A., um þjóðveg í Þistilfjarðar og Langanesshreppum.
1871. 27. janúar. 9. Br. D. til N. A., um vegagjald.
28. júní. 57. Br. D. til St., um lán til vegabóta úr hjálparsjóði.
1872. 29. febr. 33. Br. D. til V., um skyldu presta að leggja til vegavinnu.
1873. 27. maí. 41. Br. D. til L., um brúargjörð yfir Þjórsá og Ölfusá.
1874. 20. maí. 35. Br. D. til L., um brúargjörð yfir Ölfusá og Þjórsá.

Veiði, smbr. Fiskiveiði.

1870. 8. febr. 4. Br. D. til N. A., um brot á móti veiðilögunum.

Verðlagsskrár.

1871. 9. ágúst. 78. Br. D. til N. A., um borgun fyrir að semja verðlagsskrár fyrir norður- og austuramtið.

Verðlaun, smbr. Landbúnaður.

1870. 30. júlí. 75. Br. D. til N. A., um þóknun handa manni, sem hefir verið lengi sáttasemjari og hreppstjóri.
1871. 24. júní. 48. Br. D. til N. A., um verðlaun fyrir jarðabætur á klausturjörðu.
1872. 18. maí. 54. Br. D. til St., um tilraun að veita Kúðafljóti.
1873. 15. maí. 33. Br. D. til L., um verðlaun fyrir björgun manna úr lífsháska.
27. maí. 46. Br. D. til L., um jarðabætur á klausturjörðu
1874. 15. júni. 45. Br. D. til L., um þóknun fyrir jarðabætur á klausturjörðu.

Verzlun.

1870. 18. janúar. 2. Br. D. til N. A., um aðkaupsgjald af skipi.
1. marz. 21. Br. D. til N. A., um lestagjald af skipum hins danska fiskifèlags.
4. júlí. 59. Br. D. til V., um verzlun á Geirseyri í Patreksfirði.
9. júlí. 62. Br. D. til St., um lestagjald af saltfarmi og um leiðarbrèf.
9. júlí. 63. Br. D. til St., um brot gegn verzlunarlögum.
9. júlí. 68. Br. D. til N. A., um aðkaupsgjald af skipi.
5. ágúst. 76. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um að lögleiða á Íslandi auglýsing um aðferð á ófriðartímum.
19. ágúst. 82. Auglýsing til Íslands, viðvíkjandi því, að tilskipun 4. maí 1803 um það, hvernig verzlunarmenn og farmenn eigi að haga sjer, þegar ófriður er milli útlendra sjóvelda, skuli á ný hafa lagagildi.
1871. 31. janúar. 11. Br. D. til N. A., um verzlun við frakkneska fiskimenn.
22. maí. 33. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1869, II. 11.
24. júlí. 71. Br. D. til utanríkisstjórnarinnar, um gjald fyrir leiðarbrèf handa spánversku skipi.
24. júlí. 72. Br. D. til N. A., um gjald fyrir leiðarbrèf handa skipi.
7. ágúst. 75. Br. D. til V., um lestagjald og afgreiðslugjald af skipi.
1872. 19. janúar. 4. Br. D. til V., um brot gegn íslenzkum lögum um verzlun og fiskiveiðar.
17. desbr. 117. Br. D. til N. A., um verzlun við Sigríðarstaða ós í Húnavatnssýslu.

1873. 18. febr. 9. Br. D. til St., um undanþágu undan lestagjaldi af hvalveiðaskipum.
23. maí. 37. Konungleg Auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1871, II. 4.
1874. 27. febr. 18. Br. D. til L., um verzlun á Vestdalseyri.

Vesturheimsfarar.

1874. 29. júní. 46. Br. D. til L., um Vesturheimsfara
24. júlí. 57. Br. D. til L., um Vesturheimsfara.

Yfirsetukonur sjá Læknaskipun.

Þing, Þingahöld.

1872. 4. maí. 52. Br. D. til St., um þingstað í Kverkárhelli.

Þjóðjarðir, Þjóðeignir, smbr. Jarðarafgjöld.

1870. 4. júní. 46. Br. D. til St., um skaðabætur til ábúanda á umboðsjörðu fyrir tjón af verzlun þar á lóðinni.
18. ágúst. 80 Br. D. til N. A., um aðgjörð á Múnkaþverár kirkju.
1871. 15. júní. 43. Br. D. til N. A., um húsakaup á klausturjörð.
28. júní. 58. Br. D. til N. A., um aðgjörð á Flateyjarkirkju.
31. oktbr. 93. Br. D. til St., um klausturgóz í Vesturskaptafells sýslu.
26. nóvbr. 101. Br. D. til St., um kúgildi á klausturjörðu.
1872. 15. apríl. 41. Br. D. til St., um byggingarlóð á stiptamtmannstúninu í Reykjavík.
13. maí. 53. Br. D. til St., um innstæðukúgildi á klausturjörðum.
9. ágúst. 77. Br. D. til St., um þóknun fyrir umsjón á gjöldum til umboðskirkna.
5. desbr. 115. Br. D. til St., um sölu tómthúss á Vestmannaeyjum.
16. apríl. 25. Br. D. til L., um aðgjörð á landshöfðingjahúsinu í í Reykjavík.
16. apríl. 26. Br. D. til L., um yfirréttarhúsið í Reykjavík.
1873. 23. maí. 37. Konungleg Auglýsing til alþingis um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1871, II. 2.
27. maí. 43. Br. D. til L., um húsakaup á klausturjörðu.
13. ágúst. 70. Br. D. til L., um hækkun á afgjaldi af klausturjörðum í Skaptafellssýslu.
25. oktbr. 83. Br. D. til L., um lóð yfirréttarhússins.
1874. 27. febr. 13. Br. D. til L., um aðgjörð á landshöfðingjahúsinu.
27. maí. 41. Br. D. til L., um aðgjörð á dómkirkjunni í Reykjavík.
2. júlí. 48. Br. D. til L., um endurgjald fyrir skaða af jarðskjálfta.
2. júlí. 49. Br. D. til L., um kúgildi á klausturjörðum.

Þúsund ára hátíð.

1873. 10. septbr. 77. Auglýsing um, að halda skuli opinbera guðsþjónustugjörð í minningu þess, að landið hefir verið byggt í þúsund ár.

Æðarvarp, smbr. Útlendir menn.

1870. 8. febr. 5. Br. D. til St., um yfirgang frakkneskra fiskimanna.
1871. 16. júní. 45. Br. D. til V., um kvartanir yfir skemmdum á eggvarpi í Grundarfirði.
1872. 2. febr. 9. Br. D. til V., um skemmdir á eggvarpi í Grundarfirði.
16. febr. 18. Br. K. til St., um skemmdir á varpeynni Vigur.
1873. 23. maí. 39. Br. D. til L., um skemmdir á eggvarpi í Grundarfirði.

ORÐA REGISTUR OG NAFNA.

Aðkaupsgjald af skipi, 79.
Afgreiðslugjald af skipi, 211.
Akureyri, sjá Yfirlitið.
Aldursleyfi fyrir prestsefni, 55. 522. 582. 665. 678.
Alexander, skip, 647.
Álitsskjöl, 27.
Allenou í Paimpol, 244, 476.
Alþingistollur, 141.
Amtsráð, 409.
Andreassen, skipstjóri, 552.
Andrès Hjaltason, prestur, 450.
Anna Sigríður Magnúsdóttir, 210.
Arnarstapa og Skógarstrandar umboð, 87. 213.
Árness kirkja, 55.
Árni Gíslason, sýslumaður, 435.
Árni Jónsson, hreppstjóri, 692.
Árni Thorsteinson, landfógeti, 478. 733. 775.
Ásgautstaðir, 91.
Ásgeir Einarsson á Þingeyrum, 31.
Ásgeir Eyjólfsson, hreppstjóri, 235.
Ásgeir Magnússon, bóndi, 653.
Áukaútsvar sveitarómaga, 478.
Ávarp frá alþingi, 180.
Ávarp til konungs, 776.

Baudoin, katólskur prestur, 98.
Benedikt Halldórsson Vídalín, skóari, 205.
Benedikt Jónasson, sveitarómagi, 208.
Benedikt Sveinsson, assessor, 166. 245. 246. 247. 248. 775.
Bergur Sakkaríasson, sveitarómagi, 573.
Berufjörður, skip, 3.
Bjarni Stefánsson, 139.
Bjarni Sveinsson, prestur, 284.
Björn Árnason, hreppstjóri, 199.
Björn Haldórsson, prófastur, 464.
Björn Ólsen, fyrrum umboðsmaður, 31.
Björn Stefánsson, stúdent, 232, 446.
Björn Þorláksson, prestaskólakandidat, 679.
Blöndal, Gunlögur, sýslumaður, 84. 662.
Blöndal, Lárus, sýslumaður, 101.
Bókasafn skólans, 107, 214.
Borðeyri, 48.
Borgarfjarðar sýsla, 34.
Bolungarvík i Grunnavíkurhrepp, 653.
Bottemann, hvalaveiðamaður, 575.
Braëm, herskipsforingi, 762.
Brauðamat, 61.
Brennisteinsnámar, 459.
Brennivínsgjald, 289. 325. 326. 329. 333. 433. 587. 590. 595. 630. 640. 647. 681. 769.
Brúargjörð, 620.
Brunabótafélag kaupstaðanna í Danmörku, 475.
Bülow, sendiherra í Lundúnum, 238, 448, 763.
Búnaðarskólar, 256, 284.
Burtfararpróf við skólann, 51. 108.
Böving, sýslumaður, 84. 681.

Camilla, skip, 677.
Cathinca, skip, 677.
Centaura, skip, 2.
Clacysen, skipstjóri, 677.
Clausen, H. A., etazráð, 769.
Christjansson, Kristján amtmaður, 657. 783. 789.
Clausen, sýslumaður, 432. 433.

Dalbær, klausturjörð, 81, 135.
Daníel Halldórsson, prófastur, 213. 283.
Diana, póstgufuskip, 8. 110. 112. 201. 275.
Dómsmálasjóðurinn, 690.
Duc de Dalmatie, skip. 105. 231.
Dyrhólmar, 228.

Eggert Gunnarsson, umboðsmaður, 212.
Eggert Sigfússon, prestur, 4.
Einar Ásmundsson í Nesi, 98.
Einar Einarsson, bóndi, 236.
Einar Ólafsson, bóndi, 781.
Einar Þórðarson, prentari, 118.
Eiríkstaðir í Norðurmúlasýslu, 449.
Eiríkur Briem, kandídat, 5. 618.
Eiríkur Helgason, dannebrogsmaður, 24.
Elísabeth, skip, 447.

Emilie, frakkneskt skip, 54. 79. 133. 189. 242.
Emilie, skip, 677.
Embættaveitingar, 122. 241. 555. 697. 796.
Embættisferðir lækna, 131.
Erindisbrèf fyrir landshöfðingjann, 453.
Erlen, skip, 552.
Euterpe, skip, 677.
Eyjólfur Jónsson, prestur, 6. 7.
Eyjólfur Pálsson, bóndi, 735.
Eyri við Skutulsfjörð, 127.
Eystri Lyngar, klausturjörð, 236.

Fabricius, lieutenant, 2.
Fagurhlíð, klausturjörð, 81. 135.
Faney, 39.
Fatækratíund, 15.
Faxaflói, 434. 433.
Ferðaáætlun póstgufuskipsins, 14. 112. 130. 240. 499. 696.
Finsen, Hilmar, landshöfðingi, 320.
Finsen, Jón, skólalærisveinn, 233.
Finsen, Óli, póstmeistari, 8. 12. 602.
Finsen, Vilhjalmur, assessor í hæstarètti, 166.
Fjárhagsáætlun, 145. 313. 575. 682. 690. 692.
Fjárhagslög, 46.
Fjósakot, 200.
Fjörður í Mjóafirði, 56.
Flateyjar kirkja, 197,
Flutningur á þurfamanni 105.
Fornbrèfasafn Norðmanna, 217.
Forspjalsvísindi, 204.
Fossgerði, 186.
Franzós, 1.
Friðfinnur Illugason á Fljótsbakka, 17.
Fylla, herskip, 228. 762. 763.

Garðar, skip, 22.
Garðfræ, 115.
Geirseyri í Patriksfirði, 59.
General Havelock, skip, 231.
Giptingarleyfi fyrir prest, 619.
Gissur Sigurðsson, bóndi, 722.
Gjafsókn, 212.
Gjödesen, kapteinn, 592.
Gljúfurá, 137.
Granville, lávarður á Englandi, 238. 239.
Grímstaðir, klausturjörð, 104. 476.
Gripasýning, 233. 331.
Guðbjörg Aradóttir, prestsekkja, 226.
Guðbjörg Guðmundsdóttir, betrunarhússfangi 185. 440.
Guðjón Halldórsson, bóndi, 784.
Gudmann, kaupmaður, 552.
Guðmundur Árnason tómthúsmaður, 550.
Guðmundur Bjarnason, prestur, 521.
Guðmundur Sakaríasson, 55.
Guðmundur Thorgrímsen, kaupmaður, 234.
Guðmundur Þórðarson í Reykjavík, 33.
Guðni Jóhannes Skeel, betrunarhússfangi, 121.
Guðríður Hafliðadóttir, 6. 24.
Guðrún Guðlögsdóttir á Eiríkstöðum, 449.
Gufuskálar, klausturjörð, 213.
Gullpeningar, 694. 736.
Gunnlögur Halldórsson, stúdent, 232.
Gunnar Loptsson, fyrrum hreppstjóri, 90.
Gönguhrólfur, frèttablað, 631.

Haabet, skip, 681.
Hafnárreglugjörð fyrir Reykjavík, 526.
Hákarlaveiðar, 175.
Hákon Espólín, prestur, 3.
Halldór Friðriksson, skólakennari, 180.
Halldór Sveinsson, bóndi, 784.
Hallgrímur Sveinsson, domkirkjuprestur, 332.
Hammer, kapteinlieutenant, 3. 21. 140.
Handbók presta, 18.
Hannes Stephensen, prestaskólakandídat, 155.
Hátún, klausturjörð, 81. 135.
Haukstaðir, kirkjujörð, 451.
Havsteen, Julius, kand. juris, 208.
Havsteinn, Pètur, amtmaður, 98. 137. 196. 198. 206. 221. 560.
Helgi E. Helgesen, forstöðumaður barnaskólans í Reykjavík, 108.
Helgi Hálfdánarson, kennari við prestaskólann, 321.
Helgi Helgason, formaður, 693.
Helgi Sigurðarson, prestur, 188. 250.
Helgastaðafjall, 212. 220.
Herold, skipstjóri, 681.
Hervé, skipsútgjörðarmaður, 253.
Hjaltalín, landlæknir, 113. 633. 636. 663.
Hjaltalín, Páll, verzlunarstjóri, 234.
Hjaltastaðir, klausturjörð, 785.
Hjalti Þorláksson, uppgjafaprestur, 6. 7.
Hjörleifur Guttormsson, prestur, 193.
Hillebrandt, kaupmaður, 552.
Holböll, herskipsforingi, 327.
Holdsveiki, 466.
Horn í Slèttuhrepp, kirkjueign, 653.
Hreppsnefndir, 394.
Húsmennska, 205.

Innstæðukúgildi á klausturjörðum, 435.
Ísafjarðar kaupstaður sjá Yfirlitið.

Jacobsen, skipstjóri á póstskipinu, 225.
Jacobína Þórsdóttir, 17.
Jarðamat, 56.
Jarðnæði handa presti, 450.
Jens Pálsson Mathiesen, prestaskólakandidat, 500.
Jens Sigurðsson, rektor, 5. 51. 108, 215. 563.
Jóhann Jónsson, bóndi á Hnjúki, 191.
Jóhannes Bjarnason, betrúnarhússfangi, 252.
Jóhannes Kristjánsson, bóndi á Hnjúki, 191.
Johnsen, Ólafur E., prófastur, 773.
Johnstrup, háskólakennari, 179, 532. 533. 637, 639.
Jón Árnason, bókavörður, 107.
Jón Bjarnason, skólalærisveinn, 191, 679.
Jón Guðmundsson, málafærslumaður, 226. 227. 247. 623.
Jón Halldórsson, stúdent, 458. 778.
Jón Jónsson, landshöfðingjaskrifari, 775.
Jón Jónsson, stúdent, 58.
Jón Jónsson, sveitarómagi, 109.
Jón Jónsson, umboðsmaður, 200. 468. 649.
Jón Ólafsson, blaðamaður, 631.
Jón Þórsson, bóndi, 559.
Jón Sigurðson, skjalavörður og alþingismaður, 143. 166. 180.
Jón Þorkelsson, yfirkennari, 563.
Jón Þórsteinsson á Hesti í Súðavíkurhreppi, 24.
Jón Þorsteinsson, stúdent, 232.
Jónas Jónasson, læknir, 184, 663.
Jónas Gunnlögsson, umboðsmaður, 76.
Jósefina Guðrún Kristjánsdóttir, sveitarómagi, 444.

Kálfárvellir, umboðsjörð, 213.
Karen Line, skip, 39.
Katrín, skip, 39.
Kennsla, heyrnar og málleysinga, 286, 322.
Ketill Jónsson á Höfða, 605.
King, skipstjóri, 242.
Kirkjubæjar klaustur, 81, 135.
Kjartanstaðakot, klausturjörð, 82.
Klentz, timburmeistari, 214, 329, 334, 437, 469, 530, 531, 639, 656, 660, 777, 778.
Kleyfar í Súðavíkurhrepp, 653.
Kornlán, 17. 52. 177. 195. 273. 281. 736.
Kosningar til alþingis, 772.
Krieger, dómsmálaráðherra, 459.
Kristinn Magnússon, bóndi í Engey, 234.
Kristín Sigurðardóttir, yfirsetukona, 75.
Kristjana Guðný Sigurðardóttir, yfirsetukona, 75. 208.
Kristján Jóhanneson, hreppstjóri, 680.
Kristján Jónsson. málleysingi, 193.
Kristján Kristjánsson, hreppstjóri, 23.
Kverkárhellir, 434.
Kúðafljót, 436.

Lagaskóli, 177.
Lagatíðindi og stjórnartíðindin dönsku, 126, 145.
Landshöfðingjaembættið, 458.
Landshöfðingjaskrifaraembættið, 458.
Leiðarbréf. 208.
Leiðarvísir fyrir bréfhirðingarmenn, 501.
Leiðarvísir fyrir póstafgreiðslumenn, 510.
Lestagjald, 73, 211.
Lestrarbók handa alþýðu, 661.
Lisco, F. G., Dr., 5, 618.
Lock, Alfred, frá Lundúnum, 459.
Lütken, O. M., herskipsforingi, 166. 255.
Lyfjaskrá, 23, 32, 100, 195.

Madsen, vatnsveitingamaður, 768.
Magnús Sigurðsson, bóndi, 605.
Málafærslumanna laun, 58. 116.
Málleysingjar, 19.
Marie Desirée, skip, 189, 253, 618.
Marks, skipstjóri, 231.
Markús Snæbjarnarson, 59.
Melsted, Páll, málafærslumaður, 623.
Merkantil, skip, 74.
Messer, skipstjóri, 677.
Múnkaþverár kirkja, 93.
Mælingar skipa, 41, 176, 183, 243.
Möller, Óli P., kaupmaður, 234, 630.
Möðrudalur, 220, 586, 604.
Möðruvalla klaustur, 77, 191, 196.

Nafnbótaskattur amtmanns, 468.
Nafnbótaskattur biskups, 439.
Nafnbætur, 122.
Námar, sjá Yfirlitið.
Nancy, skip, 630.
Nielsen, skipstjóri, 693.
Norðurfoss klausturjörð, 235.
Norte, skip, 208.
Nýibær, klausturjörð, 236.

Oddur Gíslason, prestaskólakandidat, 241.
Ólafur Guðmundsson, 56.
Ólafur Ólafsson, dannebrogsmaður, 97.
Ólafur Ólafsson, bóndi, 236.
Ólafur Sigvaldason, læknir, 102, 125.
Ólafur Sveinsson, bóndi, 236, 734,

Ólafur Sveinson, vatnsveitingamaður, 319.
Olivarius, sýslumaður, 221.
Olsen, skipstjóri, 653.
Ostatilbúningur, 208.
Otto, skip, 209.

Páll Ingimundarson, bóndi, 235.
Páll Jónsson, prestur, 619.
Páll Ólafsson, prestaskólakandidat, 582.
Páll Pálsson, prestur, 13, 176, 626.
Peningalög, 666, 779, 780.
Pètur Eggerz, verzlunarstjóri.
Pètur Guðjohnsen, organleikari, 126, 623.
Pètur Pètursson, biskup 215.
Petersen, H. G., póstumsjónarmaður, 166.
Portland, 190, 773.
Popp, L., kaupmaður, 56.
Prentverk, 472.
Prófdómendur, 108.

Queen, skip. 721.

Randrup, lyfsali, 4.
Rasmussen, skipstjóri, 3.
Reglugjörð prestaskólans, 285.
Reglugjörð um reikningsskil, 564, 692.
Reikningsyfirlit, 556, 765.
Reinertsen, L., skipstjóri, 74.
Rentuklippingar, 94. 172.
Ricter, kaupmaður, 647.
Riis, verzlunarstjóri, 234.
Rofabær, klausturjörð, 236.
Reykjavík, skip, 39, 144.
Reykjavíkurkaupstaður, sjá Yfirlitið.

Sameining suður- og vesturamtsins, 458.
Samlagning brauða og sókna 45. 202. 203. 452.
Samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík, 487.
Schmidt, kaupmaður, 211.
Segelcke, cand. polyt., 450.
Siemsen, C. F., kaupmaður, 39.
Sigfús Hannesson, sveitarómagi, 440.
Siglingarmark á Garðskaga, 433.
Sigurður Jónsson, bóndi í Möðrudal, 220. 686. 604.
Sigurður Gunnarsson, prófastur, 237.
Sigurður Sverrison, sýslumaður 31.
Sigurður Vifússon, gullsmiður, 331.
Sigurjón Jóhannesson, bóndi, 786.
Sjómannaskóli, 177.
Sjúkrahús i Reykjavík, 243.
Skallagrímur, skip, 3, 21.
Skapti Jósepsson, cand. phil. 450.
Skógar í Mjóafirði 56.
Skólaskýrslur, 692.
Skólavarðan við Reykjavík, 172.
Skotmannafèlag í Reykjavík, 38.
Skrásetning skipa, 41. 47. 140. 243.
Skýrslur frá embættismönnum, 737. 789.
Slýjar, klausturjörð, 103, 789.
Smith, O. W., sýslumaður, 12, 221.
Snorri Jónsson, dýralæknir, 28, 29. 117. 170. 334.
Staðarholt, klausturjörð, 235.
Staður í Grindavík, 321.
Stanislaus, skip, 139.
Stefán Bjarnarson, bæjarfógeti, 234.
Stefán Jónsson, bóndi, 605.
Stefán Pètursson, stúdent, 232.
Stephensen, Magnús, yfirrèttarassessor, 234, 775.
Stephensen, Oddgeir, stjórnardeildarforstjóri, 171, 448. 607. 761.
Stiptsbókasafnið, 80. 192.
Stjórnarskrá, 698.
Stjórnartíðindi, 171, 448. 607. 761.
Svaramennska við hjónaband, 23.
Sveinbjörn Egilsson, prestur, 55.
Sveinbjörnsson, Lárus, sýslumaður, 689.
Sveinn Sigurðarsson í Skógum, 56. 760.
Sveinn Sveinsson, bóndi, 781.
Sveinn Sveinsson, jarðyrkjumaðnr, 143. 621. 721.
Sveinn Sveinsson, hreppstjóri, 137.
Sveinn Sveinsson, húsasmiður, 640.
Sveinn Þórarinsson, umboðsmaður, 76, 187. 282.
Sverrir Magnússon, bóndi, 236, 735.
Sýsluafgjöld, 101.
Sýslunefndir, 404.
Sýslusameining, 224. 732.
Sýsluskiptingar, 84. 153.
Sæmundur Jónsson, prestur, 121.
Söngfræði, 126.

Tegner, læknir, 603.
Thorberg, Bergur, amtmaður, 596. 778.
Tíðindi frá ríkisþingi Dana, 524. 553.
Thomsen, H. A., kaupmaður, 234.
Thorlacius Árni, umboðsmaður, 234.
Tomas Roys, skip, 3. 21. 22.
Tulinius, C. D., kaupmaður, 109. 212. 221.
Tuxen, herskipsforingi, 228.
Tvede, H. R., skipstjóri, 3.

Umboðskirknagjöld, 468.
Undirskriptir stiptsyfirvaldanna, 639.
Unmack, timburmeistari, 469.
Uppreist fyrir prestsekkju, 226.
Uppsalir, klausturjörð, 81. 135.

Valorous, enskt herskip, 553.
Vatnsveitingar, 89. 140. 688. 768.
Vegagjald, 136.
Vernharður Björnsson á Setbergi, 605.
Vestdalseyri, 737.
Vestmannaeyjar, 36. 47. 139. 144. 210. 216.
Vesturheimsfarar, 782. 794.
Victorine, skip, 73.
Vigur, varpey, 284.
Villingaholt, 91.
Windfeldt-Hansen, cand. polyt., 620. 772.

Yfirèttarhúsið í Reykjavík, 598. 678.
Yfirsetufræði, 229.

Zeuthen, hèraðslæknir, 495.

Þingeyra kirkja, 31.
Þingstaður í Kverkárhelli, 434.
Þjóðvegur, 92, 196.
Þjórsá, 620, 773.
Þóknun fyrir embættisferð, 495. 770.
Þórarinn Böðvarsson, prófastur, 215. 234. 321. 661.
Þórður Jónasson, justitiarius, 180. 775.
Þórður Magnússon á Borg, 6. 24.
Þórður Guðmundsen, læknir, 664.
Þorgeir Guðmundsson, prestur, 192.
Þorkell Eyjólfsson, prestur, 324.
Þorleifur Jónsson hreppstjóri, 782.
Þorsteinn Johnsen, sýslumaður, 137.
Þorsteinn Jónasson, hreppstjóri, 136.
Þorsteinn Þórðarson, sveitarómagi, 206.
Þorvaldur Ásgeirsson, prestur, 50.
Þorvaldur Haldórsson, jarðyrkjumaður, 2.
Þorvaldur Jónsson, hèraðslæknir, 234.

Ölfusá, 620. 773.
Örfærisey, 733.
Örum og Wulff, kaupmannafèlag, 201. 792.

Leiðrèttingar.

bls. 75., l. 17 og 18, Kristin Guðný, l. Kristjana Guðný.
— 76., l. 17 og 19, Jón l. Jónas.

TÍÐINDI

UM

STJÓRNARMÁLEFNI ÍSLANDS,

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.

ÞRIÐJA BINDI.

I.

KAUPMANNAHÖFN.

PRENTAÐ HJÁ S. L. MÖLLER.

1871.

TÍÐINDI

UM

STJÓRNARMÁLEFNI ÍSLANDS,

GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENZKA BÓKMENTAFÉLAGI.

FRIÐRIK BRIEM.

I.

KAUPMANNAHÖFN.
PRENTAÐ HJÁ S. L. MÖLLER
1871.

Yfirlit efnisins.

1870.

1. Br. D. til N. A. um mótvarnir gegn franzós. 7. janúar.
2. Br. D. til N. A. um aðkaupsgjald af skipi. 18. janúar.
3. Br. D. til R. um styrk handa jarðyrkjumanni. 2. febr.
4. Br. D. til N. A. um veiðilögin. 8. febr.
5. Br. D. til St. um yfirgang frakkneskra fiskimanna. 8. febr.
6. Br. D. til St. um lyfjaafhutning með póstskipinu. 8. febr.
7. Br. K. til Stv. um brauðaveitingar. 8. febr.
8. Br. til Stv. um guðfræðisbók á íslenzku. 8. febr.
9. Auglýsing um eptirmyndan ljósmynda. 10. febr.
10. Br. K. til B. um hjónavígslu af uppgjafapresti. 16. febr.
11. Auglýsing um póstferðir. 18. febr.
12. Umburðarbréf um póstferðir. 21. febr.
13. Ferða-áætlun fyrir póstgufuskipið 1870.
14. Br. D. til St. um fátækra tiund á Vestmannaeyjum. 21. febr.
15. Br. D. til St. um gjaldið til læknasjóðsins. 21. febr.
16. Br. D. til N. A. um kornkaup til fátækra. 21. febr.
17. Br. D. til N. A. um framfærslu-skyldu. 24. febr.
18. Br. K. til B. um nýja presta-handbók. 24. febr.
19. Br. D. til St. um fé til garðyrkju bóta. 26. febr.
20. Br. K. til St. um kennslu málleysingja. 28. febr.
21. Br. D. til N. A. um lestagjald. 1. marz.
22. Br. K. til St. um forngripasafnið í Reykjavík. 5. marz.
23. Auglýsing um aðra skiptingu á lyfjavoginni. 5. marz.
24. Br. D. til V. um svaramennsku við hjónaband. 8. marz.
25. Br. D. til St. um árpening handa dannebrogsmanni. 9. marz.
26. Tilskipun um uppreist á æru. 12. marz.
27. Opið bréf um álitsskjöl. 12. marz.
28. Br. D. um ferðakostnað handa dýralækni. 14. marz.
29. Br. D. til St. um dýralækni. 14. marz.
30. Lög um fjárveiting til bráðabirgða. 29. marz.
31. Auglýsing um peningasendingar. 4. apríl.
32. Br. D. til V. um tilkall til hlutar af hvölum. 22. apríl.

33. Br. D. til St. um peningasendingar. 26. apríl.
34. Br. D. til St. og B. um gjald spítalahluta. 28. apríl.
35. Br. D. til St. um fjárveiting til bráðabirgða. 30. apríl.
36. Br. D. til St. og A. um lyfjavog og lyfjaskrá. 30. apríl.
37. Br. D. til St. um lyfjakaup. 28. maí.
38. Br. D. til St. um flutning á skipbrotsmönnum. 31. maí.
39. Br. D. til St. um skotmannafèlagið í Reykjavík. 31. maí.
40. Br. D. um breyting á skipsnafni. 31. maí.
41. Br. K. til B. um styrk handa uppgjafaprestum og ekkjum. 31. maí.
42. Br. D. til St. um mæling og skrásetning skipa. 1. júní.
43. Br. D. til St. og A. um fjárhagslögin. 2. júní.
44. Br. D. til St. um styrk til að girða og rækta tún. 3. júní.
45. Br. D. til St. um skrásetning skipa. 3. júní.
46. Br. D. til V. um skaðabætur fyrir átroðning. 4. júní.
47. Br. D. til N. A. um þóknun fyrir afgreiðslu pósts. 17. júní.
48. Br. K. til St. og B. um burtfararpróf skólasveina. 21. júní.
49. Br. D. til N. A. um endurgjald kornláns. 21. júní.
50. Br. D. til N. A. um póstferðir. 21. júní.
51. Br. D. til N. A. um reikninga sýslumanna útaf skipastrandi. 23. júní.
52. Br. K. til Stv. um hvalmál Árnes kirkju. 23. júní.
53. Br. K. til B. um aldursleyfi fyrir prestsefni. 28. júní.
54. Br. D. til N. A. um breyting á dýrleika jarða. 30. júní.
55. Br. D. til N. A. um húsaskipun á Akureyri. 30. júní.
56. Br. D. til St. um fjárveiting til póstferða. 30. júní.
57. Br. K. til Stv. um brauðaveiting. 30. júní.
58. Br. D. til St. um laun málafærslumanna. 30. júní.
59. Br. D. til V. um verzlun á Geirseyri. 4. júlí.
60. Br. K. til B. um árgjöld til uppgjafapresta og ekkna. 6. júlí.
61. Auglýsing um brauðamat. 8. júlí.
62. Br. D. til St. um lestagjald og leiðarbrèf. 9. júlí.
63. Br. D. til St. um verzlunarlögin. 9. júlí.
64. Br. D. til V. um kennslu yfirsetukvenna. 9. júlí.
65. Br. D. til N. A. um póstferð að norðan til Reykjavíkur. 9. júlí.
66. Br. D. til N. A. um skuldir eptir umboðsmann. 9. júlí.
67. Br. D. til N. A. um hallæri í þingeyjarsýslu. 9. júlí.
68. Br. D. til N. A. um aðkaupsgjald af skipi. 9. júlí.
69. Br. K. til Stv. um stiptsbókasafnið. 9. júlí.
70. Br. D. til St. um lækkun á afgjaldi klausturjarða. 9. júlí.
71. Br. D. til St. um eptirgjald klausturjarðar 9. júlí.
72. Br. Std. um almenna fólkstölu. 9. júlí.
73. Br. D. um skipting Barðastrandarsýslu. 19. júlí.
74. Br. D. til V. um sending vatnsveitingamanns. 23. júlí.
75. Br. D. til N. A. um þóknun fyrir langa hreppstjórn. 30. júlí.

76. Br. D. um aðferð á ófriðartímum. 5. ágúst.
77. Br. K. til Stv. um jarðaskipti. 8. ágúst.
78. Br. D. til St. um læknakennsluna í Reykjavík. 8. ágúst.
79. Br. D. til N. A. um þjóðvegu á Langanesi. 12. ágúst.
80. Br. D. til N. A. um aðgjörð kirkju á Munkaþverá. 18. ágúst.
81. Br. D. til St. um ríkisskuldabréf. 18. ágúst.
82. Auglýsing um aðferð á ófriðartímum. 19. ágúst.
83. Br. D. til N. A. um árpening handa dannebrogsmanni. 12. septbr.
84. Br. D. til N. A. um lögsókn fyrir að hýsa katólskan prest. 21. septbr.
85. Br. D. til N. A. um ótta fyrir hallæri í Þingeyjarsýslu. 28. septbr.
86. Br. D. til St. og A. um lyfjaskrána 1869. 28. septbr.
87. Br. D. til St. um ótta fyrir hallæri í austursveitum. 28. septbr.
88. Br. D. til V. um afgjald af nokkrum sýslum. 28. septbr.
89. Br. D. til Stv. um lækni í Barðastr. og Strandasýslu. 12. oktbr.
90. Br. D. til V. um lækni í Barðastr. og Strandasýslu. 12. oktbr.
91. Br. D. til St. um linun í jarðarafgjaldi. 13. oktbr.
92. Br. D. til St. um lækkun á jarðarafgjaldi. 21. oktbr.
93. Br. D. til utanr. st. um óspektir enskra fiskimanna. 21. oktbr.
94. Br. D. til V. um flutning á fátæklingi. 25. oktbr.
95. Br. K. til Stv. um þóknun handa bókaverði skólanna í Rvík. 25. oktbr.
96. Br. K. til Stv. um þóknun handa prófdómanda í Rvík. 1. nóvbr.
97. Br. D. til V. um framfærslurétt sveitarómaga. 1. nóvbr.
98. Br. D. til fjárst. um ferða-áætlun póstgufuskipsins 1871. 3. nóvbr.
99. Ferða-áætlun póstgufuskipsins 1871.
100. Br. D. til St. um ráð til að bæta kjör yfirsetukvenna. 5. nóvbr.
101. Br. D. til St. um launalög embættismanna. 7. nóvbr.
102. Br. D. til St. um útbýting á garðfræi í suðuramtinu. 7. nóvbr.
103. Br. D. til St. um laun málafærslumanna við landsyfirréttinn. 7. nóvbr.
104. Br. D. til St. um laun handa dýralækni í suðurumdæminu. 7. nóvbr.
105. Br. D. til Stv. um reikninga stiptsprentsmiðjunnar. 7. nóvbr.
106. Br. D. til St. um nefnd í landbúnaðarmálinu. 7. nóvbr.
107. Br. D. til N. A. um borgun fyrir flutning á fanga. 22. nóvbr.
108. Br. D. til St. um borgun á tillagi til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar. 22. nóvbr.

Embætta veitingar, nafnbætur o. s. frv., árið 1870.

1871.